

Árbók
Háskóla Íslands
2012



STJÓRN OG SKIPULAG HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	27
Stjórnskipulag.....	27
Rektor.....	27
Háskólabing.....	27
Háskólaráð.....	28
Stjórn fræðasviða og deilda.....	29
Stjórnsýsla.....	30
HELSTU VIÐBURÐIR.....	34
Árangur.....	34
Starfsfólk.....	34
Nemendafjöldi og brautskráðir kandídatar.....	34
Stefna Háskóla Íslands.....	34
Ný sjálfbærni- og umhverfisstefna Háskóla Íslands.....	34
Doktorsnám og doktorsvarnir.....	35
Hátíð brautskráðra doktora haldin í annað sinn.....	35
Heiðursdoktor.....	35
Framgangur akademískra starfsmanna.....	35
Nýjar reglur um framgang akademískra starfsmanna.....	35
Nýsköpun og vísindamiðlun.....	37
Vísindasmiðja opnuð í Háskólabíói.....	37
Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.....	37
Nýstárleg „ráðstefna“ fyrir sprotafyrirtæki.....	38
Athafnavika.....	38
Hagnýtingarverðlaun.....	38
Byggingarframkvæmdir og nýframkvæmdir.....	38
Háskólatorg stækkað.....	38
Alþjóðlegt samstarf.....	39
Samstarfssamningur um doktorsnám í lögum.....	39
Samstarf norrænna rannsóknarstofnana um háhraðatölvu.....	39
Samstarf um hvalarannsóknir.....	39
Samstarf við bandaríska háskóla um sumarnám.....	39
Rannsóknarsamstarf Íslands og Kína eftt.....	40
FutureVolc – evrópskt samvinnuverkefni um eldfjallarannsóknir.....	40
Samstarfsnet í þýðingafræði.....	41
Samstarf við Minnesota-háskóla endurnýjað.....	41

Samkomulag við Karolinska Institutet.....	41
Innlent samstarf	42
Samstarf um heilsufarsrannsókn.....	42
Diplómanám í starfsendurhæfingu undirbúið í samstarfi við Háskólann á Akureyri	42
Íþróttfræðasetur starfar með Sólheimum.....	42
Isavia styður rannsóknir í Háskóla Íslands.....	42
Samstarf Háskóla Íslands og landlæknisembættisins endurnýjað	42
Samstarf við Öryrkjabandalag Íslands	43
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna starfar með sveitarfélögum	43
Samningur um nýtt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf.....	43
Háskólar samnýta krafta kennara og Uglu	43
Háskólinn og Íþróttasambandið styrkja samstarf sitt	44
Samstarf við EFLU um kennslu og rannsóknir framlengt	44
Háskóli Íslands og Landspítalinn endurnýja samstarfssamning sinn.....	44
Samstarf um könnun meðal stjórnarmanna	44
Samstarfssamningur Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna við borgina	44
Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar	45
Læknanemi hlaut Nýsköpunarverðlaun forsetans	45
Styrkir til eineltisrannsókna.....	45
Umhverfisverðlaunin Plantan.....	45
Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar.....	45
Tveir stúdentar verðlaunaðir fyrir vistvæn matvæli	45
Gulleggið til nemenda í Háskóla Íslands.....	46
Fjórir hlutu styrki úr Watanabe-styrktarsjóðnum	46
Ljósmaður í doktorsnámi hljóta styrki	46
Inga Þórsdóttir og Sævar Ingbórsson heiðruð á Landspítala	46
Rannsóknarfólk við Lyfjafræðideild hlýtur Evrópustyrk.....	46
Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkir nemendur við Háskóla Íslands	47
Styrkir til doktorsverkefna við Háskóla Íslands	47
Jörundur Svavarsson sæmdur franskri orðu	47
Viðurkenning fyrir framúrskarandi meistararitgerð.....	47
Doktorsnemar í lyfjafræði verðlaunaðir.....	47
Páll Jakobsson hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs	48
Háskóli Íslands styrkir afburðanemendur	48
Styrkur frá dönskum atvinnurekanda	48
Læknanemi vann til verðlauna á þingi skurðlækna.....	49

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf hlaut tvo alþjóðlega styrki	49
Styrkveiting úr Sjóði Selmu og Kays Langvads.....	49
Verðlaun fyrir bestu vísindagrein ársins.....	49
Biophilia-tónvísindasmiðjurnar fengu evrópsk verðlaun	49
Afburðanemendur í raunvísindum verðlaunaðir	50
Háskólalestin fékk vísindamiðlunarverðlaun Rannís.....	50
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna fékk styrk frá NordForsk.....	50
Styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræði	50
Meistaraneini hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar	51
Styrkir til rannsókna á brjóstakrabbameini	51
Styrkir til jafnréttisrannsókna.....	51
Viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi	51
Haraldur Bernharðsson hlýtur verðlaun Dags Strömbäcks	52
Ragnar Sigbjörnsson fær viðurkenningu Verkfræðistofnunar	52
Styrkir úr Þórsteinssjóði	52
Læknaneini verðlaunaður á evrópsku þingi	52
Meistaraneini hlaut verðlaun Skúla fógeta	53
Háskólanemar fengu Íslensku barnabókaverðlaunin	53
Viðskiptafræðideild veitir tveimur doktorsnemum styrki.....	53
Arion-banki styrkir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	53
Elín Ásta Ólafsdóttir hlaut styrk úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents	53
Gylfi Zoëga hlaut Ásuverðlaunin	53
Nýjungar í námi og kennslu	56
Nýjar námsleiðir í hugvísindum.....	56
Meistaránám í endurnýjanlegri orku.....	56
Íslenskuþorp	56
Prófessorsstaða í nafni Jóns Sigurðssonar	56
Fyrirlestrar og málþing	56
Fundaröð um Evrópumál.....	56
Thomas William Shakespeare fjallar um aðstæður fatlaðs fólks	57
Málþing um loftslagsbreytingar og málefni norðurslóða.....	57
Gareth Evans fjallaði um mikilvægi kjarnorkuafvopnunar	57
Eva Joly fjallaði um bankakreppuna	57
Fyrirtæki verður til.....	57
Afmæli	58
Sumarskóli smáríkjaseturs 10 ára.....	58

Andlát.....	58
Opinn háskóli.....	59
Margir opnir viðburðir dag hvern.....	59
Háskóladagurinn.....	59
Háskólalestin	60
Háskóli unga fólksins	60
Vísindavaka.....	61
Biophilia-verkefnið heldur áfram	61
Japanshátíð í áttunda sinn.....	61
Með fróðleik í fararnesti.....	61
Tónleikar.....	62
Heimsóknir	63
Sendiherra Frakka heimsækir háskólann	63
Fjöldmenn heimsókn frá Volda-háskóla.....	63
Rektor Peking-háskóla heimsótti Háskóla Íslands.....	63
Rektor Fróðskaparseturs Færeyja heimsækir háskólann	63
Sendiherra Þýskalands heimsækir háskólann	63
Biskup heimsótti háskólann	64
Gjafir.....	64
Bókagjöf frá Kína	64
Listaverkagjöf í minningu Jóns Ma. Ásgeirssonar prófessors.....	64
Annað	64
Hönnunarsamkeppni um Vatnsmýrina	64
Minningarreitur í Vatnsmýri.....	65
Nýnemavika.....	65
„Fréttaskot úr fortíð“	65
Sýning um kjarnorkusprengrunarnar í Hírósíma og Nagasaki	65
STARFSNEFNDIR HÁSKÓLARÁÐS	68
Fjármálanefnd	68
Gæðanefnd.....	69
Jafnréttisnefnd	70
Kennslumálanefnd.....	71
Samráðsnefnd um kjaramál	72
Vísindanefnd.....	72
STJÓRNSÝSLA.....	75
Skrifstofa rektors	75

Hlutverk rektors	75
Skrifstofa	75
Starfslið.....	75
Stefnumótun, þróunarmál og gæðamál.....	75
Skjalasafn.....	76
Starfslið.....	76
Aðbúnaður og geymslur	76
Hópvinnukerfið Náman (GoPro).....	76
Myndakerfið Birtingur (FotoStation).....	76
Ýmiss konar þjónusta	76
Miðstöð framhaldsnáms	77
Hlutverk og verkefni	77
Markaðs- og samskiptasvið	78
Helstu verkefni	78
Stjórn og starfslið	78
Vísindamiðlunarverðlaun til Háskóla Íslands	79
Viðburðaríkt ár hjá Háskóla Íslands.....	79
Útgáfa kynningarefnis	80
Vefmál Háskóla Íslands.....	81
Fjársjóður framtíðar – Vísindapættir fyrir sjónvarp	81
Vísindamiðlun.....	82
Háskóli Íslands í fjölmiðlum.....	82
Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands	83
Innri tengsl og samstarf.....	83
Kennslumál, stúdentar og brautskráningar.....	83
Skrifstofa kennslusviðs	84
Lög og reglur.....	84
Kennsluskrá	84
Próf.....	86
Starfsfólk	88
Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands.....	88
Starfsfólk	88
Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet	88
Nýir tvíhliða samningar við erlenda háskóla	89
Stúdentaskipti Háskóla Íslands.....	89
Kennara- og starfsmannaskipti Háskóla Íslands.....	90

Móttaka erlendra skiptistúdenta	91
Kynningarstarf	91
Upplýsingastofa um nám erlendis.....	92
Menntaáætlun Evrópusambandsins – Landskrifstofa á Íslandi	92
Nordplus-menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar – Landskrifstofa á Íslandi	93
Tungumálamiðstöðin í Graz	93
Erasmus Mundus.....	93
E-twinning	93
Bologna experts.....	94
Kennslumiðstöð.....	94
Starfsfólk	94
Námskeið, vinnustofur og kynningar	94
Ráðgjöf og mat	95
Námsleið í háskólakennslufræði	95
Kennsluvefur Kennslumiðstöðvar	95
Önnur þjónusta	95
Matskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa.....	96
Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands	96
Starfsfólk	96
Námsráðgjöf.....	97
Starfsráðgjöf.....	97
Sérúrræði í námi og prófum.....	97
Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf	97
Samstarf við fræðasvið.....	98
Erlend samskipta- og samstarfsverkefni	98
Nemendaskrá	99
Starfsfólk	99
Starfsemi	99
Heildarfjöldi nemenda.....	99
Nemenda- og umsóknarkerfið Ugly	101
Afgreiðsla umsókna.....	102
Aukin gæði.....	102
Brautskráning	102
Ýmis verkefni	102
Innleiðing Ugly í hina opinberu háskólana.....	103
Þjónustuborð.....	103

Starfsfólk	103
Jafnréttismál.....	103
Nokkrar lykiltölur um jafnréttismál í Háskóla Íslands	104
Stúdentar Háskóla Íslands eftir kynjum	104
Starfsfólk Háskóla Íslands eftir kynjum	104
Kynjahlutföll í háskólaráði, á háskólaþingi og í starfsnefndum háskólaráðs.....	106
Rannsóknir.....	106
Endurskoðun matskerfis 2010.....	108
Matskerfi opinberra háskóla	111
Forsendur	111
Rannsóknir.....	111
Kennsla	111
Stjórnun, þjónusta og annað	111
Breytingar á matskerfi opinberra háskóla – Samþykktar af matskerfisnefnd 28.12.2011....	111
Helstu breytingar á matskerfi opinberra háskóla.....	112
Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka	116
Rannsóknatengdir sjóðir	117
Vinnumatssjóður	117
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	118
Rannsóknasjóður.....	118
Tækjakaupasjóður	120
Rannsóknatengt framhaldsnám	121
Doktorsstyrkir.....	122
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands	122
Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs.....	122
Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs	123
Aðstoðarkennarastyrkir.....	123
Aðstoðarmannasjóður.....	124
Rannsóknastöðustyrkir.....	124
Ritaskrá Háskóla Íslands	124
Starfsmanna- og starfsþróunarmál	124
Auglýsingar og umsóknir	125
Starfsfólk	127
Fræðsla	131
Rekstur og framkvæmdir.....	132
Helstu verkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu.....	133

Aðalbygging	133
Askja	133
Friðland í Vatnsmýri	133
Hagi.....	133
Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	133
Íþróttahús við Háteigsveg	133
Íþróttahús við Sæmundargötu	133
Landspítali – háskólasjúkrahús – nýbygging fyrir Heilbrigðisvísindasvið	134
Laugarvatn.....	134
Læknagarður	134
Neshagi 16.....	134
Oddi	134
Stakkahlíð – Múli	134
VR-III	134
Fjárreiður og rekstur	134
Starfsemi fjármálasviðs	134
Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2012 með samanburði við árið 2011	134
Ársverk og launaþróun	137
Framkvæmdafé	138
Byggingar og tækjakaup	138
Fyrirvari gerður við ríkisreikning 2012	141
Innri endurskoðun.....	141
Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands	141
Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2012	142
FRÆÐASVIÐ	150
Félagsvísindasvið	151
Almennt yfirlit og stjórn	151
Þing Félagsvísindasviðs.....	151
Starfsfólk	151
Stjórnsýsla	152
Nefndir	153
Kennslumál.....	154
Doktorsnám og rannsóknir.....	155
Húsnæðismál.....	155
Fjármál Félagsvísindasviðs*	156
Markaðs- og kynningarmál.....	156

Félags- og mannvísindadeild	157
Almennt yfirlit og stjórn	157
Starfsfólk	157
Nám og kennsla	158
Grunnnám	158
Framhaldsnám.....	158
Fjarnám	158
Rannsóknir og alþjóðasamskipti.....	158
Kynningarmál	158
Námsbraut í mannfræði.....	158
Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði.....	159
Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf.....	159
Námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði.....	160
Námsbraut í félagsfræði.....	160
Námsleiðin blaða- og fréttamennska	160
Námsbraut í fötlunarfræði	161
Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2012	162
Félagsráðgjafardeild	162
Almennt yfirlit og stjórn	162
Starfsmenn	163
Nám og kennsla.....	163
Doktorsnám.....	164
Alþjóðasamskipti	164
Rannsóknir.....	164
Ráðstefnur og málstofur	164
Gæðamál	164
Brautskráðir stúdentar frá Félagsráðgjafardeilddeild 2012	164
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.....	165
Hagfræðideild.....	166
Almennt yfirlit og stjórn	166
Skrifstofa	166
Starfsmenn	167
Nám og kennsla.....	167
Rannsóknir.....	167
Ráðstefnur og fyrirlestrar	167
Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2012.....	168

Hagfræðistofnun	168
Almennt yfirlit og stjórn	168
Rannsóknir.....	168
Útgáfa	169
Lagadeild	169
Almennt yfirlit og stjórn	169
Starfsmenn	169
Nám og kennsla	170
Doktorsnám.....	170
Nefndir og ráð	170
Gæðamál	170
Rannsóknir.....	172
Alþjóðasamskipti	172
Markaðs- og kynningarmál.....	172
Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2012	173
Lagastofnun	174
Almennt yfirlit og stjórn	174
Álitsgerðir	174
Útgáfa	174
Rannsóknadagur Lagastofnunar.....	174
Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur.....	174
Annað	175
Rannsóknastofa í Evrópurétti.....	175
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti	175
Mannréttindastofnun.....	176
Almennt yfirlit og stjórn	176
Rannsóknir.....	176
Útgáfa	176
Fundir og ráðstefnur	176
Annað	177
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	177
Almennt yfirlit og stjórn	177
Rannsóknir.....	177
Ráðstefnur.....	177
Kynningarstarfsemi	178
Annað	178

Stjórnmálafræðideild	178
Almennt yfirlit og stjórn	178
Rannsóknir.....	179
Starfsfólk	179
Erlendir gestakennarar	179
Gæðaúttekt	180
Nám og kennsla	180
Alþjóðasamskipti	180
Markaðs- og kynningarmál.....	180
Fundaröð	180
Brautskráðir stúdentar frá Stjórnmálafræðideild 2012	181
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála	181
Almennt yfirlit, stjórn og starfslið	181
Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur.....	181
Rannsóknir og þróunarverkefni.....	182
Útgáfa og kynningar	182
Vefir stofnunarinnar	182
Viðskiptafræðideild	183
Almennt yfirlit og stjórn	183
Skrifstofa	183
Nám og kennsla.....	183
Kennarar deildarinnar	183
Starfsmenn	184
Rannsóknir.....	184
Doktorsvarnir	184
Ráðstefnur og fyrirlestrar.....	184
Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2012	185
Viðskiptafræðistofnun.....	187
Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk	187
Rannsóknir.....	187
Ráðstefnur	187
Málstofur.....	187
Rannsóknamiðstöðvar.....	188
Félagsvísindastofnun	189
Almennt yfirlit	189
Stjórn	189

Starfsfólk	189
Fjármál.....	190
Rannsóknir og verkefni.....	190
Alþjóðasamskipti	190
Rannsóknastofur	190
Ráðstefnur og útgáfa.....	192
Námskeið.....	192
Vefur stofnunarinnar.....	193
Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir.....	193
Alþjóðamálastofnun	193
Rannsóknasetur um smáríki	193
Rannsóknasetur um norðurslóðir	193
Stjórn og starfslið	193
Alþjóðlegur sumarskóli.....	194
Rannsóknaverkefni.....	194
Útgáfa	194
Önnur verkefni	194
Heilbrigðisvísindasvið	199
Almennt yfirlit, stjórn og stefna	199
Starfsfólk	199
Stoðþjónusta og stjórnsýsla	200
Nefndir	201
Doktorsvarnir	202
Akademískar nafnbætur.....	202
Húsnæðismál.....	202
Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs*	202
Markaðs- og kynningarmál.....	202
Hjúkrunarfræðideild.....	203
Almennt yfirlit og stjórn	203
Starfsfólk	203
Nám og kennsla	204
Alþjóðasamskipti	204
Rannsóknir.....	204
Markaðs- og kynningarmál.....	205
Annað	205

Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2012	205
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði	205
Stjórn og starfslið	206
Húsnæði	206
Rannsóknir.....	206
Rannsóknasjóðir	206
Kynningarstarfsemi	207
Lyfjafræðideild	207
Almennt yfirlit og stjórn	207
Starfsfólk	207
Nám og kennsla	208
Alþjóðasamskipti	208
Rannsóknir.....	209
Kynningarstarfsemi	209
Annað	209
Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2012.....	209
Læknadeild	209
Almennt yfirlit og stjórn	209
Starfsfólk	211
Nám og kennsla	212
Alþjóðasamskipti	214
Rannsóknir.....	214
Markaðs- og kynningarmál.....	214
Annað	214
Námsbraut í sjúkrþjálfun	215
Almennt yfirlit og stjórn	215
Námsbraut í geislafræði	216
Námsbraut í lífeindafræði	216
Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2012	217
Rannsóknastofa í hreyfivísindum	217
Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum	218
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði.....	219
Matvæla- og næringarfræðideild	220
Almennt yfirlit og stjórn	220
Starfsfólk	221
Nám og kennsla	221

Alþjóðasamskipti	222
Rannsóknir.....	222
Markaðs- og kynningarmál.....	222
Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2012	223
Rannsóknastofa í matvælaefnafræði	223
Rannsóknastofa í næringarfræði.....	223
Sálfræðideild	226
Almennt yfirlit og stjórn	226
Starfsfólk	226
Nám og kennsla	227
Alþjóðasamskipti	227
Rannsóknir.....	227
Gæðamál	227
Markaðs- og kynningarmál.....	227
Útgáfa	228
Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2012	228
Sálfræðistofnun	228
Almennt yfirlit og stjórnun	228
Tannlæknadeild.....	229
Almennt yfirlit og stjórn	229
Starfsfólk	229
Nám og kennsla	230
Alþjóðasamskipti	230
Rannsóknir.....	231
Gæðamál	231
Markaðs- og kynningarmál.....	231
Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknadeild 2012	231
Rannsóknastofa í tannlæknisfræði.....	232
Tannlækningastofnun.....	232
Almennt yfirlit og stjórn	232
Helstu þættir starfseminnar.....	232
Kynningarstarfsemi	233
Lífeðlisfræðistofnun	234
Lífefna- og sameindalíffræðistofa	234
Lífvísindasetur	234
Miðstöð í lýðheilsuvísindum	235

Almennt yfirlit og stjórn	235
Starfsfólk	235
Nám og kennsla	236
Alþjóðasamskipti	236
Rannsóknir.....	236
Markaðs- og kynningarmál.....	237
Hugvísindasvið.....	238
Skipulag og stjórn	238
Starfsmannamál	238
Fjármál Hugvísindasviðs*	239
Markaðs- og kynningarmál.....	240
Rannsóknir.....	240
Nefndir og ráð	240
Stefna sviðsins.....	240
Doktorsvarnir	241
Aðrir viðburðir	243
Þing Hugvísindasviðs	243
Hugvísindaping	243
Menningarhátíð.....	243
Námsskygningar.....	243
Evrópski tungumáladagurinn	243
Íslenskuþorp	243
Alþjóðasamskipti	244
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	245
Stjórn	245
Ráð og nefndir	245
Námsgreinar	245
Starfsmannamál	246
Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2012 ..	246
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	247
Stjórn	247
Ráð og nefndir	247
Námsgreinar	247
Starfsmannamál	247
Íslensku- og menningardeild	248
Stjórn	248

Ráð og nefndir	248
Námsgreinar	248
Starfsmannamál	248
Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2012	249
Sagnfræði- og heimspekideild	250
Stjórn	250
Námsgreinar	250
Ráð og nefndir	250
Starfsmannamál	250
Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2012	251
Hugvísindastofnun	251
Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk	251
Rannsóknir og stoðþjónusta	252
Útgáfa, ráðstefnur og þing	253
Húsnæðismál og starfsaðstaða	253
Fjármál	253
Bókmennta- og listfræðastofnun	254
Stjórn, starfsfólk og aðstaða	254
Útgáfa	254
Erlent samstarf	254
Ráðstefnur og erindi	254
Rannsóknir og ritrýni	254
Guðfræðistofnun	254
Stjórn	254
Útgáfa	254
Málstofur og málþing	255
Rannsóknir	255
Alþjóðlegt samstarf	255
Trúarbragðafræðistofa	255
Heimspekistofnun	255
Stjórn	255
Húsnæði	255
Starfsmenn	256
Gistifræðimenn	256
Styrkir og framlög	256
Heimspekivefurinn	256

Fyrirlestrar og ráðstefnur	256
Útgáfumál.....	257
Málvísindastofnun.....	257
Stjórn og starfsmenn	257
Rannsóknir.....	257
Styrkir sem stofnunin veitti	258
Heimsóknir fræðimanna.....	258
Kynningarstarfsemi og útgáfa	258
Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun.....	259
Máltæknisetur	259
Rannsóknastofa í táknmálsfræðum	259
Sagnfræðistofnun.....	260
Stjórn og starfsmenn	260
Fjárhagur	260
Föst verkefni.....	261
Bókaútgáfa	261
Ráðstefnur og fyrirlestrar	261
Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar.....	261
Rannsóknir.....	262
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	263
Stjórn og starfsmenn	263
Þýðingasetur.....	264
Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar	264
Starfsemi stofnunarinnar	265
Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir	268
Aðrir viðburðir	268
Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	269
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	269
Útgáfa fræðirita.....	270
Asíusetur Íslands – ASÍS.....	270
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	270
Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk	270
Hlutverk og rannsóknir	271
Málþing, fyrirlestrar og viðburðir	271
Fjármál.....	271
Húsnæðismál og vefsíða.....	271

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum	271
Stjórn og starfslíð	271
Viðburðir og rannsóknir	272
Kvennaslóðir	272
Samstarfsnet	272
Heimasíður	272
Edda – öndvegissetur	273
Alþjóðlegur jafnréttisskóli	273
Siðfræðistofnun	273
Stjórn og starfslíð	273
Þjónusta	274
Fyrirlestrar	274
Tungumálamiðstöð	275
Stjórn og starfslíð	275
Starfsemi	275
Alþjóðlegt samstarf	275
Menntavísindasvið	277
Skipulag og stjórn	277
Þing Menntavísindasviðs	277
Fjármál Menntavísindasviðs*	278
Starfsfólk	278
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	280
Skrifstofa	280
Menntamiðja	280
Bókasafn	281
Ritver	282
Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf	284
Menntavísindastofnun	285
Ráð og nefndir	285
Menntamiðja	287
Húsnæðismál	288
Markaðs- og kynningarmál	290
Útgáfa	290
Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu	291
Viðurkenningar til starfsmanna	292
Viðurkenningar til nemenda	292

Doktorsnám og doktorsvarnir	292
Nýjar rannsóknastofur á Menntavísindasviði	293
Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar	293
Alþjóðasamskipti	295
Rannsóknir.....	296
Deildir fræðasviðsins	298
Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.....	298
Stjórn og skipulag deildarinnar	298
Starfsfólk	299
Nám og kennsla	299
Rannsóknir.....	300
Viðburðir	301
Brautskráðir stúdentar frá Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild 2012	301
Kennaradeild	301
Stjórn og skipulag deildarinnar	301
Starfsfólk	302
Stefna Kennaradeildar	302
Nám og kennsla	303
Rannsóknir.....	306
Gæðamál	306
Markaðs- og kynningarmál.....	306
Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2012	308
Uppeldis- og menntunarfræðideild.....	308
Stjórn og skipulag deildarinnar	308
Starfsfólk	309
Nám og kennsla	309
Rannsóknir.....	310
Gæðamál	310
Markaðs- og kynningarmál.....	311
Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2012.....	311
Menntavísindastofnun	311
Stjórn og starfsfólk	312
Rannsóknastofur	312
Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna	313
Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum	314
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum	315

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu	316
Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum	317
Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólasterfi	319
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna	319
Rannsóknastofa í tónlistarfræðum.....	323
Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun.....	324
Rannsóknastofa í þroskaþjálfufræðum	325
Rannsóknastofa um háskóla	326
Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun	327
Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls	329
Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag	330
Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun	331
Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar	331
Rannsóknastofa um starfendarannsóknir	333
Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun.....	333
Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga	334
Rannsóknastofa um þróun skólasterfs.....	336
Verkfræði- og náttúruvísindasvið.....	340
Stjórn og skipulag	340
Fulltrúar sviðsins í ráðum og nefndum.....	340
Nefndir	341
Starfsfólk	342
Stjórnarsýsla	343
Fjármál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*	343
Kennslumál.....	343
Kynningar og viðburðir	344
Styrkir og viðurkenningar	345
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.....	345
Almennt yfirlit og stjórn	345
Starfsmenn	346
Nemendur, nám og kennsla	346
Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2012	347
Doktorsvarnir	347
Rannsóknir.....	347
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	347

Almennt yfirlit og stjórn	347
Starfsmenn	348
Nemendur, nám og kennsla	348
Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2012	348
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.....	348
Almennt yfirlit og stjórn	348
Starfsmenn	348
Nemendur, nám og kennsla	349
Brautskráðir stúdentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2012.....	350
Raunvísindadeild	350
Almennt yfirlit og stjórn	350
Starfsmenn	350
Nemendur, nám og kennsla	351
Rannsóknir.....	351
Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2012	352
Jarðvísindadeild.....	352
Almennt yfirlit og stjórn	352
Starfsmenn	352
Nemendur, nám og kennsla	353
Brautskráðir stúdentar frá Jarðvísindafræðideild 2012	353
Líf- og umhverfisvísindadeild	355
Almennt yfirlit og stjórn	355
Starfsmenn	355
Nemendur, nám og kennsla	356
Rannsóknir.....	356
Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2012	356
Verkfræðistofnun	356
Almennt yfirlit og stjórn	356
Rannsóknir.....	357
Kynningarstarfsemi	357
Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði	358
Raunvísindastofnun.....	366
Eðlisvísindastofnun.....	366
Eðlisfræðistofa	366
Efnafræðistofa.....	368
Stærðfræðistofa	369

Jarðvísindastofnun	371
Almennt yfirlit og stjórn	371
Starfsfólk	373
Rannsóknir.....	373
Önnur starfsemi	376
Líf- og umhverfisvísindastofnun	378
Almennt yfirlit	378
Stjórn	378
Land- og ferðamálafræðistofa.....	378
Líffræðistofa	379
RANNSÓKNASTOFNANIR Í TENGLUM VIÐ HÁSKÓLANN.....	382
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	382
Rannsóknamiðstöð ferðamála	383
Rannsóknasetur í kerfislíffræði	387
Rannsóknastofa um mannlegt atferli.....	388
Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	390
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	390
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	391
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	392
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík.....	393
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi.....	394
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.....	395
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	395
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	396
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.....	397
Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir	399
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	402
ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	406
Endurmenntun Háskóla Íslands.....	406
Happdrætti Háskóla Íslands	407
Háskólaútgáfan.....	409
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	411
Listasafn Háskóla Íslands	413
Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands	414
Reiknistofnun Háskóla Íslands.....	417
BRAUTSKRÁNINGARRÆÐUR HÁSKÓLAREKTORS.....	423

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR	429
DOKTORSPRÓF	504
HEIÐURSDOKTORAR.....	509
AKADEMÍSK STÖRF	510
KENningar HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	513



Stjórn og skipulag Háskóla Íslands

Stjórnskipulag

Mælt er fyrir um stjórnskipulag Háskóla Íslands í lögum nr. 63/2006 um háskóla og lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla en síðarnefndu lögin komu til framkvæmdar 1. júlí 2008 og leystu af hólmi lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Frá sama tíma tóku gildi lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem einnig höfðu áhrif á skipulag háskólans. Ítarlegri umfjöllun um skipulag og stjórnkerfi háskólans er að finna í reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands sem háskólaráð setti á grundvelli nýju laganna um opinbera háskóla.

Rektor

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólarektor er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum skólans. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Rektor Háskóla Íslands er dr. Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Tók hún við embætti rektors og formanns háskólaráðs Háskóla Íslands 1. júlí 2005 og var hún skipuð í embætti annað kjörtímabil frá 1. júlí 2010.

Háskólaþing

Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Háskólaþing fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvað eina sem varðar starfsemi háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólaþingi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Á háskólaþingi eiga sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og viðbótarfulltrúar fræðasviða, kjörnir samkvæmt reglum þar að lútandi, og fulltrúar helstu stofnana háskólans og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta, auk fulltrúa starfsmanna stjórnarsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Háskólaþing er haldið a.m.k. einu sinni á misseri og sitja það um 90 manns. Tvö háskólaþing voru haldin á árinu. Hið fyrra var 18. apríl og voru fjögur mál á dagskrá. Rektor hóf þingið á að reifa mál sem voru efst á baugi hjá Háskóla Íslands og síðan var fjallað um þann hluta stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 sem lýtur að endurskoðun á viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við skólann. Að því loknu var tilkynnt um hverjir hefðu gefið kost á sér sem fulltrúar og varafulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 2012 til 30. júní 2014. Gengið var til kosninganna og með atkvæðisrétt fóru samtals 68 fulltrúar. Í kaflanum um háskólaráð hér fyrir neðan kemur fram hverjir voru kjörnir. Síðasti dagskrárliðurinn fjallaði um viðhorf nemenda til náms við Háskóla Íslands, nýlegar kannanir á þeim og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður þeirra í þágu gæðastarfs við skólann. Seinna háskólaþingið á árinu var haldið 16. nóvember. Þar voru þrjú mál á dagskrá. Sem fyrr reifaði rektor þau mál sem voru efst á baugi hjá skólanum. Síðan fór fram umræða um þann hluta stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 sem lýtur að auknum tengslum Háskóla Íslands við atvinnulífið. Loks var fjallað um nýlega skýrslu jafnréttisnefndar háskólaráðs, sem nefnist Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008–2011.

Háskólaráð

Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag Háskóla Íslands og setur honum reglur eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð skiptir fé milli rekstrareininga, hefur eftirlit með rekstri háskólans og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum skólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir.

Háskólaráð Háskóla Íslands er skipað samkvæmt lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Haldnir voru 11 háskólaráðsfundir á árinu 2012.

Skipan háskólaráðs til 30. júní 2012:

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Anna Agnarsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Börkur Hansen, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins og varaforseti ráðsins.
- Fannar Freyr Ívarsson, meistaranemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta.
- Guðrún Sóley Gestsdóttir hagfræðinemi, fulltrúi stúdenta.
- Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Hilmar B. Janusson, efnifræðingur og framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarviðs Össurar hf., fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Pétur Gunnarsson rithöfundur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Sigríður Ólafsdóttir, lífefnafræðingur og ráðgjafi, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Þórður Sverrisson, viðskiptafræðingur og forstjóri Nýherja, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.

Skipan háskólaráðs frá 1. júlí 2012:

- Kristín Ingólfssdóttir prófessor, rektor og forseti ráðsins.
- Anna Rut Kristjánsdóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Börkur Hansen, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins og varaforseti ráðsins.
- Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Jakob Ó. Sigurðsson, efnifræðingur og forstjóri Promens, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Kristinn Andersen, verkfræðingur og rannsóknastjóri Marels, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Margrét Hallgrímsdóttir, fornleifafræðingur og þjóðminjavörður, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- María Rut Kristinsdóttir sálfræðinemi, fulltrúi stúdenta.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Þorfinnur Skúlason, íslenskufraeðingur og vefþróunarstjóri NOVA, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.

Varamenn:

- Einar Valur Sverrisson stjórn málafræðinemi (fyrir Önnu Rut Kristjánsdóttur).
- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs (fyrir Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur).
- Eyvindur G. Gunnarsson, dósent við Lagadeild Félagsvísindasviðs (fyrir Ebbu Þóru Hvanberg).
- Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs (fyrir Bök Hansen).
- Kjartan Þór Eiríksson, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Kadeco (fyrir Jakob Ó. Sigurðsson, Kristinn Andersen og Margréti Hallgrímsdóttur).
- Ragnheiður Hulda Proppé mannfræðingur (fyrir Þorfinn Skúlason).
- Sigvaldi Fannar Jónsson laganemi (fyrir Maríu Rut Kristinsdóttur).
- Stefán Pálsson sagnfræðingur (fyrir Guðrúnu Hallgrímsdóttur).

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektror vísinda og kennslu, sat einnig fundi háskólaráðs án atkvæðisréttar. Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskóla Íslands, var ritari háskólaráðs og sat fundi án atkvæðisréttar.

Stjórn fræðasviða og deilda

Háskóli Íslands skipast í fimm fræðasvið sem eru megin skipulagseiningar hans og lúta stjórn forseta og stjórnar fræðasviðanna. Skiptist hvert fræðasvið í þrjár til sex deildir sem eru grunneiningar háskólans og lúta faglegri stjórn deildarforseta og deildarfundar. Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor, sem er yfirmaður hans, og ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði. Forseti fræðasviðs stýrir daglegri starfsemi sviðsins og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður. Hann ber ábyrgð á útfærslu stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðsins, öflugri liðsheild og faglegu samstarfi, tengslum við innlenda og erlenda samstarfsaðila, gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins, fjármálum og rekstri sviðsins og stofnana sem undir það heyra og starfsmannamálum sviðsins. Forseti fræðasviðs, deildarforsetar og fulltrúi stúdenta mynda stjórn sviðsins sem fjallar um sameiginleg málefni þess. Þing fræðasviðs er haldið a.m.k. einu sinni á ári. Þingið er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðsins.

Deildarforseti er kjörinn faglegur forystumaður deildar og ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Deildarforseti ber í samráði við forseta fræðasviðs ábyrgð á mótun stefnu fyrir deild, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildar en á milli deildarfunda fer deildarforseti í umboði deildarfundar með ákvörðunarvald í öllum málum deildarinnar. Deild er heimilt að mynda stjórnarnefnd, deildarráð og að skipa deildinni í námsbrautir. Innan námsbrauta skulu að jafnaði vera nokkrar námsleiðir sem mynda faglega heild.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða, deildir og deildarforsetar 2012:

Félagsvísindasvið: Ólafur Harðarson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Félags- og mannvísindadeild: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Félagsráðgjafardeild: Steinunn Hrafnsdóttir dósent, deildarforseti.
- Hagfræðideild: Þórólfur Matthíasson prófessor, deildarforseti, en Tor Einarsson prófessor tók við af honum á árinu.
- Lagadeild: Róbert R. Spanó prófessor, deildarforseti.
- Stjórn málafræðideild: Þorgerður Einarsdóttir prófessor, deildarforseti, en Ómar H. Kristmundsson prófessor tók við af henni á árinu.
- Viðskiptafræðideild: Ingjaldur Hannibalsson prófessor, deildarforseti.

Heilbrigðisvísindasvið: Sigurður Guðmundsson prófessor, forseti fræðasviðs, en Inga Þórsdóttir prófessor tók við starfi sviðsforseta af Sigurði 1. júlí.

- Hjúkrunarfræðideild: Guðrún Kristjánsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Lyfjafræðideild: Már Músson prófessor, deildarforseti.
- Læknadeild: Guðmundur Þorgeirsson prófessor, deildarforseti.
- Matvæla- og næringarfræðideild: Inga Þórsdóttir prófessor, deildarforseti, en Þórhallur Ingi Halldórsson dósent tók við af henni á árinu.
- Sálfræðideild: Daníel Þór Ólason dósent, deildarforseti, en Sigurður J. Grétarsson prófessor tók við af honum á árinu.
- Tannlæknadeild: Teitur Jónsson dósent, deildarforseti.

Hugvísindasvið: Ástráður Eysteinnsson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor, deildarforseti, en Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor tók við af henni á árinu.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Sólveig Anna Bóasdóttir dósent, deildarforseti.
- Íslensku- og menningardeild: Dagný Kristjánsdóttir prófessor, deildarforseti, en Guðni Elísson prófessor tók við af henni á árinu.
- Sagnfræði- og heimspekideild: Eggert Þór Bernharðsson prófessor, deildarforseti, en Svavar Hrafn Svavarsson prófessor tók við af honum á árinu.

Menntavísindasvið: Jón Torfi Jónasson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild: Erlingur Jóhannsson prófessor, deildarforseti, en Ástríður Stefánsdóttir dósent tók við af honum á árinu.
- Kennaradeild: Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, deildarforseti.
- Uppeldis- og menntunarfræðideild: Hanna Ragnarsdóttir dósent, deildarforseti.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti fræðasviðs, en Hilmar Bragi Janusson, fyrrverandi framkvæmdastjóri vöruþróunar og rannsóknastarfs hjá Össuri hf., tók við starfi sviðsforseta af Kristínu Völu 1. júlí.

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson prófessor, deildarforseti.
- Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson prófessor, deildarforseti.
- Líf- og umhverfisvísindadeild: Sigurður Sveinn Snorrason prófessor, deildarforseti, en Eva Benediktsdóttir dósent tók við af honum á árinu.
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Jóhannes Rúnar Sveinsson prófessor, deildarforseti.
- Raunvísindadeild: Guðmundur Gunnar Haraldsson prófessor, deildarforseti, en Hafliði Pétur Gíslason prófessor tók við honum á árinu.
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson prófessor, deildarforseti.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla Háskóla Íslands skiptist í sameiginlega stjórnsýslu annars vegar og stjórnsýslu fræðasviða hins vegar. Sameiginleg stjórnsýsla, sem að stærstum hluta er til húsa í Aðalbyggingu, skipast í vísindi og kennslu annars vegar og fjármál og rekstur hins vegar, auk innri endurskoðunar og skrifstofu rektors, sem fer m.a. með stefnumótun og þróunar- og gæðamál. Undir vísindi og kennslu falla kennslusvið og vísindasvið en undir fjármál og rekstur falla fjármálasvið, framkvæmda- og

tæknisvið, markaðs- og samskiptasvið og starfsmannasvið. Rekstrarstjórar annast daglega fjármálastjórn fræðasviða og daglega stjórn skrifstofu sviðanna í umboði forseta fræðasviða.

Stjórnendur sameiginlegrar stjórnarsýslu árið 2012:

- Aðstoðarrekter vísinda og kennslu: Jón Atli Benediktsson prófessor.
- Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs: Guðmundur R. Jónsson prófessor.
- Skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri: Magnús Diðrik Baldursson.
- Sviðsstjóri fjármálasviðs: Sigurður J. Hafsteinsson til febrúarloka og Jenný Bára Jensdóttir frá ágúst. Gunnlaugur H. Jónsson gegndi starfinu tímabundið í millitíðinni.
- Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs: Guðmundur R. Jónsson.
- Sviðsstjóri kennslusviðs: Þórður Kristinsson.
- Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson.
- Sviðsstjóri starfsmannasviðs: Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.
- Sviðsstjóri vísindasviðs: Halldór Jónsson.
- Innri endurskoðandi: Gunnlaugur H. Jónsson.

Rekstrarstjórar fræðasviða 2012:

- Rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs: Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir.
- Rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs: Vilborg Lofts.
- Rekstrarstjóri Hugvísindasviðs: Óskar Einarsson.
- Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs: Björg Gísladóttir.
- Rekstrarstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs: Drífa Sigfúsdóttir.



Helstu viðburðir 2012

Árangur

Háskóli Íslands færast upp á lista Times Higher Education

Í október birti Times Higher Education World University Rankings nýjan matslista yfir bestu háskóla fyrir tímabilið 2012–2013 á vef sínum. Háskóli Íslands var þar nú í annað sinn á listanum yfir 300 bestu háskóla í heimi og hækkaði á listanum um sex sæti frá 2011 og varð 271. í röðinni. Háskólinn var þar með í sama flokki og Aalto-háskóli í Finnlandi, Tækniháskólinn í Þrándheimi, Umeå-háskóli í Svíþjóð, háskólarnir í Kiel og Münster í Þýskalandi, University of Oregon og University of Connecticut í Bandaríkjunum. Háskóli Íslands er nú í hópi tveggja prósentu háskóla sem hæst eru metnir af þeim 17 þúsund háskólum sem til eru í heiminum. Þetta hefur skólanum tekist þrátt fyrir að tekjur skólans hafi dregist verulega saman og álag aukist mikið á starfsfólk vegna kennslu og mikillar fjölgunar nemenda. Ekki er því hægt að segja annað en að Háskóli Íslands hafi skilað sínu í erfiðu árferði. Til að þessi árangur glattist ekki þarf að koma til meiri fjárstuðningur frá yfirvöldum og skilningur á að ekki er unnt að halda áfram á sömu braut án þess stuðnings.

Starfsfólk

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna var 1.368 að starfsmönnum Raunvísindastofnunar meðtöldum. Skiptist hópurinn í 685 akademíska starfsmenn og 683 aðra starfsmenn, þ.m.t. rannsóknarfólk á styrkjum og sjálfsaflafé. Akademísku starfsmennirnir skiptust þannig: 261 prófessor, 156 dósentar, 150 lektorar, 77 aðjuntar og 41 sérfræðingar. Af akademískum starfsmönnum voru erlendir kennarar 16 talsins. Stundakennarar voru 2.229 og komu þeir víðs vegar að úr atvinnulífnum og frá opinberum stofnunum.

Nemendafjöldi og brautskráðir kandídatar

Í október voru samtals um 13.750 nemendur skráðir til náms. Skiptist nemendahópurinn þannig að um 9.500 nemendur voru í grunnnámi, um 500 í starfs- og viðbótarnámi og um 3.300 í meistaranámi og um 450 í doktorsnámi. Hátt í 400 námsleiðir á grunn- og framhaldsstigi voru í boði við allar 25 deildir skólans. Fjöldi erlendra nemenda var ríflega 1.150 og voru þeir frá tæplega 90 löndum en flestir erlendu nemendanna voru frá Þýskalandi, Danmörku, Frakklandi, Póllandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Svíþjóð, Spáni, Kanada og Finnlandi.

Á árinu brautskráðust samtals 2.804 nemendur með 2.812 gráður frá Háskóla Íslands. Af þeim luku 1.733 kandídatar grunnnámi, 227 luku viðbótar- og starfsréttindanámi, 814 kandídatar luku meistaranámi og fram fóru 38 doktorsvarnir.

Stefna Háskóla Íslands

Ný sjálfbærni- og umhverfisstefna Háskóla Íslands

Á árinu samþykkti háskólaráð nýja sjálfbærni- og umhverfisstefnu fyrir háskólasamfélagið. Stefnan er liður í heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2011–2016 sem mörkuð var á aldarafmæli skólans árið 2011. Háskólaráð fól vinnuhópi úr háskólasamfélaginu að vinna sjálfbærni- og umhverfisstefnuna. Í henni eru sett fram ítarleg markmið í sjálfbærni- og umhverfismálum á margvíslegum sviðum háskólans. Má þar nefna markmið tengd rannsóknum, kennslu og námsframboði, kennsluháttum, rekstri og skipulagi skólans og daglegu lífi háskólaborgara. Þá er

einnig lögð áhersla á hlutverk Háskóla Íslands við öflun og miðlun þekkingar á umhverfis- og sjálfbærnimálum og gagnvirk tengsl við samfélagið í þessum efnunum. Hverju markmiði í stefnunni fylgja tillögur um leiðir til að ná því ásamt vísunum til mælinga á árangri. Enn fremur er gerð tillaga að ábyrgðarmönnum innan háskólans sem fylgja eiga markmiðunum eftir.

Til að auðvelda framkvæmd stefnunnar er áhersla lögð á sjálfsmat. Útbúinn hefur verið sérstakur matsrammi í því skyni að auðvelda fræðasviðum og öðrum skipulagseiningum að greina stöðu sína og framvindu í átt að aukinni sjálfbærni. Þá mun háskólaráð enn fremur skipa nefnd sem ætlað er að fylgja hinni nýju stefnu eftir.

Í hópnum sem vann stefnuna sátu Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið og formaður hópsins, Karl Benediktsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Ólafur Páll Jónsson, dósent við Menntavísindasvið, Kristín Þóra Jökulsdóttir, nemandi í umhverfis- og auðlindafræði og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri á framkvæmda- og tæknisviði í miðlægrei stjórnsýslu.

Doktorsnám og doktorsvarnir

Hátíð brautskráðra doktora haldin í annað sinn

Fjörutíu og þrjú doktorar, 20 karlar og 23 konur, sem vörðu ritgerðir sínar við Háskóla Íslands á tímabilinu 1. desember 2011, þegar efnt var til hátíðar brautskráðra doktora í fyrsta sinn, til 30. nóvember 2012, tóku við gullmerki háskólans á hátíð brautskráðra doktora í Hátíðasal skólans 1. desember. Í hópnum voru nemendur frá níu þjóðlöndum utan Íslands og þremur heimsálfum en tæp 70 prósent doktoranna voru Íslendingar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra voru viðstödd athöfnina og ávörpuðu þau nýdoktorana í tilefni dagsins. Vegur doktorsnáms innan Háskóla Íslands hefur aukist ört á síðustu 20 árum, ekki síst í kjölfar stefnumörkunar háskólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á að efla rannsóknir og doktorsnám. Heldur stefna skólans frá árinu 2011 áfram á svipuðum nótum og eru doktorsnemar við háskólann nú rúmlega 470 talsins. Efling doktorsnáms styrkir stöðu skólans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og hefur jafnframt gert honum kleift að sinna sínu afar mikilvæga hlutverki innanlands enn betur en áður, m.a. með auknu samstarfi við atvinnulífið og stórauknum árangri skólans á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Heiðursdoktor

Einn heiðursdoktor var kjörinn við Háskóla Íslands á árinu 2012. Það var Thomas William Shakespeare, sem var veitt heiðursdoktorsnafnbót í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands 16. mars. Ítarlegri umfjöllun um heiðursdoktorinn er að finna aftar í þessari Árbók.

Framgangur akademískra starfsmanna

Nýjar reglur um framgang akademískra starfsmanna

Prettán akademískir starfsmenn Háskóla Íslands fengu framgang í starfi í upphafi árs að undangengnu ítarlegu faglegu mati. Þeir koma af öllum fræðasviðum skólans. Akademískir starfsmenn háskólans geta samkvæmt reglum skólans sótt um framgang í starfi og er það í höndum sérstakrar framgangsnefndar, sem skipuð er aðstoðarrektor vísinda og kennslu og fulltrúum allra fræðasviða, að leggja mat á umsóknirnar að fengnu álitum dóm- og framgangsnefnda fræðasviðanna og forseta þeirra.

Þetta var í fyrsta sinn sem framgangur er veittur á grundvelli nýrra reglna. Nýju reglurnar fela m.a. í sér umtalsvert strangari kröfur en áður um rannsóknavirkni og birtingu rannsóknaniðurstaðna á ritrýndum vettvangi, svo sem í alþjóðlegum vísindatímaritum. Auglýst verður árlega eftir umsóknum um framgang og að þessu sinni bárust alls 26 umsóknir. Á grundvelli umsóknargagna, dómnefndarálita og umsagna sérfræðinga mælti framgangsnefndin með því við rektor Háskóla Íslands að 13 umsækjendur fengju umbeðinn framgang. Þeir voru:

Félagsvísindasvið

- Sigurjón B. Hafsteinsson í starf dósents við Félags- og mannvísindadeild.

Heilbrigðisvísindasvið

- Árni V. Þórsson í starf prófessors við Læknadeild.
- Björn Guðbjörnsson í starf prófessors við Læknadeild.
- Jón Jóhannes Jónsson í starf prófessors við Læknadeild.
- Jóna Freysdóttir í starf prófessors við Læknadeild.
- Kristín Briem í starf dósents við Læknadeild.
- Steinn Jónsson í starf prófessors við Læknadeild.

Hugvísindasvið

- Ármann Jakobsson í starf prófessors við Íslensku- og menningardeild.
- Gauti Kristmannsson í starf prófessors við Íslensku- og menningardeild.

Menntavísindasvið

- Gísli Þorsteinsson í starf dósents við Menntavísindasvið.
- Gunnar J. Gunnarsson í starf dósents við Menntavísindasvið.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Andri Stefánsson í starf prófessors við Jarðvísindadeild.
- Benedikt Halldórsson í starf fræðimanns við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Í desember var síðan akademískum starfsmönnum háskólans í annað sinn veittur framgangur á grundvelli nýju reglnanna. Að þessu sinni mælti framgangsnefndin með því við rektor Háskóla Íslands að 23 umsækjendur af öllum fræðasviðum skólans fengju umbeðinn framgang. Þeir voru:

Félagsvísindasvið

- Ása Ólafsdóttir í starf dósents við Lagadeild.
- Helgi Áss Grétarsson í starf fræðimanns við Lagadeild.
- Helgi Tómasson í starf prófessors við Hagfræðideild.

Heilbrigðisvísindasvið

- Franklín Georgsson í starf dósents við Matvæla- og næringarfræðideild.
- Gunnar Guðmundsson í starf prófessors við Læknadeild.
- Sigurjón Arason í starf prófessors við Matvæla- og næringarfræðideild.
- Unnur Anna Valdimarsdóttir í starf prófessors við Læknadeild.
- Urður Njarðvík í starf dósents við Sálfræðideild.
- Þóra Jenný Gunnarsdóttir í starf dósents við Hjúkrunarfræðideild.
- Þórarinn Guðjónsson í starf prófessors við Læknadeild.
- Þórhallur Ingi Halldórsson í starf dósents við Matvæla- og næringarfræðideild.

Hugvísindasvið

- Björn Ægir Norðfjörð í starf dósents við Íslensku- og menningardeild.

- Gavin Lucas í starf prófessors við Sagnfræði- og heimspekideild.
- Jón Karl Helgason í starf prófessors við Íslensku- og menningardeild.
- Rúnar Helgi Vignisson í starf dósents við Íslensku- og menningardeild.
- Steinunn Kristjánsdóttir í starf prófessors við Sagnfræði- og heimspekideild.

Menntavísindasvið

- Samúel Lefever í starf dósents við Menntavísindasvið.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Fjóra Jónsdóttir í starf prófessors við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.
- Guðmundur Óli Hreggviðsson í starf prófessors við Líf- og umhverfivísindadeild.
- Guðrún Larsen í starf vísindamanns við Jarðvísindastofnun.
- Gunnar Stefánsson í starf prófessors við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.
- Ines Thiele í starf dósents við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.
- Magnús Örn Úlfarsson í starf dósents við Rafmagns- og tölvunarfræðideild.
- Tómas Grétar Gunnarsson í starf vísindamanns við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Nýsköpun og vísindamiðlun

Vísindasmiðja opnuð í Háskólabíói

Vísindasmiðja Háskóla Íslands var formlega opnuð 18. febrúar 2012 í 150 fermetra húsnæði í Háskólabíói þar sem áður voru skrifstofur. Það var Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra sem það gerði. Markmiðið með Vísindasmiðjunni er að efla áhuga ungmenna á vísindum með gagnvirkum og lifandi hætti og ýta undir framþróun kennslu í náttúru- og raunvísindum á öllum skólastigum. Skólahópar eru velkomnir í Vísindasmiðjuna og einnig verður í boði endurmenntun og fræðsla fyrir raungreinakennara í grunnskólum. Stefnt er því að síðar verði einnig opið við sérstök tækifæri fyrir fjölskyldur og alla áhugasama. Fyrsti viðburðurinn í þá veru var þegar Vísindasmiðjan var opin almenningi á barnamenningarhátíð Reykjavíkur í apríl og fjölmenntu gestir á öllum aldri í Háskólabíói af því tilefni. Tækjabúnaður hentar fyrst og fremst fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla, hvað sem síðar verður. Kennarar og nemendur við Háskóla Íslands sinna leiðsögn og kennslu í smiðjunni. Tekið var á móti fyrstu skólahópunum í byrjun mars 2012 og aðsóknin var góð í kjölfarið, rúmlega 70 hópar af öllum skólastigum heimsóttu smiðjuna þar til skólaárinu lauk um vorið.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Háskóli Íslands var meðal bakhjarla Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda sem haldin var í október með það fyrir augum að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig þroska megja hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. Alls bárust 1.100 hugmyndir í keppnina frá 32 grunnskólum og í sjálfri keppninni í ár tóku þátt um 40 grunnskólanemar af öllu landinu. Alls fengu fjórtán nemendur verðlaun og tólf stigahæstu keppendurnir fengu gjafabréf í Háskóla unga fólksins. Háskóli Íslands endurnýjaði samning sinn um að styrkja keppnina til næstu þriggja ára. Í því felst að skólinn veitir fjárstyrk til keppinnar, auk gjafabréfanna, og fulltrúi skólans tekur þátt í matsferli, vinnusmiðju og verðlaunanefnd hennar og situr jafnframt í nýstofnaðri nefnd um hvatningarverðlaun sem veitt verða grunnskólakennara sem þykir skara fram úr við að mennta börn til nýsköpunar. Tilgangur hvatningarverðlaunanna er m.a. að deila skapandi kennsluáferðum og stefnt er að því að veita þau árlega. Meginmarkmið Háskóla Íslands með aðild að keppninni er að efla nýsköpunarstarf barna og unglinga í grunnskólum landsins og nýta þverfaglegt samstarf deilda háskólans með uppbyggingu og eflingu nýsköpunarmentar í landinu að leiðarljósi.

Nýstárleg „ráðstefna“ fyrir sprotafyrirtæki

Landsbankinn, í samstarfi við Háskóla Íslands og Massachusetts Technology Leaders Council (MassTLC), stóð fyrir nýstárlegum viðburði á sviði nýsköpunar undir heitinu Iceland Innovation UnConference á Háskólatorgi í nóvember. Hugmyndin var að hlúa að frumkvöðlastarfsemi og aðstoða frumkvöðla og sprotafyrirtæki á Íslandi við að ná betri árangri í sínu starfi. Viðburðurinn var fyrst og fremst byggður á virkri þátttöku í umræðum og einkaviðtölum frumkvöðlanna við einhverja hinna 60 leiðbeinenda sem buðu sig fram til ráðgjafar en þeir voru ýmist stjórnendur, fjárfestar eða sérfræðingar á mörgum og afar fjölbreyttum sviðum. Dagskráin var því ekki fyrirfram ákveðin heldur mótuðu þátttakendur hana sjálfir og löguðu að eigin þörfum.

Athafnavika

Háskóli Íslands tók virkan þátt í alþjóðlegri athafnaviku á vegum Innovits dagana 12.-18. nóvember. Alþjóðlegri athafnaviku hefur verið fagnað hér á landi undanfarin ár með fjölbreyttum viðburðum en athafnavikan teygir sig til 125 þjóða í sex heimsálfum. Markmiðið er að hvetja fólk til að tileinka sér nýsköpun, athafnasemi og frumkvöðlahugsun. Í athafnavikunni var að þessu sinni boðið til nýrrar fyrirlestraraðar sem ber heitið „Fyrirtæki verður til“ og hagnýtingarverðlaunin 2012 voru einnig veitt í vikunni. Nýsköpunarmessa var ekki haldin í ár í athafnavikunni eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Hagnýtingarverðlaun

Árleg hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofunnar og hugverkafyrirtækisins Árnason Faktor voru afhent í 14. sinn í nóvember en með þeim vill háskólinn stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfi innan skólans og verðlauna þær tillögur sem skara fram úr. Alls bárust 24 hugmyndir af flestum fagsviðum skólans í samkeppnina og hafa þær aldrei verið fleiri. Leiðréttingarforritið Skrambi varð hlutskarpast í ár, önnur verðlaun komu í hlut verkefnisins „Tóngreinir til tónbilaæfinga á smátækjum“ og þriðju verðlaun voru veitt fyrir verkefnið „Stöðgun próteina með kítófásykrum“. Að Skramba standa Kristín Bjarnadóttir, rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og kennari við Háskóla Íslands, og Jón Friðrik Daðason, tölvunarfræðingur við sömu stofnun, en Skrambi er leiðréttingarforrit með samhengisháðri villuleit eftir málfræðilegu umhverfi í texta. Tóngreinirinn, sem önnur verðlaun voru veitt fyrir, er kerfi sem greinir tóna í rauntíma og umbreytir þeim í frambærilega nótnaskrift og það voru Hilmar Þór Birgisson, meistaranemi í rafmagns- og tölvuverkfræði, Helgi Þorbergsson, dósent í rafmagns- og tölvuverkfræði, Magnús Örn Úlfarsson, lektor í rafmagns- og tölvuverkfræði, og Sveinn Ólafsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun, sem hönnuðu tóngreininn. Verkefnið sem þriðju verðlaun voru veitt fyrir snýst um að nota fásykrur úr kítósani úr rækjuskel til að auka stöðugleika próteina í lausn í lyfjaefni og það voru Hörður Filippusson, prófessor við Raunvísindadeild, Stefán Bragi Gunnarsson, MS í lífefnafræði, og Jóhann Grétar Kröyer Gizurarson, BS í lífefnafræði, sem stóðu að tillögunni.

Byggingarframkvæmdir og nýframkvæmdir

Háskólatorg stækkað

Háskólatorg var stækkað á árinu með viðbyggingu. Háskólatorg var upphaflega vígt árið 2007 og hefur nýst vel en nauðsynlegt var að stækka það með aukinni starfsemi háskólans og gifurlegri fjölgun stúdenta síðan þá. Byggður var 561 fermetra Stúdentakjallari í viðbyggingu norðaustan við húsið og torgið sjálft var stækkað um 238 fermetra. Að auki var reist 194 fermetra geymslu- og sorpbygging vestan við Háskólatorg. Framkvæmdum var að mestu lokið í árslok og stefnt var að því að taka Stúdentakjallarann og aðra hluta nýbyggingarinnar í notkun í ársbyrjun 2013. Félagsstofnun stúdenta stóð fyrir framkvæmdinni í samráði við framkvæmda- og tæknisvið háskólans.

Alþjóðlegt samstarf

Samstarfssamningur um doktorsnám í lögum

Í febrúar undirrituðu Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla samning um samstarf á sviði doktorsnáms í lögfræði. Þetta er í fyrsta sinn sem lagadeildir á Norðurlöndum sameina krafta sína með þessum hætti. Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla er ein fremsta deild sinnar tegundar á Norðurlöndum og með sameiginlegu doktorsnámi á ensku verður Lagadeild Háskóla Íslands beinn þátttakandi í afar fjölbreyttu og spennandi rannsóknarumhverfi. Samningur af þessu tagi skapar ný og afar spennandi tækifæri fyrir þá sem hyggja á doktorsnám, leiðbeinendur þeirra og háskólana í heild enda felast fjölmörg tækifæri í vaxandi samstarfi háskólans við erlenda háskóla um menntun doktorsnema.

Samstarf norrænna rannsóknarstofnana um háhraðatölvu

Á árinu 2011 var undirritað samkomulag um að Háskóli Íslands tæki að sér, með tilstyrk mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hýsingu háhraðatölvu og rekstur ofurtölvuvers, í samstarfi við þrjár aðrar norrænar rannsóknarstofnanir (Danish Center for Scientific Computing, Swedish National Infrastructure for Computing og UNINETT Sigma í Noregi) og var tölvan formlega tekin í gagnið í apríl í ár. Háskóli Íslands var meðal þriggja norrænna háskóla sem buðu í rekstur versins og varð hlutskarpastur. Heildarfjárfesting í verkefninu nemur rúmlega einni milljón evra eða um 160 m.kr.

Háhraðatölvun er hluti af tilraunaverkefni til þriggja ára sem hefur það að markmiði að prófa hýsingu nálægt orkulindunum en ekki öfugt, eins og venjan er, og ná þannig fram umtalsverðum sparnaði. Önnur markmið verkefnisins eru að kanna pólitískar, skipulagslegar og tæknilegar hliðar á sameiginlegu eignarhaldi, umsjón og rekstri svo dýrs og mikilvægs rannsóknainnviðar. Háhraðatölvur eru mikilvægar við nútímalega vísindaiðkun og nýsköpun en kostnaður við hýsingu og rekstur þeirra er gríðarhár vegna mikillar orkunotkunar. Af þessum sökum og með tilliti til umhverfispáttá varð Háskóli Íslands m.a. fyrir valinu. Ofurtölvun er hýst hjá Thor Data Center í Hafnarfirði, sem er hluti af Advania-samsteypunni, og Opin kerfi sjá um búnaðinn.

Samstarf um hvalarannsóknir

Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands og forsvarsmenn alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna International Fund for Animal Welfare unnu saman í sex vikur á árinu að hvalarannsóknum við Ísland og milli Íslands og Grænlands, m.a. að rannsóknum á hljóðum í steypireyði. Sérstökum tæknibúnaði til neðansjárupptöku á hljóðum var komið fyrir vestur af Ísafirði til að nema hljóð dýranna og rannsaka. Til rannsóknar var einnig hegðun hrefnu í Faxaflóa og það hvort hvalaskoðun hefur haft einhver áhrif á hegðun dýranna. Sú rannsókn var hluti rannsóknarverkefnis sem var unnið í samstarfi við hvalaskoðunarfyrtæki og sveitarfélagið Garð.

Samstarf við bandaríska háskóla um sumarnám

Sumarið 2012 unnu tveir bandarískir nemendur við California Institute of Technology (Caltech) að tíu vikna rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands, sem styrkþegar í samstarfi Caltech og Háskóla Íslands. Þetta er fimmta árið sem nemendur Háskóla Íslands og Caltech eiga kost á svonefndu SURF-sumarnámi (Summer Undergraduate Research Fellowship) en það felur í sér rannsóknarsamstarf á milli leiðbeinanda og nemenda í grunnnámi. Caltech er einn fremsti rannsóknarháskóli heims, með megináherslu á raunvísindi og verkfræði, og mikill fengur að samstarfi hans og Háskóla Íslands. Þrír nemendur við Háskóla Íslands hlutu einnig styrk til tíu vikna dvalar og vinnu að rannsóknarverkefni við Caltech. Bandarísku nemendurnir voru Swadhruth Komanduri, sem unnið hefur rannsóknarverkefni undir handleiðslu Árna Kristjánssonar, dósents í sálfræði, og Michael Lauria, en leiðbeinandi hans var Tómas Philip Rúnarsson, prófessor í iðnaðarverkfræði. Íslensku nemendurnir

sem fóru til Caltech eru Eyjólfur Guðmundsson, nemi í eðlisfræði og tölvunarfræði, Kristján Jónsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði, og Lilja Kristinsdóttir, efnafræðinemi.

Enn fremur fóru fimm grunnnemar frá Háskóla Íslands til sumarnáms við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum í svonefnt Stanford Summer International Honors Program (SSIHP). Þetta var annað árið sem nemendur Háskóla Íslands fá þetta einstæða tækifæri við þennan heimskunna háskóla og í þetta sinn voru þeir fimm talsins. SSIHP-sumarnámið við Stanford er átta vikur og þar sátu nemendur námskeið sem þeir fengu metin til eininga við Háskóla Íslands en yfir 100 námskeið voru í boði fyrir þá. Nemendurnir sem fóru til Stanford voru Auðunn Skúta Snæbjarnarson, nemi í stærðfræði, Guðmundur Kári Stefánsson, nemi í eðlisfræði, Atli Bjarnason, nemi í viðskiptafræði, Haraldur Tómas Hallgrímsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði, og Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, nemi í iðnaðarverkfræði. Af þessum fimm nemendum hlutu Auðunn og Guðmundur styrk frá Stanford-háskóla til sumarnámsins. Stanford-háskóli er einn fremsti háskóli í heimi og býður skólinn upp á nám á breiðu sviði. Mikill fengur er að samstarfi Stanford og Háskóla Íslands, en samningur milli skólanna var undirritaður 2010. Sumarnámið við Stanford er í senn afar fjölbreytilegt og eftirsóknarvert fyrir nemendur Háskóla Íslands og gerir þeim kleift að kynnast einstöku vísindasamfélagi og úr hópi nemenda þaðan eru fjölmargir heimsþekktir frumkvöðlar og Nóbelsverðlaunahafar.

Rannsóknarsamstarf Íslands og Kína eftir

Rannsóknarsamstarf Íslands og Kína í málefnum norðurslóða var styrkt á árinu en það felst m.a. í rannsóknnum á sviði jarðfræði hafsbotnsins, efnafræði sjávar og andrúmslofts í íslenskri landhelgi. Einn liður í þessu samstarfi var vísinda- og rannsóknleiðangur kínversks ísbrjóts, Snædrekans, um Norður-Íshafið. Ísbrjóturinn lagði upp frá Qingdao í Kína þann 2. júlí, sigldi svokallaða norðausturleið meðfram Rússlandi og Noregi og þaðan til Íslands, og hafði hér viðkomu í nokkra daga í ágúst og kom loks til hafnar í Shanghai 24. september. Þetta er í fyrsta sinn sem kínverskur rannsóknarleiðangur fer þessa leið en markmið hans var að kanna áhrif loftslagsbreytinga á norðurheimskautsísinn og vistfræðilegt ástand svæðisins. Í leiðangrinum var enn fremur útbreiðsla hafíss mæld og sýni tekin af ísnum, en þau geta varpað ljósi á þróun veðurfars á þessum slóðum. Rannsóknir með gervitunglum sýndu að hafísinn á norðurslóðum hefur aldrei verið minni en í ár. Ingibjörg Jónsdóttir, dósent í landfræði við Háskóla Íslands, sem lengi hefur sinnt hafísrannsóknnum á Veðurstofu Íslands og við Háskóla Íslands, tók þátt í leiðangrinum. Í ferðinni bar hún saman gervitunglamyndir af hafís við myndir af honum af jörðu niðri í því skyni að varpa ljósi á ástand og þróun hafíssins á norðurheimskautssvæðinu. Enn fremur var ætlunin að skoða sót á ísþekjunni til þess að kanna að hve miklu leyti óhreinindi á heimskautáísnum ýta undir bráðnun hans. Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) hafði veg og vanda af heimsókn ísbrjótsins ásamt Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun háskólans. Meðan ísbrjóturinn hafði viðdvöl á landinu var haldið málþing í Hátíðasal háskólans og var umræðuefnið loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Norður-Íshafi. Við sama tækifæri var undirritað samkomulag á milli Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og Heimskautastofnunar Kína um norðurljósarannsóknir.

FutureVolc – evrópskt samvinnuverkefni um eldfjallarannsóknir

Í október hófst þriggja og hálf árs vinna við viðamikið samvinnuverkefni evrópskra háskóla, stofnana og fyrirtækja sem miðar að því að samþætta vöktun og rannsóknir á eldfjöllum. Jarðvísindastofnun háskólans og Veðurstofa Íslands eru leiðandi í verkefninu og Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Norræna eldfjallasetrið, stýrir því. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og upplýsingatæknifyrirtækin Miracle og Samsýn, sem starfa á sviði kortagerðar, landupplýsinga- og stjórnkerfa, eiga einnig aðild að því hér á landi og vel á annað hundrað evrópskir vísindamenn taka þátt í verkefninu frá 26 mismunandi aðilum í níu löndum, þar á meðal nokkrum evrópskum háskólum í fremstu röð.

Í verkefninu verða ýmsar mæliaðferðir sem notaðar eru við rannsóknir á eldgosum samþættar, s.s. varðandi jarðskjálftafræði, gasstreymi í eldgosum, veðurfræði, mælingar á jarðskorpuhreyfingum og eldfjallavöktun. Kveikjan að verkefninu var meðal annars eldgosíð í Eyjafjallajökli árið 2010 og sú röskun á flugi í Evrópu sem það olli og markmiðið með því er að koma á fót samhæfðu evrópsku eldfjallavöktunarkerfi með því að þróa nýjar aðferðir til að meta hættu á eldgosum og spá fyrir um öskudreifingu frá stórum eldgosum í því skyni að draga úr áhrifum á flugumferð og bæta upplýsingagjöf til almannavarna og almennings í Evrópu.

Ísland varð ekki síst fyrir valinu sem stjórnstöð rannsóknarinnar þar sem eldfjöll hér eru virk og eldstöðvarnar ólíkar. Með því að tengja saman núverandi vöktunarkerfi og nýjustu rannsóknir á að þróa því sem næst rauntímamat á íslenskum eldfjöllum og ástandi þeirra. Aðferðirnar geta síðan nýst annars staðar í heiminum.

Samstarfsnet í þýðingafraeði

Þýðingafraeði við Háskóla Íslands tók í ár þátt í samstarfsnetinu Optimale eins og undanfarin tvö ár. Optimale er Erasmus-net sem Háskólinn í Rennes stýrir og í því er fjallað um þýðingakennslu og þýðingafraeði á háskólastigi í Evrópu en þær greinar eru með helstu vaxtarbroddum náms í hugvísindum um Evrópu alla. Þátttakendur eru yfir sjötíu og hafa þeir m.a. skoðað samtengingu háskólanámsins og hins praktíska veruleika sem nemenda bíður að námi loknu og koma þátttakendur gjarna úr atvinnulífinu, frá opinberum aðilum, þýðingastofum og félagasamtökum þýðenda. Markmiðið hefur verið að finna leiðir til að tengja námið þeim störfum sem nemendur gegna síðan þegar út á atvinnumarkaðinn er komið. Í það minnsta tvö hundruð þúsund manns í Evrópu einni vinna við þýðingar um þessar mundir, fyrir opinbera aðila, framleiðslugreinar og fjölmiðla, við innleiðingu tölvuforrita og -leikja, auk túlka- og ráðgjafastarfa, þannig að vöxtur í greininni hefur verið langt yfir hagvexti víðast um heim, enda hefur hnattvæðingin kallað eftir fleiri og fleiri sérfræðingum á þessu sviði.

Samstarf við Minnesota-háskóla endurnýjað

Háskóli Íslands og Minnesota-háskóli endurnýjuðu samstarfssamning skólanna í Minnesota-háskóla í Bandaríkjunum er Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor sótti skólann heim á haustmánuðum. Þrjú áratugir voru þá liðin frá undirritun fyrsta samstarfssamnings skólanna en þeir hafa á þeim tíma átt víðtækt samstarf, m.a. um stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, sem og á sviði rannsókna. Árlega hafa stúdentar farið á milli skólanna en endurnýjaður samningur gefur fleiri stúdentum en áður kost á að fara á milli skólanna en samkvæmt honum geta allt að fimm stúdentar frá hvorum skóla nýtt sér stúdentaskiptin. Við Minnesota-háskóla fá stúdentar frá Háskóla Íslands felld niður skólagjöld og þeir geta einnig sótt um upphaldsstyrk. Við endurnýjun samningsins voru lögð drög að áframhaldandi samstarfi á ýmsum fagsviðum, þar á meðal frekara rannsóknasamstarfi skólanna í hjúkrunarfræði, læknisfræði, upplýsingatækni á heilbrigðisviði, lýðheilsuvísindum og menntunarfræði og samstarfi skólanna á nýjum fagsviðum, svo sem ljósmóðurfræði, lyfjafræði, miðaldafræði, verkfræði og á sviði endurnýjanlegrar orku.

Samkomulag við Karolinska Institutet

Háskóli Íslands og Landspítali gerðu á árinu samkomulag við frumkvöðlaskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar (Karolinska Institutet – Innovationkontoret) í Svíþjóð um hagnýtingu hugverka og niðurstöður rannsókna. Háskóli Íslands og Landspítali koma til með að njóta góðs af fagþekkingu og akademískum styrk Karolinska og hugverkanefnd háskólans og Landspítali verða betur í stakk búin en áður að aðstoða starfsmenn og nemendur við að hagnýta hugverk og niðurstöður rannsókna.

Innlent samstarf

Samstarf um heilsufarsrannsókn

Háskóli Íslands og Krabbameinsfélag Íslands undirrituðu í febrúar yfirlýsingu um að skipuleggja í sameiningu eina viðamestu rannsókn á heilsufari Íslendinga sem fram hefur farið hér á landi. Afraksturinn verður svokallaður Heilsusögubanki Íslendinga (The Saga Cohort) sem nýtast mun bæði innlendum og erlendum vísindamönnum til þess að afla nýrrar þekkingar á áhrifum og samspili lífsháttá, streitu og erfða á heilsufar. Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild kemur til með að hafa umsjón með undirbúningi og framvindu verkefnisins fyrir hönd háskólans og af hálfu Krabbameinsfélagsins eru það Leitarstöð og Krabbameinsskrá. Heilsusögubankinn verður jafnframt hluti af Global Cohort Initiative en það er alþjóðleg samvinna um sams konar rannsóknir víðs vegar í heiminum.

Diplómanám í starfsendurhæfingu undirbúið í samstarfi við Háskólann á Akureyri

Félagsráðgjafardeild hlaut á árinu hvata- og þróunarstyrk frá verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna til að þróa sameiginlegt diplómanám á framhaldsstigi í starfsendurhæfingu í samstarfi við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri. Náminu er ætlað að auka val nemenda í báðum skólunum og efla rannsóknir á sviðinu. Hugmyndin er að nýta þau námskeið sem fyrir eru í skólunum tveimur og þróa ný ef þarf, auk þess sem áhersla verði lögð á þverfagleg námstilboð sem næðu út fyrir raðir nemenda á viðkomandi brautum. Lögð verður áhersla á að nýta kosti og möguleika fjarnáms/lotunáms eða annars fyrirkomulag við kennslu, sem gagnist nemendum óháð búsetu eða staðsetningu skóla. Gert er ráð fyrir að fyrstu nemendurnir hefji nám haustið 2013.

Íþróttafraeðasetur starfar með Sólheimum

Í maí undirrituðu forsvarsmenn Íþróttafraeðaseturs Háskóla Íslands á Laugarvatni og Sólheima í Grímsnesi viljayfirlýsingu um að auka og efla samstarf og samvinnu um nám sem tengist þjálfun fatlaðra í grunn- og framhaldsnámi í íþróttá- og heilsufræði, að gefa háskólanemum kost á að vinna lokaverkefni í tengslum við starfsemi Sólheima og að háskólanemar á Laugarvatni sinni íþróttakennslu og íþróttþjálfun á Sólheimum. Háskólanemar geta notað þá aðstöðu og aðbúnað sem er til staðar á Sólheimum og Sólheimar geta nýtt sér niðurstöður þróunar- og rannsóknarverkefna sem eru unnin í tengslum við Sólheima.

Isavia styður rannsóknir í Háskóla Íslands

Háskóli Íslands og Isavia ohf. gerðu í júní með sér samstarfssamning um stuðning Isavia við rannsóknir meistara- og doktorsnema við skólann. Í honum felst að Isavia leggur alls 25 m.kr. í sjóð sem Háskóli Íslands mun nýta til að styrkja stúdenta sem vinna að doktors- og meistaraverkefnum sem geta tengst flugi og flugtengdri starfsemi. Við undirritun samstarfssamningsins var einnig gengið frá kaupum Isavia á hlut Háskóla Íslands í Tern Systems, sem var upphaflega sprotafyrirtæki sem varð til við samstarf forvera Isavia og aðila innan háskólans. Félagið, sem sinnir rannsóknum og þróun hugbúnaðar á sviði flugstjórnar og flugleiðsögutækni, hefur nú slitið barnsskónum og verður Isavia eini eigandi félagsins hér eftir.

Samstarf Háskóla Íslands og landlæknisembættisins endurnýjað

Um mitt árið endurnýjuðu Háskóli Íslands og embætti landlæknis ótímabundinn samning sinn um akademískt samstarf er tekur til kennslu, rannsókna og þjálfunar í heilbrigðisvísindagreinum og öðrum vísindagreinum sem kenndar eru við háskólann og eru á starfssviði landlæknisembættisins. Sérstök áhersla er lögð á lýðheilsuvísindi í samstarfinu og markmið samningsins er að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu beggja aðila og stuðla að framgangi vísindarannsókna í

Lýðheilsufræðum og öðrum heilbrigðisvísindagreinum. Samningurinn tekur einnig til samvinnu um þróun heilbrigðisþjónustu og gagnkvæman aðgang að sérþekkingu og m.a. er gert ráð fyrir að starfsmenn landlæknisembættisins geti sótt um akademískar nafnbætur við Háskóla Íslands. Sérstök samstarfsnefnd um samninginn, skipuð tveimur fulltrúum beggja aðila, fylgir eftir framkvæmd samningsins og fjallar um sameiginleg málefni stofnananna.

Samstarf við Öryrkjabandalag Íslands

Háskóli Íslands og Öryrkjabandalag Íslands gerðu með sér samstarfssamning sem tók gildi 1. júlí varðandi kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræða við Háskóla Íslands. Markmið samningsins er að styrkja kennslu, rannsóknir, framþróun og stefnumörkun á fræðasviðinu og í málefnum fatlaðs fólks og Öryrkjabandalag Íslands veitir til þess allt að fimm m.kr. sem verða notaðar til að kanna hvort unnt er að stofna til grunnnáms í fötlunarfræðum sem aukagrein við Félags- og mannvísindadeild. Styrkurinn er til marks um vaxandi áherslu á að vönduð og fræðileg þekking verði höfð að leiðarljósi í framþróun og nýsköpun í málefnum fatlaðs fólks hér á landi.

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna starfar með sveitarfélögum

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna við Háskóla Íslands og bæjaryfirvöld í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi undirrituðu á haustmánuðum samstarfssamning um rannsóknarverkefni í leikskólum. Markmið samstarfsins er að auka þekkingu á leikskólastarfi í sveitarfélögunum og stuðla að auknum gæðum í leikskólastarfi. Um er að ræða samning til þriggja ára. Rannsókuð verða tengsl leiks við námssvið aðalnámskrár leikskóla frá 2011 með starfendarannsókn í fimm leikskólum, einum í hverju sveitarfélagi. Rannsóknin verður gerð skólaárin 2012-2013 og 2013-2014 og árið 2014 verður unnið að skýrsluskrifum og kynningum á verkefninu.

Samningur um nýtt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf

Á haustmánuðum skrifuðu Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, sem er rannsókn- og þróunarsetur við Háskóla Íslands, og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins undir samning um gerð upplýsinga- og ráðgjafarkerfis um nám og störf og renna 28 milljónir til setursins vegna verkefnisins næstu þrjú árin. Markmiðið með verkefninu er að auka starfshæfni fólks, sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, á vinnumarkaði. Þessu markmiði verður náð með því að auka skilvirkni framhaldsfræðslunnar með áherslu á áframhaldandi þróun raunfærnimats og með uppbyggingu gagnagrunns um störf og nám. Þáttur sérfræðisetursins lýtur m.a. að upplýsingagjöf, ráðgjöf og tæknilegri aðstoð við að koma á nýrri vefgátt fyrir þá sem nýta sér ráðgjöfina.

Háskólar samnýta krafta kennara og Uglu

Rektorar opinberu háskólanna fjögurra skrifuðu undir samkomulag á haustmánuðum þess eðlis að fastráðinn kennari við einn af opinberu háskólunum fjórum getur nú uppfyllt kennsluskyldu sína við aðra háskóla en þann sem hann er ráðinn til. Tilgangur samningsins er að nýta betur mannauð opinberu háskólanna á sviði kennslu og efla samstarf þeirra á milli. Þá er samningnum ætlað að fjölga og viðhalda störfum á sérhæfðum fræðasviðum. Þeir háskólar sem eru aðilar að samningnum eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Samstarf opinberu háskólanna hófst að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðherra sumarið 2010 í því augnamiði að efla íslenska háskóla, auka hagkvæmni og halda uppi háskólastarfsemi úti um landið. Áður en þessi samningur var gerður höfðu skólarnir samið um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum og tóku skólarnir fjórir nú á árinu upp sama upplýsingakerfi, svokallaða Uglu, fyrir skráningu nemenda og samskipti nemenda og kennara, m.a. í því skyni að auðvelda nemenda- og starfsmannaskipti milli skólanna. Háskóli Íslands hefur þróað Uglu í rúman áratug og var hún upphaflega samstarfsverkefni hans og Kennaraháskóla Íslands. Ugla leysir af hólmi

upplýsingakerfið Stefaníu sem þróað var í Háskólanum á Akureyri og hefur, auk hans, undanfarin ár þjónað Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla. Uglya var komin í gagníð í öllum skólunum um mitt árið 2012.

Háskólinn og Íþróttasambandið styrkja samstarf sitt

Í nóvember lýstu Háskóli Íslands og Íþrótt- og ólympíusamband Íslands yfir vilja til að beina samstarfi sínu í ákveðnari og skýrari farveg en hingað til. Stefnt er að því að auka rannsóknir á sviði íþróttar, vinna að uppbyggingu og framgangi afreksmiðstöðvar í íþróttum, efla faglegt umhverfi íþróttahreyfingarinnar með þátttöku fræðasviða Háskólans. Þá hyggjast háskólinn og ÍSÍ standa sameiginlega að ráðstefnum og málþingum með aðkomu innlendra og erlendra aðila.

Samstarf við EFLU um kennslu og rannsóknir framlengt

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og verkfræði- og ráðgjafarstofan EFLA hafa framlengt samning um kennslu og rannsóknir á sviði mannvirkjahönnunar við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Í samkomulaginu felst m.a. að Baldvin Einarsson, sviðsstjóri hjá EFLU, verður í hlutastarfi sem dósent og mun starfa bæði við kennslu og umsjón með meistaraverkefnum, enda vinna meistaranemar gjarnan lokaverkefni sín hjá fyrirtækinu. EFLA greiðir hluta af kostnaði við starfið, meistaranemar vinna að raunhæfum verkefnum og sjónarmið atvinnulífsins hafa áhrif á starf og stefnumótun í deildinni.

Háskóli Íslands og Landspítalinn endurnýja samstarfssamning sinn

Í desember var endurnýjaður samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og gildir hann til næstu fimm ára. Hann tekur við af samstarfssamningi sem gerður var í apríl 2006 en fyrsti samningur stofnananna var gerður í kjölfar lagabreytinga í maí 2001. Samningurinn markar stefnu fyrir áframhaldandi samstarf stofnananna við uppbyggingu þjónustu, kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindum og öðrum skyldum greinum. Við endurskoðunina var haft að leiðarljósi að einfalda og stytta sjálfan samningstextann í ljósi langrar og góðrar reynslu af samstarfi stofnananna, sem er svo margslungið og viðamikið að nánast er hægt að tala um samofnar stofnanir fremur en samstarfsstofnanir. Í samningnum er m.a. lögð áhersla á vísindasamstarf, þar á meðal á rekstur klíníks rannsóknaseturs þar sem heilbrigðisvísindastéttir munu sinna fjölbreyttum rannsóknum, sem eru nú þegar, samkvæmt nýlegri rannsókn meðal norrænna háskóla og háskólasjúkrahúsa, í fremstu röð á Norðurlöndunum, hvort sem litið er til afkasta eða áhrifa. Samstarfssamningurinn festir þetta mikilvæga starf enn frekar í sessi og gerir stofnununum kleift að stunda áfram saman hágæðarannsóknir í heilbrigðisvísindum til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

Samstarf um könnun meðal stjórnarmanna

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands og KPMG ehf. stóðu saman að könnun á haustmánuðum meðal stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum í annað sinn en þessir aðilar gerðu sambærilega könnun árið 2011. Meginmarkmið með könnuninni var að kanna starfshætti og starfsumhverfi stjórna, samskipti, reynslu og menntun stjórnarmanna og viðhorf þeirra til samsetningar stjórna, ekki síst vegna laga um 40% lágmarkshlutfall hvors kyns í stjórnnum sem taka gildi 1. september 2013. Gert er ráð fyrir að skýrsla á ensku komi út um könnunina í byrjun árs 2013.

Samstarfssamningur Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna við borgina

Í desember gerðu skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið háskólans með sér samstarfssamning til þriggja ára um rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna í Reykjavík, miðlun þekkingar og kynningar á niðurstöðum rannsókna á því sviði. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að Rannsóknastofan

vinni að rannsóknarverkefni þar sem skoðuð verða tækifæri barna til frumkvæðis og sköpunar í leikskólastarfi og haldi fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskóla. Einnig verður haldin sameiginleg ráðstefna um leikinn sem námsleið í skóla- og frístundastarfi.

Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar

Læknanemi hlaut Nýsköpunarverðlaun forsetans

Í febrúar veitti forseti Íslands nýsköpunarverðlaun sín. Vilhjálmur Steingrímsson, læknanemi við Háskóla Íslands, hlaut þau fyrir verkefnið Áhættureiknir fyrir hjarta- og kransæðasjúkdóma hjá öldruðum. Verðlaunin eru veitt í því skyni að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefni Vilhjálms var eitt sex verkefna sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands en nemendur eða kennarar við Háskóla Íslands komu að fjórum þeirra sem tilnefnd voru.

Styrkir til eineltisrannsókna

Úthlutað var úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar í febrúar en þau Margaret og Bent komu sjóðnum á fót 2002 í því skyni að styrkja rannsóknir á einelti og kanna lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja það og bæta fyrir afleiðingar þess. Styrkina í ár hlutu tveir nemendur við Háskóla Íslands, Esther Ösp Valdímarsdóttir, meistaraneimi í mannfræði við háskólann, og Hjördís Sigursteinsdóttir, sem er í doktorsnámi í félagsfræði við skólann. Báðar vinna þær að rannsóknum þar sem einelti kemur við sögu, Esther Ösp að rannsókn á því hvort stúlkum sé síður en strákuð kennt að fást við reiðitengdar tilfinningar og fá réttmæta útrás fyrir þær og Hjördís um einelti á vinnustöðum starfsmanna sveitarfélaga.

Umhverfisverðlaunin Plantan

Verkfræði- og náttúruvísindasvið hlaut umhverfisverðlaun Grænna daga, Plöntuna, sem afhent voru í fyrsta sinn í mars. GAIA, félag meistaraneima í umhverfis- og auðlindafræðum, stendur fyrir Grænum dögum í Háskóla Íslands og veitir verðlaunin. Verðlaunin eru veitt deild, einstaklingi eða hóp sem þykir hafa komið umhverfismálum á framfæri innan skólans með sérstöku tilliti til frumleika, frumkvæðis og árangurs starfsins. Þá hlýtur öll frumkvöðlastarfsemi í þessum málaflokki sérstaka athygli. Sviðið hefur verið leiðandi innan skólans í sorpflokkun og verið drifkrafturinn að baki því að flokkunarbarir eru nú í öllum byggingum háskólans. Innan sviðsins starfar enn fremur umhverfisnefnd sem mótað hefur sjálfbærnistefnu.

Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar

Hulda Rún Jónsdóttir, meistaraneimi í líf- og læknávisindum við Háskóla Íslands, og samstarfsmenn hennar fengu Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar fyrir besta vísindaerindi unglæknis eða læknaneima á sameiginlegu vísindabingi nokkurra læknafélaga sem haldið var í Hörpu í mars. Fimm erindi kepptu um hvatningarverðlaunin og stóð Hulda Rún, ásamt samstarfsmönnum sínum, uppi sem sigurvegari fyrir erindið Vefjauppruni lungnatrefjunar og tengsl hennar við bandvefsumbreytingu þekjufruma.

Tveir stúdentar verðlaunaðir fyrir vistvæn matvæli

Elín Agla Briem og Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, nemendur í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, sigruðu í nemendasamkeppni í vistvænni hönnun matar- og drykkjarvara sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Matís stóðu að á vormánuðum, ásamt fimm íslenskum háskólum. Hugmynd þeirra nefndist Íslandus en það er mysuklaki, sem er 100% náttúrulegur og lífrænn. Elín og Sigríður lögðu áherslu á bættu nýtingu afurða, hugmyndaríka notkun á staðfundnu hráefni og vistvæna framleiðsluhætti. Þær höfðu fyrr á skólaárinu tekið þátt í námskeiði á meistarastigi um vistvæna nýsköpun á matvælum, sem ætlað var að leiða saman nemendur úr ólíkum skólum og

sérsviðum og aðstoða þá við þróun á markaðshæfri vöru með sérstakri áherslu á umhverfismál og hönnun. Nemendur mynduðu teymi sem síðan öttu kappi í samkeppninni EcoTrophelia Iceland sem fór nú fram í fyrsta sinn hér á landi. Samkeppnin fór fram í tengslum við HönnunarMars og var Íslandur þeirra Elínar og Sigríðar síðan framlag Íslands í Evrópukeppninni EcoTrophelia 2012 þar sem vistvænar hugmyndir frá ýmsum löndum í Evrópu kepptu sín á milli.

Gulleggið til nemenda í Háskóla Íslands

Í mars voru tilkynnt úrslit í árlegri frumkvöðlakeppni fyrirtækisins Innovit um Gulleggið 2012. Af alls 224 hugmyndum sem bárust í keppnina kepptu tíu til úrslita um verðlaunin og voru fyrrverandi og núverandi nemendur Háskóla Íslands í sex af teyminum tíu sem öttu kappi hvert við annað. Viðskiptahugmyndin RemindMe vann til fyrstu verðlauna en að henni standa Ingunn Guðbrandsdóttir, Hildigunnur Björgúlfsdóttir, Ólafur Helgi Guðmundsson, Sveinn Bergsteinn Magnússon og Vaka Valsdóttir, sem eru á lokaári í verkfræði við Háskóla Íslands. Um er að ræða sjálfvirkan og læsanlegan lyfjaskammtara sem stuðlar að markvissri lyfjameðferð. Sigurvegararnir hlutu verðlaunagripinn Gulleggið, eina m.kr. í peningum og ráðgjöf frá Innovit til áframhaldandi þróunar verkefnisins. Í öðru sæti varð sprotafyrirtækið ViralTrade, sem er hugarfóstur Guðlaugs Lárusar Finnbogasonar, meistaranema í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. ViralTrade er kauphöll fyrir viðskipti með stafræna hluti í tölvuleikjum á Netinu. Í þriðja sæti varð Tónlistarskóli Maximúsar, viðskiptahugmynd Margrétar Sigurðardóttur, sem er vefsíða sem býður áskrift að gagnvirkri tónlistarfræðslu með tölvuleikjum, þrautum og öðru tengdu efni.

Fjórir hlutu styrki úr Watanabe-styrktarsjóðnum

Í apríl var úthlutað styrkjum úr Watanabe-styrktarsjóðnum, sem var stofnaður árið 2008, og hlutu tveir Íslendingar og tveir Japanar styrk að þessu sinni. Styrkhafarnir voru Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands, Valý Þórsteinsdóttir, nemi í japönsku við Háskóla Íslands, Saho Kameyama, meistaranemi í gagnafræði lífheimsins við Kyoto-háskóla, og Shohei Watanabe, nemi í skapandi skrifum við Waseda-háskóla í Tókýó. Heildarupphæð styrkjanna nam rúmlega 3,5 m.kr.

Ljósmaður í doktorsnámi hljóta styrki

Í apríl var úthlutað styrkjum úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur Ljósmaður og Magnúsar Jónassonar bónda í fyrsta sinn. Markmið sjóðsins er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmaður til framhaldsnáms. Heildarupphæð þessara fyrstu styrkja nam 1,5 m.kr. Styrkþegarnir voru Berglind Hálfðánsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir, ljósmaður og doktorsnemi í ljósmóðurfraeðum. Berglind vinnur að doktorsverkefni um heimaþæðingar á Íslandi og Sigfríður að verkefni um sársauka í fæðingu.

Inga Þórsdóttir og Sævar Ingbórsson heiðruð á Landspítala

Tilkynnt var á hátíðinni Vísindi á vordögum í apríl að Inga Þórsdóttir, prófessor og deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar, væri heiðursvísindamaður Landspítala árið 2012. Inga er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði, hefur verið leiðbeinandi fjölda meistara- og doktorsnema og áður hlotið margvíslegan heiður fyrir vísindastörf sín. Þá var tilkynnt að Sævar Ingbórsson, doktorsnemi við Læknadeild, væri ungur vísindamaður ársins á Landspítala.

Rannsóknarfólk við Lyfjafræðideild hlýtur Evrópustyrk

Rannsóknar- og þróunarverkefnið SENATOR (Development and clinical trials of a new Software ENgine for the Assessment & optimization of drug and non-drug Therapy in Older peRsons) hlaut á árinu styrk að upphæð tæplega 6 milljónir evra, jafnvirði tæplega milljarðs íslenskra króna, úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og Landspítalinn eru meðal

þátttakenda í verkefninu og stýra tveimur af ellefu rannsóknarhópum verkefnisins. Verkefnið felst í að þróa hugbúnað fyrir lækna til að velja sem heppilegust lyf og aðra meðferð fyrir aldraða.

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkir nemendur við Háskóla Íslands

Tæplega helmingur þeirra verkefna sem hlutu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir sumarið 2012 voru á vegum nemenda eða kennara innan Háskóla Íslands. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta öll fimm fræðasvið skólans. Alls bárust 390 umsóknir og af þeim var unnt að veita 101 styrk, alls að upphæð um 70 m.kr. til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Hluti verkefnanna er svo á hverju ári valinn sem öndvegisverkefni og hlýtur með því tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands á næsta ári.

Styrkir til doktorsverkefna við Háskóla Íslands

Í júní var tuttugu og fjórum vísindastyrkjum úthlutað úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og námu þeir samanlagt um 160 m.kr. Styrkirnir runnu til rannsóknartengdra verkefna á ólíkum sviðum, m.a. stjörnufræði, lögfræði, mannfræði, læknisfræði, matvæla- og næringarfræði, sagnfræði, íslensku, sálfræði, hjúkrunarfræði, uppeldis- og menntunarfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði, jarðfræði, bókmenntafræði, eðlisfræði og líffræði. Átta doktorsnemar hlutu styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og tólf úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, auk fjögurra vísindamanna sem hlutu styrki til að ráða til sín doktorsnema. Þess má geta að tíu af styrkþegunum eru erlendir doktorsnemar við Háskóla Íslands, m.a. frá Asíu, Afríku og Norður-Ameríku. Þetta var í sjötta sinn sem úthlutað var úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og það sama á við um Rannsóknasjóð Háskóla Íslands.

Jörundur Svavarsson sæmdur franskri orðu

Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands, var á vormánuðum sæmdur franskri heiðursorðu m.a. fyrir framlag sitt til vísinda og fræða. Jörundur hefur löngum stundað rannsóknir sínar við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Fræðasetrið í Sandgerði er til húsa í þeirri sömu byggingu. Við fræðasetrið var sett upp sýning fyrir nokkrum árum um ævi og störf hins heimsþekktu franska skipherra og landkönnuðar Jean-Baptiste Charcots sem fórst með franska rannsóknaskipinu Pourquoi-Pas? við Íslandsstrendur árið 1936 ásamt 39 manna áhöfn sinni. Jörundur átti ríkan þátt í að koma sýningunni um ævi og störf Charcots á fót og í tilefni af komu nýjasta rannsóknaskips Frakka, sem ber sama nafn og hið fræga skip Charcots, var Jörundi veitt orðan og Yves Frenot, forstjóri Frönsku pólarannsóknarstofnunarinnar Paul-Emile Victor, flutti fyrirlestur í Öskju um rannsóknir stofnunarinnar á eyjum undan Suðurskautslandinu. Fyrirlesturinn var haldinn í minningu Jean-Baptiste Charcots og var sá fimmti í röð árlegra fyrirlestra um Charcot og vísindalega og sögulega arfleifð hans.

Viðurkenning fyrir framúrskarandi meistaritgerð

Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, Ís-Forsa, veittu í maí í þriðja sinn viðurkenningu fyrir framúrskarandi meistaritgerð á sviði velferðarmála. Valgerður Hjartardóttir hlaut viðurkenninguna fyrir ritgerðina Að eiga samtál við barn þegar foreldri greinist með krabbamein. Þetta er meistaritgerð í fjölskyldumeðferð og höfundur skrifaði út frá henni barnabókina Krabbameinið hennar mömmu. Slíkt fræðsluefni hefur ekki áður verið unnið á íslensku og getur það gagnast sem þverfaglegt kennsluefni fyrir alla faghópa sem vinna með börnum foreldra sem greinast með krabbamein.

Doktorsnemar í lyfjafræði verðlaunaðir

Í júní var úthlutað í sjöunda sinn úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala styrkjum til handa doktorsnemum í lyfjafræði. Sjóðinn stofnaði Bent

Scheving Thorsteinsson til minningar um föður sinn. Í þetta sinn hlutu tveir doktorsnemar styrk og viðurkenningu fyrir framúrskarandi rannsóknir sem hafa þegar leitt til nýrrar þekkingar í lyfjafræði. Styrkhafarnir eru þau Varsha A. Kale og Vivek S. Gaware, sem bæði eru Indverjar. Er það til marks um hversu alþjóðlegt doktorsnám við Háskóla Íslands er orðið nú á tímum. Heildarupphæð styrkjanna er 700.000 krónur og hlýtur hvor styrkhafi 350.000 krónur.

Í rannsóknarverkefni Vörshu A. Kale felst m.a. að einangra sykrur úr íslenskum sæbjúgum og sýna fram á ónæmisskýrandi virkni þeirra. Hagnýting verkefnisins felst í framleiðslu nýrra lífvirkra sykra og lífhvata. Varsha er fædd á Indlandi og lauk meistaraþrófi í lyfjaefnafræði þar í landi en stundar nú doktorsnám í lyfjavísindum við Háskóla Íslands.

Í doktorsverkefni sínu þróar Vivek S. Gaware sérstök nanóefni til að eyða krabbameinsæxlum. Honum hefur nú þegar tekist að smíða og skilgreina vel á fimmta tug nýrra efna í þessu verkefni og benda niðurstöður til þess að efnin séu mjög virk gegn krabbameini. Vivek er einnig fæddur á Indlandi og hann lauk meistaraþrófi í lífrænni efnafræði þar í landi og stundar nú doktorsnám í lyfjavísindum við Háskóla Íslands eins og landa hans.

Páll Jakobsson hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Páll Jakobsson, prófessor í stjarnfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs árið 2012, sem afhent voru í júní á Rannsóknáþingi Rannís. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti verðlaunin. Páll lauk BS-þrófi í eðlisfræði frá Háskóla Íslands og síðan meistara- og doktorsþrófi í stjarnfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Doktorsverkefni Páls fjallaði um gammablossa, sem eru afar mikilvægt rannsóknarefni í nútímastjarnvísindum. Páll starfaði bæði við Niels Bohr stofnunina í Kaupmannahöfn og Háskólann í Hertfordshire á Englandi eftir nám og hann tók við starfi dósents í stjarnfræði við Háskóla Íslands 2008 og hlaut svo framgang í starf prófessors vorið 2010. Í umsögn um Pál segir að hann sé frábær vísindamaður á alþjóðlegan mælikvarða og lykilmáður í alþjóðlegu tengslaneti Háskóla Íslands í stjarnfræðirannsóknum, ritalisti hans einstakur fyrir svo ungan vísindamann og mikið sé vitnað í skrif hans.

Háskóli Íslands styrkir afburðanemendur

Í júní veitti Háskóli Íslands í fimmta sinn nýnemum styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Nemendurnir áttu allir það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri á stúdentsþrófi. Hver styrkur nam 300 þús.kr. auk niðurfellingar skráningargjalds, sem er 60 þús.kr. Heildarupphæð styrkjanna var því rúmlega 9,3 m.kr. Alls bárust 77 umsóknir um þá styrki sem auglýstir voru og í þetta sinn voru tuttugu og sex styrkir veittir. Styrkhafarnir voru: Agnes Eva Þórarinsdóttir, Alexander Guðfinnsson, Alma Rut Óskarsdóttir, Anna Rún Þorsteinsdóttir, Atli Þór Sveinbjarnarson, Áslaug Haraldsdóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Elín Broddadóttir, Gauti Baldvinsson, Halldór Bjarni Þórhallsson, Hallfríður Kristinsdóttir, Heiðar Snær Jónasson, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Hólmfríður Hannesdóttir, Hörður Bragi Helgason, Íris Dögg Héðinsdóttir, Jia Chen, Jóel Rósinkrans Kristjánsson, Margrét Snæfríður Jónsdóttir, Ólafur Heiðar Helgason, Saga Guðmundsdóttir, Sigríður Lilja Magnúsdóttir, Simona Vareikaite, Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir, Sæþór Pétur Kjartansson og Valgerður Bjarnadóttir.

Styrkur frá dönskum atvinnurekanda

Um mitt árið veitti Godtfred Vestergaard Marinó Páli Valdimarssyni verkfræðinema námsstyrk sem nam um 800 þús.kr. Þetta er í annað sinn sem Godtfred Vestergaard afhendir skólanum peningagjöf til styrktar afburðanemanda í vélaverkfræði. Fyrsta gjöfin var afhent á aldarafmæli skólans. Gjöfin er í nafni Godtfreds og íslenskrar eiginkonu hans, Elínar Brynjólfsdóttur, sem lést árið 2001. Godtfred Vestergaard er danskur verkfræðingur og forstjóri fyrirtækisins Vestergaard Company A/S en bæði móðir hans og eiginkona voru íslenskar. Megintilgangur styrksins er að styrkja íslenska

stúdentanna sem hafa lokið minnst tveimur árum í grunnnámi í vélaverkfræði til námsdvalar erlendis og auka þannig þekkingu þeirra og reynslu. Styrkhafinn að þessu sinni, Marínó Páll, hyggur á framhaldsnám í vörubróun og nýsköpun í Tækniháskólanum í Delft.

Læknanemi vann til verðlauna á þingi skurðlækna

Kristján Baldvinsson, nemi við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut fyrstu verðlaun fyrir vísindaverkefni á árlegu vísindabingi norrænna hjarta- og lungnaskurðlækna í Vilnius í Litháen. Erindi Kristjáns um verkefni sitt, samstarfsmanns og leiðbeinanda, fjallaði um skurðaðgerðir við lungnakrabbameini hjá öldruðum en góður árangur af slíkum aðgerðum hér á landi hefur vakið athygli. Þetta var í fyrsta skipti sem Íslendingur hlaut þessa viðurkenningu og þótti athyglisvert að það væri læknanemi en horft var bæði til vísindalegs innihalds og flutnings erindisins við veitingu verðlaunanna.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf hlaut tvo alþjóðlega styrki

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf tók þátt í tveimur alþjóðlegum verkefnum um þróun náms á árinu. Til annars þeirra hlaut námsbrautin Nordplus-styrk að upphæð 6 m.kr. en verkefnið felst m.a. í því að stýra samstarfi 14 háskóla og stofnana um ráðgjöf í skólakerfinu, sérstaklega til handa fullorðnum, á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum en menntun náms- og starfsráðgjafa hefur þróast með ólíkum hætti eftir löndum. Námsbrautin tók einnig þátt í Erasmus-NICE verkefni þar sem markmiðið var að efla fagmennsku í náms- og starfsráðgjöf og þróa hæfniviðmið fyrir menntun náms- og starfsráðgjafa í samvinnu við 40 evrópska háskóla. Framhaldsstyrkur fékkst til verkefnisins til þriggja ára.

Styrkveiting úr Sjóði Selmu og Kays Langvads

Úthlutað var á árinu styrk úr Sjóði Selmu og Kays Langvads að upphæð 75 þús. danskar krónur, jafnvirði um einnar og hálftrar milljónar íslenskra króna. Sjóðnum er ætlað að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur og í því skyni er ýmist Íslendingum eða Dönum veittur styrkur til námsdvalar. Styrkhafinn í ár var Elsebeth Korsgaard Sorensen, prófessor í menntunarfræðum við Háskólann í Árósum, sem hefur sinnt umfangsmiklum rannsóknum og þróun á fjarkennslu, netkennslu og upplýsinga- og samskiptatækni í menntamálum og tekið þátt í stórum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem snúa að þessum viðfangsefnum. Menntavísindasvið Háskóla Íslands vinnur nú að því að koma á rannsóknarsamvinnu við Sorensen sem m.a. snertir starfsþróun kennara með aðstoð nets eða uppbyggingu námssamfélags á Netinu.

Verðlaun fyrir bestu vísindagrein ársins

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu við Háskóla Íslands og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, og fyrrverandi nemandi hans, Alberto Villa, ásamt meðhöfundum sínum, Jocelyn Chanussot og Christian Jutten, prófessorum við Tækniháskólann í Grenoble í Frakklandi, hlutu verðlaun fyrir bestu vísindagrein ársins 2011 í tímaritinu IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing en þau voru veitt 2012. Tímaritið er eitt virtasta vísindarit heims í rafmagnsverkfræði en í því er fjallað um fjarkönnunarrannsóknir. Á sjötta hundrað vísindagreina voru birtar í tímaritinu á árinu 2011 og valdi alþjóðleg dómnefnd greinina frá Háskóla Íslands þá bestu en hún ber heitið Hyperspectral Image Classification with Independent Component Discriminant Analysis og fjallar um nýstárlegar aðferðir til greiningar og flokkunar fjarkönnunarmynda.

Biophilia-tónvísindasmiðjurnar fengu evrópsk verðlaun

Háskóli Íslands hlaut evrópsk verðlaun fyrir besta vísindamiðlunarverkefni ársins 2011. Um er að ræða svokallaðar Biophilia-tónvísindasmiðjur sem eru samstarfsverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarkonu, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Verðlaunin veita samtök samskiptasérfræðinga

í evrópskum háskólum (EUPRIO) en aðild að þeim eiga flestir virtustu háskólar í Evrópu. Alls voru um 20 verkefni frá evrópskum háskólum í keppninni og stóð valið á endanum á milli tveggja verkefna frá Háskóla Íslands, áður nefndra Biophilia-tónvísindasmiðja og vísindabáttanna Fjárjóður framtíðar sem sýndir voru á RÚV á aldarafmælisári Háskóla Íslands. Tónvísindasmiðjurnar voru settar á fót í tengslum við Biophilia-borgardvalir Bjarkar, þar sem hún heldur óvenjulega tónleika í hverri borg í nokkrar vikur í senn. Þátttakendur í verkefninu eru grunnskólanemar á aldrinum 10-12 ára sem fá tækifæri til þess að læra um tónlist og vísindi á nýstárlegan hátt í gegnum sköpun og með hjálp spjaldtölva, svo sem um andefni, kristalla, eldingar, jarðrek, vírusa og erfðæfni. Lögin á Biophilia vísa til þessara fyrirbrigða. Smiðjurnar hafa farið sigurför um heiminn og m.a. verið haldnar í Ósló, Buenos Aires og New York.

Afburðanemendur í raunvísindum verðlaunaðir

Á árinu var úthlutað úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi og hlutu fimm nemendur sem útskrifuðust úr eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði við háskólann verðlaunin. Verðlaunaféð nam samtals fjórum m.kr. Þrír nemendur fengu eina milljón króna hver, en þeir höfðu hlotið ágætiseinkunn við brautskráninguna, og tveir nemendur, sem brautskráðust með háa fyrstu einkunn, hlutu hálfa milljón króna hvor. Þetta er með veglegustu verðlaunum sem háskólanemum eru veitt hér á landi. Verðlaunahafar í ár voru Tómas Örn Rosdahl, Kristinn Kristinsson og Sveinbjörn Finnsson, sem útskrifuðust allir úr eðlisfræði með ágætiseinkunn, Rikke Poulsen, sem útskrifaðist með háa 1. einkunn úr lífefnafræði, og Sara Björk Sigurðardóttir, sem útskrifaðist úr efnafræði með háa 1. einkunn.

Háskólalestin fékk vísindamiðlunarverðlaun Rannís

Vísindamiðlunarverðlaun Rannís, sem veitt voru á Vísindavöku 28. september í Háskólabíói, komu í ár í hlut Háskóla Íslands fyrir Háskólalestina svokölluðu. Háskólalestin hóf göngu sína í fyrra, á aldarafmælisári Háskóla Íslands, til að fagna tímamótunum sem víðast um land. Viðtökur voru með eindæmum góðar og fjölmenntu landsmenn á viðburði lestarinnar hvar sem hún nam staðar. Í ljósi vinsældanna var ákveðið að bjóða áfram upp á ferðir hennar í ár. Háskólalestin byggðist upp á fjölþættum vísindaviðburðum og var lestin byggð á sjálfstæðum einingum sem engu að síður mynduðu eina órofa heild. Lestin var á ferðinni í maí og nam staðar á fjórum stöðum að þessu sinni, á Kirkjubæjarklaustri, í Fjallabyggð, í Grindavík og á Ísafirði. Heimsókn Háskólalestarinnar á hvern áfangastað stóð yfirleitt í tvo daga. Þann fyrri sóttu grunnskólanemar margvísleg námskeið í anda Háskóla unga fólksins, sem getið hefur sér gott orð fyrir vísindamiðlun til barna, en síðari dagurinn var síðan helgaður afar fjölbreyttri vísindaskemmtun sem ætluð var gestum á öllum aldri.

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna fékk styrk frá NordForsk

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hlaut á árinu veglegan styrk frá NordForsk til verkefnisins Values education in Nordic preschools: Basis of education for tomorrow. Auk Háskóla Íslands taka Háskólinn í Stavanger í Noregi, Linnaeus-háskóli í Svíþjóð, Háskólinn í Oulu í Finnlandi og Árósháskóli í Danmörku þátt í verkefninu. Markmið rannsóknarinnar, sem er starfendarannsókn, er að auka skilning á þætti leikskólans í því að þróa, kenna og hlúa að ákveðnum lífsgildum (t.d. lýðræði, umhyggju, aga). Verkefnið er til þriggja ára og er þáttur í auka þekkingu á norrænu menntakerfi og vera jafnframt þekkingargrunnur fyrir önnur Evrópulönd.

Styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræði

Í október var úthlutað úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur, sem styrkir doktorsnema í hjúkrunarfræði, í fimmta sinn. Styrkhafarnir voru þrír í ár, þær Marianne Elisabeth Klinke, MS í hjúkrunarfræði, til doktorsrannsóknar á gaumstoli (e. neglect) eftir slag í hægra heilahveli, Rannveig J. Jónasdóttir, MS í hjúkrunarfræði, til framsýnnar samanburðarrannsóknar á áhrifum eftirgæslu sjúklinga sem útskrifast af gjörgæsludeild, og Þórunn Scheving Elíasdóttir, MS í hjúkrunarfræði, til doktorsrannsóknar sem nefnist: „Er hægt að mæla hlutþrýsting og metnun súrefnis í systemísku

slagæðablóði í sjónhimnuæðum með sjónhimnu-súrefnismettunarmæli?“ Heildarupphæð styrkjanna nam einni milljón króna.

Meistaraneini hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

Í október hlaut Dagur Hjartarson, meistaraneini í íslenskum bókmenntum og ritlist við Háskóla Íslands, Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð.

Styrkir til rannsókna á brjóstakrabbameini

Vísindameinn og nemendur við Háskóla Íslands fengu á haustmánuðum styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini frá styrktarfélaginu Göngum saman. Þeir fengu í sinn hlut sjö af tíu styrkjum, samtals sjö m.kr., sem félagið veitti í tilefni fimm ára afmælis síns.

Frá Háskóla Íslands fengu eftirtaldir styrki:

- Eiríkur Briem doktorsnemi til rannsóknarinnar „Hlutverk micro-RNA í greinóttri formmyndun og bandvefsumbreytingu brjóstkirtils“.
- Sigríður Klara Böðvarsdóttir rannsóknasérfræðingur og meistaraneinarnir Margrét Aradóttir og Ástrós Sigurðardóttir til rannsóknarinnar „Lengd telomer-raða í litningaendum og endasamruni telomera í brjóstæxlum“.
- Stefán Sigurðsson dósent og Stefán Þór Hermanowicz meistaraneini til rannsóknarinnar „Hlutverk BRCA2 við DNA-vaxtarkvíslar“.
- Tobias Richter nýdoktor til rannsóknarinnar „Hlutverk æðapels og millifrumuefnis í greinóttri formgerð brjóstkirtils“.
- Rósa Björk Barkadóttir, klínískur prófessor við Landspítala – háskólasjúkrahús, til rannsóknarinnar „Leit að nýjum áhrifagenum krabbameins í fjölskyldum með háa tíðni meinsins í brjósti“.

Styrkir til jafnréttisrannsókna

Starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands hlutu fimm styrki úr Jafnréttissjóði á árinu, samtals að upphæð níu m.kr. Ekki hafði verið úthlutað úr sjóðnum í þrjú ár í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Þeir sem styrkina hlutu voru:

- Ásta Jóhannsdóttir, kynja- og mannfræðingur og doktorsnemi, til verkefnisins „Áhrif kyngervis og stéttar á mótun sjálfsmýndar ungs fólks“. Styrkuppheðin nam tveimur m.kr.
- Arnar Gíslason, kynjafræðingur og jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, til verkefnisins „Karlavæðing kvennabaráttunnar: Um karla í jafnréttisbaráttu“. Styrkuppheðin nam 1,5 m.kr.
- Guðný Björk Eydal, prófessor í félagsráðgjöf, og Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði, til verkefnisins „Jafnrétti og fæðingarorlof 2009–2012: Hvernig haga íslenskir foreldrar atvinnuþátttöku og umönnun barna sinna?“ Styrkuppheðin nam tveimur m.kr.
- Hildur Fjóra Antonsdóttir, kynja- og þróunarfræðingur og verkefnisstjóri við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir lögfræðingur til verkefnisins „Meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu“. Styrkuppheðin nam tveimur m.kr.
- Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, og Kolbeinn Stefánsson, aðjunkt í félagsfræði, til verkefnisins „Konur, karlar, kreppa og endurreisn“. Styrkuppheðin nam 1,5 m.kr.

Viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi

Árlega eru þrjú starfsmenn Háskóla Íslands heiðraðir fyrir vel unnin störf. Kennslumálanefnd háskólaráðs tilnefnir þrjú akademíska starfsmenn til viðurkenningar fyrir kennslu, vísindanefnd tilnefnir þrjú starfsmenn til viðurkenningar fyrir rannsóknir og óskað er eftir tilnefningum úr háskólasamfélaginu fyrir önnur störf í þágu skólans. Þriggja manna valnefnd velur síðan einn úr hverjum hópi. Í ár hlutu þessar viðurkenningar þau Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild, Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í Hagfræðideild, og Grettir Sigurjónsson, verkefnisstjóri hjá

Kennslumiðstöð. Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild, hlaut viðurkenninguna fyrir lofsvert framlag til vísinda við skólann, en hann hefur átt öflugt samstarf við fjölmarga innlenda og erlenda hópa vísindamanna og birt fjölmargar greinar í alþjóðlegum vísindaritum í fremstu röð, auk þess sem hann hefur aflað umtalsverðra styrkja úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í þverfræðilegri umhverfis- og auðlindafræði við Hagfræðideild og Líf- og umhverfisvísindadeild, hlaut viðurkenninguna fyrir lofsvert framlag til kennslu við háskólann, en hún hefur frá árinu 2006 verið umsjónarmaður náms í umhverfis- og auðlindafræði og telst hafa unnið þrekvirki við uppbyggingu námsins. Loks hlaut Grettir Sigurjónsson, verkefnisstjóri hjá Kennslumiðstöð, viðurkenningu sína fyrir lofsvert framlag til stoðþjónustu við kennslu í Háskóla Íslands, en hann hefur starfað sem tæknimaður við fjarkennslu á kennslusviði og við Kennslumiðstöð í meira en áratug og haft umsjón með tæknimálum og tæknilegri þjónustu við fræðasvið, deildir og starfsfólk og tekið þátt í mikilvægu uppbyggingarstarfi á tæknisviðinu.

Haraldur Bernharðsson hlýtur verðlaun Dags Strömbäcks

Haraldur Bernharðsson, dósent í miðaldafræðum við Íslensku- og menningardeild, hlaut verðlaun Dags Strömbäcks fyrir framúrskarandi rannsóknir á íslenskri og gotneskri málsögu og norrænum miðaldahandritum. Konunglega Gústavs Adolfs akademían í Uppsölum í Svíþjóð veitir verðlaunin, sem voru sett á fót árið 1960 og eru veitt þeim sem unnið hafa ötullega að rannsóknum í norrænum fræðum og þjóðfræði. Haraldur hefur um árabíl unnið að rannsóknum á norrænum miðaldahandritum og málsögu, setið í Íslenskri málnefnd og ritstýrt tímaritinu Íslenskt mál og almenn málfræði. Hann hefur átt mikinn þátt í uppbyggingu tveggja alþjóðlegra meistaranámsbrauta í miðaldafræði við Hugvísindasvið, annars vegar námsbrautinni Medieval Icelandic Studies og hins vegar Viking and Medieval Norse Studies, og í júní 2012 var Haraldur ráðinn dósent í miðaldafræðum við Íslensku- og menningardeild.

Ragnar Sigbjörnsson fær viðurkenningu Verkfræðistofnunar

Ragnar Sigbjörnsson, prófessor í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu Starfssjóðs Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2012 vegna mikilsverðs rannsóknafamlags, sem stuðlað hefur að framgangi verkfræðirannsókna við Háskóla Íslands. Ragnar hefur verið mikilvirkur fræðimaður við rannsóknir á sviði jarðskjálftaverkfræði, hagnýtrar aflfræði og öryggisverkfræði í um fjóra áratugi, þar af ríflega þrjá við Háskóla Íslands og stofnanir hans, og hafa rannsóknir hans á áhrifum jarðskjálfta á mannvirki vakið athygli á alþjóðavísu.

Styrkir úr Þórsteinssjóði

Í desember var í fimmta sinn úthlutað námsstyrkjum úr Þórsteinssjóði blindum og sjónskertum stúdentum við Háskóla Íslands til handa. Styrkirnir nema samtals tveimur m.kr. og hlutu fimm stúdentar styrk í þetta sinn, þau Bergvin Oddsson, nemi í stjórn málafræði, Eypór Kamban Þrastarson, nemi í félagsfræði, Helga Theodóra Jónasdóttir, nemi í sálfræði, Inga Sæland Ástvaldsdóttir, nemi í lögfræði, og María Hauksdóttir, nemi í guðfræði, hvert um sig 400 þús.kr. Megintilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands en undanfarin ár hefur skólinn lagt áherslu á að blindir og sjónskertir njóti jafnræðis á við aðra og eigi sömu möguleika til náms og þeir. Sjóðnum er einnig ætlað að efla rannsóknir sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn og afleiðingum hennar og fjölga þannig tækifærum blindra og sjónskertra til að auðga og efla líf sitt.

Læknanemi verðlaunaður á evrópsku þingi

Á Evrópuþingi lyflækna, sem fram fór í Madrid í október, hlaut Hrafnhildur Linnét Runólfsdóttir, læknanemi á þriðja ári við Læknadeild Háskóla Íslands, verðlaun fyrir besta veggspjaldið á þinginu um rannsóknir sem hún tekur þátt í á vefjabreytingum í nýrum af völdum sjaldgæfs erfðasjúkdóms. Hann nefnist adenínfosfóribósýltransferasaskortur (APRT-skortur) og stafar af stökkbreytingu sem

er algengust á Íslandi, í Frakklandi og Japan, en sjúkdómurinn leiðir til steinamyndunar í nýrum og jafnvel nýrnabilunar.

Meistararnemi hlaut verðlaun Skúla fógeta

Fjármálafyrirtækið Gamma veitti síðla árs verðlaun Skúla fógeta og hlaut Vilhjálmur Hilmarsson verðlaunin fyrir meistararitgerð sína í hagfræði, „Innleiðing arðsemislíkansins „TERESA“. Þjóðhagsleg arðsemi samgönguframkvæmda“ þar sem hann greindi þjóðhagslega arðsemi Vaðlaheiðarganga sem óásættanlega. Vilhjálmur brautskráðist frá Hagfræðideild Háskóla Íslands í júní 2012.

Háskólanemar fengu Íslensku barnabókaverðlaunin

Kjartan Yngvi Björnsson, bókmenntafræðingur og nemi í ritlist við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, og Snæbjörn Brynjarsson, leikskáld og nemi í japönsku við háskólann, hlutu Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2012 fyrir bókina Hrafnsauga. Að Íslensku barnabókaverðlaununum standa Forlagið, fjölskylda Ármanns Kr. Einarssonar, Barnavinafélagið Sumargjöf og IBBY á Íslandi.

Viðskiptafræðideild veitir tveimur doktorsnemum styrki

Doktorsnemarnir Inga Minelgaite og Regína Ásdísardóttir hlutu styrki Viðskiptafræðideildar til að vinna að doktorsritgerð við deildina. Þetta er í fyrsta sinn sem veittir eru styrkir til doktorsnáms við Viðskiptafræðideild og er hvor um sig til þriggja ára. Tiltölulega stutt er síðan doktorsnám hófst við deildina og eru styrkirnir liður í að efla það og styrkja.

Arion-banki styrkir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Í desember gerðu Arion-banki og Háskóli Íslands með sér samkomulag um að bankinn úthlutaði Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem er rannsóknastofnun við Hugvísindasvið skólans, sex m.kr. framlagi á næstu þremur árum til undirbúnings Vigdísarstofnunar – alþjóðlegri tungumálamiðstöð, sem hlaut í nóvember 2011 samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til að starfa undir merkjum hennar. Á undanförunum árum hefur verið unnið ötulllega að því að reisa rannsóknastofnuninni sérstaka byggingu til kennslu og rannsókna og er gert ráð fyrir að alþjóðlega tungumálamiðstöðin verði þar til húsa. Í henni verða sérstök heimasvæði fyrir þau 14 tungumál sem kennd eru við Háskóla Íslands og starfrækt upplifunar- og fræðslusetur um erlend tungumál og menningu og allt sem lýtur að samskiptum Íslands við erlendar þjóðir.

Elín Ásta Ólafsdóttir hlaut styrk úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents

Hinn 21. desember var afburðanemanda í verkfræði í 43. sinn veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents við hátíðlega athöfn. Elín Ásta Ólafsdóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði, hlaut styrkinn í ár en hún hlaut einnig styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands er hún hóf háskólanám haustið 2010. Ástríður Magnúsdóttir, dóttir frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem ekki gat verið viðstödd að þessu sinni, afhenti styrkinn en sjóðinn stofnuðu foreldrar Vigdísar og Þorvalds, til minningar um Þorvald, son sinn, sem lést ungur að árum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja þann stúdent til náms sem fengið hefur hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir háskólans og það var einmitt að þessu sinni Elín Ásta.

Gylfi Zoëga hlaut Ásuverðlaunin

Gylfi Zoëga, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands, hlaut í árslok heiðursverðlaun fyrir árið 2012 úr verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem hún stofnaði árið 1968 í tengslum við Vísindafélag Íslendinga. Verðlaunin hlaut Gylfi fyrir faglega umfjöllun um peningastefnu, gjaldmiðilsmál, verðbólgu, vexti og áhrif gengis á verðlag og fyrir að hafa veitt almenningi



Nýjungar í námi og kennslu

Nýjar námsleiðir í hugvísindum

Haustið 2012 bættust við þrjár nýjar leiðir til meistaraþráðu á Hugvísindasviði:

- Námsleiðin Evrópsk tungumál, saga og menning
- Meistaránám í listfræði
- Meistaránám í trúarbragðafræði

Meistaránám í endurnýjanlegri orku

Haustið 2012 hófst meistaránám í endurnýjanlegri orku við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Háskóli Íslands hefur um árabíl verið leiðandi í kennslu og rannsóknum á endurnýjanlegri orku á Íslandi. Mikil tækifæri felast í rannsóknum og þróun á endurnýjanlegum orkugjöfum, bæði á Íslandi sem og á heimsvísu, og ljóst að sjálfbær orkunýting mun verða eitt af stóru verkefnum á þessari öld.

Íslenskuþorp

Á degi íslenskrar tungu var opnað svokallað Íslenskuþorpið, sem er nýstárleg leið fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands til að nota íslensku víðar en eingöngu í kennslustundum. Í verkefninu taka þátt ýmis fyrirtæki á háskólasvæðinu og víðar í Reykjavík, svo sem kaffihús, bókasafn, veitingastaður, bókabúð, bakarí og sundlaug, þar sem sérþjálfað starfsfólk tekur á móti nemendum. Nemendurnir fá sérstakt námsefni til undirbúnings og eiga með verkefninu kost á að sinna erindum sínum á íslensku og nota hana í daglegu lífi sínu en slík tækifæri hefur gjarnan skort. Verkefnið er þróað á vegum Háskóla Íslands með samstarfi við Listaháskóla Íslands, Syddansk Universitet í Danmörku og Interactive Institute í Svíþjóð.

Prófessorsstaða í nafni Jóns Sigurðssonar

Alþingi samþykkti samhljóða á sérstökum hátíðarþingfundi 15. júní 2011 þingsályktunartillögu um að stofna prófessorsstöðu við Háskóla Íslands sem tengd yrði nafni Jóns Sigurðssonar, en í fyrra voru 200 ár frá fæðingu hans og var Háskóli Íslands stofnaður á aldarafmæli hans. Kveðið var á um að starfsskyldur prófessorsins yrðu meðal annars við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og meðal verkefna hans væri að standa árlega að ráðstefnum og námskeiði í sumarháskóla á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri, með innlendum og erlendum kennurum og fyrirlesurum.

Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur var skipaður í prófessorsstöðuna og hann tók við starfinu 1. apríl 2012. Hann hefur um árabíl starfað sem prófessor við Háskóla Íslands og sinnt rannsóknum á íslenska þjóðríkinu, sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og Jóni Sigurðssyni. Guðmundur sinnir áfram rannsóknar- og kennsluskyldum við háskólann en í hans hlut kemur einnig að efla tengsl skólans og háskólasetra á Vestfjörðum, auk þess að styðja við sumarskóla og ráðstefnuhald á Hrafnseyri. Verkefnið verða ekki einungis tengd sagnfræði heldur mjög fjölbreyttum sviðum, s.s. ferðaþjónustu, umhverfismálum, sjávarútvegsfræðum og líffræði.

Fyrirlestrar og málþing

Fundaröð um Evrópumál

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáriki héldu á vormisseri áfram fundaröð sem hófst á haustmisseri 2011 um Evrópumál. Til þess að halda þessa hádegisfundi fengu stofnanirnar svokallaðan Jean Monnet styrk til að bjóða upp á opna fyrirlestra með erlendum sem innlendum fræðimönnum í því skyni að halda uppi upplýstri umræðu um Evrópusambandið á Íslandi.

Thomas William Shakespeare fjallar um aðstæður fatlaðs fólks

Í mars var haldið málþing um niðurstöður alþjóðaskýrslu um fötlun og aðstæður fatlaðs á vegum velferðarráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, embættis landlæknis, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Proskahjálpar og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Aðalfyrirlesarinn á þinginu var Tom Shakespeare, einn af höfundum og ritstjórum skýrslunnar (World Report on Disability) sem kom út í júní 2011. Í skýrslunni er fjallað um helstu málefni sem snerta fatlað fólk svo sem heilbrigði, menntun, atvinnu, stuðning og þjónustu, aðgengi og hindranir í umhverfinu. Þar eru einnig settar fram tillögur um framþróun í málefnum fatlaðs fólks en megintilgangur skýrslunnar er að veita alþjóðlegar leiðbeiningar um innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Tom Shakespeare er sérfræðingur hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og er jafnframt heimspekkur mikilvirkur fræðimaður á sviði fötlunarfræða og baráttumaður fyrir mannréttindum fatlaðs fólks. Þess má geta að daginn eftir málþingið veitti Félags- og mannvísindadeild háskólans Tom Shakespeare heiðursdoktorsnafnbót (sjá umfjöllun annars staðar í þessari Árbók).

Málþing um loftslagsbreytingar og málefni norðurslóða

Þann 17. ágúst var haldið málþing í Hátíðasal háskólans í tilefni af komu kínverska ísbrjótisins Snædrekans til landsins en heimsókn hans var liður í rannsóknarsamstarfi Íslands og Kína í málefnum norðurslóða. Þar fluttu íslenskir og kínverskir vísindamenn erindi um rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum, þ. á m. breytingum á hafis á heimskautasvæðum. Á málþinginu undirritaði fulltrúi Raunvísindastofnunar háskólans, Bryndís Brandsdóttir, samkomulag við Heimskautastofnun Kína um samstarf í norðurljósarannsóknum.

Gareth Evans fjallaði um mikilvægi kjarnorkuafvopunar

Gareth Evans, rektor The Australian National University, fyrrverandi utanríkisráðherra Ástralíu og einn fremsti sérfræðingur heims á sviði kjarnorkuafvopunar, hélt 4. október erindi um útrýmingu kjarnorkuvopna á vegum aðstandenda ljósmynda- og fræðslusýningar um kjarnorkusprengjurnar í Hírósíma og Nagasaki sem haldin var á Háskólatorgi í september og október en að henni stóðu m.a. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum og Alþjóðamálastofnun háskólans. Evans sagði útrýmingu kjarnorkuvopna eina af mikilvægustu áskorunum samtímans, m.a. vegna þess hversu öryggismálum í tengslum við kjarnorkuvopn er oft ábótavant. Hann fór einnig yfir stöðuna í alþjóðlegri umræðu og samningaumleitunum síðustu árin, ræddi hlutverk stofnana eins og Evrópusambandsins og hlutverk smærri ríkja.

Eva Joly fjallaði um bankakreppuna

Eva Joly, fyrrverandi ráðunautur sérstaks saksóknara, hélt fyrirlestur í Hörpu á vegum Viðskiptafræðideildar og Samtaka fjárfesta 19. október. Fyrirlestur Evu Joly nefndist A Critical Look at the Crisis in Banking and Finance (Áleitnar spurningar um banka- og fjármálakreppuna). Fjöldi gesta mætti í Hörpu til að hlýða á fyrirlestur Evu Joly. Hún fjallaði um stöðu fjármálamarkaða í Evrópu og þann vanda sem Evrusvæðið stendur frammi fyrir nú. Eva Joly fjallaði einnig um stöðu mála á Íslandi og þótti margt hafa áunnist. Hún sagði embætti sérstaks saksóknara hafa afkastað miklu á skömmum tíma og fjöldi ákæra sem fram hafa komið sýni að lýðræði og réttarkerfið á Íslandi virki sem skyldi.

Fyrirtæki verður til

Í nóvember var nýrri fyrirlestraröð við skólann, sem nefnd var „Fyrirtæki verður til“, hleypt af stokkunum. Markmiðið með henni var að auka vitund almennings, stúdenta og starfsmanna háskólans um gildi nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs og ýta undir hugmyndir, verkefni og sprotafyrirtæki sem verða ný aflstöð í atvinnulífinu. Háskólinn fær frumkvöðla og stjórnendur íslenskra fyrirtækja til að fjalla um hvernig nýsköpun getur fætt af sér atvinnuskapandi starfsemi.

Fyrsti fyrirlesturinn fjallaði um fyrirtækið Marel, sem upphaflega varð til innan Háskóla Íslands og er gott dæmi um hvernig lítil hugmynd verður að öfluglu fyrirtæki sem byggir vöxt sinn og þróun á sífellndri nýsköpun. Bæði upphafsmenn og núverandi aðstandendur fyrirtækisins lýstu því hvernig tekist var á við byrjunarörðugleikana og hindranir og síðan hvernig stöðugt þróunarstarf breytti Marel úr sprotafyrirtæki í leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á sínu sviði. Fyrirlestraröðinni verður síðan haldið áfram á nýju ári.

Afmæli

Sumarskóli smáríkjaseturs 10 ára

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki hefur verið starfræktur frá árinu 2003 og átti því 10 ára afmæli á árinu. Frá stofnun hafa 250 nemendur frá 23 löndum numið við skólann sem ávallt hefur verið styrktur af Erasmus-sjóðnum. Áherslan í ár var á hnattvæðingu, svæðisbundinn samruna og möguleg áhrif smáríkja í víðu samhengi. Við skólann kenna þekktir sérfræðingar í alþjóðastjórn málum og alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands og nokkrum erlendum háskólum. Nemendur í ár voru ríflega 40 talsins frá 18 háskólum víðs vegar um Evrópu. Námskeiðið stendur yfir í um tvær vikur og felst bæði í fyrirlesturum og vettvangsferðum.

Andlát

Þorbjörn Karlsson, prófessor emeritus, lést 15. janúar 2012 á 85. aldursári. Þorbjörn fæddist í Keflavík 25. maí 1927. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1946 og fyrrihlutaprófi í verkfræði frá Háskóla Íslands árið 1948, BS-prófi í verkfræði frá Illinois Institute of Technology 1950, MS-prófi frá California Institute of Technology 1952 og ME-prófi frá sama skóla 1953. Þorbjörn var kennari við Vélskóla Íslands frá 1952–1955 og stundakennari í verkfræði við Háskóla Íslands 1955–1956. Hann starfaði síðan hjá Jarðborunum ríkisins 1955–1961. Þorbjörn bjó með fjölskyldu sinni í Kaliforníu á árunum 1961–1969 og stundaði verkfræði- og rannsóknastörf í Pasadena. Hann fluttist til Íslands 1969 og starfaði upp frá því við Háskóla Íslands, fyrst sem sérfræðingur á Raunvísindastofnun og frá 1974 sem prófessor í vélaverkfræði. Þorbjörn var frumkvöðull í rannsóknum á jarðvarma og nýtingu hans og eftir hann liggja margar fræðigreinar um þau efni. Þorbjörn gegndi margvíslegum trúnaðar- og stjórnunarstörfum fyrir Háskóla Íslands, einkum þeim sem tengdust vexti og viðgangi verkfræðinnar. Að sama skapi vann hann ýmis störf fyrir Verkfræðingafélag Íslands. Þorbjörn var eftirsóttur til starfa á öðrum vettvangi og vann ýmis trúnaðarstörf fyrir opinbera aðila. Utan starfssviðs síns í verkfræði og háskólakennslu tók hann þátt í félagsmálum og var meðal annars umdæmisstjóri íslenska Kiwanisumdæmisins 1978–1979 og Evrópuforseti Kiwanis 1988–1989.

Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor í nýjatestamentisfræðum við Háskóla Íslands, lést 29. janúar 2012. Jón fæddist 10. ágúst 1957. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1977, embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1986 og doktorsprófi við Claremont-háskóla í Kaliforníu árið 1998. Jón var skipaður prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands 1. ágúst 1999. Auk þess að hafa umsjón með nýjatestamentisfræðum kenndi hann samtíðarsögu og inngangsfræði, aðferðafræði, guðfræðileg stef og ritskýringu. Þá var Jón umsjónarmaður að hluta með trúarheimspeki. Jón var félagi í mörgum vísindafélögum á sviði trúarbragðafræða og virkur þátttakandi í alþjóðlegum og innlendum rannsóknaverkefnum. Hann var um árabíl í stjórn rannsóknahópsins The International Q Project (1986–1996), rannsóknaverkefni um eina elstu heimild kristindómsins og formaður alþjóðlegs rannsóknahóps sem lagði stund á rannsóknir á hefðum tengdum Tómasi postula, The Thomasine Traditions Project (1993–2001). Íslensk þýðing

Jóns á Tómasarguðspjalli kom út í flokki lærdómsrita Bókmenntafélagsins árið 2001. Eftir Jón liggur fjöldi bóka og fræðilegra greina um ýmsa þætti trúarbragðafræða og fleira efni þeim tengt.

Stefán Ágúst Stefánsson, fv. tækjavörður hjá Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, lést 1. apríl 2012. Stefán fæddist í Reykjavík þann 3. október 1940. Hann var vélvirki að mennt og starfaði lengst af á þeim vettvangi, fyrst hjá Reykjavíkurborg og síðan hjá Hraðfrystihúsi Fáskrúðsfjarðar. Stefán hóf störf við Háskóla Íslands árið 2000 sem tækjavörður líffræðiskorar háskólans og síðar Líf- og umhverfisvísindadeildar og starfaði hann þar til sjötugs. Hann var farsæll í starfi og leysti hin fjölbreyttustu verkefni af kostgæfni og alúð.

Arnór Hannibalsson, prófessor emeritus í heimspeki við Háskóla Íslands, lést 28. desember 2012. Arnór fæddist 24. mars 1934. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1953 og lagði samhliða því stund á tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjavíkur. Hann lauk cand.phil.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1954 og meistaraþrófi í heimspeki og sálfræði frá Moskvuháskóla 1959. Þá lagði hann stund á framhaldsnám í heimspeki og pólsku við háskólana í Kraká og Varsjá í Póllandi. Næstu árin stundaði Arnór ýmis störf á Íslandi, m.a. sem rithöfundur, ritstjóri, forstöðumaður Listasafns ASÍ, sálfræðingur við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og kennari. Árið 1969 hélt Arnór til Fribourg í Sviss og stundaði rannsóknir við háskólann þar og árið 1970 hóf hann doktorsnám í heimspeki við háskólann í Edinborg og lauk þaðan doktorsprófi árið 1973. Arnór var skipaður lektor í heimspeki við Háskóla Íslands 1976, dósent 1983 og prófessor 1989. Gegndi hann þeirri stöðu til ársins 2004 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Hann dvaldi tímabundið víða um lönd við rannsóknastörf, m.a. við Hoover-stofnunina í Stanford árið 1991, í Moskvu árið 1992 og við Gregorianum, kaþólskan háskóla í Róm, í nokkur sumur. Arnór var fjölbreyttur og mikilvirkur fræðimaður og eftir hann liggur fjöldi bóka og greina um stjórnsmál, skóla- og uppeldismál, aðferðafræði vísinda, þekkingarfræði, söguspeki, fagurfræði og siðfræði. Þá þýddi hann nokkur verka Platóns og Dostojevskís. Arnór var einarður baráttumaður fyrir sjálfstæði smárikja á borð við Eistland, Litháen og Króatíu undan oki kommúnistastjórnna í Austur-Evrópu. Hann var ræðismaður Litháens á Íslandi. Árið 2011 sæmdi forseti Litháens hann heiðursorðu.

Halldór Þ. Guðjónsson, fv. kennslustjóri og dósent í tölvunarfræði, lést 31. desember 2012. Halldór fæddist 27. apríl 1939. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1959 og nam að því búnu stærðfræði og rökfræði í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hann lauk doktorsprófi frá Minnesota-háskóla árið 1968 og var ráðinn aðjunkt við Háskóla Íslands árin 1969–1972 og dósent 1972–1975. Halldór starfaði sem kennslustjóri við Háskóla Íslands 1975–1990 og dósent í tölvunarfræði við raunvísindadeild 1991–2009 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Halldór gegndi ýmsum stjórnunarstörfum við Háskóla Íslands, var fulltrúi Félags háskólakennara í háskólaráði 1974–1975, fulltrúi háskólaráðs í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands 1976 og sat í kjörstjórn vegna rektorskjörss sama ár.

Opinn háskóli

Margir opnir viðburðir dag hvern

Við Háskóla Íslands eru í viku hverri haldnir fjöldamargir fyrirlestrar og aðrir viðburðir sem opnir eru öllum almenningi. Þessir viðburðir eru af ýmsum toga, jafnt opnir fyrirlestrar, ráðstefnur og málþing, sem margs konar aðrar uppákomur við skólann eða í tengslum við hann.

Háskóladagurinn

Háskóladagurinn var að vanda á vormisseri, í ár þann 18. febrúar, og þá var Háskóli Íslands með opið hús, líkt og aðrir háskólar í landinu. Í Háskóla Íslands voru í boði ótal viðburðir, kynningar og uppákomur sem sýndu vísindin í litríku og lifandi ljósi. Ekki síst gátu gestir kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans, bæði grunn- og framhaldsnám, starfsemi og þjónustu, skoðað

rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni. Námskynningarnar fóru fram í Aðalbyggingu, þar sem Hugvísindasvið kynnti sitt nám, á Háskólatorgi, þar sem Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið voru til húsa með sínar kynningar, og í Öskju, þar sem Verkfræði- og náttúruvísindasvið sýndi það sem þar er hægt að nema. Alls staðar voru, auk kynninganna, fjölmargir dagskrárliðir til skemmtunar og fróðleiks. Auk þessa alls voru vísindasýningar í Háskólabíói með Sprengjugenginu og Vísindasmiðjan nýja var formlega vígð þennan dag í anddyri bíósins og var síðan opin almenningi í kjölfarið. Í Háskólabíói kynntu einnig hinir opinberu háskólarnir þrír, Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands, nám sitt og þar var einnig kynnt samstarf og sameiginlegt námsframboð opinberu háskólanna. Auk þess voru Listaháskóli Íslands, Keilir og norrænir háskólar með kynningu á sínu námi í Háskólabíói.

Háskólalestin

Háskólalestin, sem ýtt var úr vör í fyrsta sinn á afmælisárinu, 2011, hélt ferð sinni áfram um landið á árinu. Háskólalestin samanstendur af nokkrum einingum og þær helstu voru:

- Háskóli unga fólksins. Háskóli unga fólksins hefur verið haldinn árlega frá árinu 2004 eftir að kennslu og prófum lýkur í Háskóla Íslands. Í Háskóla unga fólksins koma ár hvert saman hundruð nemenda grunnskólanna og kynnast um stund vísindum, rannsóknum, námi og starfi við Háskóla Íslands.
- Vísindavefurinn. Hann hefur verið starfræktur frá árinu 2000 og er í dag einn fjölsóttasti vefur landsins. Hann svarar spurningum almennings um allt sem viðkemur vísindum, rannsóknum og fjölmörgum öðrum þáttum sem fólk fýsir að vita.
- Sprengjugengi háskólans, sem er hópur efnafræðinema úr Háskóla Íslands sem vakið hefur mikla athygli fyrir kröftugar og litríkar tilraunir á sviði efnafræðinnar.
- Stjörnutjaldið. Í Stjörnutjaldinu vinsæla mátti fræðast um stjörnunar, reikistjörnur, tunglið og önnur fyrirbæri alheimsins. Í einu vetfangi má ferðast á milli reikistjarna, sjá skýjabelti Júpiters, hringa Satúrnusar eða skoða Jörðina frá fjarlægum sjónarhornum. Stjörnutjaldið er ógleymanleg upplifun fyrir alla fjölskylduna.
- Vísindatæki og -töl, sem notuð eru til að sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.

Heimsóknir Háskólalestarinnar voru skipulagðar í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni en þátttakendur voru einnig grunnskólar, sveitarfélög og fleiri. Í lestinni var boðið upp á vísindaleiki, léttu en markvissa kennslu, fjör og gríðarlega fjölbreytt fræði sem oft voru sniðin að sérkennum þess staðar sem var heimsóttur. Heimsókn Háskólalestarinnar á hvern áfangastað stóð yfirleitt í tvo daga. Þann fyrri sóttu grunnskólanemar margvísleg námskeið í anda Háskóla unga fólksins sem getið hefur sér gott orð fyrir vísindamiðlun til barna. Í kennslunni var áhersla m.a. lögð á nýsköpun og á mikilvægi rannsókna fyrir íslenskt samfélag. Í brennipunkti voru afar fjölbreytt fræði sem tengdust öllum fræðasviðum Háskóla Íslands. Síðari dagurinn var síðan helgaður afar fjölbreyttri vísindaskemmtun sem var opin öllum almenningi á staðnum og öllum aldurshópum. Segja má að lestin hafi vakið feiknarlega athygli heimamanna hvarvetna þar sem hún kom við en áfangastaðir lestarinnar árið 2012 voru Kirkjubæjarklaustur, Fjallabyggð, Grindavík og Ísafjörður.

Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins var haldinn í níunda sinn dagana 11.- 15. júní 2012. Ríflega þrjú hundruð ungmenni á aldrinum 12–16 ára víða að af landinu sóttu skólann, þeirra á meðal verðlaunahafar ír Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2011 en boðskort í Háskóla unga fólksins voru hluti verðlaunanna í keppninni. Alls stóð nemendunum á fimmta tug námskeiða til boða og auk þeirra völdu þeir sér eina námsgrein á svokölluðum þemadegi miðvikudaginn 13. júní. Þeim degi öllum vörðu nemendur í verkefni í greinum eins og fjölmiðlafræði, jarðvísindum, kvikmyndum, tölvunarfræði, viðskiptafræði og jafnrétti, lýðræði og stjórnmálum og heimsóttu stofnanir sem tengjast greinunum. Lokahátíð skólans var haldin föstudaginn 15. júní þegar efnt var til veislu og skemmtunar á Háskólatorgi.

Í maímánuði ferðaðist skólinn einnig, eins og í fyrra, um landið með Háskólalestinni og kom við á fjórum áfangastöðum ásamt lestinni: Kirkjubæjarklaustri, Fjallabyggð, Grindavík og Ísafirði, þar sem boðið var upp á fjör og fræðslu í samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög, rannsóknasetur háskólans á landsbyggðinni og fleiri.

Vísindavaka

Hin árlega Vísindavaka var haldin 28. september í Háskólabíói á vegum Rannís sem hluti stærra verkefnis, styrktu af 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins, og er talið að alls hafi um fimm þúsund manns lagt leið sína í Háskólabíói í þetta sinn. Þar gafst almenningi kostur á að hitta vísindamenn sem stunda rannsóknir í ýmsum greinum og kynnst viðfangsefnum þeirra. Í ár var þema Vísindavöku „Kraftar jarðar“ en vakan var haldin samtímis um alla Evrópu á Degi evrópska vísindamannsins. Fulltrúar Háskóla Íslands á Vísindavöku voru hryggjarstykkið í vökunni, sem áður, frá öllum fræðasviðum skólans, rannsókna- og fræðasetrum vítt og breitt um landið og ýmsum stofnunum skólans. Alls voru á þriðja tug áhugaverðra rannsókna og verkefna á vegum háskólans til sýnis og vöktu þau mikla athygli, ekki síst meðal ungu kynslóðarinnar. Vísindasmiðja Háskóla Íslands, sem hugsuð er fyrir ungu kynslóðina, var einnig opin á Vísindavökunni en hún er til húsa í Háskólabíói. Á Vísindavökunni var jafnframt tilkynnt að Háskóli Íslands hefði fengið vísindamiðunarverðlaun Rannís fyrir Háskólalestina sem ferðast hefur um landið síðastliðin tvö ár.

Biophilia-verkefnið heldur áfram

Á árinu var fram haldið verkefninu Biophilia, sem hleypt var af stokkunum árið 2011. Vísindamenn frá Háskóla Íslands tóku þátt í verkefninu, sem er tónvísindasmiðja fyrir börn sem söngkonan Björk Guðmundsdóttir stóð að í tengslum við útkomu hljómplötunnar Biophilia og samnefnda tónleikaferð. Tónvísindasmiðjan var samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og Bjarkar og þar tóku reykvískir grunnskólanemendur á aldrinum 10–12 ára þátt í að þróa nýja tónvísindasýn. Í tónvísindasmiðju Biophilíu eru notaðar nýjar leiðir við kennslu þar sem tvinnuð er saman náttúruvísindinum, tónfræði og nýjustu tækni. Þar virkja börn sköpunargáfu jafnframt því að kynnst veröld vísinda og tónlistar. Í kjölfarið á því að verkefnið þótti takast einkar vel í fyrra var ákveðið að bjóða í tilraunaskyni upp á tónvísindasmiðjur í grunnskólum Reykjavíkur á næstu þremur árum. Markmiðið með verkefninu er að samþætta tónlist, vísindi, tölvutækni, móðurmál og jafnvel fleiri námsgreinar. Um eins konar farandútgáfu Biophilíu verður að ræða sem fer milli skóla og verður í boði fyrir nemendur og kennara 5.–7. bekkjar.

Japanshátíð í áttunda sinn

Í janúar stóðu sendiráð Japans á Íslandi og nemendur í japönsku máli og menningu á Hugvísindasviði í áttunda sinn fyrir Japanshátíð. Flestallt það sem gestum og gangandi var boðið upp á í þessari metnaðarfullu dagskrá var unnið og fram borið af nemendum í japönsku máli og menningu við skólann og fólki af japönskum uppruna á Íslandi. Meðal þess sem var á dagskrá var japönsk teathöfn, japanskar blómaskreytingar (ikebana), japönsk tunga og dægurmenning, matargerðarlist og skrautritun. Auk þess gátu gestir spreytt sig í karóki og á borðspilinu igo og ýmis félög sýndu japanskar bardagaíþróttir. Fjölmenni sótti hátíðina sem fyrri ár og hefur hún fest sig í sessi sem árlegur viðburður.

Með fróðleik í fararnesti

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands héldu áfram samstarfi sínu um gönguferðir sem efnt var til í tilefni aldarafmælis skólans 2011. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskólans blandast saman í áhugaverðum gönguferðum og nú hjólaferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Þátttaka í þeim var mjög góð eins og í fyrra. Markmiðið með samstarfinu er að vekja áhuga almennings á fræðslu og hollri útivist og fjölga

valkostum í þeim efnum. Um leið er vakin athygli og vonandi áhugi á fjölbreyttri starfsemi Háskólans og Ferðafélagsins.

Á árinu voru ferðirnar fimm talsins. Þær voru:

- Kræklingaferð í Hvalfjörð
21. apríl leiddu Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, ferð á slóðir kræklingans í Hvalfirði. Kræklingi var safnað, fararstjórnir fræddu þátttakendur um hann, sögðu frá verkun hans og loks var hann eldaður í fjöruborðinu.
- Landfræði á hjólum: rýnt í borgarlandslagið
5. maí leiddi Karl Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, ferð um miðborgina og nágrenni á reiðhjólum. Staldrað var við á nokkrum stöðum og fjallað um ýmis atriði borgarumhverfisins með augum landfræðinga.
- Lífríki Vífilsstaðavatns og nágrennis
27. maí leiddu Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, og Sigurður Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, gönguferð við Vífilsstaðavatn. Ferðin er sérstaklega sniðin að börnum, ungmennum og fjölskyldum og var sérstaklega fjallað um gróður, lífríki vatnsins og fugla sem urðu á vegi þátttakenda.
- Þjóðsögur, draugasögur, hjátrú og vikivaki – hjólaferð
8. september leiddi Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild, hjólaferð, með aðstoð Þjóðbrókar, félags þjóðfræðinema, þar sem þjóðsögur, draugasögur, hjátrú sjómanna, vikivaki og óvæntar uppákomur í boði þjóðfræðinema biðu þátttakenda.
- Sögunslóðir ljósmæðra í 250 ár
6. október sagði Helga Gottfreðsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, frá 250 ára sögu ljósmæðra í Reykjavík og gekk um sögunslóðir þeirra frá Skólavörðustíg 11 að nokkrum öðrum stöðum í miðbæ Reykjavíkur sem tengjast þessari sögu.

Tónleikar

Háskólatónleikar voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, í hádeginu á miðvikudögum. Oftast voru þeir haldnir í Hátíðasal skólans í Aðalbyggingu en stöku sinnum í háskólakapellunni og á Háskólatorgi.

3. október fluttu Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari og Ómar Guðjónsson gítarleikari eigin verk, ný og nýleg.
17. október fluttu Katie Buckley hörpuleikari og Kristinn Árnason gítarleikari fjögur verk eftir Áskel Másson. Tvö verkanna voru frumflutt á tónleikunum.
7. nóvember frumfluttu Hlín Pétursdóttir Behrens sópransöngkona og Jón Sigurðsson píanóleikari fimm sönglög eftir Jón. Á tónleikunum fluttu þau einnig sönglög (Fünf Lieder) eftir Erich Wolfgang Korngold, svo og aríuna Glück das mir verblieb úr óperunni Die Tote Stadt eftir Korngold.
21. nóvember fluttu Ásgeir H. Steingrímsson trompetleikari, Brjánn Ingason fagottleikari, Bryndís Björgvinsdóttir sellóleikari, Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari og Kjartan Óskarsson klarinettuleikari svítu op. 46 eftir Alfredo Casella.

Kvennakór Háskóla Íslands starfaði einnig reglubundið og hélt tónleika og efndi til samsöngs við ýmis tækifæri, svo sem jólastundar 14. desember þar sem Hulda María Halldórsdóttir söng með kórnum á táknaði. Þá starfaði Háskólakórinn á vegum stúdenta sem endranær og kom að venju fram við brautskráningar, auk annarra tilefna.

Heimsóknir

Sendiherra Frakka heimsækir háskólann

Marc Bouteiller, sendiherra Frakklands á Íslandi, heimsótti háskólann í ársbyrjun og átti fund með Kristínu Ingólfssdóttur rektor og Jóni Atla Benediktssyni, aðstoðarrektur vísinda og kennslu. Hann hafði þá nýverið hafið störf á Íslandi. Með Bouteiller í för voru Luc Fuhrmann, sendiráðunautur í franska sendiráðinu, og Arnaud Serniotti, menningar- og vísindafulltrúi sendiráðsins. Á fundinum var rætt um samstarf Háskóla Íslands og franskra háskólastofnana í vísindum og kennslu. Franska hefur lengi verið kennd við Háskóla Íslands og rannsóknasamstarf háskólans og franskra háskóla hefur aukist verulega á undanförunum áratug. Til marks um það má nefna að sex nemendur hafa á síðustu þremur árum brautskráðst með sameiginlega doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og frönskum háskólum, fleiri en frá nokkru öðru landi. Mörg tækifæri eru til að efla samstarfið enn frekar, m.a. með styrkjum úr rammaáætlunum Evrópusambandsins. Frakkar og Íslendingar hafa einnig í allmörg ár átt í samstarfi um svokallaða Jules Verne styrki. Tilgangurinn er að virkja vísinda- og tæknisamstarf milli stofnana, skóla og rannsóknahópa í báðum löndunum og að auðvelda samstarf við önnur slík samstarfsverkefni í Evrópu.

Fjölmennt heimsókn frá Volda-háskóla

Um sjötíu manna hópur úr starfslíði Háskólans í Volda í Noregi heimsótti Háskóla Íslands í apríl og kynnti sér starfsemi háskólans ásamt því að miðla af reynslu sinni úr norsku háskólastarfi. Starfsmenn Volda-háskóla kynntu sér m.a. ólík svið innan stjórnsýslu Háskóla Íslands, þar á meðal markaðs- og kynningarstarf, fjármálaumsýslu, starfsmannamál, nemendaskrá, alþjóðasamstarf, skjalavörslu og rannsókn- og vísindastarf.

Rektor Peking-háskóla heimsótti Háskóla Íslands

Zhou Qifeng, rektor Peking-háskóla, heimsótti Háskóla Íslands í apríl og átti fund með Kristínu Ingólfssdóttur rektor. Jafnframt kynnti hann sér hluta af starfsemi háskólans, m.a. rannsóknir í nanótæknikjarna Raunvísindastofnunar, sem og starfsemi DeCode Genetics. Háskóli Íslands og Peking-háskóli hafa átt í samstarfi í rúm þrjú ár, eða frá því að Kristín Ingólfssdóttir undirritaði samstarfssamning í heimsókn sinni til Kína í desember 2008. Samningurinn kveður m.a. á um samstarf um rannsóknir og kennara- og nemendaskipti. Á fundi rektoranna voru lögð drög að enn nánara vísindasamstarfi skólanna og auknum nemendaskiptum. Peking-háskóli er í 49. sæti á lista Times Higher Education World University Rankings yfir bestu háskóla í heimi og yfir 35 þúsund nemendur stunda nám við skólann, þar af um 2500 erlendir nemar.

Rektor Fróðskaparseturs Færeyja heimsækir háskólann

Í október heimsótti rektor Fróðskaparseturs Færeyja, Sigurð í Jákupsstovu, Háskóla Íslands m.a. í því skyni að ræða samstarfssamning sem gerður var árið 2009 milli skólanna og sjá hvernig efla mætti samstarf skólanna enn frekar en gert var með honum. Rætt var um rannsóknasamstarf og samstarf á sviði kennslu, kennara- og nemendaskipta og færeyski rektorinn og fylgdarmenn hans kynntu sér m.a. gæðakerfi háskólans, hvatningakerfi og innri vef, Ugluna. Rektor Háskóla Íslands hefur skipað fulltrúa frá öllum fræðasviðum í samstarfsnefnd við Fróðskaparsetrið.

Sendiherra Þýskalands heimsækir háskólann

Thomas H. Meister, nýr sendiherra Þýskalands á Íslandi, heimsótti Háskóla Íslands í október til að kynna sér skólann og sækja jafnframt kynningu á alþjóðadegi háskólans. Meister ræddi við rektor og aðstoðarrektur um samstarf háskólans og þýskra háskóla, nám í þýsku við Háskóla Íslands og menningartengsl Íslands og Þýskalands. Þjóðverjar voru á árinu fjölmennastir erlendra nema við Háskóla Íslands, eða 112 af um 1100 erlendum nemum. Þar af voru 74 grunnnemar (flestir í húmanískum greinum og 38 í íslenskunámi), 22 meistaranemar (flestir í húmanískum greinum) og

16 doktorsnemar (flestar í raunvísindum). Fjórir þýskir nemendur voru doktorsritgerð frá Háskóla Íslands á árinu 2012. Háskóli Íslands hefur gert samninga við fjölda þýskra háskóla, þar á meðal tvo um sameiginlega doktorsgráðu.

Biskup heimsótti háskólann

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, heimsótti Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands í október. Þar ræddi hún m.a. við starfsfólk deildarinnar uppbyggingu námsleiða í deildinni, framhaldsnám fyrir presta og guðfræðinga með cand.theol.-gráðu ásamt ýmsum sameiginlegum málefnum deildarinnar og þjóðkirkjunnar.

Gjafir

Bókagjöf frá Kína

Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum við Háskóla Íslands bárust á árinu um 1,2 tonn af kennslubókum í kínversku á íslensku fyrir almenning. Þessi veglega gjöf er frá Hanban-stofnuninni, sem er undirstofnun kínverska menntamálaráðuneytisins. Kennslubækurnar voru unnar í Kína, bæði af kínverskum og íslenskum fræðimönnum og þýðendum. Alls er um að ræða átta mismunandi bókaraðir, þar á meðal kennslubækur fyrir jafnt fullorðna sem börn með margmiðlunardiskum og myndabækur fyrir börn ásamt orðabókum. Tilgangurinn með útgáfu kennslubókanna er að opna heim kínverskrar tungu og menningar fyrir Íslendingum en samskipti á milli þjóðanna hafa aukist töluvert á síðustu misserum. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós fól Háskólaútgáfunni að annast dreifingu á bókunum.

Listaverkagjöf í minningu Jóns Ma. Ásgeirssonar prófessors

Gang Chen færði Háskóla Íslands steindan glugga að gjöf í mars til minningar um Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor í nýjatestamentisfræðum, sem lést í janúar. Listaverkið nefnist Sol invictus og er eftir myndlistarmanninn Einar Hákonarson. Myndstef gluggans er sótt til Tómasar sögu postula og Tómasarguðspjalls en Jón heitinn rannsakaði töluvert hefðir tengdar Tómasi postula og þýddi guðspjallið á íslenska tungu. Glugginn er 3 m x 1,9 m að stærð og prýddi hann heimili Jóns heitins en er nú kominn í vörslu Háskóla Íslands og er gert ráð fyrir að verkinu verði fundinn staður í einhverri af byggingum háskólans sem reistar verða á næstu árum.

Annað

Háskólahlaupið

Árlegt háskólahlaup fór fram þann 15. maí og var hápunktur heilsuefningarmánaðar starfsmanna Háskóla Íslands og markaði formleg lok hans. Hlaupið var opið starfsmönnum, núverandi og fyrrverandi nemendum og öðrum velunnurum og um 270 manns skráðu sig til leiks. Gátu þátttakendur valið að ganga eða hlaupa 3 eða 7 km. Þetta er í sjötta sinn sem hlaupið er þreytt með núverandi fyrirkomulagi. Hlaupaleiðirnar lágu um næsta nágrenni háskólans, sú styttri um Suðurgötu, Þorragötu og Njarðargötu og aftur að Aðalbyggingu en sú lengri umhverfis Reykjavíkflugvöll og að Aðalbyggingu. Tímataka var í boði fyrir þá sem þreyttu 7 km hlaup og fyrstur í mark þar var Arnar Pétursson, hagfræðinemi við Háskóla Íslands og Íslandsmeistari í maraþoni 2011, á tímanum 23:38. Annar var Björn Már Ólafsson, lögfræðinemi við skólann, á 27:59 og þriðji Jón Gunnar Þorsteinsson, ritstjóri Vísindavefsins, sem hljóp kílómetrana sjö á 28:32.

Hönnunarsamkeppni um Vatnsmýrina

Háskóli Íslands tók þátt í að efna til hönnunarsamkeppni um endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýri. Aðrir sem stóðu að samkeppninni voru Norræna húsið, Félag íslenskra landslagsarkitekta og Hönnunarmiðstöð Íslands ásamt Reykjavíkurborg. Markmið samkeppninnar var að fá raunhæfar

tillögur um hönnun og innihald þessa svæðis þannig að það nýtist sem flestum til fjölbreyttrar útivistar. Fjórtnán tillögur bárust í samkeppnina og hlaut hugmyndin Náttúra og norðurljós – menntun, menning, líf og listir, frá landslagsarkitektastofunni Landmótun, fyrstu verðlaun, eina m.kr. Tillagan gengur út á að tengja svæðið í Vatnsmýri við Hljómskálagarðinn og þar með miðbæinn með breiðum og litríkum stíg, Norðurljósastíg, og göngum undir Hringbraut. Í Vatnsmýrinni er gert ráð fyrir blöndu af skúlptúr og byggingu með upplýsingum um svæðið og að Háskóli Íslands, miðborg Reykjavíkur, fuglafriðlandið, Norræna húsið og Askja tengist þannig saman á áhugaverðan hátt.

Minningarreitir í Vatnsmýri

Þann 17. ágúst á árinu var sérstakur minningarreitir um fórnarlömb hryðjuverkanna í Ósló og Útey þann 22. júlí 2011 vígður í landi Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Minningarreitirinn var samstarfsverkefni Norræna félagsins, Norræna hússins, Háskóla Íslands, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Landmótunar sf., Bókaútgáfunnar Draumsýnar og Reykjavíkurborgar. Í reitnum var plantað trjám og þar eru bekkir í höfuðáttirnar fjórar með áletrun í bakfjalir þeirra þar sem greint er frá tilgangi reitsins og aðstandendum hans. Frumdrög að reitnum gerði Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt og Áslaug Traustadóttir, landslagsarkitekt hjá Landmótun sf., útfærði hugmyndina og lagaði að vinningstillögu stofunnar að hönnun Friðlandsins í Vatnsmýri.

Nýnemavika

Nýnemavika var að vanda haldin fyrstu kennsluviku haustsins þegar þúsundir nýnema tóku sín fyrstu skref í Háskóla Íslands. Áður höfðu nýnemar í flestum deildum og fræðasviðum sótt kynningar á þeim vettvangi þar sem farið var yfir það helsta sem ber að hafa í huga þegar háskólanám er hafið. Í nýnemavikunni var ýmislegt skipulagt fyrir nýnema og aðra nemendur skólans, á Háskólatorgi. Háskólakórinn og Háskóladansinn tróðu upp og Stúdentaleikhúsið kynnti starfsemi sína. Tónleikar voru einnig á dagskrá og Stúdentaráð bauð upp á gönguferðir um háskólasvæðið til að kynna það fyrir nýnemum. Upplýsingaborð fyrir nýnema var enn fremur starfrækt á Háskólatorgi þar sem nýnemar gátu fengið gagnlegar upplýsingar um nám og félagslíf í skólanum.

„Fréttaskot úr fortíð“

Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og nemandi hans, Ármann H. Gunnarsson, unnu smámyndbönd með viðtölum við ímyndað fólk úr fortíðinni til að fjalla um tiltekin söguleg efni. Tilraunina gerðu þeir til að kanna hvort fréttiformið gæfi kost á nógu sannfærandi framsetningu og efnistöfum til að flétta saman fortíð og nútíð og nýta þá umgjörð sem ýmis söfn og setur bjóða upp á þannig að áhugavert væri.

Sýning um kjarnorkusprengrjurnar í Hírósíma og Nagasaki

Fræðslu- og ljósmyndasýning um kjarnorkusprengrjurnar sem varpað var á Hírósíma og Nagasaki, margvíslegar afleiðingar þeirra og viðleitni alþjóðasamfélagsins til að vinna gegn útbreiðslu kjarnavopna var haldin á haustmánuðum á Háskólatorgi á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og fleiri aðila en hún hafði áður verið í Borgarbókasafninu. Sýningin kom til Íslands á vegum The Nagasaki National Peace Memorial Hall for the Atomic Bomb sem starfar á vegum japanska velferðarráðuneytisins til minningar um fórnarlömb atburðanna og til að koma í veg fyrir að slíkir atburðir hendi aftur.

Bók um Listasafn Háskóla Íslands

Á árinu kom út bók um Listasafn Háskóla Íslands. Auður Ava Ólafsdóttir, lektor í listfræði við Háskóla Íslands og safnstjóri Listasafnsins, sá um að velja myndirnar og rita texta bókarinnar og Hildigunnur Gunnarsdóttir sá um hönnun hennar. Háskólaútgáfan gaf út.

Listasafn Háskóla Íslands var stofnað árið 1980 með stórri listaverkagjöf hjónanna og listaverkasafnaranna Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar og er bókin tileinkuð þeim. Safnið á tæplega 2000 listaverk, þar af eru rúmlega 1500 teikningar og skissur og nærri 200 málverk eftir Þorvald Skúlason (1906–1984) sem var persónulegur vinur þeirra Ingibjargar og Sverris. Listasafn Háskóla Íslands á því stærsta og heildstæðasta safn verka eftir Þorvald Skúlason í heiminum.

Listaverkagjafir Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, bæði stofngjöf og síðari gjafir, nema samtals um 1600 listaverkum og eru meðal verðmætustu gjafa sem Háskóla Íslands hafa hlotnast. Segja má að verk Þorvalds Skúlasonar og abstraktlistamanna af hans kynslóð: Guðmundu Andrésdóttur, Harðar Ágústssonar, Karls Kvaran, Eyborgar Guðmundsdóttur og Kristjáns Davíðssonar, myndi stofn safnsins en safnið leitast einnig við að kaupa samtímalist eftir yngri listamenn á hverjum tíma. Verk úr eigu safnsins er að finna á öllu háskólasvæðinu.

Listasafn Háskóla Íslands á sér margar fyrirmyndir erlendis þar sem háskólastasöfn eru mörg hver stór og víðfræg, einkum vestanhafs. Má þar til að mynda nefna Listasafn Yale-háskóla, Listasafn Princeton-háskóla og Fogg-listasafnið við Harvard-háskóla. Ólíkt því sem tíðkast erlendis eru Listasafn Háskóla Íslands og háskólinn ekki aðskildar einingar heldur má segja að listin deili í bókstaflegri merkingu húsnaði með fjórtán þúsund nemendum og 1400 starfsmönnum á þessum stærsta vinnustað landsins. Þannig má segja að safnið færi hina þöglu listgrein í vinnuna til fólksins og með henni margbrotinn heim þekkingar og reynslu. Við safnið er líka starfræktur rannsóknarsjóður sem hefur það hlutverk að styrkja rannsóknir á íslenskri myndlist. Síðan hann var stofnaður árið 1999 hafa 15 fræðimenn fengið styrki úr sjóðnum.



Starfsnefndir háskólaráðs

Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd og rektor tilnefnir formann hennar. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður á árinu 2012. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og á árinu sátu forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jón Torfi Jónasson fyrir Menntavísindasvið, Kristín Vala Ragnarsdóttir fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Ólafur Þ. Harðarson fyrir Félagsvísindasvið og Sigurður Guðmundsson fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi.

Nefndin hélt 15 fundi á árinu, 7 á vormisseri og 8 á haustmisseri. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans,
- að hafa umsjón með samningum háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna,
- að vinna fjárhagsáætlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans,
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkon sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnáslueininga,
- að yfirfara ársreikning háskólans,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnáslueininga,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnáslueiningum við gerð fjárhagsáætlana,
- að móta fjárhagsáætlun háskólans á grundvelli þessara fjárhagsáætlana og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs,
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnáslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum,
- að stuðla að umræðum og málþingum innan háskólans og utan um fjármál og rekstur háskólans.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2013, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2013 milli sviða og annarra skipulagseininga.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 var gert ráð fyrir 1,5% almennum sparnaði í rekstri. Á móti kom að í tilefni aldarafmælis skólans fékk skólinn 250 m.kr. á árinu 2012 með loforði um 400 m.kr. á árinu 2013 og 700 m.kr. á árinu 2014. Niðurskurður á fjárveitingum á sama tíma og nemendum fjölgaði gerði vinnu fjármálanefndarinnar umfangsmikla og erfiða í þröngri fjárhagsstöðu. Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu vegur þungt og eru þreyttu einingarnar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum miðaðar við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkani árið 2013 var 62% og óx úr 60,5% frá árinu 2012. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Vægi rannsókna í deililíkani var svipað og á árinu áður, eða 26% fyrir árið 2012 og 25% fyrir árið 2013. Innan deililíkansins er húsnæðislíkan sem ýtir undir aukna hagræðingu við nýtingu húsnæðis. Rekstrareiningar fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en þær geta skilað húsnæði sem þær þurfa ekki að nýta og þær með lækkað

kostnað án þess að fjárveitingin lækki. Húsnæðislíkanið hefur verið innleitt í áföngum og var að fullu tekið í notkun árið 2011. Sérstaklega hefur verið hugað að stöðugleika deililíkansins og var tryggt að skerðing á fjárveitingu til einstakra fræðasviða yrði ekki meiri en 3% að raungildi. Fyrir vikið jukust fjárveitingar að krónutölu á bilinu 0,4% til 14,0%, minnst til Menntavísindasviðs en mest til Hugvísindasviðs.

Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu. Heildartekjur námu 14.946 m.kr. og afgangur af rekstri var 8 m.kr. samanborið við 256 m.kr. afgang árið áður.

Gæðanefnd

Gæðanefnd háskólaráðs var fyrst skipuð 26. júní 2006. Á árinu áttu sæti í gæðanefnd þau Jón Atli Benediktsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, formaður, Bryndís Brandsdóttir, vísindamaður við Raunvísindastofnun, Valdimar Tr. Hafstein, dósent við Félagsvísindasvið, Amalía Björnsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, Eiríkur Smári Sigurðsson, rannsóknastjóri Hugvísindasviðs, Helga Ögmundsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið og Jakob Rúnar Guðmundsson, fulltrúi stúdenta. Með nefndinni starfar Magnús Diðrik Baldursson, gæðastjóri Háskóla Íslands og skrifstofustjóri rektorsskrifstofu.

Í erindisbréfi gæðanefndar er hlutverki hennar lýst svo:

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja gæði kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja formlegt gæðakerfi háskólans og efla gæðamenningu innan hans. Gæðakerfi Háskóla Íslands miðar að því að mæta væntingum og þörfum nemenda, starfsmanna, atvinnulífs og hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Verkefni gæðanefndar eru:

- að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands,
- að fylgja eftir þeim þáttum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að gæðakerfi skólans og gæðum starfseminnar,
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegri þróun og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Association for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið,
- að hafa yfirumsjón með framkvæmd Rammaáætlunar um eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) innan Háskóla Íslands, þ.m.t. að skipuleggja innra mat, stýra framkvæmd matsins, fara yfir niðurstöður þess og gera tillögur til háskólaráðs um viðbrögð og úrbætur eftir því sem ástæða er til,
- að leggja faglegt mat og taka afstöðu til umsókna deilda um að bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum við deildirnar,
- að beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt innra og ytra gæðamat á Háskóla Íslands í heild, á faglegum og skipulagslegum einingum og stjórnsýslu hans, eftir því sem ástæða er til. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur,
- að hafa umsjón með rafrænni gæðahandbók Háskóla Íslands,
- að beita sér fyrir umræðu, þekkingu og vitund um gæðamál og stuðla með því að aukinni gæðamenningu innan og utan Háskóla Íslands,
- að vera rektor, háskólaráði, háskólaþingi, fræðasviðum, deildum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og sviðsstjórum til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að gæðamálum háskólans;
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni.

Gæðanefnd er starfandi stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sem hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

Gæðanefnd starfar náið með öðrum aðilum er koma að sameiginlegum gæðamálum Háskóla Íslands, s.s. kennslumálanefnd, vísindanefnd, miðlægrri stjórnarsýslu og stjórnarsýslu fræðasviða og þeim þjónustueiningum sem undir hana heyra.

Gæðanefnd skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði og gerir formaður hennar rektor og háskólaráði reglulega grein fyrir starfi hennar.

Gæðanefnd hélt 10 fundi á árinu, auk þess sem umtalsvert starf fór fram á milli funda. Helstu verkefni nefndarinnar voru þessi:

- Eftirfylgni með Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 á sviði gæðamála. Á árinu lauk gæðanefnd m.a. við endurskoðun á gildandi viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands og fjallaði um endurskoðun á gildandi viðmiðum og kröfum um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands auk þess sem hún hóf endurskoðun verklagsreglna um akademísk gestastörf. Einnig fjallaði nefndin um ýmis samstarfsverkefni með kennslumálanefnd háskólaráðs og opinn aðgang að ritverkum og lokaverkefnum starfsmanna og stúdenta.
- Umsjón með starfsemi Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) en gæðanefnd gegnir hlutverki stjórnar miðstöðvarinnar. Miðstöð framhaldsnáms tók til starfa 1. febrúar 2009 og er aðstoðarrektor vísinda og kennslu starfandi forstöðumaður hennar. Pétur Ástvaldsson gegndi starfi verkefnisstjóra Miðstöðvar framhaldsnáms.
- Umfjöllun um þróun gæðamála háskóla á innlendum og erlendum vettvangi og umsjón og eftirfylgni með sjálfsmati deilda í tengslum við Rammáætlun gæðaráðs háskóla um eflingu gæða.
- Mat á umsóknum deilda og fræðasviða um ráðningu gestakennara m.t.t. þess hvort þær uppfylli ótvírætt akademískar hæfniskröfur. Á árinu voru afgreiddar nokkrar umsóknir deilda og fræðasviða um ráðningu akademískra gestakennara.
- Umfjöllun og afgreiðsla erinda sem háskólaráð og háskólaþing vísuðu til nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hélt sjö fundi á árinu og nefndin var þannig skipuð í loks árs 2012: Hrefna Friðriksdóttir, dósent í Lagadeild, formaður, skipuð af rektor án tilnefningar, Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, tilnefnd af Hugvísindasviði, Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði, Samúel Currey Lefever, dósent við Kennaradeild, tilnefndur af Menntavísindasviði, Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild, tilnefnd af Félagsvísindasviði, og Halla Tryggvadóttir, fulltrúi stúdenta, en Stefán Jóhann Sigurðsson tók við hennar stöðu um haustið.

Með nefndinni störfuðu þær Dagný Ósk Aradóttir Pind jafnréttisfulltrúi (í fjarveru Arnars Gíslasonar) og Kolbrún Einarsdóttir, ritari nefndarinnar. Í árslok 2012 var enginn starfandi jafnréttisfulltrúi.

Meðal þeirra málefna sem rædd voru á fundum nefndarinnar voru drög að verklagsreglum um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni í Háskóla Íslands, skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008–2011 og viðbrögð við henni, fræðsla um jafnréttismál og kyngreindar upplýsingar um störf og kjör starfsmanna Háskóla Íslands.

Jafnréttisnefnd styrkti tvö meistaraverkefni á árinu, annars vegar verkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við Háskóla Íslands og hins vegar verkefni um árangursmælingar í jafnréttisstarfi við Háskóla Íslands. Bæði verkefnin eru aðgengileg á vefsíðu jafnréttismála Háskóla Íslands.

Hinir árlegu jafnréttisdagar voru haldnir í október í fjórða sinn og var jafnréttisnefndin helsti bakhjarl þeirra ásamt ráði um málefni fatlaðs fólks. Dagarnir stóðu yfir í níu daga en á þeim var fundurinn „Þegar farið er yfir strikið: Um æskileg viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni“ sem jafnréttisnefndin stóð fyrir. Á honum fluttu Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur og Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahúsprestur erindi en fundarstjóri var Brynhildur G. Flóvenz, dósent við Lagadeild.

Kennslumálanefnd

Nefndin var óbreytt frá fyrra ári og í henni sátu Róbert H. Haraldsson, formaður, Björn Guðbjörnsson, Heilbrigðisvísindasviði, Hafdís Ingvarsdóttir, Menntavísindasviði, Hjálmtýr Hafsteinsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Sif Einarsdóttir, Félagsvísindasviði, Sveinn Yngvi Egilsson, Hugvísindasviði, og Stefán Þór Helgason, fulltrúi stúdenta. Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson prófstjóri sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni.

Í erindisbréfi kennslumálanefndar segir um hana: „Hlutverk nefndarinnar er að vinna að þeim markmiðum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að námi og kennslu. Í því felst að stuðla að þróun kennslu og kennsluhátta við Háskóla Íslands og vinna á annan hátt að því að nemendur öðlist framúrskarandi menntun í nánnum tengslum við rannsóknastarf skólans.“ Verkefni nefndarinnar eru síðan rakin í tólf liðum og má m.a. nefna að nefndinni er ætlað að hafa með hendi samræmingu á kennslustefnu deilda í samvinnu við kennslunefndir fræðasviða.

Nefndin hélt 11 fundi á árinu 2012 og meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

- Að tillögu nefndarinnar samþykkti rektor að styrkir yrðu veittir úr kennslumálasjóði til kennara sem sækja kennslufræðinámskeið um háskólakennslu.
- Fjallað var um samþættingu kennslu og rannsókna og erlendur sérfræðingur, Mick Healey, hélt vel heppnaða málstofu þar um í byrjun maí.
- Formaður nefndarinnar tók áframhaldandi þátt í vinnu undirbúningshóps um gerð aðgangsprófa fyrir háskólastigið.
- Kennslukönnun var einfölduð og fyrirlögn hennar breytt á haustmisseri. Heildarþátttaka á haustmisseri var 52,6% en það er 10 prósentustiga aukning frá haustmisseri 2011.
- Kennslumálaráðstefna var haldin í janúar 2012 í samráði við Stúdentaráð Háskóla Íslands undir fyrirsögninni Hvernig eflum við saman gæði náms og kennslu?
- Kennslumálasjóður var endurreistur. 36 umsóknir bárust í sjóðinn um tæpar 34 m.kr. og voru 19 verkefni styrkt um rúmar 11 m.kr.
- Málþing um akademískt frelsi var haldið í lok janúar.
- Murianne O'Keefe frá Dublin Institute of Technology kynnti starfsemi systurstofnunar Kennslumiðstöðvar.
- Samráðsfundur var haldinn með forsetum fræðasviða, deildarforsetum og skólameisturum framhaldsskóla þar sem lögð voru fram gögn um námsgengi stúdenta í deildum Háskóla Íslands greind eftir uppruna þeirra úr framhaldsskólum.
- Samráðsfundur var haldinn með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Umsagnir voru veittar um Umhverfisstefnu Háskóla Íslands, Reglur fyrir vísindasiðanefnd og Stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum.

Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál, auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna.

Samráðsnefndin er skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni en formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara. Nefndin var þannig skipuð árið 2012: Guðmundur R. Jónsson, prófessor, formaður, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs, og Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Síðla árs leysti Ingjaldur Hannibalsson, prófessor, Guðmund R. Jónsson af í viðræðum við Félag prófessora. Starfsmaður nefndarinnar var Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur starfsmannasviðs.

Á árinu 2012 var einkum rætt við Félag háskólakennara. Efni fundanna var margvíslegt, m.a. að leysa úr ágreiningi um framkvæmd og túlkun kjara- og stofnanasamninga og afgreiðsla erinda sem nefndinni bárust. Þá voru starfsskyldur kennara ræddar og hugmyndir um breytingar þar að lútandi viðraðar.

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2013 veturinn 2012. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagrád sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagraða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands. Faglegt mat og forgangsröðun fagraða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2013 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum og samræming á mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda var aukin. Lögð var áhersla á að styrkja sem mest þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var reynt eftir megni að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 254 og alls voru 229 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 229 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2013. Hver styrkur nam að meðaltali 1.004 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Þá voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 24 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði í ár en umsóknir voru alls 139 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagraða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var hafin vinna við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

Skipan vísindanefndar

Þann 10. október 2011 var ný vísindanefnd skipuð og mun hún sitja þar til í október 2014. Nefndina skipuðu árið 2012:

- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður

- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, varaformaður
- Gylfi Magnússon, dósent á Félagsvísindasviði, varamaður: Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, 2012–2013
- Snorri Þór Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði
- Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta, varamaður: Tómas Hafliðason, doktorsnemi í iðnaðarverkfræði



Stjórnsýsla

Skrifstofa rektors

Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

Skrifstofa

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, aðstoðarrekter vísinda og kennslu, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningu kandiata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnum og fyrirlestrum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors, svo að nokkuð sé nefnt.

Starfslið

Rektor Háskóla Íslands er Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Aðrir starfsmenn á skrifstofu rektors á árinu 2012 voru Jón Atli Benediktsson prófessor, aðstoðarrekter vísinda og kennslu, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri og gæðastjóri háskólans, Sæunn Stefánsdóttir sérfræðingur, Guðmundur Ragnarsson sérfræðingur, Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjóri og Margrét Ludwig verkefnisstjóri.

Stefnumótun, þróunarmál og gæðamál

Rektor hefur frumkvæði að mótun sameiginlegrar stefnu Háskóla Íslands og eftirlit með framkvæmd hennar. Núverandi stefna háskóla Íslands gildir fyrir tímabilið 2011–2106. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með þróunar- og gæðamálum háskólans, m.a. í samvinnu við gæðanefnd háskólaráðs.

Skjalasafn

Starfslið

Nils Kjartan Guðmundsson gegndi áfram stöðu deildarstjóra skjalasafnsins. Áslaug J. Marinósdóttir hélt áfram utan um myndasafn skjalasafnsins og Kristín Indriðadóttir starfaði í skjalamálum.

Aðbúnaður og geymslur

Vinna við að skipuleggja skjalageymslur í kjallaranum í Aðalbyggingu og söfnun skjala úr skjalageymslum víðs vegar um háskólann til að koma þeim í aðalsafnið hélt áfram.

Hópvinnukerfið Náman (GoPro)

Umsjón með málaskrár- og hópvinnukerfinu Námunni (GoPro) var eitt af helstu verkefnum skjalasafnsins. Samtals voru 2.254 ný mál skráð í málaskrá á árinu 2012 með 25.699 málsskjöl, sem gera 11,3 færslur á hvert mál að jafnaði, auk þess sem mikið af málsskjölum voru færð undir eldri mál. Heildarfjöldi málsskjala í Námunni var í lok árs 2012, 193.118 talsins.

Tekin var í notkun geymsluskrá árið 2011, kölluð eBox, og í hana voru eldri gögn skráð. Mun sú vinna halda áfram þar til öll eldri skjöl skjalasafnsins eru skráð þar.

Fjöldi nýrra mála, færslur við þau og meðalfjöldi málsskjala við hvert mál á árunum 2000–2012:

Ár	Ný mál	Málsskjöl	Meðalfjöldi skjala á mál
2000	712	4.760	6,7
2001	666	4.134	6,2
2002	695	5.476	7,8
2003	800	6.000	7,5
2004	843	7.992	9,5
2005	1.048	10.199	9,7
2006	1.404	14.578	10,4
2007	1.488	15.573	10,5
2008	2.375	17.785	7,5
2009	3.153	32.629	10,3
2010	2.373	23.486	9,9
2011	1.889	21.014	11,1
2012	2.254	25.699	11,3

Myndakerfið Birtingur (FotoStation)

Skráning og umsjón mynda var í höndum Áslaugar J. Marinósdóttur. Á árinu voru áfram nýskráðar fjölmargar myndir í Birting, flestar skráðar jafnóðum og þær bárust safninu, og eru þær aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: <http://myndasafn.hi.is>.

Ýmiss konar þjónusta

- Starfsmenn safnsins fóru í fjölda skjalavitjana á skrifstofur skólans og veittu ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, auk þess sem fjölmörg hollráð eru daglega veitt í síma og með tölvupósti.

- Fjöldi fólks úr stjórnýslu skólans hefur reglulega samband til að leita skjala og fá ljósmyndir að láni.
- Safnið fékk marga gesti í heimsókn á árinu bæði innlenda og erlenda. Sumir vildu að fræðast um starfsemi safnsins en aðrir nota gögn safnsins vegna skrifa sinna og rannsókna.

Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011. Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Markmiðið með því gæðaeftirliti er að viðhalda gæðum námsins, stuðla að ábyrgð leiðbeinenda, námsgreina og deilda. Enn fremur er miðstöðinni ætlað að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú um fimm hundruð talsins.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnýslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Starfandi forstöðumaður er Jón Atli Benediktsson en verkefnisstjóri er Pétur Ástvaldsson.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að hafa yfirsýn yfir doktorsnámið, í breiðum skilningi, með söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um námið og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin veitir leiðbeinendum upplýsingar um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfi tilnefndra andmælenda við doktorsvarnir. Í samvinnu við deildir staðfestir hún einnig námsáætlanir doktorsnema, svo og nýjar námsleiðir í framhaldsnámi, í samvinnu við kennsluvið skólans. Ný viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru samþykkt vorið 2012 og er þar m.a. lögð áhersla á að gera verkferla miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnámið við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og sameiginlegar prófgráður með erlendum háskólum og veita leiðbeiningu um gerð slíkra samninga. Eru þeir orðnir nær 30 talsins. Sömu leiðis sér hún um auglýsingu og úthlutun aðstoðarkennarastyrkja sem skólinn hefur veitt doktorsnemunum árlega frá 2007, í samvinnu við vísindasvið skólans. Miðstöðin hefur einnig staðið fyrir því, í samvinnu við starfsmannasvið og vísindasvið, að birta á vef skólans ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir erlenda nemendur, sem eru að flytjast til Íslands og innritast í doktorsnám.

Í gagnagrunni miðstöðvarinnar yfir alla skráða doktorsnema við Háskóla Íslands hverju sinni er að finna ítarlegar upplýsingar frá fræðasviðum um hvern doktorsnema, leiðbeinendur, doktorsnefndir, framgang námsins og fleira. Verk þetta hefur verið unnið í samvinnu við Reiknistofnun Háskóla Íslands. Umsjón er á hendi miðstöðvarinnar en upplýsingarnar eru jafnframt miðlægar, þ.e.

tengiliðir eða umsjónarmenn frá hverju fræðasviði tryggja að þar séu ávallt nýjustu upplýsingar og nákvæmstu um doktorsnema og stöðu þeirra í náminu.

Fullveldisdagurinn 1. desember er nú tileinkaður doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms stóð fyrst að hátíð brautskráðra doktora þann dag árið 2011 og síðan aftur árið 2012 en þá voru heiðraðir þeir sem luku doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár. Hátíðin hefur mælst afar vel fyrir og verður fastur liður á dagskrá háskólans í framtíðinni.

Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnáslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs ráðast að miklu leyti af eftirfarandi þáttum:

- mörkun stefnu um fagleg innri og ytri samskipti Háskóla Íslands,
- yfirstjórn ytri vefs og mörkun vefstefnu í samvinnu við sérstakan vefstjórnarhóp,
- eftirfylgni við framangreindar stefnur,
- upplýsingamiðlun á innri vef og þróun hans,
- samskiptum við fjölmiðla ásamt aðstoð og ráðgjöf um fjölmiðlasamskipti fyrir allar einingar háskólans,
- stjórnun viðburða á vegum Háskóla Íslands ásamt faglegri ráðgjöf og aðstoð í tengslum við viðburði,
- útgáfu markaðs-, kynningar- og fréttæfnis í nafni Háskóla Íslands,
- aðstoð og ráðgjöf við vinnslu markaðs- og kynningarefnis fyrir allar einingar,
- auglýsingamálum Háskóla Íslands,
- mótun hollvinastarfs og innleiðingu á slíku starfi,
- umsjón og umsýslu með starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands,
- gerð samninga við samstarfsaðila um markaðs- og kynningarmál.

Stjórn og starfslið

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál á árinu voru í höndum hans og Björns Gíslasonar, sem jafnframt ritstýrði vef skólans. Guðrún J. Bachmann helgaði krafta sína vísindamiðlun, sem er skilgreind sem áhersluþáttur í stefnu skólans. Hún var skólastjóri Háskóla unga fólksins og stýrði auk þess verkefninu Háskólalestin þar sem efnt var til vísindaveislu á landsbyggðinni. Háskóli unga fólksins var með í lestinni og kom hún við á fjórum stöðum úti á landi. Guðrún stýrði jafnframt Vísindasmiðjunni í Háskólabíói, sem stofnuð var í upphafi árs. Markmið Vísindasmiðjunnar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan verður starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins.

Guðrún hafði jafnframt umsjón með verkefninu Biophilia sem hrint var í framkvæmd í samvinnu við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg árið 2011. Um er að ræða nýstárlegt verkefni þar sem fléttað er saman vísindum og tónlist og hvorutveggja miðlað til grunnskólabarna.

Vefstjóri háskólans var Díana Dögg Víglundsdóttir. María Ásdís Stefánsdóttir vann við vefumsjón ásamt henni. Helga Brá Árnadóttir var verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Björg Magnúsdóttir var ráðin tímabundið til aðstoðar við vinnslu á Tímariti Háskóla Íslands og við kynningar á námsleiðum skólans. Björg var jafnframt til aðstoðar við undirbúning og rekstur Háskólalestar og skólahald í Háskóla unga fólksins.

Upplýsingaskrifstofa háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka Haraldsdóttir og þar störfuðu einnig Guðrún Pétursdóttir og Guðbjörg S. Haraldsdóttir. Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Helstu verkefni upplýsingaskrifstofu eru símsvörun í aðalnúmer háskólans, bókanir í stofur og gestaíbúðir og dreifing á kynningarefni Háskóla Íslands.

Vísindamiðlunarverðlaun til Háskóla Íslands

Háskóli Íslands tók við tvennum verðlaunum á árinu 2012 fyrir vísindamiðlun, sem er stór hluti af starfi markaðs- og samskiptasviðs.

Háskóli Íslands hlaut fyrst evrópsk verðlaun fyrir besta vísindamiðlunarverkefni ársins 2011. Um var að ræða svokallaðar Biophilia-tónvísindasmiðjur, sem eru samstarfsverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarkonu, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Verðlaunin veita samtök samskiptasérfræðinga í evrópskum háskólum (EUPRIO) og tók Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands, við þeim fyrir hönd háskólans á ársfundi EUPRIO 2012 í Gautaborg. Aðild að EUPRIO eiga flestir virtustu háskólar í Evrópu. Alls voru um 20 verkefni frá evrópskum háskólum í keppninni um besta vísindamiðlunarverkefni ársins 2011 og stóð valið á milli tveggja verkefna frá Háskóla Íslands, áður nefndra Biophilia-tónvísindasmiðja og vísindapáttanna Fjárjóður framtíðar sem sýndir voru á RÚV á aldarafmælisári Háskóla Íslands 2011.

Þá hlaut Háskóli Íslands árviss vísindamiðlunarverðlaun Rannís fyrir Háskólalestina svokölluðu. Háskólalestin byggist upp á fjölpættum vísindaviðburðum þar sem margir leggjast á eitt við að uppfræða og skemmta samtímis. Í lestinni voru m.a. vísindamenn háskólans, kennarar og framhaldsnemendur og var lestin byggð á sjálfstæðum einingum sem mynduðu eina órofa heild. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Jóni Atla Benediktssyni, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, viðurkenningu fyrir þetta verkefni en fulltrúar lestarinnar tóku við viðurkenningunni með honum.

Viðburðaríkt ár hjá Háskóla Íslands

Að venju kom markaðs- og samskiptasvið að fjölda viðburða. Sviðið sá auk þess um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og verkefnum, annaðhvort eitt og sér eða í samvinnu við aðrar einingar innan háskólans.

Markaðs- og samskiptasvið kom að sérstakri fyrirlestraröð rektors sem nefnist Fyrirtæki verður til en markmiðið með henni var að undirstrika mikilvægi nýsköpunar og hvernig hugmyndir geta hrint af stað stórum atvinnuskapandi fyrirtækjum.

Markaðs- og samskiptasvið stýrði kynningu á námsframboði Háskóla Íslands á háskóladeginum í febrúar ásamt kynningum á landsbyggðinni, m.a. á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði. Námskynningin á háskóladeginum var gríðarlega vel sótt. Auk þessa sá sviðið um fjölda kynninga á helstu námsleiðum bæði innan skólans og utan.

Önnur helstu verkefni sem sviðið sinnti á árinu 2012:

- Fjöl margar gönguferðir voru farnar undir heitinu Með fróðleik í fararnesti í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Þar leiddu vísindamenn háskólans og fararstjórar á vegum Ferðafélags Íslands saman hesta sína í fræðandi gönguferðum á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess. Þessar ferðir hófust á afmælisárinu, 2011.
- Háskólalest Háskóla Íslands fór á árinu 2012 á eftirfarandi staði: Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal, Fjallabyggð (Ólafsfjörð og Siglufjörð), Grindavík og Ísafjörð.
- Háskóli unga fólksins var að venju starfræktur í viku í júnímánuði, auk þess sem hann fór á fjóra staði á landsbyggðinni með Háskólalestinni.
- Árleg vísindavaka var haldin í lok september.
- Biophilia, vísindamiðlunarverkefninu var haldið áfram frá árinu 2011 í samstarfi við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg.
- Tímarit Háskóla Íslands kom út í febrúar.
- Árleg hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru veitt í nóvember.
- Hátíð brautskráðra doktora var haldin í desember þar sem nýdoktorar, sem brautskráðst höfðu frá skólanum síðustu tólf mánuði, voru heiðraðir.
- Farið var í almannatengslaferðir vegna allra helstu viðburða ársins.
- Brautskráningar frá Háskóla Íslands voru tvær á árinu, í febrúar og júní.
- Alþjóðadagur var haldinn í október þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar á skiptinámi í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.
- Háskólatónleikar voru kynntir.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar.
- Úthlutað var úr fjölmörgum styrktarsjóðum Háskóla Íslands.
- Úthlutað var úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands.
- Aðstoðað var við kynningu á Þjóðarspegli.
- Vísindasmiðjan var rekin í samstarfi við vísindamenn og nemendur í raunvísindum.
- Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var í fyrsta sinn haldin með Háskóla Íslands að bakhjarli.
- Framadagar voru að venju haldnir í febrúar.

Útgáfa kynningarefnis

Markmiðið með útgáfu á kynningarefni háskólans er að koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan háskólans.

Árið 2012 kom út efnismeira Háskólatímarit en nokkru sinni með áherslu á rannsóknir innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar en ljósmyndun í höndum Kristins Ingvarssonar, Stefáns Helga Valssonar, Gunnars Sverrissonar, Ragnars Axelssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar. Ritstjórar voru Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson. Efnisöflun og vinnsla var að mestu í höndum starfsmanna markaðs- og samskiptasviðs en nokkur hluti greina kom frá nemendum í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Annað kynningarefni um starfsemi háskólans var af ýmsum toga, m.a.:

- Efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands.
- Yfirlit yfir allar námsleiðir í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands.
- Kynningarbæklingur á ensku um starfsemi Háskóla Íslands.

Fjöl margar deildir og námsleiðir innan háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefninu.

Vefmál Háskóla Íslands

Heildarumsjón með inntaki og útliti ytri vefsvæða Háskóla Íslands er í höndum markaðs- og samskiptasviðs. Sviðið vinnur náið með sérstökum vefstjórnarhópi. Í honum voru, auk Jóns Arnar Guðbjartssonar sviðsstjóra, þau Díana Dögg Víglundsdóttir, vefstjóri skólans, Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnisstjóri vefmála, Björn Gíslason vefritstjóri, Sif Sigfúsdóttir fyrir Félagsvísindasviði, María Ásdís Stefánsdóttir fyrir Heilbrigðisvísindasviði, Guðmundur Hörður Guðmundsson fyrir Hugvísindasviði, Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir fyrir Menntavísindasviði, og Ingi Rafn Ólafsson fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Ásdís Ýr lét af störfum í júní og tók María Ásdís við því starfi í september. Í stað Maríu var Katrín Björg Jónasdóttir ráðin á Heilbrigðisvísindasviði og tók hún jafnframt sæti í vefstjórnarhópnum. Um miðjan nóvember fór Díana Dögg í fæðingarorlof og tók María þá við hennar starfi sem vefstjóri. Á sama tíma færðist Kolbrún Mjöll yfir til markaðs- og samskiptasviðs frá Menntavísindasviði. Bryndís Jónsdóttir leysti Kolbrúnu af á Menntavísindasviði.

Fjöldmörg verkefni voru unnin á vefsviði á árinu. Í apríl var endurnýjuð útgáfa af vef Háskóla Íslands, hi.is, opnuð. Vinna við vefinn hafði tekið langan tíma. Ákveðið var að fara í ítarlega þarfagreiningu fyrir vefinn og haldnir voru margir rýnihópafundir til þess að afla upplýsinga um það sem notendur, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn töldu að betur þyrfti að fara á vefnum. Yfirumsjón með þessari vinnu hafði Díana Dögg Víglundsdóttir en vefurinn var hannaður af Jonathan Gerlach hjá vefhönnunarstofunni Skapalóni.

Vefurinn student.is var endurnýjaður að hluta til. Útlit var uppfært og umsjónarkerfi hans sömuleiðis. Vinna við smáforrit (app) Háskóla Íslands hófst í maí, m.a. með þarfagreiningu og starfi rýnihóps. Smáforritinu er ætlað að geyma alla þá þætti sem nemendur, kennarar og aðrir gestir á háskólasvæðinu þurfa að nálgast með fljótlegum hætti. Í vinnuhópi voru Díana Dögg Víglundsdóttir og Jón Örn Guðbjartsson frá markaðs- og samskiptasviði, Jón Atli Hermannsson frá Stúdentaráði og Arnkell Logi Pétursson og Jóhann T. Maríusson frá Reiknistofnun Háskóla Íslands.

Öflugur vinnuhópur um starfsmannavef Uglunnar hélt áfram störfum á árinu og átti Díana Dögg sæti í þeim hópi fyrir hönd markaðs- og samskiptasviðs. María Ásdís hafði setið í hópnum sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs og starfaði hún áfram með hópnum eftir að hún fluttist til markaðs- og samskiptasviðs. Markmið hópsins var að gera starfsmannavef háskólans að öflugum vettvangi fyrir starfsmenn.

Í nóvember var haldinn fyrsti stefnumótunardagurinn um málefni ytri vefja Háskóla Íslands. Stefna var mótuð um notkun samfélagsmiðla, hvernig best væri að meðhöndla myndir og myndbönd á vefjum skólans, stofnanavefi og einstaklingsvefi. Einnig var farið yfir stefnu fyrir aðalvef skólans, hi.is. Mikil ánægja var með skipulag dagsins og ákveðið að halda stefnumótunardag að ári enda miklar og örur breytingar í vefmálum almennt.

Haldin voru fjöldmörg byrjendanámskeið í Drupal-vefumsjónarkerfinu fyrir nýtt vefumsjónarfólk. Nokkur framhaldsnámskeið og vinnustofur voru haldin í kjölfarið. Námskeiðin hafa reynst gríðarlega vel og gagnast við að halda uppi gæðum vefja háskólans.

Auk framangreindra vefja var opnaður eða uppfærður fjöldi vefja fyrir stofnanir Háskóla Íslands, auk einstaklingsvefja og ýmissa sérvefja.

Fjársjóður framtíðar – Vísindabættir fyrir sjónvarp

Við Háskóla Íslands eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á ólíkum fræðasviðum skólans. Markaðs- og samskiptasvið vann á árinu vísindabáttaröð fyrir sjónvarp sem veitir fólki skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn háskólans sinna og hvernig þeir vinna við rannsóknir við afar ólíkar aðstæður. Báttaröðin nær yfir vísindarannsóknir á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands.

Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a. á Hornströndum, Snæfellsnesi, Breiðafirði, á Íslandsmiðum, í Bolungarvík, Skálavík, á Rauðasandi, Látrabjargi og víðar.

Framleiðandi var Kukl og kvikmyndatökumenn voru Bjarni Felix Bjarnason og Konráð Gylfason sem stjórnáði einnig upptökum ásamt Jóni Erni Guðbjartssyni, sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs. Handritsgerð var í höndum Jóns Arnar, Björns Gíslasonar og Konráðs. Þættirnir voru sýndir á RÚV á árinu 2013.

Vísindamiðlun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Eitt helsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs í vísindamiðlun árið 2012 var Háskóli unga fólksins en í honum koma saman hundruð nemenda grunnskólanna og kynnast um stund námi og starfi við háskólann. Að þessu sinni var rösklega þrjú hundruð grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna.

Á árinu vakti ferðalag Háskólalestarinnar einnig mikla athygli. Í Háskólalest Háskóla Íslands er boðið upp á vísindaleiki, létta en markvissa kennslu fyrir grunnskólanema, fjör og gríðarlega fjölbreytt fræði sem gjarnan eru sniðin að sérkennum þess staðar sem er heimsóttur. Verkefninu var hrint af stað á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Lestin heimsótti fjóra áfangastaði vorið 2012 í nánu samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög og marga fleiri. Í lestinni voru fræði og fjör úr Háskóla unga fólksins, Sprengjugengi Háskóla Íslands, tilraunasmiðjur, örfyrirlestrar og alls kyns óvæntar uppkomur. Á árinu 2012 var farið á eftirfarandi staði: Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal, Fjallabyggð (Ólafsfjörð og Siglufjörð), Grindavík og Ísafjörð.

Vísindamenn við Háskóla Íslands tóku virkan þátt í svokölluðum Biophilia-tónvísindasmiðjum fyrir grunnskólabörn sem söngkonan Björk Guðmundsdóttir stóð að ásamt Reykjavíkurborg og háskólanum. Verkefnið var sett á laggirnar í tengslum við tónleikaröð og útgáfu á hljómplötu Bjarkar, Biophilia. Í verkefninu voru nemendur leiddir um töfraveröld tónfræðinnar og í undraheima kristalla, huldufænis, eldinga, jarðreks, tunglsins, þyngdarkrafts, veira, möndulhalla og erfðaefnis. Lögin á Biophilia vísa öll til þessara þátta. Vísindamenn og kennarar frá Háskóla Íslands kynntu framangreind undur náttúrunnar fyrir nemendum ásamt tónmennta- og náttúrufræðikennurum frá Reykjavíkurborg. Inni í stórbrotinni veröld Biophilia-verkefnisins lærðu nemendur m.a. á snertivirk smáforrit (e. App) sem eru hin fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Í framhaldinu sköpuðu nemendurnir sínar eigin tónsmíðar og hljóðrituðu þær. Markmiðið með þessum nýstárlegu vísinda- og tónfræðismiðjum er að kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á lífinu og umheiminum í sinni víðustu mynd.

Þá var Vísindasmiðja Háskóla Íslands opnuð snemma á árinu en hún er til húsa í Háskólabíói. Markmið hennar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan verður starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins en fyrsta starfsárið heimsóttu fjölmargir bekkir á miðstigi og elsta stigi grunnskólans smiðjuna og nutu þar leiðsagnar bæði kennara og nemenda við Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Markaðs- og samskiptasvið háskólans starfar náið með íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi háskólans sem snerta m.a. vísindarannsóknir, nýsköpun, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, tengsl við atvinnulíf, úthlutun styrkja, afrek og kennslu. Háskóli Íslands var með 62,3% allrar umfjöllunar á árinu um starfsemi háskóla á Íslandi en

birtingar um Háskóla Íslands jukust á árinu um 5,3%. Birtingar í fjölmiðlum voru 5.403 eða nærri 15 á dag að meðaltali yfir allt árið. Þetta er miðað við skýrslu CreditInfo.

Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkara mæli til að varpa ljósi á ólík málefni. Með samskiptum við fjölmiðla miðlar háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar.

Markaðs- og samskiptasvið aðstoðaði fjölda innlendra og erlendra fjölmiðla við að nálgast sérfræðinga háskólans á árinu 2012. Sérfræðingar háskólans voru áberandi í umræðunni hér heima á árinu við álitsgjöf á ýmsum málum í samfélaginu, sem vörðuðu m.a. umhverfi, jarðvísindi, stöðu hagkerfisins, stjórnsmál, siðfræði, lögfræði, heilsu og hag almennings.

Fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans leituðu ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrði undir markaðs- og samskiptasvið á árinu 2012 og hafði Helga Brá Árnadóttir umsjón með sjóðunum. Fjármálastjóri Háskóla Íslands kemur að fjármálaumsýslu sjóðanna. Sjóðir háskólans eru nú ríflega sextíu ásamt gjöfum sem Háskóla Íslands hefur verið ánað. Sjóðirnir starfa flestir eftir staðfestri skipulagsskrá. Nánar er fjallað um starfsemi Styrktarsjóða annars staðar í árbókinni.

Innri tengsl og samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu í ýmsum vinnuhópum og nefndum um verkefni innan og utan háskólans á árinu. Jón Örn Guðbjartsson, Björn Gíslason og Guðrún J. Bachmann sátu í markaðs- og kynningarráði skólans ásamt Ásu Kolka. Í markaðs- og kynningarráði sátu einnig Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrir Hugvísindasvið, Katrín Björg Jónasdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, fyrir Menntavísindasvið, og Ingi Rafn Ólafsson, fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Jón Örn og Dána Dögg Víglundsdóttir leiddu vefstjórnarhóp skólans. Jón Örn Guðbjartsson sat einnig sem varamaður í stjórn Vísindavefsins.

Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón með kennslu- og nemendamálum skólans, reglusetningu og samningagerð, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, og jafnréttismálum, svo og undirbúningur og afgreiðsla mála fyrir háskólaráð.

Kennslusvið annast sameiginleg mál háskólans er varða kennslu, próf, skráningu stúdenta, kennsluhúsnæði og búnað. Á vegum þess er auk skrifstofu sviðsins jafnframt starfrækt Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborð í Háskólatorgi sem sérstakar starfseiningar. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins er starfrækt á kennslusviði skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem og ENIC-/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofa um viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Jafnréttisfulltrúi háskólans starfar innan sviðsins í nánú samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár og skiptist kennsluárið í tvö misseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Stúdentar sem ljúka námi í september geta

fengið námslok sín staðfest og prófskírteini afhent í október. Nýttar voru heimildir til að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum háskólaárið 2011–2012 skv. ákvörðun háskólaráðs. Nýskráningar á vormisseri 2012 voru 4.321 og 3.624 á haustmisseri 2012.

Skrifstofa kennslusviðs

Eitt meginverkefnið á skrifstofu kennslusviðs er umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og enn fremur umsjón með tengslum við Samtök norrænna háskóla (NUS) og Samtök evrópskra háskóla (EUA). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennslusviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Öll þjónusta kennslusviðs við nemendur er í Háskólatorgi. Á 3. hæð eru Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins. Á 2. hæð eru Þjónustuborð og skrifstofa jafnréttisfulltrúa háskólans.

Enn meiri áhersla var lögð á aðhald og hagræðingu í rekstri og sókn til að afla tekna en fyrri ár. Samþykkt háskólaráðs um heimild til gjaldtöku fyrir endurtökupróf tók gildi á haustmisseri og hóf að skila tekjum 2012. Samræmd heimasíða allra eininga kennslusviðs er stöðugt verkefni sem unnið er að, svo og skráning á öllum nefndum, stjórnnum og starfshópum skólans. Verkefnisstjóri á skrifstofu undirbýr fundi jafnréttisnefndar og ritar fundargerðir. Verkefnum einstakra starfseininga kennslusviðs er lýst sérstaklega aftar í þessum kafla.

Lög og reglur

Reglur nr. 569/2009 tóku gildi 1. júlí 2009, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla, og eru þessar reglur afar víðtækar og ná yfir mestalla starfsemi skólans. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands höfðu verið sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008. Endurskoðun á öðrum reglum skólans og stofnana hans í kjölfar nýrra laga, svo og áður getinna heildarreglna, var haldið áfram frá fyrra ári. Nýjar reglur og breytingar á eldri reglum voru birtar 17 sinnum í Stjórnartíðindum á árinu. Jafnframt var unnið að verklagsreglum kennslusviðs, sem eru hluti af gæðakerfi skólans. Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>. Í árslok 2012 hafði ekki verið ráðið í starf lögfræðings háskólans sem hætti störfum á miðju ári 2011.

Kennsluskrá

Kennsluskrá háskólans er gefin út árlega á vefnum, á slóðinni kennsluskra.hi.is. Í kennsluskránni eru m.a. tilgreindar allar námsleiðir og öll námskeið sem kennd eru við skólann og skipulagi námsins lýst. Gerð er grein fyrir hverri námsleið og hverju kjörsviði (áherslulínu) þegar við á, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta umsóknir um nám, skráningu nemenda og skrásetningargjöld, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur. Kennsluskráin er alfarið unnin og birt í Uglu, hugbúnaðarkerfi Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Ritstjóri kennsluskrár er Sveinn Klausen.

Um efni kennsluskrár, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum verklagsreglum um kennsluskrá, settum af háskólaráði 5. nóvember 2009. Verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða, settar 4. mars 2010, tengjast einnig með beinum hætti vinnu við

kennsluskurá. Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>.

Kennsluskuráin er unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda, námsbrauta og þverfræðilegs náms. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskurár en kennslusvið ræður ritstjóra. Hver deild – og hver námsbraut, þegar því er að skipta – skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskurárvinnu fyrir hönd deildarinnar. Kennarar eiga einnig þátt í gerð kennsluskurár, enda eru þeir ábyrgir fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Ríflega 40 manns komu með beinum hætti að gerð kennsluskurár 2012–2013, fyrir utan fjölda kennara.

Vinna við undirbúning kennsluskurár háskólaársins 2012–2013 hófst í september 2011. Ritnefnd fundaði nokkrum sinnum á vinnslutímanum, auk þess sem haldnir voru samráðs- og vinnufundir með tengiliðum deilda og námsbrauta. Aðlaga þurfti kennsluskurána og tilheyrandi undirkerfi að breyttri skráningu og utanumhaldi lokaverkefna í nemendakerfi Uglu, sem ráðist var í haustið 2011. Verkefnið reyndist vandasamt og tímafrekt úrlausnar. Umbæturnar voru hins vegar nauðsynlegar og til mikils hagræðis til lengri tíma litið, bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Einnig má nefna að gerðar voru umtalsverðar endurbætur á framsetningu námskeiða, m.a. varðandi fjölda og skiptingu kennslustunda og kennsluvikna.

Samsetning kennsluskurár og efnistöð voru með sama hætti og undanfarin ár. Í maí 2011 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út endurskoðuð Viðmið um æðri menntun og prófgráður. Á vettvangi fræðasviða og deilda tók vinna við skilgreiningu hæfniviðmiða námskeiða og námsleiða mið af þessum nýju viðmiðum og einfölduðum ramma sem þar er settur fram. Ný kennsluskurá var birt 15. febrúar 2012, með fyrirvörum um hugsanlegar breytingar og viðbætur. Kennsluskuráin taldist svo fullbúin um miðjan mars, þegar árleg námskeiðaskráning hófst.

Í kennsluskurá ársins 2012–2013 voru birtar upplýsingar um alls 4.083 námskeið eða námsatvik (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, lokaverkefni, málstofur o.fl.). Þar af voru um 3.500 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í tæplega 2.600 námskeiðum voru nemendur 5 eða fleiri. Í um 280 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri, en 200 eða fleiri í um 80 námskeiðum. Af ríflega 2.000 kenndum námskeiðum voru um 1.200 í grunnnámi, 600 í framhaldsnámi og 200 í grunn- og framhaldsnámi. Af þessum námskeiðum voru 274 kennd á ensku, þar af 109 í grunnnámi. Um 160 námskeið voru kennd á öðrum erlendum tungumálum, flest í grunnnámi. Námskeið í skipulögðu fjarnámi voru alls 314, þar af 180 í grunnnámi. Rúmlega helmingur fjarnámskeiða var á vegum Menntavísindasviðs.

Birtar voru upplýsingar um alls 343 námsleiðir, þar af 104 í grunnnámi og 239 í framhaldsnámi. Ekki er talin með 51 aukagrein í bakkalárnámi, en bakkalárpróf getur verið samsett úr 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Meðtaldar eru hins vegar 6 diplómaleiðir í grunnnámi (60–90e) og 34 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30–60e).

Í boði voru 140 námsleiðir til meistaraþrófs á háskólaárinu 2012–2013. Til doktorsþrófs voru í boði 63 skipulagðar námsleiðir. Alls voru 13 nýjar námsleiðir samþykktar og í boði í fyrsta skipti á háskólaárinu, allar á meistaraþstigi.

Tekið skal fram að námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin almenn bókmenntafræði er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraþrófs og til doktorsþrófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskurá reiknast þetta í raun sem fimm mismunandi námsleiðir. Hugtakið námsgrein samsvarar orðinu *subject* á ensku og má skilgreina sem samnefnara námsleiða

(e. *programmes*) til prófgráðu eða lokaprófs. Miðað við þessa skilgreiningu teljast námsgreinar við Háskóla Íslands hafa verið 122 háskólaárið 2012–2013.

Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum, þ.e. í vor- og haustprófum á árinu 2012 voru haldin skrifleg próf í 1.040 námskeiðum og prófúrlausnir í þeim (staðið og fallið) voru um 43.200. Haldin voru sjúkra- og upptökupróf í janúar, maí og júní í 777 námskeiðum og prófúrlausnir þar voru um 4.400. Heildarfjöldi úrlausna jókst um 5,5% frá fyrra ári. Á eftirfarandi yfirliti sést nánari skipting eftir námsstöðu (úrsögn, veikindi, fjarverandi, staðið, fall) og próftímabilum. Hafa ber í huga að einn og sami námsmaðurinn getur verið með mismunandi námsstöðu og að yfirlitið miðast við hvert próftímabil fyrir sig en ekki endanlega niðurstöðu í hverju námskeiði fyrir sig. Sá sem fellur í einu prófi getur staðist próf í sama námskeiði á öðrum tíma. Fjöldi prófa vísar til fjölda námskeiða sem lauk með skriflegum prófum. Á yfirlitinu sést að úrsagnir eru að meðaltali 28% en þó sýnu mestar á reglulegum próftímabilum að hausti og vori.

Tafla 1.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir	Veikindi	Fjarverandi	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	176	11 1%	33 4%	71 8%	622 67%	198 21%	935 100%
Vorpróf	489	12.519 35%	1.587 4%	3.299 9%	16.540 46%	2.336 6%	36.281 100%
Maí	319	135 5%	124 5%	321 13%	1.334 54%	560 23%	2.474 100%
Júní	282	91 4%	134 6%	194 9%	1.225 59%	439 21%	2.083 100%
Haustpróf	551	10.060 26%	1.667 4%	2.319 6%	20.749 54%	3.597 9%	38.392 100%
Samtals	1.817	22.816 28%	3.545 4%	6.204 8%	40.470 50%	7.130 9%	80.165 100%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	176	622 76%	198 24%	820 100%
Vorpróf	489	16.540 88%	2.336 12%	18.876 100%
Maí	319	1.334 70%	560 30%	1.894 100%
Júní	282	1.225 74%	439 26%	1.664 100%
Haustpróf	551	20.749 85%	3.597 15%	24.346 100%
Samtals	1.817	40.470 85%	7.130 15%	47.600 100%

Hér að ofan sést að hlutfallslega fleiri standast próf að vori en að hausti og meginskýringin er sennilega sú að hluti nemenda hefur horfið frá námi um áramót. Sömuleiðis sést, sem fyrr, að árangur í sjúkra- og upptökuprófum (í janúar, maí og júní) er talsvert lakari en í hefðbundnum haust- og vorprófum.

Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða með prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um fjölda prófa og prófurlausna ekki heildarmynd af námsmati við háskólann. Í eftirfarandi töflu vísar fjöldi prófa til námskeiða, ritgerða og verkefna þar sem lokaeinkunnir voru gefnar eða að nemendur stóðust án einkunnar.

Tafla 3.

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir	Veikindi	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	35	7 5%	2 1%	78 57%	51 37%	138 100%
Vor	1.041	8.314 37%	147 1%	13.458 60%	641 3%	22.560 100%
Maí	33	4 5%	1 1%	64 75%	16 19%	85 100%
Júní	28	1 1%	0 0%	82 86%	12 13%	95 100%
Sumar	231	673 41%	5 0%	933 57%	18 1%	1.629 100%
Haust	932	6.610 33%	101 1%	12.517 63%	721 4%	19.949 100%
Samtals	2.300	15.609 38%	256 1%	27.132 61%	1.459 3%	44.456 100%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í töflu 4.

Tafla 4.

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	35	78 60%	51 40%	129 100%
Vor	1.041	13.458 95%	641 5%	14.099 100%
Maí	33	64 80%	16 20%	80 100%
Júní	28	82 87%	12 13%	94 100%
Sumar	231	933 98%	18 2%	951 100%
Haust	932	12.517 95%	721 5%	13.238 100%
Samtals	2.300	27.132 95%	1.459 5%	28.591 100%

Starfsmenn kennsluviðs aðstoðuðu við framkvæmd 123 prófa sem haldin voru á kennslutíma og prófurlausnir þar voru um 9.250. GRE-próf (Graduate Record Examinations) voru haldin í febrúar og október og þau þreyttu samtals um 60 manns. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem háskólinn annast fyrir erlendar stofnanir en á meðal fastra viðskiptavina vegna fjarnáms Íslendinga eru University of South Africa og University of London en kennsluvið hefur umsjón með prófum frá fleiri skólum á hverju ári. Þá eru ótalin fjarpróf sem send eru frá háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan. Þegar allt er lagt saman er ljóst að starfsmenn kennsluviðs komu að u.þ.b. 57.000 próftökum á árinu 2012.

Loks ber að nefna að inntökupróf Læknadeildar, 6 tveggja stunda próf, voru haldin 13. og 14. júní og samtals voru 370 manns skráðir í þau.

Starfsfólk

Ársverk á skrifstofu kennsluviðs og við prófahald voru 6,37. Þar störfuðu árið 2012: Þórður Kristinsson, sviðsstjóri, Amalía Skúladóttir, skrifstofustjóri (í 87% starfshlutfalli), Sigurður Ingi Árnason, verkefnisstjóri prófahalds, Hreinn Pálsson, prófstjóri og verkefnisstjóri Uglu, Hrafnkell Björnsson, verkefnisstjóri í prófahaldi (í 50% starfshlutfalli), Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Sveinn Klausen, ritstjóri kennsluskrár og vefstjóri kennsluviðs, öll í fullu starfi nema skrifstofustjóri og verkefnisstjóri í prófahaldi.

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands annast formleg alþjóðasamskipti Háskóla Íslands, s.s. stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti og gerð samstarfssamninga við erlenda háskóla. Skrifstofan sinnir þjónustu við stúdenta og starfsmenn Háskóla Íslands sem fara utan á vegum samstarfsáætlaða, annast móttöku umsókna skiptistúdenta og móttöku erlendra skiptistúdenta við komu til landsins. Til ársloka 2012 var í gildi samningur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og kvað sá samningur á um ýmsa þjónustu sem var opin öllum landsmönnum. Sem dæmi má nefna rekstur upplýsingaþjónustu um nám erlendis, rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins í samvinnu við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, upplýsingaskrifstofu fyrir Erasmus Mundus og e-twinning-áætlun Evrópusambandsins um rafrænt skólasamstarf og kynningarstarf vegna Bologna-ferlisins. Alþjóðaskrifstofan hafði einnig, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, umsjón með þátttöku íslenskra fulltrúa á vinnustofum/námskeiðum sem haldin eru á vegum tungumálamiðstöðvar Evrópuráðsins í Graz í Austurríki. Skrifstofan hafði enn fremur, í umboði menntamálaráðuneytisins, umsjón með viðurkenningunni European Label, sem Evrópusambandið veitir fyrir nýjungar í tungumálakennslu. Verkefni Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins voru í árslok 2012 flutt yfir til Rannís og verður hún ekki starfrækt undir því nafni þaðan í frá.

Alþjóðaskrifstofan var landskrifstofa fyrir Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt samningi við norrænu ráðherranefndina var Alþjóðaskrifstofan aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar. Í því felst að skrifstofan tók við umsóknum frá öllum Norðurlöndunum, mat þær í samstarfi við Nordplus-skrifstofur á hinum Norðurlöndunum og lagði til úthlutun við stjórn sem tók endanlega ákvörðun um hana. Skrifstofan sá síðan um styrkúthlutanir, samningagerð við styrkhafa, fylgdist með framkvæmd verkefna, innheimti lokaskýrslur, uppgjör og annað sem lýtur að utanumhaldi og framkvæmd áætlunarinnar. Alþjóðaskrifstofan var jafnframt meðstjórnandi í öðrum undiráætlunum Nordplus (Nordplus Junior, Voksen, Horizontal og Nordplus fyrir háskólastig). Þátttökulönd í Nordplus eru Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin. Ný Nordplus-áætlun tók gildi með nokkrum breytingum í ársbyrjun 2012 og var hún kynnt á sérstakri kynningaráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 11. janúar 2012.

Starfsfólk

Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins – Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands voru eftirtaldir á árinu 2012: Karítas Kvaran forstöðumaður, Sigurlaug Sverrisdóttir fulltrúi og verkefnastjórnarnir Áslaug Jónsdóttir, Guðmundur I. Markússon, Harpa Sif Arnardóttir, Hulda Hrafnkelsdóttir, Óskar E. Óskarsson, Ragnhildur Zoëga (var í leyfi frá hausti 2011 til hausts 2012 og Ann-Helen Oddberg leysti hana af á meðan), Rúna Vigdís Guðmarsdóttir, Sigríður Vala Vignisdóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Þorgerður E. Björnsdóttir.

Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet

Helstu áætlanirnar sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru menntaáætlun Evrópusambandsins, einkum undiráætlanirnar Erasmus og Leónardó, Nordplus-áætlun Norðurlandaráðs og International Student Exchange Programme, sem er bandarísk stúdentaskiptaáætlun. Einnig hefur háskólinn gert tvíhliða

samstarfssamninga við fjölmarga háskóla og stofnanir víðs vegar um heiminn. Upplýsingar um alla samninga eru aðgengilegar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar á slóðinni <http://www.hi.is/adalvefur/samstarfsskolar>.

Háskóli Íslands er einnig þátttakandi í stóru evrópsku samstarfsneti háskóla, svonefndu Utrecht-neti. Utrecht-netið er samstarfsnet 31 háskóla í Evrópu og hefur netið gert samstarfssamninga við um 14 háskóla í Bandaríkjunum og sjö í Ástralíu, þetta er því samstarfsnet um 50 háskóla í þremur heimsálfum. Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofunnar var í stjórn Utrecht-netsins frá 2004 og var forseti þess frá apríl 2009 til september 2010. Frá 2011 hefur forstöðumaður Alþjóðaskrifstofunnar enn fremur verið formaður í vinnuhóp Utrecht-netsins sem skipuleggur sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn háskólanna sem eru í Utrecht-netinu. Námskeið var haldið í Reykjavík dagana 22.–26. október 2012 fyrir starfsfólk sem annast mat á erlendum umsóknum um skólavist í háskólum. Um 30 þátttakendur frá 13 löndum sóttu námskeiðið. Sérfræðingur frá Uppsalaháskóla var fenginn til að halda erindi og taka þátt í vinnuhópum um vandamál sem upp koma við mat á umsóknum, m.a. um falsanir af ýmsum toga, sem nauðsynlegt er að varast.

Í gildi eru 560 Erasmus-samningar. Erasmus-samningar eru oft gerðir í einstökum fögum og því getur hver skóli verið með marga samninga við suma skóla, eða haft einn opinn samning við tiltekinn skóla. Gerðir voru 35 nýir Erasmus-samningar á árinu, þar af 14 eingöngu um kennaraskipti.

Þátttaka Háskóla Íslands í Nordplus-samstarfi er umfangsmikil en kennarar skólans eru þátttakendur í um 26 fagnetum. Háskóli Íslands er þátttakandi í einu þverfaglegu Nordplus-neti sem nefnist Nordlys en starfsmaður á Alþjóðaskrifstofu sér um samskipti við það net. Skólaárið 2012–2013 fékk Nordlys-netið 36.000 evrur til að styrkja stúdenta frá Háskóla Íslands til að fara í skiptinám til Norðurlandanna og hlutu 28 stúdentar styrk frá Nordlys-netinu. Alþjóðaskrifstofan fékk 9.000 evra styrk frá Nordplus til að styrkja stúdenta frá Norðurlöndunum til að sækja íslenskunámskeið sem haldið er í ágústmánuði ár hvert. Háskólinn er í samstarfi við alla helstu háskóla á Norðurlöndunum í gegnum Nordplus- eða Erasmus-samstarfið.

Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu á sæti í „planeringsgruppe for internationalisering“ innan NUAS (Nordisk Universitets Administratørs Samarbejde) og sótti vinnufundi í hópnum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar sitja einnig í stjórnnum Nordlys-netsins og Norek-netsins (norræns samstarfsnets í viðskiptafræði) og þeir eru einnig tengiliðir Háskóla Íslands við fjölmörg önnur Nordplus-net.

Nýir tvíhliða samningar við erlenda háskóla


Árið 2012 gerði Háskóli Íslands tvíhliðasamninga utan skipulagðra áætlana við Lesley University og Wyoming University í Bandaríkjunum, Fukuoka Women's University í Japan og við East China Normal University. Í gildi eru um 150 slíkir samningar við háskóla utan Evrópu. Auk þess veita sumir samningar, eins og samningurinn við ISEP-samtökin í Bandaríkjunum (International Student Exchange Program) og kanadíska Crepuq-netið (samtök háskóla í Quebec í Kanada), aðgang að mörgum skólum. Færst hefur í vöxt að gerðir séu samningar um sameiginlegt meistaranám eða doktorsnám en slíkir samningar ná fyrst og fremst til einstakra stúdenta, ekki til skólans í heild.

Stúdentaskipti Háskóla Íslands

Gagnkvæm stúdentaskipti eru umfangsmikill þáttur í alþjóðasamstarfi Háskóla Íslands og í starfi því sem fram fer á Alþjóðaskrifstofunni. Alþjóðaskrifstofan tekur við umsóknum frá stúdentum Háskóla Íslands sem hyggjast taka hluta af námi sínu erlendis og sjá starfsmenn skrifstofunnar um að koma samþykktum umsóknum til réttra aðila erlendis. Starfsmenn skrifstofunnar héldu á árinu fjölmarga kynningarfundum um stúdentaskipti, ýmist með stúdentum í einstökum deildum eða opnum fundum


á Háskólatorgi. Árlega stendur Alþjóðaskrifstofan ásamt fleirum fyrir alþjóðadegi en megintilgangur hans er að kynna stúdentum og starfsmönnum þá möguleika sem standa til boða í stúdenta- og starfsmannaskiptum. Starfmenn skrifstofunnar taka einnig þátt í opnu húsi Háskóla Íslands (háskóladeginum) og öðrum álíka viðburðum eftir því sem við á. Alþjóðaskrifstofan tekur auk þess við umsóknum frá erlendum skiptistúdentum og sér um inntöku þeirra í samvinnu við viðkomandi deildir.

Skólaárið 2012–2013 fóru 284 stúdentar utan sem skiptistúdentar frá Háskóla Íslands og komu 455 erlendir skiptistúdentar til náms í Háskóla Íslands.



Kennara- og starfsmannaskipti Háskóla Íslands

Kennurum sem taka þátt í Erasmus-kennaraskiptum hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Þar sem Alþjóðaskrifstofan sér um úthlutun styrkja til Erasmus-kennara- og starfsmannaskipta liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda kennara og starfsmanna sem taka þátt í þeirri áætlun. Alþjóðaskrifstofan sér ekki um greiðslu styrkja til kennaraskipta innan annarra áætlana eða vegna tvíhliðasamninga og hefur þar af leiðandi ekki yfirlit yfir þá starfsemi. Árið 2007 bauðst fleiri starfsmönnum en kennurum að taka þátt í skiptum á vegum Erasmus-áætlunarinnar og geta þeir nú sótt um Erasmus-styrki til starfsþjálfunar við erlenda háskóla. Mikill áhugi er á slíkum heimsóknum meðal starfsmanna Háskóla Íslands en einnig er mikill áhugi hjá starfsmönnum erlendra háskóla að koma hingað til lands í námsheimsóknir. Alþjóðaskrifstofan hefur tvívegis skipulagt vikulangar heimsóknir, sem erlendum samstarfsaðilum, aðallega starfsfólki á alþjóðaskrifstofum, hefur verið boðið að taka þátt í. Þar fyrir utan koma einstakir starfmenn við ýmsar stjórnsýsluskrifstofur erlendra háskóla alloft í heimsókn til að kynna sér starfsemi skólans í um vikutíma.



Móttaka erlendra skiptistúdenta

Alþjóðaskrifstofan sér um móttöku erlendra skiptistúdenta og umsóknir frá þeim berast til skrifstofunnar. Háskóli Íslands er samkvæmt samningum skuldbundinn til að aðstoða erlenda skiptistúdenta við að útvega þeim húsnæði og er það eitt af verkefnum skrifstofunnar. Einnig kemur það í hlut starfsmanna skrifstofunnar að aðstoða stúdentana utan Evrópu við að sækja um dvalarleyfi og annast samskipti við Útlendingastofnun. Mikið er um fyrirspurnir frá erlendum stúdentum sem vilja stunda nám við Háskóla Íslands. Alþjóðaskrifstofan svarar gjarnan fyrstu fyrirspurnum um nám við skólann og vísar nemendum áfram eftir því sem við á.

Um árabíl hafa erlendir skiptistúdentar átt þess kost að sækja námskeið í íslensku máli og menningu í ágústmánuði áður en skólaárið hefst. Undanfarin fimm ár hefur námskeiðið verið haldið á Núpi í Dýrafirði og er það Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum sem hefur haldið námskeiðið í samvinnu við Alþjóðaskrifstofuna og með styrk frá Erasmus- og Nordplus-áætlunum. Námskeiðið er ætlað Erasmus- og Nordplus-skiptistúdentum sem koma til Íslands til náms við skóla á háskólastigi. Sumarið 2012 sóttu 82 stúdentar sóttu námskeiðið. Stúdentarnir hafa verið mjög ánægðir með námskeiðið og dvölinna fyrir vestan.

Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu skipuleggja kynningarfundir í upphafi missera fyrir nýja erlenda stúdentana sem hefja nám við Háskóla Íslands um starfsemi og þjónustu skólans. Kynningardagskrá um Ísland og íslensk málefni, „Introduction to Iceland“, er fastur liður í móttöku erlendra stúdentana og starfsmanna. Um þrjár til fimm viðburðir eru skipulagðar á misseri og eru það m.a. skoðunarferðir, fyrirlestrar um íslensk málefni, sýningar o.fl. Dagskráin „Introduction to Iceland“ er opin öllum erlendum stúdentum og starfsmönnum skóla á háskólastigi sem koma til landsins.

Alþjóðaskrifstofan starfrækir, í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands, aðstoðarmannakerfi fyrir erlenda stúdentana sem stunda nám við háskólann. Íslenskir stúdentar við Háskóla Íslands taka að sér að aðstoða og leiðbeina erlendum stúdentum. Tilgangurinn er að aðstoða þá við ýmis hagnýt atriði sem þarf að leysa í upphafi námsdvalar og kynna erlendum nemendum félagslíf stúdentana og koma í veg fyrir félagslega einangrun meðal þeirra.

Kynningarstarf

Alþjóðaskrifstofan skipulagði fyrir Ísland hönd þátttöku Íslands í sameiginlegri kynningu Norðurlandanna á ráðstefnu NAFSA-samtakanna, sem árið 2012 var haldin í Houston í Texas.

Heimasíða Alþjóðaskrifstofunnar er stöðugt í endurskoðun og hafa ný veflén verið tekin í notkun til að auðvelda aðgang að ýmsum áætlunum sem skrifstofan sér um framkvæmd á. Landskrifstofa menntaáætlunar Evrópusambandsins er með sérstaka heimasíðu undir vefléninu www.lme.is og sérstök veflén eru fyrir undiráætlanir. Einnig hefur verið tekið í notkun veflénin www.nordplus.is fyrir samnefnda norræna menntaáætlun. Veflénin www.studyiniceland.is er ætlað þeim sem eru að leita erlendis að upplýsingum um háskólanám á Íslandi. Síðan er á ensku og unni í samráði allra skóla á háskólastigi.

Upplýsingastofa um nám erlendis

Alþjóðaskrifstofan hefur um árabíl starfrækt upplýsingaþjónustu um nám erlendis, sem var öllum opin, skv. samningi við menntamálaráðuneytið, en sá samningur rann sitt skeið í árslok 2012, eins og getið er í upphafi kaflans. Hluti af starfseminni var að fylgjast með nýjungum og breytingum á netinu og tengja gagnlegar slóðir við heimasíðu Alþjóðaskrifstofu. Fjölmarginir upplýsingafundir voru haldnir á árinu um möguleika á námi erlendis. Stærsti notendahópurinn að upplýsingaþjónustunni hafa verið háskólastúdentar og þeir sem hafa áhuga á stúdentaskiptum. Stór hópur fólks með áhuga á námi á Norðurlöndunum, aðallega í Danmörku og Svíþjóð, leitaði sér upplýsinga á skrifstofunni. Samræmd umsóknareyðublöð um skólavist í háskólum í þessum löndum, sem starfsmenn skrifstofunnar útbjuggu, voru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar, ásamt leiðbeiningum um útfyllingu.

Menntaáætlun Evrópusambandsins – Landskrifstofa á Íslandi

Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands sáu í síðasta sinn á þessu ári í sameiningu um rekstur menntaáætlunar Evrópusambandsins. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins annaðist þau verkefni sem áður féllu undir Sókrates-áætlunina, þ.e. Erasmus-áætlunina fyrir háskólastig, Comenius-áætlunina fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og Grundtvig-áætlunina fyrir fullorðinsfræðslu. Rannsóknþjónustan annaðist rekstur Leónardó-áætlunarinnar. Sameiginlega sáu skrifstofurnar um þveráætlanir.

Menntamálaráðherra skipaði stjórn menntaáætlunar Evrópusambandsins og í henni sátu árið 2012: Stefán Stefánsson, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, formaður, án tilnefningar, Hellen M. Gunnarsdóttir, menntamálaráðuneytinu, tók við formennsku af Stefáni undir árslok, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Leikn, samtökum fullorðinsfræðslu á Íslandi, Eyrún Björk Valsdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Guðlaugur Pálmi Magnússon, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, tilnefnd af Landssamtökum íslenskra háskólanema, Þorbjörg Kristjánsdóttir, tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins, og Þórunn Rósa Ólafsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

Styrkir til úthlutunar menntaáætlunar Evrópusambandsins hér á landi voru árið 2012 (í evrum):

Comenius	925.000
Erasmus	1.085.000
Leónardó da Vinci	1.370.000
Grundtvig	242.000
Transversal programmes (study visits)	9.000
Samtals	3.624.000

Auk þess fékk Landskrifstofan framlag frá Brussel til reksturs skrifstofunnar að upphæð 478.000 evrur og 8.000 evrur fyrir umsýslu með nemendaskiptum í Comenius-áætluninni en það er nýjung að ungmennum standi til boða að stunda nám við evrópska framhaldsskóla í eitt misseri eða tvö. Fjölmarginir kynningarfundir voru haldnir víðs vegar um landið til að kynna menntaáætlunina.

Nordplus-menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar – Landskrifstofa á Íslandi

Eftir lokað útboð á Norðurlöndunum tók Alþjóðaskrifstofan árið 2004 að sér rekstur Nordplus-áætlunar norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi. Alþjóðaskrifstofan er aðalstjórnandi Nordplus Nordiske sprog, tungumála- og menningaráætlunarinnar, og meðstjórnandi í Nordplus Junior, Nordplus Voksen, Nordplus fyrir háskólastigið og Nordplus Horizontal. Sérstakur samningur um rekstur landskrifstofu Nordplus er á milli Alþjóðaskrifstofunnar og norrænu ráðherranefndarinnar. Nýrri og nokkuð breyttri Nordplus-áætlun var hleypt af stokkunum í janúar 2012 með opunarhátíð á Hótel Sögu. Alþjóðaskrifstofan er áfram aðalstjórnandi Nordplus sprog, tungumála- og menningaráætlunarinnar á Norðurlöndunum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar – Landskrifstofu Nordplus á Íslandi tóku þátt í samstarfsfundum með landskrifstofum Nordplus á Norðurlöndunum, stóðu fyrir viðamiklu kynningarstarfi hér á landi og aðstoðuðu umsækjendur eftir þörfum. Árið 2011 var lokaár eldri Nordplus-áætlunar. Ný Nordplus-áætlun, sem hóf göngu sína í ársbyrjun 2012, gildir til ársloka 2016.

Tungumálamiðstöðin í Graz

Alþjóðaskrifstofan hefur að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytis verið tengiliður við Tungumálamiðstöðina í Graz í Austurríki (ECML) og aðstoðað við val á þátttakendum á vinnustofum sem Tungumálamiðstöðin stendur fyrir. Árlega taka um 4–5 íslenskir tungumálakennarar þátt í vinnustofum þessum. Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu. Starfsemi tungumálamiðstöðvarinnar felst m.a. í að skipuleggja námskeið og vinnustofur í Graz og víðar. Einnig er á vegum stofnunarinnar unnið að margvíslegum þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu í tengslum við vinnustofur og námskeið. Aðildarlönd geta almennt sent einn þátttakanda á hvert námskeið (eða vinnustofu) sér að kostnaðarlausu. Starfsmaður Alþjóðaskrifstofu sótti fund í Graz á árinu vegna verkefnisins.

Erasmus Mundus

Alþjóðaskrifstofan er upplýsingaskrifstofa fyrir Erasmus Mundus á Íslandi. Áætlunin lýtur að samstarfi a.m.k. þriggja háskóla í þremur löndum við að bjóða upp á sameiginlegt meistaranám. Góðir styrkir eru í boði til handa stúdentum utan Evrópu til meistaranáms innan Erasmus Mundus. Er áætluninni ætlað að laða að afburðanemendur utan Evrópu. Ný Erasmus Mundus II áætlun fyrir tímabilið 2009–2013 hóf göngu sína 2009. Námsleið í spænsku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði er þátttakandi í Erasmus Mundus-verkefni með háskólum á Spáni. Þetta verkefni lýtur að því að mennta verðandi kennara sem kenna spænsku sem erlent mál (sjá nánar á www.multiele.org). Árið 2010 varð Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands aðili að Erasmus Mundus-meistaranámi þar sem lögð er áhersla á nýtingu landupplýsingatækni í umhverfisfræðum og skipulagi og stjórnun umhverfisauðlinda (sjá nánar www.gem-msc.org) og er þetta samstarfsverkefni fimm landa í Evrópu. Engin ný Erasmus Mundus-verkefni með íslenski þátttöku hófu göngu sína árið 2012.

E-twinning

E-twinning-áætlunin lýtur að rafrænum samskiptum leik-, grunn- og framhaldsskóla í Evrópu. Alþjóðaskrifstofan fékk framlag frá Evrópusambandinu að upphæð 89.000 evrur til reksturs e-twinning-verkefnisins fyrir árið 2012. Þessi upphæð skal standa undir 80% af raunkostnaði við áætlunina. Verðlaun voru veitt fyrir verkefni á öllum skólastigum. Landskrifstofa e-twinning styrkir árlega hóp kennara til að sækja e-twinning-vinnustofur og -viðburði. Kennarar á landsbyggðinni sem hafa verið þátttakendur í e-twinning aðstoða við kynningu á áætluninni utan Reykjavíkur.

Bologna experts

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitti Alþjóðaskrifstofu 17.250 evra styrk fyrir tímabilið 1. júlí 2011 til 31. desember 2013 til að standa straum af kostnaði við kynningu hér á landi á Bologna-samræmingarferli háskóla í Evrópu. Þetta fjárframlag á að standa undir um 80,23% af raunkostnaði við verkefnið.

Markmið Bologna-ferlisins er að til verði samevrópskt hágæðaháskólasvæði, sem geri nemendum og háskólafólki kleift að flytjast á milli landa á auðveldan hátt. Skipaðir eru Bologna-kynningarfulltrúar í hverju landi sem vinna með starfsmönnum á skrifstofum sambærilegum Alþjóðaskrifstofu og menntamálaráðuneyti að innleiðingu Bologna-ferlisins. Haldnir voru kynningarfundir og ráðstefnur um innleiðingu ferlisins og Bologna-kynningarfulltrúar voru styrktir til að sækja vinnustofur og fundi erlendis.

Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennslusvið. Kennslumiðstöð er til húsa á annarri hæð íþróttahúss háskólans og er opin alla virka daga frá kl. 8:30 til 16:00. Á afgreiðslutíma miðstöðvarinnar geta kennarar og starfsmenn skólans litið inn eða haft samband símleiðis, s. 525 4447, en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar: kemst@hi.is.

Starfsfólk

Í Kennslumiðstöð starfa sjö manns í ríflega sex stöðugildum: Anna Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri (í 50% starfshlutfalli), Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), Grettir Sigurjónsson, tæknistjóri (í 100% starfshlutfalli), Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri Kennslumiðstöðvar (í 70% starfshlutfalli), Gústav K. Gústavsson, tæknimaður (í 100% starfshlutfalli), Kristbjörg Olsen, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), og Rúnar Sigurðsson, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli).

Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

Námskrá Kennslumiðstöðvar tekur mið af stefnu og áherslum Háskóla Íslands, auk þess sem reynt er að koma til móts við þarfir einstakra fræðasviða í kennslumálum. Þó eru námskeið fyrir nýja kennara, svo og vinnustofur um upplýsingatækni, fastur liður í fræðsludagskrá miðstöðvarinnar. Árið 2012 var áhersla lögð á að vinna með deildum að frekari kennsluþróun innan þeirra. Í þeim tilgangi voru m.a. haldin námskeið og vinnustofur um fjölbreytt námsmat, gerð og notkun hæfniviðmiða í kennslu, vinnuálag í námskeiðum í samræmi við viðmið Bologna-samkomulagsins, fjölbreyttar kennsluaðferðir og tengsl hæfniviðmiða og námsmats. Lögð var áhersla á að vinna með stjórnendum deilda og fræðasviða skólans að kennsluþróun. Námskeið um samþættingu kennslu og rannsókna í grunnnámi var haldið í samvinnu Kennslumiðstöðvar og kennslumálanefndar skólans. Yfirlit yfir námskeið og vinnustofur er að finna á vef Kennslumiðstöðvar (kemst.hi.is) og þar skrá þátttakendur sig jafnframt. Góð mæting var á námskeið og vinnustofur Kennslumiðstöðvar, svo og á kynningar og fyrirlestra sem haldnir voru á vegum miðstöðvarinnar.

Kennslumiðstöð, Stúdentaráð Háskóla Íslands, gæðanefnd skólans og kennslumálanefnd hans héldu í sameiningu kennslumálaþing Háskóla Íslands í janúar 2012. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt þing er haldið en stofnað var til þess að frumkvæði Stúdentaráðs. Þingið er vettvangur kennsluumræðu á

meðal nemenda og kennara við skólann. Kennslumálþing var vel sótt af nemendum, kennurum og starfsmönnum í stjórnsýslu skólans.

Ráðgjöf og mat

Við Kennslumiðstöð starfa sérfræðingar á sviði kennslufræði og upplýsingatækni í kennslu, sem leita má til vegna ólíkra kennslufræðilegra viðfangsefna. Ráðgjöf til kennara og stjórnenda er stór hluti af starfi miðstöðvarinnar. Auk ráðgjafar við kennara og kennarahópa, deildir og stjórnendur eiga starfsmenn Kennslumiðstöðvar sæti í nefndum og ráðum sem taka til kennslu og kennsluþróunar. Kennslumiðstöð býður kennurum og deildum upp á aðstoð við að meta gæði kennslunnar. Það mat felst í upptökum og greiningu á kennslu, miðmísserismati og gæðahringjum þar sem könnuð eru viðhorf nemenda til námsins. Kennslumiðstöð hefur einnig aðstoðað deildir sem taka upp sjálfsmat við að hlusta eftir röddum nemenda. Miðstöðin skilar skýrslu til viðkomandi deildar með niðurstöðum og ábendingum um úrlausnir.

Námsleið í háskólakennslufræði

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöð umsjón með námsleið í kennslufræði fyrir háskólakennara. Námsleiðin er 30 eininga diplómanám sem samanstendur af þremur 10 eininga námskeiðum: KEN212F: Inngangur að kennslufræði háskóla, KEN103F: Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu og KEN004F: Kennsluþróun og starfendarannsóknir. Námsleiðin er opin háskólakennurum og er námið skipulagt sem nám með starfi. Upplýsingar um námsleiðina er að finna í kennsluskra skólans, svo og á vef Kennslumiðstöðvarinnar. Skráning fer fram í gegnum umsóknakerfi Háskóla Íslands í mars/apríl ár hvert. Tæplega áttatíu háskólakennarar höfðu lokið námskeiðum í kennslufræði háskóla í árslok 2012 og aðrir sex voru skráðir í lokanámskeiðið sem stendur í heilt ár.

Kennsluvefur Kennslumiðstöðvar

Á Kennsluvef Kennslumiðstöðvar, www.kemst.hi.is, er að finna upplýsingar og fræðsluefni um háskólakennslu. Þar má t.a.m. nefna leiðbeiningaefni um gerð hæfniviðmiða og dreifildi tengd einstökum námskeiðum miðstöðvarinnar. Þá er þar að finna vefleiðbeiningar um Uglu, Moodle, eMission og K2 í Uglu.

Á kennsluvefnum eru handbækur um kennslu sem unnar hafa verið á vegum miðstöðvarinnar að fyrirmynd Stanford-háskóla: Handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands og Handbók aðstoðarkennara. Á kennsluvefnum er jafnframt að finna greinargott yfirlit um tímarit á sviði háskólakennslu.

Önnur þjónusta

Hjá Kennslumiðstöð er að finna nokkurt safn fræðirita og handbóka um kennsluhætti á háskólastigi. Kennarar og starfsmenn hafa aðgang að þessum bókakosti á afgreiðslutíma miðstöðvarinnar en geta jafnframt fengið þær lánaðar. Á vef Kennslumiðstöðvar er að finna yfirlit um þær bækur sem til eru, forsíðumynd og efnisyfirlit. Einnig er þar að finna safn rafrænna tímarita sem fjalla um háskólakennslu almennt og kennslu einstakra fræðigreina. Aðgangur að tímaritunum er oft opin á landsvísu.

Í Kennslumiðstöð er hljóðklefi er gefur möguleika á gæðaupptökum í eMission o.fl. og geta starfsmenn veitt aðstoð við upptökur. Þar er einnig fullkomið fjarfundaherbergi og sér miðstöðin um fjarfundabúnað Háskóla Íslands. Búnaðurinn er mikið notaður í fjarkennslu, fyrir fundi og verkefnavinnu, bæði innanlands og erlendis, svo og vegna meistara- og doktorsvarna. Enn fremur tekur Kennslumiðstöð að sér skönnun fjölvalsprófa og útreikning fyrir kennara gegn vægu gjaldi.

Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennsluviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands, sem og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og í er samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC. Alls bárust háskólanum 1.957 umsóknir um skólavist frá erlendum umsækjendum á árinu 2012. Af þeim komu 1.490 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 467 umsóknum. Þá barst 451 umsókn um undanþágu frá inntökuskilyrðum og af þeim komu 380 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu. Engin eða ófullnægjandi gögn bárust með 71 umsókn. Alls barst matsskrifstofunni 81 ENIC-/NARIC-mál til úrlausnar á árinu 2012.

Matsskrifstofa var til húsa á efstu hæð í Háskólatorgi en flutti á aðra hæð (miðhæð) hússins á árinu. Á skrifstofunni starfa tveir starfsmenn, Gísli Fannberg deildarstjóri og Ína Dögg Eypórsdóttir verkefnisstjóri. Ársverk voru 2.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, til húsa á Háskólatorgi og ætluð nemendum allra fræðasviða skólans. Markmið starfsfólks er að veita nemendum fjölbreytta ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að einstaklingar íhuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförunum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar hefur verið lögð áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem fólk getur fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa á staðnum, auk þess sem nemendur skólans geta bókað viðtöl fram í tímann eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti. Samkvæmt skráningarkerfi Náms- og starfsráðgjafar var veitt ráðgjöf og þjónusta í 6.428 tilvikum árið 2012.

Undanfarin ár hafa helstu þjónustubættir Náms- og starfsráðgjafar falist í námsráðgjöf, starfsráðgjöf og sérúrræðum í námi og prófum og sinntu allir náms- og starfsráðgjafar öllum verkþáttum. Til að bæta þjónustuna og samræma hana enn frekar var þessu fyrirkomulagi breytt um mitt ár 2012. Fólst breytingin í skiptingu verkþátta á milli ráðgjafa á þann veg að fimm þeirra sinna nú allri þjónustu sem fellur undir náms- og starfsráðgjöf og tveir sjá um þjónustu vegna sérúrræða í námi og prófum. Verður umfangi verkþátta árið 2012 lýst í samræmi við þær breytingar.

Starfsfólk

Ársverk hjá Náms- og starfsráðgjöf voru rúmlega 10. Þar störfuðu árið 2012: María Dóra Björnsdóttir deildarstjóri (50% til 31. janúar, 100% frá 1. febrúar 2012), Ásta Gunnlaug Briem náms- og starfsráðgjafi (100%), Dröfn Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi (75%, í barnsburðarleyfi árið 2012), Hrafnhildur Kjartansdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%, í barnsburðarleyfi til 2. maí, 100% til 1. ágúst og 80% til 31. desember 2012), Jóhanna Sólveig Lövdahl náms- og starfsráðgjafi (75–100% í afleysingu 2012), Jónína Kárdal náms- og starfsráðgjafi (90%), Kristjana Mjöll Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi (100%), Magnús Stephensen skrifstofustjóri (100%), Ragna Ólafsdóttir sálfræðingur (50%) og Sigrún Edda Theodórsdóttir táknaáskráningur (100%).

Námsráðgjöf

Veitt voru 3.348 viðtöl vegna námsvals eða upplýsinga um nám. Þessi þjónusta stendur bæði til boða almenningi sem hyggur á nám í Háskóla Íslands og nemendum skólans.

Áhugakönnun Strongs hefur verið notuð um árabíl til að leiðbeina við náms- og starfsval. Strong-könnunin er lögð fyrir í fámennum hópum og mætir hópurinn aftur að viku liðinni til að fá niðurstöðu og úrlausn könnunar. Alls var könnunin lögð fyrir þrettán hópa á árinu, sem fengu jafnframt niðurstöðu úr henni. Ítarlegar upplýsingar um Strong-könnunina er að finna á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar (nshi.hi.is).

Náms- og starfsráðgjöf kom að skipulagningu nýnemadaga, sem fræðasvið Háskóla Íslands halda í samráði við markaðs- og samskiptasvið, Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta í upphafi kennslu á haustmíssi.

Fræðsla og námsleiðahald um námstækni og vinnubrögð í námi er veigamikill þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar. Á hverju misseri eru haldin nokkurra vikna námsleið og stakir fyrirlestrar um efnið. Þá geta nemendur fengið einstaklingsráðgjöf um vinnubrögð í námi og lögð er áhersla á að fræðsluefni og fyrirlestrar séu aðgengilegir á vef. Árið 2012 voru haldin tíu námstækninámsleið og átta vinnustofur vegna lokaverkefna, auk þess sem veitt var ráðgjöf um vinnubrögð í námi í 464 viðtölum. Þá var boðið upp á tólf örfyrirlestra um sérhæft efni tengt vinnubrögðum í takt við það sem var á döfinni í námi nemenda á hverjum tíma.

Starfsráðgjöf

Nemendum háskólans stendur til boða að fá bæði einstaklings- og hópráðgjöf sem undirbýr þá fyrir atvinnuleit. Í fyrsta lagi er um að ræða leiðbeiningar um gerð ferilskrár (CV) og kynningarbréfa. Í öðru lagi er lögð áhersla á að kenna nemendum að meta eigin styrkleika, gildi og viðhorf og í þriðja lagi er farið yfir æskilegan undirbúning og framkomu í atvinnuviðtölum. Boðið var upp á fimm vinnustofur í atvinnuleit, sem og örfyrirlestra, auk þess sem veitt var einstaklingsráðgjöf í 104 viðtölum. Eins og undanfarin ár tók Náms- og starfsráðgjöf einnig þátt í árlegum framadögum.

Sérúrræði í námi og prófum

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með þjónustu við fatlaða stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá sem málið varðar. Ástæður fyrir úrræðum geta verið af ýmsum toga svo sem líkamleg fötlun, sértækir námsörðugleikar, taugasálfræðileg vandamál, geðræn vandkvæði eða langvarandi veikindi. Einstaklingum sem leita til Náms- og starfsráðgjafar til að fá sérúrræði í námi og prófum hefur fjölgað í takt við fjölgun nemenda undanfarin ár og fengu 835 nemendur sérúrræði í námi árið 2012. Einstaklingsviðtöl vegna sérúrræða í námi voru 1.029.

Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf

Hjá Náms- og starfsráðgjöf starfar sálfræðingur í hlutastarfi. Hlutverk hans er meðal annars að greina sálræn vandkvæði hjá nemendum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Sálfræðingur sinnir jafnframt hópráðgjöf og heldur örfyrirlestra. Árið 2012 voru veitt 150 sálfræðiviðtöl. Auk þjónustu sálfræðings geta nemendur fengið ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum vegna persónulegra mála og voru þau viðtöl 487 talsins á árinu. Þá voru haldin fjögur sjálfstyrkingarnámsleið og þrjú prófkvíðanámsleið á árinu.

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með fræðsluefnum Geðspeki þar sem gagnlegar upplýsingar og fræðsla um geðheilbrigði er að finna.

Samstarf við fræðasvið

Umfangsmesta samstarfsverkefni Náms- og starfsráðgjafar við fræðasvið háskólans er starfsþjálfun nema á fyrsta og öðru ári í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf en samstarfssamningur er á milli kennsluviðs skólans og Félagsvísindasviðs þar um. Fyrsta árs nemar koma, tveir og tveir saman, í einnar viku vettvangsheimsókn og annars árs nemar eru í starfsþjálfun undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa í 240 stundir yfir veturinn. Árið 2012 komu sex fyrsta árs nemar í vettvangsheimsókn og sex annars árs nemar voru í starfsþjálfun.

Önnur samstarfsverkefni við fræðasvið eru til að mynda kynningar á þjónustu Náms- og starfsráðgjafar á nýnemakynningum, stutt námskeið eða fyrirlestrar um vinnubrögð í háskólanámi fyrir nýnema á nýnemadögum eða í vinnulagsnámskeiðum og sérhæfð fræðsla um starfsráðgjöf, viðtalstækni fyrir mentora, prófundirbúning og tímastjórnun.

Til að efla upplýsingaflæði og samvinnu á milli Náms- og starfsráðgjafar og fræðasviða Háskóla Íslands hefur hver náms- og starfsráðgjafi það hlutverk að vera tengiliður við tiltekið fræðasvið. Árið 2012 var Jóhanna Sólveig Lövdahl tengiliður við Félagsvísindasvið, Hrafnhildur Kjartansdóttir við Heilbrigðisvísindasvið, Ásta Gunnlaug Briem við Hugvísindasvið, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir við Menntavísindasvið og Jónína Kárdal við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hélt tvö námskeið undir yfirskriftinni Skref til skilnings, eitt fyrir starfsfólk stjórnsýslu á öllum fræðasviðum og annað fyrir starfsfólk stjórnsýslu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Þá var haldinn hádegisfundur fyrir kennara þess sviðs. Námskeiðið er afrakstur evrópsks samstarfsverkefnis, Dare2, sem unnið var árin 2009 til 2011. Markmið námskeiðsins er að vekja kennara og aðra starfsmenn til vitundar um málefni fatlaðra nemenda við skólann. Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands studdi verkefnið fjárhagslega.

Önnur samstarfsverkefni Náms- og starfsráðgjafar, sem og þátttaka hennar í stjórnnum, nefndum og ráðum:

- fulltrúi í inntökunefnd og námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði
- fulltrúi í stjórn Seturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf
- samstarf við markaðs- og samskiptasvið vegna móttöku nýnema
- fulltrúi í ráði um málefni fatlaðs fólks
- fulltrúi í stjórn Þórsteinssjóðs
- fulltrúi í stjórn Greiningarsjóðs um sértæka námsörðugleika á vegum Stúdentaráðs

Erlend samskipta- og samstarfsverkefni

Í árána rás hefur fjöldi erlendra fagaðila á sviði náms- og starfsráðgjafar á háskólastigi óskað eftir að koma í lengri eða skemmri heimsóknir til Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands til að kynna starfseminni og hefur beiðnum verið sinnt jafnóðum eftir því sem aðstæður hafa leyft. Til hagræðingar og sem nýbreytni bauð Náms- og starfsráðgjöf í fyrsta sinn upp á svokallaða alþjóðaviku með formlegri dagskrá í fimm daga í apríl 2012 fyrir starfsmenn erlendra háskóla. Undirtektir voru góðar og bærust fleiri umsóknir en hægt var að verða við. Alls tóku 16 starfsmenn háskóla frá átta Evrópulöndum þátt í alþjóðavikunni.

Náms- og starfsráðgjöf tekur þátt í formlegu erlendu samstarfi og á fulltrúa í:

- NUAS, samstarfshópi námsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum
- NNK, samstarfshópi starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum
- NNDC, norrænu neti um aðgengi fatlaðs fólks að æðri menntun

Nemendaskrá

Starfsfólk

Ársverk á Nemendaskrá voru níu talsins. Þar störfuðu árið 2012: Aníta Hannesdóttir verkefnisstjóri (100%), Droplaug Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri til 31. ágúst 2012 (100%), Elín Ágústa Ingimundardóttir verkefnisstjóri (100%), Erla Ósk Hermannsdóttir verkefnisstjóri (fastráðin frá 1. ágúst 2012, 100%), Guðrún Valgerður Bóasdóttir verkefnisstjóri (100%), Jóna Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (100%), Kristín Jónasdóttir skrifstofustjóri (100%), Stefanía Lóa Jónsdóttir deildarstjóri (100%) og Vilborg Norðdahl verkefnisstjóri (100%).

Droplaug Jóhannsdóttir verkefnisstjóri hætti störfum í ágúst vegna aldurs og er henni hjartanlega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu Háskóla Íslands í áratugi.

Starfsemi

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag námsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur, skipulag prófa og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram innritun nýrra stúdenta, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta árlegs skrásetningargjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttaðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá. Á ákveðnum tímabilum, sem kynnt eru í kennsluálfanum skólans, geta stúdentar nýtt sér sjálfsþjónustu Uglu sem er innra net háskólans og skráð sig sjálfir t.d. í námskeið komandi háskólaárs og valið um leið greiðslumáta skrásetningargjalds (árleg skráning). Þeir geta einnig skráð sig sjálfir í námskeið/próf, í sjúkra- og endurtökupróf og breytt námskeiðaskráningum sínum í byrjun haust- og vormissera.

Þegar Þjónustuborðið í Háskólatorgi var opnað í desember 2007 færðust verkefni frá Nemendaskrá yfir til Þjónustuborðsins, eins og afgangið ymiss konar vottorða, námsferilsyfirlita og staðfestinga um nám. Við þessa breytingu fækkaði umtalsvert heimsóknum nemenda til Nemendaskrár en á móti kom að þjónusta í síma og sérstaklega í tölvupósti jókst verulega, þrátt fyrir að sjálfsþjónustan fyrir nemendur í Uglu væri til staðar. Líklega er helsta skýringin sú að nemendum fjölgaði um 1.800 eftir efnahagshrunið í október 2008 sem leiddi til aukins álags í Nemendaskrá, næstu árin á eftir. Í október 2008 voru nemendur rúmlega 12.200 en heildarfjöldi stúdenta var kominn upp í 14.000 haustmísið 2009 og var nemendafjöldinn í kringum þá tölu næstu fjögur árin. Einnig kemur það til að starfsfólk Nemendaskrár biður nemendur í auknum mæli um að senda allar beiðnir um breytingar á skráningu í tölvupósti, jafnvel þó nemandi hringi er hann oft beðinn um að senda tölvupóst ef um breytingu á skráningu í skólann er að ræða.

Afgreiðsla tölvupósts til Nemendaskrár 2009–2012

Ár	Alls	Svarpóstur	Innpóstur
2009	39.754	12.122	27.632
2010	45.309	14.894	30.415
2011	40.188	13.685	26.503
2012	38.441	12.040	26.401

Heildarfjöldi nemenda

Heildarfjöldi nemenda er hér sýndur eftir þrepum og stigum samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (National Qualification Framework for Higher Education) nr. 530, 2011.

Tafla 5.

Fjöldi stúdenta í grunnnámi (þrep 1, stig 1) 2011–2012 og brautskráðir úr grunnnámi (þrep 1, stig 1) á árinu 2012. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2012.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1	2	3	0	0	0
Heilbrigðisvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Hugvísindasvið	38	89	127	0	7	7
Menntavísindasvið	53	94	147	20	16	37
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	1	1	0	0	0
Samtals	92	186	278	20	23	44

Tafla 6.

Fjöldi stúdenta í bakkalárnámi (þrep 1, stig 2) 2011–2012 og brautskráðir úr bakkalárnámi á árinu 2012. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2012.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1.172	1.866	3.038	154	332	486
Heilbrigðisvísindasvið*	333	1.102	1.435	59	200	259
Hugvísindasvið	825	1.359	2.184	105	166	271
Menntavísindasvið	196	954	1.150	30	233	263
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1.080	702	1.782	203	147	350
Samtals	3.606	5.983	9.589	551	1.078	1.629

*Fjöldi stúdenta í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði er ekki talinn með hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

Tafla 7.

Fjöldi stúdenta í framhaldsnámi á meistarastigi (þrep 2, stig 1) 2011–2012 og brautskráðir úr því námi á árinu 2012. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2012.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	198	399	597	52	124	176
Heilbrigðisvísindasvið*	95	221	316	29	112	141
Hugvísindasvið	4	32	36	1	6	7
Menntavísindasvið	19	73	92	9	48	57
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2	3	5	1	2	3
Samtals	318	728	1.046	92	292	384

*Stúdentar í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru allir taldir hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

Tafla 8.

Fjöldi stúdenta í meistaranámi (þrep 2, stig 2) 2011–2012 og brautskráðir úr meistaranámi á árinu 2012. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2012.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	412	899	1.311	106	238	344
Heilbrigðisvísindasvið	53	291	344	9	63	72
Hugvísindasvið	154	361	515	42	80	122
Menntavísindasvið	104	591	695	13	72	85
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	187	169	356	56	39	95
Samtals	910	2.311	3.221	226	492	718

Tafla 9.

Fjöldi stúdenta í doktorsnámi (þrep 3) 2011–2012 og brautskráðir úr doktorsnámi á árinu 2012. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2012.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	27	63	90	3	2	5
Heilbrigðisvísindasvið	22	76	98	3	10	13
Hugvísindasvið	34	48	82	3	1	4
Menntavísindasvið	17	48	65	0	2	2
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	77	66	143	8	6	14
Samtals	177	301	478	17	21	38

Nemenda- og umsóknarkerfið Uglu

Þróun rafræns umsóknarkerfis fyrir öll námsstig í Háskóla Íslands, Uglu, hélt áfram árið 2012 í nánú samstarfi við marga aðila innan skólans, aðallega þó við hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Með tilkomu nýja umsóknarkerfisins, sem byrjað var að smíða árið 2009, hafa íslenskir umsækjendur, bæði þeir sem sækja um grunn- og framhaldsnám, getað sótt rafrænt um skólavist í Háskóla Íslands og fylgst með framvindu umsóknar sinnar á vef háskólans. Á sama tíma, þ.e. frá árinu 2009, hefur verið unnið markvisst að því að bæta upplýsingar til umsækjenda, bæði á Uglunni og með tölvupóstssendingum. Fram kemur í upplýsingum til umsækjenda að umsókn hafi verið móttækin og hver séu næstu skref í umsóknarferlinu. Umsækjendahópurinn er fjölbreyttur og frá öllum heimshornum og því eru upplýsingarnar til umsækjenda mismunandi eftir því hvort þeir eru innlendir eða erlendir ríkisborgarar, innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins o.s.frv. Upplýsingar til umsækjenda hafa enn fremur batnað jafnhliða þróun nemenda- og umsóknarkerfisins.

Umsóknir frá erlendum stúdentum á eigin vegum

Í byrjun desember 2010 gátu erlendir umsækjendur í fyrsta sinn sótt rafrænt um nám í Háskóla Íslands. Á árunum 2011 og 2012 var unnið að því, í samvinnu við hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar, að erlendir umsækjendur gætu fylgst með framvindu umsóknar sinnar á sama hátt og innlendir umsækjendur. Á árinu 2012 var því, í fyrsta sinn, hægt að birta á vef háskólans upplýsingar til erlendra umsækjenda í grunnnámi um hvort umsókn þeirra hefði verið samþykkt eða synjað og birta um leið rafrænt útskýringar með svári um skólavist. Jafnframt var á árinu tekið að svara þeim

erlendu umsóknum í grunnám sem höfðu verið samþykktar einungis rafrænt með tölvupósti. Áformað er að halda áfram þessari vinnu háskólaárið 2013–2014. Þessi þróun rafræns umsóknarkerfis háskólans krefst þess að starfsmenn miðlægrar stjórnsýslu, Reiknistofnunar og deildarskrifstofa lagi áfram vinnubrögð sín að þessu nýja kerfi og hagi samskiptum sín í millum í samræmi við það.

Umsóknir frá erlendum skiptinimum

Í lok árs 2011 hófst vinna við að þróa umsóknarkerfið í Uglu til að erlendir skiptinemar gætu sótt rafrænt um skiptinám í Háskóla Íslands og á árinu 2012 var í fyrsta sinn tekið á móti umsóknum frá þeim í Uglu. Þess má jafnframt geta að Nemendaskrá og Alþjóðaskrifstofa skólans bættu þjónustuna við erlenda stúdenta á þann hátt að skólinn sótti um kennitölu fyrir nemendur frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að flýta fyrir skráningu þeirra í landið og í nemendakerfið við komuna til landsins.

Afgreiðsla umsókna

Afgreiðsla umsókna um grunnám er sem fyrr í höndum Nemendaskrár. Afgreiðsla umsókna um framhaldsnám er í höndum kennara og starfsfólks deilda og námsbrauta en tengist umsóknarkerfi Nemendaskrár með tilteknum aðgangsheimildum. Erlend prófskrifteini eru metin á Matsskrifstofu og þar eru erlendar umsóknir afgreiddar í samvinnu við Nemendaskrá og deildarskrifstofur.

Umsækjendur sem fá umsóknir um nám samþykktar fá upplýsingar um hvernig standa skuli að greiðslu skráningargjaldsins. Þegar umsækjandi hefur greitt gjaldið fyrir háskólaárið er hann formlega orðinn nemandi í skólanum. Fyrirhugað var að smíða umsóknarkerfi fyrir gesta- og sumarnemendur á árinu 2012 en ekki varð af því. Það er þó enn brýnt verkefni, ekki síst í ljósi nýs samnings á milli opinberu háskólanna, sem var undirritaður 5. desember 2011 og vegna þess að erlendir nemendur sækja í auknum mæli stök sumarnámskeið í Háskóla Íslands sem eru haldin víða um land.

Aukin gæði

Þróun nemenda- og umsóknarkerfisins Uglu tekur stöðugum breytingum til að mæta æ betur þörfum notenda, umsækjenda, nemenda, kennara og starfsfólks stjórnsýslu skólans. Hugbúnaðurinn batnar því með hverju ári og þar með eykst notagildi kerfanna, ekki síst fyrir umsækjendur og nemendur. Lykillinn að þessari þróun og aukinni þjónustu er náð og gott samstarf allra notenda Uglu og hugbúnaðarstarfsfólks Reiknistofnunar. Aukin samskipti við Útlendingastofnun og Þjóðskrá hafa einnig leitt til betri upplýsingagjafar til stúdenta á vef háskólans um ýmis hagnýt atriði er varðar dvalarleyfisumsóknir og skráningu inn í landið.

Brautskráning

Nemendaskrá sér einnig um brautskráningu í samvinnu við rektorsskrifstofu og deildir háskólans. Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við brautskráða nemendur sem óska eftir hvers kyns staðfestingu og vottorðum um nám sitt í skólanum. Þjónustan er innt af hendi í nánu samstarfi við þjónustuborð á Háskólatorgi.

Ýmis verkefni

Um langt árabil hefur Nemendaskrá séð um að senda út kannanir til þeirra nemenda skólans sem það leyfa. Yfirleitt eru þessar kannanir fyrir aðra nemendur Háskóla Íslands sem eru að vinna að ýmiss konar lokaverkefnum. Nemendaskrá sinnir einnig beiðnum frá nemendafélögum skólans, t.d. um netfangalista nýnema á haustin.

Nemendaskrá sér um rafrænar sendingar um námsframvindu nemenda vegna námslána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar

stúdentavagna búseturéttar í námsmannaíbúðum. Strætó fær reglulega sendan lista yfir skráða nemendur í byrjun missera til að nemendur geti keypt sér afsláttarkort í strætó. Vinnumálastofnun fær einnig upplýsingar um námsstöðu nemenda til að keyra saman við gagnagrunn Vinnumálastofnunar vegna þeirra sem sækja um atvinnuleysisbætur. Háskólinn leitaði álit Persónuverndar á árinu 2009 um lögmæti þessarar afhendingar og í ljósi m.a. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 heimilaði Persónuvernd að háskólanum afhenda Vinnumálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Þessu til viðbótar má nefna að Nemendaskrá veitir ýmsum, innan sem utan skólans, margvíslega þjónustu. Það má nefna að Stúdentaráð þarf á Nemendaskrá að halda í kringum kosningar til að sannreyna hvaða nemendur eru á kjörskrá. Einnig ber við að Nemendaskrá sendi út upplýsingar til ákveðinna nemendahópa, t.d. erlendra stúdentavagna viðburða sem tengjast landi þeirra og þjóð.

Innleiðing Uglu í hina opinberu háskólana

Á árinu 2012 var Uglan innleidd í alla opinbera háskóla á landinu, þ.e. Háskólan á Akureyri, Háskólan á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Það var umfangsmikið verkefni sem hvíldi að mestu á herðum hugbúnaðarþróunar Reiknistofnunar. Nemendaskráin sótti um í samstarfssjóð opinberu háskólanna og fékk fjármagn til að skrifa notendaleiðbeiningar fyrir Uglu og var einn starfsmaður Nemendaskrár í því verkefni á árinu. Starfsmaðurinn var eins konar notendatengill á milli Uglu í Háskóla Íslands og Uglu hjá hinum opinberu háskólunum. Auk þess að rita leiðbeiningar, sérstaklega fyrir nemenda- og umsóknarkerfið, heimsótti starfsmaðurinn alla hina háskólana, oftast einu sinni, til að kynna kerfið og kenna á það.

Þjónustuborð

Þjónustuborðið á Háskólatorgi veitir nemendum, starfsmönnum og gestum Háskóla Íslands fjölþætta þjónustu og almennar upplýsingar sem lúta að námi í skólanum. Þar fá nemendur vottorð um skólavist til handa ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, brautskráningar- og námsferilsyfirlit, þeir kaupa prentkvóta Reiknistofnunar og fá afhent stúdentavagna- og strætókort. Nemendur skrá sig einnig á námskeið Náms- og starfsráðgjafar á Þjónustuborði og þar er veittur aðgangur að námsvef Uglunnar. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi Háskólatorgs og þar kaupa starfsmenn háskólans matarmiða fyrir Hámu.

Erindum sem afgreidd voru fjölgaði og velta hélt áfram að aukast á árinu 2012. Upphaf skólaársins er ávallt mesti álagstíminn á Þjónustuborðinu og fjölgar þá erindum frá degi til dags þar til toppi er náð í september. Mest komu tæplega 800 viðskiptavinir á Þjónustuborðið á einum degi í byrjun september. Í janúar er annar en minni toppur með mest um 400 viðskiptavinum á dag. Á árinu voru framleidd liðlega 3.000 stúdentakort á Þjónustuborðinu og yfir 8.000 erindi voru afgreidd í tölvupósti, auk mikils fjölda símtala.

Starfsfólk

Ársverk á Þjónustuborðinu voru 4,3. Þar störfuðu í fullu starfi Anna Birna Halldórsdóttir þjónustustjóri og þjónustufulltrúarnir Guðrún Ásta Guðmundsdóttir og Sigríður Þórsdóttir. Aðalbjörg Guðmundsdóttir, Ása Valgerður Gunnsteinsdóttir og Sara Matthíasdóttir störfuðu sem þjónustufulltrúar hluta ársins.

Jafnréttismál

Hin árlega námskynning á háskóladeginum fór fram í febrúar með þátttöku þeirra sem starfa að jafnréttismálum innan háskólans og þar stóð jafnréttisfulltrúi skólans vaktina ásamt fulltrúum frá Q – félagi hinsegin stúdentavagna. Hjá þeim fengu áhugasamir tækifæri til að kynna sér stefnu háskólans og starfsemi á sviði jafnréttismála.

Í september kom út skýrslan Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008–2011, en hana er að finna í rafrænu formi á vefgáttinni www.jafnretti.hi.is. Tillögur til úrbóta sem þar komu fram lögðu grunninn að áframhaldandi jafnréttisstarfi við skólann.

Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi fór í leyfi fyrri hluta árs og var Dagný Ósk Aradóttir Pind ráðin til að leysa hann af í hálfu starfi, en jafnréttisnefnd skólans gagnrýndi að ekki skyldi ráðið í fullt starfshlutfall. Dagný sagði starfi sínu svo lausu um miðjan október og starfaði því enginn jafnréttisfulltrúi við Háskóla Íslands síðustu mánuði ársins.

Jafnréttisdagar voru haldnir 9.–18. október og var að vanda boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Þema dagana í ár var „Hver er öðruvísi?“ en markmiðið var að beina athygli að því að allir eru „öðruvísi“ á einhvern hátt og leggja áherslu á mikilvægi þess að horfa á það sem fólk á sameiginlegt frekar en það sem skilur það að. Helstu bakhjarlar jafnréttisdaga 2012 voru jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og ráð um málefni fatlaðs fólks, en einnig styrktu mennta- og menningarmálaráðuneytið og Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands dagana. Umsjón og skipulagning daganna var í höndum jafnréttisfulltrúa háskólans.

Margir viðburðir af ólíkum toga voru á jafnréttisdögum. Má þar nefna Þögnin er aldrei hlutlaus, sem var opinn umræðufundur þar sem Hanna Björg Vilhjálmsdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir ræddu reynslu sína af kynjafræðikennslu í grunn- og menntaskólum; alþjóðadag Háskóla Íslands; fræðslu um transgender, kynhneigð og hinsegin málefni í umsjón Q – félags hinsegin stúdenta; málþingið Enginn vill vera flóttamaður, þar sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Katrín Oddsdóttir lögmaður og Birgitta Jónsdóttir þingkona, ásamt hælisleitendum, ræddu aðstæður flóttamanna á Íslandi; sviðslistamanninn Alexander Roberts sem hélt fyrirlestur þar sem hann gagnrýndi félagsmótun sem leiðir til þess að fólk finnst það sjálf eða aðrir standa utan samfélagsins; samtökin No Borders voru með upplýsingaborð á Háskólatorgi; Nanna Hlín Halldórsdóttir hélt fyrirlestur sem nefndis Jafnrétti eða jafnræði? og Joni Seager, prófessor í hnattrænum fræðum við Bentley-háskóla, hélt fyrirlestur um bókina Raddir vorsins þagna (Silent Spring) eftir Rachel Carson í tilefni þess að fimmtíu ár eru frá því að hún kom fyrst út. Að auki skipulagði alþjóðanefnd Stúdentaráðs sýningu á upplifun erlendra skiptinema á dvöl sinni á Íslandi og jafnréttisnefnd ráðsins stóð fyrir ljósmyndakeppni í tengslum við þema daganna. Eins og áður jókst umræða um jafnréttismál með jafnréttisdögum og jafnréttisstarf við háskólann varð sýnilegra en áður í kjölfar þeirra. Dagarnir heppnuðust vel og verða haldnir aftur að ári.

Nokkrar lykiltölur um jafnréttismál í Háskóla Íslands

Stúdentar Háskóla Íslands eftir kynjum

Í október 2012 voru skráðir nemendur við Háskóla Íslands 13.737. Eins og áður voru konur í meirihluta, eða 65,3% nemenda, en karlar 34,7%. Þetta kynjahlutfall hefur haldist nánast óbreytt síðastliðin þrjú ár.

Kynjahlutfall er ójafnara ef litið er á skráða framhaldsnema við háskólann en í þeim hópi eru 70,1% konur og einungis 29,9% karlar. Hlutfall karla í framhaldsnámi hefur dregist eilítið saman undanfarin ár en það var 30,4% í október 2011 og 31,1% í október 2010.

Starfsfólk Háskóla Íslands eftir kynjum

Í lok árs 2012 voru starfsmenn Háskóla Íslands samtals 1.368: 52,4% konur og 47,6% karlar. Ársverk voru 1.176,1 og skiptust með svipuðum hætti milli kynjanna (53,3% konur og 46,7% karlar). Próffessorar voru fjölmennastir í hópi akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, eða 38%. Kynjahlutfall meðal kennara, annarra en stundakennara, (þ.e. prófessora, dósentu, lektora og aðjunkta) var 58,3% karlar og 41,7% konur. Þegar einungis er litið á þrjár æðstu akademísku

stöðurnar; prófessor, dósent og lektor og aðjunktur og stundakennarar ekki teknir með, hækkar hlutfall prófessora meðal akademískra starfsmanna úr 38% í 46%. Þegar hópur akademískra starfsmanna er þrengdur með þessum hætti er hlutfall karla hærra meðal þeirra en áður var nefnt, eða 61% karlar og hlutfall kvenna því 39%.

Af prófessorum voru 73,1% karlar og 26,9% konur, sem er nánast sama hlutfall og árið 2011 (73,5% karlar) og 2010 (73,9% karlar). Af dósentum við háskólann voru 42,3% konur og 57,7% karlar en kynjahlutfallið hefur jafnast eilítið samanborið við árið 2011 þegar konur voru 39,2% og karlar 60,8% dósenta. Í störfum lektora voru konur 56,6% og karlar 43,4%, sem er nánast sama skipting og árið 2011 og 2010. Í störfum aðjunktta var hlutfall kvenna hæst af öllum starfsheitunum, eða 62,3% og karlar því 37,7%, en þetta hlutfall hefur lítið breyst síðastliðin tvö ár.

Tafla 10

Karlar og konur í akademískum störfum í Háskóla Íslands í árslok 2012

	Fjöldi starfsmanna		Hlutfall	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Aðjunktur	29	48	38%	62%
Lektorar	65	85	43%	57%
Dósentar	90	66	58%	42%
Prófessorar	191	70	73%	27%
Alls	375	269	58%	42%

Konum hefur fjölgað um níu í akademískum störfum frá árinu 2011, fjöldi karla í sömu störfum hefur ekki breyst á sama tímabili en hins vegar hefur þeim fjölgað í æðri stöðum, það er að segja þeir hafa færst upp á við í framgangskerfi háskólans (karlkynsaðjunktum hefur fækkað en körlum í öðrum stöðum fjölgað). Að sama skapi virðast konur einnig hafa færst upp á við í framgangskerfi skólans þar sem færri konur eru aðjunktur 2012 en 2011 og konum hefur þar með fjölgað í æðri stöðum.

Meðal sérfræðinga (akademískra starfsmanna með starfsheitin vísindamaður, fræðimaður eða sérfræðingur) voru fleiri karlar en konur á árinu, eða 26 karlar (63,5%) og 15 konur (36,5%). Meðal rannsóknafólks (í störfum sem gera ekki ráð fyrir akademísku hæfismati) voru fleiri konur en karlar, eða 170 konur (61,3%) og 107 karlar (38,7%).

Meðal skrifstofufólks í Háskóla Íslands voru kynjahlutföllin 71,9% konur og 28,1% karlar. Til þessa hóps telst starfsfólk í miðlægrri stjórnslu, á skrifstofum fræðasviða og skrifstofum stofnana utan sviða. Í hópi skrifstofufólks í miðlægrri stjórnslu voru konur 68,9% og karlar 31,1%. Í hópi skrifstofufólks sem starfar innan fræðasviða voru konur 84,1% og karlar 15,9%. Í hópi skrifstofufólks á stofnunum utan fræðasviða voru konur 49,2% og karlar 50,8%.

Í hópi fólks í tæknistörfum voru karlar fleiri en konur, eða 46 karlar (76,7%) og 14 konur (23,3%). Til þessa hóps teljast m.a. umsjónarmenn, tæknifólk, iðnaðarmenn og baðverðir.

Æðsti stjórnandi háskólans, rektor, skipaður til ársins 2015, er kona. Aðstoðarrektor vísinda og kennslu og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs eru karlar. Af sex sviðsstjórum í miðlægrri stjórnslu voru fimm karlar og ein kona þar til í ágúst þegar konurnar urðu tvær. Fjórir af fimm forsetum fræðasviða Háskóla Íslands eru karlar en hins vegar eru fjórir af fimm rekstrarstjórum sviðanna konur. Af 25 kjörnum deildarforsetum voru 16 karlar (64%) og 9 konur (36%). Konum meðal deildarforseta fækkaði á árinu úr 10 í 9. Hlutfallið var misjafnt eftir fræðasviðum. Á Félagsvísindasviði voru tvær konur og fjórir karlar deildarforsetar. Á Verkfræði- og

náttúruvísindasviði voru fimm karlar deildarforsetar og ein kona, á Hugvísindasviði voru tvær konur og tveir karlar deildarforsetar, á Menntavísindasviði þrjár konur og enginn karl og á Heilbrigðisvísindasviði gegndu fimm karlar og ein kona starfi deildarforseta, en það var jafnframt eina fræðasviðið þar sem forseti sviðsins var kona.

Kynjahlutföll í háskólaráði, á háskólaþingi og í starfsnefndum háskólaráðs

Háskólaráð er skipað 11 fulltrúum og fyrri hluta ársins 2012 sátu 6 konur og 5 karlar í ráðinu. Síðla árs tók við nýtt háskólaráð sem var skipað sjö konum og fjórum körlum. Á háskólaþingi í nóvember sátu 66 fulltrúar með atkvæðisrétt, 38 karlar (57,5%) og 28 konur (42,5%), sem að hluta til skýrist af kynjaskiptingu meðal deildarforseta er að ofan greinir en þeir hafa sjálfkrafa atkvæðisrétt á þinginu.

Á vegum háskólaráðs starfa sex starfsnefndir. Í þeim sátu samtals 37 fulltrúar, 20 karlar (54,1%) og 17 konur (45,9%). Samkvæmt 15. gr. jafnréttislaga skal þess gætt að hlutfall beggja kynja sé að lágmarki 40% í nefndum á vegum hins opinbera þegar um er að ræða fleiri en þrjá fulltrúa. Árið 2012 var samsetning fjögurra af sex starfsnefndum háskólaráðs í samræmi við þetta ákvæði. Í samráðsnefnd um kjaramál sátu einungis þrjár fulltrúar, einn karl og tvær konur. Í fjármálanefnd sátu fimm karlar (83%) og ein kona (17%) en allir þessir fulltrúar í fjármálanefnd áttu þar sæti starfs síns vegna. Konur voru fjölmennari í þremur nefndum, jafnréttisnefnd, samráðsnefnd um kjaramál og vísindanefnd og gegndu formennsku í jafnréttisnefnd og vísindanefnd. Karlar gegndu formennsku í fjórum nefndanna (fjármálanefnd, gæðanefnd, kennslumálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál) og voru enn fremur fjölmennari í fjármálanefnd, gæðanefnd og kennslumálanefnd.

Af þeim 37 fulltrúum sem áttu sæti í þessum nefndum voru fjórir fulltrúar stúdenta, ein kona og þrjár karlar, en stúdentar áttu fulltrúa í gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd. Með hverri nefnd störfuðu á bilinu einn til þrjár starfsmenn, sem jafnframt sátu fundi nefndanna. Alls var um að ræða 12 manns, sjö karla (58%) og fimm konur (42%).

Rannsóknir

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og hefur jafnframt ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag, menningu og tungu. Í háskólanum eru um 14.000 nemendur í grunn- og framhaldsnámi, þar af eru um 1.100 erlendir nemar. Háskólinn hefur heimild til að brautskrá doktora á öllum fræðasviðum sínum. Skólinn er í nánú samstarfi við marga af helstu rannsóknaháskólum og háskóladeildum heims. Rannsóknavirkni starfsmanna hefur vaxið hratt á undanförunum árum og sýna alþjóðlegir mælikvarðar að áhrif rannsókna þeirra hafa aukist verulega.

Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér það langtímamarkmið að komast í hóp hundrað fremstu háskóla í heimi. Önnur Norðurlönd eiga átta skóla í þessum hópi, en þeir eru Háskólinn í Kaupmannahöfn, Háskólinn í Árósum, Háskólinn í Ósló, Karolinska Institutet í Stokkhólmi, Háskólinn í Uppsöllum, Háskólinn í Lundi, Háskólinn í Stokkhólmi og Háskólinn í Helsinki. Auk þess eru á annan tug norrænna háskóla, sem eru svipaðir að stærð og uppbyggingu og Háskóli Íslands, á meðal fremstu háskóla heims. Árangur Háskóla Íslands á undanförunum árum sýnir að raunhæft er að stefna áfram að þessu langtímamarkmiði.

Fyrsti áfangi á þessari vegferð var Stefna Háskóla Íslands 2006–2011. Meginmarkmið stefnunnar var að ná framúrskarandi árangri á sviði rannsókna, kennslu, stjórnunar og stoðþjónustu. Stefnan fól í sér ríflega eitt hundrað mælanleg og tímasett undirmerki sem lúta að öllum sviðum starfseminnar. Í framhaldinu settu allar deildir háskólans sér stefnu og markmið sem byggðust á heildarstefnunni. Meðal helstu markmiða Háskóla Íslands til ársins 2011 voru að:

- tvöfalda fjölda vísindagreina í virtustu alþjóðlegum ritrýndum tímaritum

- auka samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum
- auka sértekjur, m.a. úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum
- fimmfalda árlegan fjölda brautskráðra doktora
- efla gæðakerfi kennslu
- setja á stofn Miðstöð framhaldsnáms til að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi
- efla stoðþjónustu við rannsóknir og kennslu
- innleiða nýtt skipulag og stjórnkerfi til að auðvelda sókn að settum markmiðum

Afar mikilvægt skref var stigið árið 2007 með árangurstengdum samningi Háskóla Íslands og stjórnvalda um fjármögnun stefnunnar. Háskólinn hefur fylgst náið með framgangi hennar og gert árlega grein fyrir árangrinum. Nú undir lok fyrsta áfanga stefnunnar hefur háskólinn lagt heildstætt mat á framkvæmdina og fyrir liggur að flestum markmiðum hefur verið náð og í sumum tilvikum sýna lykilmælikvarðar að árangur hefur verið umfram áætlanir. Á tímabilinu 2005–2010

- fjölgaði vísindagreinum fræðimanna háskólans í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum úr 260 í 550 (2009) og tilvitnunum úr 5.100 í 10.000 (2009)
- jókst heildarfjárhæð sértekna um 78% og styrkir úr erlendum samkeppnissjóðum þrefölduðust
- fjölgaði doktorsnemunum úr 166 í 440 og brautskráðum doktorum úr 13 árið 2005 í 36 árið 2010
- fjölgaði styrkjum til doktorsnema í 106 en engir slíkir styrkir voru í boði árið 2005

Fjölmeðgöngum öðrum framfaramálum stefnunnar hefur verið hrint í framkvæmd í fyrsta áfanga. Matskerfi rannsókna hefur verið endurskoðað, nýtt ráðningar- og framgangskerfi innleitt, gæðanefnd háskólaráðs sett á laggirnar, samstarf við fremstu háskóla í heimi eft, tengsl við atvinnulíf styrkt og markvissum aðgerðum beitt til að laða að hæfustu nemendurnar og auka virkni í námi. Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir 1. júlí 2008 í þeim tilgangi að efla kennaramenntun og rannsóknir í mennta- og uppeldisvísindum.

Annar áfangi að langtímamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (e. graduation rate).
- Brautskráningarhlutfall meistaranema.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.
- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi þar sem strangar fræðilegar kröfur eru gerðar um gæði, s.s. í bókum og bókarköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öflugra innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrirtækja.

Endurskoðun matskerfis 2010

Í janúar 2007 úrskurðaði kjararáð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/2006, að ákvörðun launa og starfskjara prófessora skyldi ekki lengur heyra undir ráðið. Í kjölfarið fól fjármálaráðuneytið vísindasviði Háskóla Íslands að annast tímabundið umsjón með mati á verkum prófessora í ríkisháskólum og reikna út ritlaun og hækkun á milli launaflokka. Ákvörðun þessi var staðfest í samkomulagi prófessora í ríkisháskólum og fjármálaráðherra frá 26. september 2008. Með framangreindu samkomulagi var jafnframt skipuð nefnd sem falið var að útfæra framtíðarskipan verklags við mat á störfum prófessora. Nefnd þessa skipuðu fulltrúar samningsaðilanna (fjármálaráðuneytis og Félags prófessora) og fjórir aðrir fulltrúar: einn samkvæmt tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn fulltrúi annarra opinberra háskóla, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis og einn fulltrúi án tilnefningar og var hann oddamaður. Nefnd þessi komst að samkomulagi um fyrirkomulag við mat á störfum akademískra starfsmanna í ríkisháskólunum hinn 6. nóvember 2009.

Með framangreindu fyrirkomulagi er sett á laggirnar vísindanefnd opinberra háskóla sem ætlað er að þróa matskerfi fyrir háskólana í samráði við Félag prófessora og önnur kjarafélög sem kerfið tekur til. Vísindanefnd opinberra háskóla skipa fjórir fulltrúar Háskóla Íslands, auk eins fulltrúa annarra opinberra háskóla.

Samkvæmt samkomulaginu gerir vísindanefnd opinberra háskóla tillögu um breytingar á matskerfinu til svokallaðrar matskerfisnefndar sem staðfestir kerfið fyrir hönd þeirra sem að samkomulaginu standa. Í matskerfisnefnd sitja fjórir fulltrúar: einn frá fjármálaráðuneyti, einn frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn frá Háskóla Íslands og einn frá öðrum opinberum háskólum.

Á háskólaþingi Háskóla Íslands 15. maí 2009 var til umræðu tillaga að endurskoðuðu matskerfi fyrir Háskóla Íslands sem vísindanefnd háskólaráðs hafði unnið að um alllangt skeið. Á fundinum var enn fremur kynnt greinargerð um framkomnar athugasemdir við tillöguna frá fræðasviðum Háskóla Íslands, deildum og kjarafélögum kennara, auk athugasemda frá Háskólanum á Akureyri. Í kjölfar ítarlegrar umræðu samþykkti háskólaþingið að fela forsetum fræðasviða og rektor að leiða málið til lykta á grundvelli tillögu vísindanefndar og þeirra athugasemda sem fram höfðu komið. Ljúka skyldi endurskoðun kerfisins fyrir árslok 2009. Þann 5. nóvember 2009 samþykkti háskólaráð Háskóla Íslands endurskoðaða tillögu að breyttu matskerfi fyrir sitt leyti.


Vísindanefnd opinberra háskóla samþykkti nýtt matskerfi fyrir sitt leyti hinn 18. desember 2009. Í samþykkt sinni lagði nefndin áherslu á að endurskoðun reglnanna hæfist strax árið eftir og myndi nefndin kalla eftir athugasemdum frá öllum sem málið varðar. Jafnframt myndi hún skoða sérstaklega hvernig matskerfið kæmi til með að reynast í samanburði við eldra kerfi. Við endurskoðun reglnanna skyldi nefndin leggja megináherslu á gæði með alþjóðleg viðmið að leiðarljósi.

Vísindanefnd opinberra háskóla lagði jafnframt áherslu á að ákvæði um sérstakt mat yrði virkara en það hafði verið og það yrði framkvæmt með gagnvirkum hætti. Slíkt jafningjamat skyldu viðurkenndir sérfræðingar sem stæðu utan hefðbundinna matsnefnda vegna vinnumats annast. Matskerfisnefnd staðfesti ákvörðun vísindanefndar opinberra háskóla 30. desember 2009 og tók nýtt kerfi gildi 1. janúar 2010.

Á árinu 2012 fór fram vinna hjá vísindanefnd opinberra háskóla við endurskoðun á flokkun íslenskra tímarita í samræmi við matsreglur. Skilaði nefndin tillögum til matskerfisnefndar sem samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2012 flokkun tímarita í þrjá flokka eins og mælt er fyrir í matskerfi opinberra háskóla. Megininntak breytinganna er að einungis þau íslensku tímarit sem þegar eru

skráð í viðurkennda alþjóðlega gagnagrunna falla í þann flokk sem gefur 15 stig fyrir hverja grein enda hvetji það íslensk vísindatímarit til að leita eftir skráningu í slíka grunna.

John Tjvare
Eudis
Emma B. Almqvist
Margrid
Aune
Erich
John
Gumpör
Marianne
Sif
Myra
Margareta
Bertha
Elin
Natalie



Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félagi háskólakennara, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands og Félagi háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi þar sem strangar fræðilegar kröfur eru gerðar hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafolk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

Nýtt matskerfi Háskóla Íslands tók gildi frá með mati á störfum ársins 2010. Tölurnar sem fara hér á eftir miðast því við nýja matskerfið hvað 2010 og 2011 varðar en 2009 og fyrir miðast við það matskerfi sem þá var notað.

Breytingar á matskerfi opinberra háskóla – Samþykktar af matskerfisnefnd 28.12.2011

Hinn 1. janúar 2010 gekk í gildi nýtt matskerfi fyrir akademíska starfsmenn í opinberum háskólum. Matskerfið er byggt á samkomulagi á milli Félags prófessora við opinbera háskóla, opinberu háskólanna, fjármálaráðuneytisins og mennta- menningarmálaráðuneytisins frá 6. nóvember 2009. Samkvæmt samkomulagi þessu er það hlutverk vísindanefndar opinberra háskóla að gera tillögu til matskerfisnefndar um breytingar á kerfinu.


Um leið og niðurstöður mats ársins 2010 lágu fyrir, eða um mitt ár 2011, hóf vísindanefnd opinberra háskóla endurskoðun kerfisins. Hinn 7. október 2011 óskaði nefndin eftir athugasemdum og ábendingum frá opinberu háskólunum og þeim kjarafélögum akademískra starfsmanna sem kerfið tekur til. Þá lágu einnig fyrir ábendingar frá fulltrúum í matsnefndum, auk nokkurra ábendinga frá áhugasömum aðilum.

Vísindanefnd opinberra háskóla samþykkti tillögur um breytingar á matskerfi opinberra háskóla á fundi sínum 14. desember 2011. Matkerfisnefnd hefur fjallað um tillögurnar og samþykkti, á fundi sínum 28. desember 2011, eftirfarandi breytingar á matskerfinu, sem gilda frá og með 1. janúar 2012. Störf akademískra starfsmanna á árinu 2011 verða metin í samræmi við þær reglur sem þá voru í gildi.

Helstu breytingar á matskerfi opinberra háskóla

1. Flokkun íslenskra vísinda- og fræðitímarita
Í eldri reglum voru íslensk vísinda- og fræðitímarit flokkuð í samræmi við 18 tilgreind skilyrði. Flokkunarskilyrðin hafa verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar og m.a. með það í huga að eftirleiðis mun vísindanefnd opinberra háskóla ákvarða, í samráði við hóp sérfræðinga, í hvaða stigaflokk tímarit fellur. Flokkun tímarits gildir til þriggja ára. Flokkunin grundvallast því áfram á hlutlægum skilyrðum, eins og verið hefur, en jafnframt á faglegu mati sérfræðinga. Flokkun íslenskra tímarita lauk á árinu 2012 (sjá nánar kafla um endurskoðun matskerfis 2010).
2. Fjölgun ISI-tímarita í efsta flokki (20 stiga flokki)
Hingað til hafa greinar í svokölluðum ISI-tímaritum með 10% hæsta áhrifastuðulinn (e. impact factor) í sínum flokki verið metnar til 20 stiga. Þetta hlutfall er nú hækkað í 20%. Með breytingu þessari er vægi bestu alþjóðlegu vísindatímaritanna aukið.
3. Hámarksfjöldi stiga í flokki A6, fyrirlestrar og veggspjöld
Sett er 20 stiga hámark á ári á fjölda rannsóknastiga vegna fyrirlestra og veggspjalda sem metin eru í flokki A6.
4. Mat á bókum og bókarköflum
Í því skyni að bæta og samræma mat á bókum og bókarköflum mun matskerfisnefnd skipa sérstaka þriggja manna nefnd sem annast mat á slíkum ritverkum fyrir öll fræðasvið. Gert er ráð fyrir að þessi nefnd kalli til sérfræðinga eftir þörfum til að meta einstök verk.
5. Skýrslur – sérstakt mat
Ákvæði um sérstakt mat nær nú yfir skýrslur (A8.1) að uppfylltum almennum skilyrðum.
6. Nýsköpun í listum
Skilgreiningar á undirflokkum í A10.7 (nýsköpun í listum) eru færðar úr megin skjali matskerfisins í sérstakan viðauka II.
7. Útgáfuár
Það verður æ algengara að í tímaritum birtist greinar fyrst rafrænt á vef og síðar á prenti. Til að taka af öll tvímæli er bætt við skýringu á bls. 1 um að útgáfuár ritverka telst vera það ár sem það birtist á prenti. Ef ritverk birtist á vef ári áður en það birtist á prenti er heimilt að telja það fram strax og það birtist á vef og skal þá ekki telja það fram aftur þegar það birtist á prenti.


Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2008–2011



*Nýtt matskerfi 2010


Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2008–2011. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2011. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna á fræðasviðum árið 2011, reiknað á hvern akademískan starfsmann viðkomandi sviðs annars vegar og hvert starfsígildi hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í viðkomandi deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.

Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2008–2011. Allir starfsmenn




*Nýtt matskerfi 2010


Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2011 eftir fræðasviðum



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2011 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum



Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2008–2011 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands




*Nýtt matskerfi 2010


Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hve mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum hjá fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2011.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2011 eftir fræðasviðum




Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2011. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að 30% rannsóknastiga háskólans árið 2011 eru vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum, ERIH-A- og -B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviðum félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar. Fyrirlestrar og veggspjöld gefa rúmlega 25% rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkafar gefa 9%, ráðstefnugreinar 6% og bækur gefa 6% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 14% rannsóknastiga. Þar sem verk árána 2010 og 2011 voru metin eftir nýju matskerfi er samanburður við fyrri ár ekki mögulegur vegna breytinga á flokkum. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni starfsmanna eftir fræðasviðum. Það er misjafnt eftir fræðasviðum hvort það hlutfall jókst árið 2011 miðað við 2010.

Mynd 8. Ritvirkni 2011, greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritryndra greina 2008–2011 eftir fræðasviðum



*Nýtt matskerfi 2010


Rannsóknatengdir sjóðir

Vinnumatssjóður

Vinnumatssjóður var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2012 voru akademískum starfsmönnum við Háskóla Íslands greiddar 212 m.kr., auk launatengdra

gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst á árinu 2011. Á mynd 10 má sjá hlutfall úthlutana úr Vinnumatssjóði eftir fræðasviðum síðustu ár.

Mynd 10. Hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði 2009–2012 (%)



Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora


Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

Rannsóknasjóður


Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Á árinu 2012, fyrir árið 2013, var úthlutað 229 m.kr. til 229 verkefna, eða að meðaltali 1004 þús.kr. á hverja styrkta umsókn (sjá myndir 11–13).

Einnig veitir sjóðurinn nýdoktorum sem starfa við háskólann styrki (sjá mynd 14) og doktorsnemum ferðastyrki. Þessar styrkleiðir eru hluti af viðbótarfjárveitingu til styrktar rannsóknanámi við háskólann. Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um það í sérkafla um framhaldsnám.


Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2010–2013 (m.kr. á verðlagi hvers árs)




Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2010–2013 (%)



Mynd 13. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2010–2013 (%)



Mynd 14. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Styrkir til nýdoktora. Fjöldi umsókna og styrkja og úthlutunarupphæð 2009–2012 (m.kr.)




Tækjakaupasjóður

Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Umsóknum er forgangsraðað af fræðasviðum. Á árinu var í fyrsta skipti úthlutað eftir reglubreytingu þann 17. nóvember 2011 þar sem tvær undirdeildir Tækjakaupasjóðs voru sameinaðar. Sjóðurinn hafði á árinu 2012 um 52 m.kr. til ráðstöfunar þar sem sjóðurinn var styrktur um rúmlega 20 m.kr.

Þá eru einnig veittir svokallaðir mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Tækjasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru veittir 15 slíkir styrkir á árinu að upphæð um 25 m.kr.

Mynd 15. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2009–2012 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu þar sem í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 segir m.a. í kafla um stefnu um rannsóknir og nýsköpun:

Öflugt meistara- og doktorsnám

Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda þess að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímamarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknánám gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu og erlendu framhaldsnemana og færustu kennarana.


- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60–70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.
- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði eflað og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.

- Meistaránám verði eft, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.

Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur verið úthlutað sérstökum doktorsstyrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls bárust 139 umsóknir í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinanda og stúdents er hafið en 31 umsókn voru eftir svokallaðri leið b þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 24 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2012.

Mynd 16. Doktorsstyrkir 2007–2012



Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í maí 2012 var úthlutað í fimmta sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Úthlutað var styrkjum til átta verkefna (hér eru leiðbeinendur tilgreindir).

- Styrkur til tveggja ára: Guðmundur Hálfðanarson.
- Styrkur til eins árs: Ásgeir Haraldsson, Daníel Þór Ólafsson, Gavin Lucas, Allyson Macdonald, Ivan Shelykh, Oddur Ingólfsson og Unnur Dís Skaptadóttir.

Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í maí 2012 var úthlutað doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs í sjötta sinn. Alls voru veittir 16 styrkir.

Eftirtaldir leiðbeinendur hlutu styrk eftir leið b:

Hannes Jónsson, Páll Jakobsson, Snæbjörn Pálsson og Þórarinn Guðjónsson.

Eftirtaldir leiðbeinendur hlutu styrk til þriggja ára:

Áslaug Geirsdóttir, Jörundur Svavarsson, Kristján Árnason, María Elvira Mendéz Pinedo og Viðar Guðmundsson.

Eftirtaldir leiðbeinendur hlutu styrk til tveggja ára:

Árman Jakobsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Helga Jónsdóttir, Kesara Anamthawat-Jónsson og Vilmundur Guðnason.


Eftirtaldir leiðbeinendur hlutu styrk til eins árs:

Ingibjörg Gunnarsdóttir og Jóhannes Rúnar Sveinsson.

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru veittir styrkir til ráðstefnuferða doktorsnema. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði styrkveitingar var að fyrir lægi staðfest framlag nemanda á ráðstefnunni. Alls bárust 133 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 120 þeirra.


Mynd 17. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands – Ferðastyrkir 2010–2012



Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemunum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 19 styrkir á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.

Mynd 18. Aðstoðarkennarastyrkir 2010–2013



Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Rannsóknastöðustyrkir

Rannsóknastöðustyrkir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og voru þeir veittir til allt að þriggja ára. Um þessa styrki gátu akademískir starfsmenn Háskóla Íslands sótt í samstarfi við nýdoktor. Ekki hefur verið úthlutað nýjum rannsóknastöðustyrkjum frá árinu 2008 en staðið var við skuldbindingar sjóðsins frá því ári.

Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskráin tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísindasviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8.

Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs er að vinna af fagmennsku að starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs taka mið af starfsmannastefnu Háskólans. Leitast er við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunnildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Í október 2012 var lögð fyrir starfsfólk skólans viðhorfskönnun um starfsumhverfi Háskóla Íslands þar sem starfsfólkið var beiðið um að lýsa viðhorfum sínum m.a. varðandi stjórnun, launakjör, álag og streitu, sjálfræði og áhrif, sveigjanleika og samræmingu fjölskyldulífs, starfsanda,

upplýsingamiðlun og aðstöðu og öryggi á vinnustað. Mjög góð þátttaka var í könnuninni þar sem um 70% starfsfólks svaraði könnuninni. Áætlað er að niðurstöður könnunarinnar verði birtar og kynntar í öllum starfseiningum skólans á vormánuðum 2013.

Starfsmannasvið er hluti af sameiginlegri stjórnslu háskólans og heyrir undir framkvæmdir og rekstur. Á sviðinu störfuðu fimm starfskonur árið 2012 í 4,8 stöðugildum. Þær eru Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher, Elísabet Þorsteinsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Kristín Helga Markúsdóttir, sem einnig er lögfræðingur sviðsins.


Auglýsingar og umsóknir

Á árinu 2012 voru auglýst 45 akademísk störf og um þau sóttu samtals 263 einstaklingar (sjá mynd 1). Að auki voru auglýst 58 önnur störf og sótti 1301 einstaklingur um þau störf (sjá mynd 2.) Á mynd 3 má sjá meðalfjölda umsækjenda um hvert starf hjá Háskóla Íslands. Þá voru auglýst 88 störf á vegum Vinnumálastofnunar vegna sumarstarfa til tveggja mánaða.


Mynd 1. Akademísk störf og aðjunktur – fjöldi auglýstra starfa og umsókna



Mynd 2. Önnur störf – fjöldi auglýstra starfa og umsókna




Mynd 3. Meðalfjöldi umsókna um hvert starf



Starfsfólk

Starfsmenn með ráðningarsaming við Háskóla Íslands í desember 2012 voru samtals 1368 í 1176 stöðugildum (að Raunvísindastofnun meðtalinni). Talsvert fleiri en fastráðið starfsfólk þiggja laun frá Háskóla Íslands og voru heildarlaun sem greidd voru með launatengdum gjöldum 9.632 milljónir króna, greidd til 4.279 einstaklinga. Á mynd 4 og 5 má sjá fjölda starfsmanna við Háskóla Íslands eftir kyni og störfum.

Mynd 4. Fjöldi starfsmanna eftir kyni og starfsheimum



	2012	Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			Alls Samtals
		Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Heilbrigðisvísindasvið	Hjúkrunarfræðideild	0	6	6	1	7	8	2	6	8	1	2	3	25
	Læknadeild	10	13	23	25	8	33	42	6	48	2	5	7	111
	Lyfjafræðideild	1	1	2	1	2	3	3	3	6	0	0	0	11
	Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1	3	0	3	2	3	5	0	0	0	9
	Sálfræðideild	1	3	4	4	2	6	3	0	3	0	0	0	13
	Tannlæknadeild	9	0	9	3	1	4	3	1	4	0	1	1	18
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	1	0	1	0	1	1	4	1	5	0	0	0	7
	Íslensku- og menningardeild	1	5	6	3	3	6	13	5	18	4	5	9	39
	Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	3	8	11	3	2	5	2	5	7	4	7	11	34
	Sagnfræði- og heimspekideild	0	1	1	0	0	0	18	3	21	2	1	3	25
Menntavísindasvið	Menntavísindasvið	15	32	47	14	18	32	13	10	23	7	18	25	127
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Íónaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	4	0	4	3	1	4	10	2	12	0	0	0	20
	Jarðvísindadeild	0	0	0	0	3	3	6	2	8	1	0	1	12
	Líf- og umhverfisvísindadeild	1	2	3	4	5	9	8	5	13	0	0	0	25
	Rafmagns- og tölvunarfræðideild	1	0	1	2	0	2	3	1	4	0	0	0	7
	Raunvísindadeild	0	0	0	4	1	5	28	0	28	1	0	1	34
	Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	4	1	5	6	0	6	0	0	0	11
Félagsvísindasvið	Félagsráðgjafardeild	1	3	4	0	3	3	0	2	2	1	2	3	12
	Hagfræðideild	1	1	2	2	0	2	6	0	6	0	0	0	10
	Lagadeild	6	2	8	6	3	9	2	5	7	0	0	0	24
	Viðskiptafræðideild	7	2	9	5	2	7	5	0	5	6	2	8	29
	Stjórn málafræðideild	1	3	4	0	0	0	5	1	6	0	3	3	13
	Félags- og mannvísindadeild	2	2	4	3	3	6	7	9	16	0	2	2	28
	Alls:	65	85	150	90	66	156	191	70	261	29	48	77	644
	2012	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
		Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			

Mynd 5. Fjöldi fastráðinna kennara 2012 eftir starfsheitum, kyni, fræðasviðum og deildum

Til glöggvunar á starfsheitum eru „sérfræðingar“ akademísir starfsmenn og hið sama gildir um fræðimenn og vísindamenn. „Rannsóknarfólk“ eru starfsmenn sem ekki hafa akademískt hæfi en starfa við rannsóknir, s.s. starfsmenn á rannsóknarstofum við þjónusturannsóknir, háskólanemar, nýddoktorar og aðrir starfsmenn við rannsóknir sem oftast eru á sérstökum rannsóknarstyrkjum. „Tæknifólk“ eru iðnaðarmenn, umsjónarmenn, starfsmenn lóðar, tanntæknar, baðverðir og ræstingafólk.

Skrifstofufólki eru skipt í þrjá flokka: starfsmenn í miðlægrri stjórnslu, starfsmenn við stjórnslu fræðasviða og starfsmenn þjónustu- og rannsóknarstofnana, oft fólk sem fær laun af sjálfsaflafé. Að gefnu tilefni eru hér nánari skýringar á þessum hópi:

„Skrifstofufólk á einingum utan fræðasviða“: Reiknistofnun, Endurmenntunarstofnun, háskólasetrin úti á landi, bókasafnið í Stakkahlíð, Rannsóknarþjónusta háskólans og Háskólaútgáfan.

„Skrifstofufólk í miðlægrri stjórnslu“: Starfsmenn hjá námsráðgjöf, nemendaskrá, alþjóðaskrifstofu, kennslumiðstöð, kennsluviði, vísindasviði, starfsmannasviði, fjármálasviði, markaðs- og samskiptasviði, framkvæmda- og tæknisviði, stjórnslu á rekstri fasteigna, rektorsskrifstofu, háskólasjóði og skjalasafni.

„Skrifstofufólk fræðasviða og stofnana sem heyra undir fræðasvið“: Hér teljast starfsmenn stjórnslu hvers fræðasviðs og deilda sem undir það heyra. Auk þess teljast til þessa hóps allir starfsmenn á stofnunum sem tilheyra fræðasviðinu og ekki eru í hópi akademískra starfsmanna eða nema. Þannig eru t.d. starfsmenn Félagsvísindastofnunar með í samtölu Félagsvísindasviðs og Líffræðistofnun er talin með Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Á launaskrá Háskóla Íslands er einnig starfsfólk sem ráðið er í verkefna- og tímavinnu. Stundakennarar eru þar fjölmennasti hópurinn. Fjöldi einstaklinga sem kom að stundakennslu á árinu 2012 kemur fram á mynd 6.

Mynd 6. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands 2012

	Fjöldi einstaklinga	Karlar	Konur	Stöðugildi	Tímafjöldi
Félagsvísindasvið	494	182		312 55,54	59.541
Heilbrigðisvísindasvið	878	290		588 54,05	57.939
Hugvísindasvið	218	99		119 36,39	39.015
Menntavísindasvið	219	57		162 11,72	12.560
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	420	291		129 55,88	59.906
			Stöðugildi stundakennslu	213,58	
			Tímafjöldi stundakennslu		228.960

	Tímafjöldi	Alls	Karlar	Konur	Stöðugildi	
Vettvangskennarar / Menntavísindasvið	6.257	206	39	167	5,84	6.257

Alls stöðugildi – stundakennsla og vettvangskennsla	219,42
Alls tímafjöldi – stundakennsla og vettvangskennsla	235.217

Starfsmannavelta er hér mæld með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á tímabilinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Tímabundnir starfsmenn eru ekki taldir með. Ekki er gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover) en sjálfviljug velta tekur einungis til þeirra sem hætta að eigin ósk. Þannig eru starfsmenn sem hætta vegna aldurs innifaldir í þessum tölum.

Starfsmannavelta 2012 var 6,7%, sem er aukning um 1% frá 2011. Ef skoðuð er starfsmannavelta hjá akademískum starfsmönnum annars vegar og öðrum starfsmönnum hins vegar (stjórnsýsla, þjónusta, rannsóknir og tæknifólk) var starfsmannaveltan 2011 nánast sú sama hjá báðum hópum en talsverður munur er milli hópanna 2012. Þá er starfsmannavelta meðal akademískra starfsmanna 4,5% en 10,6% meðal annarra starfsmanna.

Fræðsla

Boðað var til 54 námskeiða og viðburða á vegum starfsmannasviðs á árinu. Viðburðina sóttu samtals 1.111 starfsmenn í samtals 3.101 klst. Fastir liðir í fræðslu og endurmenntun starfsmanna eru námskeið til að auka færni starfsmanna í notkun samskipta- og skjalavistunarforrita skólans. Má þar nefna skjalavistun í Námu, Lotus Notes tölvupóst- og dagbókarkerfi, Drupal-kerfi heimasíðu skólans fyrir vefritara, innra netið Uglu, ásamt kynningu á notkun Visio-teikniforrítsins við gerð verkferla. Fjölbreytni í tungumálum var aukin með því að bjóða upp á spænsku ásamt ensku og dönsku. Tvö byrjendanámskeið í íslensku voru í boði ásamt The Icelandic Village sem Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir hefur hannað fyrir þá sem hafa undirstöðu í íslensku en eru að feta sín fyrstu skref í að tala. Einn fræðslufundur var haldinn fyrir stjórnendur um kennslustefnu deilda.


Fræðsludagur starfsfólks í stjórnsýslustörfum var haldinn í mars og var fjallað um köllun í starfi út frá mismunandi manngerðum og hvernig fólk nýtur sín best í vinnunni.

Heilsumánuður var haldinn í apríl og áhersla var að venju á að hver og einn nýtti sér það sem er jafnan í boði í Íþróttahúsinu og starfsmenn voru hvattir til að stunda markvissa hreyfingu. Frætt var um næringu og innihald matvæla, streitulosun og skyndihjálp. Skyndihjálparnámskeið voru haldin áfram út árið.

Aðrir viðburðir sem starfsmannasvið stóð að voru jólaball starfsmanna og stúdenta, golfmót starfsmanna, bæði að vori og hausti, Háskólahlaup og vorferð og mánaðarlegir morgunfundir Skólabæjarhóps, þ.e. hóps fyrrverandi starfsfólks Háskóla Íslands sem látið hefur af störfum sökum aldurs.

Fræðsluáætlun starfsmannasviðs er birt í Uglu: á forsíðu >Torg >Á döfinni. Netslóð: <https://ugla.hi.is/vidburdir/Vidburdasysl.php?sid=1446>.

Mynd 7. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs mælt í vinnustundum starfsmanna



Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Helstu samstarfsaðilar sviðsins utan háskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins og Reykjavíkurborg.

Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi starfseiningar heyra undir sviðið:

- Byggingar og tækni, sem hafa umsjón með viðhaldi fasteigna, hirðingu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innan- sem utanhúss. Hjá deildinni starfa 14 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingamagn háskólans er um 100 þúsund m². Framkvæmdir vegna viðhalds háskólabygginga eru almennt fjármagnaðar af fjárveitingu skólans en kostnaður vegna meiriháttar viðhaldsverkefna og nýbygginga er borinn af Happpdrætti Háskóla Íslands og umfang verkefna hverju sinni háðar árlegu fjárframlagi Happpdrættisins. Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- Rekstur fasteigna, sem sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefni eru almenn umsjón með húsnæðinu, aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum. Umhverfisstjórnun skipar æ stærri sess. Meðal annars er unnið markvisst að flokkun sorps til endurvinnslu. Þá var á árinu unnið viðamikilið heildstætt ræstingaútböð í samvinnu við Ríkiskaup. Gerðar voru kröfur um að bjóðendur hefðu Svansvottun eða aðra viðurkennda umhverfissvottun á ræstingasviði. Í lok ársins voru gerðir samningar við tvö fyrirtæki sem bæði státa af Svansvottun. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld, rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 22, auk þess hluta ræstingafólks sem er starfsmenn Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri fasteigna er jafnframt starfsmaður öryggisnefndar Háskóla Íslands en aðbúnaður, hollustuhættir og almennt öryggi starfsmanna heyra bæði undir starfsmannasvið og öryggisnefnd. Rekstrarstjóri fasteigna er Sigríður Björnsdóttir.

- Íþróttahús háskólans, þar sem nemendum og starfsfólki er boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfimisal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús við Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttafraeðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.
- Póst- og sendilsþjónusta. Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með almennum póstsendingum og innanhússpósti.

Helstu verkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu

Aðalbygging

Breytingar voru gerðar á rými í vesturálmú á fyrstu hæð þar sem í upphafi hafði verið bókasafn og síðar upplýsingaskrifstofa en á árinu 2011 var upplýsingaskrifstofan færð fram í anddyri byggingarinnar. Lagt var sams konar gólfefni og er í anddyri byggingarinnar, rýmið málað og innréttað sem setustofa og kaffiaðstaða fyrir starfsfólk. Einnig var unnið að uppsetningu útljósa og neyðarlýsinga og þeirri vinnu verður haldið áfram á árinu 2013.

Askja

Breytingar voru gerðar á rannsóknnaðstöðu á annarri hæð og útbúin aðstaða fyrir doktorsnema á þriðju hæð hússins.

Friðland í Vatnsmýri

Á undanförunum árum hafa Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Norræna húsið unnið að endurbótum á friðlandinu í Vatnsmýri norðan við Norræna húsið til að endurheimta votlendi og gera svæðið sem best úr garði svo að það verði griðastaður fugla og vatnalífvera.

Hagi

Unnið var að þéttingu glugga á austurhlið hússins, grafið upp með austurhliðinni og lagður sökkuldúkur og drenlagir.

Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Snemma árs var efnt til hönnunarsamkeppni um byggingu undir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem mun rísa á horni Brynjólfsstötu og Suðurgötu. Gert er ráð fyrir að verklegar framkvæmdir hefjist á árinu 2013 og húsið verði tekið í notkun á árinu 2014. Fyrsti áfangi byggingarinnar verður 3.000 fermetrar að stærð auk bílageymslu og tengingar við Háskólatorg. Í deiliskipulagi er heimild fyrir allt að 7.200 fermetra byggingu á byggingarreitnum. Húsið verður notað til kennslu, rannsókna og miðlunar þekkingar um tungumál og menningu til almennings og vísindasamfélagsins og þar er einnig gert ráð fyrir alþjóðlegri tungumálamiðstöð sem mun starfa undir merkjum UNESCO. Úrslit úr hönnunarsamkeppninni voru kunngerð í maí og var það arkitektastofan Arkitektúr.is sem varð hlutskörpust og hlutu vinningshafarnir fimm m.kr. í verðlaunafé.

Íþróttahús við Háteigsveg

Nýjar hellur voru lagðar við inngang og snjóbræðslu komið fyrir. Rafdrifnar hurðir voru settar upp við aðalinngang hússins og unnið var við uppsetningu á útljósum og neyðarlýsingu. Húsið er leigt Reykjavíkurborg.

Íþróttahús við Sæmundargötu

Gagngerar endurbætur voru gerðar á íþróttasal á fyrstu hæð. Veggir voru málaðir í upprunalegum lit og komið fyrir nýju loftræsikerfi.

Landspítali – háskólasjúkrahús – nýbygging fyrir Heilbrigðisvísindasvið

Framkvæmda- og tæknisvið hefur frá árinu 2006 komið að undirbúningsvinnu vegna nýs háskólasjúkrahúss í samráði við heilbrigðisvísindadeildir skólans. Sumarið 2010 fór fram samkeppni um frumhönnun á 66 þúsund m² byggingum fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús og allt að 10 þúsund m² byggingu fyrir Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands ásamt gerð nýs deiliskipulags fyrir spítalasvæðið. Vinningshafi var SPITAL-hópurinn. Frá hausti 2010 hefur framkvæmda- og tæknisvið tekið þátt í vinnu vegna frumhönnunarinnar ásamt fulltrúum frá Heilbrigðisvísindasviði. Frumhönnun á byggingu Heilbrigðisvísindasviðs lauk á árinu 2012 og í lok árs lá nýtt skipulag fyrir spítalasvæðið fyrir til samþykktar hjá Reykjavíkurborg. Einnig lá fyrir í lok árs að Alþingi tæki til umfjöllunar breytingu á lögum nr. 64/2010 (Lög um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík) þar sem fallið er frá heimild til einkaframkvæmdar og bygging nýs spítala verði þess í stað opinber framkvæmd.

Laugarvatn

Unnið var að ýmsum viðhaldsverkefnum í húsakynnum Menntavísindasviðs. Einnig var unnið við uppsetningu á útiljósum og neyðarlýsingu.

Læknagarður

Lokið var við uppsetningu á útiljósum og neyðarlýsingu og settar upp rafstýrðar brunalokur fyrir ofan hurðir inn á alla ganga á öllum fimm hæðum byggingarinnar. Einnig var útbúin kaffiaðstaða fyrir starfsfólk á fimmtu hæð.

Neshagi 16

Útbúin var ný kennsluaðstaða á fyrstu hæð fyrir túlkafræði á Hugvísindasviði. Sérútbúnir túlkaklefar til kennslu voru fengnir með styrk frá Evrópusambandinu.

Oddi

Unnið var við viðamikla uppsetningu á útiljósum og neyðarlýsingu.

Stakkahlíð – Múli

Gagngerar endurbætur voru gerðar á skyggni og anddyri vesturinngangs Múla.

VR-III

Lokið var við uppsetningu á útiljósum og neyðarlýsingu sem hófst á árinu 2011.

Fjárreiður og rekstur

Starfsemi fjármálasviðs

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál. Sviðsstjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að skiptingu fjármagns innan skólans og fræðasviðanna fimm. Sigurður J. Hafsteinsson gegndi starfi sviðsstjóra fjármálasviðs fram til febrúarloka árið 2012 en Jenný Bára Jensdóttir tók við starfinu í ágúst 2012. Gunnlaugur H. Jónsson, sem hafði verið innri endurskoðandi skólans um árabíl, gegndi starfinu í millitíðinni.

Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2012 með samanburði við árið 2011

Háskóli Íslands var rekinn með 8,2 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 256,5 m.kr. afgang árið áður. Hagnaðurinn skiptist þannig að tap var á af reglulegri starfsemi sem nam 101,5 m.kr. samanborið

við 214,5 m.kr. rekstrarafgang árið áður. Fjármagnstekjur námu 109,7 m.kr. samanborið við 42,0 m.kr. fjármagnstekjur árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnstekna er vegna gengisbreytinga og er þessi liður því óreglulegur.


Fjárveiting í fjárlögum nam 9.502,7,0 m.kr. Til viðbótar fengust 82,3 m.kr. fjárheimildir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu m.a. vegna verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“. Samtals námu því fjárheimildir 9.585 m.kr. og hækkuðu um 5,6% frá árinu áður.

Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 9.643,2 m.kr. og batnaði staða Háskóla Íslands gagnvart ríkissjóði um 41,7 m.kr. og skuldaði háskólinn ríkissjóði 148,2 m.kr. í árslok. Sértekjur námu alls 5.361,2 m.kr. samanborið við 5.021,3 m.kr. árið áður og jukust því um 340 m.kr. á milli ára. Munar þar mest um auknar tekjur af skrásetningargjöldum. Skrásetningargjöld námu 772,5 m.kr. og hækkuðu um 207,8 m.kr. frá fyrra ári. Skrásetningargjald fyrir hvern nemanda skólaárið 2012–2013 var 60.000 kr. og hækkaði um 15 þús.kr. frá árinu áður. Erlendir og innlendir styrkir námu samtals 2.622,8 m.kr. og hækkuðu þeir um 79,4 m.kr. frá árinu áður. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 429,1 m.kr. og hækkuðu þær um 6 m.kr. frá árinu áður, eða um 1,4%. Aðrar sértekjur námu 1.000,8 m.kr. og hækkuðu þær um 62,7 m.kr. frá árinu áður. Framlag frá Happpdrætti Háskóla Íslands nam 536 m.kr. og lækkaði það um 16 m.kr. frá árinu áður.

Erlendir styrkir námu 1.355,9 m.kr. og hækkuðu þeir um 217 m.kr., eða um 19,1% á milli ára. Innlendir styrkir til Háskóla Íslands námu 1.266,9 m.kr., og lækkuðu þeir um 137,7 m.kr. á milli ára, eða um 9%. Rekstrartekjur alls hækkuðu um 6% og námu 14.946,1 m.kr. samanborið við 14.100,1 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrir fram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum og til skuldar í efnahag. Þessi upphæð hækkaði og nam 1.324,2 m.kr. á árinu 2012 samanborið við 1.225,4 m.kr. árið áður.

Á mynd 1 má sjá hvernig fjárveiting og sértekjur háskólans hafa þróast á tímabilinu 2000–2012 á verðlagi ársins 2012.

Mynd 1. Tekjur Háskóla Íslands 2000–2012 í m.kr.



Skýring: Á árunum 2003 og 2007 var framlag Happraættis Háskóla Íslands til nýbygginga mun hærra en venjulega.


Útgjöld námu alls 15.047.663 m.kr. samanborið við 13.885,6 m.kr. árið áður. Tekjuhalli varð af reglulegum rekstri og nam hann 101,5 m.kr. samanborið við 214,5 m.kr. tekjuafgang árið áður. Útgjöld alls jukust um 1.162 m.kr. frá árinu áður, eða um 8,4%. Þetta skiptist þannig að rekstrarútgjöld uxu um 466,7 m.kr., eða 3,6%, frá 2011 til 2012 en framkvæmdaliðir hækkuðu um 673,3 m.kr. Þessi hækkun framkvæmdaliða skýrist af því að háskólinn hafði mjög lítinn kostnað af nýbyggingum á árinu 2011 og framkvæmdafé frá því ári var ráðstafað á árinu 2012.

Á mynd 2 er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda Háskóla Íslands eftir helstu rekstrareiningum skólans og á mynd 3 er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda eftir fræðasviðum.

Mynd 2. Skipting útgjalda Háskóla Íslands 2012



Mynd 3. Skipting útgjalda eftir fræðasviðum 2012




Ársverk og launapróun

Ársverkum fjölgaði um 0,4% milli ára og voru þau 1.283 árið 2012. Laun á hvert ársverk jukust um 5% og fór launakostnaður alls úr 9.096,6 m.kr. í 9.598,7 m.kr.

Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni Háskóla Íslands aukist. Á mynd 4 sést hvernig nemendum og ársverkum starfsmanna við

Háskóla Íslands hefur fjölgað árin 2000–2012. Á tímabilinu fjölgaði ársverkum nemenda um 123% en ársverkum starfsmanna um 44%.

Mynd 4. Fjölgun nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands tímabilið 2000–2012.



Framkvæmdafé

Framlög frá Happraætti Háskóla Íslands til viðhalds bygginga, framkvæmda og tækjakaupa námu 536 m.kr. árið 2012 samanborið við 552 m.kr. árið 2011. Helstu ráðstafanir voru að 250 m.kr. var varið til kaupa á Háskólabíói, 134 m.kr. voru lagðar til hönnunar húss Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og 100 m.kr. voru lagðar í undirbúning að Húsi íslenskra fræða, auk minni fjárfestinga.

Byggingar og tækjakaup

Eftirfarandi er yfirlit um byggingar og tækjakaup á árinu 2012. Útgjöldin rúmlega fjórfölduðust frá árinu áður en sú hækkun skýrist af því að mjög lítill kostnaður varð vegna nýbygginga á árinu 2011 og framkvæmdafé frá því ári var ráðstafað á árinu 2012. Með leyfi ráðuneyta mennta- og fjármála var Háskólabíói keypt af Sáttmálasjóði fyrir 250 m.kr., 134 m.kr. voru lagðar til hönnunar húss Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og 100 m.kr. greiddar vegna undirbúnings Húss íslenskra fræða, auk minni fjárfestinga.

Fjárhæðir í þús.kr.	2012	2011
Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	134.252	349
Háskólatorg.....	90.574	0
LSH, ný bygging.....	17.316	48.642
Hús íslenskra fræða.....	100.000	0
Háskólabíó.....	250.000	0
Neshagi.....	59.652	0
Skólabær.....	50.883	0
Aðrar byggingar.....	97.166	86.362
Tækjakaup.....	35.411	26.326
Húsgögn, búnaður.....	31.654	40.162
Samtals:.....	866.909	201.841

**Ársreikningur Háskóla
Íslands 2012**

Rekstrarreikningur

	2012	2011	Breyting
	þús.kr.	þús.kr.	%
Rekstrartekjur:			
Fjárlög	9.502.700	8.489.000	11,9%
Fjáráukalög og fjárheimildir	82.250	589.840	-86,1%
Fjárveiting alls	9.584.950	9.078.840	5,6%
Framlag Happraettis H.Í.	536.000	552.000	-2,9%
Skrásetningargjöld	772.482	564.673	36,8%
Endurmenntun, símenntun	429.090	423.066	1,4%
Erlendar tekjur (styrkir)	1.355.943	1.138.842	19,1%
Innlendir styrkir	1.266.905	1.404.584	-9,8%
Aðrar sértekjur	1.000.768	938.099	6,7%
Sértekjur	5.361.188	5.021.263	6,8%
Rekstrartekjur alls	14.946.138	14.100.104	6,0%
Rekstrargjöld:			
Sameiginleg stjórnarsýsla	1.050.585	1.010.214	4,0%
Félagsvísindasvið	1.839.291	1.802.498	2,0%
Heilbrigðisvísindasvið	2.147.424	2.021.975	6,2%
Hugvísindasvið	1.331.370	1.209.670	10,1%
Menntavísindasvið	1.421.919	1.407.733	1,0%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.069.148	1.963.811	5,4%
Rannsóknastofnanir utan fræðasviða	157.947	148.725	6,2%
Þjónustustofnanir	1.496.738	1.622.151	-7,7%
Endurmenntunarstofnun	324.367	302.954	7,1%
Sameiginlegur kostnaður fræðasviða	1.049.174	931.506	12,6%
Rekstur fasteigna	1.005.700	983.709	2,2%
Rekstur alls	13.893.663	13.404.946	3,6%
Viðhald fasteigna	287.091	278.835	3,0%
Tækjakaup	67.065	66.488	0,9%
Nýbyggingar	799.843	135.354	490,9%
Viðhald og nýbyggingar	1.153.999	480.676	140,1%
Útgjöld alls	15.047.663	13.885.623	8,4%
Rekstrarniðurstaða	-101.525	214.481	
Fjármunatekjur (fjármunagjöld)	109.739	41.977	
Tekjuafgangur/halli ársins	8.214	256.458	

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	2012	2010
Eignir	þús.kr	þús.kr
Bankainnistæður í erlendri mynt	601.941	1.113.972
Sjóðir og innlendar bankainnstæður	348.206	845.220
Skammtímakröfur	1.724.156	507.138
Hlutafé*	324.340	345.871
Eignir alls	2.998.643	2.812.201
Skuldir		
Langtímaskuldir	33.641	39.565
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	148.181	189.928
Skammtímaskuldir	1.667.072	1.441.174
Bundið eigið fé (hlutafé)	266.778	345.871
Annað eigið fé	882.971	795.664
Skuldir alls	2.998.643	2.812.201

*Einkum Vísindagarðar ehf og Keilir ehf

Fyrirvari gerður við ríkisreikning 2012

Á árinu 2012 var ríkisreikningur, sem Fjársýsla ríkisins gefur út, og ársreikningur Háskóla Íslands, sem Ríkisendurskoðun gefur út, ekki eins. Mismunurinn er tilkominn vegna ágreinings um afskrift á hlut Háskóla Íslands í Keili – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Ríkisreikningur var áritaður af forsvarsmönnum Háskóla Íslands með eftirfarandi fyrirvara: „Undirritað með fyrirvara um réttmæti þess að færa niður hlutafé Háskóla Íslands í Keili – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, um 57,6 m.kr. Þessi niðurfærsla er ekki í samræmi við ársreikning Háskóla Íslands fyrir árið 2012 sem hefur verið endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.“

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun vinnur fyrir háskólaráð og á hún að bæta rekstur háskólans með því að aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum, meta árangur og bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun. Aðaláhersla innri endurskoðunar er því að kanna og meta hvort innra eftirlitið sé virkt svo að starfsemi háskólans sé í eðlilegum farvegi. Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem heyrir faglega undir háskólaráð og stjórnsýslulega undir rektor. Við innri endurskoðun starfaði einn starfsmaður, Gunnlaugur H. Jónsson. Hann þurfti þó að taka tímabundið að sér starf fjármálastjóra Háskóla Íslands frá febrúar 2012 fram í ágúst það ár uns nýr fjármálastjóri var ráðinn og gat því eðli málsins samkvæmt ekki starfað sem innri endurskoðandi eftir það. Nýr innri endurskoðandi hefur ekki verið ráðinn.

Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og fjórir sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfa eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrirtækið PWC og fyrir hönd þess

Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PWC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið skólans. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Björg Magnúsdóttir, verkefnisstjóri á markaðs- og samskiptasviði Háskóla Íslands, leysti Helgu Brá af í fæðingarorlofi frá því í nóvember 2011 fram til haustsins 2012. Þá hefur fjármálastjóri Háskóla Íslands komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna, sem fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Þá sat Gunnlaugur H. Jónsson, ráðgjafi og innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna sem haldinn er í upphafi hvers árs.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2012

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum. Enginn nýr styrktarsjóður var stofnaður í umsjón Styrktarsjóðanna á árinu.

- Í febrúar var tveimur styrkjum úthlutað til rannsókna á einelti úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar. Styrkina hlutu þær Esther Ösp Valdimarsdóttir, meistaranemi í mannfræði, og Hjördís Sigursteinsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði.
- Í mars var veittur styrkur úr Almanakssjóði til útgáfu til útgáfu á Raust, tímariti um raunvísindi og stærðfræði.
- Í apríl var auglýst eftir umsóknum um styrki til vélaverkfræðinema. Um var að ræða peningagjöf Godtfreds Vestergaards til skólans í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011, samtals 40.000 DKK. Var þetta í annað sinn sem Godtfred færði Háskóla Íslands peningagjöf til styrktar nemendum í verkfræði. Styrknum var úthlutað í júlí og hann hlaut Marinó Páll Valdimarsson, BS-nemi í vélaverkfræði, til framhaldsnáms í Hollandi. Marinó Páll var, auk námsins, afar virkur í félagslífi verkfræðinema meðan á náminu stóð.
- Í apríl voru veittir fjórir styrkir úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Þetta var í annað sinn sem úthlutað var úr sjóðnum, sem var stofnaður árið 2008 af Toshizo, „Tom“, Watanabe. Styrkþegar voru fjórir: Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands, Valý Þorsteinsdóttir, nemi í japönsku við skólann, Saho Kameyama, meistaranemi í gagnfræði lífheimsins við Kyoto-háskóla, og Shohei Watanabe, nemi í skapandi skrifum við Waseda-háskóla í Tókýó. Í september var auglýst eftir umsóknum fyrir úthlutun vorið 2013.
- Tveir styrkir voru veittir doktorsnemum í ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands í apríl úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda. Þetta var í fyrsta skipti sem úthlutað var úr sjóðnum. Ljósmæðurnar tvær sem hlutu styrkinn voru Berglind Hálfhánsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir.
- Í júní fór fram árleg úthlutun úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Tveir doktorsnemar í lyfjafræði við skólann fengu viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur við rannsóknir, Indverjarnir Varsha A. Kale og Vivek S. Gaware. Þessi úthlutun var sú sjöunda úr sjóðnum.
- Í maí var í fimmta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands. Í júní fengu tuttugu og sex afburðanemendur, sem hófu nám við Háskóla Íslands 2012, styrk úr sjóðnum af þeim 77 sem sóttu um hann. Styrkþegarnir voru: Agnes Eva Þórarinsdóttir, Alexander Gabriel Guðfinnsson, Alma Rut Óskarsdóttir, Anna Rún Þorsteinsdóttir, Atli Þór Sveinbjarnarson, Áslaug Haraldsdóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Elín Broddadóttir, Gauti Baldvinsson, Halldór Bjarni Þórhallsson, Hallfríður Kristinsdóttir, Heiðar Snær Jónasson, Helga

Margrét Þorsteinsdóttir, Hólmsfríður Hannesdóttir, Hörður Bragi Helgason, Íris Dögg Héðinsdóttir, Jia Chen, Jóel Rósinkrans Kristjánsson, Margrét Snæfríður Jónsdóttir, Ólafur Heiðar Helgason, Saga Guðmundsdóttir, Sigríður Lilja Magnúsdóttir, Simona Vareikaite, Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir, Sæþór Pétur Kjartansson og Valgerður Bjarnadóttir.

- Í maí var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Þrjú doktorsnemar í hjúkrunarfræði við skólann hlutu styrkina, þær Marianne Elisabeth Klinke, Þórunn Scheving Elíasdóttir og Rannveig J. Jónasdóttir.
- Tuttugu og fjórum doktorsstyrkjum var úthlutað í maí úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkirnir námu samanlagt um 160 milljónum króna. Úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands hlutu átta doktorsnemar styrki. Það voru þau Ása Guðný Ásgeirsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild, Ingibjörg Georgsdóttir, doktorsnemi við Læknadeild, Mardís Sara Karlsdóttir, doktorsnemi við Sálfræðideild, Angelos Parigoris, doktorsnemi við Sagnfræði- og heimspekideild, Vilhelm Vilhelmsson, doktorsnemi við Sagnfræði- og heimspekideild, Anna Guðrún Edvardsdóttir, doktorsnemi við Kennaradeild, Ivan Savenko, doktorsnemi við Raunvísindadeild, og Frímenn Haukur Ómarsson, doktorsnemi við Raunvísindadeild. Úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands hlutu tólf doktorsnemar styrki. Þeir voru Margrét Lilja Guðmundsdóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild, Irina Domurath, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild, Marianne Elisabeth Klinke, doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild, Cindy Mari Imai, doktorsnemi við Matvæla- og næringarfræðideild, Eric Sampane-Donkor, doktorsnemi við Læknadeild, Þórdís Edda Jóhannesdóttir, doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild, Bjarki M. Karlsson, doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild, Christopher Florian, doktorsnemi við Jarðvísindadeild, Behnood Rasti, doktorsnemi við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Óskar Sindri Gíslason, doktorsnemi við Líffræðistofnun, Gilles Benjamin Leduc, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Pei-Yi Lin, doktorsnemi við Raunvísindastofnun. Auk þess var fjórum kennurum úthlutað doktorsstyrkjum eftir svokallaðri leið b til að ráða doktorsnema í ákveðin verkefni.
- Í ágúst var veittur styrkur úr Sjóði Selmu og Kays Langvads (Selma og Kay Langvads Legat) við Háskóla Íslands. Sjóðnum er ætlað að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur og hann hlaut að þessu sinni Elsebeth Korsgaard Sorensen, prófessor í menntunarfræðum við Háskólann í Árósum.
- Í nóvember var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Þórsteinssjóði til blindra og sjónskertra nemenda við Háskóla Íslands og í desember hlutu síðan fimm manns styrkina, þau Bergvin Oddsson, Eypór Kamban Þrastarson, Helga Theódóra Jónasdóttir, Inga Sæland Ástvaldsdóttir og María Hauksdóttir.
- Í nóvember var veittur styrkur úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til útgáfu bóka á vegum stofnunarinnar.
- Í nóvember var veittur styrkur úr Starfssjóði Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rannsóknafamlags sem stuðlað hefur að framgangi verkfræðirannsókna við háskólann. Ragnar Sigbjörnsson prófessor hlaut þessa viðurkenningu.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2013.
- Í desember fór fram árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Afburðanemandi, sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans, hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur. Í þetta sinn var það Elín Ásta Ólafsdóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Veittir voru samtals 390 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 317 úr Sáttmálasjóði, 24 doktorsstyrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 26 nýnemastyrkir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands, einn stakur styrkur í verkfræði og 22 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Fjárfestingarstefna sjóðanna var óbreytt á árinu.

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2012 nam 1.890.033.832 kr. og voru tekjur umfram gjöld á árinu 83.127.395 kr. Hrein eign Styrktarsjóðanna lækkaði á árinu úr 2.308,8 m.kr. í 1.890,0 m.kr. Heildareignir Styrktarsjóðanna í vörslu hjá Íslandsbanka voru 1.199 m.kr., þar af 784 m.kr. í eignastýringu og 415 m.kr. í fjárvörslu. Íslandsbanki náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 10,03% ávöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 12,45% frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2012 eru þessar:

- Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2012 var 83,1 m.kr. samanborið við 56,3 m.kr. hagnað árið 2011. Lítið var um fjárfestingarkosti á árinu og voru innlán og ríkistryggð verðbréf meginuppistaðan í safninu.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2012, samkvæmt reikningsskilunum, nam 1.944.722.419 kr.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna, sem voru í umsjón Íslandsbanka, var jákvæð um 12,45%.
- Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 3,6%.

Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Hrein eign	
	2012	2011
Almanakssjóður	105.889.200	97.461.655
Canada Trust – gjöf		
Columbiasjóður	16.032.529	14.656.524
Det Danske Selskabs Studenterlegat	542.785	496.792
Eggertssjóður	122.508.408	112.127.685
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse	1.437.195	1.330.485
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns	318.590	291.594
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs	98.791.362	90.420.298
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar	6.327.802	5.791.617
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta Hátíðasal	4.684.433	4.287.499
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar	713.401	652.951
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen	3.898.294	3.567.973
Háskólasjóður	190.858.839	179.315.504
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands	25.805.762	23.619.117
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur	601.190	550.018
Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	3.500.049	3.203.473
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur	9.619.956	8.804.811
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr	341.552.319	311.652.778
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	4.184.794	3.830.196
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar	68.101.572	62.331.001
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda	35.917.491	34.448.268
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	2.658.527	2.461.870
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar	21.211.259	19.413.928
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinisdóttur	1.114.221	1.018.833
Minningarsjóður John MaKenna Pearson	18.249.617	16.703.240
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	2.889.777	2.644.913
Minningarsjóður norskra stúdenta	2.126.085	1.945.932
Minningarsjóður Theódórs Johnson	21.737.223	19.895.324
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	2.119.444	1.949.787
Norðmannsgjöf	28.177.321	25.789.722
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	10.773.286	10.649.045
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	8.873.867	8.121.316
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	13.839.318	577.230.432
Selma og Kay Langvads Legat	58.359.907	53.125.993
Sjóðasafn Háskóla Íslands	32.686.178	29.912.299
Sjóður Árna Magnússonar	16.393.090	15.004.025
Sjóður Níelsar Dungals prófessors	5.872.665	5.375.046
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	17.437.715	15.960.134
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	20.596.776	18.827.380

Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	16.352.062	14.972.396
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	2.098.699	1.919.003
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	2.730.161	2.593.542
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	1.198.090	1.096.570
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	14.634.546	13.394.491
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	21.001.292	20.483.884
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur	11.590.785	10.608.643
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	21.859.462	20.410.460
Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	24.351.277	22.978.546
Sögusjóður stúdenta	1.965.565	1.799.013
Tækjasjóður verkfræðideildar – Landmælingar	2.004.178	1.834.354
Verðlaunasjóður Alfreds Benson	2.826.859	2.587.326
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	18.585.399	17.704.329
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	25.934.032	23.736.518
Þórsteinssjóður	33.611.655	32.867.760
Watanabe-styrktarsjóðurinn	393.996.762	378.651.837
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða	(31.109.241)	(43.708.920)
	1.890.033.831	2.308.799.211

Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum

	2012	2011
Almanakssjóður	500.000	0
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr	0	20.000.000
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda	1.500.000	0
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	0	200.000
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	200.000	0
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	1.000.000	1.000.000
Selma og Kay Langvads Legat	1.619.497	3.245.550
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	0	120.000
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	0	60.000
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	100.000	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar	1.200.000	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	1.908.000	2.000.000
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar	700.000	800.000
Þórsteinssjóður	2.000.000	2.000.000
Watanabe-styrktarsjóðurinn	5.293.352	2.379.174
	<u>16.020.84</u>	<u>31.804.724</u>

Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2012

	2012	2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	5.868.669	6.893.842
Verðhækkun (lækkun) verðbréfa	109.459.617	66.500.659
Fjármagnstekjuskattur	11.868.433	(17.429.853)
	<u>127.196.719</u>	<u>55.964.648</u>
Rekstrartekjur		
Framlög	2.005.000	3.646.590
Aðrar tekjur	19.267.705	45.069.725
	<u>21.272.705</u>	<u>48.716.315</u>
Rekstrargjöld		
Veittir styrkir	16.020.849	31.804.724
Annar rekstrarkostnaður	49.321.180	16.563.280
Verðlækkun verðbréfa	0	0
	<u>65.342.029</u>	<u>48.368.004</u>
Tekjur umfram gjöld	<u><u>83.127.395</u></u>	<u><u>56.312.959</u></u>

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2012

	2012	2011
Eignir		
Fasteign	192.650.000	181.750.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	1.211.180.581	1.145.460.562
Aðrar eignir	3.014.945	567.600.366
Innstæður á bankareikningum	537.876.893	474.847.440
	<hr/> 1.944.722.419	<hr/> 2.369.658.368
Eignir samtals	1.944.722.419	2.369.658.368
Eigið fé		
Höfuðstóll	1.782.262.343	2.219.622.418
Þýðingarmunur	107.771.489	89.176.793
	<hr/> 1.890.033.832	<hr/> 2.308.799.211
Skuldir		
Fjármagnstekjusk. skuldbinding vegna verðbréfasjóða	31.109.241	43.708.920
Skammtímaskuldir	23.579.346	17.150.237
	<hr/> 54.688.587	<hr/> 60.859.157
Eigið fé og skuldir samtals	1.944.722.419	2.369.658.368



Fræðasvið

Félagsvísindasvið

Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor var forseti Félagsvísindasviðs. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, forseti Félags- og mannvísindadeildar, Steinunn Hrafnisdóttir, forseti Félagsráðgjafardeildar, Ingjaldur Hannibalsson, forseti Viðskiptafræðideildar, Róbert R. Spanó, forseti Lagadeildar, Þorgerður Einarisdóttir var forseti Stjórn málafræðideildar til 30. júní en þá tók Ómar H. Kristmundsson við því starfi og Þórólfur Matthíasson var forseti Hagfræðideildar til 30. júní en þá tók Tór Einarsson við því starfi. Sara Sigurðardóttir var fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins.

Þing Félagsvísindasviðs

Þing Félagsvísindasviðs var haldið 8. júní. Meginefni þingsins var umfjöllun um kennslumál og Daði Már Kristófersson, varaformaður kennslunefndar sviðsins, gerði grein fyrir tillögu kennslunefndar að kennslustefnu sviðsins fyrir árabilið 2012–2017. Kennslustefnan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.


Þá gerði Auður Magnús Leiknisdóttir grein fyrir rannsókn Félagsvísindastofnunar um viðhorf nemenda til náms við Háskóla Íslands. Ingi Rúnar Eðvarðsson fjallaði síðan um stefnumótun í rannsóknum og málefnum tengdum þeim. Að lokum fjölluðu Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, og Sveinn Agnarsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, um þátttöku og samstarf í Evrópuverkefnum.

Starfsfólk

Félagsvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	114	98
Karlar	74	65
Samtals	188	163

Félagsvísindasvið Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum í árslok 2012



Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Karlar	Konur	Samtals
Félagsvísindasvið	2	8	10
Félagsráðgjafardeild	0	4	4
Lagadeild	0	4	4
Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild	0	7	7
Stjórn málafræðideild	0	2	2
Félags- og mannvísindadeild	0	4	4
		Fjöldi	31
		Starfsígildi	27,3

Skrifstofa Félagsvísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál og skjalavistun. Á skrifstofu sviðsins störfuðu, auk forseta, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri, Ásdís Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og skjalavörður, Guðni Geir Jónsson fjármálastjóri, Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri og Sif Sigfúsdóttir markaðs- og samskiptastjóri. Þar störfuðu einnig deildarstjórar og verkefnastjórar sem annast nærþjónustu við deildir sviðsins (sjá nánar umfjöllun um deildir).

Félagsvísindasvið annast rekstur upplýsinga- og þjónustuborðs í Gimli og er þar einnig veitt þjónusta fyrir Hugvísindasvið og Sálfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum sem varða námið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru þar pósthólf kennara og annarra starfsmanna.

Þann 10. janúar var opnuð sérstök heimasíða upplýsinga- og þjónustuborðs með ítarlegum hagnýtum upplýsingum og ábendingum til nemenda og kennara.

Félagsvísindasvið hefur tekið upp þá nýbreytni að bjóða samstarfsfólki í stjórnsýslu annarra sviða í morgunkaffi og óformlegt spjall. Starfsmenn Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs voru gestir sviðsins þann 1. mars. Markmiðið með þessu var fyrst og fremst að styrkja tengsl og samvinnu milli sviða.

Starfsdagur stjórnsýslu sviðsins var haldinn 23. nóvember og var fjallað um stefnumótun í stjórnsýslu, rekstri og þjónustu sviðsins. Einnig voru haldnir reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum.

Nefndir

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins. Daði Már Kristófersson, dósent í Hagfræðideild, átti sæti í starfshópi háskólaráðs um aukna samkenndu. Hann og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, áttu sæti í starfshópi háskólaráðs um stefnu Háskóla Íslands.

Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, sat fyrir hönd sviðsins í kennslumálanefnd Háskóla Íslands.

Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í Þjóðfræði, sat fyrir hönd sviðsins í gæðanefnd Háskóla Íslands.

Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, sat fyrir hönd sviðsins í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands.

Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.

Eftirtaldir áttu sæti í dóm- og framgangsnefnd sviðsins: Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, Helgi Gunnlaugsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild.

Jafnréttisnefnd sviðsins var skipuð eftirtöldum: Gyða Margrét Pétursdóttir, formaður, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sigurjón B. Hafsteinsson, varaformaður, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Þóra Christiansen, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Anni G. Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, og Hafsteinn Þór Hauksson, fulltrúi Lagadeildar. Fulltrúi nemenda var Adam Hoffritz. Bryndís Erna Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu Félagsvísindasviðs, starfaði með nefndinni.

Kennslunefnd sviðsins var skipuð eftirtöldum: Sif Einarsdóttir, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, formaður, Daði Már Kristófersson, fulltrúi Hagfræðideildar, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Hrefna Ólafsdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Trausti Fannar Valsson, fulltrúi Lagadeildar, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, og Sólrún Sigvaldadóttir var fulltrúi nemenda. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Gylfi Magnússon var fulltrúi Viðskiptafræðideildar og formaður nefndarinnar til 1. maí en þá tók Ingi Rúnar Eðvarðsson við starfi hans. Aðalheiður Jóhannsdóttir var fulltrúi Lagadeildar og varaformaður til 1. september en þá tók Eiríkur Jónsson við sem fulltrúi Lagadeildar, Terry Gunnell, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Freydis Jóna Freysteinsdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar, Hulda Þórisdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, og fulltrúi nemenda var Jóhannes Hraunfjörð Karlsson. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Eftirtaldir voru fulltrúar sviðsins á Háskólaþingi til 30. júní: Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Helgi Tómasson, dósent í Hagfræðideild, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í Stjórn málafræðideild, Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í Félagsráðgjafardeild.

Fulltrúar sviðsins á Háskólaþingi fyrir tímabilið 1. júlí 2012 til 30. júní 2014 voru kjörnir á vormisseri og eru eftirtaldir: Ásgeir Jónsson, lektor í Hagfræðideild, Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Jónína Einarsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor í Viðskiptafræðideild, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í Stjórn málafræðideild, og Snjólfur Ólafsson, prófessor í Viðskiptafræðideild. Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á háskólaþingi, sem og forsetar deilda.

Kennslumál

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs vann að áætlun um framkvæmd kennslustefnu og var hún samþykkt í stjórn sviðsins á miðju ári. Lögð var áhersla á að þróa samráðsvettvang um kennslu á sviðinu og auka fræðslu, fjölbreytni í kennsluháttum og framsækni í námi með því að efla samvinnu, samráð og stuðningskerfi hvað varðar kennslu. Haldinn var samráðsfundur með formanni

kennslumálanefndar háskólans og gæðastjóra um stefnumótun í deildum og samhæfingu við heildarstefnu skólans, stefnu fræðasviðsins og gæðaúttektir. Nokkur námskeið voru haldin á vegum sviðsins í notkun forritsins Turnitin til varnar ritstuldi og unnið hefur verið að verklagsreglum um viðbrögð við óráðvendni í námi. Lögð var áhersla á að leita leiða til að bæta kennslu í fjölmennum námskeiðum en mörg námskeið á sviðinu eru mjög fjölmenn. Þá var unnið að því að auka samstarf í aðferðafræðikennslu, ekki síst með það fyrir augum að auka samþættingu kennslu og rannsókna.

Skipulag móttöku nýnema var samræmd enn frekar í deildum Félagsvísindasviðs og lögð var áhersla á þátttöku nemenda í námi sínu, ástundun og ábyrgð. Unnið var áfram að innleiðingu mentorakerfis. Árangur í kennslu byggist fyrst og fremst á góðri þekkingu kennara, samráði og endurmenntun. Því ákvað stjórn sviðsins að allir kennarar ættu rétt á að fá kennsluafslátt og styrk til að sækja formlegt nám í kennslufræðum háskóla. Unnið var að þróun vettvangs um fræðslu í samráði við Kennslumiðstöð og deildir sviðsins, sem er mikilvægt skref í átt að auknum árangri í kennslu, ásamt aukinni samvinnu og sjálfsmati deilda.

Doktorsnám og rannsóknir

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiðinu Málstofa um doktorsnám fyrir doktorsnema á sviðinu. Kennt var aðra hverja viku. Umsjónarkennari var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlesturum og umræðum ásamt kynningu doktorsnemanna á verkefnum sínum. Námskeiðið hófst í byrjun september með ráðstefnu doktorsnemanna.

Félagsvísindasvið hélt námskeið fyrir doktorsnema í janúar og febrúar þar sem kennd var ritun fræðitexta á ensku. Kennari var Neal O'Donoghue.

Aðstaða fyrir doktorsnema á Félagsvísindasviði gjörbreyttist með nýrri vinnuaðstöðu á þriðju hæð í Odda. Aðstaðan var vígð formlega þann 8. mars og er fyrir 34 nemendur.

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiði fyrir doktorsnema á sviðinu í nóvember og desember um gerð rannsóknaráætlana og umsókna um styrki. Kennari var Gunnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur á Félagsvísindastofnun.

Félagsvísindasvið endurnýjaði samning við Félagsvísindastofnun um þjónustu við rannsóknir kennara.

Úthlutað var úr aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs og var öllum kennurum sem sóttu um styrki veittur styrkur. Meginhluti styrkjanna rann til að styrkja rannsóknir kennaranna.

Félagsvísindasvið stóð fyrir félagsvísindaráðstefnunni Þjóðarspegillinn í ellefta sinn þann 26. október. Markmið ráðstefnunnar var að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi. Gefið var út rafrænt ráðstefnurit með öllum erindunum sem flutt voru á ráðstefnunni.

Húsnæðismál

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Lagadeild hefur aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideild í Gimli, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild og Stjórn málafræðideild í Odda, en kennarar Félags- og mannvísindadeildar eru bæði til húsa í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaraneima og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í

Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur, þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.

Fjármál Félagsvísindasviðs*

Fjárveiting	1.528.979
Sértekjur	310.619
Tekjur alls	1.839.598
Útgjöld	1.839.291
Tekjuafgangur	307
Ársverk	203
Skráðir nemendur	4.519
Virkir nemendur	2.891
Nemendur/ársverk	22,2
Virkni nemenda	64,0%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Markaðs- og kynningarmál

Í janúar hélt Félagsvísindasvið móttöku fyrir nýnema þar eð margar deildir sviðsins taka á móti nýnemum á vormisseri.

Í febrúar var haldið upp á stóra háskóladaginn þar sem öll svið skólans komu saman og kynntu námsframboð sitt í helstu byggingum skólans. Félagsvísindasvið var með aðstöðu á Háskólatorgi.

Í mars og apríl fór fram móttaka fyrir nemendur Kvennaskólans í Reykjavík og nemendur Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, í Reykjanesbæ. Þá var Félagsvísindasvið kynnt í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Borgarholtsskóla á sama tíma.

Í mars voru námsleiðir á Félagsvísindasviði kynntar á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Í júní tóku kennarar og starfsmenn á Félagsvísindasviði þátt í Háskóla unga fólksins. Nemendur í Háskóla unga fólksins geta valið milli fjölmargra námskeiða og raða sjálfir saman stundatöflu sinni. Háskóli unga fólksins er opinn grunnskólanemendum sem eru fæddir á árunum 1996–2000 (eru í 6.–10. bekk grunnskóla).

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir framhaldsnema og grunnnema í Háskólabíói og síðan var móttaka í deildum sviðsins.

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir erlenda nemendur sviðsins í kjölfar almennrar móttöku alþjóðaskrifstofu fyrir alla nemendur háskólans.

Í október hélt Félagsvísindasvið kynningarfundir í deildum um skiptinám í samvinnu við Alþjóðaskrifstofu. Kynntir voru möguleikar á skiptinámi í viðkomandi deild, nemendur sögðu frá reynslu sinni af skiptinámi og kennarar fluttu erindi um mikilvægi þess að stunda að hluta nám erlendis. Að lokum var fjallað um ferli umsókna og mat að námi loknu.

Í nóvember hófust tölur á myndböndum fyrir Félagsvísindasvið. Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild hófu gerð myndbanda og aðrar deildir fylgdu í kjölfarið fram á árið 2013.

Félags- og mannvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2012: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, þjóðfræði og safnafræði. Bláa- og fréttamennska er einnig námsgrein innan Félags- og mannvísindaeildar. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu Jóhanna Gunnlaugsdóttir prófessor, formaður, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf, Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði, og Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði.

Fulltrúi deildarinnar í kennslunefnd sviðsins var Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf. Fulltrúi deildarinnar í gæðanefnd Háskóla Íslands er Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði. Fulltrúi deildar í jafnréttisnefnd sviðsins er Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði.

Starfsfólk

Félags- og mannvísindadeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	3,75
– karlar	0	0
Samtals:	4	3,75
Aðjuntar		
– konur	2	0,59
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	2	2
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	3	2,49
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	9	9
– karlar	7	5,89
Samtals:	28	24,97
Félagsvísindastofnun og rannsóknafólk deildar		
– konur	25	20,39
– karlar	2	1,86
Samtals:	27	22,25

Í lok ársins 2012 voru fastráðnir kennarar 26, sem skiptust þannig: 16 prófessorar, 5 dósentar, 5 lektorar og einn aðjunkt er í 49% starfi. Í hópi fastráðinna kennara voru 14 konur og 12 karlar. Auk fastráðinna kennara kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina.

Fjórir verkefnisstjórar starfa á skrifstofu deildarinnar, auk deildarstjóra, í samtals 3,5 stöðugildum. Að auki starfar einn verkefnisstjóri/aðjunkt við námsleiðina blaða- og fréttamennsku.

Nám og kennsla

Grunnnám

Í námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs eru kenndar eftirfarandi námsgreinar: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt er að taka 120e í aðalgrein og 60e í aukagrein innan eða utan sömu deildar. Auk framangreindra námsgreina eru atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði og safnafræði kenndar sem aukagreinar.

Framhaldsnám

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, bæði rannsóknatengt og starfsmiðað. Boðið er upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: afbrotufræði, atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, rannsóknaraðferðum félagsvísinda, safnafræði, þróunarfræði, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði og mannfræði með margvíslegum áherslulínum. Boðið er upp á meistaranám (120e) í blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, þjóðfræði, og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar nema blaða- og fréttamennsku. Í lok ársins 2012 voru 55 doktorsnemendur við nám við deildina.

Fjarnám

Boðið er upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, hnattrænum tengslum, þróunarfræði, safnafræði og þjóðfræði má stunda sem fjarnám. Í öðrum námsbrautum er boðið upp á einstök námskeið í fjarnámi.

Í lok ársins stunduðu u.þ.b. 1.100 nemendur nám í deildinni.

Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar við deildina reka öflugt rannsóknastarf, bæði sem einyrkjar og í samstarfi við aðra, innlenda sem erlenda aðila. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa hlotið styrki, ýmist erlenda eða innlenda.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir kennarar rannsóknasetur/-stofur sem heyra undir Félagsvísindastofnun. Félags- og mannvísindadeild er ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun, sjá <http://www.fel.hi.is>.

Kynningarmál

Deildin tók þátt í árlegri námskynningu Háskóla Íslands í febrúar ásamt öðrum deildum fræðasviðsins. Unnið var markvisst að endurskoðun og uppfærslu heimasíðu deildarinnar á árinu.

Námsbraut í mannfræði

Helstu rannsóknarvið námsbrautar í mannfræði eru fjölmennigarlegt samfélag, alþjóðleg þróunarmál, hreyfanleiki, börn, erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni,

áhrif loftslagsbreytinga, hnattvæðing, fjölskyldutengsl, skynjun, vistfræðileg mannfræði, inúítar, innflytjendur, sjávarbyggðir, hirðingjar, frumbyggjar, listsköpun og heilsa. Rannsóknir við námsbrautina snúa helst að íslenskum samtíma og sögulegri fortíð. Rannsóknir við námsbrautina hafa bæði verið gerðar í Afríku, á norðurslóðum og í Eyjaálfu.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum, m.a. í norrænum rannsóknasamstarfsnetum (Nordforsk: African Childhood and Youth Research; Crisis and Nordic Identities; Generations, Multiculturalism and Nordic Identity; Gender and Mobility Research Network; Theory Nord: Nordforsk Research Network), evrópskum verkefnum (ATGENDER: European Association for Gender Research; European Universities on Professionalization on Humanitarian Action; PEN: Postcolonial Europe Network og Cost Action IS1201: Disaster Bioethics: Addressing Ethical Issues Triggered by Disasters) og skipulögðu sumarnámskeið (Mobile Summer School: Studies of Migration and Mobility in Europe – Erasmus Intensive Programmes) og alþjóðlegu ráðstefnuna Nordic Africa Days (í samstarfi við Norrænu Afríkustofnunina í Uppsölum í Svíþjóð og Þróunarsamvinnustofnun Íslands).

Pamela Innes var Fulbright kennari við námsbraut í mannfræði vorið 2012. Hún er dósent við Háskólann í Wyoming.

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði

Helstu rannsóknarvið námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði eru hversdagsmenning, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólitik, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum.

James Leary frá Háskólanum í Wisconsin var Fulbright-kennari við námsbrautina haustið 2012 og kenndi tvö námskeið um alþýðutónlist og hagnýta þjóðfræði. Neil Price frá Háskólanum í Aberdeen kenndi stutt Erasmus námskeið um hugarheim víkinga í janúar 2012. Thomas Ross Miller, kennari við Pratt Institute í New York, hélt námskeið í safnafræði.

Í safnafræði áttu kennarar einnig í margs konar samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Sveitarfélagið Hornafjörð og í því sambandi var haldið málþing um fötlun og söfn.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

Helstu rannsóknarvið námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf eru rannsóknaverkefni sem snúa að starfsáhuga og persónuleikaþróun, viðhorfum Íslendinga til sálfræðilegrar ráðgjafar, námsferli og námsgengi ungmenna, brotthvarfi frá námi, mati á náms- og starfsráðgjöf til handa fullorðnum, stefnumótun og þróun mælitækis um aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli.

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Námsbrautin fékk Nordplus-styrk til að stofna samstarfsnet háskóla á Norðurlöndunum um nám í náms- og starfsráðgjöf. Kennarar í námsbrautinni taka þátt í gerð upplýsingaveitu um nám og störf. Íslendingar eru í samstarfi um stefnumótun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (European Lifelong Guidance Policy Network).

Raimo Vuorinen frá Jyväskylä-háskólanum í Finnlandi var gestalektor við námsbrautina.

Námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautarinnar eru m.a. upplýsingahegðun, upplýsingalæsi, miðlun upplýsinga og þekkingar, upplýsingafræði og heilsuefning, upplýsingaöflun, rafræn miðlun og öflun upplýsinga, hindranir við upplýsingahegðun, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við eldri borgara, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkenningar.

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á árinu.

Námsbrautin er þátttakandi í NORSLIS (Nordic Research School in Information Studies), sem er samstarfsnet um doktorsnám í greininni við háskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Námsbraut í félagsfræði

Helstu rannsóknasvið við námsbraut í félagsfræði eru m.a. atvinnulífsfræði, afbrotufræði, birtingarmyndir valds, frávíkshæðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafræði, lífskjör og lífshættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnumarkaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar.

Kennarar tóku þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

Fengnir voru nokkrir erlendir gestafyrirlesarar til að halda fyrirlestra við námsbrautina á árinu. Bernice Pescosolido, prófessor í félagsfræði við Indiana-háskóla í Bandaríkjunum, hádegisfyrirlestur með heitinu „Connecting Complexities: Examining Issues in Mental Illness through a Focus on Network“. Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna Íslands og Félagsfræðingafélag Íslands stóðu að fyrirlestrinum. Jenny Stuber, dósent í félagsfræði við University of North Florida í Bandaríkjunum, hélt fyrirlestur á vegum Félagsfræðingafélags Íslands, Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands og MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna. Fyrirlesturinn nefndist „Félagslegt ójafnrétti og menningarlegar hliðar menntunar“.

Ráðstefna norræna félagsfræðingafélagsins var haldin við Háskóla Íslands 15.–18. ágúst. Félagsfræðingafélag Íslands stóð að ráðstefnunni í samtarfi við námsbraut í félagsfræði. Donatella Della Porta, Jonathan Jackson, Stefan Svallfors og Alex Callinicos voru aðalfyrirlesarar en fjölmargir fræðimenn héldu erindi á fjölbreyttum málstofum.

Ein doktorsvörn í félagsfræði fór fram á árinu. Viðar Halldórsson varði ritgerð sína sem ber heitið: „No Man Is His Own Creation“: The Social Context of Excellence in Sports.

Námsleiðin blaða- og fréttamennska

Rannsóknasvið námsleiðar í blaða- og fréttamennsku nær yfir fjölmiðla í víðum skilningi, ekki síst hlutverk þeirra og ábyrgð í lýðræðissamfélagi.

14. apríl var haldin ráðstefna á vegum Miðstöðvar í rannsóknarblaðamennsku en hana sóttu bæði starfandi blaða- og fréttamenn og nemendur. Fyrirlesarar voru þekktir rannsóknarblaðamenn frá Norðurlöndum, Bretlandi, Rúmeníu, Kosta Ríka og víðar. Ráðstefnan var vel sótt og afar vel heppnuð.

17. október hélt Peter Wallberg frá Syddansk Universitet vinnustofu fyrir nemendur í blaða- og fréttamennsku um notkun samfélagsmiðla og ýmiss konar stafrænan hugbúnað og tæki.

Námsleiðin er í ýmiss konar innlendu og erlendu samstarfi, er m.a. aðili að samstarfsneti norræna blaðamannaháskóla.

Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautarinnar eru m.a. þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, kenningasmíð um fötlun; kyn og fötlun; börn, ungmenni og fötlun; mannréttindi, sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð, fjölmenningu, fjölskyldur og fötlun; og velferð og fötlun.

Thomas William Shakespeare var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands þann 16. mars 2012.

Við námsbrautina var haldið málþing um málefni fatlaðs fólks í alþjóðlegu ljósi. Tom Shakespeare kynnti skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðabankans um fötlun (World Report on Disability) 15. mars 2012. Málþingið var haldið í samvinnu velferðarráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, embættis landlæknis, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands.

Ráðstefna um fötlunarrannsóknir var haldin föstudaginn 16. nóvember 2012 við námsbrautina. Hún nefndist Mannréttindi í framkvæmd. Aðalfyrirlesarar voru Ellinor Flynn, mannréttindalögfræðingur við Centre for Disability Law and Policy í National University of Ireland í Galway á Írlandi, og Anna Arstein-Kerslake, fræðimaður við sömu stofnun.

Námskeið um framkvæmdaáætlanir í málefnum fatlaðs fólks var haldið af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum. Aðalfyrirlesari á námskeiðinu var dr. Eilionóir Flynn, mannréttindalögfræðingur og fræðimaður við Centre for Disability Law and Policy á Írlandi sem var hér að ofan nefnd.

Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Bókasafns- og upplýsingafræði	2	10	12
	Félagsfræði	18	30	48
	Mannfræði	6	32	38
	Þjóðfræði	4	24	28
Meistarapróf	Blaða- og fréttamennska	1	5	6
	Bókasafns- og upplýsingafræði		1	1
	Félagsfræði		5	5
	Fötlunarfræði	1	2	3
	Mannfræði	2	8	10
	Náms- og starfsráðgjöf		19	19
	Safnafræði	1	6	7
	Þjóðfræði		3	3
Þróunarfræði		1	1	
MLIS	Bókasafns- og upplýsingafræði		3	3
Viðbótardiplóma	Bókasafns- og upplýsingafræði	2	1	3
	Félagsfræði	4	10	14
	Fötlunarfræði	1	15	16
	Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningsfræði		5	5
	Mannfræði		4	4
	Þróunarfræði	2	3	5
Doktorspróf	Félagsfræði	1		1
Alls		45	187	232

Félagsráðgjafardeild

Almennt yfirlit og stjórn

Steinunn Hrafnadóttir gegndi starfi deildarforseta á vormisseri í stað Guðnýjar Bjarkar Eydal, sem var í rannsóknaleyfi. Þann 1. júlí var Steinunn Hrafnadóttir kjörin deildarforseti og Guðný Björk Eydal varaforseti til tveggja ára. Stella Vestmann gegndi starfi deildarstjóra. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og er til húsa á Félagsvísindastofnun. Deildin er einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans og er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun.

Félagsráðgjafardeild átti aðila í eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands og sérfræðinefnd og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (sem báðar starfa skv. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999).

Starfsmenn

Félagsráðgjafardeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	2,3
– karlar	0	0
Samtals:	4	2,3
Aðjuntar		
– konur	2	0,4
– karlar	1	0,2
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	2	1,49
– karlar	0	0
Samtals:	12	9,09
Annað rannsóknafólk í deild		
– konur	0	0
– karlar	0	0
Samtals:	0	0

Við lok ársins störfuðu tveir prófessorar, þrjú dósentar og fimm lektorar við deildina í alls 8,7 stöðugildum, auk sjö aðjuntka í hlutastarfi í samtals 0,7 stöðugildum. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu deildarstjóri og tveir verkefnisstjórar í alls tveimur stöðugildum. Auk þessa starfa við deildina fjölmargir stunda- og starfsþjálfunarkennarar.

Breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þessar: Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnisstjóri í 50% starfi, sem verið hafði í leyfi frá vordögum, lét af störfum um áramótin að eigin ósk. Í hennar stað var ráðin Kristín Una Friðjónsdóttir. Í desember var Helga Sól Ólafsdóttir ráðin í 20% stöðu lektors og Valgerður Halldórsdóttir var ráðin í 20% stöðu aðjunktis.

Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir á árinu: félagsráðgjöf til BA-prófs, félagsráðgjöf til starfsréttinda til MA-prófs, félagsráðgjöf til MA-prófs, fjölskyldumeðferð til MA-prófs, öldrunarfræði til MA-prófs, samnorrænt nám í öldrunarfræði til MA-prófs (NordMaG) og diplómanám í öldrunarþjónustu, ásamt doktorsnámi í félagsráðgjöf.

Í árslok voru skráðir nemendur við deildina 492 talsins, þar af voru 406 grunnnemar og 86 framhaldsnemar.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi beggja kennslumissera. Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, stýrði mentorakerfi til stuðnings fyrir nýnema við deildina á vormisseri. Á haustmisseri var Ólöf Birna Björnsdóttir, einnig MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, umsjónarmaður mentorakerfisins. Deildin býður öllum nýnemum

deildarinnar að nýta sér þjónustu mentora sem aðstoða nýnema við að fóta sig í háskólanum fyrsta árið.

Doktorsnám

Við deildina voru skráðir fjórir doktorsnemar á árinu. Haldnar eru reglulega málstofur doktorsnema og annarra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komu erlendra sérfræðinga til landsins. Umsjón með doktorsnáminu hefur Sigrún Júlíusdóttir prófessor.

Alþjóðasamskipti

Þrjú grunnnemar í félagsráðgjöf fóru til skiptináms á árinu, tveir til Danmerkur og einn til Noregs. Félagsráðgjafardeild er aðili að átta samstarfsnetum Nordplus-áætlunarinnar. Deildin er aðili að Nordiska socialhögskolekommittén (NSHK), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er deildin aðili að FORSA (Samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

Rannsóknir

Kennarar Félagsráðgjafardeildar stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði aðferða- og matsfræða, barnaverndar, velferðar- og fjölskyldurannsókna, öldrunarfræða og þriðja geirans. Þeir eru virkir þátttakendur í rannsóknastarfi bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. norrænum öndvegissetrum á sviði velferðarrannsókna: REASSESS og Nordwell. Á árinu kom t.a.m. út bókin Þróun velferðarinnar 1988–2008 (ritstjórar: Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson), sem er afrakstur þátttöku ýmissa kennara við deildina í REASSESS-verkefninu. Félagsráðgjafardeild er einnig aðili að ÍSFORSA, sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á Íslandi. Loks voru kennarar við deildina þátttakendur í alþjóðlega COST-verkefninu Social Services, Welfare State and Places á árinu, sem og nokkrum öðrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.

Ráðstefnur og málstofur

Félagsráðgjafardeild stendur að málstofum í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd sem haldnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Sjá nánar í yfirlitskafla um Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Gæðamál

Deildin vann að ýmsum gæðamálum á árinu. Starfshópar skipaðir af deildarforseta unnu að tillögum að endurbótum á stefnu deildarinnar, sem og hæfniviðmiðum um grunn- og framhaldsnám. Deildarforseti og skrifstofa deildarinnar luku heildarendurskoðun á reglum deildarinnar sem hófst árið 2011.

Deildin heldur reglulega málstofur með grunnnemendum annars vegar og hins vegar með framhaldsnemendum deildarinnar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

Brautskráðir stúdentar frá Félagsráðgjafardeilddeild 2012

		Karlar Konur		Alls
BA	Félagsráðgjöf	6	76	82
Meistarapróf	Félagsráðgjöf:			
	Starfsréttindanám	2	28	30
	Fjölskyldumeðferð	1	8	9
Viðbótardiplóma	Öldrunarþjónusta		2	2
Alls		9	114	123

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Stjórn og starfslíð

Í stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd voru Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild, formaður stjórnar, Halldór S. Guðmundsson, lektor í Félagsráðgjafardeild, fulltrúi deildarinnar, Steinunn Hrafnisdóttir, dósent í Félagsráðgjafardeild og deildarforseti, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri Skrifstofu velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, Þór G. Þórarinsson, velferðarráðuneyti, og Valgerður Halldórsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Starfandi framkvæmdastjóri rannsóknastofnunarinnar í fullu starfi var Elísabet Karlsdóttir. Fleiri starfsmenn komu að starfinu í styttri eða lengri tíma í mismunandi verkefnum. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar í nánu samstarfi við framkvæmdanefnd hennar, sem í eru formaður stjórnar og fulltrúi Félagsráðgjafardeildar. Þá starfar stofnunin í nánu samstarfi við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar og Félagsvísindastofnunar. Sum verkefni eru einnig unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun eða með aðkeyptri þjónustu frá henni. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er eingöngu rekin með styrkjum og þjónustuverkefnum sem framkvæmdanefndin aflar.

Samstarfssamningar

Gerður var þriggja ára samstarfssamningur um rekstur stofnunarinnar við velferðarráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Reykjanesbæ en eins árs samningur við Barnaverndarstofu og Hafnarfjarðarbæ.

Þjónustuverkefni á árinu:

- Könnun meðal eldra fólks í Sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd. Unnin fyrir sveitarfélagið. Höfundar: Erla Karlsdóttir, Elísabet Karlsdóttir og Halldór S. Guðmundsson.
- Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000–2007. Rannsókn unnin fyrir Barnaverndarstofu. Höfundar: Elísabet Karlsdóttir (ritstjóri) og Ásdís A. Arnalds.
- Félagslegt tengslanet, tómsundur og almennt heilsufar barna. Rannsókn unnin fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Höfundar: Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir.

Tvö MA-verkefni í félagsráðgjöf voru unnin í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd:

- Verndarar barna – Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Höfundur: Dagbjört Rún Guðmundsdóttir.
- Þátttaka, aðlögun og virkni fósturbarna í nýjum skóla eftir afskipti barnaverndaryfirvalda. Höfundur: Sigurrós Kjartansdóttir. Þetta verkefni var unnið með styrk frá Sumargjöf.

Námskeið, málstofur og ráðstefnur

Námskeiðið „Bridging the Couple Chasm – Gottman Couples Therapy: A Research-Based Approach“ með sálfræðingunum og hjónunum John Gottman og Julia Schwartz Gottman var haldið í samstarfi við Gottman á Íslandi. Námskeiðið er byggt á áralöngum rannsóknum og klínísku starfi þeirra.

Námskeiðinu „Að verða foreldri“ er ætlað að búa verðandi og nýbakaða foreldra undir þær breytingar sem verða í parasambandinu með tilkomu barns. Námskeiðið er samstarfsverefni Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Gottman á Íslandi og er haldið reglulega.

Hvað er nýtt – hvað er framundan? Ráðstefna um breytingar á barnalögum, undirbúning að gildistöku þeirra og framkvæmd, sem haldin var í samstarfi við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og innanríkisráðuneytið.

Haldin var málstofuröð að vorinu í samstarfi við Félagsráðgjafardeild. Þema hennar var Tækifæri efri ára – aðbúnaður og samvinna. Í tilefni Evrópuárs um þátttöku eldra fólks og einhug milli kynslóða.

Málstofurnar voru:

- Starfsánægja og aðstæður starfsfólks í umönnun aldraðra. Norræn samanburðarrannsókn í samstarfi við Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands. Elísabet Karlsdóttir, félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd.
- Einstaklingsmiðuð þjónusta á öldrunarheimilum. Brit J. Bieltvedt, framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar.
- Elderly care in Latvia. General characteristics of the situation of elderly, social homecare and institutional care of elderly. Signe Dobelniece við Félagsvísindadeild Háskólans í Lettlandi.
- Aldraðir og þjónusta, hver hjálpar hverjum? Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Málstofur haustsins voru haldnar í samstarfi við Félagsráðgjafardeild. Þema þeirra var Heilbrigði í fjölskyldum, þjónustu- og meðferðarúrræði.

Málstofurnar voru:

- „Það er erfitt að taka ákvörðun... maður þráir að eignast barn og þau segjast geta hjálpað manni.“ Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og nýdoktor.
- Fjölskylduráðgjöf og fjölskyldumeðferð í átröskunarteymi LSH á Hvítabandi. Helga Þórðardóttir félagsráðgjafi.
- Að eiga samtál við barn þegar foreldri greinist með krabbamein. Valgerður Hjartardóttir, hjúkrunarfræðingur og nýútskrifaður fjölskyldufræðingur.

Hagfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Frá 1. janúar til 1. júlí var Þórólfur Matthíasson forseti Hagfræðideildar og Birgir Þór Runólfsson varaforseti. Tór Einarsson tók við starfi forseta 1. júlí og Gylfi Zoëga var kjörinn varaforseti frá sama tíma.

Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Viðskiptafræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrír verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála í 75% starfi. Marta B. Helgadóttir var ráðin í starf verkefnastjóra þann 1. september í stað Margrétar Ragnarsdóttur sem lét af störfum á árinu.

Starfsmenn

Hagfræðideild *		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	1	1
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	0	0
– karlar	2	2
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	6	6
	10	10,0
Hagfræðistofnun		
– konur	0	0
– karlar	2	2
Samtals:	2	2,0

* Starfsfólk í stjórnýslu deildarinnar er talið með Viðskiptafræðideild, þar eð deildirnar reka sameiginlega skrifstofu.

Nám og kennsla

Á árinu voru gerðar nokkrar breytingar í deildinni með tilkomu fyrsta inntökuprófsins fyrir nýnema sem haldið var 19. júní. Alls þreyttu 45 prófið, 40 stóðust það og í kjölfarið hófu 25 nám á haustmisseri til viðbótar þeim sem ekki þurftu að þreyta prófið þar sem þeir höfðu lokið 60 einingum í háskólanámi. Niðurstaða prófa í desember benti til þess að góður hópur nýnema hefði hafið nám á haustmisserinu og að inntökuprófið hefði gefist vel. Sérsvið í MS-námi voru almenn hagfræði, fjármálhagfræði og heilsuhagfræði og var aðsókn svipuð og árið áður. Alls voru 7 nemendur skráðir í doktorsnám á árinu.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar birtu reglulega greinar í alþjóðlegum tímaritum á árinu.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Hinn 21. apríl var haldin ráðstefna til heiðurs Þrání Eggertssyni prófessor, sem varð sjötugur í apríl 2011. Ráðstefnan var nefnd „Economic Behavior and Institutions Revisited“.

Erlendir fyrirlesarar voru:

- Lee Alston, prófessor við University of Colorado í Boulder og fyrrverandi forseti International Society for New Institutional Economics.
- John N. Drobak, prófessor við Washington University í Saint Louis og einn af stofnendum International Society for New Institutional Economics.
- James Robinson, prófessor við Harvard University og gestaprófessor við Weatherhead Center for International Affairs.
- Shanker Satyanath, dósent við New York University.
- Sonja Opper, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.
- Carl Hampus Lyttkens, prófessor við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

- Dr. Stefan Voigt, prófessor við Hamborgarháskóla og gestaprófessor við International Centre for Economic Research (ICER) í Tórínó á Ítalíu.
- Edmund Phelps, prófessor við Columbia University.

Eftirtalin erindi voru haldin á vegum deildarinnar:

- 4. maí. Marc Lavoie, prófessor við Ottawa-háskóla í Kanada: Samspil raunhagkerfis og peningakerfis frá póst- keynesískum sjónarhóli.
- 22. ágúst. Chris Ellis, prófessor í hagfræði við Háskólann í Oregon: Public Goods and the Dissolution of States.
- 7. september. Stephen Kinsella, lektor í hagfræði við Háskólann í Limerick: Fjármálakreppan á Íslandi og Írlandi.
- 20. september. Masayuki Komatsu, gestaprófessor við National Graduate Institute for Policy Studies í Japan: Fisheries Management of Japan – Can ITQ help?

Kennarar Hagfræðideildar tóku enn fremur þátt í Þjóðarspeglinum, ráðstefnu Félagsvísindasviðs, sem haldin var 26. október. Þar voru haldin sex erindi um hagfræði.

Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Hagfræði	9	5	14
BS	Hagfræði	15	13	28
Meistarapróf	Fjármálahagfræði	4	4	8
	Hagfræði	6	7	13
	Heilsuhagfræði	1	2	3
Doktorspróf	Hagfræði	1		1
Alls		36	31	67

Hagfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar eru Ragnar Árnason prófessor, formaður, Brynhildur Davíðsdóttir dósent, Tór Einarsson prófessor, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri og Sæmundur Árni Hermannsson, fulltrúi Ökonomíu, félags hagfræðinema við Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar var Sveinn Agnarsson. Hann lét af störfum á árinu. Aðrir fastir starfsmenn voru sérfræðingarnir Jónas Hlynur Hallgrímsson og Sigurður Jóhannesson, sem og Þráinn Eggertsson prófessor. Þá störfuðu að jafnaði fjórir lausráðnir starfsmenn við stofnunina. Flestir þeirra eru í grunn- eða meistaranámi í hagfræði eða hafa nýlengi prófi en stofnunin hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér grunnatriði í fræðilegri rannsóknavinnu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega tekið þátt í ýmsum verkefnum stofnunarinnar.

Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að tveimur aðþjóðlegum rannsóknaverkefnum, Ecofishman og SocioEc, auk þess sem hún hefur unnið að ýmsum innlendum rannsóknaverkefnum. Á árinu lauk verkefninu Deepfishman, sem og samstarfsverkefni á sviði jafnréttis- og vinnumála. Þá vann stofnunin verkefni fyrir alþjóðlegu orkumálastofnunina, Nordic Energy Technology Perspectives. Þá má geta þess að Hagfræðistofnun vann skýrslu sem notuð var við lögvörn Íslands í Icesave-málinu.

Útgáfa

Á árinu voru gefnar út eftirfarandi sex skýrslur í ritröð stofnunarinnar:

C12:06 The financial strength of the deposit guarantee schemes in the EU and Iceland.

C12:05 Opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla.

C12:04 Kostnaður við umferðarslys árið 2009.

C12:03 Áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistinguþjónustu.

C12:02 Áhrif þess að lækka höfuðstól húsnæðislána um 10–25%.

C12:01 Útgerð smábáta: Krókabátar og línuúvilnun.

Allar þessar skýrslur eru birtar á vef stofnunarinnar (www.hhi.hi.is).

Lagadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Róbert R. Spanó prófessor var forseti Lagadeildar á árinu og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor varaforseti. Deildarforseti fór með stjórn deildarinnar ásamt deildarfundum.

Lagadeild	Fjöldi	Starfsígildi
Stjórnsýsla		
– konur	4	3,4
– karlar	0	0
Samtals:	4	3,4
Lektorar		
– konur	2	1,2
– karlar	6	4,09
Dósentar		
– konur	3	2,5
– karlar	6	4,09
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	2	2
Samtals:	24	18,88
Lagastofnun og Hafréttarstofnun		
– konur	2	2
– karlar	0	0
Samtals:	2	2

Starfsmenn

Við deildina voru 25 fastráðnir kennarar í árslok: átta prófessorar, þar af sex í fullu starfi, níu dósentar, þar af sex í fullu starfi, og átta lektorar, þar af fjórir í fullu starfi. Þá voru aðjunktur skipaðir við deildina samkvæmt „gamla“ aðjunkturferfinu.

Auglýstar voru tvær nýjar lektorstöður á árinu. Að tillögu valnefndar var Kristínu Benediksdóttur boðin lektorsstaða í fjármunarétti og réttarfari og Helga Áss Grétarssyni staða í eignarétti. Þá var Oddnýju Mjöll Arnardóttur boðin staða lektors við deildina á grundvelli sérstaks styrks frá Rannís.

Öll þrjú voru ráðin til starfa frá og með 1. júlí. Í október fékk Oddný Mjöll framgang í starf prófessors og í nóvember fékk Ása Ólafsdóttir framgang í starf dósentis við deildina.

Háskóli Íslands gerði í september samning við Pál Hreinsson, dómara og áður prófessor við Lagadeild, um akademískt gestastarf við deildina og var hann í kjölfarið skipaður í starfið.

Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaranáms í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstílinn magister juris. Nemendum í meistaranámi er boðið upp á að auka sérhæfingu sína með því að velja eitt af 10 áherslusviðum sem í boði eru. Meistaránemar sinna umræðu- og verkefnatímum sem aðstoðarkennarar í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga í meistaranámi sínu.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaranám í alþjóðlegum umhverfis- og auðlindarétti. Námið er á ensku.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaranámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á á sviðum er snerta skattamál og reikningskil og hægt er að velja um 90 eða 120 eininga nám.

Doktorsnám

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og í árslok stunduðu 10 nemendur doktorsnám við deildina.

Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla undirrituðu á árinu samning um sameiginlega doktorsgráðu í lögfræði. Standa lagadeildirnar saman að þriggja ára doktorsnámi á ensku. Þeir doktorsnemar sem valdir eru í námið sinna rannsóknum í tvö ár við annan háskólann og eitt ár við hinn. Að undangenginni alþjóðlegri auglýsingu og mati sérstakrar matsnefndar deildanna hófu fyrstu tveir nemendurnir doktorsnámið skólaárið 2012–2013.

Nefndir og ráð

Við Lagadeild eru starfandi bæði rannsóknámsnefnd og námsnefnd. Mikil vinna fór fram á árinu við endurskoðun á ákveðnum þáttum BA-námsins og meistaranáminu við deildina. Þá var einnig unnið að undirbúningi inntökuprófs fyrir nýnema sem áætlað er að halda í fyrsta skipti árið 2014.

Gæðamál

Nýnemum Lagaeildar er boðið upp á að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á 3.–5. ári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn við upphaf laganáms. Lagadeild fundar árlega með meistaranemum sem brautskrást frá deildinni, aðstoðar þá við atvinnuleit og virkjar þá til þátttöku í Hollvinafélagi deildarinnar.



Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni eru vísindalegar rannsóknarstofnanir sem heyra undir Lagadeild.

Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar og Lagastofnunar. Þá voru kennarar deildarinnar framsögumenn í ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands, á Lagadegi Lögmannafélags Íslands, í málstofum á vegum Orators, félags laganema, og á ráðstefnum erlendis.

Oddný Mjöll Arnardóttir fékk þriggja ára styrk úr Rannís (2012–2014) til rannsóknarinnar Svigrúm til mats í evrópski mannréttindavernd og þau María Elvira Mendez Pinedo prófessor og Eyvindur G. Gunnarsson dósent fengu styrki úr Rannsóknasjóði háskólans, María Elvira til að vinna að rannsókninni Evrópsk neytendavernd og lög um fjármálaþjónustu á krossgötum – áhersla á þörf fyrir betri neytenda(lána)lög í eftirleik hrunsins og Eyvindur til rannsóknar á reglum Lúganósamningsins um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum. Kristín Benediktsdóttir fékk styrk úr fræðasjóði Bjarna Benediktssonar til doktorsverkefnis síns. Loks veitti fræðasjóður Úlfjljóts þeim Björgu Thorarensen, Eiríki Jónssyni, Kristínu Benediktsdóttur og Friðriki Ársælssyni, Helga Áss Grétarssyni og Stefáni Má Stefánssyni styrki til þess að vinna að tilteknum fræðiritum.

Alþjóðasamskipti

Lagadeild hafði á árinu umsjón með Nordplus-laganetinu og þar með umsjón með öllum stúdentaskiptum milli lagadeilda á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Hefur alþjóðafulltrúi deildarinnar yfirumsjón með starfinu.

Norræna sakfræðiráðið, Nordisk Samarbejdsråd for kriminologi (NSfK), hefur haft aðsetur í Lögbergi frá árinu 2010 og mun sú skipan vara til loka ársins 2012. Ragnheiður Bragadóttir prófessor er formaður ráðsins.

Lagadeildin er í samstarfi við lagadeild Háskólans í Árósum og koma þaðan árlega gestakennarar til að kenna í námskeiðinu Alþjóðlegur skattaréttur. Þá koma kennarar bæði frá Árósum og Kaupmannahöfn og kenna í meistaranámskeiðum í refsirétti. Jafnframt kom gestakennari frá Bandaríkjunum og tók þátt í kennslu námskeiðsins Natural Resources Law I og hann hélt einnig opinn fyrirlestur.

Hópur doktorsnema kom frá Vínarháskóla og undirbjó og stjórnaði málflutningskeppni sem var hluti af námskeiðunum International Environmental Law og International Law and Sustainable Development.

Á árinu 2012 stunduðu 76 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla, auk þess sem deildin tók við 38 erlendum skiptinum.

Markaðs- og kynningarmál

Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur:

- 1. febrúar var haldin málstofa í stjórnskipunarrétti á vegum Lagadeildar undir heitinu Lýðræðisleg umræða um stjórnarskrártillögur og hlutverk stjórnarskráa. Framsögumenn voru Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og fyrrverandi formaður stjórnlagaráðs, og Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur.
- Í mars héldu lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík sameiginlegt málþing meistaranema um skuldaskilarétt. Umsjónarmenn námskeiðanna í báðum skólunum sáu um skipulag málþingsins.

- Þann 9. mars var haldin ráðstefna á vegum EFTA-dómstólsins og Lagadeildar Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík undir yfirskriftinni Málsmeðferð við forúrlausnir og aðgangur að dómstólum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Framsögumenn voru Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, og Camelia Toader, dómari við Evrópudómstólinn. Ýmsir sérfræðingar komu fram með andsvör og athugasemdir við framsöguerindin og Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, tók saman efni ráðstefnunnar í stuttu erindi í lokin.
- Þann 7. júní var haldið málþing í samvinnu Lagadeildar og innanríkisráðuneytisins. Yfirskrift málþingsins var Skýrslutökur af börnum í sakamállum. Framsögumenn voru Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari, Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, og Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi.
- Í september var haldin ráðstefna á vegum innanríkisráðuneytisins og Persónuverndar í samvinnu við deildina og Mannréttindastofnun. Heiti ráðstefnunnar var Nýjar ógnir við friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga. Fyrirlesarar voru Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Maria Michaelidou, sérfræðingur hjá Persónuverndarskrifstofu Evrópuráðsins, Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, Björn Erik Thon, forstjóri Persónuverndar í Noregi, Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild, og Stefán Eiríksson lögreglustjóri.
- Þann 16. október hélt innanríkisráðuneytið, velferðarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið ráðstefnu í samstarfi við Lagadeild og var fjallað um klám út frá lagalegu og samfélagslegu sjónarhorni. Aðalfyrirlesari var Gail Dines, prófessor við Wheelock College í Boston. Auk hennar fluttu erindi á ráðstefnunni Jón Þór Ólason, lektor við Lagadeild, Sigríður Hjaltsted, saksóknari hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Þorbjörg Sveinsdóttir, starfsmaður hjá Barnahúsi, Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, og Guðjón H. Hauksson kennari.
- Á árinu stóð Lagadeild að fundaröð um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands ásamt Stjórn málafræðideild og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Fundirnir voru alls sex, þar af fjórir á árinu 2012.
- Kennarar Lagadeildar tóku þátt í málstofum Þjóðarspegilsins, ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum.
- Hrefna Friðriksdóttir dósent tók þátt í málstofu um foreldra og börn, skilnað og forsjá.
- Eyvindur G. Gunnarsson dósent, Ása Ólafsdóttir dósent og Valgerður Sólnes stundakennari við Lagadeild héldu erindi á málstofu um lög og reglu.
- Erna Kristín Blöndal doktorsnemi og Dóra Guðmundsdóttir aðjunkt héldu erindi á málstofu um innflytjendur og flóttamenn.
- Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum í febrúar og kynnti nám við deildina fyrir væntanlegum nýnemum.

Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Lögfræði	37	53	90
LL.M.	Lögfræði, auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur	1	2	3
Meistarapróf	Lögfræði	33	29	62
Alls		71	84	155

Lagastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð á árinu: María Elvira Mendez Pinedo prófessor, formaður, Eyvindur G. Gunnarsson dósent, Páll Sigurðsson prófessor, Ragnheiður Bragadóttir prófessor og Ingibjörg Skarphéðinsdóttir laganemi, meðstjórnendur. Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl. Helgi Áss Grétarsson lögfræðingur var í fullu starfi sérfræðings við stofnunina til 31. júlí en þann 1. ágúst tók hann við starfi lektors í eignarétti við Lagadeild Háskóla Íslands.

Álitsgerðir

Lagastofnun vann álitsgerð fyrir Landssamtök landeigenda og Landssamband veiðifélaga um lög um náttúruvernd og frumvarp til laga um breytingu á þeim lögum.

Útgáfa

Ritröð Lagastofnunar

11. hefti ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands, The authority of European law: Exploring primacy of EU law and effect of EEA law from European and Icelandic perspectives, kom út í árslok.

Höfundar eru María Elvira Mendez Pinedo og Ólafur Ísberg Hannesson. Er þetta í fyrsta sinn sem hefti í ritröð hjá stofnuninni kemur út á ensku.

Rannsóknadagur Lagastofnunar

Þann 28. ágúst var haldinn Rannsóknadagur Lagastofnunar í fyrsta sinn en ætlunin er að slíkur dagur verði a.m.k. árlega. Markmiðið er að auka samstarf innan og utan Lagadeildar um rannsóknaverkefni, fá sérfræðinga til að miðla reynslu sinni og veita upplýsingar um stoðþjónustu, auk þess að fá fram sjónarmið einstakra starfsmanna deildarinnar varðandi styrkjamál.

Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur

- 2. mars: Lagaumgjörð nýrra orkugjafa. Málþing Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindarétti við Lagastofnun í samvinnu við Stofnun Sæmundar fróða. Frummælandi var Helle Tegner Anker, lagaprófessor við Stofnun um matvæla- og auðlindahagfræði við Lífvísindadeild Kaupmannahafnarháskóla.
- 21. mars: Dómur Alþjóðlega hafréttardómsins í Hamborg – Afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna. Málstofa í samvinnu við Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindarétti við Lagastofnun og Hafréttarstofnun Íslands. Frummælandi var Bjarni Már Magnússon, doktorsnemi við lagadeild Edinborgarháskóla.
- 28. mars: Environmental and Natural Resources Law: Themes and Perspectives from North America on the Heritage of the Stockholm Conference 1972-2012. Málstofa Rannsóknarstofu í umhverfis- og auðlindarétti við Lagastofnun. Erindi hélt Lawrence Watters, lögmaður og sérfræðingur í umhverfis- og auðlindarétti.
- 2. maí: Dómur í landsdómsmálinu nr. 3/2011: Alþingi gegn Geir Hilmarí Haarde. Opinn fundur í samvinnu við Orator, félag laganema við Háskóla Íslands. Frummælendur voru Róbert R. Spanó, forseti Lagadeildar, Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og Andri Árnason hrl.
- 3. maí: Alþjóðlegar fjárfestingar og Evrópulöggjöf: Hvernig er hagsmunum Íslands best borgið? Opinn fundur. Niklas Maydell, lögmaður hjá Cleary Gootlieb Steen & Hamilton LLP, hélt erindi.
- 15. maí: Bera endurskoðendur minni ábyrgð en stjórnendur og stjórnarmenn? Opinn fundur í samvinnu við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Samtök fjárfesta. Lars Bo Langsted, prófessor í lögfræði við Háskólann í Árósum, hélt erindi.
- 10. október. Moral panic, hysteria and witch hunt: Sexual abuse of children and attempts to silencing the whistle blowers. Opinn fundur í samvinnu við Sakfræðifélag Íslands og Orator, félag

laganema við Háskóla Íslands. Beth Grothe Nielsen, fyrrverandi lektor við Háskólann í Árósum, hélt erindi.

Annað

Skrifstofa Alþingis samdi við Lagastofnun um að útbúa kynningarefni vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Stofnunin samdi og ritstýrði texta í prentuðum kynningarbæklingi sem dreift var á öll heimili í landinu. Lagastofnun sá einnig um að setja upp kynningarvef með sama texta og í kynningarbæklingi, auk þess sem þar var ítarlegri umfjöllun og annað efni sem tengdist málinu.

Rannsóknastofa í Evrópurétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti starfar sem rannsóknastofa innan Lagastofnunar. Engar breytingar urðu á stjórn stofnunarinnar frá árinu áður.

Rannsóknir

Á árinu lauk rannsóknaverkefninu Hlutverk dómstóla við að tryggja réttindi einstaklinga sem leiða af Evrópurétti: Íslenskt sjónarhorn. Rannís styrkti rannsóknina um 10 m.kr. og stóð rannsóknin yfir árin 2010–2012. Á árinu var unnið að framhaldi á rannsókn um lög í Evrópusambandinu og á Evrópska efnahagssvæðinu II (e. Judicial Protection of European Individual Rights in EU and EEA Law: An Icelandic Perspective). María Elvira Mendez Pinedo prófessor var aðalrannsakandi og aðstoðarrannsakandi Ólafur Ísberg Hannesson, doktorsnemi við European University Institute.

Þá voru rannsóknaniðurstöður rannsóknaverkefnisins The authority of European law. Exploring primacy of EU law and effect of EEA law from European and Icelandic perspectives eftir Mariu Elviru Mendez Pinedo og Ólaf Ísberg Hannesson birtar á ensku á árinu sem 11. hefti í Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Irina Domurath, sem stundar sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla, vinnur að doktorsrannsókninni Neyndavernd á fjármálamarkaði í Evrópurétti. Rannsóknin nær til áronna 2012–2015 og þriggja ára styrkur upp á 3,5 m.kr. á ári fékkst til verkefnisins, auk 1,3 m.kr. styrks úr Rannsóknasjóði háskólans. Leiðbeinandi á Íslandi er María Elvira Mendez Pinedo prófessor, sem vinnur að öðru rannsóknaverkefni um neytendavernd á Íslandi en það nefnist Verðtrygging í ljósi Evrópuréttar.

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti var sett á laggirnar síðla árs 2009 og hóf starfsemi vorið 2010 sem rannsóknastofa innan Lagastofnunar. Stofan lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er til þriggja ára. Stjórnina skipa Aðalheiður Jóhannsdóttir, formaður, Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður og Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur og doktorsnemi við Lagadeild. Hlutverk stofunnar er að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, efla samvinnu innanlands og utan, styðja meistara- og doktorsnema til að taka þátt í rannsóknum á fræðasviðinu og kynna og birta rannsóknaniðurstöður á sviðinu.

Rannsóknir

Meðal verkefna sem unnið er að er útgáfa heildstæðs rits um íslenskan umhverfis- og auðlindarétt og er stefnt að því að ritið komi út 2014. Jafnframt hefur verið unnið að öðrum rannsóknaverkefnum, þ.m.t. rannsókn á áhrifum Evrópusambandsins í málefnum sem varða norðurslóðir og hvaða áhrif hugsanleg aðild Íslands að sambandinu hefði. Rannsóknin var birt í German Yearbook of International Law, 54. árgangi, sem kom út á árinu.

Kynningarstarfsemi

Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna lista yfir ýmsar áhugaverðar heimasíður, gagnagrunna, þ.m.t. ECLOLEX og Directory of Open Access Journals, og alþjóðleg tengslanet, þ.m.t. NELN (e. Nordic Environmental Law Network). Einnig er þar upplýsingum miðlað til doktorsnema um ráðstefnur, námskeið og styrki. Heimasíða stofunnar er http://www.lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti.

Mannréttindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Mannréttindastofnunar skipuðu Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, formaður, Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Varamenn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild. Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl.

Rannsóknir

- Skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar Íslands að Evrópusambandinu: Mannréttindastofnun fékk styrk frá innanríkisráðuneytinu til að skoða hvernig þessi samningur Evrópuráðsins félli að íslensku réttarkerfi og hvort breyta þyrfti lögum, reglum, framkvæmd, verklagi eða öðru til að tryggja samræmi milli ákvæða samningsins og íslensks réttar. Stofnunin fékk Gunnar Narfa Gunnarsson, lögfræðing og LL.M. í mannréttindum, til að vinna verkefnið. Skýrslunni var skilað til innanríkisráðuneytisins í október 2012.
- Úttekt á samningi Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangslausu: Mannréttindastofnun fékk styrk frá innanríkisráðuneytinu til verkefnisins. Stofnunin fékk Hrefnu Dögg Gunnarsdóttur lögfræðing til að vinna rannsóknina og er von á lokaskýrslu vorið 2013. Verkefnið er að hluta unnið í samvinnu við svæðisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna á Norðurlöndum.

Útgáfa

- Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu: Í tímaritinu eru reifaðir valdir dómar sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu. Innanríkisráðuneytið hefur frá upphafi styrkt útgáfuna. Ritinu er dreift með Tímariti lögfræðinga og birt rafrænt á heimasíðu Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands: <http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/>.
- Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að – 2. útgáfa: Markmiðið með útgáfunni er að uppfæra eldri útgáfu frá 2003. Björg Thorarensen prófessor ritstýrði.

Fundir og ráðstefnur

- 25. janúar: Viðurkenning Íslands á Palestínu – Hvenær getur þjóð stofnað ríki? Málstofa í samvinnu við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Frummælendur voru Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild, og Guðmundur Hálfðanarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

- 14. mars: Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis. Málstofa í stjórnskipunarrétti. Frummælendur voru Róbert R. Spanó, prófessor og forseti Lagadeildar, og Björn Þorvaldsson, saksóknari við embætti sérstaks saksóknara.
- 21. september: Stjórnskipulag Evrópusambandsins og Norðurlanda – Áhrif yfirþjóðlegs valds á stjórnskipun aðildarríkja og lýðræði. Ráðstefna haldin af Mannréttindastofnun og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands í samvinnu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Frummælendur voru Allan Rosas, dómari við Evrópudómstólinn, Helle Krunke, prófessor við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, Maximilian Conrad, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, Gunnar Þór Pétursson, fræðimaður við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.
- 19. október: Nýjar ógnir við friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga. Ráðstefna á vegum innanríkisráðuneytis og Persónuverndar í samvinnu við Mannréttindastofnun og Lagadeild Háskóla Íslands. Erindi héldu Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Maria Michaleidou, sérfræðingur hjá Persónuverndarskrifstofu Evrópuráðsins, Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, Björn Eirík Thom, forstjóri Persónuverndar í Noregi, Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Annað

Lagastofnun Háskólans í Árósum efndi til norræns málþings um alþjóðasamninga og stjórnarskrárvernd mannréttinda í Árósum 19. og 20. nóvember í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og lagastofnanir háskólanna í Osló og Uppsölum Björg Thorarensen prófessor og Eiríkur Jónsson dósent tóku þátt í málþinginu frá Lagadeild Háskóla Íslands.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

Almennt yfirlit og stjórn

Ný stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni var skipuð í lok ársins fyrir tímabilið 2012–2015. Í henni sitja: Hrefna Friðriksdóttir, frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, frá Heilbrigðisvísindasviði, Gunnar E. Finnbogason, frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir, frá Félagsráðgjafardeild, og Vilhjálmur Árnason, frá Hugvísindasviði. Úr stjórninni gekk Guðrún Kristinsdóttir, sem var fulltrúi Menntavísindasviðs í stjórninni 2009–2012. Forstöðumaður í 50% starfi er Þórhildur Líndal lögfræðingur, fyrrverandi umboðsmaður barna.

Rannsóknir

Á árinu hófst undirbúningur að nýju rannsóknaverkefni sem ber vinnuheitið Sjálfræði barna innan heilbrigðisþjónustunnar en Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, í samstarfi við Lagadeild, Heilbrigðisvísindasvið og Hugvísindasvið hefur í hyggju að framkvæma þverfræðilega rannsókn á stöðu barna sem sjúklinga innan heilbrigðisþjónustunnar hér á landi, með áherslu á sjálfræði þeirra um að taka þátt í eigin málum og ákvarðanir um þau. Ætlunin er að skoða rannsóknarefnið út frá lögfræðilegu sjónarhorni, sjónarhorni heilbrigðisþjónustu og siðfræðilegu sjónarhorni. Umsókn um styrk var send til Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands en niðurstaða hafði ekki borist fyrir áramótin.

Ráðstefnur

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr tók þátt í að undirbúa og skipuleggja ráðstefnu um kynferðislegt ofbeldi í samstarfi við innanríkisráðuneytið, Lagadeild og Evrópuráðið. Fjöldi erlendra og innlendra sérfræðinga fluttu erindi á ráðstefnunni en markmiðið með henni var að leiða saman sjónarmið fræðasamfélagsins, refsivörslukerfisins og frjálsra félagasamtaka, sem fjalla um

málaflokkinn. Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands og formaður stjórnar Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr, flutti m.a. erindi í einni málstofu ráðstefnunnar, sem bar heitið Samspil barnaverndarkerfisins og refsivörslukerfisins.

Í lok ársins boðaði Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, ásamt innanríkisráðuneytinu og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, til ráðstefnu sem bar yfirskriftina Hvað er til ráða – hvað er framundan? Breytingar á barnalögum, undirbúningur og framkvæmd. Aðalfyrirlesarar komu frá Danmörku og Noregi en leitað var eftir styrk til Letterstedtska sjóðsins vegna komu hinna erlendu gesta. Sá styrkur fékkst. Til viðbótar honum styrkti innanríkisráðuneytið ráðstefnuhaldið á ýmsa vegu. Auk hinna norrænu fyrirlesara tók fjöldi annarra fyrirlesara þátt í ráðstefnunni, m.a. Hrefna Friðriksdóttir frá Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, aðalhöfundur frumvarpsins til breytinga á barnalögunum, sem var umræðuefni ráðstefnunnar. Jafnframt flutti Sigrún Júlíusdóttir, prófessor og stjórnarmaður í Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, erindi á ráðstefnunni, auk sjö annarra fræðimanna.

Kynningarstarfsemi

Vinnu við gerð heimasíðu stofnunarinnar lauk á árinu og verður hún opnuð formlega í byrjun næsta árs en ætlunin er að halda málstofu jafnhliða opnuninni til kynningar. Slóð heimasíðunnar er ras.hi.is en auk þess er stofnunin með síðu á Facebook til að svara kalli tímans.

Annað

Þegar Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr var komið á fót haustið 2009 var henni tryggt rekstrarfé úr þróunarsjóði rektors Háskóla Íslands til þriggja ára eða til haustsins 2012. Auk þess samþykkti Lagadeild að leggja fram fasta fjárhæð árlega til sama tíma. Í ljósi þess að í nóvember 2012 yrði óvissa um rekstrarfé til stofnunarinnar sendu deildarforseti Lagadeildar og stjórnarformaður stofnunarinnar, ásamt forstöðumanni hennar, rektor erindi dags. 8. febrúar 2012. Með erindinu var þess óskað að rektor beitti sér fyrir því að háskólinn legði Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr til árlegt rekstrarfé næstu fimm árin eða til 2017. Þannig mætti skjóta styrkari stoðum undir áframhaldandi rekstur þessarar þverfræðilegu stofnunar háskólans í fjölskyldumálum. Í framhaldi af bréfinu áttu ofangreind síðan fund með rektor og forseta Félagsvísindasviðs. Á þeim fundi var m.a. bent á að Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr væri þverfræðileg vísindastofnun og í stjórn hennar ættu sæti fulltrúar frá Lagadeild, Félagsráðgjafardeild, Heilbrigðisvísindasviði og Hugvísindasviði, sem líta mætti á sem nokkra sérstöðu meðal rannsóknastofnana háskólans, ekki síst með hliðsjón af því að í stefnu háskólans fælist að leggja ætti höfuðáherslu á þverfræðilegar rannsóknir. Niðurstaða þessa máls varð sú að Lagadeild tekur að sér að greiða laun forstöðumanns í hálfu starfi næstu þrjú ár, sbr. sérstakan samstarfssamning Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr og Lagadeildar. Eftir sem áður er það stofnuninni lífsnauðsynlegt að afla styrkja og taka að sér ýmiss konar þjónustuverkefni, s.s. fyrir opinberar stofnanir, til að geta gegnt fjölþættu hlutverki sínu.

Stjórn málafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Ómar H. Kristmundsson prófessor tók við starfi deildarforseta af Þorgerði Einarsdóttur prófessor og Baldur Þórhallsson prófessor tók við starfi varadeildarforseta af Ómari H. Kristmundssyni 1. júlí. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir, verkefnisstjóri í hálfu starfi var Anna Margrét Eggertsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir verkefnisstjóri í 35% starfi. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar hennar hafa aðsetur í Odda og Gimli. Stofnun stjórn mála og stjórnsýslufræða starfar undir Stjórn málafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun. Deildarforseti ásamt deildarráði og deildarfundi fór með stjórn deildarinnar.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Helstu rannsóknarsvið kennara eru: lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunapróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafraeði.

Starfsfólk

Stjórn málafræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	2	2
– karlar	0	0
Samtals:	2	2
Aðjuntar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	0	0
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	5	4,49
Samtals:	13	12,5
Alþjóðamálastofnun og Stofnun stjórnsýslufræða	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	2,55
– karlar	1	0,5
Samtals:	5	3,1

Við deildina eru tólf fastráðnir kennarar, sex prófessorar, fjórir lektorar og tveir aðjuntar með rannsóknarskyldu. Auk þess er einn aðjunkt með rannsóknarskyldu ráðinn tímabundið. Alls eru þetta sjö konur og sex karlar. Auk fastráðinna kennara starfar einn aðjunkt (III) og fjölmargir stundakennarar við deildina.

Erlendir gestakennarar

Michael Minkenberg, prófessor við Europa-Universität Viadrina í Þýskalandi, var Erasmus-gestakennari við deildina vikuna 18.–24. september. Auk kennslunnar hélt hann einnig fyrirlesturinn Öfgahægriflokkar í Evrópu og útlendingahatur í Norræna húsinu þann 20. september. Stjórn málafræðideild og Alþjóðamálastofnun stóðu að fyrirlestrinum í sameiningu.

Gæðaúttekt

Í samræmi við rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi vann Stjórn málafræðideild sjálfsmatsskýrslu um nám og kennslu við deildina. Í sjálfsmatshópnum voru Þorgerður Einarsdóttir deildarforseti, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Silja Bára Ómarsdóttir aðjunkt. Fulltrúar nemenda voru Viktor Orri Valgarðsson, fulltrúi grunnema, og Ragnheiður Guðsteinsdóttir, fulltrúi framhaldsnema. Fulltrúi þjóðlífs var Svavar Halldórsson fréttamaður. Starfsmaður nefndarinnar var Bryndís E. Jóhannsdóttir verkefnisstjóri og einnig starfaði Elva Ellertsdóttir deildarstjóri með nefndinni. Ytri úttektaraðili var Peter Bogason, fyrrverandi prófessor við Háskólann í Hróarskeldu. Hann heimsótti deildina í lok maí og fundaði með nefndinni í tvo daga. Sjálfsmatsskýrsla deildarinnar var send gæðanefnd Háskóla Íslands þann 23. nóvember.

Nám og kennsla

Grunnnám

Í Stjórn málafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórn málafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga: annaðhvort skal nemandi ljúka 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

Framhaldsnám

Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórn málafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smáríkjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórn málafræði. Í lok árs voru tíu doktorsnemar við nám í deildinni.

Doktorsvörn

Þann 15. júní varði Þorgerður H. Þorvaldsdóttir doktorsritgerð sína í kynjafræði „From Gender Only to Equality for All: A Critical Examination of the Expansion of Equality Work in Iceland.“ Andmælendur voru Malin Rönnblom, dósent í stjórn mála- og kynjafræði við háskólann í Umeå, og Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands. Leiðbeinandi var Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, og auk hennar sátu í doktorsnefndinni Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötunarfræðum við Háskóla Íslands, og Nina Lykke, prófessor í kynjafræði við Háskólann í Linköping í Svíþjóð.

Alþjóðasamskipti

Á árinu var boðið upp á 12 námskeið sem kennd voru á ensku, samtals 78 einingar. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla dagana 18.–30. júní þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum 18. febrúar ásamt öðrum deildum skólans. Nýr bæklingur um BA-nám í deildinni var gefinn út af því tilefni.

Fundaröð

Á árinu stóð Stjórn málafræðideild að fundaröð um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands ásamt Lagadeild og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Fundirnir voru alls sex, þar af fjórir á árinu.

Brautskráðir stúdentar frá Stjórn málafræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Stjórn málafræði	22	30	52
Meistarapróf	Alþjóðasamskipti	6	12	18
	Evrópufræði		1	1
	Kynjafræði		3	3
MPA	Opinber stjórnsýsla	7	11	18
Viðbótardiplóma	Alþjóðasamskipti	2	6	8
	Evrópufræði	1	3	4
	Hagnýt jafnréttisfræði		4	4
	Opinber stjórnsýsla	6	34	40
	Smárikjafræði: Smárika í Evrópu		1	1
Doktorspróf	Kynjafræði		1	1
Alls		44	106	150

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Almennt yfirlit, stjórn og starfslið

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun starfrækt á vegum Stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands sem sjálfstæð stofnun í tengslum við Félagsvísindastofnun. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð á árinu: Ómar H. Kristmundsson, formaður, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgaritari og Trausti Fannar Valsson lektor. Stofnunin er rekin af sjálfsaflafé og er fjárhagur stofnunarinnar í jafnvægi. Forstöðumaður stofnunarinnar er Ásta Möller. Hrefna Ástmarsdóttir starfaði í hlutastarfi sem verkefnastjóri. Þá starfaði Haukur Arnþórsson að ýmsum verkefnum í tengslum við þróun og útgáfu vefritsins Stjórn málafræði og stjórnsýsla.

Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum og starfa þeir þar með fjölmörgum aðilum sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórnmála, utan sem innan háskólasamfélagsins. Má þar m.a. nefna Alþingi, ráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, stéttarfélög og stjórnmálaflokka. Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópurinn er m.a. stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Þá stendur stofnunin fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórnmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila. Á árinu 2012 voru haldnir um 40 atburðir á vegum stofnunarinnar og sóttu þá um 2300 manns. Hér skal sérstaklega nefnd fundaröð um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands sem haldin var frá nóvember 2012 til febrúar 2013 í samstarfi Stjórn málafræðideildar, Lagadeildar og Stofnunar stjórnsýslufræða, auk Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri. Á þessum fundum fjölluðu fræðimenn skólanna um efnið frá ýmsum hliðum fræðanna.

Rannsóknarborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar og er haldið á þriggja til fjögurra vikna fresti allt háskólaárið. Á árinu voru haldnir 11 rannsóknarborðsfundir en þar leggja fræðimenn og doktorsnemar m.a. fram verkefni, rannsóknir eða greinar í vinnslu til gagnrýninnar umræðu á jafningjagrunni.

Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu:

- Nýsköpun í opinberum rekstri. Verkefnið er samstarfsverkefni stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem bættist í hóp samstarfsaðila stofnunarinnar á árinu. Markmiðið með verkefninu er m.a. að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri og styðja við rannsóknir á þróun nýsköpunar á Íslandi. Afrakstur verkefnisins er m.a. ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu og rekstri ásamt afhendingu nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga 2011 og 2012. Alls hafa 102 verkefni verið tilnefnd til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri þessi tvö ár og eru þau m.a. birt á vefnum www.nyskopunarvefur.is, sem er gagnabanki um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, rekinn af stofnuninni. Formlegt samstarf er milli stofnunarinnar og Mindlab í Danmörku, sem er stofnun, rekin af þremur ráðuneytum í danska stjórnarráðinu, sem fæst við nýsköpun í opinberum rekstri.
- Könnun á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana var gerð á árinu. Hún var samstarfsverkefni stofnunarinnar, starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Markmiðið með könnuninni er að safna gögnum um mikilvæga þætti í starfsemi ríkisstofnana sem varða stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna ríkisstofnana. Gefnar voru út tvær skýrslur um niðurstöður könnunarinnar. Sambærileg könnun var gerð af sömu aðilum á árinu 2007.
- Unnið var að Evrópuverkefninu EGOV4U, eða Rafrænar lausnir fyrir alla, sem er hluti af samstarfssamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Útgáfa og kynningar

Veftímaritið Stjórn málafræði og stjórnsýsla er gefið út tvisvar á ári, í júní og desember, í opnum aðgangi á vefsíðunni www.stjornmalogstjornsysla.is, en prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Í 8. árgangi 2012 birtust alls 28 ritrýndar greinar og fimm greinar almenns eðlis. Á árinu kom tímaritið einnig út á ensku og var því fengið enskt nafn: The Icelandic Review of Politics and Public Administration. Það er rekið samhliða íslensku útgáfunni á slóðinni www.irpa.is. Greinar sem eru birtar í tímaritinu eru metnar til fimmtán stiga skv. matskerfi opinberra háskóla. Höfnunarhlutfall greina í tímaritið árin 2010–2012 var 28,9%. Unnið var að skráningu tímaritsins í erlenda gagnagrunna, m.a. ISI og Thompson Reuter. Ritstjórar tímaritsins eru Gunnar Helgi Kristinsson aðalritstjóri, Baldur Þórhallsson, Margrét S. Björnsdóttir, Ómar H. Kristmundsson og Þorgerður Einarsdóttir. Vefstjóri er Haukur Arnþórsson. Þá starfar ráðgefandi ritstjórn að tímaritinu og einnig International Advisory Board sem var sett á laggirnar á starfsárinu en hana skipa virtir erlendir og innlendir fræðimenn á fræðasviði tímaritsins.

Stofnunin gaf einnig út ritið Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ritið er afrakstur rannsóknaverkefnisins Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007–2010.

Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, svo og upplýsingar um þær rannsóknir sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á.

Vefur stofnunarinnar var endurnýjaður í ágúst með breyttu útliti og víðtækari efnistöfum en áður. Jafnframt opnaði stofnunin síður á samskiptavefnum Facebook. Að auki rekur stofnunin vefina www.nyskopunarvefur.is og www.stjornmalogstjornsysla.is eins og kemur fram hér á undan.

Viðskiptafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Ingjaldur Hannibalsson var deildarforseti Viðskiptafræðideildar á árinu og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson tók við starfi varaforseta af Snjólfí Ólafssyni 1. júlí.

Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Hagfræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrjár verkefnastjórnar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra sem var verkefnastjóri kynningarmála í 75% starfi og verkefnastjóri í M.Acc.-námi í 25% starfi. Marta B. Helgadóttir var ráðin í starf verkefnastjóra þann 1. september í stað Margrétar Ragnarsdóttur, sem lét af störfum á árinu.

Nám og kennsla

Á árinu voru ekki gerðar miklar breytingar á kennslu í deildinni og fækkaði stundakennurum í kjölfar þess að föstum kennurum var fjölgað. Álíka margir nemendur innrituðust í deildina og árið áður. Í BS-námi eru sem fyrr fjórar námsleiðir, markaðsfræði, stjórnun, fjármál og reikningshald. Eins og áður voru nemendur á markaðssviði fjölmennastir. Nemum í MS-námi fjölgaði mikið á öllum sex námsleiðunum, sem og í doktorsnámi, og einnig fjölgaði nemum í sameiginlegri námsleið með Lagadeild í skattarétti og skattskilum. Nemendum í MBA-námi fækkaði lítillega miðað við árið áður.

Kennarar deildarinnar

Kristján Jóhannsson lét af störfum lektors 1. janúar. Bjarni Frímann Karlsson, Árelía E. Guðmundsdóttir og Haukur C. Benediktsson voru í launalausum leyfi allt árið. Markús I. Eiríksson var ráðinn aðjunkt í 50% tímabundið starf í eitt ár frá 1. júlí og Hersir Sigurgeirsson og Sveinn Agnarsson voru ráðnir lektorar 1. júlí en fengu flýttiframgang í starf dósents sem gildi frá ráðningu. Svala Guðmundsdóttir og Elmar H. Hallgrímsson voru ráðin í starf lektors frá 1. júlí.

Starfsmenn

Viðskiptafræðideild		
Stjórnsýsla Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	7	6,15
– karlar	0	0
Samtals:	7	6,15
Aðjunktur		
– konur	2	2
– karlar	6	4,7
Lektorar		
– konur	2	2
– karlar	7	6,5
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	5	5
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	5	4,35
Samtals:	29	26,55
Viðskiptafræðistofnun og rannsóknafólk deildar		
– konur	4	3,07
– karlar	1	1
Samtals:	5	4,07

Rannsóknir

Mjög góð aðsókn var á opinbera fyrirlestra á vegum deildarinnar. Á ráðstefnu í félagsvísindum, Þjóðarspegli, sem haldin var 26. október var aðalfyrirlesarinn, Christian Grönroos, í boði MBA-námsins og hann hélt erindið Is Marketing After All One Big Mistake? Að auki voru haldin 23 önnur erindi um viðskiptafræði.

Doktorsvarnir

Tvær doktorsvarnir fóru fram við Viðskiptafræðideild á árinu. Þór Sigfússon varði ritgerð sína, The Strength and Empowerment of Weak Ties in International New Ventures, í mars og Lára Jóhannsdóttir varði doktorsritgerð sína, Nordic Non-Life Insurers' Interest in, and Response to, Environmental Issues, í desember.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

- Ráðstefna til heiðurs Þrání Eggertssyni prófessor, sem varð sjötugur í apríl 2011, var haldin 21. apríl 2012. Heiti ráðstefnunnar var: Economic Behavior and Institutions Revisited (sjá texta um ráðstefnuna í kafla Hagfræðideildar).
- 9. október flutti David M. Gilfoil, forstöðumaður MBA-náms við DeSales University, erindi sem nefndist The Moral Limits of Markets – Review and Commentary of Sandel's Book: "What Money Can't Buy".

- 19. október flutti Eva Joly, fyrrverandi ráðunautur sérstaks saksóknara og saksóknari í Frakklandi, fyrirlestur á vegum Viðskiptafræðideildar og Samtaka fjárfesta. Fyrirlestur Evu nefndist A Critical Look at the Crisis in Banking and Finance.
- 27. nóvember flutti Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, erindi í Hátíðasal háskólans, sem nefndist Að liðnum fjórum árum, horft til baka.
- Á haustmisseri stóð Viðskiptafræðideild fyrir sameiginlegri fyrirlestraröð með Konfúsíusarstofnun um viðskipti við Kína frá ýmsum sjónarhornum.

Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Viðskiptafræði	35	58	93
Meistarapróf	Fjármál fyrirtækja	12	9	21
	Mannauðsstjórnun	7	20	27
	Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti	8	22	30
	Skattaréttur og reikningsskil	1	1	2
	Stjórnun og stefnumótun	7	21	28
	Viðskiptafræði	4	5	9
M.Acc.	Reikningshald og endurskoðun	1		1
	Reikningsskil og endurskoðun	21	25	46
MBA	Viðskiptafræði	13	11	24
Kandídatpróf	Viðskiptafræði, viðskiptaskor, reikningshalds- og endurskoðunarsvið		1	1
Doktorspróf	Viðskiptafræði	1	1	2
Alls		110	174	284



Gimli

Lögberg

Oddi

Lesstofur meistaranema
Reading room for graduate students

Lesstofur grunnnema
Reading room for undergraduate students

Fyrirlestraralir
Lecture halls

HT 101, HT 102, HT 103
HT 104, HT 105

WC

Viðskiptafræðistofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Viðskiptafræðistofnun hvetur til hagnýtra og fræðilegra rannsókna, stundar útgáfustarfsemi og býður upp á vettvang fyrir kynningar og umræðu um rannsóknir á sviði viðskipta. Viðskiptafræðistofnun leggur áherslu á alþjóðlegt rannsóknasamstarf og metnað í að viðhalda góðum tengslum við erlenda fræðimenn og jafnframt er stöðugt unnið að því að mynda ný tengsl, bæði erlendis og innan lands. Viðskiptafræðistofnun annast einnig umsýslu með MBA-námi og stökum námskeiðum í viðskiptafræðum (VMV-námi), sem ætlað er nemendum sem jafnframt eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar voru á árinu: Auður Hermannsdóttir formaður, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Kári Kristinsson, Þórður Óskarsson og Þóra Christiansen. Magnús Pálsson er forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar. Aðrir starfsmenn Viðskiptafræðistofnunar eru Ester Rós Gústavsdóttir og Lena Heimisdóttir verkefnisstjórar.

Rannsóknir

Á árinu hélt Auður Hermannsdóttir áfram vinnu við rannsóknaverkefnið COBEREN en það er samstarfsverkefni rannsakenda frá 31 landi í Evrópu og er styrkt af Evrópusambandinu. Markmiðið með verkefninu er að þróa þekkingargrunn um neytendahegðun (consumer behaviour). Lögð var lokahönd á vinnu við útgáfu bókar um verkefnið og verkefninu var formlega slitið í árslok. Ákvörðun var tekin um áframhaldandi samstarf rannsakendanna með stofnun evrópskrar rannsóknarstofnunar um neytendahegðun og hefur verið leitað til Evrópusambandsins um stuðning við það samstarf.

Á árinu var gefin út ein ritgerð, „vinnugrein“ (Working Papers), í ritröð Viðskiptafræðistofnunar og er hún birt á heimasíðu Viðskiptafræðistofnunar, www.ibr.hi.is: W12:01 Auður Hermannsdóttir og Sif Cortes: Vinnustaðamenning við upphaf sameiningar tveggja grunnskóla.

Ráðstefnur

Viðskiptafræðistofnun stóð í fjórða sinn fyrir vorráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði föstudaginn 23. mars. Tilgangurinn var m.a. að skapa eftirsóknarverðan vettvang fyrir kynningu rannsóknaverkefna og faglegar umræður um framlag rannsóknaraðila. Alls hafa um 60 rannsóknarerindi verið flutt á þeim þremur ráðstefnum sem voru fyrir þessa. Í tengslum við ráðstefnuna var gefið út rafrænt ráðstefnurit þar sem 15 ritrýndar greinar um ólík svið viðskipta voru kynntar. Ritstjórar voru Kári Kristinsson lektor, Magnús Pálsson, forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar, og Þórður Óskarsson aðjunkt. Haldið er utan um greinar sem kynntar voru á ráðstefnunni á vef Viðskiptafræðistofnunar, www.ibr.hi.is.

Málstofur

Á árinu stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir 21 rannsóknamálstofu. Þær eru vettvangur rannsakenda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar.

Eftirtalin erindi voru flutt á vormisseri:

- Kári Kristinsson: Mælitæki fyrir fjármálhvatvísi?
- Katrín Pálsdóttir: Hvaða áhrif hafa ráðherrar á mótun upplýsingastefnu Stjórnarráðs Íslands?
- Snjólfur Ólafsson: Traust og fyrirtækjarekstur
- Runólfur Smári Steinþórsson: Rannsóknaverkefni um þróun klasa á Íslandi

- Gunnar Óskarsson: Uptaka upplýsingakerfa: Áhrifaþættir og fyrirstöður
- Örn Daníel Jónsson: Jarðýtuhaðgerfið
- Gylfi Magnússon: Gildi fjármála
- Svala Guðmundsdóttir: Menningargreind og aðlögun norræna útsendra starfsmanna í Bandaríkjunum
- Friðrik Eysteinnsson: Hvaða hæfni telja markaðsstjórar á Íslandi mikilvæga í starfi sínu?
- Gunnar Óskarsson: Nýsköpunarmenning og nýsköpunarandi: Áhrif á hugmyndastjórnun og nýhugsun
- Ingi Rúnar Eðvarðsson: Huglæg líkön (Mental modeling)
- Kristín Atladóttir: Stefnumiðuð stjórnun hugverkaeignar nýskapandi fyrirtækja: Vernd og hagnýting

Eftirtalin erindi voru flutt á haustmisseri:

- Kári Kristinsson: Ferilsskrá (CV) – rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði
- Gunnar Óskarsson: Nýhugsun í íslenskum fyrirtækjum
- Auður Hermannsdóttir: Samband á milli ánægju viðskiptavina og tryggðar
- Gísli Eyland: Virðisamat á sýnileika kostunarréttinda út frá auglýsingaígildum
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Stéttarfélagsaðild á Íslandi
- Jón Snorri Snorrason: Stjórnarstörf í stærstu fyrirtækjum og lífeyrissjóðum á Íslandi
- Gunnar Óskarsson: Nýhugsun og hugmyndastjórnun í opinberum rekstri
- Þóra Christiansen: Viðhorf til samningatækni og þess að reyna að hækka launin í launaviðtali – Er kynjamunur?
- Auður Hermannsdóttir: COBEREN – Skipulag, framkvæmd og aðferðafræði

Rannsóknamiðstöðvar

Innan Viðskiptafræðistofnunar eru starfræktar fimm rannsóknamiðstöðvar. Hver um sig er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu í fræðaheiminum og íslensku þjóðlífi.

- Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði alþjóðaviðskipta. Forsvarsmaður er Gunnar Óskarsson lektor.
- Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Rannsóknamiðstöðin er hugsuð sem bakhjarl kennslu og rannsókna á sviðinu. Á árinu stóð rannsóknamiðstöðin að því að miðla nemendum kennslufni, einkum í námskeiðunum Stefnumiðuð stjórnun og Samkeppnishæfni. Rannsóknamiðstöðin vann bæði að eigin rannsóknaverkefnum og rannsóknaverkefnum í samstarfi við meistaranema. Meðal verkefna sem eru í gangi er rannsókn á upphafi og þróun á klasastarfi á Íslandi og rannsókn á skipulagi og stjórnun innan klasa. Að þeirri rannsókn er unnið í samstarfi við fræðimenn við University of Southern Denmark. Jafnframt er í gangi klasagreiningarverkefni í ferðaþjónustu á Norðurlandi sem unnið er í tengslum við European Foundation of Cluster Excellence í samstarfi við aðila hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Einnig er mikilvægur þáttur í starfinu þátttaka í vinnustofunni MOC Cluster Research Workshop, sem haldin er árlega við Harvard Business School. Forsvarsmaður er Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.
- Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti er rannsóknastofa sem starfrækt er í tengslum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Eypór Ívar Jónsson, gestadósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.
- Rannsóknamiðstöð skapandi greina er vettvangur rannsókna á menningu og sköpun innan viðskiptafræða. Markmið miðstöðvarinnar er m.a. að rannsaka og efla skilning og þekkingu á menningu og sköpun í hagrænum skilningi. Forsvarsmaður er Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor.

- Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi sem hefur það að markmiði að auka virði þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Starfsemin hófst með samstarfi við Viðskiptafræðistofnun í október 2010. Fyrirtæki í kringum reksturinn var síðan stofnað árið 2011 á grundvelli svokallaðrar klasafræði, sem hefur á síðustu árum sótt í sig veðrið á meðal fræðimanna, fyrirtækja og stjórnvalda sem tól til þess að auka verðmætasköpun innan landsvæða og atvinnugreina. Íslenski sjávarklasinn sleit barnsskónum í doktorsrannsóknnum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands en starfar nú á sviði klasaþróunar, ráðgjafar og nýsköpunar, og samstarfsfyrirtæki Sjávarklasans eru nú á fimmta tug.

Félagsvísindastofnun

Almennt yfirlit

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans á Félagsvísindasviði, Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknnum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum á sviði félagsvísinda. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2012 starfrækt 16 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa, auk þess sem stofnunin er í nánu samstarfi við fræðimenn deildanna og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar á árinu var lögð á eftirtalin atriði:

- Áframhaldandi uppbygging á netpanel Félagsvísindastofnunar, sem í voru í lok árs um það bil 5.000 manns sem samþykkt hafa að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Mikil verðmæti liggja í slíkum panel. Bæði skapar hann tækifæri til að vinna aðferðafræðilegar rannsóknir og eins gerir hann fræðimönnum kleift að afla gagna sem uppfylla strangar aðferðafræðilegar kröfur á tiltölulega ódýran hátt.
- Opinn aðgangur að gagnasöfnum. Með því að gera gögn um íslenskt samfélag og menningu aðgengileg nemendum og kennurum á sviðinu fjölgar tækifærum nemenda til að vinna að sjálfstæðum rannsóknaverkefnum sem tengjast atvinnu- og þjóðlífi. Enn fremur gefst kennurum og nemendum kostur á að nýta raunveruleg gögn í verklegum æfingum, t.a.m. í aðferðafræðikennslu.

Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja forsetar þeirra þriggja deilda sem að stofnuninni standa en þeir skipa jafnframt framkvæmdastjórn. Auk þess sitja í stjórninni þrjár fulltrúar til viðbótar sem kjörnir eru af deildunum, tveir úr Félags- og mannvísindadeild og einn úr Stjórn málafræðideild, sem og áheyrnarfulltrúar námsbrauta og starfsmanna stofnunarinnar. Á árinu sátu í framkvæmdastjórn: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, forseti Félags- og mannvísindadeildar, Steinunn Hrafnisdóttir, forseti Félagsráðgjafardeildar, og Þorgerður Einarsdóttir, forseti Stjórn málafræðideildar, sem hvarf úr stjórn um mitt ár þegar hún lét af störfum sem deildarforseti en við hennar sæti tók Ómar H. Kristmundsson. Aðrir í stjórn voru Ágústa Pálsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Helgi Gunnlaugsson, Sveinn Eggertsson, Terry Gunnell og Andrea G. Dofradóttir.

Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið var sem hér segir: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður, Andrea G. Dofradóttir verkefnisstjóri, Auður Magnús Auðardóttir verkefnisstjóri, Ágústa Edda Björnsdóttir verkefnisstjóri, Ásdís Aðalbjörg Arnalds verkefnisstjóri, Guðlaug J. Sturludóttir verkefnisstjóri, Gunnar Þór Jóhannesson verkefnisstjóri, Heiður Hrund Jónsdóttir verkefnisstjóri, Hrefna Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Hrafnhildur

Snæfríðar- og Gunnarsdóttir verkefnisstjóri, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir verkefnisstjóri, Sóley Lúðvíksdóttir þjónustufulltrúi og Vala Jónsdóttir verkefnisstjóri. Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir, annar fyrir átak Vinnuálastofnunar og hinn með styrk frá Kennslumálasjóði. Þetta voru þau Hafsteinn Birgir Einarsson, nemandi í stjórnmálafræði, og Herdís Klausen, nemandi í iðnaðarverkfræði. Að auki tóku á annað hundrað aðrir einstaklingar þátt í starfi stofnunarinnar sem spýrlar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum störfum fyrir stofnunina.

Fjármál

Velta Félagsvísindastofnunar og rannsóknastofna sem starfa undir henni nam um 154 m.kr. Félagsvísindastofnun hefur þá sérstöðu meðal rannsóknastofnana Háskóla Íslands að fá enga fjárveitingu frá hinu opinbera, hvorki til rannsóknastarfa né fyrir stöðuheimildir starfsmanna. Stofnunin hefur, líkt og fyrri ár, að mestu leyti fjármagnað starfsemi sína með rannsókn- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnslu fyrir kennara háskólans og hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans. Stofnunin fjármagnar sjálf allan tækjabúnað sinn og rekstur.

Rannsóknir og verkefni

Helstu styrkir sem stofnunin og/eða starfsfólk hennar fengu á árinu voru áframhaldandi styrkur frá NICe í verkefnið InTerAct: Industry-Academia Interaction in the Marine Sector ásamt rannsóknarhópi um hagnýta vöruferla við Háskóla Íslands, norrænu háskólunum DTU, NTNU, UMB, SLU og fyrirtækinu Umano; áframhaldandi styrkur frá VINNOVA til þátttöku í verkefninu CitizMap: Integrated E-Mapping and Visualization Services for Citizens, Researchers and Policymakers ásamt háskólanum í Umeå, borgaryfirvöldum í Tallinn og fyrirtækinu Regio; og styrkur frá Rannís til að taka þátt í European Social Survey árið 2012 ásamt Félags- og mannvísindadeild, Stjórnmálafræðideild, Cambridge-háskóla og Mannheim-háskóla.

European Social Survey var viðamesta rannsóknaverkefni Félagsvísindastofnunar á árinu. Annað viðamikið verkefni var könnun meðal allra annars árs nema í grunnnámi við Háskóla Íslands og meðal nemenda sem útskrifuðust frá skólanum árið 2011. Félagsvísindastofnun annast gerð reglulegra kannana meðal grunnema, meistaranema, doktorsnema og útskrifaðra nemenda frá skólanum á viðhorfi þeirra til kennslu, námsumhverfis og stoðþjónustu við skólann en þessar kannanir eru liður í sjálfsmati skólans (samanber rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi). Önnur verkefni voru ISSP (International Social Survey Programme), sem felst í könnun á viðhorfum til umhverfismála, úttekt á stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008–2011, rannsókn á ofbeldi gegn fötluðum konum og rannsókn á aðstæðum reykvískra foreldra þar sem félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna þeirra var kannað sérstaklega. Að auki vann stofnunin fjölda launakannana, smærri kannana og verkefna fyrir ýmsa aðila, sem og þjónustu- og viðhorfskannanir fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Alþjóðasamskipti

Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar tók þátt í COST IS1004 verkefni ásamt þátttakendum frá tuttugu og sjö öðrum löndum: WEBDATANET: Web-Based Data-Collection – Methodological Challenges, Solutions and Implementations. Forstöðumaðurinn flutti erindi eða kynnti veggspjald á fjórum erlendum ráðstefnum á árinu, þ.e. á GOR (General Online Research) í Mannheim í Þýskalandi, PCST2012 (Public Communication of Science and Technology) í Flórens á Ítalíu, á NUAS (Communication Challenges for Nordic Universities) í Stokkhólmi í Svíþjóð og á 6th International Workshop on Internet Survey Methodology í Ljubljana í Slóveníu.

Rannsóknastofur

Eftirtaldar rannsóknastofur (rannsóknasetur) störfuðu í tengslum við Félagsvísindastofnun árið 2012:

- Fræðasetur þriðja geirans (stofnað 2010). Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Stjórn stofnunarinnar skipa: Ómar Kristmundsson, Steinunn Hrafnisdóttir og Þórólfur Þórlindsson.
- Mannfræðistofnun (stofnuð 1974). Stofnunin hefur verið óvirk um nokkurt skeið.
- Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna – MARK (stofnuð 2011). Miðstöðin sinnir rannsóknum á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða. Með félagsvísindalegt sjónarhorn að leiðarljósi leggur miðstöðin áherslu á þverfaglega sýn sem auðgar og dýpkar skilning á þeim fjölmörgu víddum og flötum sem felast í hinum breiða rannsóknaveitvangi. Miðstöðin sinnir einnig fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða og stendur fyrir reglubundnum fyrirlestrum og skipuleggur málþing og ráðstefnur á sviði þessara málaflokka. Miðstöðin tekur enn fremur að sér að vinna verkefni, sinna rannsóknum og veita fræðslu fyrir opinberar stofnanir, félagasamtök og einkaaðila. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á fræðasviðinu. Forstöðumaður miðstöðvarinnar er Hallfríður Þórarinsdóttir. Í stjórn miðstöðvarinnar eru Ólafur Rastrick, formaður, Brynhildur G. Flóvenz, Jónína Einarsdóttir, Kristín Loftsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
- Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi (stofnuð 2011). Miðstöðin hefur tvíþætt meginmarkmið, annars vegar að fræða með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu og hins vegar að vinna að einstökum brýnum rannsóknaverkefnum þar sem stefnt er að því að birta efni í hefðbundnum miðlum á Íslandi og erlendis, sem og á vefsvæði miðstöðvarinnar. Stjórn miðstöðvarinnar 2012–2013 skipa: Kristinn Hrafnsson, formaður, Jóhannes Kr. Kristjánsson ritari, Helga Arnardóttir, Ingi R. Ingason og Valgerður Anna Jóhannsdóttir.
- Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (stofnuð 2000). Markmið rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði er að stunda sjálfstæðar rannsóknir á hversdagsmenningu, lífsháttum og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr. Meginstoðir starfseminnar eru verkefni á fjórum sviðum: á sviði munnmæla, efnismenningar, trúarlífs og menningararfs. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði, og Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði, eru í forsvari fyrir rannsóknamiðstöðina.
- Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum (stofnað 2007). Tilgangur rannsóknaseturs í stjórnámálum og efnahagsmálum er að stunda rannsóknir á sviði stjórnamála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær. Setrið kallaðist áður Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum. Forstöðumaður er Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
- Rannsóknarsetur um fólksflutninga og fjölmenningu (stofnað 2010). Markmið setursins er að stuðla að rannsóknum á málefnum tengdum fjölmenningu, innflytjendum og farandverkfólki og kynna þær. Einnig beinir það sjónum sínum að þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu, í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Setrið hefur verið óvirkt um nokkurt skeið.
- Rannsóknastofa í afbrotufræði (stofnuð 2004). Rannsóknastofa í afbrotufræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum. Rannsóknirnar snúast m.a. um tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynslu af afbrotum, ótta við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði, hafa stýrt stofunni frá upphafi. Snorri Örn Árnason og Jón Óttar Ólafsson hafa einnig unnið að verkefnum á vegum hennar.
- Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (stofnað 2006). Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða. Forstöðumaður rannsóknasetursins er Rannveig Traustadóttir og aðstoðarforstöðumaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir.
- Rannsóknasetur í safnafræðum (stofnað 2010). Hlutverk Rannsóknaseturs í safnafræðum er að sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða, efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða, hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Einnig er setrinu ætlað að veita

nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa, sem og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum. Í stjórn setursins eru Bergsveinn Þórsson, Guðbrandur Benediktsson, Raket Pétursdóttir, Þóroddur Bjarnason, Terry Gunnell, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri setursins er Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

- Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (stofnað 2010). Forsvarismaður setursins er Þorbjörn Broddason.
- Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (stofnuð 2006). Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er rannsókn- og fræðslustofnun. Stofnuninni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum á öllu því er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd, sem spannar allt lífsskeiðið, frá æsku til efri ára. Markmið rannsóknastofnunarinnar er jafnframt að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og laða fræðimenn til starfa á því sviði. Elísabet Karlsdóttir er framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd.
- Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (stofnað 2009). Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er rannsókn- og þróunarsetur. Helsta hlutverk setursins er að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir er í forsvari fyrir setrið.
- Þjóðmálastofnun (stofnuð 2005). Þjóðmálastofnun er sjálfstæð rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði vinnu, velferðar og þjóðfélags. Stefán Ólafsson prófessor er forstöðumaður stofnunarinnar.

Ráðstefnur og útgáfa

Félagsvísindastofnun hefur lengst af haldið utan um framkvæmd og útgáfu í tengslum við einn stærsta viðburð á sviði félagsvísinda á Íslandi, Þjóðarspegilinn. Prettáandi Þjóðarspegilinn var haldinn föstudaginn 26. október 2012. Alls voru 172 erindi flutt á ráðstefnudaginn í 44 málstofum.

Útgáfa erinda var með nokkuð öðru sniði en áður. Fyrirlesarar gátu valið um þrjá kosti, þ.e. að flytja erindi án þess að skila grein til birtingar, að flytja erindi og skila grein til ritstýringar sem birtist í Skemmunni (www.skemman.is) eða að flytja erindi á Þjóðarspeglinum og skila í framhaldi grein í innlent eða erlent ritrynt tímarit að eigin vali.

Á árinu gaf Félagsvísindastofnun út bókina Þróun velferðarinnar 1988–2008 sem þau Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson ritstýrðu.

Stofnunin hefur lagt áherslu á að auka aðgengi nemenda, fræðimanna og almennings að upplýsingum um íslenskt samfélag, viðhorf og lífsgildi Íslendinga. Félagsvísindastofnun fékk styrk úr Tækjakaupasjóði háskólans til kaupa á forriti sem er sérhannað til að birta gögn á Netinu og styrk úr Kennslumálasjóði til þess að undirbúa gagnasöfn fyrir opinn aðgang að þessum gögnum og vinna nemendaverkefni byggð á þeim. Þau gagnasöfn sem voru opnuð almenningi á Netinu á árinu voru:

- Fordómar í alþjóðlegu samhengi: Rannsókn á viðhorfum Íslendinga til geðrænna vandamála. Rannsókn frá árinu 2006 sem gerð var fyrir tilstilli Jóns Gunnars Bernburg, Sigrúnar Ólafsdóttur og Þórólfs Þórlindssonar.
- Íslenska menningarvögin. Könnun sem gerð var fyrir menntamálaráðuneytið árið 2009.
- Íslensk þjóðtrú og trúarviðhorf. Rannsókn frá árunum 1974 og 2006 sem gerð var fyrir tilstilli Erlendar Haraldssonar og Terry Gunnell.

Námskeið

Félagsvísindastofnun keypti árið 1999, í samstarfi við námsbraut í sálfræði, einkarétt á Íslandi til að halda námskeið sem nefnast SOS! Hjálp fyrir foreldra. Á þessum námskeiðum er fólk þjálfað í því að nota ýmsar meginreglur atferlisfræði við uppeldi barna. Á árinu voru fimm slík námskeið haldin fyrir

foreldra og starfsfólk leikskóla og grunnskóla. Þetta var síðasta árið sem Félagsvísindastofnun stendur að þessum námskeiðum.

Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina og upplýsingar um aðgang að opnum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er: www.felagsvisindastofnun.is.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir

Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Stofnunin tilheyrir Félagsvísinda- og Hugvísindasviði en er hýst á Félagsvísindasviði. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknasvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Vefsíða stofnunarinnar er: <http://ams.hi.is>.

Rannsóknasetur um smáríki

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur sett mark sitt á háskólasamfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smáríkjafræðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum.

Rannsóknasetur um norðurslóðir

Hafist var handa við undirbúning nýs rannsóknaseturs um norðurslóðir við Alþjóðamálastofnun á haustdögum. Stefnt er að því að setrið verði formlega stofnað í marsmánuði 2013. Ráðinn verður sérstakur forstöðumaður til setursins sem kemur til með að starfa innan Alþjóðamálastofnunar. Rannsóknasetrinu er ætlað að verða vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarrannsókna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana og stjórnarhætti á norðurslóðum.

Stjórn og starfslið

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, lét af störfum sem stjórnarformaður Alþjóðamálastofnunar, og jafnframt setranna, í september 2011 en situr áfram í stjórn. Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórnmálafræðideild, tók þá við sem stjórnarformaður. Aðrir stjórnarmenn eru Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, sem jafnframt er varaformaður stjórnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Jón Steindór Valdimarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og Auðunn Atlason, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu. Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki er Pia Hansson. Vilborg Ása Guðjónsdóttir sinnti starfi verkefnisstjóra frá febrúar fram í september og að auki starfaði einn erlendur starfsnemi hjá Alþjóðamálastofnun í júní.

Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáríki starfrækt sumarskóla um smáríki og Evrópusamrunann í samstarfi við erlenda háskóla en frá og með næsta sumri verða samstarfsaðilarnir orðnir 16. Sumarskólinn er fjármagnaður með Erasmus-styrk frá Evrópusambandinu. Sumarið 2012 kenndu níu þekktir fræðimenn á sviði smárikjarannsókna, Evrópumála, alþjóðavæðingar og svæðisbundins samruna. Nemendur á námskeiðinu voru 39 talsins frá 18 mismunandi ríkjum og að auki tóku fimm BA- og MA-nemar frá Háskóla Íslands þátt í námskeiðinu. Í þessu tveggja vikna hraðnámskeiði er boðið upp á fjölda kennslustunda, málstofa og heimsókna í opinberar stofnanir og til samtaka á vinnumarkaði, auk samverustunda með erlendu nemendunum sem fá tækifæri til að kynna landi og þjóð.

Rannsóknaverkefni

Alþjóðamálastofnun hlaut Jean Monnet styrk frá Evrópusambandinu árið 2011 til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi. Styrkurinn gerði stofnuninni kleift að bjóða upp á úrval erlendra fyrirlesara um Evrópumál á haustmisseri 2011 og vormisseri 2012. Í júní 2012 hlaut stofnunin annan Jean Monnet styrk til áframhaldandi fyrirlestrahalds skólaárið 2012–2013. Í þessu sambandi eru fyrirhugaðar 10 málstofur á skólaárinu með tveimur erlendum fyrirlesurum í hverri málstofu, auk þátttöku innlands sérfræðings. Stofnunin fékk á árinu 2011 tveggja ára styrk frá norrænum rannsóknasjóði á sviði hug- og félagsvísinda til að standa fyrir þremur málstofum í samstarfi við Norðurlöndin, að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum, og Eystrasaltsríkin. Fyrsta málþingið var haldið í Norræna húsinu í Reykjavík 18. nóvember 2011, þar sem umfjöllunarefnið var hvernig smárikjum í norðrinu og við Eystrasaltið vegnaði efnahagslega. Annað málþingið var haldið í Stavanger í Noregi í maí 2012, þar sem öryggismál þessara ríkja voru rædd. Þriðja og síðasta málþingið var haldið í Vilnius í Litháen í byrjun október, þar sem sjálfsmynd ríkjanna var rædd. Lokafundurinn er ráðgerður í Færeyjum í mars árið 2013 en tilefni hans er að undirbúa umsóknir í norræna og evrópska rannsóknasjóði um áframhaldandi styrki til verkefnisins.

Útgáfa

Ritröð Smárikjaseturs hefur verið í mikilli endurskoðun og nýtt útlit dagsins ljós með sérstakri útgáfu á fræðigreininni Strategy Papers on the Arctic or High North: A Comparative Study and Analysis eftir Alyson Bailes og Lassi Heininen í nóvember. Næsta hefti í ritröðinni kom út í desember og hafði það að geyma fræðigrein eftir Ramunas Vilpisauskas sem nefndist The Management of Economic Interdependencies of a Small State: Assessing the Effectiveness of Lithuania's European Policy Since Joining the EU. Rétt handan áramóta kemur svo út samantekt greina um öryggisstefnu Eystrasaltsríkjanna sem er byggð á rannsókn setursins og svo fræðigrein um fullveldi Liechtenstein, svo að eitthvað sé nefnt.

Að auki stefnir Alþjóðamálastofnun að því að gefa út árbók sem ætlað er að vera safn greina fræðimanna með skírskotun til helstu stefnumála Íslendinga á sviði alþjóðasamskipta. Bókin yrði samstarfsverkefni stofnunarinnar og utanríkisráðuneytisins og þar með líka vettvangur fyrir utanríkisráðuneytið til að greina utanríkisstefnu Íslands.

Önnur verkefni

Stofnanirnar sinntu að vanda fjölbreyttum verkefnum á árinu. Rannsóknasetur um smáríki rak árlegan sumarskóla sinn með metþátttöku stúdenta frá 18 skólum í Evrópu. Þá var fjöldi málstofa og ráðstefna haldinn á árinu en í heildina hafa stofnanirnar staðið fyrir 48 opnum viðburðum á árinu.

Hér fyrir neðan er stiklað á stóru í viðburðum ársins:

- Í janúar hófst fundaröð Alþjóðamálastofnunar sem nefndist Evrópa: Samræður við fræðimenn með fyrirlestri Más Guðmundssonar seðlabankastjóra um bankahrunið og regluverk Evrópusambandsins.
- Boðið var upp á málstofur í hádeginu alla föstudaga á vormisseri með innlendum og erlendum fræðimönnum. Þar má nefna Simon J. Bulmer frá Sheffield-háskóla, sem fjallaði um Evrópustefnu Þýskalands, Önnu Jardfeldt, forstöðumann Alþjóðamálastofnunar Svíþjóðar, sem fjallaði um áskoranir ESB, Jordi Fanés, forstöðumann Barcelona Centre for International Affairs, sem tók fyrir stefnu ESB gagnvart arabíska vorinu, Michael T. Corgan frá Boston-háskóla sem ræddi um viðhorf Bandaríkjamanna gagnvart Evrópu, og Navraj Singh Ghaleigh frá Edinborgarháskóla, sem fjallaði um loftslagsmál og Evrópu. Þá fjallaði Alyson Bailes frá Háskóla Íslands um sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu ESB, Annika Björkdahl frá Lundarháskóla í Svíþjóð um smáríki sem frumkvöðla og fyrirmyndir innan ESB, Kristi Raik frá Alþjóðamálastofnun Finnlands um aðlögun Eistlands og Finnlands að utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, Juha Jokela, einnig við Alþjóðamálastofnun Finnlands, um G-20 og ESB, Julie Herschend Christoffersen frá Alþjóðamálastofnun Danmerkur um stækkunarstefnu ESB gagnvart Balkansskaga, Trine Flockhart frá Alþjóðamálastofnun Danmerkur um nýtt hlutverk NATO í alþjóðasamfélaginu, Maximilian Conrad frá Háskóla Íslands um umræðuvettvanginn í Evrópu, og loks Göran von Sydow frá Evrópufræðasetri Svíþjóðar um almenningsálitið í ESB.
- Í janúar stóðu stofnanirnar fyrir þremur málstofum utan Evrópufundaraðarinnar. Þar má fyrsta nefna málstofu með Magnúsi Þorkeli Bernharðssyni, prófessor við Williams-háskóla í Bandaríkjunum, sem fjallaði um íslam, stjórnsmál og framtíð Mið-Austurlanda. Þá stóðu stofnanirnar fyrir ráðstefnu um mótun þjóðaröryggisstefnu Íslands í samstarfi við NEXUS: Rannsóknarvettvang á sviði öryggis- og varnarmála, Háskólann á Bifröst, Rannsóknarþing norðursins, Rannsóknarteymi um öryggismál og landfræðipólitík á norðurslóðum og Norræna húsið. Loks hélt Erlingur Erlingsson, hernaðarsagnfræðingur og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri þróunarmála í höfuðstöðvum ISAF (alþjóðaherliðsins sem NATO leiðir) í Afganistan, erindi um stöðu mála í Afganistan.
- Í febrúar stóðu stofnanirnar fyrir fjórum viðburðum utan Evrópufundaraðar. Fyrst má nefna opinn hádegisfund með Irmu Ertman, sendiherra Finnlands á Íslandi, um finnsku forsetakosningarnar. Þá hélt Vera Knútsdóttir, alþjóðaöryggisfræðingur frá Georgetown-háskóla í Bandaríkjunum, erindi um afvopnun í Norður-Kóreu. Davíð Logi Sigurðsson, fyrrverandi starfsmaður Sameinuðu þjóðanna í Líbanon og um hríð í Jerúsalem, hélt erindi um stöðu mála í Sírlandi. Loks hélt Bent Jensen, prófessor emeritus við Syddansk Universitet í Óðinsvéum, erindi um sagnfræðilegt vægi kommúnisma á Norðurlöndum.
- Í mars stóðu stofnanirnar fyrir ráðstefnu um endurreisn eftir átök og hamfarir í samstarfi við Rauða kross Íslands. Þá kynntu Fredrik Sejersted, prófessor og formaður EES-endurskoðunarnefndarinnar, og Ulf Sverdrup, prófessor og framkvæmdastjóri nefndarinnar, meginniðurstöður norsku skýrslunnar um EES-samninginn á fundi á vegum Alþjóðamálastofnunar og norska sendiráðsins.
- Í apríl héldu stofnanirnar ráðstefnu um sjálfbæra þróun og tækifæri græns hagkerfis í tengslum við ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldin var í Ríó í Brasilíu. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við utanríkisráðuneytið, umhverfisráðuneytið, Stofnun Sæmundar fróða og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Í sama mánuði stóðu stofnanirnar fyrir fyrirlestri Roberts Nurick, ráðgjafa og fræðimanns við Atlantic Council í Washington DC, um þróun öryggis- og varnarmála á norðurslóðum og við Eystrasaltið, í samstarfi við bandaríska sendiráðið. Loks hélt Snorri Matthíasson, alþjóðasamskiptafræðingur frá London School of Economics, erindi um íhlutun í nafni mannúðar.
- Í maí stóðu stofnanirnar fyrir málstofu með Agli Þór Níelssyni, gistifræðimanni við Heimskautastofnun Kína (Polar Research Institute of China) í Sjanghæ, um Kína og norðurslóðir. Þá var haldin ráðstefna um sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu ESB og Íslands, í samstarfi við NEXUS: Rannsóknarvettvang á sviði öryggis- og varnarmála og Evrópustofu. Loks var haldin

ráðstefna um breska utanríkisstefnu og Norðurlöndin eftir síðari heimsstyrjöld, í samstarfi við Sagnfræðistofnun og English-Speaking Union of Iceland.

- Haustdagskrá stofnananna hófst föstudaginn 24. ágúst með fyrirlestri Ingos Heidbrink, prófessors við Old Dominion University í Norfolk í Bandaríkjunum. Í fyrirlestrinum vakti Heidbrink máls á því hvort nýjar heimildir um þorskastríðin úr skjalasafni NATO kalli á heildarendurskoðun á sögu þorskastríðanna eða hvort þær fylli aðeins inn í þá mynd sem hefur löngum verið dregin upp af átökunum.
- Í september var boðið upp á fyrirlestra með Damien Degeorges um uppbyggingu grænlenka ríkisins, Michael Minkenberg um öfgahægriflokka og útlendingahatur í Evrópu og Michael McGowan um samstarfsmöguleika Íslands og ESB í þróunarsamvinnu.
- Þá stóð stofnunin fyrir hálf dagsráðstefnu ásamt Mannréttindastofnun háskólans, lagadeild HR og Evrópustofu í Norræna húsinu 21. september þar sem stjórnskipulag Evrópusambandsins og Norðurlanda var til umfjöllunar. Aðalfyrirlesarinn var Allan Rosas, dómari við Evrópudómstólinn.
- Joseph Maila, yfirmaður stefnumótunar í franska utanríkisráðuneytinu, hélt erindi um átökin í Sírylandi föstudaginn 28. september.
- Gareth Evans, fyrrverandi utanríkisráðherra Ástralíu, sótti okkur heim í október og hélt erindi á opnum fundi á Hótel Sögu þar sem hann gerði afvopnunarmál að umræðuefni en hann er einn af þekktustu baráttumönnum fyrir kjarnorkuafvopnun í heiminum.
- Þrír opnir viðburðir voru skipulagðir í aðdraganda kosninganna vestanhafs. Sá fyrsti var fyrirlestur sem Michael T. Corgan frá Boston-háskóla hélt um framtíð lýðræðis í kosningum í Bandaríkjunum, föstudaginn 5. október. Næsti viðburður var fundur með tveimur stjórn málaráðgjöfum frá Bandaríkjunum, Bob Carpenter og Rick Ridder, sem báðir hafa margra ára reynslu í kosningabaráttu vestanhafs, annars vegar fyrir Repúblíkanaflokkinn og hins vegar fyrir Demókrata. Síðasti kosningaviðburðurinn var opinn fyrirlestur með James Thurber, prófessor við American University og einum þekktasta fræðimanni Bandaríkjanna í kosningamálum, daginn fyrir kosningarnar sjálfar.
- Samstarf Norðurlanda í öryggismálum á norðurslóðum var rætt á ráðstefnu sem haldin var í samstarfi við Nexus: Rannsóknarvettvang á sviði öryggis- og varnarmála og Norræna húsið. Margir fræðimenn fluttu erindi.
- Föstudaginn 19. október hófst Evrópufundaröð Alþjóðamálastofnunar með málstofu um samþættingu kynjasjónarmiða í Evrópu. Joni Seager frá Bentley- háskóla og Jenny Claesson frá Add Gender í Svíþjóð héldu erindi. Annar fundurinn í fundaröðinni var um orkuöryggi og þá tóku til máls Amelia Hadfield frá Vrije-háskóla í Belgíu og Romas Svedas, orkumálaráðgjafi frá Litháen. Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, tók þátt í pallborðsumræðum í lokin. Þriðji fundurinn var um byggðastefnu ESB og Ísland. John Bachtler frá Strathclyde-háskóla í Bretlandi og Kari Aalto frá Evrópuskrifstofu Norður-Finnlands héldu erindi. Anna Margrét Guðjónsdóttir, ráðgjafi í Evrópumálum, stýrði fundinum og tók þátt í pallborðsumræðum.
- Andrew Cottey talaði um áhrif evrukrisunnar í víðu samhengi á fundi í fundarsal Þjóðminjasafnsins 21. nóvember.
- 29. nóvember er samstöðudagur Sameinuðu þjóðanna með palestínsku þjóðinni. Mustafa Barghouthi, þingmaður og hjartalæknir frá Palestínu, hélt erindi í Hátíðasal háskólans. Fundurinn var samstarfsverkefni Alþjóðamálastofnunar, utanríkisráðuneytisins og Félagsins Ísland-Palestína, sem jafnframt fagnaði 25 ára afmæli sínu þennan dag.
- 19. desember var boðið upp á opinn fyrirlestur með Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, í Þjóðmenningarhúsinu, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands.



Heilbrigðisvísindasvið

Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Nýr forseti Heilbrigðisvísindasviðs, Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði úr Matvæla- og næringarfræðideild, tók við af Sigurði Guðmundssyni, fráfaranandi sviðsforseta, þann 1. júlí. Auk forseta Heilbrigðisvísindasviðs sitja deildarforsetar í stjórn sviðsins og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundi.

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:	Guðrún Kristjánsdóttir prófessor
Fyrir Lyfjafræðideild:	Már Mátsson prófessor
Fyrir Læknadeild:	Guðmundur Þorgeirsson prófessor
Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:	Inga Þórsdóttir prófessor, til 30. júní Þórhallur Ingi Halldórsson dósent, frá 1. júlí
Fyrir Sálfræðideild:	Daníel Þór Ólason dósent, til 30. júní Sigurður J. Grétarsson prófessor, frá 1. júlí
Fyrir Tannlæknadeild:	Teitur Jónsson dósent
Fulltrúi nemenda:	Baldvin Ingi Gunnarsson Læknadeild

Á árinu voru haldnir 19 stjórnarfundir.

Haldið áfram vinnu við stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs á árinu. Í stefnunni er áhersla lögð á rannsóknir, kennslu, stoðþjónustu, mannauð og samfélagið.

Þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið 26. apríl 2012. Fundarstjóri var Teitur Jónsson, forseti Tannlæknadeildar. Sviðsforseti fór yfir stöðu mála í skýrslu sinni. Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, fjallaði um stofnun þverfræðilegrar göngudeildar við sviðið. Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild, gerði grein fyrir stefnu Háskóla Íslands í „opnum aðgangi“ vísindagreina. Fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins ræddi þau málefni sem helst brunnu á nemendum. Sviðsforseti og rekstrarstjóri kynntu stefnu og aðgerðaáætlun sviðsins og að áhersla væri lögð á rannsóknir, kennslu, stoðþjónustu, mannauð og samfélagið. Stefnan var samþykkt með atkvæðagreiðslu. Þá kynnti starfsmannastjóri jafnréttisáætlun sviðsins og var hún samþykkt með atkvæðagreiðslu. Síðasta erindi þingsins fjallaði um sókn í erlenda sjóði og tóku þar nokkrir sérfræðingar til máls.

Starfsfólk


Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs störfuðu, auk forseta, rekstrarstjóri, upplýsinga- og vefstjóri, starfsmannastjóri og kennslustjóri. Katrín Björg Jónasdóttir var ráðin í starf upplýsinga- og vefstjóra í stað Maríu Ásdísar Stefánsdóttur, sem hóf störf á markaðs- og samskiptasviði skólans, og Heiður Reynisdóttir hóf störf sem verkefnastjóri framhaldsnáms á Heilbrigðisvísindasviði í mars. Í árslok voru 26 starfsmenn í stjórnýsli í deildum og á sviðsskrifstofu í 21,6 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu, í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir voru ellefu manns í átta stöðugildum.

Heilbrigðisvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	166	128,5
Karlar	135	91,0
Samtals:	301	219,5

Í desember 2012 störfuðu 74 prófessorar, 57 dósentar, 45 lektorar og 11 aðjuntar með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra 129.

Stundakennarar voru alls um 900. Rannsóknafólk, nemar og nýdóttarar voru alls 80 í 63,7 stöðugildum.



Stoðþjónusta og stjórnsýsla

<i>Stjórnsýsla fræðasviðsins og stoðþjónusta – fjöldi starfsmanna í árslok 2012*</i>	
	<i>Karlar</i>
Heilbrigðisvísindasvið	0
Hjúkrunarfræðideild	0
Læknadeild	1
Lyfjafræðideild	0
Matvæla- og næringarfræðideild	0
Sálfræðideild	0
Tannlæknadeild	1

* Þar með talið starfsfólk á klíník í Tannlæknadeild og tæknifólk deilda

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar í samráði við forseta sviðsins. Innan hverrar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu funda mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Árlegur fræðslu- og vinnudagur stjórnslu og stoðþjónustustarfsmanna var haldinn eftir hádegi þann 16. maí.

Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Björn Guðbjörnsson, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Brynja Örylgsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Hákon Hrafn Sigurðsson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Ingunn Hansdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Karl Örn Karlsson, fulltrúi Tannlæknadeildar. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar og formaður, Helga Jónsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Vilhjálmur Rafnsson, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Í doktorsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Helga M. Ögmundsdóttir, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Sveinbjörn Gizurarson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Daníel Ólason, fulltrúi Sálfræðideildar, Sigurður Rúnar Sæmundsson, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Arna Hauksdóttir, fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Fram í maí skipuðu jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs Þórana Elín Dietz, starfsmannastjóri og formaður, Bryndís Benediktsdóttir, dósent við Læknadeild, Páll Biering, dósent við Hjúkrunarfræðideild, og Jóhanna Hildur Jónsdóttir, fulltrúi nemenda, en 20. maí 2012 tóku við setu í nefndinni þau Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, formaður, Erna Sigurðardóttir, deildarstjóri Læknadeildar, Guðbjörg Bragadóttir, fulltrúi í Læknadeild, Pétur Henry Petersen, lektor við Læknadeild, Þóra Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri í Hjúkrunarfræðideild, og Þórana Elín Dietz, starfsmannastjóri.

Bókasafnsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs skipuðu Ásta Thoroddsen, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar og formaður, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Gísli Einarsson, fulltrúi Læknadeildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur Bjarni Arnkelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, Peter Holbrook, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Unnur Björk Arnfj. Jóhannudóttir, fulltrúi nemenda.

Doktorsvarnir

Frá deildum Heilbrigðisvísindasviðs fóru 13 doktorsvarnir fram á árinu: ein frá Hjúkrunarfræðideild, fjórar frá Lyfjafræðideild, sjö frá Læknadeild og ein frá Matvæla- og næringarfræðideild.

Akademískar nafnbætur

Á árinu hlutu þrjú akademískar nafnbætur við Heilbrigðisvísindasvið, tveir starfsmenn Landspítala og einn starfsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Allir þrjú hlutu nafnbótina klínískur dósent við Læknadeild.

Húsnæðismál

Heilbrigðisvísindasvið hefur aðstöðu í átta húsum sem dreifast á svæði sem nær frá Vínlandsleið í Grafarholti í austri að Hofsvallagötu í vestri. Stjórnsýslu- og stoðþjónustan er á 13 mismunandi stöðum. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemin mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að allar deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs*

Fjárveiting	1.707.292
Sértekjur	473.117
Tekjur alls	2.180.409
Útgjöld	2.147.424
Tekjuafgangur	32.985
Ársverk	255,1
Skráðir nemendur	2.295
Virkir nemendur	1.754
Nemendur/ársverk	9,0
Virkni nemenda	76,4%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 18. febrúar. Á háskóladeginum kynna flestir háskólar á Íslandi námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs tóku þátt í dagskránni en kynningarbásar sviðsins voru á 1. hæð á Háskólatorgi. Háskóladagurinn var jafnframt haldinn á fjórum stöðum á landsbyggðinni, á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði, og var námsframboð Heilbrigðisvísindasviðs einnig kynnt þar. Grunnám var enn fremur kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðnu.

Rannsóknnum vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru gerð góð skil í Tímariti Háskóla Íslands sem kom út í febrúar. Fjórir nýir kynningarbæklingar um nám á sviðinu voru gefnir út en þeir voru um nám í matvælafræði, næringarfræði, sálfræði og sjúkraþjálfun. Fréttabréf Heilbrigðisvísindasviðs, HeilbrigðisVísir, var gefið út þrisvar á árinu.

Nýr vefur Háskóla Íslands var opnaður í apríl. Á nýja vefnum er lögð áhersla á einfalt og aðgengilegt veftré og öflugla leitarvél. Vefur Heilbrigðisvísindasviðs og deilda þess gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi sviðsins. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk upplýsinga um viðburði og fréttir. Vefurinn er í sífelldri þróun og vinnslu enda

í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu. Á árinu voru opnaðir nýir vefir nokkurra stofnana og nokkurra kennara, þar á meðal nýr vefur Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum.

Háskóli unga fólksins var haldinn vikuna 11.–15. júní. Mörg námskeið af Heilbrigðisvísindasviði voru kennd þar ásamt því að þemadagurinn Heilsa og heilbrigði fór fram í Læknagarði 13. júní.

Hjúkrunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er í boði grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Áhersla er lögð á að efla klínískar rannsóknir og fjölga framhaldsnemendum.

Forseti Hjúkrunarfræðideildar var Guðrún Kristjánsdóttir prófessor og varaforseti var Helga Bragadóttir dósent. Ný stefna deildarinnar tók gildi á árinu og gildir hún til ársins 2017.

Starfsfólk

Hjúkrunarfræðideild		
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	6	4,85
– karlar	0	0
Aðjunktur		
– konur	2	0,85
– karlar	1	0,5
Lektorar		
– konur	6	5,5
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	7	5,7
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	6	6
– karlar	2	2
Samtals:	25	21,55
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði		
– konur	4	2,12
– karlar	0	0
Samtals:	4	2,12

Í lok árs störfuðu átta prófessorar, átta dósentar, sex lektorar og þrjár aðjunktur með kennsluskyldu og fimm aðjunktur án kennsluskyldu í deildinni. Tuttugu og þrjár voru með klíníska lektorsnafnbót við deildina í lok árs 2012. Um 300 stundakennarar komu að kennslu við deildina. Fjórir fræðimenn eru með gestastöður kennara og tveir með heiðursdoktorsnafnbætur við deildina.

Á deildarskrifstofu störfuðu fimm starfsmenn í 4,25 stöðugildum en stöðugildi fastráðinna kennara voru rúmlega 21 og við verknámsstofu er starfandi verkefnisstjóri í 60% starfi.

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir lét af störfum við stjórnslu og Margrét Gunnarsdóttir hóf störf við stjórnslu. Marga Thome prófessor lét af störfum um mitt ár vegna aldurs og Inga Þórsdóttir prófessor hætti í hlutastarfi við deildina. Þóra Jenný Gunnarsdóttir hlaut framgang í starf dósents.

Nám og kennsla

Nám til BS-gráðu í hjúkrunarfræði er 240 einingar og gefur jafnframt leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Embættispróf í ljósmóðurfræði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og einnig var á árinu kennt diplómanám í skurð- og svæfingahjúkrun til 54 eininga á meistarastigi. Meistaránám er einnig í boði í ljósmóðurfræði. Doktorsnám er til 180 eininga.

Námskrá fyrir BS-nám í hjúkrunarfræði árið 2012 var í öllum meginatriðum sú sama og á fyrra ári. Heldur fleiri nýnemar í grunnnámi hófu nám við deildina á haustmisseri en árið áður, eða um 170 nemendur, 70 þeirra komust í gegnum samkeppnispróf á haustmisseri. Fimmtíu og þrjár nemendur brautskráðust úr BS-námi við Hjúkrunarfræðideild á árinu.

Á haustmisseri hófu 26 meistaránám við Hjúkrunarfræðideild, þar af einn í meistaránámi í ljósmóðurfræði. Í lok árs voru 20 nemendur í kandidateitnámi í ljósmóðurfræði og 66 í meistaránámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Áhersla í MS-námi er ýmist á klíníska sérhæfingu, rannsóknþjálfun eða stjórnun.

Á árinu luku 13 hjúkrunarfræðingar meistaraprófi: 10 í hjúkrunarfræði og 3 í ljósmóðurfræði og 23 brautskráðust með diplómanám í skurðhjúkrun og svæfingahjúkrun.

Doktorsnám

Á árinu voru þrjár nýir doktorsnemar teknir í nám við Hjúkrunarfræðideild og voru við árslok 12 nemendur í doktorsnámi. Fyrsti nemandinn til að hljóta doktorsgráðu í hjúkrunarfræði varði ritgerð sína haustið 2012.

Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum, t.d. Nordlys sem er samstarfsnet um grunnnám í hjúkrun og nýttist einkum til klíníks skiptináms. Á framhaldsnámsstigi tók deildin aðallega þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordejordemodern (ljósmóðurfræði) og Nordsnet sem er þverfaglegt net. Hafa netin bæði nýst nemendum og kennurum.

Nokkrir erlendir fræðimenn komu að kennslu og rannsóknum við deildina á árinu, m.a. Margaret Wilson, heiðursdoktor við deildina, sem kenndi doktorsnámskeið og Margaret Hansen, Fulbright-kennari, sem kenndi meistaránámskeið. Margret Flieder dvaldi við deildina í rannsóknaleyfi frá Evangelische Hochschule í Darmstadt í Þýskalandi á Erasmus-styrk.

Rannsóknir

Öflug rannsóknastarfsemi er við deildina. Tólf doktorsnemar starfa með kennurum deildarinnar að verkefnum sínum. Einn þeirra varði ritgerð sína á árinu undir leiðsögn Erlu K. Svavarsdóttur prófessors, sem stundað hefur umfangsmiklar rannsóknir í fjölskylduhjúkrun. Áfram hefur Helga Jónsdóttir prófessor sinnt rannsóknum sínum um hjúkrun fólks með langvinn veikindi. Kristín Björnsdóttir prófessor hefur beint rannsóknum sínum að þróun stefnu og þjónustu í nærumhverfi aldraðra og gaf út bók í alþjóðlegu samstarfi hjá alþjóðlegu bókaforlagi. Rúnar Vilhjálmsson prófessor hefur haldið áfram rannsóknum sínum á þáttum sem tengjast aðgengi Íslendinga að heilbrigðisþjónustu og Sóley S. Bender prófessor hefur fylgt eftir rannsóknum sínum á kynheilbrigði.

Úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og frá Rannís voru veittir styrkir til tveggja doktorsverkefna á árinu. Annan styrkinn hlaut Marianne Klinke, sem vinnur að doktorsverkefni sínu: Gaumstol eftir slag í hægra heilahveli, og hinn Berglind Hálfðánsdóttir með verkefnið: Heimaþæðingar á Íslandi, útkoma og áhrifspættir.

Málþing um rannsóknir á fræðasviðum Hjúkrunarfræðideildar var haldið 5. desember í samstarfi við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði. Tilgangur þingsins var að miðla þekkingu á fræðasviðum deildarinnar. Átta erindi voru flutt og tóku þau á ýmsum sviðum heilbriðisþjónustu. Á árinu voru einnig haldnar nokkrar málstofur, Ingibjörg Hjaltadóttir hélt opinberan fyrirlestur þar sem hún kynnti doktorsverkefnið sitt og vinnusmiðja um staðlað fagmál í hjúkrun var haldin í samstarfi við ACENDIO, Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði og fagdeild um upplýsingatækni í hjúkrun.

Markaðs- og kynningarmál

BS- og MS-nám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á sameiginlegri námskynningu háskólans í febrúar. Nemar mældu blóðsykur í gestum við miklar undirtektir og Hermann, hermisjúklingur Hjúkrunarfræðideildar, lék stórt hlutverk á námskynningunni líkt og fyrri ár. Kynningarnar heppnuðust vel og fjölgaði umsóknum á flestum námsstigum við deildina, sérstaklega í framhaldsnámi.

Annað

Hjúkrunarfræðideild hefur á árinu unnið áfram með Landspítala – háskólasjúkrahúsi við uppbyggingu á nýju skipulagi á samvinnu hjúkrunar á Landspítala og Hjúkrunarfræðideildar. Í því sambandi hefur þeim sérfræðingum sem hafa óskað eftir klínískum nafnbótum í hjúkrunarfræði fjölgað.

Dagur Hjúkrunarfræðideildar, sem haldinn er hátíðlegur ár hvert, var að þessu sinni haldinn 2. október. Deildarforseti hélt ávarp, auk þess sem afhentir voru styrkir úr Rannsóknarsjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur og styrkþegar kynntu doktorsverkefni sín.

Krossgötur, kynningardagur hjúkrunarfræðinema, var haldinn í fjórða sinn 25. janúar. Hjúkrunarfræðinemar á fjórða ári grunnnáms kynntu fyrir gestum og gangandi ýmsar hliðar á starfi hjúkrunarfræðinga í samfélaginu. Hjúkrun í sjúkraflutningum, sjálfboðastarf og hjúkrun í Afríku og á áttaksvæðum vöktu sérstaka athygli gesta.

Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2012

		Karlar Konur	Alls	
BS	Hjúkrunarfræði	1	52	53
Meistarapróf	Hjúkrunarfræði		10	10
	Ljósmóðurfræði		3	3
Viðbótardiplóma	Sérsvið hjúkrunar	1	22	23
Kandídatpróf	Ljósmóðurfræði		9	9
Doktorspróf	Hjúkrunarfræði		1	1
Alls		2	97	99

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um stofnunina. Aðalviðfangsefni hennar er að styðja við og efla rannsóknir

kennara Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Heimasíða stofnunarinnar er www.rsh.hi.is.

Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði sátu á árinu: Sóley S. Bender prófessor, formaður til 1. júlí 2012, en þá tók Rúnar Vilhjálmsson prófessor við stöðu formanns, Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild frá 1. mars 2013, Eydís Sveinbjarnardóttir, tilnefnd af framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala til 1. nóvember 2012 en þá tók Ingibjörg Hjaltadóttir við af henni og Sigríður Gunnarsdóttir lektor, sem var varamaður í stjórn til 1. mars 2012.

Alls voru haldnir fjórir stjórnarfundir á starfsárinu.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði voru: Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs (50% stöðugildi), og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, rannsóknasérfræðingur í aðferða- og tölfræði (20% stöðugildi).

Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi, Eiríksgötu 34. Á annarri hæð í A-álmu hefur stofnunin til afnota tvær skrifstofur fyrir starfsmenn, tölvuver og lesaðstöðu fyrir meistaranema. Á þriðju hæð A-álmu er vinnuástaða fyrir doktorsnemendur. Á fyrstu hæð í C-álmu er rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa).

Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknnum á framfæri í formi málstofa og fyrirlestra og með því að birta upplýsingar um þær á heimasíðu sinni og í fréttabréfum.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2012–2017 er meðal annars lögð áhersla á frjótt rannsóknauðverfi og árangur í rannsóknnum. Rannsóknir í Hjúkrunarfræðideild taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er áhersla á árangur af rannsóknunum, áhrif þeirra og gæði og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í því skyni hyggst Hjúkrunarfræðideild meðal annars auka rannsóknvirkni og gæði rannsókna. Því til viðbótar stefnir deildin að því að fleiri fræðigreinar í hjúkrunarfræði en áður verði birtar, sérstaklega í virtum ritrýndum tímaritum.

Helsti mælikvarði á rannsóknvirkni kemur fram í rannsóknastigum kennara í Hjúkrunarfræðideild, eins og í öðrum deildum. Rannsóknastigin eru metin fyrir hvert ár í senn út frá þáttum eins og fjölda ritrýndra tímaritsgreina, bóka og bókarkafla sem kennararnir birta og erinda sem þeir halda. Ekki liggja fyrir tölur um rannsóknastig fyrir árið 2012. Meðaltal rannsóknastiga á hvern starfsmann við Hjúkrunarfræðideild árið 2011 voru 33,6 stig. Það er töluverð aukning frá árinu 2010 en þá var meðaltalið 23,1 stig.

Rannsóknasjóðir

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Árlega eru hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum í doktorsnámi veittir styrkir til rannsóknaverkefna úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Sjóðurinn veitti styrki að upphæð samtals 1 m.kr. árið 2012. Styrkþegar voru: Marianne Elisabeth Klinke, Rannveig J. Jónasdóttir og Þórunn Scheving Elíasdóttir.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda

Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 m.kr. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Á árinu var í fyrsta skipti úthlutað úr sjóðnum. Heildarupphæð styrkja nam einni og hálfri m.kr. Styrkþegar voru Berglind Hálfhánsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði gefur út rafrænt fréttabréf, Rannsóknafréttir. Þar er sagt frá markverðum rannsóknum og helstu viðburðum á vegum stofnunarinnar. Einnig gefur stofnunin út rafrænt fréttabréf á ensku, Newsletter. Nursing and Midwifery Research.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði leggur áherslu á að fylgjast með þeim rannsóknum í hjúkrunarfræði sem verið er að vinna að og koma þeim á framfæri. Það er m.a. gert með því að halda málstofur, fyrirlestra og málþing þar sem greint er frá rannsóknunum og rannsóknaniðurstöðum. Á árinu stóð stofnunin að fjórum málstofum, einum opinberum fyrirlestri, einu málþingi, tveimur hádegissamræðum og einni vinnusmiðju.

Lyfjafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Lyfjafræðideildar var Már Mátsson prófessor og varaforseti Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent.

Þann 17. nóvember hélt deildin stefnumótunardag í húsi Lyfjafræðingafélagsins á Seltjarnarnesi. Kennarar og nemendur Lyfjafræðideildar tóku þátt í dagskránni ásamt fulltrúum atvinnulífsins og Lyfjafræðingafélags Íslands.

Starfsfólk

Lyfjafræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	1	1	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	1	0,15	
– karlar	1	0,37	
Dósentar			
– konur	2	2	
– karlar	1	1	
Prófessorar			
– konur	3	3	
– karlar	3	2,49	
Samtals:	11	9,01	
Aðrir starfsmenn deildar			
– konur	6	5,5	
– karlar	4	3,95	
Samtals:	10	9,45	

Á árinu störfuðu við Lyfjafræðideild sex prófessorar, þrjú dósentar og tveir lektorar í hlutastarfi, auk tveggja aðjunkta, deildarstjóra og eins aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Einnig kom fjöldi stundakennara að kennslunni. Einn nýdoktor starfaði við deildina. Þorsteinn Loftsson prófessor fór niður í 49% stöðugildi á árinu. Við deildina eru tveir klínískir lektorar og einn klínískur dósent. Einar Mäntylä gestadósent kenndi við deildina á haustmisseri. Kristín Ingólfssdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir stöðu rektors Háskóla Íslands.

Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild eru stundaðar rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðað að því að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina fá lyfjafræðingar menntun sína en markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir. Auk þess er boðið upp á rannsóknamiðað nám til MS-prófs í lyfjavísindum.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og tveggja ára MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til Landlæknisembættisins. Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga MS-nám í lyfjavísindum (pharmaceutical sciences) fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum. Að loknu MS-námi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum (180e).

Á haustmisseri 2012 voru 122 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af 91 í BS-nám, 27 í MS-nám í lyfjafræði og fjórir í MS-nám í lyfjavísindum.

Doktorsnám

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn og á árinu 2012 voru 16 doktorsnemar skráðir við deildina, þar af einn í þverfaglegu doktorsnámi í samvinnu Lyfjafræðideildar og Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Fjórir doktorsnemar voru doktorsritgerðir við Lyfjafræðideild á árinu.

Alþjóðasamskipti

Átta erlendir skiptinemar (tveir frá Spáni, tveir frá Frakklandi, einn frá Finnlandi, einn frá Póllandi, einn frá Þýskalandi og einn frá Sviss) stunduðu nám við deildina á árinu og nokkrir íslenskir lyfjafræðinemar fóru utan í skiptinám og tóku hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Stefanía Baldursdóttir, prófessor við Kaupmannahafnaháskóla, var gestaprófessor við deildina og hélt einnig opinn fyrirlestur, Rheology of Pharmaceutical Systems, í málstofu Lyfjafræðideildar.

Ráðstefnan Controlled Release Society's Nordic Chapter var haldinn 3.–5. júní á Hótel Natura. Ráðstefnan var skipulögð af Þorsteini Loftssyni, prófessor við Lyfjafræðideild.

William Kem, prófessor við University of Florida, heimsótti deildina í ágúst og kynnti sér starfsemi hennar.

Per Mølgaard, prófessor emeritus við Kaupmannahafnarháskóla, kom í heimsókn til deildarinnar í maí. Hann kenndi á námskeiði um náttúruylf.

Yvonne Holm, prófessor við Háskólann í Helsinki, kom í heimsókn til deildarinnar í viku í nóvember. Hún hélt fyrirlestra í námskeiðinu Lyfja- og efnafræði náttúrefna I og kynnti sér starfsemi deildarinnar.

Rannsóknir

Í deildinni er mikil áhersla lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf hennar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknnum, eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritaskrár sínar. Fjöldi birtra greina í ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknvirkni og þar er árangur kennara Lyfjafræðideildar með því besta sem gerist í Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknvirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar Lyfjafræðideildar eru iðnir við að sækja um og fá rannsóknastyrki bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til að standa straum af launagreiðslum til doktorsnema og rekstri rannsóknastofa.

Kynningarstarfsemi

Lyfjafræðinámið var kynnt á háskóladeginum. Lyfjafræðinemar tóku enn fremur að sér að fara í framhaldsskóla og kynna námið fyrir nemendum þar eins og undanfarin ár. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar Lyfjafræðideildar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, kynntu að vanda rannsóknir sínar á málstofu Lyfjafræðideildar.

Annað

Lyfjafræðideild veitir árlega viðurkenningu þeim nemendum sem hljóta hæsta einkunn á BS- og MS-prófi, sem og þeim nema sem nær bestum árangri á prófum 1. árs. Viðurkenningar vegna háskólaársins 2011–2012 voru veittar á degi lyfjafræðinnar, sem haldinn var 17. nóvember 2012. Viðurkenningarnar hlutu Ásdís Hjálmsdóttir fyrir besta árangur á MS-prófi, Katrín Alma Stefánsdóttir fyrir besta árangur á BS-prófi og Ingunn Harpa Bjarkadóttir fyrir besta árangur á prófum 1. árs.

Þann 4. júní var tveimur doktorsnemendum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Varsha Ajaykumar Kale og Vivek Sambhaji Gaware.

Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2012

		Konur	Karlar	Alls	
BS	Lyfjafræði		3	13	16
Meistarapróf	Lyfjafræði		4	16	20
Doktorspróf	Lyfjafræði			4	4
Alls			7	33	40

Læknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fer fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkrþjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð þverfaglegs meistara- og doktorsnáms í lýðheilsuvísindum og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautir hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundir þeirra (sjá sérstaka kafla um hverja námsbraut).

Fyrri hluta árs var deildarráð Læknadeildar skipað þeim Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor og deildarforseta, Magnúsi Karli Magnússyni, prófessor og varadeildarforseta, Gísla H. Sigurðssyni prófessor, Ingibjörgu Harðardóttur prófessor, Karli K. Andersen prófessor, Hannesi Petersen dósent, Tómasi Guðbjartssyni prófessor, Mörthu Á. Hjálmarsdóttur, dósent og formanni námsbrautar í lífeindafræði, Díönu Óskarsdóttur, lektor og formanni námsbrautar í geislafræði, og Árna Árnasyni,

dósent og formanni námsbrautar í sjúkráþjálfun. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á deildarráði að Jórunn Erla Eyfjörð prófessor tók sæti í deildarráði í stað Gísla H. Sigurðssonar og Þórarinn Sveinsson dósent tók við námsbrautarformennsku í sjúkráþjálfun af Árna Árnasyni og þar með sæti hans í deildarráði. Að auki sátu fundi deildarráðs tveir fulltrúar læknanema. Varamenn í deildarráði fyrri hluta árs voru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ragnar Bjarnason dósent, Bryndís Benediktsdóttir dósent, Jórunn Erla Eyfjörð prófessor og Jakob Kristinsson prófessor. Þann 1. júlí tók Reynir Arngrímsson dósent sæti Jórunnar Erlu Eyfjörð í deildarráði sem varamaður og Gísli H. Sigurðsson varð varamaður í stað Jakobs Kristinssonar.

Stefna Læknadeildar fyrir árin 2011–2016 var endanlega samþykkt á vormisseri. Stefnan var að mestu leyti unnin vorið 2011 en ákveðið var að bíða með endanlega vinnslu hennar þar til stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs lá fyrir vorið 2012. Stefna Læknadeildar er byggð á stefnu Háskóla Íslands og Heilbrigðisvísindasviðs og er hluti af báðum. Hún skiptist í fjóra meginkafla: vísindi og nýsköpun, þar sem einkunnarorð eru innviðir, samvinna og gæði; nám og kennsla, þar sem einkunnarorð eru samskipti, fagmennska og ábyrgð; mannauður, með einkunnarorðunum heilindi, virðing, traust; og að lokum er stefna um ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum með einkunnarorðunum fræðsla, frumkvæði, siðferði.

Starfsfólk

Læknadeild			
	Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	9	6,89
	– karlar	1	0,5
	Aðjuntar		
	– konur	5	1,69
	– karlar	2	0,75
	Lektorar		
	– konur	13	10,37
	– karlar	10	6,6
	Dósentar		
	– konur	8	3,69
	– karlar	25	13,32
	Prófessorar		
	– konur	6	5
	– karlar	42	24,75
	Samtals:	111	66,2
	Akademískir sérfræðingar		
	– konur	1	0,49
	– karlar		
	Samtals:	1	0,49
	Aðrir starfsmenn deildar (rannsóknafólk)		
	– konur	28	20,23
	– karlar	7	5,9
	Samtals:	35	26,1
	Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði		
	– konur	14	12,8
	– karlar	3	2,25
	Samtals:	17	15,1

Í ársbyrjun störfuðu 87 fastráðnir kennarar við kennslu og rannsóknir í læknisfræði, þar af 70 í hlutastörfum (37–75%). Á þeim tíma voru 49 prófessorar í hópi fastráðinna kennara, 29 dósentar og 9 lektorar. Aðjuntar voru 51 talsins. Læknadeild er í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús og fleiri heilbrigðisstofnanir og eru hlutastörf klínískra kennara við deildina yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á þeim stofnunum. Á árinu hlutu nokkrir kennarar framgang í starfi. Einnig var ráðið í stöður sem höfðu verið ómannaðar um hríð og jafnframt létu nokkrir kennarar af störfum, einkum fyrir aldurssakir. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Eftirtaldir hlutu framgang í starfi á árinu:

- Árni V. Þórsson, framgangur í starf prófessors í barnalæknisfræði.
- Björn Guðbjörnsson, framgangur í starf prófessors í lyflæknisfræði.
- Jón Jóhannes Jónsson, framgangur í starf prófessors í lífefnafræði.
- Jóna Freysdóttir, framgangur í starf prófessors í ónæmisfræði.
- Steinn Jónsson, framgangur í starf prófessors í lyflæknisfræði.
- Þórarinn Guðjónsson, framgangur í starf prófessors í vefjafræði.
- Gunnar Guðmundsson, framgangur í starf prófessors í lyflæknisfræði.

Eftirtaldir starfsmenn voru nýráðnir á árinu:

- Bertrand Lauth var ráðinn lektor í barnageðlækningum.
- Engilbert Sigurðsson var ráðinn prófessor í geðlæknisfræði samhliða yfirlæknisstarfi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Erna Magnúsdóttir var ráðin rannsóknasérfræðingur.
- Lárus Jónasson var ráðinn lektor í líffærameinafræði.
- Pétur Henry Petersen var ráðinn lektor í líffærafræði/líflyfjafræði.
- Ronald Flemming var ráðinn lektor í lífefnafræði með áherslu á kerfislíffræði.
- Sigurður Yngvi Kristjánsson var ráðinn prófessor í blóðsjúkdómafræði.
- Viðar Eðvarðsson var ráðinn dósent í barnalæknisfræði.
- Þorvarður Jón Löve var ráðinn kennslustjóri.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum á árinu:

- Una Viðarsdóttir Strand, dósent í líffærafræði.
- Magnús Jóhannsson, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, emeritus.
- Árni V. Þórsson, prófessor í barnalækningum, emeritus.
- Gunnar Sigurðsson, prófessor í efnaskipta- og innkirtlasjúkdómum, emeritus.

Gengið var frá samningum um gestakennarastöðu við eftirfarandi aðila:

- Paul Martin Salkovskis, prófessor í sálfræði við Háskólann í Bath á Englandi.
- Arick L. Forrest, prófessor í háls-, nef- og eyrnalækningum við Háskólann í Ohio í Bandaríkjunum.

Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram dagana 13. og 14. júní og tókst framkvæmd þeirra með ágætum. Alls þreyttu 299 stúdentar inntökupróf í læknisfræði og 64 í sjúkraþjálfun. Samtals þreyttu því 363 stúdentar inntökuprófið. Um haustið hófu síðan 48 stúdentar nám í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 23 karlar og 25 konur og í sjúkraþjálfun 7 karlar og 18 konur. Í júní voru 39 læknanemar brautskráðir með BS-próf í læknisfræði og í október brautskráðust 8 nemendur með sömu gráðu. Alls luku 49 nemendur embættisprófi í læknisfræði árið 2012. Þar af voru 22 karlar og 27 konur.

Rannsóknatengt framhaldsnám deildarinnar var sem fyrr í miklum blóma. Á vormisseri voru mánaðarlega haldnar stuttar málstofur þar sem þrír nemendur kynntu verkefni sín hverju sinni en á haustmisseri var forminu breytt þannig að aðeins ein málstofa var haldin á misserinu en hún stóð aftur á móti heilan dag og fjöldi nema flutti erindi. Á árinu voru um 140 nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Læknadeild, 74 í meistaranámi og 66 í doktorsnámi. Á árinu hófu 22 nemendur meistaranám og 17 nemendur luku meistaraþrófi í læknisfræði.

Nemendur á 6. ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, CCSE (Comprehensive Clinical Science Examination), og í þetta sinn þreyttu þeir einnig sambærilegt evrópskt próf. Niðurstöður prófanna sýndu að íslenskir læknanemar standa, sem fyrr, afar vel í samanburði við erlenda nemendur. Gildi þessara prófa er margbætt. Þau eru gott alþjóðlegt viðmið fyrir námið, með þeim er hægt að meta árangur í einstökum greinum og nemendur fá upplýsingar um stöðu sína í samanburði við erlenda nemendur.

Doktorsnám

Í doktorsnám voru innritaðir 14 nemendur og 7 doktorsnemar luku doktorsþrófi á árinu, 4 karlar og 3 konur. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð samtals 74 nemendur með doktorspróf, 36 karla og 38 konur.



Alþjóðasamskipti

Nemendaskipti við erlenda háskóla árið 2012 voru með þeim hætti að 10 erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir komu frá Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð, Slóveníu og Ungverjalandi. Einn nemandi í læknisfræði fór í skiptinám til Svíþjóðar. Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í deildinni.

Tveir fulltrúar nemenda sóttu ráðstefnu AMEE 2012 (An International Association for Medical Education). Ráðstefnan var afar fjölbreytt og voru nemendurnir sammála um gagnsemi hennar, sögðu hana bæði fræðandi og hvetjandi. Þegar heim var komið miðluðu þau lærdómi sínum og ábendingum á deildarfundi.

Jan F. Chlebowski, frá School of Medicine við Virginia Commonwealth University í Richmond í Bandaríkjunum, heimsótti Læknadeild í apríl og hélt fyrirlestur í Læknagarði.

Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar eru öflugir á sviði rannsókna og liggja þræðir þeirra víða. Auk sjálfstæðra verkefna, innlendra og erlendra, tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhliða störfum við Háskóla Íslands og Landspítala. Sem fyrr starfaði vísindanefnd Læknadeildar, undir forystu Vilhjálms Rafnssonar prófessors, í umboði deildarforseta og deildarráðs. Vísindanefnd er starfsfólki til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í samstarfi við aðrar deildir sviðsins.

Markaðs- og kynningarmál

Læknadeild tók þátt í sameiginlegri námskynningu Háskóla Íslands í febrúar, háskóladeginum, þar sem námsframboð var kynnt. Að þessu sinni var sett upp líkan af skurðstofu þar sem gestir fengu að spreyta sig á saumaskap og mæltist það afar vel fyrir. Að auki var grunnnámið kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu óskað eftir því.

Þann 9. júní var haldið málþing um stofnfrumur í Hátíðasal Háskóla Íslands, í tilefni þess að ár var liðið frá fyrstu barkaígræðslunni þar sem stofnfrumur voru notaðar. Tómas Guðbjartsson prófessor hafði veg og vanda af þinginu sem var haldið í samstarfi við rektorsskrifstofu og Karolinska sjúkrahúsið í Svíþjóð. Að skipulagningu komu einnig Magnús Karl Magnússon prófessor og Þórarinn Guðjónsson dósent í Læknadeild.

Læknadeild tók þátt í Vísindavöku Rannís sem fram fór í Háskólabíói 28. september. Tómas Guðbjartsson prófessor og Karl K. Andersen prófessor voru í forsvari fyrir deildina. Framlag Læknadeildar var tvíþætt. Annars vegar var það í formi fyrirlestrar og hins vegar var gestum boðið að prófa að sauma saman gervihúð. Fjölmargir gestir spreyttu sig á saumaskapnum sem vakti töluverða athygli.

Annað

Akademískar nafnbætur

Eftirtaldir fengu akademíska nafnbót við Læknadeild á árinu:

- Evald Sæmundsen sálfræðingur, dósentshæfi
- Guðrún Árnadóttir iðjupjálfi, dósentshæfi
- Guðlaug Þórsdóttir læknir, dósentshæfi

Viðurkenningar

Á árs hátíð læknanema, sem haldin var 19. mars, heiðruðu læknanemar Magnús Karl Magnússon prófessor fyrir framúrskarandi kennslu.

Vilhjálmur Steingrímsson, læknanemi á þriðja námsári, hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefnið Áhættureiknir fyrir hjarta- og kransæðasjúkdóma hjá öldruðum. Leiðbeinendur voru Vilmundur Guðnason prófessor og Thor Aspelund dósent.

Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum

Læknadeild tók þátt í ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum sem var haldin á Háskólatorgi í byrjun janúar á vegum deilda og námsbrauta Heilbrigðisvísindasviðs og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Fjöldi áhugaverðra kynninga fór fram með stuttum erindum eða veggspjöldum. Að auki voru fluttir gestafyrirlestrar og lengri erindi. Efni ráðstefnunnar var afar fjölbreytt og mörg metnaðarfull verkefni kynnt.

Námsbraut í sjúkráþjálfun

Almennt yfirlit og stjórn

Árni Árnason dósent var formaður námsbrautar í sjúkráþjálfun til 1. júlí 2012 en þá tók Þórarinn Sveinsson dósent við formennskunni. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Forseti Læknadeildar, Guðmundur Þorgeirsson, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta fastráðnir kennarar við námsbrautina. Þrír dósentar voru í 100% stöðu og einn í 50% stöðu. Einn lektor var í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu en auk þess var ráðið í nýja 100% lektorstöðu. Sólveig Ása Árnadóttir var ráðin í hana. Einn aðjunkt starfaði einnig við námsbrautina. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnslu námsbrautarinnar.

Nám og kennsla

Inntökupróf voru haldin í júní og alls þreyttu 64 inntökupróf í sjúkráþjálfun en að þeim loknum fengu 25 nemendur sæti á fyrsta ári.

Kynning á BS-verkefnum brautskráningarkandídata fór fram í maí og kynntu 17 nemendur 8 verkefni. Fyrr á árinu kynnti einn nemandi verkefni sitt en hann brautskráðist í febrúar. MS-nám í hreyfivísindum er skipulagt af námsbraut í sjúkráþjálfun í tengslum við framhaldsnám Læknadeildar. Fastráðnir kennarar við námsbrautina voru leiðbeinendur í alls 15 MS-verkefnum og fimm doktorsverkefnum á árinu. Alls voru þrír MS-nemar brautskráðir á árinu.

Rannsóknir

Við námsbraut í sjúkráþjálfun er starfrækt Rannsóknastofa í hreyfivísindum (sjá sérstakan kafla). Kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi rannsökuðu m.a. hreyfiferla og áhættuþætti barna og unglunga fyrir krossbandameiðslum, hreyfingu og þrek barna, hreyfingu fullorðinna, meiðsli í handknattleik og knattspyrnu, mismunandi aðferðir við meðhöndlun á einkennum frá stoðkerfi, beitingu fótleggja við uppstökk og landingar hjá ungu knattspyrnufólki, hreyfistjórn eftir hálsáverka o.fl. Kennarar á námsbrautinni fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu í febrúar, háskóladeginum, þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemandur í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur þar. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum, þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

Námsbraut í geislafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í geislafræði störfuðu fjórir fastráðnir kennarar í hlutastarfi sem samhliða því að starfa á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Díana Óskarsdóttir var námsbrautarstjóri og við stjórnarsýslu námsbrautarinnar var eitt 50% stöðugildi sem rekið er í sameiningu með námsbraut í lífeindafræði. Við því starfi tók nýr starfsmaður á árinu, Heiður Reynisdóttir.

Nám og kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009 en það veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaraneminn í geislafræði útskrifaðist með MS-próf vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar í geislafræði stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum, Röntgen Domus og Hjartavernd. Rannsóknirnar snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð og tölvusneiðmyndun.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladegi í febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynningarmálin af hálfu nemenda á háskóladeginum.

Námsbraut í lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði störfuðu fimm fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi, sem störfuðu samhliða á rannsóknastofum Landspítalans. Auk þess kenndi fjöldi stundakennara við námsbrautina. Martha Á. Hjálmarsdóttir var námsbrautarstjóri.

Nám og kennsla

Kennsla í lífeindafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-próf vorið 2008. Þá um haustið hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009. Veitir það réttindi til að sækja um starfsleyfi

sem lífeindafræðingur og er jafnframt fyrra árið í meistaranámi hjá þeim nemendum sem halda áfram. Ári síðar útskrifaðist síðan fyrsti nemandinn með meistaraþróf í lífeindafræði.

Á árinu voru samkeppnisþróf afnumin og gafst öllum nemendum með lágmarkseinkunn kostur á áframhaldandi námi eftir fyrsta misseri.

Námsbrautin tekur þátt í BIONord, sem er samstarfsnet 14 skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, styrkt af Nordplus. Námsbrautin stýrði samstarfsnetinu þar til í janúar. Meginviðfangsefni þessa samstarfsnets eru nemenda- og kennaraskipti, samskiptanet kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og voru á flestum sviðum lífeindafræðinnar.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum í febrúar og tóku enn fremur þátt í kynningum í framhaldskólunum. Nemendur áttu mikið frumkvæði í skipulagningu og framkvæmd kynningarmála og var starf þeirra til sérstakrar fyrirmyndar.

Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Geislafræði		2	2
	Lífeindafræði		7	7
	Læknisfræði	18	29	47
	Sjúkraþjálfun	10	7	17
Viðbótardiplóma	Geislafræði	1	4	5
	Lífeindafræði		8	8
Meistarapróf	Heilbrigðisvísindi	1	1	2
	Líf- og læknisvísindi	2	13	15
	Lífeindafræði		3	3
Kandídatþróf	Læknisfræði	22	27	49
Doktorsþróf	Líf- og læknisvísindi	2	1	3
	Læknisfræði	1		1
Alls		57	102	159

Rannsóknastofa í hreyfivísindum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í hreyfivísindum við námsbraut í sjúkraþjálfun var stofnuð 1. september 2003. Í framkvæmdastjórn rannsóknastofunnar eru Þórarinn Sveinsson dósent, formaður rannsóknastofunnar, Árni Árnason dósent og María Þorsteinsdóttir dósent. Rannsóknastofa í hreyfivísindum er til húsa, ásamt námsbraut í sjúkraþjálfun, í Stapa við Hringbraut.

Rannsóknir

Á árinu voru m.a. stundaðar rannsóknir á hreyfiferlum og áhættuþáttum barna og unglunga á krossbandameiðslum, hreyfingu og þreki barna, hreyfingu fullorðinna, meiðslum í handknattleik og knattspyrnu, samanburði á mismunandi aðferðum við meðhöndlun á einkennum frá stoðkerfi, beitingu fótleggja við uppstökk og lendingu hjá ungu knattspyrnufólki, hreyfistjórn eftir hálsáverka o.fl. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi.

Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur á árinu og það samstarf hélt áfram að þróast á árinu. Samstarf hefur einnig verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um rannsóknir, kennslu og þróun. Unnið hefur verið að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn, sem er unnið í samstarfi kennara og nemenda í sjúkráþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði.

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands varð til þegar Rannsóknastofa Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði, sem hafði starfað í 20 ár frá 1987, var sameinuð Læknadeild. Starfsemin fer nú fram á 4. hæð í Læknagarði og er hluti af Lífvísindasetri Læknagarðs. Með flutningi rannsóknastofunnar hafa skapast ný tækifæri vegna nálægðar við aðra vísindamenn. Rannsóknastofan er sú eina innan háskólans sem hefur grunnrannsóknir í krabbameinsfræðum að meginmarkmiði. Stjórn rannsóknastofunnar er í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni starfar nú einn nýdoktor, Ólafur Andri Stefánsson, einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk þriggja doktorsnema og nokkurra meistaranema.

Rannsóknir

- Áhrif BRCA2 – kímlínustökkbreytingar á krabbameinsmyndun og sjúkdómsframvindu. Jórunn Erla Eyfjörð stýrir rannsókninni.
- Sameindagreining BRCA-tengdra krabbameina. Jórunn Erla Eyfjörð stýrir rannsókninni.
- Gallar í litningaendum í BRCA-tengdu brjóstakrabbameini og hlutverk BRCA2 við að viðhalda litningaendum og stöðugleika litninga. Jórunn Erla Eyfjörð og Sigríður Klara Böðvarsdóttir stýra rannsókninni.
- Aurora-A tjáning í stökum og BRCA2-ættlægum brjóstakrabbameinum. Sigríður Klara Böðvarsdóttir og Jórunn Erla Eyfjörð stýra rannsókninni.
- Sameindalíffræðileg greining á skæðu blöðruhálskirtilskrabbameini með BRCA2-stökkbreytingu. Jórunn Erla Eyfjörð, Sigríður Klara Böðvarsdóttir og Ólafur Andri Stefánsson stýra rannsókninni.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna. Helga M. Ögmundsdóttir stýrir rannsókninni í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna og samvirkni þeirra við lyf. Helga M. Ögmundsdóttir stýrir rannsókninni í samvinnu við Lyfjafræðideild.
- Lípíðefnaskipti í krabbameinsfrumum. Helga M. Ögmundsdóttir stýrir rannsókninni í samvinnu við Arctic Mass.
- Afbrigði í geislaskautum og DNA-viðgerð í frumum sem bera BRCA2-stökkbreytingar. Helga M. Ögmundsdóttir stýrir rannsókninni.

Ýmis smærri verkefni eru ónefnd. Rannsóknastofan er í virku samstarfi við ýmsa vísindamenn innanlands og erlendis. Má þar m.a. nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í „The International Cancer Genome Project“, auk samstarfs við vísindamenn við

Cambridge-háskóla um rannsóknir á briskrabbameini og IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum. Ólafur Andri Stefánsson nýdoktor starfar þar að sviperfðarannsóknum hjá Manuel Esteller prófessor, m.a. efniviði frá rannsóknastofunni. Öflugt samstarf hefur myndast við Stefán Þórarín Sigurðsson, dósent við Læknadeild, en hann lauk meistaraþrófi frá rannsóknastofunni fyrir einum og hálfum áratug og hefur í millitíðinni sérhæft sig í DNA-viðgerð og eftirmyndun sem fellur vel að markmiðum rannsóknastofunnar. Verkefnið um mergfrumæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við Háskólann í Alberta í Kanada og National Institutes of Health í Bandaríkjunum. Um langt skeið hefur verið frjótt samstarf við Lyfjafræðideild sem nú nær einnig til Arctic Mass.

Tveir meistaranemar luku meistaraþrófi frá rannsóknastofunni.

Kynningarstarfsemi

Verkefni frá rannsóknastofunni voru kynnt á ýmsum alþjóðlegum ráðstefnum. Eitt verkefni var kynnt á 103. ársþingi amerísku samtakanna um krabbameinsrannsóknir (AACR) í Chicago, tvö á 17. ársþingi Evrópusamtakanna í blóðmeinafræði (EHA) í Amsterdam, þrjú á 22. Evrópuráðstefnunni um krabbameinsrannsóknir (EACR-22) í Barcelona og eitt á þingi European Molecular Biology Organization (EMBO telomeres) í Frakklandi. Þá var Helga boðsfyrirlesari á 7. alþjóðaráðstefnu um Waldenström-sjúkdóminn (IWWM) í Newport á Rhode Island í Bandaríkjunum.

Annað

Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannís og Rannsóknasjóði háskólans. Háskóli Íslands styrkir þrjú doktorsnema. Læknadeild styrkti einn nýdoktor, Sigríði Klöru Böðvarsdóttur. Auk þess fékkst veglegur styrkur frá verkefninu Göngum saman á fimm ára afmælisári verkefnisins og tveir styrkir frá Krabbameinsfélagi Íslands (til verkefnisins Karlar og krabbamein).

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

Stjórn og starfsfólk

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði heyrir undir Læknadeild og er Magnús Karl Magnússon prófessor forstöðumaður hennar og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Håkansson. Fast starfslið, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemunum, er 20 starfsmenn. Sex nemar voru í rannsóknatengdu námi og höfðu aðstöðu á rannsóknastofunni á árinu, þau Brynhildur Thors, Bjarni Sigurðsson og Gunnar Skúli Ármannsson í doktorsnámi, Ása Valgerður Eiríksdóttir í MS-námi við Læknadeild, einn læknanemi í 3. árs verkefni og einn nemandi sem vinnur að MS-verkefni við Lyfjafræðideild. Auk þess stunduðu fjórir doktorsnemar og tveir meistaranemar nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum sem rekin er í Læknagarði í samstarfi Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og líffærafræðideild Læknadeildar.

Veffang Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er: www.hi.is/rle.

Húsnæði

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundaherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands er einnig til húsa í Haga.

Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í kennslu læknanema, tannlæknanema, hjúkrunarfræðinema, geislafræðinema, nema í sjúkraþjálfun, líffræðinema og lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Einnig kenndi starfsfólk stofunnar á ýmsum námskeiðum öðrum.

Rannsóknir

Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknaverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og eru þær helstu eftirtaldar:

- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnið á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum í samvinnu við líffærafræðideild Læknadeildar.
- Kopar-, cerúlóplasmín- og súperoxíðdismútasi í sjúklingum með hrörnunarsjúkdóma í miðtaugakerfi (með öldrunarlæknum og taugasjúkdómalæknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum (hluti af doktorsverkefni Brynhildar Thors).
- Rannsókn á lyfjahvörfum paracetamóls ásamt styrk glútatíons, cýsteins, hómócýsteins og cýstein-glýsíns í blóði (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Gunnars Skúla Ármannssonar).
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortísól og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).
- Þrávirk lífræn efni í blóði íslenskra mæðra. Samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norðurheimskautssvæðinu; AMAP.
- Tengsl þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Þrávirk lífræn efni í lofti og úrkomu við Stórhöfða. Í samvinnu við Veðurstofu Íslands.
- Þrávirk lífræn efni í kræklingi og þorsklifur við Ísland. Í samvinnu við Matís.
- Eitranir á Íslandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum og dauðsföllum af völdum eitrana.
- Rannsókn á notkun ópíata og prótónupumpuhemla og tengsl þeirra við beinbrot.

Þjónusturannsóknir

Stundaðar voru umfangsmiklar þjónusturannsóknir í fjórum deildum: réttarefnafræðideild (deildarstjóri: Jakob Kristinsson), lyfjarannsóknadeild (deildarstjóri: Elísabet Sólbergdóttir), alkóhóldeild (deildarstjóri: Kristín Magnúsdóttir) og eiturefnafræðideild (deildarstjóri: Kristín Ólafsdóttir). Rannsóknir þessar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, heilbrigðiseftirlit, rafveitur, Matís, Nýsköpunarstofnun og vatnsframleiðendur. Unnið var að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna. Elín Magnúsdóttir lyfjafræðingur, sem er starfsmaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, hélt áfram að þróa gagnagrunn fyrir skráningu á móttöku sýna og niðurstöður rannsókna.

Matvæla- og næringarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, og varaforseti Guðjón Þorkelsson, dósent í matvælafræði. Frá 1. júlí 2012 tók Þórhallur Ingi Halldórsson, dósent í næringarfræði, við sem deildarforseti og varadeildarforseti frá sama tíma var Franklín Georgsson, dósent í matvælafræði.

Starfsfólk

Matvæla- og næringarfræðideild			
	Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	1	0,7
	– karlar	0	0
Lektorar			
	– konur	1	0,5
	– karlar	0	0
Dósentar			
	– konur	0	0
	– karlar	3	1,87
Prófessorar			
	– konur	3	2,49
	– karlar	2	1,5
	Samtals:	9	6,36
Akademískir sérfræðingar			
	– konur	0	0
	– karlar	1	1
	Samtals:	1	1,0
Rannsóknastofa í næringarfræði			
	– konur	8	5,75
	– karlar	0	0
	Samtals:	8	5,75

Innan deildarinnar störfuðu níu kennarar í mismunandi starfshlutföllum, fjórir í næringarfræði og fimm í matvælafræði, auk þess sem fræðimaður á Rannsóknastofu í næringarfræði kenndi næringarfræði. Starfandi fræðimenn á Matís ohf. og næringarráðgjafar á Næringarstofu Landspítala sinntu einnig stundakennslu við deildina. Einn gestaprófessor var við deildina, Sjöfn Sigurgísladóttir, fyrrverandi forstjóri Matís.

Ólöf Guðný Geirsdóttir var ráðin tímabundið í 50% stöðu lektors í næringarfræði frá 1. febrúar 2012. Tvær kennarastöður í næringarfræði voru enn fremur auglýstar í ágúst 2012 og verður ráðið í þær í byrjun árs 2013. Laufey Steingrímsdóttir fór í 50% starfshlutfall frá 1. september. Inga Þórsdóttir lét af störfum við deildina en sinnir þó enn rannsóknum og rannsóknanemum. Hún tók við starfi forseta Heilbrigðisvísindasviðs 1. júlí. Starfshlutfall deildarstjóra skrifstofu var aukið í 70%. Á árinu hlaut Sigurjón Arason framgang í stöðu prófessors og Þórhallur Ingi Halldórsson og Franklín Georgsson framgang í stöðu dósents.

Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og fær deildin um helming fjárframlags síns vegna framleiðni á rannsóknasviðinu. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Lögð er áhersla á sterkt fræðilegt og lausnamiðað nám.

Árið 2012 bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði.

Á haustmisseri hófst kennsla í MS-námi í matvælafræði eftir nýju skipulagi námsins, í nánu samstarfi við Matís.

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 ásamt aðstöðu fyrir deildarforseta, kennara í næringarfræði, Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Alvarlegur skortur á húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrifum og hefur sá skortur reynst dýrkeyptur. Kennarar í matvælafræði, aðrir en Ágústa Guðmundsdóttir, hafa starfsaðstöðu hjá Matís. Unnið er að aukinni samvinnu við Matís ohf. til að auka möguleika nemenda og kennara í námi og starfi, auk þess sem enn er unnið að stækkun húsnæðis Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala. Með samvinnunni er stefnt að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstöðu á Landspítala fyrir tilstilli samstarfssamnings milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfræði.

Í deildinni er lögð áhersla á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallað er um umsóknir og framgang námsins á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám stendur með miklum blóma við deildina og stunduðu 13 nemendur doktorsnám og 32 nemendur meistaranám við deildina á árinu.

Doktorsnám

Prettán nemendur voru innritaðir í doktorsnám við deildina og einn lauk doktorsprófi sínu á árinu.

Alþjóðasamskipti

Nokkrir nemendur í framhalds- og grunnnámi fóru utan í skiptinám og tveir erlendir stúdentar voru í skiptinámi við deildina á árinu. Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi voru í miklu samstarfi við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla. Erlendir nemendur sækja nokkuð í nám við deildina, sérstaklega í matvælafræði, og eru oftast 1–3 nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við deildina. Jafnframt hefur tengslum verið komið á milli deildarinnar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-skólann) og nokkrir stúdentar hafa komið til náms í deildinni eftir að hafa lokið námi í honum.

Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta stundaðar í tengslum við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Lýðheilsustöð, Rannsóknastofu í matvælaefnafræði og Matís ohf. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslum um Rannsóknastofu í næringarfræði og Rannsóknastofu í matvælaefnafræði, auk ársskýrslu Matís ohf.

Markaðs- og kynningarmál

Á námskynningu háskólans var unnið að því að kynna námsleiðir deildarinnar. Kynningin tókst afar vel og skilaði sér í fjölgun nýnema í grunnnám í deildina. Sérstök áhersla var lögð á að kynna nýtt alþjóðlegt MS-nám í matvælafræði. Sú kynning tókst einnig mjög vel og fleiri sóttu um framhaldsnám í matvælafræði en sést hafði í mörg ár. Vefur deildarinnar heyrir undir Heilbrigðisvísindasvið og sér deildarstjóri um að uppfæra hann ásamt markaðs- og vefstjóra sviðsins.

Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Matvælafræði		1	1
	Næringarfræði	4	19	23
Meistarapróf	Matvælafræði		1	1
	Næringarfræði		4	4
Doktorspróf	Næringarfræði		1	1
Alls		4	26	30

Rannsóknastofa í matvælaefnafræði

Fjöldi starfsmanna er breytilegur frá ári til árs háð rannsóknarstyrkjum. Forstöðumaður er Ágústa Guðmundsdóttir prófessor en rannsóknaverkefni eru unnin á lífefnafræðideild Raunvísindastofnunar í samstarfi við Jón Braga Bjarnason prófessor. Tveir sérfræðingar, Bjarki Stefánsson og Hilmar Hilmarsson starfa innan samstarfshópsins á Raunvísindastofnun. Auk þess er í gangi öflugt samstarf við innlenda og erlenda háskóla. rannsóknastofnanir og vísindamenn í Svíþjóð, Ítalíu, Bandaríkjunum og Bretlandi. Nokkrar vísindagreinar birtust í erlendum tímaritum og bókarköflum. Einnig voru rannsóknimar kynntar með fyrirlestrum og veggspjaldakynningum á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Nánari upplýsingar um rannsóknastofu í matvælaefnafræði má finna á: www.raunvis.hi.is/hi.is.

Rannsóknastofa í næringarfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað frá árinu 2005 samkvæmt samningi milli Landspítala og Háskóla Íslands. Rannsóknastofan er til húsa á Landspítala þar sem hún deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í árslok voru starfsmenn átján talsins, þ.a. sex fastir starfsmenn: þrír prófessorar, dósent, fræðimaður og verkefnastjóri, auk doktors- og meistaranema og verkefnaráðinna starfsmanna.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sitja Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson prófessor, Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, sem tók sæti í stjórninni í stað Lilju Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs, í júní 2012, og Oddný Gunnarsdóttir deildarstjóri, ritari stjórnar. Inga Þórsdóttir prófessor var forstöðumaður stofunnar fyrri hluta ársins þar til hún hætti störfum fyrir Matvæla- og næringarfræðideild og tók við embætti forseta Heilbrigðisvísindasviðs.

Fjórir meistaranemar sem unnu lokaverkefni sín á Rannsóknastofu í næringarfræði útskrifuðust á árinu og einn nemandi lauk doktorsprófi. Alls unnu fjórtán meistara- og doktorsnema að verkefnum á rannsóknastofunni á árinu, ásamt nokkrum starfsmönnum í öðrum verkefnum. Að auki unnu fjórir sumarstarfsmenn að námsverkefnum í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Rannsóknir

Á árinu var lögð áhersla á rannsóknir á næringu og heilsu viðkvæmra hópa eins og barnshafandi kvenna, ungra barna, veikra einstaklinga, of þungra einstaklinga og gamals fólks. Verkefni voru:

- Rannsókn á mataræði og næringarefnainntöku 6 ára barna, sem er framhald rannsóknarinnar Næring ungbarna, framsæ langtímarannsókn á landsúrtaki. Verkefnið hefur verið styrkt af Vísindasjóði Landspítala, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og landlækni. Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir.
- Næringarástand sjúklinga og undirbúningur og aðlögun skipulegrar skimunar fyrir vannæringu. Rannsóknin er unnin í samstarfi við deildir Landspítala og henni er nú stýrt af Ingibjörgu Gunnarsdóttur. Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði Landspítala.
- Norrænar ráðleggingar um næringarefni. Víðtækt norrænt samstarfsverkefni sem er byggt á kerfisbundinni ritrýni á birtum rannsóknaniðurstöðum og endurskoðun ráðlagðra dagskammta fyrir allra aldurshópa. Í stýrihópi eru Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir. Rannsóknin er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.
- HELGA – öndvegisverkefni (Nordic Health — Whole Grain Food). Verkefnið fluttist til Rannsóknastofu í næringarfræði með Laufeyju Steingrímsdóttur. Þar er lögð áhersla á heilsufarsleg áhrif heilkornaafurða. Rannsóknin er styrkt af NordForsk.
- SENSEWELL (Sensory Food Satisfaction in Programming Healthy and Sustainable Eating Behaviour). Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir. Rannsóknin er styrkt af dönskum rannsóknasjóði.

Fjórar íhlutandi nokkurra ára rannsóknir sem hófust 2007 eða síðar voru framkvæmdar á árinu og unnið var að gagnasöfnun, skipulagningu, úrvinnslu og skrifum vísindagreina um niðurstöður þessara rannsóknaverkefna:

- Rannsókn á áhrifum af lengd brjóstgjafar (IceAge: Exclusive breastfeeding for 4 or 6 months. A randomized controlled trial), styrkt af bandarískum rannsóknasjóðum og unnin í samstarfi við Geir Gunnlaugsson landlækni, vísindamenn við Harvard-háskóla og Rannsóknastöð um heilsu barna í London. Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir.
- SYSDIET – öndvegisverkefni (System Biology in Controlled Dietary Interventions and Cohort Studies – Understanding the Health Effects of Nordic Foods with Regard to Prevention of Metabolic Syndrome, Obesity, Insulin Resistance, Diabetic T2 and Cardiovascular Diseases). Rannsókn á kerfisfræðilegum þáttum tengdum næringu og efnaskiptavillu, styrkt af NordForsk. Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir.
- Rannsókn á áhrifaþáttum fæðuvals og næringar meðal barna og foreldra sem styrkt er af Evrópusambandinu (ProGreens: Promotion of Fruit and Vegetable Consumption of School Children (2008–2011) Supported by DG-SANCO). Rannsóknastofa í næringarfræði sér um gagnabankann fyrir öll löndin sem taka þátt í rannsókninni. Þetta er viðamikil íhlutandi rannsókn meðal 11 ára skólabarna. Ása Guðrún Kristjánsdóttir nýdoktor vann að þessari rannsókn hér á landi. Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir.
- Rannsókn á næringu, hreyfingu aldraðra og vöðvauppbyggingu (IceProQuality: Randomized Intervention Trial Conducted in Iceland Which Investigates the Effects of Protein Quality and Quantity in Combination with Resistance Exercise on Muscle Mass and Strength in Elderly People). Rannsóknin hefur verið styrkt af Tækniþróunarsjóði og hún er meðal annars unnin í samstarfi við vísindamenn við Læknadeild, bæði sérfræðing í öldrunarlækningum og við námsbraut í sjúkrapjálfun. Verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir.

Verkefni sem lokið var á árinu:

- Rannsóknaverkefni á joðbúskap og selenbúskap. Rannsóknin var undir stjórn Ingibjargar Gunnarsdóttur og var styrkt af Rannís.

- Í ársbyrjun voru kynntar niðurstöður úr Landskönnun á mataræði Íslendinga, sem Rannsóknastofa í næringarfræði tók mikinn þátt í, í samstarfi við Matvælastofnun Íslands á Selfossi (MAST) og embætti landlæknis. Verkefnisstjóri á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði er Laufey Steingrímsdóttir.

Ný verkefni eru:

- Forritun heilsu – áhrif næringar á fósturskeiði. Þetta er nýtt verkefni á vegum Center for Fetal Programming sem Þórhallur Ingi Halldórsson tekur þátt í og er styrkt af dönskum samkeppnissjóði.
- ProMeal. Verkefnið snýst um næringu barna og mikilvægi skólamáltíða. Ingibjörg Gunnarsdóttir er ábyrgðarmaður fyrir verkefninu sem styrkt er af NordForsk.

Önnur samstarfsverkefni eru:

- Samstarf við Hjartavernd um næringarfræðileg gögn og svokallaða Reykjavíkurrannsókn (verkefnisstjóri er Inga Þórsdóttir) og AGES-rannsókn Hjartaverndar (verkefnisstjóri er Laufey Steingrímsdóttir).
- Rannsóknastofa í næringarfræði tekur þátt í stórum erlendum faraldsfræðirannsóknum, m.a. rannsóknum á hvernig eiturefni í matvælum virka á meðgöngu þar sem notuð eru tvö stór gagnasöfn með næringarfræðilegum upplýsingum í tengslum við fæðingar (ábyrgðarmaður er Þórhallur I. Halldórsson).

Í fjölda rannsóknaverkefna Rannsóknastofu í næringarfræði er lögð áhersla á næringu og vöxt snemma á lífsleiðinni og heilsufar og líkamsþyngd á barnsaldri og síðar á ævinni. Rannsóknir á lífvirkni efna í fæðu, svo sem fiski og mysu, hafa verið fyrirferðarmiklar og sömuleiðis rannsóknir á viðbættum efnum og eiturefnum í mat. Rannsóknastofa í næringarfræði stundaði einnig rannsóknir á næringarástandi mismunandi sjúklingahópa, undanfarið aðallega á næringarástandi aldraðra í því skyni að bæta heilsu þeirra og auka lífsgæði. Rannsóknastofa í næringarfræði stýrði IPA-styrkumsókn til Evrópusambandsins til að vinna að verkefni sem fjallaði um leiðir til að koma ungu atvinnulausu fólki með geðraskanir aftur út á vinnumarkaðinn.

Verðlaun

Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði, Inga Þórsdóttir prófessor í næringarfræði, var útnefnd heiðursvísindamaður ársins 2012 á Landspítala.

Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar Rannsóknastofu í næringarfræði við rannsóknir eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla, sem og ýmsar stofnanir innanlands. Stofan hlaut nokkra minni innlenda styrki á árinu en stærstur hluti rannsóknastyrkja stofunnar kom þó erlendis frá.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknastofa í næringarfræði veitir margs konar þjónustu í samfélaginu, bæði hérlendis og erlendis, þar sem sérfræðiþekking og rannsóknaniðurstöður stofunnar eru nauðsynlegar og nýttast til að veita áður óþekktar upplýsingar.

Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði, www.rin.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um stofuna, rannsóknir á hennar vegum, allar birtar skýrslur og greinar sem eru tengdar þessum rannsóknum og margt fleira til fróðleiks sem tengt er starfsemi stofunnar.

Fjórum meistaraverkefnum sem unnið var að hjá Rannsóknastofu í næringarfræði lauk á árinu. Tinna Eysteinsdóttir varði doktorsritgerð á haustmánuðum. Aðalleiðbeinandi hennar var Laufey Steingrímsdóttir og meðleiðbeinandi Inga Þórsdóttir. Auk þeirra var Ingibjörg Gunnarsdóttir í dokorsnámsnefndinni. Fjölmargar niðurstöður rannsókna á vegum stofunnar hafa birst í alþjóðlegum ritrýndum fagtímaritum og fræðilegum álitstærðum. Rannsóknastofa í næringarfræði var aðalumsjónaraðili með stórrri norrænni /alþjóðlegri næringarfræðiráðstefnu, NNC (Nordic Nutrition Conference), sem haldin er fjórða hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum. Auk þess hélt starfsfólk Rannsóknastofu í næringarfræði fjölda fyrirlestra og kynnti veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

Sálfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Sigurður J. Grétarsson prófessor var kjörinn deildarforseti og Daníel Þór Ólason dósent varadeildarforseti á deildarfundi 3. febrúar 2012.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir í deildarráð en þrír aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundi 3. febrúar 2012, þær Fanney Þórsdóttir lektor, Gabríela Sigurðardóttir dósent og Ingunn Hansdóttir lektor. Deildarráðsfundi sitja einnig Þórður Eypórsson, fulltrúi BS-nema, og Árný Helgadóttir, fulltrúi framhaldsnema í sálfræði.

Kennarafundir voru haldnir vikulega á haustmisseri en annars einu sinni í mánuði, deildarráðsfundir að jafnaði hálfsmánaðarlega og deildarafundir einu sinni til tvisvar á misseri.

Starfsfólk

Sálfræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	2	1,75	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	3	3	
– karlar	1	1	
Dósentar			
– konur	2	2	
– karlar	4	3,49	
Prófessorar			
– konur	0	0	
– karlar	3	3	
Samtals:	13	12,49	
Rannsóknafólk			
– konur	1	0,62	
– karlar	2	1,6	
Samtals:	3	2,22	

Við Sálfræðideild störfuðu þrjú prófessorar, fimm dósentar, fimm lektorar og þrjú aðjuntar, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar. Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda. Urður Njarðvík hlaut framgang í stöðu dósents á árinu.

Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 706 þann 20. október 2012. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 250. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundið rannsóknatengt nám), cand.psych.-prófs og doktorsprófs. Tuttugu nemendur voru teknir inn í cand.psych.-nám og þrjú í einstaklingsbundið rannsóknatengt MS-nám. Alls var 71 nemandi í meistaranámi haustið 2012.

Doktorsnám

Tveir doktorsnemar bættust við á árinu, tveir hættu námi og í árslok voru þeir 12 talsins.

Alþjóðasamskipti

Sálfræðideild tók þátt í Evrópuverkefninu Europlat (European Psychology Learning and Teaching). Fulltrúar deildarinnar í því voru Urður Njarðvík lektor og Daníel Þór Ólason dósent.

Sálfræðideild tekur einnig þátt í Nordic Baltic Doctoral Network in Psychology. Árni Kristjánsson dósent og doktorsnemarnir Mardís S. Karlsdóttir og Ómar I. Jóhannesson fóru á þing tengt verkefninu í Pétursborg í ágúst.

Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar.

Andri S. Björnsson fékk styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til rannsóknar á áráttu og þráhyggju.

Árni Kristjánsson fékk doktorsstyrk fyrir Ómar I. Jóhannesson doktorsnema úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Árni Kristjánsson fékk 192 tíma (25%) flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta.

Daníel Þór Ólason fékk styrk frá happdrættisnefnd innanríkisráðuneytisins til að rannsaka spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011.

Daníel Þór Ólason og Árni Kristjánsson fengu styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands í doktorsverkefni Ragnars P. Ólafssonar.

Ragna B. Garðarsdóttir fékk styrk úr Rannís til að rannsaka lífsgildabreytingar á Íslandi og Bretlandi. Urður Njarðvík fékk styrk úr Styrktarsjóði Arnórs Björnssonar til að rannsaka bráðlynd börn.

Gæðamál

Sálfræðideild vann að sjálfsmatsskýrslu á haustmisseri. Gæðanefnd skipuðu Sigurður J. Grétarsson deildarforseti, Daníel Þór Ólason varadeildarforseti, Urður Njarðvík dósent, Donna Gelfand, prófessor emerita við University of Utah, Sigríður Snorradóttir sálfræðingur, Tinna Jóhannudóttir, cand.psych.-nemi, Anna Kristín Cartesegna BS-nemi og Ingiríður Þórisdóttir deildarstjóri. Nefndin hélt vikulega fundi allt haustmisserið og erlendi fulltrúinn kom í heimsókn í byrjun nóvember. Fundir um stefnumótun og sjálfsmat fóru fram með kennurum og nemendum og skýrslu var skilað í lok starfsins.

Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í sameiginlegum kynningardegi Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, háskóladeginum, 18. febrúar.

29. febrúar hélt Jamie Napier, lektor í félagssálfræði við Yale-háskóla, fyrirlestur í samstarfi við Stjórnmalafraeðideild. Heiti fyrirlestursins var Hvenær fylgir almenningur stjórnvöldum? Hlutverk siðferðis, trausts og hæfni.

28. mars hélt Páll Jakob Líndal, doktorsnemi í umhverfissálfræði við háskólann í Sydney í Ástralíu, fyrirlesturinn Grænt eða grátt? Um endurheimtandi umhverfi.

6. júní héldu Maurice Feldman prófessor og Rebecca Ward lektor, bæði við Centre for Applied Disability Studies í Brock University í Kanada, erindið Early Identification and Intervention in Infants and Young Children at Risk for (but not yet Diagnosed with) ASD.

6. september hélt Keith Oatly, sálfræðingur og rithöfundur, fyrirlesturinn Why Fiction is Good for You.

Sálfræðideild tók þátt í vísindaráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs 5. janúar. Tveir kennarar, einn doktorsnemi og einn mastersnemi héldu þar fyrirlestra.

Sálfræðideild tók þátt í doktorsdegi Heilbrigðisvísindasviðs 30. apríl. Tveir doktorsnemar kynntu rannsóknir sínar og svöruðu fyrirspurnum.

Sálfræðideild hélt sálfræðiþing í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands 11. og 12. apríl. Tíu kennarar og tuttugu framhaldsnemar í Sálfræðideild héldu þar fyrirlestra.

Útgáfa

Árni Kristjánsson gaf út bókina Innra augað. Þar fjallar hann um hlutverk hugans í sjónskynjun og hvernig slíkar hugmyndir hafa þróast í hugmyndasögunni. Fjöldmörg athyglisverð dæmi eru nefnd til vitnis um hvernig hugurinn ræður því hvernig við skynjum umheiminn.

Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Sálfræði	22	61	83
MS	Sálfræði	1	6	7
MS	Félags- og vinnusálfræði	1	3	4
Cand.psych.	Sálfræði	4	14	18
Alls		28	84	112

Sálfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórnun

Sálfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem heyrir undir Sálfræðideild innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Reglur um Sálfræðistofnun nr. 554/2010 voru samþykktar af háskólaráði 15. júní 2010 og fyrsta stjórn var skipuð 15. október það ár og fyrsti stjórnarfundur haldinn 26. október 2010.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar fjögurra manna stjórn til þriggja ára, þar af eru þrír tilnefndir af Sálfræðideild og einn af starfsmönnum. Þrír menn skipa núverandi stjórn: Guðmundur Arnkelsson, formaður, Fanney Þórsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir.

Sálfræðistofnun skiptist í þrjár stofur: Rannsóknastofu í atferlisgreiningu, Rannsóknastofu um peningaspil og spilafíkn og Stofu um stuðningsmat og gæðamál.

Öll starfsemi Sálfræðistofnunar fór fram í stofum stofnunarinnar en þó samdi stofnunin sem slík fyrir hönd deildarinnar um aðgang kennara og nemenda að vefkönnunum. Stofa um stuðningsmat og gæðamál hefur unnið að rannsókninni Mat á stuðningsþörf (SIS) og öðrum rannsóknum tengdum henni í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Rannsóknastofa í atferlisgreiningu hóf námskeiðahald fyrir foreldra sem áður var hýst hjá Félagsvísindastofnun.

Tannlæknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var að mestu óbreytt frá fyrra ári. Teitur Jónsson dósent var deildarforseti og Bjarni Elvar Pjetursson prófessor varadeildarforseti. Bjarni Elvar var í rannsóknaleyfi á haustmisseri og kom Sigurður Örn Eiríksson lektor inn í deildarráð í hans stað. Aðrir í deildarráði voru Björn Ragnarsson lektor, Ellen Flosadóttir dósent, Sigurjón Arnlaugsson lektor (fulltrúi kennara) á vormisseri en Peter Holbrook prófessor kom í hans stað á haustmisseri, Vigdís Valsdóttir, verkefnastjóri námsbrautar í tannsmíði, og tveir fulltrúar stúdenta ásamt deildarstjórunum Guðrónu Ívars og Hönnu G. Daníelsdóttur. Deildarráðsfundir voru að jafnaði haldnir annan hvern mánudag. Þrjú deildarfundir voru haldnir á árinu ásamt nokkrum kennarafundum og starfsmannafundum. Peter Holbrook prófessor var forstöðumaður Rannsóknastofu í tannlæknisfræði og Svend Richter dósent var formaður stjórnar Tannlækningastofnunar.

Starfsfólk

Tannlæknadeild		
Stjórnsýsla og klíník	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	9	6,9
– karlar	1	0,75
Aðjunktur		
– konur	1	0,4
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	9	5,73
Dósentar		
– konur	1	0,7
– karlar	3	2,7
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	3	3
Samtals:	18	13,53

Við deildina störfuðu 16 fastráðnir kennarar í rúmlega 13 stöðugildum. Það voru 4 prófessorar, 4 dósentar og 8 lektorar auk tveggja aðjunktur og nokkurra stundakennara. Við deildina starfaði deildarstjóri á klíník ásamt fjórum tanntæknum í rúmlega þremur stöðugildum, en aðrir starfsmenn voru deildarstjóri á skrifstofu, tannsmíðameistari, verkefnastjóri tannsmíðanáms ásamt aðjunkt í 40% starfi og nokkrum stundakennurum. Sigurður Örn Eiríksson var ráðinn í 100% starf lektors og fagstjóra í tannfyllingar- og tannjúkdómafræðum, Júlíus Helgi Schopka var ráðinn í 50% starf lektors í munn- og kjálkaskurðlækningum, Gunnar Bjarni Ragnarsson var ráðinn í 20% starf í

lyflæknisfræði og Jónas Geirsson var ráðinn í 20% starf lektors í tannfyllingar- og tannsjúkdómafræðum. Alda Ásgeirsdóttir og Hrefna Kristín Þorbjörnsdóttir voru ráðnar í 85% starf tanntækna.

Nám og kennsla

Við Tannlæknadeild er í boði kandidateitnáms í tannlæknisfræði og meistara- og doktorsnám, auk námsbrautar tannsmiða til BS-prófs. Að loknu fyrsta haustmisseri kandidateitnámsins eru haldin samkeppnispróf og öðlast þá sjö efstu nemendurnir rétt til áframhaldandi náms. Við námsbraut tannsmiða, sem tók til starfa 2009, fá fimm efstu nemendurnir á sama hátt rétt til áframhaldandi náms.

Á haustmisseri 2012 voru 57 nýnemar skráðir í tannlæknisfræði og 13 nýnemar í BS-nám tannsmiða. Í framhaldsnámi við deildina voru þrjú meistaranemar og tveir doktorsnemar. Tvær meistaravernir voru við deildina á árinu, Erna Rún Einarsdóttir og Sigríður Rósa Víðisdóttir vörðu meistaraverkefni sín. Sarah Merz, sem útskrifaðist á árinu með meistaraþráðu frá Lyfjafræðideild, stundaði einnig nám sitt í samvinnu við Tannlæknadeild og Háskólann í Basel í Sviss.

Ellefu voru skráðir í fræðilegt 60 eininga viðbótarnám í tannsmíði til BS-prófs fyrir tannsmíði með sveinspróf. Verklegr þjálfun tanntæknanema ásamt fræðilegum fyrirlestrum fer fram, eins og áður, við Tannlæknadeild í samvinnu við Fjölbautaskólann í Ármúla.

Endurskipulagningarnefnd Tannlæknadeildar hefur á árinu unnið að breytingum á tannlæknánáminu. Stefnt er að því að breyta kandidateitnáminu í meistaranám í anda Bologna-staðla, sem var m.a. komið á til að efla og auðvelda samstarf æðri menntastofnana í Evrópu.

Alþjóðasamskipti

Teitur Jónsson deildarforseti sótti samráðsfund deildarforseta norrænna tannlæknadeilda í Malmö í Svíþjóð. Peter Holbrook fékk á árinu viðurkenninguna Diploma in Oral Medicine frá European Association of Oral Medicine. Bjarni Elvar Pjetursson prófessor hefur undanfarin ár verið gestaprófessor við Hong Kong háskóla. Þess má geta að tannlæknadeild Hong Kong háskóla hefur þá sérstöðu að vera eini háskólinn í heimi sem setur allt tannlæknánámið upp sem „problem based learning“ og hefur Tannlæknadeild Háskóla Íslands nýtt sér reynsluna þaðan og smám saman innleitt þetta kennsluform.

Tannlæknadeild hefur verið virkur þátttakandi í starfi Association for Dental Education in Europe og gat meðal annars miðlað af reynslu sinni innan samtakanna af kennslu í tannplantafræðum. Einnig kynnti Peter Holbrook prófessor fyrirhugaðar breytingar á tannlæknánámi héraendis á ráðstefnu samtakanna í Lyon í Frakklandi.

Einn tannlæknanemi fór á haustmisseri til skiptináms í Kaupmannahöfn og einn tannlæknanemi kom til Íslands frá Umeå í Svíþjóð sem skiptinemi á sama misseri. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, sem nýlega útskrifaðist frá Tannlæknadeild, hélt til Zürich í Sviss sem ITI-styrkþegi (International Team of Implantology). Erna Rún Einarsdóttir sem lauk meistaranámi sínu við deildina á árinu hélt vestur um haf til framhaldsnáms í munn- og tanngervalækningum við Eastman Dental Institute í Rochester. Þegar hefur verið lagður grunnur að frekara samstarfi milli Tannlæknadeildar og Eastman Dental Institute á sviði rannsókna. Stefán Pálmason, sem útskrifaðist frá Tannlæknadeild árið 2009, er kominn aftur til starfa héraendis eftir að hafa útskrifast með Certificate in Oral Medicine frá Harvard School of Dental Medicine/Brigham and Women's Hospital.

Rannsóknir

Nemendur hafa vaxandi áhuga á rannsóknaverkefnum og taka þau sem valgrein til viðbótar við grunnnámið. Nemendur og kennarar kynntu rannsóknir sínar meðal annars á 23. vetrarfundi Tannlækningastofnunar (í desember 2012) og á ráðstefnum og fundum íslenskra tannlækna og í Tannlæknablaðinu. Niðurstöður íslenskra rannsókna í tannlæknisfræði birtust einnig í virtum fræðiritum austan hafs og vestan og héldu kennarar Tannlæknaeildar fjölda erinda á alþjóðlegum ráðstefnum víða um heim. Kennarar Tannlæknaeildar hafa verið í samstarfi við nokkra erlenda háskóla, eins og Háskólana í Bern og Zürich í Sviss, Háskólann í Hong Kong, Karolinska Institutet í Stokkhólmi o.fl.

Peter Holbrook prófessor hefur verið aðalritstjóri eins helsta tannlæknatímaritsins á Norðurlöndum, Acta Odontologica Scandinavica, og Bjarni Elvar Pjetursson prófessor var á árinu kjörinn formaður rannsóknarnefndar EAO (European Association for Osseointegration), sem eru stærstu samtök þeirra sem vinna með tannplanta í Evrópu. Á ársfundi þeirra í Kaupmannahöfn voru meðal annars kynntar tæplega 500 rannsóknir um tannplanta, beinuppbyggingar og plantaborin munn- og tanngervi.

Gæðamál

Á árinu var talsverð vinna lögð í að meta gæði og umfang hvers einasta námskeiðs við Tannlæknaeild, m.a. hvort undirbúningur nemenda fyrir námskeiðin væri nægur, hvort viðkomandi námskeið væri nægur undirbúningur undir frekara nám við deildina, hvort kennslugögn námskeiða væru nægjanleg og hvort námsmat væri í samræmi við kennslu. Þessar niðurstöður koma til með að nýtast vel við þá endurskipulagningu tannlæknanámsins sem er fram undan.

Stöðugt er unnið að gæðamálum á kennsluklíník deildarinnar en það er farið að standa deildinni verulega fyrir þrifum að mikið af tækjabúnaði hennar er að verða þrjátíu ára gamall eða frá því að hún fluttist í Læknagarð árið 1984.

Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknaeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi skólans og námsframboði, meðal annars háskóladeginum 18. febrúar. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja athygli á deildinni þar sem fjöldi nýnema er jafnan langt umfram þann hóp sem hægt er að veita kennslu í klínískum greinum í húsakynnum deildarinnar.

Inga B. Árnadóttir prófessor og Teitur Jónsson deildarforseti voru fulltrúar deildarinnar í starfshópi velferðarráðherra til að undirbúa tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga.

Á árinu gerði Tannlæknaeild samstarfssamning við Tannlæknafélag Íslands um að Tannlæknafélagið styrkti svokallaða samkennslu Tannlæknaeildar. Samkennslan er námskeið þar sem ýmsir fyrirlesarar fjalla um málefni sem tengjast tannlækningum beint eða óbeint. Þess í stað fá félagar í Tannlæknafélagi Íslands að sitja fyrirlestrana sem símenntun, sér að kostnaðarlausu.

Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknaeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Tannsmíði	1	9	10
Kandídatpróf	Tannlæknisfræði	1	5	6
Meistarapróf	Tannlæknavísindi		1	1
	Tannlæknisfræði		1	1
Alls		2	16	18

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði

Almennt yfirlit og stjórnun

Rannsóknastofa Tannlæknadeildar, Rannsóknastofa í tannlæknisfræði, er til húsa í Læknagarði. Hún er opin öllum kennurum og nemendum deildarinnar til að vinna rannsóknaverkefni. Þar fer auk þess fram bæði kennsla og rannsóknþjónusta, aðallega í örverufræði. Í stjórn sitja Peter Holbrook prófessor, forstöðumaður, Björn Ragnarsson lektor og Karl Örn Karlsson lektor. Starfsmenn rannsóknastofunnar eru Margrét O. Magnúsdóttir lífeindafræðingur og Jumara Roches Fortes tanntæknir.

Helstu þættir starfseminnar

- Örverufræðirannsóknir á sýnum frá klíník (aðgerðastofu) Tannlæknadeildar og einnig frá nokkrum stofum sérfræðinga og í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.
- Rannsókn á sveppasýkingum, tannátubakteríum og tannholds bakteríum og aðrar rannsóknir m.a. í tengslum við Lyfjafræðideild háskólans, sérstaklega við rannsóknir á sveppalyfjum.
- Rannsóknir á munnvatnssýnum til að greina m.a. Sjögrens-heilkenni fyrir Sjúkratryggingar Íslands, tannlækna, gigtarlækna o.fl. Munnvatnsrannsóknir eru líka stundaðar til að meta tannátuáhættu og glerungseyðingu tanna.
- Verklef kennsla í örverufræði, aðallega fyrir tannlæknanema.
- Eftirlit með dauðhreinsunartækjum hjá 130 tannlæknastofum um land allt, svo og hjá nokkrum heilsugæslustöðvum, litlum aðgerðastofum lækna, húðflúrstofum og fótaaðgerðastofum.
- Dauðhreinsun á öllum blóðmenguðum úrgangi frá klíník Tannlæknadeildar til að koma í veg fyrir sýkingu.
- Tekjum rannsóknastofnunar er varið til að greiða laun lífeindafræðings, efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild og hafa eftirlit með dauðhreinsun á menguðum úrgangi frá klíník deildarinnar.

Nokkrir nemendur vinna rannsóknaverkefni í tengslum við rannsóknastofuna á ári hverju. Árið 2012 útskrifaðist einn nemandi með M. Pharm. gráðu og vann hann lokaverkefnið við rannsóknastofuna. Árið 2012 voru birtar þrjár greinar og flutt fjögur erindi eða sýnd veggspjöld á erlendum ráðstefnum um rannsóknir sem unnar voru á rannsóknastofunni.

Tannlækningastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Tannlækningastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild. Stofnunin er til húsa í Læknagarði.

Stjórn Tannlækningastofnunar 2012 skipuðu Svend Richter dósent, formaður, Björn Ragnarsson lektor, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Karl Örn Karlsson lektor, Sigfús Þór Elíasson prófessor og Alís G. Heiðar, fulltrúi nemenda.

Tannlækningastofnun tók til starfa 1997 og var reglugerð um hana samþykkt í háskólaráði á sama ári. Reglur um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands eru nr. 544/2010. Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.

Helstu þættir starfseminnar

- Rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda.

- Árlegur fundur um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknáætlanir starfsmanna stofnunarinnar og annarra á sviði tannlæknisfræði.
- Endurmenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna.
- Álitsgerðir sem unnar eru af sérfræðingum stofnunarinnar fyrir opinbera aðila, einkum landlækni og úrskurðarnefnd almannatrygginga.
- Sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Kynningarstarfsemi

Ráðstefnur og fundir

Tannlækningastofnun stóð fyrir XXIII. vetrarfundi stofnunarinnar, Rannsóknir í tannlækningum, í Læknagarði 8. desember. Á fundinum voru haldin fimmtán erindi og tvö veggspjöld kynnt og verða ágríp þeirra birt í Tannlækna blaðinu.

Erindin voru:

- Endurbætt aðferð við μ -togbindistyrksmælingar. Sigfús Þór Elíasson og Erik Kleven.
- μ -togbindistyrkur milli gamals og nýs plastblendis. Sigfús Þór Elíasson og Jon E. Dahl.
- Plastblendifyllingar úr Filtek Silorane með Filtek Supreme yfirlagi – forrannsókn. Sigfús Þór Elíasson.
- Glerungseyðing tanna brasilískra barna af völdum ávaxtadrykkja. Peter Holbrook og Juma Roches Fortes.
- Könnun á viðhorfi sjúklinga til tannígræðslu. Teitur Jónsson, Aron Guðnason, Ásgeir Sigurðsson, Berglind Jóhannsdóttir, Gísli Einar Árnason, Júlíus Helgi Schopka, Olga Hrönn Jónsdóttir og Þórarinn Sigurðsson.
- Tannheilsa og lífsgæði aldraðra á stofnunum. Kynning á rannsókn. Aðalheiður Svana Sigurðardóttir, Ellen Flosadóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Inga B. Árnadóttir.
- Tannlituð plastblendisinnlegg og -álegg. Jónas Geirsson.
- Þegar tannþín er vöðvabólga. Sjúkratilfelli og rýnt í rannsóknir. Karl Örn Karlsson.
- Kynning á rannsókn á erfðum þráláttra verkja í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Karl Örn Karlsson og Björn Ragnarsson.
- Tannheilsa 12 og 13 ára barna í barnaskóla á Bashay-svæðinu í Tansaníu. Björg Helgadóttir, Telma Borgþórsdóttir, Sigurður Rúnar Sæmundsson og Inga B. Árnadóttir.
- Kynning á rannsókn: Áhrif fræðslu á munnhirðu 12 ára barna. Dana Rún Heimisdóttir, Hafdís Björk Jónsdóttir, Regina Sóley Valsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Inga B. Árnadóttir.
- Aldursgreining hælisleitenda. Svend Richter og Sigríður Rósa Víðisdóttir.
- Óhefðbundin gögn í tannfræðilegum réttarrannsóknum. Svend Richter og Sigríður Rósa Víðisdóttir.
- The Effect of Systemic Antibiotics on Outcomes of Implant Therapy. A Randomised Controlled Clinical Trial. Bjarni E. Pjetursson.
- Lokastig tannmyndunar. Sigríður Rósa Víðisdóttir og Svend Richter.

Veggspjöldin voru:

- Úr sögu Tannlæknadeildar – 30 ára atburðir. Sigfús Þór Elíasson.
- Flokkun mátefna í heilgómagerð og áhrif sótthreinsunar á stöðugleika þeirra. Rebekka Líf Karlsdóttir og Svend Richter.

Tannlækningastofnun stóð fyrir árlegri fyrirlestraröð á vormisseri í samvinnu við Tannlæknadeild og Tannlæknafélag Íslands. Fyrirlestraröðin var ætluð tannlæknanemum, útskrifuðum tannlæknum og starfsfólki Tannlæknadeildar. Um var að ræða þrettán fyrirlestra. Þar ræddu heilbrigðisstarfsmenn og sérfræðingar málefni sem tengjast ýmist beint eða óbeint tannlækningum og ætlað er að víkka sjónarhorn starfandi tannlækna og tannlæknanema. Fyrirlestrarnir voru haldnir í Læknagarði.

Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjá áratugi.

Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna í lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum í lífeðlisfræði á Heilbrigðisvísindasviði rannsóknaraðstöðu. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurrannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði fyrir nemendur í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

Lífefna- og sameindalíffræðistofa

Rannsóknastofan er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreininum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Auk þess að reka Lífefna- og sameindalíffræðistofu tengist fræðasviðið erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor, Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífefnafræðingur. Á rannsóknastofunni starfa á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum.

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genalækningar, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á banafluglu, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafósturvísnum og kerfislíffræði efnaskipta. Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – Háskólasjúkrahúss.

Lífvísindasetur

Almennt yfirlit

Lífvísindasetur Háskóla Íslands (e. Biomedical Center, University of Iceland) er formlegt samstarf rannsóknæininga sem starfa á sviði lífvísinda við Háskóla Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Landspítala – háskólasjúkrahús. Starfsmenn setursins koma einnig að

kennslu á Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Auk þess er einn rannsóknahópur við Háskólann í Reykjavík tengdur setrinu.

Rannsóknir

Rannsóknahópar Lífvísindaseturs stunda rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda, svo sem sameindalíffræði krabbameins, starfsemi og sérhæfingu stofnfruma, taugalíffræði, stjórnun genatjáningar, erfðalækningum, næringar- og matvælafræði og örverufræði, auk ýmissa sviða lífeðlisfræðinnar. Rannsóknahóparnir eiga það sameiginlegt að notast við sameindalíffræði og frumulíffræði til að greina starfsemi mannlíkamans og eðli sjúkdóma. Lífvísindasetrið er ein helsta miðstöð meistara- og doktorsnáms á sviði heilbrigðisvísinda, auk þess sem fjöldi fyrirlestra er haldinn þar, bæði með þátttöku innlendra fræðimanna og erlendra gestafyrirlesara.

Árlega útskrifast fjöldi meistara- og doktorsnema sem hafa fengið rannsóknamenntun sína við setrið. Rannsóknahóparnir birta árlega fjölda vísindagreina, auk þess sem þeir eru virkir við að afla styrkja úr innlendum og erlendum sjóðum. Yfirlit yfir rit sem birtust í tengslum við starfsemi setursins má finna á heimasíðu setursins: lifvisindi.hi.is.

Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Almennt yfirlit og stjórn

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa allar deildir Heilbrigðis- og Félagsvísindasviðs ásamt Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með náminu. Fagleg breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda námskeiða og móta þannig námið í átt að áhugasviði sínu.

Í námsstjórn þverfræðilegs náms í lýðheilsuvísindum sátu: Haraldur Briem, sóttvarnalæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og forseti Félags- og mannvísindadeildar, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor og forseti Hjúkrunarfræðideildar, Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Unnur Anna var í rannsóknarleyfi frá 1. ágúst og tók Arna Hauksdóttir lektor sæti í námsstjórn í fjarveru hennar.

Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Hún hlaut framgang í stöðu prófessors á árinu. Auk hennar störfuðu þrír kennarar við miðstöðina, Thor Aspelund dósent (í hálfri stöðu), Helga Zoëga lektor og Arna Hauksdóttir lektor. Staða Thors Aspelund var styrkt af þróunarsjóði rektors. Helga Zoëga var ráðin frá 1. september og kom fjárveiting fyrir þeirri stöðu úr Aldarafmælingssjóði. Staða Örnú Hauksdóttur var fjármögnuð með rannsóknarstöðustyrk frá Rannís. Jóhanna Eyrún Torfadóttir gegndi stöðu rannsóknasérfræðings í tölfræði síðari hluta ársins og Dóra R. Ólafsdóttir var verkefnisstjóri við miðstöðina. Arna Hauksdóttir leysti Unni Önnu af í starfi forstöðumanns í rannsóknaleyfi hinnar síðarnefndu. Hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum hafa um 10 doktorsnemar aðstöðu og taka flestir þeirra þátt í stunda- og dæmatímakennslu. Að auki hafa nokkrir erlendir doktorsnemar og nýdoktorar tímabundið aðstöðu við miðstöðina. Fjölmargir stundakennarar kenna í skyldunámskeiðum og leiðbeina meistara- og doktorsnemunum.

Nám og kennsla

Sem áður er megináhersla í meistaranáminu í lýðheilsu (MPH-náminu, Master of Public Health) lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Þróðar hafa verið þrjár námslínur innan námsins þar sem í fyrsta lagi er lögð áhersla á sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, í öðru lagi á heilbrigðisstjórnun og forvarnir og loks á heilsueflingu. Kennarar og gestafyrirlesarar í skyldunámskeiðum eru flestir úr öðrum deildum eða námsbrautum Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum innan- og utanlands. Við árslok stunduðu 57 nemendur meistaranám og 29 nemendur diplómanám. Á árinu brautskráðust átta nemendur með MPH-próf og átta nemendur með diplómagráðu. Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er í stöðugri sókn, í desember árið 2012 voru 18 nemendur skráðir í námið og þrjár doktorsvarnir fóru fram á árinu.

Á skólaárinu hófst samkennsla í faraldsfræði og undirbúningur að samkennslu í líftölfræði með læknadeild. Fyrirhugað er að þessi grunnnámskeið verði kennd samtímis meistaranemendum í lýðheilsuvísindum og nemendum á þriðja ári í læknisfræði.

Alþjóðasamskipti

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Harvard School of Public Health endurnýjuðu samstarfssamning sinn um samvinnu í rannsóknum, kennslu og þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna árið 2012 og hefur það samstarf gengið sérlega vel á liðnu skólaári. Þá er hafinn undirbúningur að umfangsmikilli framsýnni rannsókn, Heilsusögubankanum (SAGA Cohort), í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Lífsýnabanka Landspítala – háskólasjúkrahúss og ýmsar erlendar vísindastofnanir. Áætlað er að rannsóknin taki til um 100.000 Íslendinga á 10 árum og svari mikilvægum spurningum um áhrif og samspil sálrænnar streitu og erfða á heilsufar. Námsbrautin bauð upp á eitt vikulangt námskeið í samstarfi við Nordic School of Public Health: Scientific Communication og kennari í því var Alexandra Krettek. Um tugur meistara- og doktorsnema sótti námskeið við Nordic School of Public Health, Karolinska Institutet og Harvard School of Public Health.

Rannsóknir

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu 30 greinar birtar eða samþykktar á árinu í erlendum ritrýndum tímaritum.

Helstu rannsóknasvið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru:

1. Áföll og streita: afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð.
2. Áhrifaþættir langvinnra sjúkdóma.
3. Umhverfi og heilsa: loftgæði og notkun öndunarfæralyfja.
4. Heilsuefling barna og unglinga.
5. Sóttvarnir og viðbrögð við ýmsum heilsufarsógnum.
6. Jafnrétti til heilsu: Öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu.
7. Lyfjafaraldsfræði.

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema eru flest að einhverju leyti á ofangreindum sviðum. Rannsóknir Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru flestar unnar í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsskrá, embætti landlæknis og Landspítala – háskólasjúkrahús. Nemendur og kennarar í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki til rannsóknaverkefna sinna m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Rannsóknasjóði Rannís, Rannsóknarnámssjóði Rannís og Nýsköpunarsjóði námsmanna, auk fjölmargra smærri styrkja frá ýmsum félagasamtökum og fyrirtækjum.

Markaðs- og kynningarmál

Námið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámskynningu háskólans og einnig voru haldnir tveir sérstakir kynningarfundir. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum voru haldnar reglulega og þar kynntu doktorsnemar rannsóknáætlanir eða fyrstu niðurstöður sínar. Nokkrir meistara- og doktorsnemendur kynntu enn fremur fyrstu niðurstöður sínar á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis. Miðstöð í Lýðheilsuvísindum á einnig í traustu samstarfi við Faralds- og líftölfræðifélagið og heldur með því sameiginlegar málstofur. Loks ber að geta þess að námsbrautin vann að umfangsmiklu gæðamati samkvæmt rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) og var skýrslu skilað á haustmánuðum 2012.

Hugvísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði. Forseti Deildar erlendra tungumála fram á mitt ár var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varaforseti Matthew Whelpton, dósent í ensku. Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, tók við sem forseti deildarinnar 1. júlí og þá tók einnig Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, við starfi varaforseta. Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor varaforseti. Forseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku. Varaforseti var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafraeði. Þann 1. júlí tók Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði, við starfi deildarforseta og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, við starfi varadeildarforseta. Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varadeildarforseti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki. Þann 1. júlí tók Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, við starfi forseta deildarinnar og Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, við starfi varaforseta.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og að auki einn áheyrnarfulltrúa. Markús Þ. Þórhallsson, nemandi í sagnfræði, var aðalfulltrúi nemenda.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórn-sýslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar starfa m.a. verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórn-sýslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórn-sýslu háskólans.


Skrifstofa Hugvísindasviðs er á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Á skrifstofunni eru tólf starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

Starfsmannamál

Hugvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Fjöldi	Stöðuígildi
Konur	75	65,86
Karlar	78	66,8
Samtals:	153	132,7

Hugvísindasvið Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum í árslok 2012



Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Karlar	Konur	Samtals
Hugvísindasvið	5	7	12
Einstaklingar			12
Stöðuígildi			11,5

Nánar er fjallað um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

Fjármál Hugvísindasviðs*

Fjárveiting	1.081.205
Sértekjur	313.999
Tekjur alls	1.395.204
Útgjöld	1.331.370
Tekjuafgangur	63.834
Ársverk	154,6
Skráðir nemendur	2.555
Virkir nemendur	1.686
Nemendur/ársverk	16,5
Virkni nemenda	66,0%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út þrisvar sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi þess. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Nokkur myndbönd voru framleidd til kynningar á námsgreinum Hugvísindasviðs. Þau voru birt á vef sviðsins og á YouTube-rás vefrísins Hugrásar. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl. Á árinu var átaki í að stofna vefi fyrir kennara sviðsins haldið áfram.

Sviðið rekur vefritið Hugras.is þar sem birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn í febrúar, auk þess sem nokkrir framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum í kynningu.

Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið eflað á undanförunum árum. Það hefur skilað sér í bættari rannsóknþjónustu á sviðinu og í auknum stuðningi við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðiritna og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um rannsóknir á sviðinu í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspækistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar eða einstakra aðildarstofnana hennar geta einnig starfað sérhæfðar rannsóknastofur.

Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem hefur verið samþykkt fyrir árin 2009 til 2013. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Jafnréttisstefnu sviðsins má lesa í heild sinni á innri vef háskólans.

Doktorsvarnir

Þann 3. febrúar varði Ólafur Rastrick doktorsritgerð sína Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910-1930 við Sagnfræði- og heimspekideild. Andmælendur voru Rósa Magnúsdóttir, lektor við Árósháskóla, og Jón Karl Helgason, dósent við Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi var Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði. Aðrir í doktorsnefnd voru Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði, og Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði. Eggert Þór Bernharðsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stjórnaði athöfninni sem fór fram í Hátíðasal Háskólans.

Þann 10. febrúar varði Gabriel Malenfant doktorsritgerð sína Relations to Others, Relations to Nature: Discovering Allocentrism with Emmanuel Levinas við Sagnfræði- og heimspekideild. Þetta er fyrsta doktorsritgerðin í heimspeki sem varin hefur verið við Háskóla Íslands. Andmælendur við vörnina voru þau Søren Overgaard frá Háskólanum í Kaupmannahöfn og Tove Pettersen frá Háskólanum í Osló. Leiðbeinandi Gabriels var Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild. Í doktorsnámsnefndinni voru, ásamt henni, Hans Ruin frá Södertörnháskóla og Olli Loukola frá Helsinkiháskóla. Vilhjálmur Árnason, varaforseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.

Þann 5. mars varði Ásdís Emilsdóttir Petersen doktorsritgerð sína „Á grænum grundum...“ – Rannsókn á leiðtogaeinkennum íslenskra presta og grósku í safnaðarstarfi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Andmælendur voru Sigurður Pálsson, pastor emeritus, og Árelía E. Guðmundsdóttir, dósent við Viðskiptafræðideild. Aðalleiðbeinandi doktorsefnisins var Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Meðleiðbeinandi var Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Viðskiptafræðideild. Í doktorsnámsnefndinni voru, auk þeirra, Haukur I. Jónasson, lektor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, og Harald Askeland, fyrrverandi rektor við Diakonhjemmet í Osló. Sólveig Anna Bóasdóttir deildarforseti stjórnaði athöfninni.

Föstudaginn 21. september varði Kristján Jóhann Jónsson doktorsritgerð sína við Íslensku- og menningardeild. Ritgerðin nefnist Heimsborgari og þjóðskáld. Um þversagnakennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenski menningu. Andmælendur voru Jón Karl Helgason, dósent við Íslensku- og menningardeild, og Guðmundur Hálfðanarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild. Aðalleiðbeinandi Kristjáns var Sveinn Yngvi Egilsson prófessor og í doktorsnámsnefndinni voru, auk hans, Gauti Kristmannsson prófessor og Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur. Guðni Elísson, forseti Íslensku- og menningardeildar, stjórnaði athöfninni.



Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur, innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindapings sem fyrst var haldið árið 1996. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

Þing Hugvísindasviðs

Efnt var til þings Hugvísindasviðs 31. maí í stofu 101 í Odda. Á dagskrá voru ýmis mál en þau helstu voru stefna sviðsins 2009-2013 og mótun kennslustefnu deilda.

Hugvísindaping

Yfir eitt hundrað erindi voru flutt á 27 málstofum á Hugvísindapingi 2012 sem haldið var 9. og 10. mars. Dagskrá þingsins var fjölbreytt en þar var m.a. fjallað um Charles Dickens, gröf og dauða, matarmenningu, höfundarrétt, loftslagsumræðuna, þöglar kvikmyndir og kvæði, sálma og ljóð eftir konur og handa konum. Hugvísindaping hefur verið árviss viðburður frá árinu 1999. Nánar er fjallað um þingið í kafla um Hugvísindastofnun.

Menningarhátíð

Hin árlega Japanshátíð var haldin í áttunda sinn í janúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku í samstarfi við japanska sendiráðið. Hátíðin var fjölsótt að vanda.

Námskynningar

Í febrúar var námskynning haldin í Háskóla Íslands á svonefndum háskóladegi. Dagurinn þótti takast mjög vel og var fjölsóttur að vanda. Sviðið tók enn fremur þátt í margvíslegum öðrum námskynningum í framhaldsskólum, ýmist með öðrum deildum og sviðum skólans eða á eigin vegum með kynningum á stökum námsgreinum eða deildum Hugvísindasviðs.

Hugvísindasvið og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda veittu allmörgum stúdentum viðurkenningu, bókina Eitt þúsund tungumál, fyrir góðan árangur í erlendum tungumálum við útskrift úr framhaldsskóla. Viðurkenningunni er ætlað að hvetja stúdenta til áframhaldandi náms í erlendum tungumálum.

Evrópski tungumáladagurinn

Evrópski tungumáladagurinn var haldinn hátíðlegur þann 26. september undir yfirskriftinni „Tungumál, tækni og tækifæri“. Af því tilefni var efnt til hátíðardagskrár í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, STÍL (Samtök tungumálakennara á Íslandi) og Máltæknisetur. Þar var fjallað um það hvernig ný þekking, tækni og leiðir geta nýst í þágu tungumálanáms og samskipta á erlendum tungumálum. Í tilefni dagsins var hrundið af stað tungumálaleik á Facebook og naut hann mikilla vinsælda.

Íslenskuþorp

Íslenskuþorpið var opnað á Háskólatorgi á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Íslenskuþorpið er nýstárleg leið fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál til að æfa sig í málinu. Hugmyndin að baki Íslenskuþorpinu byggist á rannsóknum Guðrúnar Theódórsdóttur, lektors í annarsmálsfræðum við Íslensku- og menningardeild. Nemendur í íslensku sem öðru máli nota nýja tungumálið nánast eingöngu í kennslustundum fyrsta árið í náminu. Þeim reynist erfitt að finna hentuga staði utan kennslustofunnar til að nota málið úti í samfélaginu því að þeim er gjarnan svarað á ensku. Með

Íslenskuþorpinu er brugðist við þessu. Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja á háskólasvæðinu og víðar í Reykjavík.

Alþjóðasamskipti

Erlendir nemendur

Erlendir nemendur við Háskóla Íslands voru samtals 1832 á árinu. Þar af voru 849 við nám á vormisseri 2012 og 983 við nám á haustmisseri 2012. Af þessum erlendu nemendum voru 826 við nám á Hugvísindasviði, 382 á vormisseri og 464 á haustmisseri. Á námsleiðinni Íslenska sem annað mál (BA-nám) voru 144 nemendur á vormisseri 2012 og 54 erlendir nemendur á námsleiðinni Hagnýt íslenska sem annað mál á vormisseri 2012. Á námsleiðinni Íslenska sem annað mál (BA-nám) voru síðan 183 erlendir nemendur á haustmisseri 2012 og 73 erlendir nemendur á námsleiðinni Hagnýt íslenska sem annað mál á haustmisseri 2012. Á námsleiðinni Medieval Icelandic Studies á árinu var 31 erlendir nemandi og 16 erlendir nemendur hófu nám á námsleiðinni Viking and Medieval Norse Studies á haustmisseri 2012.

Erlendir skiptinemendur

Erlendir skiptinemendur við Háskóla Íslands voru samtals 442. Af þessum erlendu skiptinemendum voru 132 á vormisseri 2012 og 310 á haustmisseri 2012. Af þessum erlendu skiptinemendum voru 110 við nám á Hugvísindasviði.

Nemendur komu meðal annars á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar, ISEP-stúdentaskipta við Bandaríkin, AEN, sem er samstarfsnet á milli evrópskra háskóla í Utrecht-samstarfsnetinu (sem Háskóli Íslands er aðili að) og sjö háskóla í Ástralíu, CREPUQ-samstarfsins við háskóla í Kanada og samstarfssamninga við háskóla á Indlandi, Japan og Kína, auk þess sem stúdentar kom frá háskólum í Taívan, Taílandi og Suður-Kóreu sem Háskóli Íslands er í samstarfi við. Þá koma einnig skiptinemendur á vegum tvíhliðasamninga.

Nemendur í skiptinám

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemendur til erlendra háskóla voru samtals 278. Nemendur sem fóru til samstarfsskóla í Evrópu voru 226 og til samstarfsskóla utan Evrópu 52. Nemendur Hugvísindasviðs sem fóru sem skiptinemendur til erlendra háskólaárið árið 2012 voru 81 samtals til skóla í Evrópu og utan Evrópu. Í febrúar fóru 14 nemendur í þýsku til Tübingen í Þýskalandi í kennsluferð í tvær vikur, en það er í tólfta sinn sem slík ferð er farin til Tübingen. Nemendur í dönsku fóru einnig í sína árlegu námsferð á Schæffergården í Danmörku í verkefnavikunni að hausti.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Á Hugvísindasviði var boðið upp á fjölda námskeiða á ensku, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og eru þar talin með námskeið gestakennara í styttri tíma. Námsleiðir sem kenndar á ensku eru Medieval Icelandic Studies (MA-nám) og Viking and Medieval Norse Studies (MA-nám).

Norræn miðaldafræði

Sextán hófu nám á nýrri meistaranámsbraut, Viking and Medieval Norse Studies, sem er starfrækt í samstarfi við Óslóarháskóla, Árósaháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Viking and Medieval Norse Studies er ný braut sem stofnsett var með Nordic Master styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum, eins og það kallast upp á íslensku, er tveggja ára (120 ECTS) alþjóðleg námsbraut þar sem nemendum utan Norðurlandanna býðst vandað og fjölbreytt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum. Þar sem námsbrautin er einkum ætluð nemendum utan Norðurlandanna fer kennsla fram á ensku.

Nú í byrjun haustmíssis hófu 23 nemendur nám á tveimur alþjóðlegum meistaranámsbrautum í miðaldafræðum við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Nemendurnir eru frá níu löndum, Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Brasilíu, Ísrael, Kanada, Noregi, Póllandi og Ungverjalandi.

Sjö þessara nemenda eru á meistaranámsbrautinni Medieval Icelandic Studies sem starfrækt hefur verið síðan haustið 2005 í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þá eru námsleiðirnar Icelandic as a second language/Íslenska sem annað mál (BA-nám) og Practical Icelandic as a second language/Hagnýt íslenska sem annað mál kenndar á Hugvísindasviði. Kennsla við námsbraut í ensku fer fram á ensku. Námskeið í tungumálagreinum fara að jafnaði fram á viðkomandi tungumáli og hefur orðið vart við aukinn áhuga erlendra skiptinemenda á námskeiðum í tungumálum meðan þeir stunda skiptináms við Háskóla Íslands.

Kennaraskipti

Á árinu fóru 15 kennarar Hugvísindasviðs til erlendra háskóla í á vegum Erasmus-kennaraskipta. Lönd sem farið var til voru Frakkland, Spánn, Þýskaland, Ítalía, Ungverjaland og Danmörk. Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi Hugvísindasviðs. Gestakennarar dvelja í mismilangan tíma og kenna þeir sumir í málstofum daglega í nokkrar vikur.

Annað

Önnur alþjóðleg samskipti, eins og fyrirlestraferðir og samstarfsverkefni, eru hluti af starfsemi sviðsins.

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Í námi við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðapjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

Stjórn

Forseti Deildar erlendra tungumála fram á mitt ár var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varaforseti Matthew Whelpton, dósent í ensku. Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, tók við sem forseti deildarinnar 1. júlí og á sama tíma Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, sem varaforseti.

Ráð og nefndir

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

Námsgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska og þýska í ferðapjónustu og miðlun, enska: Bókmenntir, menning og miðlun.

Starfsmannamál

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda		
Aðjuntar	Fjöldi	Stöðuglidi
– konur	7	5,25
– karlar	4	3,11
Lektorar		
– konur	8	7,5
– karlar	3	2,31
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	2	2
Samtals:	34	30,2

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Þórhallur Eypórsson var ráðinn fræðimaður (sem er jafngildi dósentsstarfs) við námsbraut í ensku.
- Annemette Hejlsted tók við starfi sendikennara í dönskum bókmenntum.
- Gro Tove Sandsmark tók við starfi sendikennara í norsku.
- Magnús Björnsson var ráðinn forstöðumaður Konfúsíusarstofnunar.
- Gunnella Þorgeirsdóttir var ráðin aðjunkt og greinarformaður í japönsku máli og menningu.
- Guðrún Kristinsdóttir var ráðin verkefnastjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Austur-Asíufræði	1	1	2
	Danska	1	3	4
	Enska	19	33	52
	Finnska		1	1
	Franska		3	3
	Frönsk fræði		1	1
	Ítalska	1	4	5
	Japanskt mál og menning	8	5	13
	Kínversk fræði	1	2	3
	Latína		1	1
	Rússneska	1	2	3
	Spænska		5	5
	Sænska		1	1
	Þýska	1	3	4
	Grunndiplóma	Hagnýt franska fyrir atvinnulífið		3
Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið			1	1

MA	Enskukennsla		1	1
	Spænskukennsla		5	5
	Þýskukennsla		1	1
Meistarapróf	Enska	2	2	4
	Franska	1		1
	Hagnýt þýska í ferðapjónustu og miðlun		1	1
Alls		36	79	115

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samanburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna héraendis.

Stjórn

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson var varaforseti.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknanámsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: trúarbragðafræði, djáknanám og guðfræði.

Starfsmannamál

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild			
	Lektorar	Fjöldi	Stöðuígildi
	– konur	0	0
	– karlar	1	0,25
	Dósentar		
	– konur	1	1
	– karlar	0	0
	Prófessorar		
	– konur	1	1
	– karlar	4	3,31
	Samtals:	7	5,6

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Magnús Þorkell Bernharðsson, dósent við Williams College í Massachusetts, var ráðinn í akademískt gestastarf. Ráðningarsamningurinn var sá fyrsti sinnar gerðar við Hugvísindasvið en hann hefur það að markmiði að styrkja nýja MA-námsleið í trúarbragðafræði við skólann.

Brautskráðir stúdentar frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Guðfræði	5	9	14
	Guðfræði – Djáknanám		1	1
MA	Guðfræði	3		3
	Trúarbragðafræði		1	1
Mag.theol.	Guðfræði	1		1
Viðbótardiplóma	Djáknanám		1	1
Kandídatpróf	Guðfræði – Framhaldsnám eftir BA-próf	2	5	7
Doktorspróf	Guðfræði		1	1
Alls		11	18	29

Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstoðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi, aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

Stjórn

Forseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku, og varaforseti var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði. Þann 1. júlí tók Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði, við starfi deildarforseta og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, tók við starfi varaforseta deildarinnar.

Ráð og nefndir

Við deildina starfar þrjár fastar stjórnunareiningar: deildarfundur, deildarráð og framhaldsnámsnefnd.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, samfélagstúlkun, táknmálsfræði, þýðingafræði, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, íslensk miðaldafræði og máltækni.

Starfsmannamál

Íslensku- og menningardeild

Aðjunktur	Fjöldi	Stöðuígildi
– konur	5	4,8
– karlar	4	2,82
Lektorar		
– konur	5	4,1
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	3	3

– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	13	12,39
Samtals:	39	36,1

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Sif Ríkharðsdóttir var ráðin í starf lektors í almennri bókmenntafræði.
- Haraldur Bernharðsson var ráðinn í starf dósents í miðaldafræði.
- Guðrún Theodórsdóttir var ráðin í starf lektors í annarsmálsfræðum.
- Hlynur Helgason var ráðinn í starf lektors í listfræði.
- Björn Ægir Norðfjörð hlaut framgang í starf dósents.
- Jón Karl Helgason hlaut framgang í starf prófessors.
- Rúnar Helgi Vignisson hlaut framgang í starf dósents.

Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Almenn bókmenntafræði	10	11	21
	Almenn málvísindi		3	3
	Íslenska	4	11	15
	Íslenska fyrir erlenda stúdenta	5	7	12
	Íslenska sem annað mál	2	2	4
	Kvikmyndafræði	2	1	3
	Listfræði	1	22	23
	Ritlist	6	8	14
	Táknmálsfræði		2	2
Grunndiplóma	Hagnýt íslenska fyrir erlenda stúdenta		1	1
	Íslenska sem annað mál, hagnýtt nám		2	2
Viðbótardiplóma	Hagnýtt nám í þýðingum		3	3
Meistarapróf	Almenn bókmenntafræði	3	3	6
	Almenn málvísindi		1	1
	Alþjóðlegt meistaránám í íslenskum miðaldafræðum	5	1	6
	Hagnýt ritstjórn og útgáfa		9	9
	Íslensk fræði	1	4	5
	Íslensk málfræði	3	4	7
	Íslenskar bókmenntir	1	3	4
	Íslenskukennsla	1	1	2
	Menningarfræði (sameiginleg námsleið Háskóla Íslands og HB)	2	2	4
	Miðaldafræði	5	2	7
	Þýðingfræði	4	7	11
Doktorspróf	Íslenskar bókmenntir	1		1
Alls		56	110	166

Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skipandi samstarf á milli nemenda og kennara, bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefni. Í öflugum rannsóknunum deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

Stjórn

Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varaforseti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki. Þann 1. júlí tók Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, við starfi forseta deildarinnar og Guðmundur Hálfðanarson við starfi varaforseta.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

Starfsmannamál

Sagnfræði- og heimspekideild			
	Aðjunktur	Fjöldi	Stöðuígildi
	– konur	1	1
	– karlar	2	1,42
	Lektorar		
	– konur	1	0,5
	– karlar	0	0
	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	0	0
	Prófessorar		
	– konur	3	2,55
	– karlar	18	15,36
	Samtals:	25	20,8

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur var skipaður í prófessorsstöðu við Háskóla Íslands sem tengd er nafni Jóns Sigurðssonar. Staðan er vísuð innan Hugvísindasviðs á meðan Guðmundur gegnir henni. Hann heldur þeirri aðstöðu sem hann hefur haft á sviðinu og starfar áfram sem prófessor innan námsbrautar í sagnfræði og Sagnfræðistofnunar. Starfsskyldum hinnar nýju stöðu er jafnframt sinnt í samstarfi við aðila á Vestfjörðum, m.a. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og Háskólasetur Vestfjarða.
- Gavin M. Lucas hlaut framgang í starf prófessors.
- Steinunn J. Kristjánsdóttir hlaut framgang í starf prófessors.

Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Fornleifafræði	3	4	7
	Heimspeki	16	5	21
	Sagnfræði	18	15	33
Viðbótardiplóma	Hagnýt menningarmiðlun	1	2	3
M.Paed.	Sagnfræði	1		1
Meistarapróf	Fornleifafræði	1	3	4
	Hagnýt menningarmiðlun	2	17	19
	Hagnýt siðfræði	1	2	3
	Heilbrigðis- og lífsiðfræði	1	1	2
	Heimspeki	1	1	2
	Sagnfræði	1	2	3
	Viðskiptasiðfræði		1	1
Doktorspróf	Heimspeki	1		1
	Sagnfræði	1		1
Alls		48	53	101

Hugvísindastofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Árið 2012 var stjórn skipuð eftirtöldum fulltrúum stofnana sem eiga aðild að Hugvísindastofnun: Ármann Jakobsson var fulltrúi Bókmennta- og listfræðastofnunar og varaformaður stjórnar, Arnfríður Guðmundsdóttir var fulltrúi Guðfræðistofnunar, Róbert Haraldsson var fulltrúi Heimspekistofnunar, Höskuldur Þránínsson var fulltrúi fyrir Málvísindastofnun, Valur Ingimundarson var fulltrúi fyrir Sagnfræðistofnun fyrri hluta árs en þá tók Anna Agnarsdóttir við, Auður Hauksdóttir var fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Vilhjálmur Árnason fyrir Siðfræðistofnun, Irma Erlingsdóttir fyrir Öndvegissetrið Eddu og Guðni Elísson fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Skúli Pálsson og Kolfinna Jónatansdóttir sóttu stjórnarfundum á árinu sem fulltrúar doktorsnema.

Margrét Guðmundsdóttir var verkefnastjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri Hugvísindasviðs en störfin teljast til Hugvísindastofnunar.

Innan vébanda Hugvísindastofnunar starfa tvær rannsóknastofur, Miðaldastofa, sem er þverfræðileg stofa aðila úr öllum deildum sviðsins ásamt fræðimönnum í þjóðfræði á Félagsvísindasviði og fræðimönnum á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Rannsóknastofa í máltileinkun, sem byggist á samstarfi Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig eru stofur innan vébanda einstakra aðildarstofnana.

Hugvísindastofnun

Hugvísindastofnun, Siðfræði-, Sagnfræði- og Heimspekistofnun Stofnun Vigdísar, Bókmenntafræðistofnun, Tungumálamiðstöð og Asíusetur

	Starfsmenn	Fjöldi	Stöðuígildi
	– konur	12	9,06
	– karlar	12	10,13
	Samtals:	24	19,19

Ríkk og Edda – öndvegissetur

	Starfsmenn	Fjöldi	Stöðuígildi
	– konur	6	4,6
	– karlar	0	0
	Samtals:	6	4,6

Málvísindastofnun

	– konur	3	3
	– karlar	3	1,71
		6	4,71
	Samtals:	36	28,5

Rannsóknir og stoðþjónusta

Meginhlutverk Hugvísindastofnunar er að veita ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Alla jafna kemur frumkvæði að verkefnum, hvort sem um er að ræða rannsóknir, ráðstefnur eða útgáfu, frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar starfsmönnum þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum,
- aðstoðar við umsóknagerð,
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja,
- aðstoðar við ráðstefnuhald og fundahöld sem tengjast alþjóðlegu samstarfi,
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu,
- aðstoðar aðildarstofnanir, einkum þær sem ekki hafa fastan starfsmann, við fjárumýslu og bókaútgáfu, sem og við vefmiðlun og önnur kynningarmál í samvinnu við vef- og kynningarstjóra sviðsins.

Aðstoð við umsóknagerð getur verið margvísleg, allt frá því að gera kostnaðaráætlanir, ganga frá samningum sem tengjast verkefnum, lesa yfir umsóknir og gera tillögur um breytingar eða taka þátt í því að skipuleggja verkefni, til þess að setja saman umsókn í öllum meginatriðum. Markmiðið með þjónustunni er að bæta umsóknir og auka þannig styrkjamöguleika en ekki síður að fjölga þeim sem sækja í sjóði og finna ný styrkjatækifæri fyrir starfsmenn sviðsins. Margir starfsmenn eru reyndir umsækjendur og þurfa litla aðstoð en þeir sækjast þó í síauknum mæli eftir ráðgjöf hjá Hugvísindastofnun, bæði hvað varðar sóknartækifæri og yfirlestur umsókna. Á árinu aðstoðaði stofnunin við fjölda umsókna. Viðamesta umsóknin snerist um samstarfsnet doktorsnema og fór í Marie Curie áætlun Evrópusambandsins. Starfsfólk Hugvísindastofnunar hefur í auknum mæli haft frumkvæði að umsóknum í samstarfi við starfsfólk sviðsins, sérstaklega í norræna og evrópska sjóði.

Stuðningur Hugvísindastofnunar við rannsóknir á sviðinu felst einnig í styrkveitingum til rannsóknatengdrar starfsemi og einstakra rannsakenda og þjónar Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar þessu hlutverki. Reglur sjóðsins eru endurskoðaðar árlega í ljósi reynslu og með það að leiðarljósi að mæta nýjum þörfum. Sjóðurinn veitir styrki til ráðstefnuhalds, heimsókna fræðimanna og útgáfu og einstaklingar geta fengið styrki til þýðinga. Sjóðurinn veitti um nokkurra

ára skeið einstaklingum styrki til að byggja upp rannsóknir sínar með birtingu niðurstaðna á viðurkenndum vettvangi að markmiði en þeir styrkir voru lagðir af í árslok 2012 þar sem það var mat stjórnar að uppsafnaðri þörf hefði verið mætt. Í stað þess voru teknir upp styrkir til að þróa umsóknir í stærri sjóði. Árið 2012 samþykkti stjórnin styrki upp á alls um sex milljónir króna, þar af um 3,5 m.kr. til ráðstefnuhalds, 1,75 m.kr. til útgáfu, 330 þús.kr. vegna heimsóknna erlendra fræðimanna og 450 þús.kr. var varið í uppbyggingarstyrki, þýðingastyrki til einstaklinga og fleira. Styrkirnir komu þó ekki allir til greiðslu á árinu og ekki er víst að öll verkefni sem fengu styrkloforð verði að veruleika. Starfsmönnum sviðsins er einnig umbunað fyrir að sækja rannsóknafé í samkeppnissjóði heima og erlendis samhliða skiptingu fjárveitingar Hugvísindastofnunar. Árið 2012 fengu 14 verkefnisstjórar slíka styrki vegna 16 verkefna, alls kr. 2.550 þús.kr.

Útgáfa, ráðstefnur og þing

Útgáfa Ritsins, sem er þverfræðilegt tímarit Hugvísindastofnunar á sviði hugvísinda og skyldra greina, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og alla jafna stýra tveir ritstjórar hverju hefti.

Aðalritstjórar árið 2012 voru Sólveig Anna Bóasdóttir og Þröstur Helgason, en Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Þórhallur Eyþórsson voru gestarítstjórar þriðja heftis ársins. Á árinu var sótt um skráningu á Arts and Humanities Citation Index hjá Thomson Reuters (ISI). Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar standa líka fyrir umtalsverðri útgáfu tímarita og bóka.

Árlegt Hugvísindaping er jafnan stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds. Árið 2012 var það haldið 9.-10. mars. Haldin voru um 100 erindi í 27 málstofum og var þar á meðal málstofa í tilefni af 200 ára afmæli Dickens þar sem Michael Hollington, prófessor í ensku við háskólann í Toulouse-Le Marail 2, var gestur. Þingið endurspeglar vel breidd hugvísindanna og í mörgum málstofum sást sú gróska sem nú er í þverfaglegu samstarfi. Hugvísindaping var fjölsótt eins og undanfarin ár.

Aðrar fagráðstefnur sem starfsmenn Hugvísindastofnunar vinna að eru í flestum tilvikum á vegum einherrar af aðildarstofnunum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar.

Húsnæðismál og starfsaðstaða

Skrifstofa Hugvísindastofnunar er í rými stjórnýslu sviðsins á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Verkefnisstjóri hefur eftir sem áður umsjón með vinnurými doktorsnema í Gimli en hefur sér til aðstoðar prófast úr hópi doktorsnema. Þórdís Edda Jóhannesdóttir tók við því starfi á árinu af Írisi Ellenberger. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar hafa allar herbergi til umráða fyrir starfsmenn, gestafræðimenn og/eða nýdóktora. Aðstaða fyrir starfslið aðildarstofnana, en fjórar þeirra hafa fastráðið starfsfólk, er ýmist í Gimli eða Nýja-Garði.

Fjármál

Við úthlutun fjárveitingar frá Hugvísindasviði til Hugvísindastofnunar var tekið mið af þeim mótframlögum sem sviðið fékk vegna rannsóknastyrkja úr samkeppnissjóðum. Sem fyrr bitnaði þó erfiður fjárhagur sviðsins einnig á stofnuninni. Tæplega 70% af fjárveitingu Hugvísindastofnunar var varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnananna, auk þess sem Hugvísindastofnun greiddi fyrir allt húsnæði sem þær hafa til umráða með sérstakri fjárveitingu sem fékkst til þess. Þá var fé lagt í Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar, en hlutur stofnunarinnar í fjárveitingu var einkum notaður til Hugvísindapings, útgáfu Ritsins og ferðastyrkja doktorsnema.

Bókmennta- og listfræðastofnun

Stjórn, starfsfólk og aðstaða

Í stjórn stofnunarinnar sátu Ármann Jakobsson formaður, Benedikt Hjartarson og Þórdís Edda Jóhannesdóttir. Sif Ríkharðsdóttir var sérfræðingur við stofnunina í samvinnu við Hugvísindastofnun og Hugvísindasvið hluta ársins en tók svo við starfi lektors í almennri bókmenntafræði. Sumarið 2012 réð stofnunin Hildi Ýri Ísberg meistaranema í ýmis verkefni og endurskipulagði hún aðstöðu stofnunarinnar og liðsinnti félögum við ýmis verk. Stofnunin hafði húsnæði í Árnagarði á árinu. Auk sérfræðings stofnunarinnar, Sifjar Ríkharðsdóttur, nýttist herbergið Hildi Ýri Ísberg og erlendum gestum.

Útgáfa

Mestur þungi starfs stofnunarinnar fólst í útgáfu, eins og verið hefur, en mörg áformuð verk eru í vinnslu. Út kom bókin Af sjónarhóli leikstjóra eftir Svein Einarsson en með henni er hleypt af stokkunum nýrri ritröð sem kallast Íslenskir leikstjórar, sem Trausti Ólafsson lagði drög að í samvinnu við stjórn stofnunarinnar. Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða varð að hluta aðgengileg á Netinu (á Snöru), sem var mikill áfangi í langri sögu þessa mikla verks.

Erlent samstarf

Félagar í Bókmennta- og listfræðastofnun voru virkir í ýmsu erlendu samstarfi og héldu erindi um heim allan og á Íslandi, auk þess sem bækur þeirra og fræðigreinar voru gefnar út víða um heim.

Ráðstefnur og erindi

Stofnunin tók þátt í ýmsum málþingum og viðburðum. Þar má nefna ráðstefnu netsins Forschungsnetzwerk BTWH, The Dark Side of Modernity, í Reykjavík 17.–20. maí, málþingið Cultural Representations of Trauma 31. ágúst – 1. september, komu Keith Oatley á vegum Hugsýnar í september, erindi Zrinku Stahuljak 20. september, málþing um Elías Mar 27. október og fyrirlestraröðina Skáldatal á haustmisseri.

Rannsóknir og ritrýni

Á árinu hlaut eitt verkefni félaga Rannís-styrk, Encounters with the Paranormal in Medieval Iceland. Stofnunin tók að sér að ritrýna tvær bækur sem koma út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi og höfðu formaður og varaformaður stjórnar umsjón með þeirri ritrýni.

Guðfræðistofnun

Stjórn

Núverandi stjórn var kjörin til þriggja ára á ársfundi stofnunarinnar 2011. Stjórnina skipa: Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, sem er formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og María Ágústsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema. Sigfinnur Þorleifsson lektor er varamaður.

Útgáfa

Ritröð Guðfræðistofnunar

Í ritstjórn ritraðar Guðfræðistofnunar eru: Gunnlaugur A. Jónsson prófessor (ritstjóri), Pétur Pétursson prófessor og Sólveig Anna Bóasdóttir dósent. Tvö hefti í ritröðinni, nr. 34 og 35, komu út á árinu.

Bækur

Guðfræðistofnun stóð að útgáfu á endurskoðuðu riti Einars Sigurbjörnssonar prófessors, Embættisgjörð: Guðfræði þjónustunnar í sögu og samtíð.

Málstofur og málþing

Á vegum Guðfræðistofnunar voru haldnar sjö málstofur á árinu og voru fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir fræðimenn og þann 28. nóvember hélt Guðfræðistofnun málþing undir yfirskriftinni: Hvað er í deiglu? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Á málþinginu fluttu kennarar við deildina erindi sem voru byggð á rannsóknum þeirra. Guðfræðistofnun átti enn fremur aðild að Hugvísindapingi sem haldið var í mars. Að venju voru starfsmenn Guðfræðistofnunar virkir þátttakendur í Hugvísindapingi.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefnið 2017.is

Áfram var unnið að þverfræðilega rannsóknaverkefninu Siðaskipti í sögu og samtíð — Þverfaglegt rannsóknaverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár (2017.is) en til þess var stofnað á haustmíssi 2011. Unnið var í starfshópum í kringum ákveðin þemu. Starfshóparnir stóðu fyrir málstofum þar sem kynnt voru ákveðin rannsóknarefni er tengjast guðfræðilegum, menningarlegum, samfélagslegum og pólitískum áhrifum siðbótarinnar. Í tengslum við rannsóknaverkefnið var haldið málþing um samfellu og rof á mótum miðalda og nýaldar og fór þingið fram í byrjun nóvember. Í stýrihópi rannsóknaverkefnisins sitja: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkársoðttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Stýrihópurinn heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á að skipuleggja almenna starfsemi og atburði í tengslum við verkefnið og vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við styrkjaumsóknir og fjármögnun.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar eru þátttakendur í mörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Trúarbragðafræðistofa

Formaður stjórnar Trúbragðafræðistofu er Pétur Pétursson prófessor en starfsmaður hennar er Bjarni Randver Sigurvinsson. Á vegum stofunnar hefur m.a. verið unnið að samnorrænu Norel-rannsóknaverkefni um stöðu trúfélaga og trúarbragða á Norðurlöndunum. Trúarbragðafræðistofa tók enn fremur þátt í Hugvísindapingi þar sem hún stóð að málstofu sem nefndist Trú, vantrú og vísindi.

Heimspækistofnun

Stjórn

Stjórnarformaður heimspækistofnunar árið 2012 var Róbert Haraldsson prófessor en aðrir í stjórn voru Svavar Hrafn Svavarsson prófessor og Jón Ásgeir Kalmansson, fulltrúi doktorsnema. Varamaður er Gunnar Harðarson prófessor. Vegna rannsóknamíssis Róberts Haraldssonar gegndi Gunnar Harðarson starfi stjórnarformanns á haustmíssi.

Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í Gimli, þar sem hún hefur til afnota tvö herbergi á þriðju hæð. Annað herbergið var afhent Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til afnota samkvæmt samkomulagi í stjórn

Hugvísindastofnunar. Í staðinn fékk stofnunin gluggabúr nokkurt sem veit út að stigaganginum til umráða.

Starfsmenn

Við stofnunina hafa haft aðstöðu þrjú nýdoktorar, Björn Þorsteinsson, Eyja Margrét Brynjarsdóttir og Henry Alexander Henrysson en nýdoktorsstyrkir þeirra eru nú runnir út. Öll hafa þau verið undanfarin ár ritstjórar Hugar: Tímarits um heimspeki, hvert á eftir öðru. Björn Þorsteinsson var ráðinn sérfræðingur á Heimspekistofnun í samvinnu við Hugvísindasvið til loka vormisseris 2013. Eyja Margrét Brynjarsdóttir hefur sinnt rannsóknaverkefni á sviði femínískrar heimspeki hjá Eddu – öndvegissetri. Henry Alexander hefur verið ráðinn verkefnisstjóri verkefnis um samþættingu siðfræði og faglegs náms við Háskóla Íslands og mun hafa aðstöðu hjá Siðfræðistofnun.

Gistifræðimenn

Þrjú gistifræðimenn nutu aðstöðu stofnunarinnar á þessu ári. Colin Johnston, Stirling-háskóla í Skotlandi, var gistifræðimaður við stofnunina á vormisseri. Ásta Sveinsdóttir, San Francisco State University, var gistifræðimaður í ágústmánuði og Elmar Geir Unnsteinsson, City University of New York, var gistifræðimaður í september.

Styrkir og framlög

Heimspekistofnun veitti umtalsverð framlög til verkefnis um gagnrýna hugsun og siðfræði í samvinnu við Siðfræðistofnun og Rannsóknastofnu um háskóla og til sérfræðingsstarfs fyrir háskólaárið 2012–2013 í samvinnu við Hugvísindasvið. Auk þess veitti stofnunin nokkra smærri styrki til ýmissa verkefna.

Heimspekivefurinn

Heimspekivefurinn hefur verið í umsjón Henrys Alexanders Henryssonar sem er um það bil að láta af því starfi. Verið er að kanna hvernig umsjón og ritstjórn Heimspekivefjarins verður háttað á næstunni.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

- 27. janúar. Kristen L. Zacharias, Albright College í Bandaríkjunum: Teaching the History of Philosophy and the History of Science: Connections in the 17th Century.
- 2. mars. Simon Noriega-Olmos, Háskólanum í Sao Paulo í Brasilíu: The Ontology of Cratylus 439D3-440C1.
- 27. apríl. Colin Johnston, Stirling-háskóla í Skotlandi: A Version of the Identity Theory of Truth.
- 7.–9. september. Hefur femínísk heimspeki breytt heimspeki? Alþjóðleg ráðstefna í samstarfi Norrænna samtaka kvenheimspekinga, Eddu – öndvegisseturs við Háskóla Íslands og Heimspekistofnunar.
- 14.–17. september. Í fótspor Wittgensteins. Alþjóðleg ráðstefna á vegum Heimspekistofnunar og námsbrautar í heimspeki í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því Wittgenstein sótti Ísland heim. 30 fyrirlesarar.
- 24. september. Nickolas Pappas, City University of New York: The Impiety of the Imitator in Republic Book 10. Í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.
- 26. október. Steve Coutinho, Muhlenberg-háskóla í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum: Is There Such a Thing as Daoist Philosophy? Í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.
- 15. nóvember. Heimspekidagur UNESCO: Páll Skúlason prófessor: Siðferðileg köllun háskóla. Í samvinnu við íslensku Unesco-nefndina.
- 28. nóvember. Liam Sprod, við London University: The Metaphysics of Messianic Time: Benjamin, Derrida, McTaggart.

- 15. desember. Hugsað með Platóni. Ráðstefna á vegum Heimspekistofnunar og Siðfræðistofnunar. 11 fyrirlesarar.

Útgáfumál

Ein bók kom út í ritröð stofnunarinnar á árinu: Fyrirlestrar um frumspeki. Ágrip af rökgreiningarheimspeki 20. aldar eftir Ólaf Pál Jónsson. Auk þess hlaut Hugur: Tímarit um heimspeki, sem Félag áhugamanna um heimspeki gefur út, styrk frá Heimspekistofnun eins og undanfarin ár.

Málvísindastofnun

Stjórn og starfsmenn

Fulltrúar kennara í stjórn Málvísindastofnunar voru eins og áður þeir Höskuldur Þráinsson, stjórnarformaður, og Matthew Whelpton. Fulltrúi framhaldsnema var Theódóra A. Torfadóttir en Rannveig Sverrisdóttir var varamaður í stjórn. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Stofnunin hafði aðstöðu á 3. hæð Árnagarðs. Þá deilir stofnunin vinnuherbergi á 3. hæð Nýja-Garðs.

Þórhallur Eyþórsson var áfram sérfræðingur við Málvísindastofnun (samkvæmt sérstökum samningi við Hugvísindastofnun frá 1. júlí 2011). Þórhallur hafði aðstöðu í vinnuherbergi stofnunarinnar í Árnagarði þar til hann var ráðinn til kennslu í ensku (sem fræðimaður) frá 1. júlí 2012. Ýmsir rannsóknamenn höfðu tímabundna vinnuáðstöðu í Árnagarði, Nýja-Garði og hjá Stofnun Árna Magnússonar að Neshaga 16. Félagar í Málvísindastofnun eru nú 28, þar af tveir nýdoktorar og átta doktorsnemar. Þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsóknaverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu 2012 bættust m.a. þessi verkefni í þann hóp:

- Stökkbreytingar í íslenskri setningagerð. Styrkur frá Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Verkefnisstjóri er Þórhallur Eyþórsson og meðumsækjendur m.a. Eiríkur Rögnvaldsson og Kristján Árnason.
- Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld. Styrkur frá Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar) en í verkefnisstjórn eru m.a. Eiríkur Rögnvaldsson og Guðrún Þórhallsdóttir.
- Frumgerð færeysks trjábanka. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Eiríkur Rögnvaldsson.
- Bragfræðilegur breytileiki í eddukvæðum og dróttkvæðum: tölfræðilegt yfirlit. Verkefnisstjóri er Kristján Árnason. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Málbreytingar í einangrun. Verkefnisstjóri er Þórhallur Eyþórsson. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Þá var haldið áfram vinnu við ýmis verkefni sem hafa notið styrkja frá Rannsóknasjóði (gegnum Rannís), Rannsóknasjóði háskólans, Þjóðhátíðarsjóði o.fl. Þetta eru einkum íslenski hlutinn í verkefninu „META-NORD“ en það er máltækniverkefni sem naut styrks frá Evrópusambandinu (verkefnisstjóri íslenska hlutans var Eiríkur Rögnvaldsson), íslenski hlutinn í verkefninu Evolution of Semantic Systems, sem er stýrt frá Max Planck Institute of Psycholinguistics í Nijmegen (verkefnisstjóri íslenska hlutans var Matthew Whelpton), COST-verkefnið Rannsókn á málfræði tákna í Evrópu (stjórnendur fyrir Íslands hönd voru Rannveig Sverrisdóttir og Jóhannes Gíslí Jónsson), Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (Rannís og

Þjóðhátíðarsjóður, Höskuldur Þráinsson o.fl.), Indo-European Case and Argument Structure in a Typological Perspective“ (Háskólinn í Bergen, íslenskur meðstjórnandi var Þórhallur Eyþórsson) og Umskráning og aðlögun mállýskugagna (Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands, Höskuldur Þráinsson). Þá eru ótaldar allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

Styrkir sem stofnunin veitti

Eins og áður veitti stofnunin MA-nemum styrki til þess að fara á ráðstefnur erlendis til að flytja fyrirlestra, enda eiga þeir ekki kost á öðrum styrkjum til þess. Stofnunin veitti þrjá slíka styrki á árinu.

Stofnunin hélt einnig áfram að veita mótframlög vegna styrkja úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og frá Vinnumálastofnun. Átta slíkir styrkir voru veittir á árinu, fjórir vegna verkefna sem Nýsköpunarsjóður styrkti og fjórir vegna styrkja frá Vinnumálastofnun.

Þá auglýsti stofnunin nýja tegund rannsóknastyrkja fyrir félag. Þeir eru annars vegar ætlaðir til þess að ljúka verkefnum sem hafa notið styrkja og eftir er að ganga frá og hins vegar sem undirbúningsstyrkir fyrir þá sem eru að fara af stað með ný verkefni og vilja komast af stað með þau áður en sótt er um stærri styrki úr samkeppnissjóðum. Tveir slíkir styrkir voru veittir á árinu.

Loks hefur stofnunin veitt doktorsnemunum styrki til að sækja námskeið erlendis eða dveljast við fræðastofnanir í öðrum löndum til að sinna rannsóknum sínum. Enginn slíkur styrkur var veittur á starfsárinu.

Heimsóknir fræðimanna

Eitt af hlutverkum Málvísindastofnunar er að taka á móti málfræðingum sem vilja dveljast við Háskóla Íslands í tiltekinn tíma til að sinna rannsóknum sínum. Þetta gerir stofnunin oft í samvinnu við Hugvísindastofnun. Jim Wood frá New York University í Bandaríkjunum dvaldist hér í nokkrar vikur og vann að doktorsritgerð sinni, sem hann varði síðan á árinu.

Ársfundur stofnunarinnar samþykkti einnig að bjóða einum „aðalfyrirlesara“ á ári. Að þessu sinni gat sá gestur þó ekki komið fyrir en starfsárið var liðið þannig að kostnaður við þá gestakomu fellur á næsta starfsár.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Ráðstefnur

Stofnunin átti aðild að eftirfarandi ráðstefnum á árinu:

- Rask-ráðstefnan í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, haldin í Reykjavík 28. janúar.
- Alþjóðlega ráðstefnan Non-Canonically Case-Marked Subjects Within and Across Languages and Language Families í samvinnu við rannsóknaverkefnið IECASP í Bergen í Noregi. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík og í Fljótshlíð 4.–8. júní.
- Málþingið Víst er málfræði skemmtileg! í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, Samtök móðurmálskenndara og Íslenskustofu Menntavísindasviðs, haldið í Reykjavík 15. nóvember.

Þá hafði stofnunin eins og áður samvinnu við Íslenska málfræðifélagið um hið svokallaða „Málvísindakaffi“ á föstudögum en Málfræðifélagið sá um skipulagninguna eins og á síðastliðnu ári.

Útgáfa

Kennslubókin Sagnasyrpa sem Jón Gíslason, Katrín Axelsdóttir, Kolbrún Friðriksdóttir, María Anna Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir ritstýrðu kom út hjá stofnuninni á árinu. Um er að ræða

texta með orðskýringum og verkefnum og bókin er ætluð nemendum í íslensku sem öðru máli. Bókin er gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfunu.

Þá átti stofnunin aðild að nýrri útgáfu bókarinnar Faroese: A Handbook and Reference Grammar eftir Höskuld Þránínsson o.fl. Málvísindastofnun gefur bókina nú út í samvinnu við forlagið Fróðskap í Færeyjum. Kostnaður við útgáfunu féll að mestu leyti á fyrra starfsár.

Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun

Tvær rannsóknastofur starfa innan vébanda Málvísindastofnunar en í samvinnu við aðrar stofnanir samkvæmt sérstökum reglum. Þetta eru Máltæknisetur og Rannsóknastofa í táknafræðum.

Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir, þróunarstarf og kennslu á sviði máltækni. Setrið var stofnað í júní 2005 til að sameina krafta fræðimanna á ofangreindu sviði en í júní 2011 var það gert að stofu innan Málvísindastofnunar. Í stjórn setursins hafa Eiríkur Rögnvaldsson (formaður), Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir setið frá upphafi.

Máltæknisetur tók á árinu þátt í stóru Evrópuverkefni, META-NORD (<http://meta-nord.eu/>), í umboði Háskóla Íslands. Meginmarkmið verkefnisins var að efla og kynna máltækni í þáttökulöndunum, svo og að safna málföngum (gögnum og hugbúnaði), endurbæta þau, staðla og gera aðgengileg. Þetta var tveggja ára verkefni sem hófst snemma árs 2011. Eiríkur Rögnvaldsson var stjórnandi íslenska hlutans en aðrir starfsmenn voru Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. Á vegum verkefnisins var tekin saman skýrsla um íslenska máltækni, Íslensk tunga á stafrænni öld, sem gefin var út bæði á ensku og íslensku af Springer-forlaginu. Verkefnið kom auk þess upp vefsetrinu Málföng (<http://www.malföng.is/>) þar sem hægt er að nálgast hvers kyns íslensk málföng. Flestum þessara málfanga var einnig komið fyrir í evrópska gagnabrunninum META-SHARE (<http://metashare.tilde.com/>).

Máltæknisetur stóð fyrir málstofunni Stefnumót: Á mörkum málfræði og tölvutækni á Hugvísindapíngi í mars ásamt orðfræðisviði Árnastofnunar. Þar voru flutt 7 erindi. Máltæknisetur og META-NORD stóðu enn fremur að ráðstefnunni Máltækni fyrir alla í samvinnu við Íslenska málnefnd hinn 27. apríl. Á ráðstefnunni voru flutt 9 erindi og hana sóttu um 70 manns. Eiríkur Rögnvaldsson kynnti einnig máltækni og skýrsluna Íslensk tunga á stafrænni öld á ársfundi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 16. maí, á hátíð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum í tilefni evrópska tungumáladagsins 26. september, á málþingi Íslenskrar málnefndar um íslensku í tölvuheiminum 13. nóvember og á hátíðardagskrá Mímis á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.

Rannsóknastofa í táknafræðum

Rannsóknastofa í táknafræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem annast rannsóknir á íslensku táknafræði. Rannsóknastofan var sett á laggirnar í júní 2011 til að sameina krafta ofangreindra fræðimanna. Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir hafa setið í stjórn stofunnar frá upphafi.

Meðlimir stofunnar tóku þátt í verkefninu Sign Language Typology Project undir stjórn Ulrike Zeshan, prófessors við University of Central Lancashire og forstöðumanns International Institute for Sign Language and Deaf Studies, á árunum 2010–2012. Hinum íslenska þætti rannsóknarinnar er nú lokið en allir aðilar að rannsókninni mega nota þau gögn sem safnað var fyrir verkefnið hér á landi.

Unnið hefur verið að söfnun og skráningu gagna um íslenska táknmálið og árið 2010 var tekið upp á myndband 21 viðtal við döff af döff (samtöl milli tveggja heyrnarlausra til að ná fram sem eðlilegustu táknmáli) og á árinu 2011 voru tvö þessara viðtala skráð í ELAN-kerfið (sem er hannað til að skrá myndbönd og hljóðupptökur). Verkefnið er í biðstöðu þar sem ekki hefur tekist að útvega meira fé til þess í bili.

Rannsóknastofan fékk, í samvinnu við rannsakendur í Noregi og Færeyjum, stóran styrk úr Nordplus Sprog áætluninni á árinu. Verkefnið, sem ber heitið Táknmálskennsla á vefnum, beinist að vefnum Signwiki. Í Noregi og Færeyjum er unnið að því að setja upp þennan vef á sambærilegan hátt við það sem til er hér á landi. Á Íslandi snýst verkefnið um að vinna fræðilegar greinar um málfræði íslenska táknmálsins og gera þær aðgengilegar á vefnum.

Aðilar stofunnar hafa flutt fyrirlestra á ýmsum vettvangi um málfræði íslenska táknmálsins, bæði innanlands og erlendis. Má þar t.d. nefna Hugvísindaping, Rask-ráðstefnuna og FEAST-ráðstefnuna sem haldin var í Varsjá 2012. Grein um málfræði íslenska táknmálsins, eftir fjóra málfræðinga innan stofunnar, birtist í 34. hefti tímaritsins Íslenskt mál og almenn málfræði. Þrjú aðilar stofunnar hafa nú í tvö ár verið þátttakendur í evrópsku COST-verkefni þar sem unnið er að því að gera drög að málfræði fyrir táknmál í Evrópu og þeir hafa sótt fundi, vinnustofur og ráðstefnur í tengslum við verkefnið.

Vinnuhópur um málfræðihugtök fundaði á árinu og var ákveðið að fá nemandan til að vinna að BA-ritgerð um efnið. Margrét Auður Jóhannesdóttir tók það að sér og vannur nú að ritgerðinni.

Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2012 og vann Árni I. Jóhannsson í tvo mánuði að því að skrá upplýsingar um þá táknmálstexta sem til eru á upptökum (hjá Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra), skrá upplýsingar um málhafa og safna saman upplýsingum og leiðbeiningum um erlenda gagnagrunna táknmála.

Um miðbik ársins var Kristín Lena Þorvaldsdóttir málfræðingur ráðin til starfa á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Verkefni Kristínar Lenu falla flest undir hatt rannsóknastofunnar og vannur hún einnig að því að sækja um styrki fyrir verkefni sem falla undir stofuna.

Sagnfræðistofnun

Stjórn og starfsmenn

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2012 var haldinn 18. maí 2012. Valur Ingimundarson lét þá af störfum sem forstöðumaður og Anna Agnarsdóttir tók við af honum. Með henni í stjórn voru kosin Ragnheiður Kristjánsdóttir, aðjunkt í sagnfræði, fyrir hönd kennara til tveggja ára og Ólafur Arnar Sveinsson fyrir hönd doktorsnema. Stjórnin hélt fimm formlega fundi og nokkra óformlega á árinu. Fulltrúi stúdenta ritaði fundargerðir. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar en fundir á þeim vettvangi voru fáir á starfsárinu.

Fjárhagur

Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var 500 þús.kr. Auk þess fékk stofnunin mótframlög frá Hugvísindastofnun upp á rétt rúmlega 3 m.kr. og tæplega 500 þús.kr. vegna samnings við Scandinavian Journal of History. Stofnunin stendur nokkuð vel fjárhagslega en skuldir vegna bókaútgáfu eru þó miklar. Fjárhagsstaða Sagnfræðistofnunar í árslok 2011 var rúmlega 5,1 m.kr. í plús en gera verður ráð fyrir talsverðum kostnaði á árinu 2013 vegna útgjaldaliða eins og útgáfu bókar á árinu 2012.

Föst verkefni

Vefsíðan Söguslóðir var sem fyrr í umsjá Guðmundar Jónssonar prófessors. Kristbjörn Helgi Björnsson, BA-nemi í sagnfræði, var ráðinn til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun, eins og að sjá um bókakost stofnunarinnar og uppfærslu Söguslóða. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tók við Miðstöð munnlegrar sögu hinn 1. apríl 2012. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í fagraði miðstöðvarinnar. Á árinu var Már Jónsson í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns fyrir hönd Sagnfræðistofnunar og fer hann þar með formennsku.

Vinna við sögu íslenskrar utanlandsverslunar er á lokastigi og út kom rit á vegum Reykholtswerkefnis um það efni, *From Nature to Script. Reykholt, Environment, Centre, and Manuscript Making*. Ritstj. Helgi Þorláksson og Þóra Björg Sigurðardóttir (Reykholti 2012). Þetta er safn greina og meðal höfunda eru Helgi Þorláksson og Már Jónsson.

Bókaútgáfa

Í ritröðinni Sagnfræðirannsóknnum, sem Helgi Þorláksson ritstýrir, kom út rit Þorleifs Friðrikssonar Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði. Ritið var gefið út í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Ritstjóri ritraðarinnar hefur rætt við stjórn Sagnfræðistofnunar um næsta rit í röðinni.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

Íslenska sögubíngið 2012. Í tilefni þingsins komu þrír erlendir fyrirlesarar til landsins á vegum Sagnfræðistofnunar: Linda Colley, prófessor við Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, flutti fyrirlesturinn *Frelsi og heimsveldi: Stjórnarskrágerð á „öld umbyltingar“ 1776–1848*, sem var minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, Sir David Cannadine, prófessor við Princeton-háskóla og University of London, flutti fyrirlesturinn *Upphaf og endalok stéttarhugtaksins*, sem var einnig minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, og Geoff Eley, prófessor í samtímasögu og forstöðumaður sagnfræðideildar Michigan-háskóla í Bandaríkjunum, flutti fyrirlesturinn *Tortíming fortíðarinnar: Saga, minni og samtíminn*.

Háskóli Íslands í 100 ár. Fortíð – samtíð – framtíð. Hér var um að ræða málþing Sagnfræðistofnunar í framhaldi af útgáfu Aldarsögu Háskóla Íslands 1911–2011 og var það haldið 15. mars 2012 í Hátíðasal. Rektor Háskóla Íslands setti þingið og höfundar (Guðmundur Hálfdanarson, Sigríður Matthíasdóttir og Magnús Guðmundsson), sem og ritstjóri (Gunnar Karlsson), lýstu þróun og einkennum sögu Háskóla Íslands í hundrað ár. Tveir fræðimenn fluttu fyrirlestra um ritið: Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði: *Nám til aðgreiningar – nám til jöfnuðar? Hugleiðingar um Aldarsögu Háskóla Íslands* og Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði: *Aldarsaga Háskóla Íslands frá sjónarhóli lesanda og starfsmanns*. Loks tóku við pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa allra sviða en þeir voru: Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði (af Verkfræði- og náttúruvísindasviði), Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki (af Menntavísindasviði), Torfi Tulinius, prófessor í íslenskri miðaldafræði (af Hugvísindasviði), Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræði (af Heilbrigðisvísindasviði), og Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði (af Félagsvísindasviði).

Fyrirlestur Roberts Boyce, London School of Economics and Political Science: *Kynþáttahygga og bresk utanríkisstefna 1914–1945: Ný viðhorf*, var haldinn 23. apríl í Odda í boði Sagnfræðistofnunar.

Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar

Á árinu var úthlutað úr Rannsóknasjóði Sagnfræðistofnunar. Hámarksupphæð styrks var 75 þús.kr. Flestallir kennarar nýttu sér þennan kost. Hámarksupphæð styrks árið 2013 hefur ekki enn verið ákveðin.

Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda er gerð nákvæm grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands:

Anna Agnarsdóttir lauk við rit sitt um Sir Joseph Banks, sem kemur út hjá Ashgate í Englandi á næsta ári. Hún er einn fjölmargra ritstjóra í The Hakluyt Edition Project, sem gefið verður út af Oxford University Press og hún sótti vinnufund vegna verkefnisins í Galway á Írlandi. Hún birti grein í Urbanization in the Oldenburg Monarchy 1500–1800 (Kiel) og flutti fyrirlestra um efnið í Sønderborg í Danmörku og á Íslandi. Anna er stjórnarmaður í The Banks Archive Project og formaður úthlutunarnefndar Jónshúss í Kaupmannahöfn (á vegum Alþingis).

Eggert Þór Bernharðsson hélt einkum áfram með rannsóknaverkefnið Sagan til fólksins: Margmiðlun og sagnfræði. Þar eru kannaðir margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum og fjallað um samspil ólíkra miðla.

Gavin Lucas gaf út bókina Understanding the Archaeological Record á vegum Cambridge University Press og var auk þess gestarítstjóri eins heftis tímaritsins International Journal of Historical Archaeology.

Guðmundur Hálfðanarson gaf út tvær greinar í alþjóðlegum safnrítum og eina tímaritsgrein í alþjóðlegu tímariti á síðasta ári og flutti nokkur erindi á innlendum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum. Þá sat hann í þingstjórn 4. íslenska sögubingsins fyrir hönd Sagnfræðistofnunar. Hann er einnig aðalritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of History, sem er í eigu norrænu sagnfræðisamtakanna og kemur út hjá Routledge-forlaginu á Bretlandi.

Guðmundur Jónsson veitti Miðstöð munnlegrar sögu forstöðu en á árinu varð sú breyting á að hún var sameinuð Landsbókasafni. Guðmundur hélt átta erindi heima og erlendis og tók sem fyrr þátt í starfi öndvegissetursins NORDWEL, m.a. með því að undirbúa útgáfu bókar um efnahagskreppu síðustu ára og samfélagsleg áhrif hennar. Hann vann að rannsóknum á lýðræðisháttum á Íslandi og hélt tvö erindi um átakahefð Íslendinga og norræn samráðsstjórnarmál. Ásamt öðrum hleypti Guðmundur af stokkunum þverfaglegu rannsóknastarfi um notkun landupplýsingakerfa í sagnfræði. Guðmundur birti tvær greinar, fjallaði önnur um dönsk áhrif á landbúnaðarstefnu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar og hin var skrifuð ásamt hópi næringarfræðinga um áhrif umhverfisþátta á fæðingarþyngd og sjúkdóma síðar á ævinni.

Helgi Þorláksson birti fræðilegan kafla í bók, tvær greinar í fræðiritum, tvær í ráðstefnurítum og tvo ritdóma. Fjögur þessara ritverka eru á erlendum málum. Hann flutti enn fremur tíu opinbera fyrirlestra, þar af þrjá erlendis (í Árósum, Kaupmannahöfn og Berlín). Að auki ritstýrði hann tveimur bókum sem út komu, annarri í ritróðinni Sagnfræðirannsóknir á vegum Sagnfræðistofnunar en hinn í ritróð á vegum Reykholtssverkefnis sem Sagnfræðistofnun á aðild að.

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar, fræðslurítum um garðrækt á Íslandi 1765–1900 og íslenskri sagnfræði frá miðri 19. öld til samtímans.

Kristjana Kristinsdóttir hefur, eins og fyrri ár, einkum unnið við rannsókn sem ber vinnuheitnið Valdsmenn á Bessastöðum 1541–1683 og skjalasafn þeirra, auk vinnu við ýmis skjalfraðileg efni. Hún tók þátt í Hugvísindapingi, Íslenska sögubinginu og þingi norrænna skjalavarða í Finnlandi.

Már Jónsson gaf út bók á ensku um Árna Magnússon og handritasöfnun hans í ritróðinni The Viking Collection í Danmörku. Hann birti grein um dánarbúsuppskriftir og skiptabækur í tímaritinu Sögu, aðra um handrit á miðöldum í greinasafni um Reykholt í Borgarfirði og þriðju um bréfaskipti innan fjölskyldu í Skáleyjum í Breiðafirði árin 1883–1886 í Árbók Barðastrandarsýslu. Hann hélt fyrirlestra í París, Caen, Reykjavík, Vestmannaeyjum og Vatnsfirði. Már er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í Þjóðskjalasafni og formaður stjórnarnefndar safnsins.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritum bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgrftar á Sveigakoti, gerði vettvangsrannsóknir í tengslum við rannsóknaverkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár og stjórnaði uppgrefti á Görðum á

Grænlandi. Hann gerði einnig vettvangsrannsóknir á Barbuda í Vestur-Indíum. Hann birti greinar um íslenska fornleifafræði og sagnfræði í ritgerðasöfnum og tímaritum og hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Danmörku, Bretlandi, Bandaríkjunum, á Grænlandi og Íslandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir vann áfram að ritun bókar á ensku um sögu Íslands. Hún tók þátt í að koma á fót verkefni um lýðræði á Íslandi og hélt fyrirlestra og skrifaði greinar sem tengdust því. Þá vann hún að tveimur ritgerðum á ensku sem tengjast sögu vinstrihreyfingarinnar á Íslandi. Báðar eru væntanlegar á prenti á árinu 2013.

Steinunn Kristjánsdóttir gaf út bókina Sagan af klaustrinu á Skriðu hjá Sögufélagi og skrifaði tvær skýrslur um uppgröftinn, sem hún stjórnaði. Hún ritstýrði enn fremur skýrslunni Þættir úr sögu ljósmyndunar á Íslandi 1970-1990 fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Hún hélt fyrirlestra erlendis í Cork á Írlandi, Leeds í Englandi og Oulu í Finnlandi og þrjá fyrirlestra innanlands. Steinunn er formaður fagráðs hug- og félagsvísinda hjá Rannís.

Sveinbjörn Rafnsson vann áfram að rannsóknum á fornri íslenskri sagnaritun og lögum og heimildum þeirra í latneskri menningu miðalda. Hann vinnur að bók um efnið.

Sverrir Jakobsson skrifaði greinar í Canadian Journal of History/Annales canadiennes d'histoire, í Sögu og í Statsutvikling i Skandinavia i middelalderen (Oslo) og (ásamt Andras Mortensen, Alf Ragnar Nielsen og Claus Andreasen) grein í Naboe i Nordatlanten. Hovedlinjer i Vestnordens historie, sem kom út í Færeyjum. Hann skrifaði ritdóm í Sögu og flutti erindi í Stykkishólmi, á 4. íslenska söguþinginu og á opnu málþingi um Jón Árnason og þjóðsögurnar.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á íslenskum utanríkismálum, samtímastjórnámum, landfræði stjórn mála norðurslóða og kalda stríðinu. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í Singapúr, París í Frakklandi, Reykjavík og á Akureyri. Hann birti m.a. greinar í Polar Journal um norðurslóðir, Scandinavian Journal of History um breska utanríkisstefnu og hervæðingu Íslands eftir síðari heimsstyrjöld og frönsku nettímariti, La Vie des Idées, um samspil minnis, stjórn mála og efnahagskreppunnar á Íslandi. Auk þess kom út kafli eftir hann í bókinni Cold War Cultures: Perspectives on Eastern and Western European Societies (New York: Berghahn) um stjórn mála minninga. Hann tók þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum, m.a. á sviði stjórn mála og öryggismála á norðurslóðum, minnis, kalda stríðsins. Hann tók einnig þátt í rannsóknastarfi Eddu – öndvegisseturs, en hann er stjórnarformaður þess.

Þór Whitehead hefur einkum unnið á árinu að rannsókn og ritun fimmta bindis í ritröðinni Ísland í síðari heimsstyrjöld.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stjórn og starfsmenn

Á árinu störfuðu 42 fræðimenn við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Á ársfundi stofnunarinnar þann 11. maí 2012 tóku gildi nýjar reglur um starfsemi hennar en þær kveða á um að forseti Hugvísindasviðs skipi fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Félagar í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur skulu tilnefna, á grundvelli kosningar á ársfundi, formann stjórnar, sem og þrjá meðstjórnendur og tvo til vara úr sínum röðum. Þá skal einn stjórnarmanna vera úr hópi doktorsnema á fræðasviðum stofnunarinnar.

Með nýju reglunum var fagráð lagt af. Fram að ársfundinum gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns stofnunarinnar og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Í fagráði sátu, auk þeirra, þau Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir, sem öll voru kosin til tveggja ára á ársfundi stofnunarinnar vorið 2010.

Vorið 2012 tók við ný stjórn til þriggja ára en hana skipa: Auður Hauksdóttir, formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Aleksandra Maria Cieślińska, doktorsnemi í þýðingafraeðum, tilnefnd af Félagi doktorsnema. Sigurður Pétursson og Oddný G. Sverrisdóttir voru kjörin varamenn. Auður Hauksdóttir gegndi áfram starfi forstöðumanns.

Verkefnisstjóri var Hrefna Ingólfssdóttir fram til 1. júní en þá tók Anna María Benediktsdóttir við starfinu tímabundið, eða til 1. september, þegar Guðrún Kristinsdóttir var ráðin verkefnisstjóri. Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur, Erlu Erlendsdóttur og Gauta Kristmannssyni. Á haustmíssi var Gauti erlendis í rannsóknaleyfi og tók Rebekka Þráinsdóttir sæti í ritnefnd í fjarveru hans.

Þýðingasetur

Þýðingasetur starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Forstöðumaður Þýðingaseturs er Gauti Kristmannsson prófessor í þýðingafraeðum.

Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að koma á fót Vigdísarstofnun – alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar. Nýjar starfsreglur fyrir Vigdísarstofnun voru unnar og þær samþykktar af stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur þann 19. nóvember og af stjórn Hugvísindastofnunar 27. nóvember. Á aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem fram fór í París í nóvember 2011 var samþykkt einróma að heimila að gerður yrði samningur milli UNESCO og ríkisstjórnar Íslands um að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar starfi undir merkjum UNESCO. Reglur um starfsemi stofnunarinnar hafa nú verið sendar UNESCO og má vænta þess að samningur milli aðila um að Vigdísarstofnun starfi undir merkjum UNESCO verði undirritaður á fyrri hluta næsta árs.

Nú er í undirbúningi að reisa byggingu fyrir Vigdísarstofnun og aðra starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu. Á fundi háskólaráðs 7. apríl 2011 var samþykkt skipun byggingarnefndar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur skv. tillögu Kristínar Ingólfssdóttur rektors. Formaður nefndarinnar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans skipa nefndina Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, doktorsnemi í almennri bókmenntafræði. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilssdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands.

Í desember 2011 var efnt til hönnunarsamkeppni um bygginguna og bærust 43 tillögur frá 9 löndum. Niðurstöður voru kunngjörðar hinn 16. maí. Dómnefnd skipuðu: Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, formaður, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Halldór Gíslason, prófessor við Listaháskólann í Ósló, arkitekt FAÍ, og Helgi Mar Hallgrímsson, arkitekt FAÍ. Að vinningstillögunni stóðu þeir Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjalti Pælius, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson frá arkitektastofunni arkitektur. is. Hönnunarvinna hófst sumarið 2012 og er áætlað að verklegar framkvæmdir geti hafist á næstu misserum.

Viljayfirlýsing um samstarf um Vigdísarstofnun

Í nóvember undirrituðu rektorar Háskólans í Bergen, Tækniháskólans í Þrándheimi (NTNU) og Háskóla Íslands, ásamt forsvarsmönnum Hordaland Fylkeskommune í Noregi og Nynorsk Kultursentrum, viljayfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Samstarfið tekur til árána 2013 og 2014 og í viljayfirlýsingu er sérstök áhersla lögð á mikilvægi norsk-íslenskra og norræna tungumála- og menningarrannsókna. Kveðið er á um skipun starfshóps sem í eigi sæti fulltrúar frá framangreindum stofnunum, ásamt sendilektor í norsku við Háskóla Íslands og lektor í íslensku við Háskólann í Bergen.

Alþjóðlega ráðgjafanefndin

Á undanförunum árum hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur notið fulltingis alþjóðlegrar ráðgjafanefndar sem hefur verið henni til ráðuneytis um uppbyggingu alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Ráðgjafanefndin er skipuð fjórum virtum fræðimönnum. Þeir eru Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, prófessor og forstöðumaður við Max Planck Institut í Leipzig, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, og Peter Austin, prófessor við SOAS við Lundúnaháskóla. Dagana 6. og 7. desember átti nefndin fundi með starfsfólki stofnunarinnar, að Bernard Comrie undanskildum, sem forfallaðist vegna veikinda. Á fundunum fengu starfsmenn stofnunarinnar tækifæri til að kynna og ræða áætlanir um eflingu rannsókna og framtíðarstarf stofnunarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar

Ráðstefnur og málþing

Að venju stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum.

Ráðstefnur

- Alþjóðleg ráðstefna um tungumál og listir, Art in Translation, var haldin 24.–26. maí í samvinnu Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Listaháskóla Íslands og Manitoba-háskóla, ásamt Norræna húsinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Reykjavík – bókmenntaborg UNESCO og Listahátíð í Reykjavík. Aðalfyrirlesarar voru Abé Mark Nornes, prófessor við University of Michigan, Calum Colvin, ljósmyndari og myndlistarmaður, og Robin Hemley rithöfundur. Aðrir fyrirlesarar voru hátt á fjórða tug innlendra og erlendra fræðimanna og listamanna. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra setti ráðstefnuna en auk hennar fluttu Max Dager, forstjóri Norræna hússins, og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, ávarp. Ráðstefnan var styrkt af Norræna menningarsjóðnum og Rannsóknasjóði Hugvísindasviðs.
- Alþjóðleg ráðstefna um rithöfundinn og blaðakonuna Elenú Poniatowsku var haldin 11. september í Norræna húsinu í samvinnu Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Deildar spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og Reykjavíkur – bókmenntaborgar UNESCO. Tílefni ráðstefnunnar var útgáfa skáldsögunnar Jesúsa hjá Forlaginu í þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur og hófst hún með hátíðardagskrá í Iðnó í boði Reykjavíkur – bókmenntaborgar UNESCO. Frummælandi í Iðnó var rithöfundurinn Elena Poniatowska en auk hennar héldu erindi þau Friðrik Steinn Kristjánsson, ræðismaður Spánar á Íslandi, Margrét Njarðvík, vararæðismaður Spánar á Íslandi, og María Rán Guðjónsdóttir þýðandi. Þórey Kristjánisdóttir las kafla úr bókinni. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var Ástráður Eysteinnsson prófessor en aðrir fyrirlesarar voru Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Claudia Parodi, prófessor við Kaliforníuháskóla í Los Angeles, Sara Poot Herrera, prófessor við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Suzanne Jill Levine, prófessor við sama skóla, Viola G. Miglio, dósent við sama skóla, Iliana Alcántar, lektor við Queens College í New York, Nathaniel Gardner, lektor við Háskólann í Glasgow, og Ana Bundgaard, dósent við Háskólann í Árósum. Ráðstefnan var styrkt af ræðismannsskrifstofu Spánar á Íslandi, sendiráði Mexíkós í Danmörku, Barandiaran Chair of Basque Studies við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, rannsóknahópnum Mexicanistas við Kaliforníuháskóla, Forlaginu, Deild spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Alþjóðleg ráðstefna á vegum rannsóknansetsins Lingua Nordica – Lingua Franca, sem Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir, var haldin dagana 8.–9. október í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Fyrirlesarar voru Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, Birgit Henriksen, dósent við Kaupmannahafnarháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Hjalmar Petersen, lektor við Fróðskaparsetur Føroya, Jan Heegård Petersen, nýdoktor við Verslunarháskólann í

Kaupmannahöfn, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Háskólann í Árósum, Nina Møller Andersen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, Ola Knutsson, lektor við Stokkhólmsháskóla, Peter Juel Henriksen, lektor við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku, Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla, Torbjörg Breivik, ráðgjafi hjá Málráði Noregs, og Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku. Norræn samstarfsnefnd um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS-HS) styrkti ráðstefnuna. Að auki stóð samstarfsnetið fyrir ráðstefnu við Uppsalaháskóla dagana 30. nóvember og 1. desember þar sem fjallað var um rannsóknir og rannsóknaraðferðir í skyldum málum. Aðalfyrirlesarar voru Charlotte Gooskens, prófessor við Háskólann í Groningen, Anna Mauranen, prófessor við Helsinkiháskóla, og Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla.

Málþing

- Málþing um hlutverk ensku á Íslandi var haldið á Háskólatorgi 16. febrúar. Fyrirlesarar voru Ásrún Jóhannsdóttir doktorsnemi, Samuel Lefever, dósent í kennslufræði erlendra tungumála, Anna Jeeves doktorsnemi, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor í kennslufræði erlendra tungumála.
- Málþing um bókmenntir frá Rómönsku Ameríku var haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins 2. mars á vegum námsleiðar í spænsku og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Framsögumenn voru Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Eiríkur Guðmundsson útvarpsmaður og rithöfundur, Hermann Stefánsson rithöfundur og þýðandi, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, og Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi.
- Málþing um bókmenntaþýðingar fór fram laugardaginn 14. apríl að Neshaga 16. Meistaraneimar í þýðingafraedi fóru yfir þýðingar verka af og á íslensku og rýndu í kosti og galla þeirra. Alls voru fluttir 15 fyrirlestrar.
- Efnt var til málþings 8. og 9. maí í Nýja-Garði á vegum námsleiðar í ítölsku og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Claudio Giunta, prófessor við Università di Trento, flutti fyrirlestra um ítalskar bókmenntir.
- Að venju var evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur þann 26. september, í þetta sinn undir yfirskriftinni Tungumál, tækni og tækifæri. Efnt var til málþings í Hátíðasal háskólans í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Máltæknisetur. Athöfnin hófst með því að nemendur Fellaskóla ávörpuðu hátíðagesti með kveðju á móðurmáli sínu og sungu vögguvísu á litháísku undir stjórn Guðna Franzsonar. Fyrirlesarar voru Auður Torfadóttir, formaður starfshóps um nýja námskrá og fyrrverandi dósent í ensku við Kennaraháskóla Íslands, Brynhildur Ragnarsdóttir, formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi og deildarstjóri Tungumálavars grunnskólanna, Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönskum fræðum, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði og stjórnarformaður Máltækniseturs, Árný Guðmundsdóttir, ritstjóri vefsins SignWiki, og Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar. Hátíðina setti Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, og fundarstjóri var Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Frú Vigdís Finnbogadóttir heiðraði hátíðina með nærveru sinni.
- Í tilefni evrópska tungumáladagsins var hrundið af stað tungumálaleik á Facebook og naut hann mikilla vinsælda. Dagskrá tungumáladagsins var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Málþing um gerð stöðuprófa í erlendum tungumálum var haldið 22. október í Árnagarði. Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönskum fræðum, Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, og Eyjólfur Már Sigurðsson, deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar, ásamt öðrum þátttakendum starfshóps í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, fjölluðu um hlutverk og gerð leiðbeinandi stöðuprófa.
- Hinn 2. nóvember var efnt til kynningar í Nýja-Garði á tveggja vikna talfærninámskeiði í Tübingen-háskóla í Þýskalandi en það stendur nemendum á öðru misseri þýskunáms til boða. Fjallað var um hvort námskeiðið mætti nota sem fyrirmynd við kennslu annarra tungumála.

Framsögumenn voru Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Guðrún Birgisdóttir, alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs.

- Málþing um örsöguna sem bókmenntaform var haldið 12. nóvember í Odda. Framsögumenn voru Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, og Enrique del Acebo Ibáñez, rithöfundur og prófessor við Salvador-háskólann í Buenos Aires. Þá las Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, þýðingar sínar á örsögum Ibáñez og að lokum las Kristín Guðrún Jónsdóttir þýðingar sínar úr nýútkomnu örsagnasafni, Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur, eftir Augusto Monterroso. Erindin voru hljóðrituð og þeim útvarpað í heild sinni í þættinum Orð um bækur á Rás 1 sunnudaginn 18. nóvember.

Fyrirlestrar

- Námsleið í ítölsku og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóðu fyrir fyrirlestrum 15. nóvember í Odda í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar. Fyrirlestrarnir báru yfirskriftina Mosaico Italiano II, með tilvísan í svipaðan viðburð á síðasta ári. Á dagskránni fjölluðu þeir Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, Michele Broccia, sendikennari í ítölsku, og Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku, um heimahéröð sín, Lígúríu, Toskana og Sardiníu, og tengsl þeirra við hafið eins og þau birtast í sögu héraðanna, bókmenntum þeirra og myndlist.
- Christine Durban þýðandi hélt fyrirlestur í Odda 6. janúar um þýðingar á textum tengdum viðskiptum og fjármálum. Fyrirlesturinn nefndist Translation market(s) 2012 and beyond.
- Kunteel Barua, túlkur hjá Evrópusambandinu, hélt fyrirlestur um starf ráðstefnutúlka og kröfur til þeirra 25. janúar að Neshaga 16. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu Bandalags þýðenda og túlka á Íslandi og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.
- Alexandra Kuregej Argunova listakona, rússneska sendiráðið, 21. febrúar. Fyrirlesturinn var liður í menningardagskrá á vegum námsleiðar í rússnesku, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráðs Rússneska sambandsríkisins.
- Brynja Stefánsdóttir hélt fyrirlestur um samanburðarrannsókn sína á notkun, notagildi og viðhorfs til notkunar skandinavískra tungumála til samskipta í norrænu samstarfi í Odda 29. febrúar.
- Irina Kraeva frá Moskvuháskóla hélt erindi um kennslu erlendra tungumála og þjálfun tungumálakennara í Rússlandi, í Gimli 22. mars.
- Steingrímur Þorbjarnarson hélt fyrirlestur í Lögbergi 30. mars um hvernig var að vera námsmaður í Peking og Chengdu undir lok 9. áratugarins. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.
- Ingunn Hreinberg þýðandi hélt fyrirlestur sem nefndist Olga Berggolts – list og menning í Leníngrad á tímum umsátursins. Fyrirlesturinn var liður í menningardagskrá á vegum námsleiðar í rússnesku, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráðs Rússneska sambandsríkisins og var haldinn í rússneska sendiráðinu 10. maí.
- Inosuke Hayasaki, sem lifði af kjarnorkuárásina á Nagasaki í ágúst 1945, hélt fyrirlestur um reynslu sína og minningar um árásina í Odda 8. ágúst. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands og Friðarþing íslenskra skáta 2012.
- Daniel Vázquez, prófessor við Háskólann í Brno í Tékklandi, hélt fyrirlesturinn Teatro postdramático en México: el caso de Legom í Gimli 11. apríl.
- Ivo Buzek, prófessor við Háskólann í Brno í Tékklandi, hélt fyrirlesturinn En torno a un fantasma académico: chislama ‘muchacha’ í Gimli 12. apríl.
- Victoria Urresti frá Háskólanum í Baskalandi, hélt fyrirlestur um tungumálið Euskera sem Baskar hafa varðveitt í yfir tíu þúsund ár í Gimli 10. maí.
- Juan Pablo Mora, dósent við Háskólann í Sevilla, hélt fyrirlestur um fræðsluefni um raddbönd og raddmyndun sem hann nefndi Myndir um (tungu)mál í Gimli 5. júní.
- Jørn Lund, prófessor og fyrrverandi forstöðumaður Det Danske Sprog- og Litteraturselskab, hélt fyrirlestur um þróun danskrar tungu á tímabilinu 1900-2012 í Þjóðminjasafninu 12. september.
- Sveinung Nordstoga og Petter Bjellås, lektorar við Háskólann í Þelamörk, Aðalbygging Háskóla Íslands, 17. september.

- Anna Funder rithöfundur hélt fyrirlestur um skáldsögu sína *All That I Am* í Odda 24. september og Martin Regal, dósent í ensku, kynnti höfundinn og verk hans við sama tækifæri.
- Thomas Bauer, dósent við Háskólann í Limoges, Lögberg, 27. september.
- Birgit Henriksen, dósent við Kaupmannahafnarháskóla og fyrrverandi forstöðumaður Center for Internationalisering og Parallelsprogighed, hélt fyrirlestur um vaxandi notkun ensku í kennslu á háskólastigi í Danmörku. Háskólatorg, 5. október.
- Jessica Guse, aðjunkt í þýsku, hélt fyrirlestur um slam-ljóðlist og notkun þessa nýja ljóðforms í kennslu erlendra tungumála. Oddi, 8. nóvember.
- Bart Dessein, prófessor við Gent-háskóla í Belgíu, hélt fyrirlestur í Gimli 12. nóvember sem bar heitið *Nýr konfúsíanismi og umboð himinsins*. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.
- Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku, hélt fyrirlestur um félagslegt mikilvægi hátíða í japönsku samfélagi. Oddi, 15. nóvember.
- Joyce Kling Soren, kennari við Center for Internationalisering og Parallelsprogighed við Kaupmannahafnarháskóla, Aðalbygging Háskóla Íslands, 20. nóvember.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, hélt fyrirlestur um þýðingu sína á Perceval eða söguna af gralnum eftir Chrétien de Troyes. Oddi, 22. nóvember.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum, hélt fyrirlesturinn *Fiktion – løgn, leg eller kunstighed þar sem hún fjallaði um endurnýjun hugtaksins skáldskapur*. Oddi, 29. nóvember. Fjallað var um fyrirlesturinn í bókmenntaþættinum Orð um bækur á Rás 1 sunnudaginn 2. desember.

Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir

Lingua Nordica – Lingua Franca

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur nýtur styrks frá norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS-HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu Lingua Nordica – Lingua Franca en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, en aðrir í stjórn þess eru Anna Mauranen, prófessor við Helsingiháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Árósháskóla, Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

campUSCulturae

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur tekur þátt í samstarfsnetinu campUSCulturae ásamt rannsóknastofnunum í fimm öðrum háskólum í jafnmörgum löndum Evrópu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa, sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Fulltrúi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfsnetinu er Gro Tove Sandsmark, sendikennari í norsku.

Aðrir viðburðir

- Japanshátíð var haldin í áttunda sinn á Háskólatorgi 28. janúar í samvinnu námsleiðar í japönsku, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og sendiráðs Japans á Íslandi. Kynnt voru ýmis atriði sem tengjast japönsku máli og menningu.
- Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn var haldinn hátíðlegur 21. febrúar í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, félagsins Móðurmáls, Tungumálatorgs, Borgarbókasafns Reykjavíkur, Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og Reykjavíkur – bókmenntaborgar UNESCO. Af þessu tilefni var efnt til dagskrár í aðalsafni Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu.
- Uppskeruhátíð þýskunnar fór fram 23. mars í Bíói Paradís í boði þýska sendiráðsins, Félags þýskukennara og námsleiðar í þýsku. Dagskráin hófst með pallborðsumræðum um þýsku og samskipti við þýskumælandi fólk. Þá voru afhent verðlaun í þýskukeppni framhaldsskólanna,

Þýskubrautinni. Þýskubrautin var fyrst haldin 1990 að frumkvæði Oddnýjar G. Sverrisdóttur, prófessors í þýsku. Að þessu sinni tóku þátt í keppninni um 75 nemendur úr framhaldsskólum vítt og breitt um landið. Þýska ríkið veitti nemendum í þremur efstu sætunum vegleg verðlaun. Stuttmyndakeppni var haldin í þriðja sinn. Þrjár bestu myndirnar í keppninni voru sýndar og höfundar þeirra verðlaunaðir.

- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og námsleið í ítölsku stóðu fyrir viku rúmenskrar tungu dagana 14.–18. maí. Þriggja daga tungumálanámskeið var haldið undir leiðsögn Marinelleu Lorinczi frá Cagliari-háskólanum og í kjölfarið voru sýndar fjórar kvikmyndir frá Rúmeníu.
- Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, var tilnefnd til íslensku þýðingaverðlaunanna 2012 fyrir þýðingu sína á örsögusafninu Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso sem út kom hjá Bjarti á árinu.
- Ljósmynda- og fræðslusýning um kjarnorkuvá og afleiðingar sprengjanna sem varpað var á Hírósíma og Nagasaki í ágúst 1945 var opnuð í Borgarbókasafni Reykjavíkur 9. ágúst og á Háskólatorgi þann 18. september. Sýningin kom til Íslands frá Nagasaki-minningarsafninu sem hefur það hlutverk að varðveita minningu þeirra sem létust vegna kjarnorkuárásanna á Nagasaki og Hírósíma og stuðla að útrýmingu kjarnavopna með fræðslu og upplýsingamiðlun. Í tengslum við opnun sýningarinnar kom m.a. til landsins Inosuke Hayasaki, sem lifði af árásina á Nagasaki. Sýndar voru teikningar hans og hann sagði frá reynslu sinni. Sýningin var haldin í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, utanríkisráðuneytisins, Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Menningarhússins Hofs, Íslensk-japanska félagsins, Samstarfshóps friðarhreyfinga, Takanawa ehf., sendiráðs Íslands í Japan og sendiráðs Japans á Íslandi. Sýningin var sett upp á fjórum stöðum á Íslandi og heimsóttu hana um 11.200 gestir, þar af um 1.900 nemendur sem unnu verkefni í tengslum við hana.
- **Kvikmyndasýningar**
Erlendar kvikmyndir eru gjarnan sýndar á vegum námsleiða við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og eru þær sýningar opnar almenningi. Þannig er Konfúsíusarstofnunin Norðurljós með reglubundnar sýningar á veturna á kínverskum kvikmyndum í húsnaði háskólans.

Í apríl og maí voru haldnir miðamerískir kvikmyndadagar en þar gafst tækifæri til að fræðast um menningu og þjóðlíf þessara lítt þekktu landa og fólkið sem þar býr. Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, setti kvikmyndadagana fimmtudaginn 12. apríl. Sem fyrr segir efndi námsleið í ítölsku til rúmenskra kvikmyndadaga í maí. Einnig stóðu námsleiðir í ítölsku og japönsku fyrir reglulegum kvikmyndasýningum á haustmisseri.

Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Á árinu 2012 veitti Arion banki Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum styrk að upphæð 1 m.kr. og auk þess styrkti Íslandsbanki starfsemi stofnunarinnar með 1 m.kr. framlagi.

Þann 19. desember var undirritaður samstarfssamningur um tveggja milljóna króna árlegt framlag Arion banka til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á árunum 2013–2015. Styrknum skal varið til undirbúnings alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar. Samningur um styrkinn var undirritaður af Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Höskuldi Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, og vottaður af frú Vigdís Finnbogadóttur og Monicu Caneman, stjórnarformanni Arion banka, í Háskóla Íslands.

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að renna stoðum undir starfsemi stofnunarinnar. Formaður stjórnar styrktarsjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Aðrir í stjórn sjóðsins eru Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi bankastjóri, Hrönn Greipsdóttir, forstöðumaður Faktoring, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, stjórnarformaður

Hannesarholts, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason, stjórnarformaður Icelandair, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

Ráðist var í fjáröflunaráttak snemma árs fyrir Styrktarsjóðinn og lögðu eftirtalin fyrirtæki stofnuninni lið með 90 þúsund króna framlagi hvert: Bláa lónið hf., Borgun hf., CCP hf., Hagar hf., HB Grandi hf., IKEA á Íslandi – Miklatorg hf., Loðnuvinnslan hf., Mannvit hf., MP banki hf., N1 hf., Nýherji hf., Olíuverslun Íslands hf., Reiknistofa bankanna hf., Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf.

Í nóvember tilkynnti Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um styrkveitingu, samtals að upphæð 1,9 m.kr., til að standa straum af kostnaði við útgáfu eftirfarandi rita:

- Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu.
- Murder in the Cathedral. Tvímála útgáfa á leikverki T.S. Eliot, með fræðilegum inngangi. Þýðinguna gerði Karl Guðmundsson en Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í ensku, ritar inngang. Ritstjóri er Ingibjörg Ágústsdóttir.
- Danskan. Lykill Íslendinga að háskólanámi eftir Auði Hauksdóttur, dósent í dönsku.

Útgáfa fræðirita

- Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, 2011. Þema heftisins var erlendar bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum. Í ársritinu birtu sjö fræðimenn við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur greinar um rannsóknir sínar, þau Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönskum fræðum, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Magnús Fjalldal, prófessor í ensku, Martin S. Regal, dósent í ensku, Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku. Ritstjórar bókarinnar eru Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi og Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku.
- Yfir saltan mar. Tvímála safn þýðinga á ljóðum argentínska ljóðskáldsins Jorge Luis Borges. Bókin kom út á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunnar. Ritstjórar hennar voru Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi.

Heimasíða Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er á slóðinni: <http://vigdis.hi.is> og þar má finna ítarlegri upplýsingar í ársskýrslu.

Asíusetur Íslands – ASÍS

Starfsemi Asíuseturs Íslands – ASÍS – lá niðri á árinu 2012, eins og undanfarin ár, og var setrinu ekki skipuð stjórn. Starfsemi setursins hefur nú verið sameinuð starfsemi Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf sitt fimmta starfsár á árinu. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins. Stofnunin er hýst á Hugvísindasviði. Í stjórn stofnunarinnar sátu Wang Wenbing, aðstoðarrector Ningbo-háskóla, stjórnarformaður, Qiu Yun, Ningbo-háskóla, Ingjaldur Hannibalsson, Háskóla Íslands, Ástráður Eysteinnsson, Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson, Háskóla Íslands, sem tók við starfi forstöðumanns frá og með ágústmánuði í fullu starfi. Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang og Wang Xia við stofnunina og enn fremur gegndi Stefán Ólafsson störfum sem viðburðastjóri. Geir Sigurðsson, sem hafði gegnt stöðu forstöðumanns í hálfu starfi frá stofnun, sinnir nú kennslu í fullu starfi sem dósent í kínverskum fræðum.

Hlutverk og rannsóknir

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við þróun námsleiðar í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði. Stofnunin vinnur aukinheldur að því að koma á kínverskukennslu í íslensku samfélagi, m.a. við Menntaskólann við Hamrahlíð og Endurmenntun Háskóla Íslands, auk þess sem stofnunin hefur átt samstarf við Íslenska ættleiðingu, Félag Kínverja á Íslandi o.fl. varðandi kennslu í kínversku. Auk þess hefur Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, stundað rannsóknir í nafni stofnunarinnar, einkum á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða.

Málþing, fyrirlestrar og viðburðir

Konfúsíusarstofnun stóð á árinu fyrir fyrirlestrum um viðskiptatengsl Íslands og Kína í samstarfi við Viðskiptafræðideild. Meðal fyrirlesara voru Bergþóra Aradóttir, Halldór Jóhannsson, Hafliði Sævarsson og Kjartan Pierre Emilsson. Jafnframt voru haldnir fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi á vegum stofnunarinnar. Á meðal erlendra fyrirlesara á árinu voru Bart Dessein frá Gent-háskóla í Belgíu, Steve Coutino frá Muhlenberg-háskóla í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum og Günter Wholfart, prófessor emeritus við Wuppertal-háskóla í Þýskalandi. Innlendir fyrirlesarar voru meðal annars: Sigrún K. Valsdóttir, Ingibjörg Björgvinsdóttir, Steingrímur Þorbjarnarson, Steinunn Sigurðardóttir, Jóhann Pétur Malmquist og Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Fjöllistahópur frá Guangxi-háskóla úr samnefndu héraði í Kína heiðraði okkur með nærveru sinni og sýndi listir sínar í Háskólabíói í janúar. Stofnunin tók þátt í háskóladeginum með virkum hætti í febrúar og vísindavöku Rannís í september. Loks sýndi stofnunin um 30 kvikmyndir á árinu.

Fjármál

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té aðstöðu og aðgang að stoðþjónustu og greiðir einnig 50% af launum forstöðumanns. Hanban, undirstofnun kínverska menntamálaráðuneytisins, hefur styrkt stofnunina fjárhagslega og var afkoman góð á árinu.

Húsnæðismál og vefsíða

Stofnunin er til húsa á fyrstu hæð í Nýja-Garði og hefur þar vinnuaðstöðu fyrir fimm starfsmenn. Ný vefsíða stofnunarinnar var sett á laggirnar á árinu og er lén hennar www.konfusius.is.

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er þverfagleg stofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Rannsóknastofan miðlar þekkingu á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og rabbfundum þar sem fræðimenn kynna rannsóknaverkefni sín.

Stjórn og starfslið

Forseti Hugvísindasviðs skipaði þann 28. janúar 2011 nýja stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til næstu þriggja ára. Í stjórninni sitja: Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræðum og stjórnarformaður, Kristín Björnsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor í menntunarfræðum, og Anna Karlsdóttir, lektor í landfræði. Varamenn eru Páll Biering, dósent við Heilbrigðisvísindasvið, Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent við Hugvísindasvið, og Bjarni Bessason, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er Irma Erlingsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, en hún hefur gegnt starfinu frá

árinu 2000. Verkefnisstjóri við rannsóknastofuna frá 2010 er Hildur Fjóra Antonsdóttir en hún var í rannsóknaleyfi frá miðju ári 2012. Rákel Adolphsdóttir var ráðin í hlutastarf sem starfsmaður hjá rannsóknastofunni um mitt árið 2012.

Viðburðir og rannsóknir

Auk hefðbundinna hádegisfyrirlestra, sem eru haldnir hálfsmánaðarlega, stóð rannsóknastofan fyrir nokkrum stærri viðburðum. Í febrúar stóð hún fyrir málþingi sem bar heitið Að skrifa konur inn í söguna og var það haldið í samstarfi við Jafnréttisstofu, Sagnfræðistofnun og mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjallaði um hlutdeild og birtingarmyndir kynjanna í sögubókum. Sem dæmi um rannsóknaverkefni stofunnar má nefna verkefni Þóru Kristínar Þórsdóttur um kynjaðar afleiðingar fjármálakreppunnar og verkefni Þorgerðar Þorvaldsdóttur sem varðar áhrif efnahagsþrenginga á íslenskt jafnréttis- og mannréttindastarf.

Kvennaslóðir

Verkefnið www.kvennaslodir.is er gagnabanki með nöfnum og ferilskráum kvensérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmið Kvennaslóða er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega. Kvennaslóðir er vettvangur fyrir fjölmiðla, fyrirtæki og stjórnvöld til þess að finna hæfar konur til margvíslegra starfa með skjótvirkum hætti. Á Kvennaslóðum má finna nöfn kvenna sem eru tilbúnar til þess að leggja sitt af mörkum í samfélaginu, t.d. með því að veita sérfræðiálit í fjölmiðlum og sitja í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum hins opinbera og í einkageiranum. Forstöðumaður hefur unnið að þróun verkefnisins og fengið styrki til þess árlega.

Samstarfsnet

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum starfar náið með erlendum stofnunum á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. Norrænu rannsóknastofnuninni í kvenna- og kynjafræðum/jafnréttisfræðum, sem er staðsett við Háskólann í Ósló. Stofan er aðili að AOIFE (Association of Institutions for Feminist Education and Research in Europe) og ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe), sem nýtur styrks úr Grundtvig-áætluninni. ATHENA-verkefnið er rannsóknarnet á sviði kvenna- og kynjafræða og er Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum aðili að rannsóknaverkefnum á vegum þess. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum gerðist einnig aðili að ATGENDER (The European Association for Gender Research, Education and Documentation) sem stofnað var árið 2009. Rannsóknastofan var enn fremur aðili að umsókn samstarfsnetsins Gendering Asia, sem hlaut styrk frá NordForsk til að gera fræðimönnum á sviði kynja og Asíufræða á Norðurlöndum kleift að funda árlega í þrjú ár og þróa rannsóknasamstarf á sviðinu.

Rannsóknastofan er einnig aðili að The next GENDERation Network, NORDFEM PLUS, NOISE (Network of Interdisciplinary Women's Studies in Europe) og WISE (Women's International Studies Europe). Árið 2012 starfaði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum með fjölda innlendra samstarfsaðila, líkt og venja hefur verið. Stofan á m.a. fulltrúa í nefnd um konur og vísindi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, í stjórn Kvennasögusafnsins, í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum/jafnréttisfræðum, í jafnréttisráði og í nefnd fjármálaráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð.

Heimasíður

Á heimasíðu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er þekkingu um kvenna- og kynjarannsóknir miðlað, sagt er frá rannsóknnum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu. Slóð heimasíðunnar er www.rikk.hi.is. Alþjóðlegi jafnréttisskólinn og Edda – öndvegissetur starfrækja einnig heimasíður sem eru uppfærðar reglulega: www.gest.hi.is og www.edda.hi.is.

Edda – öndvegissetur

Edda – öndvegissetur er vettvangur fyrir gagnrýnar samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Verkefnið var eitt af þremur öndvegisverkefnum sem styrkt voru á grundvelli markáætlunar Vísinda- og tækniráðs árið 2009. Starfsemi þess á tímabilinu 2009–2012 var tekin út í lok árs 2012 af hópi erlendra sérfræðinga og í kjölfarið var ákveðið að framlengja styrkveitinguna til setursins til næstu fjögurra ára. Á árinu störfuðu allir starfsmenn Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum einnig fyrir setrið en auk þeirra var Sveinn Máni Jóhannesson starfsmaður setursins frá janúar til septembermánaðar. Edda hefur lagt áherslu á þverfaglegar rannsóknir og stofnað til víðtækra tengsla við erlendar og innlendar háskóla- og rannsóknastofnanir. Edda hefur einnig skipulagt ráðstefnur og aðra viðburði og leitast við að hafa áhrif á opinbera stefnumótun. Af alþjóðlegum ráðstefnum sem setrið hefur skipulagt ber helst að nefna tvær, (In) Equalities, Democracy and the Politics of Transition, sem fór fram á árinu, og Crisis and Renewal: Welfare States, Democracy and Equality in Hard Times, sem var haldin árið 2011. Á þessum ráðstefnum voru kynntar helstu niðurstöður rannsókna sem hafa farið fram á vegum setursins á fyrstu starfsárum þess. Þá má einnig nefna ráðstefnu um konur, kynjajafnrétti og kreppuna sem fór fram í apríl. Síðastliðin þrjú ár hefur Edda styrkt fjölmörg rannsóknaverkefni á sviði jafnréttismála og staðið að rúmlega 50 viðburðum á áherslusviðum setursins, þ.e. ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum. Heimasíða setursins er á slóðinni www.edda.hi.is.

Alþjóðlegur jafnréttisskóli

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er samstarfsaðili Alþjóðlegs jafnréttisskóla – GEST Programme (sem hét áður GET Programme). Hann var stofnsettur árið 2009 og þróaður samhliða Eddu – öndvegissetri. Honum var komið á fót með samningi milli utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands. Skólinn var upphaflega starfræktur sem tilraunaverkefni með það fyrir augum að verða síðar hluti af tengslaneti Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Annadís G. Rúdólfsdóttir er námsstjóri GEST en auk hennar starfa fastir starfsmenn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við skólann, þær Irma Erlingsdóttir, Rakel Adolphsdóttir og Hildur Fjóla Antonsdóttir. Á árinu starfaði Lilja Dóra Kolbeinsdóttir einnig sem verkefnisstjóri við skólann. Jafnréttisskólinn er byggður á sömu hugmyndafræði og aðrir skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og er liður í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Hann hefur að markmiði að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum sem starfa að jafnréttismálum þjálfun á sínu sérsviði og gera þeim betur kleift að vinna að jafnri stöðu karla og kvenna í heimalöndum sínum. Í náminu er lögð áhersla á að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, í anda þriðja þúsaldarmarkmiðsins, um að unnið skuli að jafnrétti kynjanna og frumkvæðisrétti kvenna. Einnig er lögð áhersla á jafnréttissjónarmið við friðaruppbyggingu í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Loks er sjónum beint að samþættingu kynjasjónarmiða í umhverfismálum og við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, s.s. í fiskveiði-, orku- og landgræðslumálum. Á fjórða starfsári skólans tók GEST á móti sex nemendum frá Afganistan, Palestínu, Mósambík og Úganda sem stunduðu nám við skólann í 20 vikur á haustmánuðum. Skólinn stóð jafnframt fyrir fjölda viðburða á árinu. Heimasíða skólans er á slóðinni www.gest.hi.is.

Siðfræðistofnun

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári nema að Páll Skúlason var settur formaður í veikindaleyfi Vilhjálmss Árnasonar frá júlí fram í desember. Aðrir í stjórn eru: Sólveig Anna Bóasdóttir dósent, tilnefnd af Guðfræðideild, varaformaður, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Menntavísindasviði, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi var Salvör Nordal en hún var í rannsóknaleyfi frá ársbyrjun til loka júní og síðan í tveggja mánaða

launalaus leyfi síðar á árinu. Samkvæmt reglum starfar stofnunin nú innan vébanda Hugvísindastofnunar og á stjórnarformaður sæti í stjórn Hugvísindastofnunar.

Rannsóknir og erlent samstarf

Siðfræðistofnun tók þátt í nokkrum styrkumsóknum á árinu. Hún leiddi umsókn sem send var til Rannís 1. júní undir heitinu How Does Democracy Work in Iceland? Practices, Norms and Understanding (Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur). Stofnunin var einnig þátttakandi í verkefninu Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation í 7. rammaáætlun Evrópusambandsins en fræðimenn í Portúgal leiða það verkefni. Verkefnið hlaut náð fyrir augum Evrópusambandsins og hófst samningaviðræður á árinu sem var ekki lokið í árslok. Siðfræðistofnun sótti einnig um aðild að Cost-verkefninu Disaster Bioethics: Addressing Ethical Issues Triggered by Disasters sem hófst á síðari hluta ársins og var meðal umsækjenda í Cost-umsókninni Citizen's Health Through Public-Private Initiatives: Public Health, Market and Ethical Perspectives. Þá var stofnunin þátttakandi í minni verkefnum á árinu.

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping-háskóla: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Litháen 4.–5. október. Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, var þar kjörinn formaður samstarfsnetsins. Hann var einnig kjörinn í stjórn International Association of Bioethics sem hélt ársfund sinn í Rotterdam í júní. Salvör Nordal á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni, var formaður hennar á árinu, og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum nefndarinnar. Þá hefur hún tekið þátt í Noria-net sem starfar á vegum NordForsk og er ætlað að fjalla um möguleika á auknu samstarfi Norðurlandanna á sviði rannsókna sem byggjast á gagnasöfnum frá heilbrigðissviði og velferðarkerfinu. Vilhjálmur Árnason er aðili að FinCris: Responsibilities, Ethics and the Financial Crisis, sem er þverfaglegt rannsóknaverkefni í samvinnu fræðimanna við háskólana í Birmingham, Warwick, Oxford og fleiri. FinCris er styrkt af Arts and Humanities Research Council (AHRC). Verkefnið hófst í júlí 2012 og er styrkt til þriggja ára. Vilhjálmur Árnason hefur setið í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy. A European Journal frá 2000, Genomics and Society. Online Journal frá 2005 og Etikk i praksis. Nordisk tidskrift frá 2007.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf. Til dæmis var Siðfræðistofnun Alþingi til ráðgjafar við vinnu að siðareglum fyrir alþingismenn. Stofnunin gerði samstarfssamning við Festu um samfélagslega ábyrgð. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir Salvör Nordal námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og átt þátt í kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Fyrirlestrar

Á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar var haldið málþing um Platon í desember og er fyrirhugað að fyrirlestrarnir komi út á bók á næsta ári.

Tungumálamiðstöð

Stjórn og starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson er forstöðumaður miðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Sabine Sennefelder, Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir, Natalia Kovachkina, Anita Rübberdt og Þorvaldur Skúli Björnsson.

Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og einnig var boðið upp á ensku- og spænskunámskeið fyrir starfsmenn. Miðstöðin skipulagði líka ritunarnámskeið í ensku fyrir doktorsnema á Félagsvísindasviði. Tungumálamiðstöðin hefur um árabíl boðið upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Í maí var svo boðið upp á örnámskeið í rúmönsku fyrir byrjendur, sem Marinella Lorinsczi frá Cagliari-háskólanum á Sardíníu kenndi. Námskeiðið var öllum opið og var það mjög vel sótt. Miðstöðin hélt svo að vanda alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku (TestDaF) og spænsku (DELE).

Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin á í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur), sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.

Miðstöðin hóf á árinu þátttöku í samstarfsnetinu Lingu@net Work sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni, Lingu@net World Wide.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.



Menntavísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Forseti sviðsins var Jón Torfi Jónasson. Forseti Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar fyrri hluta árs var Erlingur Jóhannsson prófessor og varaforseti Ástríður Stefánsdóttir dósent. Frá 1. júlí var Ástríður Stefánsdóttir deildarforseti og Sigurbjörn Árni Arngrímsson varadeildarforseti. Forseti Kennaradeildar var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varaforseti Gunnar E. Finnbogason prófessor. Forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Hanna Ragnarsdóttir dósent og varaforseti Ólafur Páll Jónsson dósent. Amalía Björnsdóttir dósent gegndi starfi varadeildarforseta á vormisseri í rannsóknamisseri Ólafs Páls.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Kristjana Björk Traustadóttir var fulltrúi nemenda á árinu.

Alls voru haldnir 20 stjórnarfundir á árinu. Rekstrarstjóri sviðsins er Björg Gísladóttir og situr hún stjórnarfundum.

Þing Menntavísindasviðs

Kennsluþing Menntavísindasviðs 7. júní 2012

Á þinginu voru kynntar niðurstöður úr ítarlegri skýrslu Þuríðar Jóhannsdóttur og Sólveigar Jakobsdóttur um samkennslu: Samkennsla stað- og fjarnema í grunnnámi í Kennaradeild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2010–2011. Skýrslan var birt í maí 2012. Einnig voru kynntar niðurstöður spurningalistakannana um viðhorf nemenda í Uppeldis- og menntunarfræðideild sem unnar voru vorið 2011. Kolbrún Pálsdóttir annaðist þessar kannanir og skrifaði um þær skýrslur. Kynntar voru niðurstöður viðtalsrannsóknar meðal grunnskólakennaranema: Raddir nemenda í grunnnámi Kennaradeildar. Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, þá fulltrúi nemenda, hafði lagt til að skoðaðir væru þættir sem lytu að samanburði námskeiða, einkum þættir sem tengdust mismunandi álagi í námskeiðum. Rannsókn Hönnu Ingibjargar var unnin í samráði við Baldur Sigurðsson, Guðrúnu Geirsdóttur og Hafðísi Ingvarsdóttur. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í apríl 2012. Kennslumálanefnd Háskóla Íslands kynnti gagnasafn um gengi nemenda í námi eftir sviðum.

Á þinginu unnu vinnuhópar að tillögum að markmiðum og aðgerðum varðandi eftirfarandi þætti: Skilgreining á hugtökunum staðkennsla, fjarkennsla og samkennsla.

Kennsluhættir og námsmat.

Virkni og ábyrgð nemenda.

Fundarstjóri var Janus Guðlaugsson.

Nánar má lesa um dagskrána á vef háskólans og þar má einnig finna ýmis gögn frá þinginu: http://www.hi.is/menntavísindasvið/kennsluþing_menntavísindasviðs_7_juni.

Þing Menntavísindasviðs 23. ágúst 2012

Fyrri hluta dags var haldinn vinnufundur með fulltrúum kennsluskrifstofu, deildarforsetum, varadeildarforsetum, námsbrautarstjórum og formönnum ráða og þar var fjallað um mál sem varða skipulag kennslunnar s.s. kennsluskrárvinnu.

Á þinginu var rætt um kennslumál í framhaldi af kennsluþinginu sem fram fór 7. júní. Helstu dagskrárliðir voru:

almenn skipulagsatriði

umræða um hvað skuli samræmt og hvað ekki

vinnureglur, m.a. vinnumatskerfið

Bolognaferlið og vinnurammahugmyndir sem Baldur Sigurðsson hefur kynnt og áhrif þeirra samstarf brauta, deilda og sviða

kennsluskrá 2013–2014

Síðari hluta dags var upplýsingafundur Menntavísindasviðs þar sem forseti sviðsins gerði grein fyrir því sem hæst bar í málefnum sviðsins og því sem framundan væri.

Auk þinganna hélt forseti sviðsins tvo upplýsingafundi fyrir starfsfólk, þann fyrri 30. janúar og þann síðari 23. ágúst.

Fjármál Menntavísindasviðs*


Fjárveiting	1.608.833
Sértekjur	-77.850
Tekjur alls	1.530.983
Útgjöld	1.421.919
Tekjuafgangur	109.064
Ársverk	169,3
Skráðir nemendur	2.064
Virkir nemendur	1.322
Nemendur/ársverk	12,2
Virkni nemenda	64,1%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Starfsfólk

Menntavísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2012		
	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	118	103,8
Karlar	57	47,1
Samtals:	175	150,9

Menntavísindasvið Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum í árslok 2012



Í lok árs 2012 voru því 175 starfsmenn í 157 stöðugildum við Menntavísindasvið.

Starfsfólk Menntavísindasviðs	
Starfsmenn alls	186
Stöðugildi	157
Fjöldi í 100% starfi	127
Fjöldi í hlutastarfi	59
Akademískt ráðnir í 100% starfi	81
Akademískt ráðnir í hlutastarfi	22
Aðjunktur	29
Stjórnsýsla	44
Konur	128
Karlar	58

Í tölunum um stjórnsýslu voru nokkrir aðstoðarmenn á rannsóknastofum í tímabundnum verkefnum og tveir af starfsmönnum stjórnsýslu voru í námsleyfi á haustmisseri.

Átta fastráðnir akademískir starfsmenn minnkuðu við sig starfshlutfall og fóru í 49% starf. Tveir hættu vegna aldurs. Einn starfsmaður stjórnsýslu var í fæðingarorlofi, tveir fóru í námsleyfi á haustmisseri og einn starfsmaður fluttist tímabundið í miðlæga stjórnsýslu 1. nóvember.

Stjórnsýsla og stoðþjónusta

<i>Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok</i>			
2012			
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
Menntavísinda svið	7	21	28
		Fjöldi	28
		Starfsígdli	25,6

Stjórnsýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist á árinu í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn, Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf og Menntavísindastofnun.

Rannsóknastofur		
– konur	11	7,51
– karlar	1	0,7
Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf		
– konur	2	2
– karlar	0	0
Bókasafn		
– konur	6	5,24
– karlar	0	0
Samtals:	20	15

Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu og kennsluskrifstofu. Almenna skrifstofan sinnir stjórnsýslulegum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið.

Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Menntasmiðja sinnir einkum þjónustu við nemendur og starfsfólk vegna eigin tölva og tölvuvera, námsumsjónarkerfa, vefþjónustu og annarra upplýsingatækniverkefna með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Starfsmenn voru sex í fimm stöðugildum.

Viðamiklar breytingar á Menntasmiðju gengu í gegn áramótin 2012 og 2013 en þá færðust tveir starfsmenn yfir til Reiknistofnunar Háskóla Íslands og sinna þeir notendþjónustu við sviðið, auk þess að sinna almennri notendþjónustu á þjónustuborði Reiknistofnunar.

Fjöl margar vinnustofur og námskeið voru haldin í tengslum við notkun náms- og kennslukerfisins Moodle, auk fjölda annarra viðburða sem kallast Miðvikudagar í Menntasmiðju en þar voru kynntar nýjungar í tölvu- og upplýsingamálum.

Menntasmiðja tekur þátt í spjaldtölvuvæðingu sviðsins og hefur haft umsjón með spjaldtölvum og haldið námskeið í tengslum við þá vinnu í samvinnu við kennara.

Sigurður Jónsson, forstöðumaður Menntasmiðju, sá áfram um að stýra samstarfi íslenskra háskóla um varnir gegn ritstuldi með Turnitin-forritinu.

Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Bókasafnið er til húsa í Hamri við Stakkahlíð en einnig er safndeild við Íþróttfræðasetrið á Laugarvatni. Helstu viðfangsefni safnsins eru að byggja upp og miðla safnkosti sem styður við nám, kennslu og rannsóknir í menntavísindum og kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi. Starfsmenn safnsins eru átta í 6,3 stöðugildum. Forstöðumaður bókasafnsins er Gunnhildur Björnsdóttir.

Safnkostur

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og hann inniheldur rúmlega 94 þúsund eintök skráð í Gegni. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þýngst en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgengi að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang. Ný aðföng á árinu teljast vera 1770. Þar af eru um 170 gjafir, 285 lokaverkefni nemenda og 116 tímarit í áskrift.

Útlán

Heildarfjöldi útlána á árinu samkvæmt Gegni var 17215. Inn í þá tölu vantar notkun á rafrænum bókum og handbókum á Háskólanetinu. Á árinu var 945 sinnum farið inn í kafla þrettán rafrænna bóka á sviði menntavísinda í gagnasafninu MyLibrary. Einnig voru 1102 greinar sóttar úr 20 tímaritum sem einungis eru keypt rafræn í séráskrift. Þá eru ótaldar aðrar greinar sem fást gegnum landsaðgang eða eru aðgengilegar með öðrum hætti rafrænt.

Skemman

Skemman er rafrænt gagnasafn fyrir lokaverkefni og rannsóknarrit kennara og fræðimanna háskólanna. Frá árinu 2007 til ársloka 2012 hafa 1933 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opin að þeim flestum. Þar hafa einnig verið 118 greinar eftir kennara sviðsins vistaðar í tímaritum og ráðstefnuritum.

Kennslugagnasafn

Bókasafnið á og lána út allt námsefni grunnskóla og boðið er upp á kynningar á kennsluefni fyrir vettvangsnám í samvinnu við kennara. Í kennslugagnasafni er uppi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum landsins.

Þjónusta

Starfsfólk bókasafnsins veitir aðstoð og leiðbeinir um heimildaleit í gagnasöfnum og handbókum. Kennurum, fræðimönnum og rannsóknastofum við skólann er boðin margbætt þjónusta sem styður við menntarannsóknir. Má þar nefna árveknipjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum. Lögð er áhersla á að fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir nemendur.

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum í millisafnaláni ljósrít af greinum sem ekki eru til í safninu og rit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins. Safnið fékk á árinu 542 rit að láni og lánaði 192.

Notendafræðsla

Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs.

Safnið stendur fyrir notendafræðslu í mismunandi námskeiðum ýmist í samvinnu við kennara, í samstarfi við ritver eða upp á eigin spýtur. Þá er boðið upp á námskeið og kynningar ætlaðar afmörkuðum hópum, framhaldsnemum og kennurum eða vegna lokaverkefna, auk einkakennslu. Alls nutu um 1800 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd á árinu. Leiðbeiningar um heimildaleit og heimildaskráningu er einnig að finna á vef safnsins, stofnanir.hi.is/bokasafn.

Samstarf

Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og ritver Menntavísindasviðs. Starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal bókasafna. Safnið á fulltrúa í fulltrúaráði Aleflis, vinnuhópi um upplýsingalæsi meðal háskólabókasafna, verkefnisstjórn Skemmunnar, samstarfshópi um SFX (aðgangskerfi að heildartexta rafrænna gagna í tengslum við Gegni), vinnuhópi um rafrænar bækur og vinnuhópi um höfundaréttarmál. Góð samvinna er við Námsgagnastofnun og í samvinnu við hana eru í safninu settar upp kynningar á námsefni í einstökum námsgreinum, auk standandi sýningar á öllu námsefni grunnskóla. Árleg haustsýning Námsgagnastofnunar hefur verið haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs undanfarin ár.

Ritver

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa, bæði fyrir stúdenta og kennara. Ritverið var stofnað 30. nóvember 2009 og árið 2012 var því þriðja starfsárið í sögu þess. Þetta starfsár voru tekin tvö stór skref í þróun starfseminnar, um áramót var unnt að ráða stúdenta til starfa sem jafningjaráðgjafa og á afmæli ritvers um haustið var opnaður nýr leiðbeiningarvefur um skráningu og meðferð heimilda samkvæmt 6. útgáfu af útgáfureglum APA.

Ritverið er til húsa í opnu rými á bókasafni Menntavísindasviðs í Hamri og hefur þar til umræða skrifborð, tölvu, síma og bókahillu. Ritverið er í náninni samvinnu við bókasafnið og þegar mikið er að gera getur ritverið fengið nærliggjandi vinnuborð til umræða.

Stjórn og starfsfólk

Forstöðumaður ritvers er Baldur Sigurðsson dósent. Formaður stjórnar er Hafþór Guðjónsson dósent en aðrir í stjórn eru Gunnhildur K. Björnsdóttir forstöðumaður bókasafns, Anna María Hauksdóttir verkefnisstjóri, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent og Karen Rut Gísladóttir lektor. Stjórnin kemur saman einu sinni til tvisvar á misseri en forstöðumaður er í nánu sambandi við formann stjórnar. Á árinu störfuðu alls sex stúdentar sem jafningjaráðgjafar í ritverinu: Jóhanna G. Ólafsson, Arndís Jónasdóttir, Ásdís Olga Sigurðardóttir og Magnea Þuríður Ingvarsdóttir störfuðu allt árið en á haustmisseri komu Anna Dórothea Tryggvadóttir og Helga Ágústsdóttir til aðstoðar. Allir jafningjaráðgjafar hafa lokið sérstöku námskeiði um leiðsögn með fræðilegum skrifum og fengið starfsþjálfun. Stúdentar í starfsþjálfun á haustmisseri voru Ágúst Tómasson og Sigrún Tómasdóttir. Jóhanna var jafnframt aðstoðarmaður forstöðumanns og sá um að skipuleggja viðtalsfundi og uppfæra vefsíðuna.

Samstarf á sviðinu

Ritver starfaði með Önnu Maríu Hauksdóttur um að útbúa leiðbeiningar og sniðmát fyrir lokaverkefni, bæði á bakkalár- og meistarastigi. Ritver var í samstarfi við kennara á námskeiðum fyrsta árs um að stúdentar fengju viðtalsfund um verkefni sitt í ritveri fyrir endanleg skil til kennara. Stundum var gert ráð fyrir að ráðgjafar læsu verkefnið yfir fyrir viðtalsfund og merktu við umræðuefni á gátlista. Á vormisseri voru Hróbjartur Árnason og Ingólfur Á. Jóhannesson helstu samstarfsaðilar en á haustmisseri Ingibjörg B. Frímansdóttir, Lilja Össurardóttir og þær Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir.

Í samvinnu við ritver gerði Menntavísindastofnun úttekt á ritstjórn og ritrýni í sérriti Netlu um Menntakviku 2010 og 2011. Lárus Ari Knútsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir unnu skýrslu um

efnið en niðurstöður hennar verða lagðar til grundvallar innra starfi og vinnureglum við útgáfu á sviðinu.

Á árinu fóru fram viðræður við formann doktorsráðs, Gretar L. Marinósson, um að ritverið hefði umsjón með að láta lesa yfir doktorsverkefni með tilliti til uppsetningar, frágangs og meðferðar heimilda. Við mannbreytingar í doktorsráði féllu þessar viðræður niður og ekki var formlega gengið frá samningi.

Starfsemi

Meginstarfsemi ritvers er fjórbætt:

1. Vefur, heimasíða og undirvefir (<http://vefsetur.hi.is/ritver>). Á vefsíðu ritvers má finna hvers kyns upplýsingar, leiðbeiningar og fróðleik um ritun á háskólastigi, um samningu, frágang, yfirferð og mat, bæði fyrir kennara og nemendur. Vefurinn er jafnframt andlit ritvers, samskiptamiðill og vettvangur fyrir tímabókanir og skipulag starfsins.
2. Námskeið og vinnustofur fyrir stúdenta. Ritverið heldur námskeið og vinnustofur, almenns eðlis eða í tengslum við ákveðin fræðasvið, deildir eða námskeið, um ýmsa þætti ritunar. Námskeið eru haldin í náinni samvinnu við bókasafn Menntavísindasviðs og fræðsludagskrá ritvers og bókasafns er auglýst sameiginlega.
3. Viðtalsfundir fyrir stúdenta. Ritverið leiðbeinir stúdentum um lokaverkefni þeirra og námskeiðsverkefni. Stúdentar panta tíma og fá markvissa umræðu um verkefni sitt í klukkutíma. Auk þess eru skipulagðir styttri viðtalsfundir með ákveðnum hópum.
4. Málþing fyrir kennara. Ritverið heldur eitt eða tvö málþing á ári um ýmsar hliðar fræðilegra skrifa, leiðsagnarhlutverk kennara og mat og stuðlar að umræðu meðal kennara um nýjar hugmyndir um fræðileg skrif og gestafyrirlesarar eru fengnir af öðrum sviðum háskólans eða erlendis frá.

Vefur ritversins

Á árinu fékk ritverið alls 8.366 heimsóknir á vef sinn og einstakar síður voru skoðaðar 21.315 sinnum. Meðallengd heimsókna var 3'41" og meðalfjöldi síðuflettinga í hverri heimsókn var 4,1.

Á vormisseri voru heimsóknir á bilinu 150 til 200 á viku en fóru hæst í 281 heimsókn í lok apríl. Á haustmisseri voru heimsóknir á bilinu 170 til 331 á viku en fóru hæst um miðjan september í 566 (1.335 síðuflettingar). Þessi aðsókn er um það bil tvöföldun frá árinu áður. Sérstakur leiðbeiningavefur um heimildaskráningu samkvæmt útgáfureglum APA var opnaður 30. nóvember en ekki var farið að telja heimsóknir á þann vef fyrr en í febrúar 2013.

Námskeið og vinnustofur fyrir stúdenta

Við ritver og bókasafn Menntavísindasviðs voru alls haldnir 22 stuttir fræðslufundir á vormisseri um heimildaleit, skráningu og meðferð heimilda og ýmsa aðra þætti fræðilegra skrifa, og sjö fundir á haustmisseri. Margrét Guðmundsdóttir sá um námskeið af hálfu bókasafnsins en af hálfu ritvers sáu þær Arndís Jónasdóttir og Jóhanna G. Ólafsson um nokkra fundi, auk forstöðumanns. Ritverið skipulagði sumarstuðning við stúdenta með lokaverkefni í smíðum. Ingibjörg B. Frímansdóttir sá um stúdenta á bakkalárstigi en Baldur Sigurðsson um stúdenta á meistarástigi. Haldnir voru fjórir fundir með hvorum hópi, frá miðjum maí og fram í lok júní.

Viðtalsfundir

Frá og með janúarmánuði 2012 var í fyrsta sinn unnt að hafa ritverið opið flesta daga vikunnar. Fram að því hafði einungis verið unnt að hafa opið þann eina dag sem forstöðumaður hafði til umráða. Almenn aðsókn stúdenta fór hægt af stað. Í tengslum við þessi tímamót var samið sérstaklega við ákveðna kennara um að beina nemendum til ritvers með námskeiðsverkefni sín og meta heimsókn til einkunnar. Langflestir nemendur nýttu sér þessa þjónustu strax í janúar og margir héldu áfram að leita til ritvers með önnur verkefni í náminu. Þegar leið á misserið fjölgaði öðrum nemendum og stúdentar með lokaverkefni í smíðum bættust í hópinn upp úr miðju misseri

svo ritunarráðgjafarnir höfðu nóg að gera flestar vikur misserisins. Forstöðumaður tók viðtalsvakt hálfan dag í viku og sinnti eingöngu stúdentum með meistararitgerð í smíðum.

Á haustmisseri var heimsókn í ritverið hluti af vinnuferli umfangsmikillar ritgerðar á ákveðnu námskeiði. Tveir stúdentar fengu starfsþjálfun í ritverinu við að fara yfir verkefni á öðru námskeiði og ræða við höfunda þeirra. Þrír starfsmenn ritvers tóku þátt í hópvinnu um verkefni á enn einu námskeiði.

Með því að hafa opið flesta daga og sinna öllum tegundum verkefna í náminu hefur ritverið náð að vekja athygli stúdenta á þjónustu sinni og sífellt fleiri leita til þess. Aðstoð sem þar fæst mæltist vel fyrir, kennarar töldu sig fá betri verkefni frá nemendum en áður og flestir stúdentar lýstu ánægju sinni með aðstoðina í formlegum könnunum á vegum kennara. Eftir því sem leið á árið varð algengara að gestir bókasafnsins leituðu til starfsmanns á vakt og ritverið fékk sífellt fleiri erindi í tölvupósti. Fjölgun heimsókna á vef ritversins talar einnig sínu máli.

Skráðir viðtalsfundir á árinu voru um 500 en auk þess svöruðu starfsmenn ritvers fjölmörgum óskráðum erindum og fyrirspurnum þeirra sem lögðu leið sína í bókasafnið, hringdu eða sendu tölvupóst.

Málþing og fyrirlestrar á vegum ritversins

Þriðjudaginn 24. janúar og miðvikudaginn 25. janúar var haldin málstofa um fræðileg skrif stúdenta, mál og hugsun. Tilfnið var ádrepa Kristínar Bjarnadóttur um að gera þyrfti skýrari kröfur til máls og hugsunar í lokaverkefnum stúdenta. Frummælendur voru: Kristín Bjarnadóttir, Stefán Jökulsson, Sigurlína Davíðsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson og Helgi Skúli Kjartansson. Hinn 22. nóvember gekkst ritverið fyrir málstofu um leiðsögn með lokaverkefnum. Frummælendur voru Hafdís Ingvarsdóttir, Hróbjartur Árnason og Jóhanna Einarsdóttir.

Annað

Forstöðumaður heimsótti ritver Bandaríska háskólans (American University) í París og kynnti sér starfsemi þess. Ritverið fékk nokkrar heimsóknir í desember. Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs háskólans, ræddi við forstöðumann um kynningu í Tímariti háskólans, Jónína Kárdal og Hrafnhildur Kjartansdóttir ræddu sameiginleg viðfangsefni ritvers og náms- og starfsráðgjafar og Sveinn Yngvi Egilsson kynnti sér starfsemi ritvers í tengslum við fyrirætlanir Hugvísindasviðs um að halda ritfærnisnámskeið og stofna ritver. Fundir þessir voru undirbúningur fyrir kynningar- og samstarfsverkefni á árinu 2013.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf er stofnun við Menntavísindasvið sem stendur fyrir námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og vinnur þjónustuverkefni, einkum fyrir skóla og sveitarfélög. Í árslok 2012 var einn starfsmaður við stofnunina, Edda Kjartansdóttir forstöðumaður, sem var einnig fulltrúi stjórnarsýslu í vettvangsráði. Vettvangsráð gegnir hlutverki stjórnar Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar.

Á árinu var eitt námskeið auglýst á vegum Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar. Auk þess voru haldin námskeið eða fyrirlestrar í 15 skólum í samstarfi við skólaskrifstofur á landsbyggðinni og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Námskeið um fjármálalæsi var haldið haustið 2012 í samstarfi við vinnuhóp sem vinnur að því að efla fjármálalæsi nemenda. Leiðsögn við þrjá skóla í Grafarvogi vegna vinnu við námsmat var unnin á haustmisseri.

Haustið 2012 hélt stofnunin í fyrsta sinn utan um stök einingabær námskeið fyrir deildir sviðsins. Alls voru þetta 26 námskeið og 16 nemendur skráðu sig í nám með þessu sniði.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf hefur umsjón með svokölluðum Pestalozzi-námskeiðum á vegum Evrópuráðsins. Í apríl var haldið námskeið í Reykjavík undir hatti Pestalozzi-áætlunarinnar í samstarfi við háskólann í Uppsölum. Rúmlega 20 manns víðs vegar úr Evrópu sóttu námskeiðið, sem nefndist A Democratic Europe – Past, Present and Future. Einn Íslendingur sótti nokkurra daga námskeið á vegum Pestalozzi-áætlunarinnar og annar er að ljúka stóru námskeiði (module) sem fjallar um lýðræði og samfélagsmiðla.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf tók þátt í framkvæmd Menntakviku, árlegrar ráðstefnu Menntavísindasviðs, í samvinnu við Menntavísindastofnun. Þá kom Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf einnig að undirbúningi tveggja ráðstefna, önnur nefndist Storyline in Iceland og var haldin í ágúst og hin kallast Nordic Conference on Religious Education og verður hún haldin í júní 2013.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeið um nokkur námssvið og grunnþætti menntunar. Einnig fékk stofnunin styrk til að halda námskeiðið Heiltæk forysta sem haldið var í samstarfi við erlenda aðila.

Forstöðumaður Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar var starfsmaður vettvangsráðs Menntavísindasviðs á árinu. Fyrri hluta ársins vann forstöðumaður sem starfsmaður stýrihóps samstarfsnefndar um símenntun í 50% starfi. Sá hópur skilaði af sér haustið 2012 og undirbjó stofnun fagráðs um starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Umsýsla með dreifingu tímaritsins Uppeldi og menntun var á hendi stofnunarinnar á árinu. Mikinn hluta ársins var unnið að sameiningu Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar og Menntavísindastofnunar.

Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun er rannsókna- og fræðastofnun við Menntavísindasvið sem hefur það hlutverk að efla rannsóknir og rannsóknaumhverfi innan sviðsins. Það er gert með því að styðja rannsóknastofur og aðstoða einstaka rannsakendur við að skipuleggja rannsóknir og sækja um í rannsóknasjóði, gefa ráð þegar niðurstöður rannsókna eru birtar og veita upplýsingar og ráð um rannsóknasjóði og aðrar fjármögnunarleiðir, bæði innlendar og erlendar. Stofnuninni er ætlað að greiða fyrir ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrahaldi og útgáfustarfsemi sem tengist rannsóknum á sviðinu. Sérstakur kafli fjallar um Menntavísindastofnun hér neðar.

Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfa fjögur starfsráð: doktorsráð, kennsluráð, rannsóknaráð og vettvangsráð, auk jafnréttisnefndar.

Doktorsráð

Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnslu sem námið krefst. Auk þess starfar ráðið með Miðstöð framhaldsnáms hvað varðar doktorsnámið. Doktorsráð skipuðu: Ólöf Garðarsdóttir prófessor, formaður, Gretar L. Marinósson prófessor, varaformaður (en hann leysti Ólöfu Garðarsdóttur af á vormisseri), Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent, Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og Guðrún Kristinsdóttir prófessor. Jón Ingvar Kjaran var fulltrúi doktorsnema á vormisseri en Anna Guðrún Edvardsdóttir tók við af honum á haustmisseri. Verkefnisstjóri var Sólrún B. Kristinsdóttir. Varamenn voru Gunnar E. Finnbogason prófessor, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Amalía Björnsdóttir dósent og Anh-Dao Tran, fulltrúi doktorsnema.

Meginviðfangsefni doktorsráðs á árinu, auk þess að annast inntöku nema í doktorsnám, var að útfæra verklag fyrir áfangamat og doktorsvarnir, að efla alþjóðlegt samstarf um doktorsnámið og skipuleggja málstofur. Þá vann ráðið að því að efla samstarf sitt við deildir og móta námskeiðaframboð.

Rannsóknaráð

Rannsóknaráð Menntavísindasviðs var þannig skipað á árinu: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna T. Einarsdóttir lektor og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Edda Óskarsdóttir var fulltrúi framhaldsnema. Ekki voru skipaðir varamenn. Ráðið starfar til 30. júní 2013. Steinunn var í rannsóknaleyfi á vормisseri og var Helga Rut formaður ráðsins í fjarveru hennar. Hlutverk rannsóknaráðs er að efla rannsóknir við sviðið.

Ráðið starfaði sem stjórn Menntavísindastofnunar á árinu. Forstöðumaður stofnunarinnar er Kristín Erla Harðardóttir. Á árinu voru undirbúnar breytingar á reglum Menntavísindastofnunar á þann veg að stjórn Menntavísindasviðs verður stjórn stofnunarinnar í stað rannsóknaráðsins. Þessar reglur taka gildi árið 2013. Þrátt fyrir að rannsóknaráð starfi ekki áfram sem stjórn Menntavísindastofnunar er mikilvægt að formgera samstarf milli þessa aðila og að rannsóknaráð hafi áfram virka aðkomu að starfi stofnunarinnar.

Rannsóknaráð og forstöðumaður Menntavísindastofnunar höfðu samstarf um ýmis mál sem snerta rannsóknir við sviðið. Má þar helst nefna að Menntavísindastofnun hafði umsjón með Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, forstöðumaður sinnti upplýsingagjöf og aðstoð við styrkumsóknir og fjármögnunarmöguleika rannsókna, ráðgjöf við rannsóknir og utanumhald um rannsóknafé og uppgjör þess. Að auki voru gerðir samningar við nýjar rannsóknastofur við sviðið og ráðnir voru nýir starfsmenn við stofnunina (sjá nánar kafla um Menntavísindastofnun). Rannsóknaráð og Menntavísindastofnun störfuðu enn fremur með stjórn sviðsins og doktorsráði.

Formaður rannsóknaráðs er fulltrúi Menntavísindasviðs í vísindanefnd Háskóla Íslands og tók ráðið helstu viðfangsefni nefndarinnar til umfjöllunar. Gerð var sú breyting á starfssviði rannsóknaráðs á árinu að það sinnir ekki lengur hlutverki fagráðs sviðsins sem leggur faglegt mat á umsóknir í rannsóknarsjóð og doktorssjóð Háskóla Íslands. Frá og með árinu 2012 skipar rektor Háskóla Íslands fagráðið. Þó ber að taka fram að Sigurbjörn Árni Arngrímsson, sem situr í rannsóknaráði, stýrði fagráði sviðsins árin 2011 og 2012 og þykir rannsóknaráði mikilvægt að góð tengsl séu á milli þess og fagráðsins.

Vettvangsráð

Vettvangsráð Menntavísindasviðs hóf störf í mars 2009. Því er ætlað að efla samstarf við þann starfsvettvang sem Menntavísindasvið menntar fólk fyrir, m.a. að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast starfsvettvangi, beita sér fyrir kynningu á þeim innan og utan sviðsins og setja fram hugmyndir um hvornig megi sinna þeim betur. Ráðinu er einnig gert að setja fram hugmyndir að stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, símenntun, þróunarstarf, ráðgjöf, tengsl sviðsins við atvinnulíf, rannsóknir á vettvangi, samráð við hagsmunaaðila og kynningar-, útgáfu- og fræðslustarf.

Formaður vettvangsráðs er Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor. Aðrir í ráðinu voru Guðmundur B. Kristmundsson dósent, Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri Kennaradeildar, og Bryndís Garðarsdóttir lektor. Varamenn voru þau Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir lektor og Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt. Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar, vann með vettvangsráðinu sem starfsmaður en vettvangsráð er jafnframt stjórn Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar.

Á árinu var leitað leiða til að auðvelda starfsmönnum að sinna verkefnum í samstarfi við vettvang og gera sýnilegri og meta þau betur en gert hefur verið. Ráðið kom að gerð viljayfirlýsingar um samstarf milli Menntavísindasviðs og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Mótaðar voru leiðir til að gera þeim stéttum sem starfa á vettvangi kleift að stunda formlegt nám á sviðinu og ræddar voru leiðir til að efla símenntun og starfsþróun hjá þeim stéttum sem sviðið þjónar.

Kennsluráð

Fastir fundir voru haldnir reglulega í kennsluráði yfir vetrartímamann en um formennsku þetta árið sá Hafdís Ingvarsdóttir. Auk umræðna um nám og kennslu á sviðinu sinnti kennsluráð ýmsum verkefnum. Í ágúst var haldinn sérstakur starfsdagur um kennslu þar sem tekin voru upp málefni í framhaldi af kennsluþingi sem haldið var í júní. Kennarahópnum var skipt í þrjá hópa sem settu fram tillögur um það sem betur mætti fara. Unnið hefur verið með þær tillögur en þeirri vinnu er engan veginn lokið. Í framhaldi af tillögunum var m.a. skipaður stuðningshópur kennara, þ.e. lítill hópur kennara sem hafa prófað sig áfram með ýmsa þætti samkennslu og eru til taks til að gefa öðrum kennurum ráð. Í janúar hélt kennsluráð námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema í samvinnu við doktorsráð (sjá umfjöllun þar). Formaður kennsluráðs starfaði í undirbúningsnefnd fyrir ritunarsvöku sem haldin var að tilhlutan ritvers sviðsins fyrir allan háskólann. Áfram var haldið með nestisspjall en það eru óformlegir spjallfundir í hádegi þar sem kennarar sviðsins leiða og kynna þær nýjungar í kennslu sem þeir eru að fást við. Meðal efnis á þessum fundum var umræða um vinnustundir nemenda skv. ETCS-kerfinu, notkun spjaldtölva í námi, leiðsögn með bakkalárverkefnum og samkennslu stað- og fjarnáms, sem segja má að sé kennslufræðilegt meginverkefni sviðsins.

Guðrún Geirsdóttir dósent kynnti jafningjamat og sjálfsmat á kynningarfundum á Menntavísindasviði. Auk þess hélt kennsluráð umræðufund, ásamt ritveri sviðsins, um leiðsögn með meistaranemum en þeim mun nú fjölga mjög vegna lengingar kennaranámsins og um leið þeim kennurum sem munu leiðbeina meistaranemum. Ljóst er að halda þarf áfram með slíka fundi og styrkja kennara við leiðsögn með meistaranemum. Skipunartíma kennsluráðs lýkur sumarið 2013 og skipað verður nýtt ráð haustið 2013.

Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs

Gunnar J. Gunnarsson dósent var skipaður formaður jafnréttisnefndar á vormisseri. Gunnar sat jafnframt í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands fyrir hönd Menntavísindasviðs.

Ný rannsóknastofa á Menntavísindasviði

Þann 19. janúar var stofnuð ný rannsóknastofa við Menntavísindasvið. Hin nýja rannsóknastofa ber heitið NNN Rannsóknastofa og markmiðið með henni er að vinna að þróun og rannsóknum á sviði námskrár, námsmats og annars námsskipulags fyrir öll skólastig. Fyrstu stjórn skipa Gunnar E. Finnbogason prófessor, Jóhanna Karlsdóttir lektor og Meyvant Þórólfsson lektor. Framtíðarverkefni rannsóknastofunnar felast m.a. í gagnkvæmu samstarfi við skóla og aðra hlutaðeigandi aðila sem standa að námskrárþróun, skipulagi námsmats og öðru námsskipulagi, ekki síst í ljósi endurskoðunar aðalnámskráa á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Menntamiðja

Menntamiðja er samstarfsvettvangur starfssamfélaga skólafólks og fræðasamfélags háskólanna. Menntamiðja var formlega stofnuð í október 2012 með undirritun viljayfirlýsingar samstarfsaðila, sem eru: mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Hlutverk Menntamiðju er að styðja við sjálfsprottin grasrótarsamfélög skólafólks, svokölluð torg, og styrkja tengsl þeirra við fræðasamfélag háskólanna. Á árinu voru þrjú virk torg: Tungumálatorgið, Náttúrutorgið og Sérkennslutorgið.

Samræður um stofnun Menntamiðju hófust fyrr á árinu en í október gafst tækifæri til að huga nánar að útfærsluatriðum þegar haldin var vinnustofa um hlutverk leiðtoga í hópastarfi með Etienne Wenger og Beverly Trayner, sem eru meðal helstu sérfræðinga heims um nám og starfsþróun í starfssamfélögum (e. communities of practice). Þátttakendur skiptust í hópa þar sem þeir þróuðu hugmyndir um nýstárleg verkefni tengd menntun og skólaþróun og var Menntamiðja meðal þeirra verkefna sem tekin voru fyrir. Það var svo í framhaldi af vinnustofunni sem Menntamiðja var formlega stofnuð.

Styrkur var veittur til Menntamiðju úr Afmælisjóði Háskóla Íslands til að ráða verkefnisstjóra í verkefnið til þriggja ára. Seint á árinu var starfið auglýst og var Tryggvi Thayer, sem verið hefur í doktorsnámi við Háskólann í Minnesota, valinn úr fjölda umsækjenda. Tryggvi hóf svo störf í byrjun árs 2013.

Tungumálatorg

Á árinu hafa fjölbreytt verkefni verið unnin á torginu, sérvefjum hefur fjölgað og umferð um vefina aukist umtalsvert. Á vegum torgsins hafa verið haldin námskeið á neti, fræðslufundir í skólum og samfélög kennara á neti hafa verið stofnuð. Háskólanemar hafa jafnframt unnið margvísleg og einingabær verkefni á torginu og tekist hefur að skapa tengingu milli vettvangs og fræða með verkefnum eins og t.d. verkefninu Okkar mál í Fellahverfi. Tungumálatorgið tók þátt í því að fá Wenger-Trayner-hjónin til landsins og í lok ársins var torgið aðili að tveimur þingum er tengjast annars vegar menntamálum innflytjenda og hins vegar móðurmálskennslu.

Sérkennslutorg

Sérkennslutorg var formlega stofnað í október 2012 þegar torgið fékk lénið serkennslutorg.is. Á árinu var áhersla lögð á að byggja upp sjónrænan og aðgengilegan vef þar sem hægt er að nálgast vinnuform, auk þess sem unnið hefur verið að fjölbreyttum umfjöllunum um ýmislegt sem lýtur að nemendum með sérþarfir. Leitast hefur verið við að mynda tengsl og afla gagna. Tenging við samfélagsmiðil er mikilvægur þáttur torgsins og hafa hópar myndast á Facebook þar sem umræða og gagnlegar upplýsingar koma fram í tengslum við nemendur með sérþarfir.

Náttúrutorg

Náttúrutorg er samfélag náttúrufræðikennara á neti. Náttúrutorg hefur stutt við náttúrufræðikennara með því að skipuleggja vinnustofur, fundi og menntabúðir. Vefur torgsins nattúrutorg.is er í sífelltri mótun. Þar er áhersla lögð á að safna saman og deila upplýsingum og gögnum og efla samstarf og símenntun náttúrufræðikennara. Seint á árinu var verkefnastjóri torgsins, Svava Pétursdóttir, ráðin í stöðu nýdóktors en mun jafnframt sinna þróun torgsins áfram.

Húsnæðismál

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan grunnnáms í íþróttá- og heilsufræði fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi við Skipholt 37. Kennsla í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði fer fram í húsnæði skólans á Laugarvatni þar sem öll aðstaða til íþróttaiðkunar er til staðar. Skrifstofur kennara í Reykjavík eru í Stakkahlíð en einnig í leiguhúsnæði í Skipholti 37, Bolholti 6 og 8 og í Odda.

Búið er að samþykka deiliskipulag á reit A-1 vestan Suðurgötu fyrir byggingu yfir Menntavísindasvið. Í Framkvæmdáætlun ríkisins sem birtist með fjárlögum 2013 (þann 1. október 2012) er gert ráð fyrir undirbúningsvinnu árið 2015.



Markaðs- og kynningarmál

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum sem haldinn var 18. febrúar. Þar kynntu öll fimm fræðasvið háskólans grunnnám sitt í Aðalbyggingu, á Háskólatorgi, í Gimli og í Öskju. Kennarar og nemendur Menntavísindasviðs kynntu námsleiðir við sviðið, auk þess sem fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í tengslum við háskóladaginn var tímarit háskólans gefið út en þar var m.a. að finna greinar um rannsóknir margra vísindamanna við Menntavísindasvið. Í mars var grunnnám kynnt á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og á Selfossi. Kynningarstjóri fór ásamt nemendum sviðsins í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs og kynnti námið.

Framhaldsnám var kynnt 22. mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar hinna þriggja deilda sviðsins tóku á móti gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Á árinu var áfram boðið upp á opnar vinnustofur í gerð persónulegra vefja fyrir kennara. Allmargir nýttu sér þjónustuna og komu sér upp wordpress-vef. Vefráð sviðsins fundaði reglulega á árinu en ráðið er hugsað sem samstarfsvettvangur þeirra sem koma að vefmálum við Menntavísindasvið. Stofnaðir voru nýir vefir rannsóknastofa og vefir fyrir einstakar rannsóknir og ráðstefnur.

Áfram var unnið í kynningarnefnd vegna leik- og grunnskólakennaranáms í því augnamiði að fjölga umsóknnum og þar með nýnemum. Lögð var áhersla á að gefa út kynningarefni um nýtt kennaranám og fjölbreytta möguleika fyrir verðandi kennara og einnig um nám fyrir starfandi kennara. Formaður nefndarinnar var Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið.

Kynningarbæklingar voru endurskoðaðir og endurprentaðir.

Útgáfa

Uppeldi og menntun

Á árinu komu út tvö hefti 21. árgangs tímaritsins Uppeldis og menntunar. Ritið var fyrst gefið út árið 1992 af Kennaraháskóla Íslands en er nú gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um efni tengt uppeldi og skólastarfi en einnig fara þar fram umræða og skoðanaskipti um álitæfni er varða starfshætti og stefnumótun fyrir mennta- og uppeldisstofnanir. Tímaritið hélt upp á afmæli sitt með samkomu þann 26. nóvember. Heiðursgestur samkomunnar var Jónas Pálsson, fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, en 1. árgangur Uppeldis og menntunar var jafnframt afmælisrit honum til heiðurs á sjötugsafmæli hans 26. nóvember 1992. Ritstjóri er Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Auk hans eru í ritnefnd Freyja Birgisdóttir lektor, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Kristján Þór Magnússon lektor og Ólafur Páll Jónsson dósent.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið gefur út veftímaritið Netlu – Veftímarit um uppeldi og menntun en útgáfa þess hófst árið 2002 í Kennaraháskóla Íslands. Í Netlu birtast ritrýndar fræðigreinar, greinar af almennari toga, erindi, frásagnir af þróunarstarfi, umræðugreinar, hugleiðingar, pistlar, viðtöl, ritfregnir og dómur. Kostir vefmiðils eru nýttir eftir föngum og geta höfundar meðal annars birt vísað í aðra vefi og birt hljóðdæmi og myndskreið. Auk greina á íslensku birtast í ritinu greinar á ensku. Árið 2012 birtust í veftímaritinu 27 greinar um fjölbreytt efni. Þar af voru 10 greinar í greinaflokki í tilefni af 10 ára afmæli ritsins og til heiðurs Ólafi Proppé sjötugum. Að auki voru í árslok birtar 20 greinar í Ráðstefnuriti Netlu – Menntakvika 2012. Alls birtust því á vef Netlu 47 greinar, þar af 34 í flokki ritrýndra greina.

Kennarasamband Íslands og Proskapjálfafélag Íslands leggja útgáfunni lið með því að tilnefna fulltrúa í ritnefnd. Ritstjórar árið 2012 voru Svanborg R. Jónsdóttir og Torfi Hjartarson, lektorar við

Menntavísindasvið, sem voru ritstjórar íslenskra greina, og Robert Berman dósent, sem var ritstjóri enskra greina. Aðrir fulltrúar Menntavísindasviðs í ritstjórn voru Bryndís Garðarsdóttir lektor, Helgi Skúli Kjartansson prófessor og Guðrún Geirsdóttir dósent. Fulltrúi Proskapjálfafélags Íslands var Vibeke Þorbjörnsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúi Kennarasambands Íslands Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar. Netla er öllum opin og áskrift er ókeypis. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig upplýsingar þegar nýjar greinar birtast. Áskrifendur að póstlistanum eru rúmlega 1.600 talsins.

Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu

Ólafur J. Proppé sjötugur

Þann 9. janúar varð Ólafur J. Proppé, fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, sjötugur. Þann sama dag varð veftímaritið Netla tíu ára en ritið var stofnað til heiðurs Ólafi sextugum 9. janúar 2002. Á afmælisdaginn var af þessu tilefni stutt dagskrá og móttaka. Við athöfnina var nýtt vefsetur Netlu kynnt, sem og ný vefslóð. Einnig voru birtar fyrstu greinar í greinaflokki um kennaramenntun til heiðurs Ólafi í tilefni af afmæli hans. Alls verða birtar á annan tug greina í þessum greinaflokki.

Háskóladagurinn

Háskóli Íslands bauð landsmönnum í heimsókn þann 18. febrúar þar sem boðið var upp á ótal viðburði, kynningar og ýmsar upptökur. Nemendur og kennarar Menntavísindasviðs tóku á móti gestum á Háskólatorgi og kynntu námsframboð við sviðið.

Kynning á framhaldsnámi á Menntavísindasviði

Kennarar og nemendur á Menntavísindasviði kynntu meistara- og doktorsnám þann 22. mars í húsnæði sviðsins. Fjölmargir lögðu leið sína í Stakkahlíðina til að kynna sér fjölbreytt framhaldsnám.

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna í samstarf við Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna gerðu með sér samstarfssamning til þriggja ára. Markmiðið með honum er að styrkja og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna í Reykjavík, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á því sviði. Í samtarfinu felst að rannsóknastofan mun vinna að rannsóknaverkefni þar sem skoðuð verða tækifæri barna til frumkvæðis og og sköpunar í leikskólastarfi. Þá mun rannsóknastofan halda fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskóla um menntun og uppeldi ungra barna.

Samsýning nemenda í rannsókn og þróun í list- og verkgreinum

Haldin var samsýning nemenda í list- og verkgreinum dagana 25.–30. apríl. Verkefni á sýningunni voru fjölbreytt, s.s. textill, myndlist, smíði, dans og fleira. Þeir sem stóðu að sýningunni voru myndmenntakennari, textílkennarar, smíðakennarar, vöruhönnuður, arkitekt og danskennari.

Afmælisdagskrá í tilefni af fimm ára afmæli Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna

Þann 15. maí hélt Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna upp á fimm ára afmæli sitt. Af því tilefni var haldin afmælisdagskrá þar sem Susan Danby, prófessor við Queensland University of Technology í Brisbane í Ástralíu, hélt erindið Samskipti barna í leik.

Kennsluþing Menntavísindasviðs

Kennsluþing Menntavísindasviðs var haldið 7. júní. Á þinginu voru kynntar helstu niðurstöður úr skýrslum er varða nám, kennslu og námsmat á sviðinu. Þá tóku vinnuhópar við sem ræddu um valda þætti úr skýrslunum og lögðu drög að tillögum um aðgerðir. Stefnt var að því að nýta tillögurnar við endurskoðun á náms- og kennslustefnu Menntavísindasviðs.

Vísindavaka Rannís

Á Vísindavöku Rannís, sem fram fór í Háskólabíói föstudaginn 28. september, voru þrjár sýningarbasar frá Menntavísindasviði. Vakan var, að vanda, hluti af stærra verkefni, evrópskri vísindavöku, European Researchers' Night, sem haldin er í helstu borgum Evrópu á sama tíma og er styrkt af 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Um 4.900 gestir sóttu vökuna að þessu sinni.

Vinnustofa – Grunnþættir menntunar

Í tilefni af því að út komu hefti um eftirtalda grunnþætti menntunar: læsi, lýðræði og mannréttindi og sköpun, var efnt til vinnustofu þann 25. október þar sem nemendum, kennurum og öðru starfsfólki við Menntavísindasvið gafst kostur á að kynna sér þessa nýju grunnþætti.

Uppeldi og menntun 20 ára

Í tilefni af 20 ára afmæli tímaritsins Uppeldis og menntunar þann 26. nóvember var boðið til stuttrar dagskrár í húsakynnum Menntavísindasviðs þann dag. Að dagskrá lokinni var gestum boðið í afmælistöku. Heiðursgestur var Jónas Pálsson, fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, en fyrsta hefti tímaritsins var á sínum tíma afmælisrit honum til heiðurs á sjötugsafmæli hans þann 26. nóvember 1992.

Ritverið þriggja ára

Ritverið fagnaði þriggja ára afmæli sínu þann 30. nóvember með veglegri dagskrá í bókasafni Menntavísindasviðs. Í tilefni dagsins var opnaður nýr leiðbeiningavefur um APA-reglurnar.

Viðurkenningar til starfsmanna

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar við hátíðlega athöfn á Bessastöðum þann 1. janúar.

Viðurkenningar til nemenda

Ragna Freyja Gísladóttir hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt til B.Ed.-prófs. Verkefnið bar heitið Bráðger börn og íslenska skólakerfið. Leiðbeinandi Rögnu Freyju var Meyvant Þórólfsson lektor. Viðurkenningin er veitt árlega fyrir framúrskarandi lokaverkefni.

Doktorsnám og doktorsvarnir

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur þá sérstöðu meðal fræðasviða háskólans að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs. Í júní 2012 voru samþykktar reglur um doktorsnám við Menntavísindasvið (sjá http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam/reglur_um_doktorsnam_vid_menntavisindasvid_haskola_islnds).

Alls voru 77 doktorsnemar skráðir við sviðið í lok ársins.

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e

Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Á vegum doktorsráðs vour skipulagðar innlendar og alþjóðlegar málstofur. Málstofur voru haldnar reglulega í samvinnu við rannsóknastofur og fræðimenn á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar ásamt leiðbeinendum kynntu verkefni sín og rannsóknir. Doktorsnemar skipulögðu enn fremur vorráðstefnu. Fjórir doktorsnemar fóru í áfangamat á árinu. Þeir kynntu rannsóknaverkefni sín á opnum kynningum áður en þau voru metin á lokuðum fundum með matsnefnd. Vefsíða doktorsnámsins er <http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam>.

Tvær doktorsvarnir fóru fram frá Menntavísindasviði á árinu. Þórdís Þórðardóttir varði doktorsritgerð sína við Uppeldis- og menntunarfræðideild 16. mars í hátíðasal skólans í Aðalbyggingu. Ritgerðin bar heitið Menningarlæsi. Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum. Ritgerðin byggðist á blandaðri rannsókn á menningarlæsi elstu barnanna í tveimur leikskólum í Reykjavík. Með menningarlæsi er hér átt við þá þekkingu á

barnaefni sem gagnaðist börnunum sem tóku þátt í rannsókninni til virkrar þátttöku í samræðum, leik og skapandi starfi í leikskólunum og færði þeim jafnframt virðingarsess í jafningjahópnum. Andmælendur voru Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild, og Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félags- og mannvísindadeild. Aðalleiðbeinandi var Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild. Í doktorsnefnd Þórdísar voru, auk aðalleiðbeinanda, þær Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Hanna Ragnarsdóttir, dósent og forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stýrði athöfninni.

Föstudaginn 14. desember varði Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir doktorsritgerð sína við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Ritgerðin nefndist: Umhyggja, nám og tómstundir: Hlutverk og staða frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn í Reykjavík [Care, Learning and Leisure. The Organisational Identity of After-School Centres for Six to Nine Year Old Children in Reykjavík]. Frístundaheimili fyrir ung börn á skólaaldri er sú tegund dagvistunar sem vex hvað hraðast í Evrópu nú um stundir. Í rannsókninni er kannað hlutverk og staða frístundaheimila í Reykjavík frá sjónarhóli ólíkra hagsmunaaðila. Vörnin fór fram í hátíðasal skólans í Aðalbyggingu. Andmælendur voru Pat Petrie, prófessor emerita við Lundúnaháskóla, og Anna Klerfelt, lektor við Gautaborgarháskóla. Doktorsnefnd skipuðu Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og Jennifer Cartmel frá Griffith University í Ástralíu. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor og forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni sem fór fram á ensku.

Nýjar rannsóknastofur á Menntavísindasviði

Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun var stofnuð þann 18. maí. Markmiðið með rannsóknastofunni er að beita sér fyrir rannsóknnum og þróunarverkefnum á sviði náttúrufræðimenntunar. Fyrstu stjórn skipa Eggert Lárusson lektor, Kristín Nordahl lektor, Svanborg R. Jónsdóttir lektor og Meyvant Þórólfsen lektor. Framtíðarverkefni rannsóknastofunnar felast m.a. í kennslufræði náttúrugreina á öllum stigum skólakerfisins.

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir var stofnuð þann 28. september og er markmið hennar að skapa umgjörð um starfendarannsóknir, stuðla að gagnrýnni umræðu um þær og veita ráðgjöf þeim sem þurfa. Fyrstu stjórn skipa Karen Rut Gísladóttir lektor, Hafdís Guðjónsdóttir dósent, Hafþór Guðjónsson dósent og Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor Menntaskólans við Sund.

Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar

Á árinu var haldinn fjöldi ráðstefna, málþinga og fyrirlestra. Hér verða taldar upp helstu ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar.

Málstofur um framhaldsskólarannsóknir voru haldnar í febrúar og mars

Að þessu sinni voru haldnar sjö málstofur.

- 8. febrúar 2012. Sólveig Jakobsdóttir dósent og Þuríður Jóhannsdóttir lektor, báðar við Menntavísindasvið: Fjarnám, framhaldsskólinn og félagslegt réttlæti.
- 15. febrúar 2012. Hanna Ragnarsdóttir dósent, Gunnar E. Finnbogason prófessor og Gunnar J. Gunnarsson dósent, öll við Menntavísindasvið: Lífsviðhorf og lífsgildi ungmenna í fjölmenningsamfélagi.
- 22. febrúar 2012. Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið: Rannsóknir í samstarfi við framhaldsskólakennara.
- 29. febrúar 2012. Gestur Guðmundsson, prófessor við Menntavísindasvið: Staða starfsmenntunar og horfur á næstu árum.
- 7. mars 2012. Þorlákur Axel Jónsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri og doktorsnemi við Menntavísindasvið: Hvað einkennir nýnema sem bæta sig í upphafi framhaldsskólagöngu?

- 21. mars 2012. Þórunn Blöndal, dósent við Menntavísindasvið: Um rannsóknir á íslenskukennslu í framhaldsskólum.
- 28. mars 2012. Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið: Heilsueflandi framhaldsskólar – líkamsástand og fæðuval 16 ára unglunga.

Hvert skal haldið?

Málstofan Framtíð menntunar: hvert skal haldið? fór fram 20. mars. Málshefjandi var Arthur M. Harkins, prófessor við Minnesota-háskóla, sem hefur verið frumkvöðull í umræðu um þessi efni. Í kjölfar erindis hans var haldin málstofa um hvernig megi flétta umfjöllun um framtíðina betur inn í umræðu um inntak og skipan menntunar.

Félags- og menningarsjónarmið Levs Vygotsky og Alexanders Luria

Þann 8. maí hélt Niklas Pramling, dósent við menntavísindasvið Gautaborgarháskóla, fyrirlestur um félags- og menningarsjónarmið Levs Vygotsky og Alexanders Luria og sporgöngumanna þeirra. Fjallað var um nokkur grundvallarhugtök kenninganna og hvernig þau nýtast við að skilja nám barna og þroska.

Álitamál í kennslu frá sjónarhorni fjögurra námsgreina – staðan 23 árum síðar

Þann 22. maí var tekinn upp þráðurinn frá 1989 þegar framsögumenn skrifuðu hver sinn kaflann í ritið Álitamál í kennslu frá sjónarhorni fjögurra námsgreina. Þessir framsögumenn voru Baldur Hafstað, Erla Kristjánsdóttir, Sigurður Pálsson og Stefán Bergmann.

Náttúra og umhverfi í skólastarfi

Ráðstefnan Náttúra og umhverfi í skólastarfi var haldin 24. maí til heiðurs Stefáni Bergmann sjötugum.

Alþjóðleg ráðstefna um útinám og náttúruleg leiksvæði

Dagana 31. maí – 2. júní fór fram ráðstefnan Áskoranir og ævintýr, útinám barna í þéttbýli. Ráðstefnan var vettvangur fyrir fagfólk og almenning til að deila þekkingu og reynslu á þessu sviði með því að bjóða upp á fyrirlestra, umræður, kynningar og vinnusmiðjur. Fyrirlesarar höfðu fjölbreyttan bakgrunn í félags- og uppeldisfræðum, frístunda- og ungmennastarfi, landslagsarkitektúr og á heilbrigðis- og eftirlitssviði. Fjallað var um útinám, náttúruleg leiksvæði, áhrif náttúrulegs umhverfis á þroska barna og hættumat á Íslandi og erlendis.

Drama Boreale – ráðstefna um leiklist í skólastarfi

Ráðstefnan Drama Boreale á vegum FLÍSS (Félags leiklistar í skólastarfi) fór fram dagana 6.–10. ágúst. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Menntavísindasvið og var fjallað um skapandi kennsluhætti og leiklist í skólastarfi. Þema ráðstefnunnar var goðsagan um frumefnin fjögur: jörð, loft, eld og vatn.

Menntakvika – árleg ráðstefna Menntavísindasviðs

Menntakvika, árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, fór fram 5. október. Megintilgangur ráðstefnunnar er að skapa mennta- og uppeldisstéttum vettvang til að kynnast nýbreytni í rannsókna- og þróunarstarfi sem unnið er í skólum landsins og innan háskólaumhverfisins. Yfir 150 erindi voru flutt um fjölbreytt málefni, s.s. spjaltdölvur í námi, kyngervi og menntun, samfélagslega ábyrgð háskóla og banka, viðhorf til eineltis, notkun samfélagsmiðla, notkun fæðubótarefna, að læra til telpu og drengs og margt fleira spennandi.

Málþing og stofnun fagráðs um símenntun/starfsþróun kennara

Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara boðaði til málþings 18. október þar sem tilkynnt var um stofnun fagráðs um símenntun/starfsþróun kennara. Ráðinu er ætlað að stuðla að fjölþættum tengslum þeirra aðila sem fulltrúa eiga í ráðinu og annarra skyldra aðila, setja fram hugmyndir um nýjar leiðir og skipulag varðandi starfsþróun og sinna fjölþættri upplýsingaöflun. John McBeath, prófessor emeritus við Cambridge-háskóla og forstöðumaður netsins Leadership for Learning í Cambridge, flutti erindið The Importance of Continuous Professional Development, Some Alternative Routes.

Staða íþróttanna í íslensku samfélagi

Þann 28. nóvember héldu Menntavísindasvið og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands ráðstefnu um stöðu íþróttanna í íslensku samfélagi. Markmið ráðstefnunnar var að efla tengsl og samstarf mismunandi fræðasviða Háskóla Íslands og íþróttahreyfingarinnar. Tilgangurinn var að vekja athygli á hvernig margþætt vísinda-, kennslu- og nýsköpunarstarf Háskóla Íslands gæti styrkt starfsemi og stöðu íþróttanna í íslensku samfélagi.

„Lost Case“ – Upplifun ungra manna af sérkennslu í grunnskóla

Þann 29. nóvember kynnti Jóna Benediktsdóttir rannsókn sína „Lost Case“ – Upplifun ungra manna af sérkennslu í grunnskóla. Jóna talaði við unga menn sem töldust ódælir á unglingsárum. Fyrirlesturinn var hluti af fundaröð um rannsóknir sem tengjast aðgengi og hindrunum í skólum margbreytileikans og skólastefnunni skóla án aðgreiningar.

Alþjóðasamskipti

Erlendir stúdentar og skiptistúdentar

Á árinu stundaði 61 stúdent með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Þar af voru 39 skiptistúdentar í eitt eða tvö misseri, eða 64% erlendra nema. Flestir hinna voru í alþjóðlegu námi í menntunarfræðum. Skiptistúdentarnir komu meðal annars á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar og ISEP-áætlunarinnar, sem er samstarfsnet um stúdentaskipti til Bandaríkjanna.

Íslenskir skiptistúdentar

Á árinu stunduðu 20 stúdentar Menntavísindasviðs skiptinám við erlenda samstarfsskóla. Flestir fóru í gegnum ERASMUS-áætlunina en nokkrir fóru á vegum Nordplus-netanna: ICE, Spica, Alka og Nordlys.

Starfsmannaskipti

Nokkrir kennarar og aðrir starfsmenn sviðsins fóru með kennara- og starfsmannaskiptum til erlendra samstarfsskóla Menntavísindasviðs. Aukist hefur að starfsmenn sviðsins fari á alþjóðavikur sem erlendir háskólar bjóða upp á og einnig í starfsheimsóknir. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.

Erlendir gestir

Um 130 erlendir kennarar og stúdentar komu í styttri heimsóknir á Menntavísindasvið á árinu, flestir frá Norðurlöndum. Verkefnisstjóri alþjóðamála var tengiliður vegna heimsóknanna, skipulagði dagskrá á sviðinu og heimsóknir í starfsstöðvar utan skólans. Auk þessa komu erlendir doktorsnemar (Erasmus-nemar) í starfsþjálfun á sviðinu og sóttu málstofur. Einnig komu erlendir gestir á alþjóðlegar ráðstefnur sem haldnar voru á árinu.

Einn hluti alþjóðastarfs Menntavísindasviðs er að taka árlega á móti dönskum sendi- og farkennara sem vinnur í skólum á Íslandi. Um er að ræða samstarfsverkefni milli danska og íslenska menntamálaráðuneytisins. Aðalhlutverk sendikennarans er að stjórna málveri þar sem unnið er að talþjálfun kennaranema til að auka færni þeirra í dönsku talmáli ásamt því að eiga faglegt samstarf við fastráðinn lektor í dönsku. Sendikennarinn þetta ár var Morten Riber.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Boðið var upp á nokkur námskeið kennd á ensku í grunn- og framhaldsnámi á sviðinu, m.a. á námsleiðinni International Studies in Education. Einnig voru sérsniðin námskeið í Kennaradeild fyrir skiptinema kennd á ensku og námskeið á námsbraut í enskukennslu. Þá voru námskeið námsbrautar í dönskukennslu kennd á dönsku.

Menntavísindasvið var beinn þátttakandi í 9 Nordplus-netum sem fengu úthlutað styrkjum á árinu. Gerðir voru fjórir nýir Erasmus-samstarfssamningar á árinu um kennara- og stúdentaskipti.

Rannsóknir

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagsi til hagsbóta. Markmiðið er að efla rannsóknir og leitast við að tryggja að skipulag og þróun íslenskra fræðslu- og menntamála sé byggð á bestu fánlegu þekkingu á hverjum tíma.

Menntavísindastofnun er rannsóknastofnun á Menntavísindasviði og er starfrækt tuttugu og ein rannsóknastofa undir hatti hennar.

Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir á sínu fræðasviði, m.a. með því að auka samvinnu rannsækenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, t.d. með ráðstefnum og málþingum. Hér aftar er sérstaklega fjallað um Menntavísindastofnun og einstakar rannsóknastofur.

Styrkir til rannsókna

Nokkrir kennarar á Menntavísindasviði hlutu allstóra styrki til verkefna sinna á árinu.

- Hanna Ragnarsdóttir dósent hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor hlaut framhaldsstyrk úr sama sjóði til verkefnisins Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun (HEALTH-ID).
- Allyson Macdonald prófessor fékk framhaldsstyrk úr sama sjóði til verkefnisins Breyttar kröfur námskrár – trú kennara á getu hópsins.
- Erlingur S. Jóhannsson prófessor fékk framhaldsstyrk frá Rannís til verkefnisins Líkamlegt atgervi, félagslegir þættir og andleg líðan unglunga og ungmenna.
- Erlingur S. Jóhannsson prófessor fékk lokagreiðslu frá Rannís fyrir verkefnið Líkams- og heilsurækt aldraðra.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor fékk lokagreiðslu frá Rannís fyrir verkefnið Lífshættir barna og ungmenna (CFCYP).
- Sólveig Jakobsdóttir dósent hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Nýting upplýsingatækni í kennslu.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut styrk frá embætti landlæknis til verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskólar.
- Samuel Lefever dósent hlaut styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála til verkefnisins Viðhorf og málumhverfi erlendra framhaldsskólanemenda.
- Freyja Birgisdóttir lektor hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Lesvefurinn.is.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor hlaut styrk úr Íþróttasjóði til verkefnisins Hreyfing og heilsa fatlaðra.
- Tungumálatorgið hlaut styrki frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að byggja upp vefinn.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins EMG og hlaup.
- Steinunn Torfadóttir lektor fékk styrk frá Sorpu í verkefnið Lestrarkennsluforrit.
- Jóhanna Einarsdóttir prófessor fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Leikur og nám.

Erlendir styrkir fengust til nokkurra rannsóknaverkefna á árinu.

- Til verkefnisins Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries fékkst NordForsk-styrkur úr rannsóknáætluninni Education for Tomorrow. Hanna Ragnarsdóttir dósent stýrir verkefninu en um er að ræða samstarfsverkefni milli Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, auk Íslands.

- Veittur var styrkur frá NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow í verkefnið Values Education in Nordic Preschools: Basis of Education for Tomorrow, sem er samstarfsverkefni milli Noregs, Finnlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Íslands. Jóhanna Einarsdóttir prófessor er hluti af rannsóknahópnum.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent var meðumsækjandi ásamt Ingu Þórsdóttur prófessor um styrk úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow fyrir verkefnið ProMeal: Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries.
- Hanna Ragnarsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk úr NordForsk-tenglanetinu í verkefnið Diverse Teachers for Diverse Learners. Auk hennar eru Hafdís Guðjónsdóttir, Róbert Berman og Samúel Lefever í verkefnahópnum og þau starfa með rannsakendum frá Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Kanada að verkefninu.
- Jóhanna Einarsdóttir lektor fékk framhaldsstyrk úr NordForsk-tengslanetinu fyrir verkefnið Stuttering Research and Educational Network (STUREN). Í verkefninu eru einnig þátttakendur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Belgíu og Bandaríkjunum.
- Sólveig Jakobsdóttir dósent var meðumsækjandi í NordForsk-tengslanetið Nordic Research Network on Learning Across Contexts (NordLac) og var veittur framhaldsstyrkur í verkefnið. Í því er fólk frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Eistlandi, auk Íslands.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut framhaldsstyrk úr Leónardó-áætluninni til verkefnisins e-HAP. Samstarfsaðilar hennar eru frá Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Portúgal.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut styrk úr Leónardó-áætluninni til verkefnisins eQUITY – Creating Equality in Health Through Capacity Building in Europe Between Health Care Workers. Samstarfsaðilar hennar eru frá Danmörku, Noregi, Belgíu og Portúgal.
- Michael Dal lektor hlaut framhaldsstyrk í Nordplus-verkefnið Læsi og lestur í dönskunámi.
- Michael Dal lektor hlaut styrki frá danska menntamálaráðuneytinu vegna verkefnisins Danskir farkennarar.
- Michael Dal lektor hlaut styrk úr Nordplus-áætluninni til verkefnisins CIE-Creativity Innovation and Entrepreneurship in Nordic Schools.
- Freyja Hreinsdóttir dósent fékk Comeniusar-framhaldsstyrk til verkefnisins Dynamical and Creative Mathematics Using ICT.
- Kristín Harðardóttir forstöðumaður hlaut framhaldsstyrk frá ELSA/GEN-AU Programme of the Austrian Federal Ministry of Science and Research í verkefnið BioMarker: Towards the Governance of an Emerging Medical Technology. Í verkefninu eru rannsakendur frá Austurríki, Bretlandi, Þýskalandi og Kína, auk Íslands.
- Ingi Þór Einarsson aðjunkt hlaut Leónardó-framhaldsstyrk til verkefnisins APAVET – Adapted Physical Activity in Vocational Education and Training.
- Svanborg R. Jónsdóttir lektor fékk framhaldsstyrk úr Leónardó-verkefni sem stýrt er frá Spáni um stöðu frumkvöðla. Verkefnið nefnist Transference of Innovation Project – Acknowledging and Developing Entrepreneurial Practice in Teacher Training.
- Ólöf Garðarsdóttir prófessor var meðumsækjandi í bandaríska vísindasjóðinn (National Science Foundation) ásamt stofnuninni Minnesota Population Center til verkefnisins North Atlantic Population project.

Menntavísindasvið úthlutaði á árinu í fjórða sinn rannsóknastyrkjum til akademískra starfsmanna sinna á grundvelli fjölda rannsóknastiga á síðustu þremur árum.

Rannsóknamisseri

Árið 2012 fengu 27 kennarar úthlutað rannsóknamisseri, fimmtán á vormisseri og tólf á haustmisseri. Fimm þeirra sem fengu úthlutað rannsóknamisseri á haustmisserinu fengu úthlutað tveimur misserum, þ.e. rannsóknamisseri bæði haustið 2012 og vorið 2013.

Deildir fræðasviðsins

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Í öllu námi við Menntavísindasvið er lögð áhersla á sterk tengsl við þær stéttir sem sviðið menntar og starfsvettvang þeirra, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði starfa þrjár deildir: Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir:

íþrótt- og heilsufræði

tómstunda- og félagsmálafræði

þroskaþjálfufræði

Á vormisseri var Erlingur S. Jóhannsson prófessor forseti Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar og varaforseti var Ástríður Stefánsdóttir dósent. Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna og varaformanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þær Eyrún Haraldsdóttir, nemandi í tómstunda- og félagsmálafræði, og Magnea Arnardóttir, nemandi í þroskaþjálfufræði.

Á haustmisseri var Ástríður Stefánsdóttir dósent forseti Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar og varaforseti var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna og varaformanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þau Fanney Sumarliðadóttir, nemi í þroskaþjálfufræði, Guðmundur Ari Sigurjónsson, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði, og Heimir Hallgrímsson, nemi í íþrótt- og heilsufræði.

Íþrótt- og heilsufræði

Á vormisseri var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor formaður námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði í grunn- og framhaldsnámi. Varaformaður námsbrautarinnar í grunnnámi var Hafþór Birgir Guðmundsson lektor og varaformaður í framhaldsnámi Erlingur S. Jóhannsson prófessor.

Á haustmisseri var Hafþór B. Guðmundsson lektor formaður námsbrautarinnar í grunnnámi. Varaformaður í grunnnámi var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og varaformaður Erlingur S. Jóhannsson prófessor.

Tómstunda- og félagsmálafræði

Á vormisseri var Sigurlína Davíðsdóttir dósent formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði í grunn- og framhaldsnámi og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.

Á haustmisseri var Jakob F. Þorsteinsson aðjunkt formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.

Þroskaþjálfufræði

Á vormisseri var Ástríður Stefánsdóttir dósent formaður námsbrautar í þroskaþjálfufræði í grunn- og framhaldsnámi og varaformaður Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

Á haustmisseri var Kristín Björnsdóttir lektor formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi og varaformaður Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

Starfsfólk

Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild		
Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	5	4,7
– karlar	4	3,4
Lektorar		
– konur	4	4
– karlar	4	3,5
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	2	2
Samtals:	22	20,6

Í Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild var 21 kennari, 2 prófessorar, 3 dósentar, 6 lektorar og 10 aðjuntar. Níu kennarar við deildina stunda doktorsnám.

Nám og kennsla

- Námsbrautir Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar starfa sjálfstætt þar sem þær byggja á ólíkri hugmyndafræði og faglegar áherslur eru því um margt ólíkar. Jafnframt byggja þær starf sitt á þverfaglegum grunni svo að samstarf við aðrar deildir á Menntavísindasviði og önnur fræðasvið Háskóla Íslands er mikilvægt í öllu starfi deildarinnar. Brautir deildarinnar útskrifa fagfólk til starfa á ýmsum sviðum samfélagsins eftir þriggja ára grunnnám. Því hefur ávallt verið lögð rík áhersla á sterka samfélagsvitund og mikla vettvangstengingu í náminu. Deildin menntar fólk til starfa á sviði æskulýðsmála, félagsþjónustu sveitarfélaga, kennslu og skólamála og lýðheilsu og þjálfunar á öllum aldurs skeiðum. Nám í deildinni er í mikilli þróun og örum vexti en fræðigreinar deildarinnar eiga sér ekki langa sögu á háskólastigi hérlandis. Við slíkar aðstæður er rannsókn- og þróunarstarf afar mikilvægt og er rík áhersla í stefnu deildarinnar lögð á að efla þann þátt í starfsemi.

Í deildinni stunda nemendur grunn- og framhaldsnám. Kappkostað er að bjóða metnaðarfullt nám fyrir þær fagstéttir sem deildin útskrifar. Vettvangsnám og tengsl við vettvang skipa mikilvægan sess í náminu. Deildin vinnur sífellt að því að þróa og styrkja samstarf við vettvang. Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli Sólheima í Grímsnesi og námsbrautarinnar sem felst í því að nemendur í íþróttta- og heilsufræði komi að þjálfun vistmanna á Sólheimum. Í undirbúningi eru jafnframt samstarfssamningar við fagfélög og -aðila í tómsundastarfi, t.d. Félag íþróttta-, æskulýðs- og tómsundafultrúa, Félag fagfólks í frítímabjónustu og Samtök félagsmiðstöðva. Einnig er í burðarliðnum samningur við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Námið er fjölbreytt og byggist á mörgum ólíkum fræðasviðum.

Í íþróttta- og heilsufræði er boðið 180e grunnnám til BS-gráðu og 120e framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Einnig er íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 boðið 60e viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á öðru af tveimur mismunandi kjörsviðum, þ.e. kjörsviðinu Kennari eða kjörsviðinu Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af

kjörsviðinu Kennari ljúka 80e í uppeldis- og kennslufræði og 100e í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50e í uppeldis- og kennslufræði og 130e í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði íþróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Í M.Ed.-námi eru nemendur sérstaklega búnir undir íþróttakennslu í grunnskólum og ljúka þeir 40e í uppeldis- og kennslufræði og 80e í faggreinum. MS-nám býr nemendur undir frekara nám í íþrótt- og heilsufræði, auk sérhæfingar í þjálfun. Í MS-námi er hægt að ljúka 10e til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði er samstarfsverkefni námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tómstunda- og félagsmálafræði er boðið 180e grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tómstunda- og félagsmálafræði sem 120e aðalgrein og 60e aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tómstundastarfs. Nám í tómstunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast víðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tómstundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tómstunda- og félagsmálafræðanna.

Í þroskaþjálfufræði er boðið 180e grunnnám til BA-gráðu og 120e framhaldsnám til MA-gráðu. Einnig er þroskaþjálfum sem luku prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands boði að bæta við sig 30 einingum til að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfufræði. Haustið 2011 voru teknir inn 20 nemendur í 60 eininga starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Nám í þroskaþjálfufræði felur í sér víðtæka þverfaglega þekkingu sem endurspeglar kunnáttu í að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla.

Í MA-námi í þroskaþjálfufræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds náms og starfstengds náms. Í rannsóknatengdu námi er nemendum gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknnum á lífi og aðstæðum fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á sviðinu til að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk.

Rannsóknir

Helstu viðfangsefni rannsókna kennara við deildina eru á sviði íþrótt- og heilsufræða, næringarfræði, æskulýðsfræða, tómstundafræða, þroskaþjálfufræða, fötlunarfræða, sálfræði og siðfræði.

Í tengslum við Íþróttufræðasetur á Laugarvatni er starfandi öflug rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna og um þau er fjallað í kafla um rannsóknastofur. Fjölmargir styrkir til ýmiss konar rannsóknaverkefna fengust á árinu og nokkrar alþjóðlegar ritrýndar vísindagreinar eftir kennara við deildina voru birtar í erlendum vísindatímaritum, auk þess sem greinar birtust í innlendum tímaritum.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, uppeldisgildi viðburða, einelti í ýmsum myndum, börn og náttúra, útivist og útinám, skilgreining hugtaka og rannsóknir sem tengjast náminu sjálfu, gildi þess og gæðum. Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði er hluti af Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsrannsóknum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglinga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfarafræði hefur áhersla m.a. verið lögð á að vinna rannsóknir í samvinnu við fatlaða sjálfa. Má þar nefna lífssögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notendastýrðri persónulegri aðstoð og rannsóknir á þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á að greina siðferðileg álitamál fagstétta og störf þroskaþjálfara. Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræði er starfrækt og er markmið hennar meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum fatlaðs fólks og störfum þroskaþjálfara. Á vegum rannsóknastofunnar voru skipulagðir fræðslufyrirlestrar og unnið að nýju rannsóknaverkefni sem ber heitið Sálfræði og fullorðinsár.

Gæðamál

Deildin tók þátt í árlegri kennslukönnun Háskóla Íslands. Matsfundir hafa verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og niðurstöður þeirra notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar.

Viðburðir

Deildin tók þátt í kynningardegri háskólans á Háskólatorgi og var námskynningin vel sótt. Jafnframt tók hún þátt í sérstakri kynningu á framhaldsnámi við Menntavísindasvið sem fram fór í húsnæði sviðsins við Stakkahlíð.

Brautskráðir stúdentar frá Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild 2012

Karlar Konur Alls

B.Ed.	Íþróttáfræði	2	2	2
BA	Tómsunda- og félagsmálafræði	5	17	22
	Þroskaþjálfarafræði	2	39	41
BS	Íþróttá- og heilsufræði	11	15	26
Grunndiplóma	Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun	1	1	1
M.Ed.	Íþróttá- og heilsufræði	1	1	2
	Tómsunda- og félagsmálafræði		2	2
MS	Íþróttá- og heilsufræði	1	1	2
Alls		20	78	98

Kennaradeild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Námsbrautir Kennaradeildar eru:
menntun ungra barna í leik- og grunnskóla
grunnskólakennsla
faggreinakennsla í grunnskóla
kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Deildarforseti var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforseti var Gunnar E. Finnbogason prófessor. Á vormisseri skipuðu deildarráð, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna námsbrauta, eftirtaldir fulltrúar kennara: Arna H. Jónsdóttir lektor, Guðbjörg Pálsdóttir lektor, Helgi Skúli Kjartansson prófessor og Guðrún Geirsdóttir dósent. Varamenn kennara voru Gunnar J.

Gunnarsson dósent, Hrefna Sigurjónsdóttir prófessor, Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Freyja Hreinsdóttir dósent. Varamaður tók sæti Guðbjargar sem fulltrúi kennara þar sem hún átti sæti í ráðinu sem formaður námsbrautar.

Formaður námsbrautar í menntun ungra barna í leik- og grunnskóla var Þórdís Þórðardóttir lektor, formaður námsbrautar í grunnskólakennslu var Guðbjörg Pálsdóttir lektor, formaður námsbrautar í faggreinakenndu í grunnskóla var Halla Jónsdóttir aðjunkt og formaður námsbrautar í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Á öllum námsbrautum er bæði boðið upp á grunn- og framhaldsnám.

Á haustmíssi tóku nýir fulltrúar kennara sæti í deildarráði. Þeir voru Kristín Karlsdóttir lektor, Stefán Jökulsson lektor, Freyja Hreinsdóttir dósent og Helgi Skúli Kjartansson prófessor. Varamenn voru Þórður Helgason dósent, Hrefna Sigurjónsdóttir prófessor og Hrönn Pálmadóttir lektor.

Fulltrúar nemenda í deildarráði voru Kristjana Björk Traustadóttir, Guðrún María Magnúsdóttir og Birgir Smári Ársællsson.

Starfsfólk

Kennaradeild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	10	8,38
	– karlar	3	1,74
	Lektorar		
	– konur	27	25,73
	– karlar	9	7,98
	Dósentar		
	– konur	12	9,77
	– karlar	13	10,45
	Prófessorar		
	– konur	3	3
	– karlar	7	5,98
	Samtals:	84	73,03

Samtals voru í Kennaradeild 83 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjuntar. Stjórnáslustarfsfólk deildarinnar tilheyrir kennsluskrifstofu.

Deildarstjóri Kennaradeildar er Sigríður Pétursdóttir.

Stefna Kennaradeildar

Meginhlutverk Kennaradeildar er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við þá sem starfa á vettvangi, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

Nám og kennsla

Á árinu voru fjórar námsbrautir í boði í grunnnámi í Kennaradeild: nám til B.Ed.-gráðu var á námsbrautunum menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, grunnskólakennslu, þar sem nemand sérhæfa sig í kennslu tveggja námsgreina, og faggreinakennslu, þar sem sérhæfingin er í einni kennslugrein grunnskólans. Einnig var í boði 60 eininga grunndiplóma, kennslufræði fyrir iðnmeistara.

Á vörmisseri var framhaldsnám með sama hætti og undanfarin ár, þ.e. í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla og á námsleiðinni náms- og kennslufræði sem einkum býður fjölbreytt nám fyrir starfandi kennara og þá sem starfa við uppeldi og menntun. Á haustmisseri hófst nám til meistaraþráðu fyrir verðandi kennara skv. lögum og reglugerð sem tóku gildi 1. júlí 2011. Framhaldsnám var nú í boði til M.Ed.-prófs fyrir verðandi leik- og grunnskólakennara við sömu námsbrautir og grunnnámið, þ.e. námsbraut í menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, námsbraut grunnskólakennslu og námsbraut í faggreinakennslu. Nám á námsbrautinni kennslufræði framhaldsskóla og háskóla hélst óbreytt á árinu frá því sem lýst var í árbók Háskóla Íslands 2011.

Lögð hefur verið áhersla á fjölbreytt nám sem búa á kennara á öllum skólastigum undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins. Nánar er greint frá námsleiðum á hverri námsbraut hér að neðan.

Grunnnám

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, B.Ed., 180 einingar

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Kennsla ungra barna í grunnskóla, B.Ed., 180 e
- Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Grunnskólakennsla (tvö kjörsvið, nemendur velja tvö af 12 kjörsviðum), B.Ed., 180 einingar

Námsleið:

- Grunnskólakennsla, tvö kjörsvið, B.Ed., 180 e

Faggreinakennsla í grunnskóla (eitt kjörsvið, val á milli 12 kjörsviða), B.Ed., 180 einingar

Námsleiðir:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, eitt kjörsvið, B.Ed., 180 e
- Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60 einingar

Námsleið:

- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60e

Meistaránám

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120e
- Leikskólakennarafræði, viðbótardiplóma, 60 e
- Kennsla ungra barna í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, MA, 120 e

Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

Grunnskólakennsla

Námsleið:

Grunnskólakennsla, M.Ed., 120 e

Faggreinakenndsla í grunnskóla

Námsleiðir:

Faggreinakenndsla í grunnskóla, M.Ed., 120 e

Kennslufræði grunnskóla, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf

Námsleiðir:

Náms- og kennslufræði – mörg kjörsvið, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði – mörg kjörsvið, MA, 120 e

Náms- og kennslufræði – mörg kjörsvið, viðbótardiplóma, 60 e

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Námsleiðir:

Kennslufræði framhaldsskóla, M.Ed., 120 e

Kennslufræði framhaldsskóla, viðbótardiplóma, 60 e

Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e


Ný lög og reglugerð um inntak kennaramenntunar tóku gildi 1. júlí 2011. Í fyrsta skipti er kveðið á um inntak kennaramenntunar í lögum frá Alþingi og í reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skulu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa lokið ákveðnum einingafjölda í námi sínu, annars vegar í uppeldis- og kennslufræði og hins vegar í kennslugrein eða námssviði sem þeir sérhæfa sig í. Héðan í frá þurfa allir kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum að hafa lokið meistaraprófi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Fyrsti nemendahópurinn í fimm ára kennaranámi hóf nám á meistarastigi haustið 2012. Með nýju skipulagi í kennaranámi bjóðast nú margar ólíkar leiðir til þess að verða kennari eins og yfirlitsmyndin hér að neðan sýnir.

Nám hófst á nýrri námsleið á meistarastigi fyrir þá sem lokið hafa bakkalárprófi í einhverri kennslugrein grunnskólans og eru það tímamót að nú verður í boði tveggja ára meistaránám fyrir verðandi kennara á öllum skólastigum, í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Unnið var að mótun námssviða í kennaranámi fyrir öll skólastig í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið með námssviðum er að kennaranemar geti sérhæft sig í ákveðnum þáttum skólastarfs með hliðsjón af áherslum í nýjum aðalnámskrám mennta- og menningarmálaráðuneytisins og með tilliti til þarfa skólakerfisins.

Samstarf var aukið við innlenda og erlenda háskóla, sér í lagi í því skyni að fjölga möguleikum nemenda á sérhæfingu, einkum í náttúrufræði og í list- og verkgreinum.

Nýtt kennaranám – margar leiðir



1) Með sérstöku vali á viðkomandi námsleiðum.

2) Faggreinakennsla í grunnskóla og Kennslufræði grunnskóla veita heimild til að kenna sína kennslugrein í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

3) Kennslufræði framhaldsskóla veitir einnig heimild til að kenna sína kennslugrein í 8.–10. bekk grunnskóla. Þeir sem lokið hafa meistara- eða doktorsprófi í kennslugrein framhaldsskóla geta tekið 60e diplómu og fengið heimild til að kenna í framhaldsskólum.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi Kennaradeildar þar sem allir verðandi kennarar þurfa nú að ljúka meistaraþrófi. Það hefur þau áhrif að stærri hluti nemenda en áður mun stunda nám á meistarastigi. Á árinu var unnið að því að styrkja umgjörð meistaraverkefna í nýju kennaranámi í ljósi þess að mun fleiri nemandur þurfa nú leiðsögn við meistaraþrófsverkefni en áður. Meistaraþrófskrafan felur einnig í sér þá nýbreytni að kennaraefni munu stunda vettvangsnám á meistarastigi og er vonast til að það skapi jarðveg fyrir aukna skólaþróun í samstarfsskólum Menntavísindasviðs.

Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólustarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólustarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknir tengjast nokkrum rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólustarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla, sérstaklega við Háskólann á Akureyri.

Gæðamál

Á árinu var haldið áfram við markvisst mat á innra starfi Kennaradeildar. Bæði kennarar og nemendur tóku þátt í sjálfsmatinu. Ákveðið er að gæðaúttekt fari fram í Kennaradeild á skólaárinu 2014–2015.

Haldnir voru matsfundir með nemendum á flestum námsbrautum. Námsbrautarstjórar sáu um framkvæmdina. Niðurstöður fundanna voru ræddar innan brautanna.

Haldið var áfram að þróa stað- og fjarnám í sömu námskeiðum en fram til ársins 2010 fór stað- og fjarnám fram í aðskildum hópum.

Unnið var að nýjum hæfniviðmiðum fyrir nám leik- og grunnskólakennara skv. nýjum lögum um inntak kennaramenntunar. Starfshópur skilaði tillögum sem samþykktar voru af deildinni á árinu.

Markaðs- og kynningarmál

Skipuð var kynningarnefnd innan Menntavísindasviðs. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar úr Kennaradeild, Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild og kynningarstjóri Menntavísindasviðs. Þá tóku nemendur í Kennaradeild virkan þátt í starfi nefndarinnar. Lögð var áhersla á að koma á framfæri góðu kynningarefni um nýtt kennaranám og fjölbreytta námsmöguleika fyrir þær stéttir sem sviðið menntar. Um var að ræða prentað kynningarefni en einnig voru vefmiðlar nýttir á ýmsan hátt.



Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
B.Ed.	Faggreinakennsla í grunnskóla		2	2
	Grunnskólakennarafræði	7	96	103
	Grunnskólakennsla	2	3	5
	Kennsla ungra barna í grunnskóla		1	1
	Leikskólakennarafræði		27	27
Grunndiplóma	Kennslufræði	14	11	25
	Kennslufræði fyrir iðnmeistara	5	5	10
	Kennsluréttindanam á bakkalárstigi	1		1
M.Ed.	Kennslufræði framhaldsskóla	1	2	3
	Náms- og kennslufræði	4	20	24
MA	Kennslufræði		2	2
Viðbótardiplóma	Kennslufræði	2	3	5
	Kennslufræði framhaldsskóla	6	18	24
	Kennslufræði háskóla		5	5
	Náms- og kennslufræði		5	5
Alls		42	200	242

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru fimm námsbrautir:

menntunarfræði

menntastjórnun og matsfræði

nám fullorðinna

sálfræði í uppeldis- og menntavísindum

sérkennslufræði

Deildarforseti var Hanna Ragnarsdóttir dósent og varadeildarforseti Ólafur Páll Jónsson dósent.

Formaður námsbrautar í menntunarfræði var Ólafur Páll Jónsson dósent, formaður námsbrautar í menntastjórnun og matsfræði var Börkur Hansen prófessor, formaður námsbrautar í námi fullorðinna var Hróbjartur Árnason lektor, formaður námsbrautar í sálfræði í uppeldis- og menntavísindum var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor og formaður námsbrautar í sérkennslufræði var Dóra S. Bjarnason prófessor.

Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta og formanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þau Benedikta Björg Valtýsdóttir (í grunnnámi) og Ingimar Ólafsson Waage (í framhaldsnámi) á vormisseri og Berglind B. Sveinbjörnsdóttir (í grunnnámi) og Ármann Halldórsson (í framhaldsnámi) á haustmisseri.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum á sviði uppeldis og menntunar og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn í kennslu, rannsóknum, stjórnun eða öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

Starfsfólk

Uppeldis- og menntunarfræðideild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	3	1,25
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	1	1
– karlar	2	1,25
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	7	5,47
– karlar	4	3,33
Samtals:	21	16,3

Í deildinni störfuðu samtals 22 kennarar, 10 prófessorar, 5 dósentar, 4 lektorar og 3 aðjunktur. Prettán eru í fullu starfi en níu í hlutastarfi. Auk þess störfuðu nokkrir stundakennarar við deildina.

Deildarstjóri Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Ásdís Hrefna Haraldsdóttir.

Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði, bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám og þroska, uppeldi og menntun og stjórnun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang nemenda.

Á árinu var unnið að skipulagsbreytingum í deildinni sem fólu í sér sameiningu námsleiðanna fjölmenningsfræði og sérkennslufræði. Áður höfðu verið sameinuð námskeið í þessum námsleiðum og hafði sú sameining gefist vel. Fyrirhuguð sameining námsleiðanna í eina námsbraut undir heitinu menntunarfræði og margbreytileiki er einnig í takt við þróun náms á þessum tveimur fræðasviðum í öðrum löndum og fellur vel að íslenskri menntastefnu og nýjum aðalnámskrám. Með sameiningunni verða námsbraut í menntunarfræði (sem nám í fjölmenningsfræðum hefur fallið undir hingað til) og námsbraut í sérkennslufræðum jafnframt sameinaðar í eina námsbraut og allar námsleiðir í meistaranámi af báðum brautum fluttar á nýju brautina, menntunarfræði og margbreytileiki, frá og með hausti 2013. Þróað var nýtt sameiginlegt inngangsnámskeið fyrir allar námsleiðirnar í meistaranámi á þeirri braut. Á tveimur námsleiðum í deildinni fer kennsla eingöngu fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education, en ekki var tekið við umsóknum í þær námsleiðir skólaárið 2012–2013.

Grunnnám

Í grunnnámi eru tvær námsleiðir innan námsbrautar í menntunarfræði:

uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180 e

alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180e (ekki í boði 2012–2013)

Meistaránám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Innan námsbrautanna fimm ljúka nemendur 120 eininga M.Ed.- eða MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á ákveðna námsleið. Þessar námsleiðir eru:

alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA (ekki í boði 2012–2013)

áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA

leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA

lífssleikni, sjálfsmyndir og farsæld, M.Ed., MA

lýðræði, jafnrétti og fjölmennning, M.Ed., MA

matsfræði, MA

nám fullorðinna, M.Ed., MA

sérkennslufræði, M.Ed., MA

stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA

uppeldis- og menntunarfræði, M.Ed., MA

þroski, mál og læsi, MA

Doktorsnám og doktorsvarnir

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e

Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Tvær doktorsvarnir fóru fram frá Menntavísindasviði á árinu, báðar við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Þórdís Þórðardóttir varði doktorsritgerð sína 16. mars og Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir þann 14. desember. Um varnirnar er fjallað hér að framan í sameiginlegum kafla um Menntavísindasvið.

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið kennara deildarinnar eru heimspeki, fjölmenningarfræði, menntastjórnun, nýsköpun og mat á skólastarfi, nám fullorðinna, kynja- og jafnréttisfræði, sálfræði í uppeldis- og menntavísindum, bernsku- og æskulýðsfræði, sérkennslufræði, skóli án aðgreiningar og mál er varða þroska, mál og læsi. Kennararnir taka m.a. þátt í eða stýra rannsóknum eftirtalinnna rannsóknastofa: Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglinga, Rannsóknastofu um skólastarf, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi og Rannsóknasetrinu Lífshættir barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna: Starfshættir í grunnskólum, Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar, Jafnréttismál kynja í skólum og kennaramenntun, Þekking barna á ofbeldi á heimilum, Borgaravitund ungs fólks í Lýðræðisþjóðfélagi, Áhættuhegðun, þroski og seigla ungmenna: Langtímarannsókn, Lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningsamfélagi, Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfsstjórn, málþroski og læsi á aldrinum fjögurra til átta ára, Mál í notkun: Tal- og ritmál barna, unglinga og fullorðinna og Þróun á íslensku skimunarprófi vegna lestrarörðugleika.

Gæðamál

Sjálfsmat Uppeldis- og menntunarfræðideildar fór fram á skólaárinu í samræmi við nýja rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework) og handbók gæðaráðs háskóla. Í upphafi var stofnaður sjálfsmatshópur sem skipulagði sjálfsmatið og að lokum var skrifuð sjálfsmatskýrsla í samræmi við viðmið frá Háskóla Íslands um sjálfsmat, skipulag, tímaáætlun og ferli sjálfsmats deilda. Sjálfsmatið var byggt á tölfræðilegum gögnum frá Háskóla Íslands, könnunum sem Félagsvísindastofnun gerði meðal innritaðra og

brautskráðra nemenda, upplýsingum úr rýnihópum nemenda og kennara í deildinni, könnunum með kennurum og meistaranemum í deildinni, viðtali við deildarforseta og rannsókn tveggja kennara deildarinnar. Sjálfsmatið fór að mestu leyti fram haustið 2012 en undirbúningur þess hófst þá um vorið.

Árleg kennslukönnun var gerð á vormisseri og einnig voru haldnir sérstakir matsfundir á öllum fimm brautum deildarinnar með nemendum á lokastigi í meistaranámi og meðal nemenda í grunnnámi. Niðurstöður fundanna voru ræddar í deildarráði og á deildarfundum. Deildarforseti átti að auki starfsmannasamtal við alla kennara deildarinnar.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem framhaldsnám við sviðið var sérstaklega kynnt nemendum og starfandi kennurum í mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð.

Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BA	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði	1		1
	Uppeldis- og menntunarfræði	2	31	33
Viðbótardiplóma	Uppeldis- og menntunarfræði		4	4
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		12	12
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana	1	1	2
M.Ed.	Fræðslustarf með fullorðnum – Mannauðspróun		1	1
	Heimspæki og félagsfræði menntunar	1		1
	Lífsleikni og jafnrétti		1	1
	Menntunarfræði		2	2
	Sérkennslufræði		14	14
	Stjórnunarfræði menntastofnana	1	13	14
	Uppeldis- og menntunarfræði		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á nám fullorðinna		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		2	2
MA	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði	2	1	3
	Menntunarfræði	1	1	2
	Uppeldis- og menntunarfræði		5	5
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn		2	2
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana	1		1
Doktorspróf	Uppeldis- og menntunarfræði		2	2
Alls		10	94	104

Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun við Menntavísindasvið sem hefur það hlutverk að efla rannsóknir og rannsóknnaumhverfi innan sviðsins. Það er gert með því að styðja

rannsóknastofur og aðstoða einstaka rannsakenndur við að skipuleggja rannsóknir, sækja um í rannsóknasjóði, gefa ráð þegar niðurstöður rannsókna eru birtar og veita upplýsingar og ráð um rannsóknasjóði og aðrar fjármögnunarleiðir, bæði innlendar og erlendar. Stofnuninni er ætlað að greiða fyrir ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrahaldi og útgáfustarfsemi sem tengist rannsóknum á sviðinu. Menntavísindastofnun er einnig ætlað að bera faglega ábyrgð á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku: rannsóknir, nýbreytni og þróun, og stuðla að samstarfi rannsakennda við fræðimenn og tengdar stofnanir innan sem utan Háskóla Íslands. Þá er henni ætlað að sinna rannsókna- og þjónustuverkefnum sem tengjast menntavísindum, stuðla að sýnileika Menntavísindasviðs og styðja við þróunarverkefni sem unnin eru á sviðinu.

Stjórn og starfsfólk

Nýtt rannsóknarráð Menntavísindasviðs var skipað 1. júlí 2011 og starfar það til 30. júní 2013. Ráðið starfar jafnframt sem stjórn Menntavísindastofnunar. Í því eiga sæti: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna T. Einarsdóttir lektor og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Edda Óskarsdóttir var skipuð fulltrúi framhaldsnemenda. Ekki voru skipaðir varamenn. Forstöðumaður stofnunarinnar er Kristín Erla Harðardóttir. Á árinu störfuðu eftirfarandi hjá stofnuninni: Ingibjörg V. Kaldalóns, Lárus Ari Knútsson, Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir sem verkefnisstjórar og Jóhanna Eyrún Torfadóttir sem aðferðafræðingur.

Rannsóknastofur

Á Menntavísindasviði er starfrækt tuttugu og ein rannsóknastofa sem heyra undir Menntavísindastofnun. Tvær þeirra voru stofnaðar á árinu, Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun og Rannsóknastofa um starfendarannsóknir.

Áður höfðu verið stofnaðar eftirtaldar stofur:

- Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum
- Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólstarfi
- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfingfræðum
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga
- Rannsóknastofa um þróun skólstarfs

Rannsóknastofa í kennslufræði starfaði ekki á árinu og fyrirhugað er að leggja hana niður á árinu 2013.

Rannsóknastofa námsgagna starfaði ekki á árinu en ekki hefur verið ákveðið hvort hún verður lögð niður.

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir undir Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun.

Í stjórn setursins voru á árinu: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, stjórnarformaður Félagsvísindastofnunar, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur og borgarfulltrúi.

Á árinu tóku eftirtaldar þátt í verkefnum á vegum setursins: Eva Harðardóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið, Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi í uppeldissálfræði við Háskólann í Leiden í Hollandi og stundakennari við Menntavísindasvið, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Kristjana Stella Blöndal, lektor við Félagsvísindasvið og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir, MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Ragný Þóra Guðjohnsen lögfræðingur, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið, og Steinunn Gestsdóttir, dósent við Menntavísindasvið.

Rannsóknir

Unnið var að þremur meginrannsóknaverkefnum á árinu:

- Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi
Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er m.a. eftir hugmyndum þess um lýðræði, mannréttindi, þeim áhrifum sem það telur sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif það vill hafa og hvert gildismat þess er. Grein var birt í ritrýndu íslensku riti um rannsóknina og önnur í evrópskri samvinnurannsókn sem Alistair Ross prófessor stýrir: *Young Europeans' Constructions of Identity and Citizenship: Moving Borders, Border Crossings*. Vísindasjóður Rannís og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkja rannsóknina.
- Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara
 - Menntasýn kennara: Hönnun mælingar á uppeldis- og menntasýn leiðtoga og kennara: Rannsóknaverkefni í samvinnu við rannsóknahóp við Harvard-háskóla.
 - Uppeldissýn foreldra: Úrvinnsla viðtala við foreldra.
Vísindasjóður Rannís og Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands styrkja rannsóknina.
- Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn
Forspárþættir brotthvarfs frá námi. Greinar voru skrifaðar í virt ritrýnd erlend rit. Vísindasjóður Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands styrkja rannsóknina.

Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

Susan Walker, dósent og forstöðumaður foreldra- og fjölskyldumenntunar við fjölskyldu- og félagsvísindadeild háskólans í Minnesota, flutti fyrirlestur sem nefndist Parent Education á vegum rannsóknasetursins í mars.

Starfsfólk setursins flutti jafnframt fjölda fyrirlestra um niðurstöður ofangreindra rannsókna á ráðstefnum bæði erlendis (á Spáni, Englandi og í Bandaríkjunum) og innanlands á ráðstefnum.

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum sitja Guðrún Kristinsdóttir prófessor, formaður, Árni Guðmundsson aðjunktur og Gestur Guðmundsson prófessor. Varastjórn skipa Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Guðrún Valsdóttir doktorsnemi. Guðrún Kristinsdóttir prófessor er forstöðumaður Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum. Rannsóknastofan var áður kölluð Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum en forsvarsmenn stofunnar leggja áherslu á að hún sé kölluð Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum.

Viðfangsefni

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum sinnir rannsóknum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglunga og ungmenna þar sem litið er á menntun og uppeldi í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Starf rannsóknastofunnar er þverfræðilegt og snýr að misgömlum fræðigreinum. Mikið þróunarstarf fer fram um þessar mundir í tómsundafræði en í stofunni eru einnig stundaðar rannsóknir á grunni eldri fræðigreina, t.d. félagsfræði, sagnfræði og sálarfræði. Samlegðaráhrif þessa eru gefandi.

Rannsóknir Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu og þátttöku barna og unglunga í mótun eigin lífs og margvíslegra samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta sem sinna málefnum barna og ungmenna, meðal annars vegna félagslegra ferla sem hindra farsæld, t.d. brottfalls úr skóla eða fjölskylduvanda.

Samstarf

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum tengist Nordic Youth Research Society með aðild Gestu Guðmundssonar að vísindanefnd hinna norrænu ráðstefna um ungmennarannsóknir. Rannsóknastofan tengist einnig School of Health and Social Studies við University of Warwick í Englandi þar sem Guðrún Kristinsdóttir er dósent ásamt því að vera prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknastofan starfaði einnig að æskulýðsrannsóknum í samvinnu við verkefnið Kunskap i Dialog (KID), Malmö Höskola o.fl. sem vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum í æskulýðsmálum.

Málstofur og fyrirlestrar

Einstakir meðlimir í Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum tóku þátt í ráðstefnum erlendis og hérlendis og fimm þeirra fluttu erindi á Menntakviku ársins.

Rannsóknastofan stóð fyrir málstofu um einelti þann 12. apríl í samvinnu við verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti í tilefni af útgáfu ritsins Ábyrgð og aðgerðir – Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi á vegum Rannsóknastofunnar Ármanns Snævarr. Frummælendur voru nýútskrifaðir nemar úr meistaranámi sem rannsakað höfðu einelti hvert á sínu fræðasviði, þau Daníel Reynisson, lögfræði, Hjördís Árnadóttir, félagsráðgjöf, og Sjöfn Kristjánsdóttir, grunnskólakennarafræði. Viðbrögð við ritinu fluttu Margrét J. Rafnsdóttir, Barnaheillum, og Gunnar E. Finnbogason prófessor. Málþingið var vel sótt.

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum vann með námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið, Æskulýðsráði, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri,

Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir og Félagi fagfólks í frítímaþjónustu að ráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2012. Árni Guðmundsson var tengiliður rannsóknastofunnar í þessu samstarfi. Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob F. Þorsteinsson starfa einnig með aðilum utan sviðsins að tólmstundafræðirannsóknnum.

Rannsóknaverkefni, útgáfur og styrkir

Helstu viðfangsefni Rannsóknastofu í barnsku- og æskulýðsfræðum og meðlima hennar á árinu voru eftirfarandi:

- Gestur Guðmundsson endurbætti rit sitt, Félagsfræði menntunar: kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi, sem kom út í nýrri útgáfu á árinu.
- Gestur Guðmundsson stjórnaði rannsókninni Innflytjendur og íslenski framhaldsskólinn. Verkefnið tengdist NordForsk-samskiptaneti frá 2010. Árin 2012–2013 var Gestur aðalritstjóri að bók samstarfsnetsins sem kemur út sumarið 2013.
- Hulda Karen Ólafsdóttir meistaranemi vann að verkefninu Aðgerðir í framhaldsskólum og atvinnuleysisúræðum gegn brottfalli. Það fjallar um brottfallsnema í framhaldsskólum og von var á að grein hennar um efnið birtist í tímariti í apríl 2013 í samvinnu við Gest Guðmundsson.
- Gestur Guðmundsson var einn aðalfyrirlesara í Osló í október á ráðstefnu norsku rannsóknastofnunarinnar NOVA og Norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks.
- Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Margrét Sveinsdóttir, Nanna Þ. Andrésdóttir og Steinunn Gestsdóttir unnu að bókarhandriti um verkefnið Þekking barna á ofbeldi á heimilum, sem notið hefur styrks frá Rannsóknasjóði. Handrit er á lokastigi. Guðrún Kristinsdóttir er ritstjóri.
- Guðrún Kristinsdóttir hélt áfram í norrænu samstarfi um rannsóknir á heimilisofbeldi. Guðrún hélt m.a. aðalerindi á 30 ára afmæli Kvænnaathvarfsins í Reykjavík í desember.
- Við Rannsóknastofu í barnsku- og æskulýðsfræðum starfar hópur meistaranema undir leiðsögn Guðrúnar Kristinsdóttur að rannsóknnum á aðstæðum barna í erfiðri stöðu vegna náms og fjölskylduaðstæðna.
- Ólöf Garðarsdóttir vann, ásamt meistaranemanum Önnu Dórotheu Tryggvadóttur, að rannsókninni Sveitastörf íslenskra barna á 20. öld. Vinna er lasta vörn.

Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum sátu á árinu: Anna Katarzyna Woźniczka, Fríða B. Jónsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi um fjölmenningu í leikskóla hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Gunnar J. Gunnarsson dósent, Hanna Ragnarsdóttir dósent, Karen Rut Gísladóttir lektor og Toshiki Toma, prestur innflytjenda. Einar Skúlason, fyrrverandi stjórnarmaður, er ráðgjafi rannsóknastofunnar og situr stjórnarfundum.

Rannsóknastofan hefur ekki fastan starfsmann en réð starfsfólk í afmörkuð verkefni á árinu, m.a. til að þróa vef og aðstoða við rannsóknir.

Rannsóknir

Á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum var unnið að eftirfarandi rannsóknnum á árinu: Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati ungmenna í nútímasamfélagi (2010–2013). Rannsakendur: Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir.

Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar (Diverse Teachers for Diverse Learners) (2010–2013). Rannsóknarnet. Rannsakendur: Hafdís Guðjónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Hildur Blöndal doktorsnemi, Robert Berman, Samúel Lefever, Anna Katarzyna Woźniczka og Fríða B. Jónsdóttir. Verkefnið er samstarfsverkefni alþjóðlegs rannsóknahóps með þátttakendum frá Englandi, Finnlandi, Kanada, Noregi, Skotlandi, Sviss og Þýskalandi, auk Íslands. Verkefnið er styrkt af NordForsk.

Langtímarannsókn á stöðu og reynslu ættleiðra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (2005–). Rannsakendur: Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Rannsókn á áhrifum efnahagsþrenginga á skólastarf á Íslandi (2010–2013) með sérstakri áherslu á stöðu innflytjendabarna og ungmenna í skólum. Rannsakendur: Hanna Ragnarsdóttir og Anh-Dao Tran doktorsnemi.

Undirbúningur hófst fyrir rannsóknaverkefnið Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013–2015). Rannsóknahópurinn sótti um NordForsk-styrk til verkefnisins sem fékkst haustið 2012. Einnig fékkst styrkur frá Rannís til verkefnisins. Rannsakendur: Hanna Ragnarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, Hildur Blöndal, Karen Rut Gísladóttir, Robert Berman og Samúel Lefever, ásamt umsækjendum frá Høgskolen i Hedmark (í Noregi), Gautaborgarháskóla (í Svíþjóð), Helsinki-háskóla (í Finnlandi) og doktorsnemunum.

Einnig var á árinu undirbúin útgáfa bókarinnar Learning Spaces for Social Justice: International Perspectives on Exemplary Practices in Pre-, Primary and Secondary Schools, ritstjórar eru Hanna Ragnarsdóttir og Clea Schmidt og útgefendur verða Trentham Books og IOE Press. Höfundar kafla í bókinni eru þátttakendur í DTDL-rannsóknarnetinu. Staðfest er að bókina kemur út í september 2013.

Ráðstefnur

Þann 9. nóvember var haldið málþing um móðurmál í Gerðubergi undir yfirskriftinni Meir' en að segja það! Málþingið var haldið í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, samtökin Móðurmál – félag tvítyngdra barna, menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn Reykjavíkur og Tungumálatorg.

Samstarf

Á árinu var gerður samstarfssamningur við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um verkefni á sviði fjölmennningar. Þá starfaði rannsóknastofan einnig með samtökunum Móðurmál – félag tvítyngdra barna.

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

Almennt yfirlit og stjórn

Þann 17. júní 2008 gerðu Kennaraháskóli Íslands og Sigurður Konráðsson, fyrir hönd fagraðs í íslensku, með sér samning um stofnun og rekstur rannsóknastofu sem ber heitið Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (kölluð Íslenskustofa).

Í stjórn Rannsóknastofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu sátu á síðasta ári Kristján Jóhann Jónsson formaður og Baldur Hafstað og Hanna Óladóttir meðstjórnendur.

Helstu markmið rannsóknastofunnar eru að hafa frumkvæði að auknum rannsóknum á íslenskum menningararfi og skólastarfi, leggja áherslu á rannsóknir á íslensku sem fræðasviði og námsgrein,

kanna hvernig kennsla í íslensku tengist öðrum námsgreinum og greiða fyrir samstarfi við stofnanir á sviði fræðslu- og menningarmála, bæði heima og erlendis.

Rannsóknir

Rannsóknastofan sótti um styrk til Rannís fyrir rannsóknaverkefnið Íslenska sem námsgrein og kennslutunga. Styrkurinn fékkst ekki en umsóknin fékk þó mjög háa einkunn. Meðlimir rannsóknastofunnar fjölluðu ítarlega um gagnrýnina sem umsóknin hlaut í því skyni að sækja um styrk á ný frá Rannís. Það verður gert fyrir 1. júní 2013. Búið er að vinna mikið við undirbúning og forathuganir á vettvangi verða gerðar haustið 2013. Samið hefur verið við Menntaskólann við Sund um það samstarf. Þetta er langstærsta viðfangsefni stofunnar hingað til. Formaður stofunnar stýrir verkefninu en nánast allir íslenskukennarar í kennaradeildum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri hafa verið virkir í þessu verkefni. Samstarfsmenn okkar á Akureyri fengu styrk frá Háskólanum á Akureyri og samstarf milli skólanna tveggja um verkefnið hefur verið einkar gott. Menntavísindasvið, undir forystu Jóns Torfa Jónssonar, hefur verið traustur bakhjarl þessa verkefnis og talað fyrir stuðningi Háskóla Íslands við það. Samstarfsmenn á Norðurlöndum (í Noregi, Svíþjóð og Færeyjum) hafa sýnt áhuga á að tengjast verkefninu og stofna til hliðstæðra athugana í sínum löndum.

Rannsóknastofan kom að skipulagi málfræðimálþings 15. nóvember síðastliðinn sem haldið var í húsakynnum Menntavísindasviðs undir yfirskriftinni Víst er málfræði skemmtileg. Hanna Óladóttir tók þátt í að skipuleggja málþingið fyrir hönd rannsóknastofunnar en það var haldið í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Samtök móðurmálskennara. Umfjöllun um þingið birtist í Skímu 2, 2012, tímariti Samtaka móðurmálskennara, en þar birtist einnig greinin Málfræðikennsla – uppgötvun í öndvegi, sem Hanna Óladóttir og Margrét Guðmundsdóttir unnu upp úr fyrirlestri sínum á þinginu. Þingið fékk nokkra fjölmiðlaumfjöllun, bæði í útvarpi og sjónvarpi, og var það allvel sótt af starfandi íslenskukennurum á grunn-, framhalds- og háskólastigi.

Árnastofnun leitaði eftir samstarfi við Íslenskustofu um gerð kennsluefnis um handritin. Þetta samstarf hófst upp úr áramótum; Sigurður Konráðsson var tengiliður og útvegaði nemandu til að taka þátt í verkefninu. Sigurður stýrði einnig tveimur málstofum fyrir Íslenskustofu á síðustu Menntakviku. Önnur þeirra fjallaði um íslensku og lestur en hin um málfræði og rannsóknir á kennslu.

Stofan fékk einnig í heimsókn nokkra kennara frá Høgskolen i Telemark í Noregi. Í samstarfi við norska lektorinn voru haldnir með þeim tveir fundir, annar um móðurmálskennslu en hinn um barnabókmenntir. Sá síðari var haldinn í samstarfi við Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna.

Þá tók stofan einnig á móti grunnskólakennurum frá Matteus-skólanum í Stokkhólmi, hélt með þeim fund og ræddi við þá um menningararf og grunnskólakennslu.

Rannsóknastofa í Íþróttá- og heilsufræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Íþróttá- og heilsufræðum tók til starfa á vormánuðum 2008 fyrir tilstilli Erlings Jóhannssonar prófessors. Þeir sem standa að rannsóknastofunni og rannsóknum á vegum hennar eru fyrst og fremst starfsmenn við Íþróttáfræðasetur Háskóla Íslands á Laugarvatni. Fjórir nemendur útskrifuðust með meistarapróf á árinu en þessir nemendur unnu lokaverkefni sín á

rannsóknastofunni. Nú eru 56 nemendur í meistaranámi í íþróttá- og heilsufræði og flestir skrifa þeir meistararitgerðir sínar upp úr verkefnum sem hafa verið unnin við rannsóknastofuna. Sex doktorsnemar vinna að verkefnum eða ritgerðarskrifum við Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni sem unnin eru við Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum eru mörg og margbreytileg. Á árinu unnu meistara- og doktorsnemar að eftirfarandi verkefnum:

- Heilsuefling í framhaldsskólum. Samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítalans. Markmiðið með rannsókninni er að kanna heilsufarsleg áhrif og heilsuhegðun tengda innleiðingu heilsueflandi framhaldsskóla á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja því verkefni eftir í fjögur ár.
- Hetjur nútímans – Orðræða fjölmiðla um afreksfólk í íþróttum. Markmiðið með rannsókninni er að greina hvort munur er á umfjöllun um einstaklinga eftir ýmiss konar stöðu þeirra, t.d. hvort konur eru fyrst og fremst sagðar sætar, fatlaðir íþróttamenn njóti fyrst og fremst samúðar og hvort umfjöllunin hefur breyst síðastliðin 60 ár.
- Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa – Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða. Markmiðið með rannsókninni var að skoða áhrif ákveðinnar íhlutunar á heilsufar eldri aldurshópa og langtímaáhrif þessara aðgerða.
- Lífsstíll 7 til 9 ára barna – Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Viðfangsefni rannsóknarinnar var að kanna líkamsástand barna í 2. bekk í grunnskólum í Reykjavík og finna út hvort sértækar íhlutunaraðgerðir sem stuðla að breyttu mataræði og aukinni hreyfingu hafi áhrif á heilsufar hjá börnunum.
- Atgervi ungra Íslendinga. Markmiðið með rannsókninni er að rannsaka langtímabreytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlegra og félagslegra þátta, í tveimur hópum unglinga (17 ára) og ungmenna (23 ára). Þátttakendur verða fengnir meðal þeirra sem tóku þátt í rannsókninni Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga 2003–2004. Verkefnisstyrkur frá Rannís var veittur til þessarar rannsóknar árið 2010 til þriggja ára.
- Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun (HEALTH-ID). Markmiðið með rannsókninni er að bera saman hreyfingu, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsu barna með þroskahömlun og barna án þroskahömlunar, sem og að skoða tengsl þroskahömlunar við ofangreinda þætti. Til þessarar rannsóknar fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís árið 2011.

Annað

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum er í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum er hluti af European Youth Heart Study (EYHS), sem er samstarf rannsóknastofa frá átta háskólum í Evrópu.

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum stóð fyrir norrænu námskeiði fyrir doktorsnema dagana 18. til 22. júní við Íþróttáfræðasetrið á Laugarvatni. Tuttugu og fimm doktorsnemar frá tíu háskólum í Danmörku, Finnlandi og Noregi tóku þátt í því, auk sjö íslenskra doktorsnema sem stunda doktorsnám við Háskóla Íslands. Mikil aðsókn var strax að námskeiðinu þegar það var auglýst og þurfti að hafna mörgum hæfum umsækjendum. Fræðileg áhersluatriði voru þverfagleg og höfðu öll skírskotun til hreyfingar, heilbrigði og velferðar barna og unglinga. Kennsla á námskeiðinu var í höndum fimmtán fræðimanna frá háskólum á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Almennt yfirlit og stjórn

Árið 2012 var fjórða starfsár Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi. Formaður stjórnar var Ólafur H. Jóhannsson og aðrir í stjórn voru Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, Arna H. Jónsdóttir lektor, Börkur Hansen prófessor, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Sigurlína Davíðsdóttir dósent og Steinunn Helga Lárusdóttir lektor. Ráðgjafarráð skipuðu: Guðmundur Páll Ásgeirsson, námsstjóri við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins, Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri og fyrrverandi formaður skólamálanefndar Skólastjórafélags Íslands, Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi á leikskólasviði Reykjavíkurborgar, Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, Oddný Harðardóttir alþingismaður, Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn stofnunar og ráðgjafarráð hefur verið óbreytt frá stofnun hennar.

Hlutverk og markmið Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi er tvíþætt: að stunda rannsóknir á sviði menntastjórnunar, nýsköpunar og matsfræða og að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og útgáfu á sínu sérsviði.

Rannsóknir

Rannsóknin Áhrif efnahagskreppu á skólastarf var undirbúin árið 2010. Markmiðið með henni er að rannsaka áhrif efnahagskreppunnar á leik-, grunn- og framhaldsskóla. Valdir voru þrjú skólar á hverju skólastigi. Haft var samráð við ráðgjafarráðið um val á rannsóknæfni og efnistöð. Á árinu 2012 var gagnaöflun lokið í tveimur sveitarfélögum af þremur. Rannsóknin hefur verið kynnt á ráðstefnum innanlands og utan. Fyrstu niðurstöður voru birtar í ráðstefnuriti Menntakviku, slóðin er: <http://netla.hi.is/menntakvika2012/014.pdf>. Áformað er að ljúka gagnaöflun í þriðja sveitarfélaginu á vormisseri 2013.

Málstofur

Á haustmisseri stóð rannsóknastofan að málstofu á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntakviku. Á málstofunni voru flutt nokkur erindi sem tengjast sérsviði rannsóknastofunnar og einnig var haldin málstofa um fyrrgreinda rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á skólastarf.

Heimasíða rannsóknastofunnar er <http://stofnanir.hi.is/stjornun-nyskopun-mat/>.

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna var stofnuð 15. maí 2007 og var fyrsta rannsóknastofan sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands.

Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknastofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu fræðigreina og fræðirita og með fyrirlestrahaldi. Á vegum rannsóknastofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um að vinna rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi.

Frá aðalfundi 3. október 2011 eru eftirtalin í stjórn Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna: Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið, formaður og forstöðumaður stofunnar, Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður rannsóknastofunnar er Ásdís Olga Sigurðardóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið.

Rannsóknir

- Yngstu börnin er verkefni sem Nordplus-áætlunin styrkir, unnið í samvinnu Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna, Háskólans í Ósló, Háskólans í Gautaborg og Háskólans í Árósum. Markmiðið með verkefninu er að efla kennslu í viðkomandi háskólum um viðfangsefni sem varða börn undir þriggja ára aldri.
- Fagmennska leikskólakennara er rannsóknaverkefni sem styrkt er af Félagi leikskólakennara og er samvinnuverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna, Háskólans í Volda og Háskólans í Ósló. Yfirheiti verkefnisins er Hlutverk leikskólakennara í umhverfi þar sem leikmenn eru í meirihluta. Leitast er við að fá upplýsingar um viðhorf og sýn leikskólakennara og leiðbeinenda á hlutverk sitt, starfshætti, samstarf og verkaskiptingu innan leikskólans.
- Leikum, lærum og lifum er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu („Kragans“). Markmið verkefnisins er að vinna með tengsl leiks og náms í leikskólum út frá námssviðum aðalnámskrár. Starfendarannsóknir og þróunarvinna fer fram í leikskólum þar sem meistaranemar og kennarar/leiðbeinendur Menntavísindasviðs styðja við þá hugmynda- og þróunarvinnu sem á sér stað í leikskólunum. Fimm leikskólar taka þátt í verkefninu, einn í hverju sveitarfélagi.
- Gildi í leikskólastarfi er samvinnuverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og Reykjavíkurborgar sem er styrkt af NordForsk. Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á þætti leikskóla í því að þróa, kenna og hlúa að ákveðnum lífsgildum (t.d. lýðræði, umhyggju, sköpun og frumkvæði). Gerðar verða starfendarannsóknir í tveimur leikskólum í Reykjavík. Verkefnið er hluti af norrænni rannsókn.

Útgáfa

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur gefið út fjórar bækur frá því að hún hóf göngu sína. Fyrst kom út bókin Lítil börn með skólatöskur árið 2007 eftir Jóhönnu Einarsdóttur sem fjallaði um tengsl leikskóla og grunnskóla. Árið 2008 var bókin Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi gefin út. Ritstjórar voru Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. Bókin John Dewey í hugsun og verki kom út árið 2010 og var í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Ólafs Páls Jónssonar. Efnistöð bókarinnar eru bæði á heimspekilegum og menntunarfræðilegum nótum. Haustið 2012 gaf rannsóknastofan svo út bókina Raddir barna í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur. Útgáfu bókarinnar var fylgt úr hlaði með málstofu sem haldin var á Menntakviku Háskóla Íslands.

Fyrirlestrar og málþing

Morgunverðarfundur

1. febrúar var haldinn morgunverðarfundur um réttindi og lýðræði í leikskóla. Fundarstjóri var Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, fjallaði um réttindi barna.

Gunnar E. Finnbogason, prófessor við Menntavísindasvið, flutti erindi um hvað Lína Langsokkur segir um réttindi barna.

Lena Sólborg Valgarðsdóttir, leikskólakennari í Garðaborg, fjallaði um Barnasáttmálann og lýðræði í leikskólasterfi.

Ráðstefna Félags um menntarannsóknir

17. mars tók Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna þátt í ráðstefnu Félags um menntarannsóknir þar sem kynntar voru fagmennskurannsóknir í leikskólum.

Arna H. Jónsdóttir fjallaði um faglegt hlutverk, forystu og gagnlega sjálfsmynd leikskólakennara.

Kristín Björk Jóhannsdóttir fjallaði um foreldrasamstarf í leikskólum.

Ásdís Olga Sigurðardóttir fjallaði um streitu meðal leikskólakennara.

Opnir fyrirlestrar

7. maí: Maelis Lohmander, kennari við Gautaborgarháskóla, hélt fyrirlestur um fagmennsku leikskólakennara.

8. maí: Pernilla Lagerlöf sagði frá doktorsverkefni sínu: Children's Music Development and the New Music Technology.

8. maí: Niklas Pramling, dósent við Gautaborgarháskóla, fjallaði um félagsmenningarsjónarmið Levs Vygotsky og Alexanders Luria og sporgöngumanna þeirra. Fjallað var um nokkur grundvallarhugtök kenninganna og hvernig þau nýtast við að skilja nám barna og þroska.

10. maí: Susan Danby, prófessor við Queensland University of Technology í Ástralíu, hélt fyrirlestur um aðstoð sem börn og ungmenni í Ástralíu leita eftir hjá Australian Kids Helpline. Í fyrirlestrinum var fjallað um hvernig börnin láta í ljós vandkvæði sín og hvernig brugðist er við þeim.

11. maí: Þórdís Þórðardóttir sagði frá doktorsverkefni sínu: Menningarläsi – Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum.

17. september: Umræðufundur þar sem Sue Dockett, prófessor við Charles Sturt University, var málshefjandi um skólagöngu fimm ára barna. Meðal annars var rætt um áherslur í námi og námsskrá, upphaf skólagöngu og samfelli milli skólastiga.

18. september: Fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og Íslenskustofu. Fræðimenn við Háskólann í Þelamörk í Noregi fjölluðu um lestrarkennslu og bækur fyrir yngstu börnin í þremur stuttum fyrirlestrum.

19. september: Sue Dockett, prófessor við Charles Sturt University, var með málstofu fyrir meistara- og doktorsnema um kenningar í rannsóknum með börnum og framvindu verkefna á þessu stigi.

Hádegisrabb Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna

18. október: Sara Hauksdóttir fjallaði um meistarasritgerð sína þar sem hún talaði um samþættingu grunnþátta aðalnámsskrár við skapandi starf, leiklist og útinám.

8. nóvember: Sverrir Guðmundsson sagði frá meistaraverkefni sínu um þróun vísindaleikja og stjórnufræði í leikskóla. Vinnan við verkefnið fór fram með börnum og kennurum í leikskólanum Björtuhlíð í Reykjavík.

Fyrirlestur um doktorsritgerð um fagmennsku leikskólakennara

Þann 14. september flutti Arna H. Jónsdóttir fyrirlestur um doktorsritgerð sína: Faglegt hlutverk, forysta og sjálfsmynd íslenskra leikskólakennara: Skoðanir hagsmunaaðila. Doktorsritgerðin er m.a. unnin út frá hugtökum Vandenbroecks o.fl. (2010) um hlutverk leikskóla og hugmyndum Whittys (2008) og Oberhuemer (2005) um lýðræðislega fagmennsku. Arna varði doktorsritgerðina við Institute of Education í University of London 25. júní 2012. Leiðbeinandi Örnur var Marianne Coleman og andmælendur við vörnina voru Sue Rogers og Janet Moyles.

Menntakvika

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun, var haldin 5.

október. Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna var með tvær málstofur á ráðstefnunni, annars vegar um fagmennskurannsóknir og hins vegar um bókina Raddir barna sem var nýkomin út.

Fyrirlestrar á málstofu um fagmennsku

Fagmennska í leikskólum – Upplifun leikskólakennara og leiðbeinenda á eigin starfshæfni. Bryndís Garðarsdóttir lektor.

Áhersluþættir í leikskólastarfi – Sjónarmið leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla. Jóhanna Einarsdóttir prófessor.

Streita leikskólakennara. Ásdís Olga Sigurðardóttir, meistaranemi og starfsmaður Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna . Leiðbeinandi: Jóhanna Einarsdóttir prófessor.

Aldur, dvalartími og fjöldi barna á deildum – Viðhorf leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla. Kristín Björk Jóhannsdóttir doktorsnemi. Leiðbeinandi: Arna H. Jónsdóttir lektor.

Fyrirlestrar á málstofu um Raddir barna

Raddir barna í rannsóknnum. Jóhanna Einarsdóttir prófessor.

Merkingarsköpun ungra barna í hreyfingu og leik. Hrönn Pálmadóttir lektor og Guðrún Bjarnadóttir aðjunkt.

„Flugfreyjur koma með matinn en stýra ekki sjálfar.“ Kvenleiki, karlmennska og störf í samræðum ungra barna. Þórdís Þórðardóttir lektor.

Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ.

„Ef við værum ekki með bein þá værum við bara lin og löt.“ Gunnhildur Óskarsdóttir dósent.

Viðhorf sex til sjö ára barna til skóla og frístundaheimilis. Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir aðjunkt.

„Út að leika með Maríu.“ Raddir barna sem hafa sérstuðning í leikskóla og grunnskóla. Elsa Sigríður Jónsdóttir, fyrrverandi lektor.

Skráning námssagna – Sjónarhorn barna. Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir lektorar.

Annað

Samstarf við Gautaborgarháskóla og Queensland University of Technology

Á vorönn tóku Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna og Menntavísindasvið á móti 27 meistara- og doktorsnemum frá Svíþjóð og Ástralíu. Nemarnir sóttu námskeiðið Nám og leikur barna, sem er kennt í samvinnu við Háskólann í Gautaborg og Queensland University of Technology í Ástralíu. Erlendu nemarnir dvöldu hér á landi dagana 7.–11. maí.

Vefsíða

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna sér um að halda úti vefsíðu sem hefur meðal annars það hlutverk að miðla fróðleik og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi rannsóknastofunnar. Með vefsíðunni er öllum gert kleift að fylgjast með því sem er á döfinni hjá stofunni, óháð búsetu eða aðstöðu. Hlutverk vefsíðunnar er einnig að auðvelda þeim sem vilja hafa samband við rannsóknastofuna að koma á framfæri hugmyndum sínum. Á haustönn hóf rannsóknastofan að nota Facebook og einnig auglýsir hún dagskrá og atburði á hennar vegum á Facebook-síðu Menntavísindasviðs.

Reglur um rannsóknastofur Menntavísindasviðs

Á haustönn voru samþykktar nýjar reglur um rannsóknastofur á Menntavísindasviði og þar er meðal annars tekið fram að kjósa skuli nýja stjórn á þriggja ára fresti. Í kjölfarið varð sú breyting á stjórn rannsóknastofunnar að Kristín Karlsdóttir lektor settist í stjórn í stað Örnú H. Jónsdóttur. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.

Samstarfs- og styrktaraðilar

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur árlega fengið styrki frá Reykjavíkurborg og Menntavísindasvið leggur henni til húsnæði fyrir skrifstofu. Einnig hafa einstaka verkefni verið styrkt af Reykjavíkurborg, Félagi leikskólakennara, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Rannís, NordForsk, Nordplus, OMEP og Evrópuráðinu. Í ársbyrjun gerðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu

(„Kraginn“) starfssamning við Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna um verkefnið Leikum, lærum og lifum (sjá hér fremst í kaflanum).

Aukin þátttaka nema í starfsemi Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur lagt metnað sinn í að auka þátttöku meistara- og doktorsnema í starfsemi stofunnar. Nú taka fimm meistaranemar þátt í rannsóknaverkefninu Leikum, lærum og lifum og tveir doktorsnemar taka þátt í rannsóknaverkefni um gildi í leikskólastarfi. Aukin samvinna rannsóknastofunnar og nema Menntavísindasviðs sjálfs er til hagsbóta fyrir alla. Til dæmis er ávinningur fyrir rannsóknastofuna að fá inn ný sjónarmið og tengingu við vettvanginn. Með fleira fólki verða rannsóknirnar fleiri og umfangsmeiri og nemarnir öðlast ómetanlega reynslu af því að vinna með sérfræðingum og fá handleiðslu um hvernig hægt er að þróa sig áfram í átt að faglegum vinnubrögðum á sviði menntunarfræða ungra barna.

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í tónlistarfræðum sitja Helga Rut Guðmundsdóttir, Njörður Sigurjónsson og Rósa Þorsteinsdóttir. Ráðgjafarráð rannsóknastofunnar er skipað fulltrúum frá Félagi tónlistarskólakennara, Háskólanum á Bifröst, Íslenskri tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Tónlistardeild Ríkisútvarpsins, Tónlistarsafni Íslands, Tónmenntakennarafélagi Íslands og Þjóðlagasetrinu á Siglufirði.

Ráðstefnur

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum hélt þriggja daga ráðstefnu norrænna rannsakenda á sviði tónlistarmenntunar 22.–24. febrúar 2012. Ráðstefnan bar yfirskriftina: The Future of Music Education in the Nordic Countries. Þetta var 17. ráðstefna NNMPF (Nordic Network for Musikk Paedagogisk Forskning). Ráðstefnuna sóttu um 40 rannsakendur frá 7 löndum og fór hún vel fram. Upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og útdrætti úr erindum má sjá á eftirfarandi vefslóð: <https://conference.hi.is/nnmpf2012/>.

Þjóðlagaakademían 2012

Háskólanámskeið um íslenska þjóðlagatónlist var haldið á Siglufirði 4.–8. júlí.

Aðrir viðburðir

Forstöðumaður rannsóknastofunnar, Helga Rut Guðmundsdóttir, hélt utan í rannsóknaleyfi í júní. Helga Rut hóf þá störf á rannsóknarstofunni Brain, Music and Sound Research (BRAMS) í Montreal í Kanada sem fræðimaður (Invited Scholar) og tók einnig stöðu gestaprófessors í sálfræðideild University of Montreal til eins árs. Markmiðið með rannsóknaverkefnum Helgu Rutar í Montreal var að öðlast reynslu í nýjum rannsóknaraðferðum á sviði tónlistarrannsókna og þá sérstaklega á rannsóknnum á ungbörnum og tónlist. Helstu samstarfsmenn Helgu Rutar í Montreal voru Isabelle Peretz og Sandra E. Trehub.

Samstarfsverkefni

Helga Rut Guðmundsdóttir, forstöðumaður rannsóknastofunnar, tók sæti í stjórn alþjóðlegs rannsóknaverkefnis á sviði söngrannsókna sem nefnist Advancing Interdisciplinary Research in Singing (AIRS). Í verkefninu er vinna 70 rannsakenda frá 15 þjóðlöndum samhæft í 7 ára

samstarfsverkefni sem styrkt er af kanadíska rannsóknaráðinu (2009–2016). Íslenskir nemendur fá styrki úr verkefninu til gagnasöfnunar og gagnaúrvinnslu í tengslum við söngrannsóknir.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun voru á árinu Sólveig Jakobsdóttir dósent, Þuríður Jóhannsdóttir lektor, Ágústa Pálsdóttir prófessor og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir (fulltrúar framhaldsnema) og einnig fulltrúar stuðningsaðila utan Menntavísindasviðs, sem voru á árinu Halldór Jörgensson (frá Heimilum og skóla), Þjarnís Fjóla Jónsdóttir (frá 3f – Félagi um upplýsingatækni og menntun). Aðilar að stofunni 2012 voru um 40. Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur í mars.

Á árinu námu tekjur (styrkir vegna verkefna o.fl.) 3,61 m.kr. en útgjöld 1,86 m.kr.

Rannsóknir

Aðilar Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

- NordForsk – Researcher Networks 2011–2014, samstarfsnetið NordLac (Learning Across Contexts). Þetta samstarf hefur styrkt rannsóknastofuna mikið. Þrjú fundir voru haldnir á árinu í Osló, Hróarskeldu og Helsinki.
- Samstarfsverkefnið Starfshættir í grunnskólum (2009–2011), sem var styrkt af Rannís og fleiri aðilum. Unnið var m.a. að kafla um upplýsingatækni í grunnskólum í bók um starfsháttaverkefni (útgáfan var styrkt af Rannís).
- Fartækni og -nám. Hafin var matsrannsókn á þróunarverkefni um spjaldtölvunotkun í Norðlingaskóla (2012–2013), áfangaskýrsla var birt og fyrstu niðurstöður kynntar á þingum. Styrkur fékkst úr tækjakaupasjóði Háskóla Íslands til að kaupa spjaldtölvuset vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, símenntunar og kennslu kennaranema. Samstarf er við Menntasmiðju, Kennslumiðstöð háskólans og Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf.
- Birt var skýrsla um rannsókn frá 2011 um samkenntu við Kennaradeild (styrkt af Menntavísindasviði).
- Unnið var að undirbúningi fyrir opnun Menntamiðju. Styrkur fékkst úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands til að bjóða Etienne og Beverly Wenger-Trayner, þekktum fræðimönnum á sínu sviði, til landsins. Þau héldu vinnustofur og erindi um þróun starfssamfélaga sem styrkti hugmyndafræði verkefnisins. Menntamiðja var formlega sett á laggirnar í október.

Kynningarstarfsemi

Sjö málstofur voru haldnar á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun á árinu, tvær á vormisseri og fimm á haustmisseri. Um vorið kynntu Valgerður Stefánsdóttir og Davíð Bjarnason frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þróunarverkefnið Tákn á takteinum og Guðrún Sólonsdóttir meistaranemi kynnti niðurstöður úr verkefninu Samfélagsfræði í þrívíddarumhverfinu Second Life. Á haustmisseri komu erlendir gestafyrirlesarar og héldu erindi. Ross J. Todd, við Rutgers University í New Jersey, hélt erindi um upplýsinga- og miðlalæsi, Elsebeth Korsgaard Sorensen, prófessor við Háskólann í Árósum, um hönnun dreifnáms og Amy Kaufmann, við University of California San Diego, kynnti lykilaðriði í hönnun námskeiða á neti. Í lok haustmisseris voru haldnar tvær málstofur með átta erindum um forritun og forritunarkennslu á öllum skólastigum.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun tók þátt í undirbúningi Menntakviku – málþings Menntavísindasviðs í október og skipulagði þrjár málstofur með 12 erindum. Málstofurnar voru um spjaldtölvur í námi og kennslu (4 erindi), Menntamiðju (4 erindi) og upplýsingatækni í skólastarfi (4 erindi).

Tengslanet á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun, sem sett var upp á samfélagssíðunni Ning (<http://utmidlun.ning.com>) árið 2009, var þróað áfram og eru þar nú skráðir vel yfir 200 meðlimir. Jafnframt heldur rannsóknastofan úti eigin vef: <http://skrif.hi.is/rannum>.

Annað

Rannsóknastofan hefur átt samstarf við Inerisaviik í Nuuk um fjarnám og starfsþróun. Puríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir fóru í mars í heimsókn til Grænlands. Einn aðili stofunnar, Svava Pétursdóttir, varði doktorsritgerð sína: Using Information and Communication Technology in Lower Secondary Science Teaching in Iceland, 17. október við Háskólann í Leeds.

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum

Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum var stofnuð á árinu 2010. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna, ráðgjafar og þróunarstarfs á sviði þroskaþjálfrafræða. Markmið rannsóknastofunnar er að stuðla að auknum rannsóknum á þessu sviði með það að leiðarljósi að auka þekkingu og skilning á lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri. Auk þess vinnur hún að því að efla og eiga frumkvæði að rannsóknum og þróunarstarfi á sviðinu með áherslu á störf og starfsvettvang þroskaþjálfra. Þá felst mikilvægur þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar í því að stuðla að aukinni þekkingu á sviðinu með fræðslu, ráðstefnuhaldi og málstofum og að þróa menntun fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla og efla rannsóknir og þróunarstarf á því sviði.

Stjórn

Stjórn stofunnar skipa Guðrún V. Stefánsdóttir dósent og formaður, Ástríður Stefánsdóttir dósent, Kristín Björnsdóttir lektor, Jóna Ingólfssdóttir aðjunkt og Vilborg Jóhannsdóttir lektor. Í ráðgjafaráði stofunnar eiga eftirtaldir sæti: Friðrik Sigurðsson, frá Landssamtökunum Þroskahjálp, María Hildipórsdóttir, frá Sjónarhól, Laufey Gissurardóttir, frá Þroskaþjálfafélagi Íslands, símenntunarmiðstöðin Fjölmenn, og Ína Valsdóttir, frá Átaki.

Rannsóknir

Tvö rannsóknaverkefni standa nú yfir. Auk þess vinna tveir doktorsnemar, þær Anna Björk Sverrisdóttir og Telma Kjaran, lokaverkefni sín í tengslum við verkefni rannsóknastofunnar. Þau eru:

- Rannsókn um sjálfræði fólks með þroskahömlun. Rannsóknin hófst árið 2011 og er markmiðið með henni að varpa ljósi á skilning fólks með þroskahömlun á sjálfræði og fullorðinshlutverki og reynslu þess af því að lifa sjálfstæðu lífi. Þátttakendur í rannsókninni eru karlar og konur með þroskahömlun á aldrinum 26–66 ára og er áætlað að rannsóknin taki fjögur ár. Samstarfsaðilar rannsóknastofunnar í verkefninu eru Landssamtökin Þroskahjálp, Open University í Bretlandi og Nora Fry Research Center í Bristol í Bretlandi. Sumarið 2011 og 2012 fengust styrkir úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, fjórir mannmánuðir hvort ár, til verkefnisins og unnu tveir BA-nemar, þau Eiríkur Sigmarsson og Freyja Baldursdóttir, og tveir meistaranemar, þær Ágústa R. Björnsdóttir og Eva Þórdís Ebenesardóttir, að því. Tveir starfsmenn rannsóknastofunnar, Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir hafa fengið styrki til verkefnisins úr Rannsóknarsjóði

Háskóla Íslands (2012 og 2013). Nokkrar greinar voru birtar í erlendum og innlendum tímaritum á árinu 2011 en á árinu 2012 var eftirfarandi grein birt: Ástríður Stefánsdóttir (2012). Hvernig ber að skilja sjálfræði? Sérít Netlu – Menntakvika. [Birt 31. desember 2012].

- Rannsókn á háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt rannsóknatengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við námsbraut í þroskaþjálfrafræðum. Rannsóknastofan hefur haft umsjón með rannsóknatengingu námsins. Gagnasöfnun fer fram með viðtölum við nemendur, aðstandendur, háskólakennara og mentora. Auk þess hefur útskrifuðum nemendum verið fylgt eftir og athugað hefur verið hvernig þeim vegnar í vinnu að námi loknu. Sumarið 2012 fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, fjórir mannmánuðir til verkefnisins og unnu tveir meistararnemar, þær Ágústa R. Björnsdóttir og Helena Gunnarsdóttir, að því. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Háskólinn í Dublin (Trinity College) og Högskolan Väst í Trolhättan í Svíþjóð. Nokkrar greinar um verkefnið voru birtar í ritryndum tímaritum á árunum 2010 og 2011.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknir á vegum stofunnar voru kynntar á Menntakviku og Þjóðarspegli haustið 2012 og á nokkrum erlendum ráðstefnum, s.s. ASSID og NNDR. Auk þess stóð rannsóknastofan fyrir málstofu föstudaginn 30. nóvember 2012 sem bar yfirskriftina Þrjátíu ár í starfi þroskaþjálfra – Þróun viðhorfa, færni og hugmyndafræði.

Rannsóknastofa um háskóla

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar hefur verið óbreytt frá stofnun hennar árið 2009 en hana skipa Páll Skúlason formaður, Guðrún Geirsdóttir varaformaður, Gyða Jóhannsdóttir ritari og Anna Ólafsdóttir og Jón Torfi Jónasson meðstjórnendur. Meginmarkmið stofunnar er að efla rannsóknir á háskólum en henni er einnig ætlað að fræða um háskóla og háskólastarf og vinna að bættum skilningi á gæðum og gildum háskólastarfs. Meðlimir stjórnarinnar vinna hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum svo sem fram kemur í fyrstu ársskýrslunni frá 2010.

Rannsóknir

Í mars 2011 samþykkti Rannsóknastofa um háskóla að veita Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, fyrir hönd rannsóknarteymis frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, styrk til að vinna að rannsókn á samfélagslegu hlutverki háskóla.

Netkönnun var gerð meðal þeirra starfsmanna háskólanna sem starfa við rannsóknir og í akademískum stöðum og leitað svara við eftirfarandi spurningum: 1. Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar starfsskyldur sínar og fagmennsku? 2. Hvernig skilja íslenskir háskólakennarar samfélag sitt og samfélagslegar skyldur?

Áfangaskýrsla með niðurstöðum úr könnuninni kom út 1. mars 2012. Meðlimir rannsóknarteymisins hafa kynnt niðurstöður könnunarinnar á nokkrum málþingum og nokkrar greinar hafa verið birtar.

Samráðsfundur með fulltrúum rannsóknarteymisins og stjórn stofnunarinnar var haldinn 25. nóvember og þar var staðfest að vinna teymisins uppfyllti kröfur um styrk frá Rannsóknastofu um háskóla. Mögulegt framhald á verkefninu var reifað.

Málstofur

Rannsóknastofan stóð fyrir tveimur málstofum um gæði og samfélagslegt hlutverk háskóla á Menntakviku Menntavísindasviðs 5. október. Á málstofunum voru flutt sjö erindi sem sneru að háskólum og hlutverki þeirra.

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun

Almennt yfirlit

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun var stofnuð í maí 2010. Samstarfssamningur um hlutverk og starfsemi stofunnar var samþykktur samhljóða á stofnfundinum. Stofan er hluti af Menntavísindastofnun sem ein af rannsóknastofum Menntavísindasviðs.

Stjórn

Stjórn stofunnar er skipuð til tveggja ára, fyrst vorið 2010. Ný stjórn var skipuð sumarið 2012. Í henni eiga sæti: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, forstöðumaður, Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, Þórdís Þórðardóttir, lektor í Kennaradeild, Kristín Björnsdóttir, lektor í Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, og Kristján Ketill Stefánsson, doktorsnemi við Menntavísindasvið. Þær Guðný, Steinunn Helga og Þórdís voru einnig í fyrri stjórn en Kristín og Kristján Ketill komu ný inn í stjórn. Fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni og Jóni Ingvari Kjaran, eru þökkuð stjórnarstörfin í fyrstu stjórn rannsóknastofunnar.

Stjórnarfundir

Á árinu 2012 voru haldnir sjö stjórnarfundir. Fundargerðir þeirra eru á heimasíðu stofunnar, sem er í umsjón Eddu Kjartansdóttur <http://stofnanir.hi.is/rannkyn/>.

Ráðgjafaráð

Samkvæmt 6. grein áður nefnds samstarfssamnings um stofuna skal skipa ráðgjafaráð til þriggja ára í senn. Ráðgjafaráð Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun 2010-2013—Í skipa: Berglind Rós Magnúsdóttir, frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, frá Borgarholtsskóla, Kristín Ástgeirsdóttir, frá Jafnréttisstofu, Marianna Einarsdóttir, frá leikskólanum Smárahvammi, Nanna Kristín Christiansen, frá Grunnskólum Reykjavíkur, Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar og síðar sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs, og Þorgerður Einarsdóttir, frá Háskóla Íslands.

Á árinu var haldinn fundur með ráðgjafaráði stofunnar, þann 16. febrúar. Meginefni fundarins var umræða um jafnréttisstoðina í aðalnámsskrám (2011) og ákvæði 25. greinar grunnskólalaga (2008) um jafnréttismál sem kennslugrein í grunnskólum. Þar kynntu ráðsmenn stöðu kynjajafnréttismála í stofnunum sínum og hvernig rannsóknir á sviði kynjajafnréttis gætu tengst vettvangi þeirra. Stjórnin kynnti ráðsmönnum starfsemi stofunnar og rannsókn hennar á kynjajafnrétti og kennaramenntun.

Rannsóknir

Stærsta viðfangsefni rannsóknastofunnar á árinu var að framkvæma rannsókn á kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun. Guðný Guðbjörnsdóttir fékk styrk til verkefnisins úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2011 og 2012. Auk hennar tóku þær Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir þátt í gagnasöfnuninni á árinu en hún beindist að kennurum Menntavísindasviðs og lauk vorið 2012. Guðný Guðbjörnsdóttir flutti erindi um þær niðurstöður á alþjóðlegu ráðstefnunni The European Conference on Educational Research (ECER) í Cadiz á Spáni í september og Steinunn Helga Lárusdóttir á Menntakviku 5. október, sjá hér síðar. Önnur lota rannsóknaverkefnisins kemur

til með að beinast að kennaranemum og síðar kennurum í skólum árin 2012–2014. Gagnasöfnun var undirbúin á árinu en gögnum verður safnað árið 2013.

Rannsóknir einstakra stjórnarmanna verða ekki nefndar hér. Mörkin á milli þess sem gert er á vegum fræðimanna í stjórn rannsóknastofunnar og rannsóknastofunnar sjálfar eru markvisst ekki höfð alveg skýr, heldur er metið hverju sinni hvort viðkomandi rannsókn, fræðigreinin eða atburður er tengdur við Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun.

Grein Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur um ofanefnda rannsókn, „Potulið“ og „setulið“ – Kynjajafnrétti og kennaramenntun, var birt í Netlu í árslok og grein Þórdísar Þórðardóttur, Að læra til telpu og drengs, kynjaðir lærdómar í leikskóla, birtist einnig í Netlu á árslok.

Fyrirlestrar, ráðstefnur, málþing

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun stóð fyrir þremur málstofum á Menntakviku 5. október og voru þær sem hér segir:

Rannsóknir á menntun og kyngervi I

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði: Að læra til telpu og drengs – Rousseau, 1712–2012. Emile og Sophie.

Þórdís Þórðardóttir, lektor á Menntavísindasviði: Að læra til telpu og drengs – Kynjaðir lærdómar í leikskóla.

Arna H. Jónsdóttir, lektor á Menntavísindasviði: Kynjaður veruleiki leikskólakennara – Viðhorf hagsmunaaðila.

Kristín Dýrfjörð, lektor á Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri: Ískaldar en háttvísar konur í þilsum á leikvellingum.

Rannsóknir á menntun og kyngervi II

- Þorgerður Einarsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði: Akademískt frelsi og kyngervi háskóla.
- Steinunn Helga Lárusdóttir lektor og Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, báðar á Menntavísindasviði: Jafnrétti og kynjavitund í kennaramenntun.
- Guðrún Alda Harðardóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði, og Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjunkt á Félagsvísindasviði: „Kynjun“ í leikskólastarfi.

Rannsóknir á menntun og kyngervi II

- Jón Ingvar Kjaran, framhaldsskólakennari og doktorsnemi á Menntavísindasviði, og Telma Kjaran þroskaþjálfari: Orðanotkun um (staðal)myndir kynhneigðar og kyngervis: Hvaða orð nota framhaldsskólanemendur um (staðal)myndir tengdar kynhneigð, kyngervi og útliti?
- Þórður Kristinsson framhaldsskólakennari: Almenn og sértækt – Að halda fókus í jafnréttiskennslu.

Að lokum fóru fram pallborðsumræður um jafnréttismenntun og jafnrétti sem grunnþátt menntunar. Fjölmennt var á flestum erindunum og pallborðið var vel heppnað að mati stjórnarmanna og þátttakenda.

Ráðstefnan ECER

Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Lárusdóttir fluttu erindið Gender and Equality Awareness in Teacher Education á ráðstefnunni The European Conference on Educational Research (ECER) sem haldin var á vegum EERA (European Educational Research Association) dagana 18.–21. september í Cadiz á Spáni.

Skólamálaþing Kópavogs 28. september

Guðný Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir héldu fyrirlestur um jafnréttisfræðslu fyrir hönd Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun. Þetta var liður í fræðslu um jafnréttisstoðina í aðalnámsskrám.

Samstarf við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna vegna jafnréttisdaga Háskóla Íslands 9. október

Saman héldu Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun og Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna opinn umræðufund um jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum sem nefndist Þögnin er aldrei hlutlaus. Hanna Björg Vilhjálmssdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir héldu erindi, Þorgerður Einarsdóttir hóf fundinn og Guðný Guðbjörnsdóttir var fundarstjóri. Á þessum umræðufundi sköpuðust umræður um kennaramenntun og vægi jafnréttisfræðslu í náminu.

Samstarf við Reykjavíkurborg

Í byrjun desember var stýrihópur um líðan stúlkna og áhrif staðalmynda kynjanna á stelpur og stráka í Reykjavík settur á laggirnar á vegum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Formaður stýrihópsins er Oddný Sturludóttir. Guðný Guðbjörnsdóttir var skipuð í hópinn fyrir hönd Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun í framhaldi af umræðu ráðgjafaráðs stofunnar um málið. Hugmyndin er að rannsóknastofan komi að fyrirhugaðri rannsókn á efninu árið 2013. Fundað er hálfsmánaðarlega. Um hópinn segir meðal annars í erindisbréfi:

Hlutverk:

Að greina helstu ástæður fyrir vanlíðan stúlkna í grunnskólum og leita leiða til að bregðast við þeim niðurstöðum.

Stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu fagfólks Skóla- og frístundasviðs um málefnið.

Greina áhrif staðalmynda kynjanna á stúlkur og drengi og leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Helstu verkefni:

- Að vinna í samstarfi við Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, tvo til þrjú grunnskóla og frístundamiðstöð að þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að bættri líðan stúlkna. Verkefnið verði grunnurinn að áframhaldandi starfi á þessu sviði.
- Að rýna fræðilega annars vegar kvíða stúlkna í grunnskólum og hins vegar hvort verið ge að stúlkur fái ekki greiningar nægilega snemma í samhengi við sérstaka þjónustu við börn.
- Að vekja athygli á málefni m.a. með málþingi og nýta þau tækifæri sem gefast til að hvetja til fræðslu og umræðu kennara og frístundaráðgjafa.

Rannsóknin er fyrirhuguð árið 2013.

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið rannsóknastofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og mun stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrslna, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds. Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Michael Dal lektor og aðrir starfsmenn eru Robert Berman dósent og Samúel Lefever lektor.

Rannsóknir

Unnið hefur verið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu. Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comeniusar-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona á Spáni, Kulturring in Berlin í Þýskalandi, Talenacademie in Maastricht í Hollandi, Canterbury Christ Church University í Bretlandi, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.
- Dyslexía og tungumálakennsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlendu máli í grunn- og framhaldsskóla.
- Norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun m.a. í tungumálakennslu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólann í Bodø í Noregi, Háskólann í Umeå í Svíþjóð, Háskólann í Tammerfors í Finnlandi og Háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk, sem er samnorrænt rannsókn- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eystrasaltslöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í Riga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og Vagtataus Magnus háskóla og háskólann í Vilnius í Litháen.
- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu.
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Niðurstöður rannsókna á vegum rannsóknastofunnar voru kynntar á ráðstefnum erlendis og í fyrirlesturum og málstofum sem haldnar voru á Menntavísindasviði. Einnig komu voru birtir á árinu á vegum stofunnar þrjú kaflar um frumkvöðlamennt og nýsköpun í m.a. tungumálanámi í bókaröðinni Tema Nord sem gefin er út af Norrænu ráðherranefndinni, fimm útdrættir fyrir ráðstefnur og tvær greinar í ráðstefnuriti.

Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag (einnig nefnd NNN Rannsóknastofa) var stofnuð 19. janúar 2012. Í rannsóknastofunni taka bæði starfsmenn af Menntavísindasviði Háskóla Íslands, starfandi kennarar í grunn- og framhaldsskólum og fleiri þátt. Markmiðið með rannsóknastofunni er að vinna að þróun og rannsóknum á sviði námskrár, námsmats og annars námsskipulags fyrir öll skólastig. Framtíðarverkefni stofunnar felast m.a. í gagnkvæmu samstarfi við skóla og aðra hlutaðeigandi aðila sem standa að námskrárþróun, skipulagi námsmats og öðru námsskipulagi, ekki síst í ljósi endurskoðunar aðalnámskráa á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Stjórn rannsóknastofunnar skipa: Gunnar E. Finnbogason prófessor, sem er formaður, Jóhanna Karlsdóttir lektor, gjaldkeri, og Meyvant Þórólfsson lektor, ritari.

Helstu viðfangsefni Rannsóknastofu um námskrár, námsmat og námsskipulag fyrsta starfsár hennar snerust um stefnumörkun og möguleg rannsóknatækifæri og rannsóknastyrki. Áfram verður unnið að ráðgjafarverkefnum og námskeiðahaldi, auk umræðufunda um nýja námskrá og innleiðingu hennar, námsmat og annað skipulag náms og kennslu á öllum skólastigum. Einnig eru fyrirhugaðar

rannsóknir þar sem sjónum verður beint að tengslum opinberrar stefnumörkunar annars vegar, eins og hún birtist í lögum, reglugerðum og námskrám, og hins vegar framkvæmd hennar á vettvangi.

Á vegum rannsóknastofunnar er sérstaklega unnið með gögn er tengjast stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar á framhaldsskólastigi á Íslandi. Þegar er búið að safna gögnum en unnið verður úr þeim og þau túlkuð með sögulegri tengingu, þar sem skoðað verður hvernig nýjum námsgreinum og námssviðum hefur vegnað í skólakerfinu. Auk þessa er haldið áfram að vinna að skrifum og útgáfu á texta á íslensku um námskráfræði, námsmat og námsskipulag.

Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun var stofnuð 18. maí 2012. Stofnfélagar voru tólf. Á stofnfundinum var kjörin fjögurra manna stjórn. Í henni eru: Eggert Lárusson, Kristín Norðdahl, Meyvant Þórólfsen og Svanborg R. Jónsdóttir.

Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 5. júní 2012. Þar skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir: Eggert Lárusson er formaður, Kristín Norðdahl gjaldkeri, Svanborg R. Jónsdóttir ritari og Meyvant Þórólfsen meðstjórnandi.

Á fyrsta fund stjórnar mætti Svava Pétursdóttir sem sinnir sérstökum verkefnum fyrir Menntavísindasvið, m.a. umsjón með svonefndu Náttúrutorgi. Tók stjórn Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun jákvætt í samstarfshugmyndir við Náttúrutorg. Starfsemi Náttúrutorgs er þrenns konar:

viðburðir þar sem fólk kemur saman (símenntun, fundir, menntabúðir og vinnustofur)
samfélag á neti sem nú er á Facebook
vefurinn Náttúrutorg

Fyrirhuguð starfsemi rannsóknastofunnar var mikið rædd á fyrsta stjórnarfundum og samþykkt var að stuðningur við meistara- og doktorsnema á sviði náttúrufræðimenntunar skyldi verða aðalverkefni fyrsta starfsársins, auk samstarfsins við áður nefnt Náttúrutorg.

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar er ætluð sem samstarfsvettvangur íslenskra og erlendra fræðimanna, stúdenta í framhaldsnámi (meistara- og doktorsnema), skólayfirvalda, skólanna, starfsfólks skólanna, foreldra og hagsmunafélaga nemenda með sérþarfir í námi.

Formaður stjórnar er Dóra S. Bjarnason, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Meðstjórnendur eru: Anna Kristín Sigurðardóttir, forseti Kennaradeildar, Ólafur Páll Jónsson, varaforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, Bryndís Snæbjörnsdóttir, varaformaður Þroskahjálpar, Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið, Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og tveir til þrjú fulltrúar nemenda í framhaldsnámi í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands.

Hlutverk rannsóknastofunnar er:

að efla og stunda rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar,
að miðla þekkingu og veita ráðgjöf á sviðinu til skóla, stofnana og stefnumótenda,

að efla og treysta innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun á fræðasviðinu,
að hvetja háskólanemendur í rannsókn- og þróunarverkefnum á framhaldsstigi og skapa þeim aðstöðu til að stunda rannsóknir á sviðinu,
að standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

Helstu rannsóknaverkefni

Rannsóknaverkefni sem lokið var við á árinu eru:

- Fjögur meistaraverkefni sem voru kynnt í sal Þjóðminjasafnsins (sjá hér að neðan). Sex önnur meistaraverkefni eru í vinnslu.
- Tvær rannsóknir til doktorsprófs eru í vinnslu og fjalla báðar um reynslu, sýn og vinnubrögð kennara í skólum sem kenna sig við skólastefnuna.
- Rannsóknir akademískra stjórnarmeðlima.

Útgáfa

Í samvinnu við Háskólaútgáfuna gaf Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar út bókina *Nám* fyrir alla eftir Dianne L. Ferguson o.fl. Þetta er handbók fyrir kennara sem vilja vinna markvissar og betur með fjölbreytilegan hóp nemenda. Ásta Björk Björnsdóttir þýddi. Í bígerð er greinasafn sem væntanlegt er á næsta ári í tilefni af því að 20 ár verða þá frá því að Ísland undirritaði Salamanca-yfirlýsinguna. Í ritstjórn eru Ólafur Páll Jónsson, Hermína Gunnþórsdóttir og Dóra S. Bjarnason.

Kynningar

Rannsóknastofan veitti Alþingi umsagnir um lög sem varða grunnskóla og sérfræðiþjónustu og um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem varða notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Árlega leita bæði foreldrar og kennarar til stofunnar í leit að upplýsingum og ráðgjöf.

Á árinu hófst röð opinna erinda um rannsóknir og reynslu fólks í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Þann 29. nóvember kynnti Jóna Benediktsdóttir meistararannsókn sína, *Lost case*, um reynslu ungra manna af veru í sérdeild. Jóna talaði við fimm unga menn sem töldust ódælir á unglingsárum. Sérdeild var stofnuð við skólann þeirra fyrir þá sérstaklega. Jóna fjallaði um hvað varð um þessa ungu menn og hvernig þeir líta nú á reynslu sína.

Á árinu hófst undirbúningur fyrir málþingið Skóli margbreytileikans – Möguleikar og mótsagnir, sem verður haldið í samvinnu við Rannsóknastofu um skólaþróun á Menntavísindasviði. Málþingið verður haldið þann 30. maí 2013 og verður aðalfyrirlesari Len Barton, prófessor emeritus við Menntavísindastofnun Lundúnaháskóla. Len Barton er einn af upphafsmönnum félagsfræði fötlunar og skólastefnunnar skóli án aðgreiningar. Hann hefur verið í fararbroddi í menntarannsóknum í Bretlandi og á alþjóðavettvangi allt frá því á 8. áratug síðustu aldar. Hann er róttækur fræðimaður, frábær fyrirlesari, og kennir sig gjarnan við það sem hann nefnir félagsfræði vonarinnar. Hann stofnaði og ritstýrði tímaritunum *British Journal of Sociology of Education* og *Disability and Society*, sem bæði eru virt í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Aðrir fyrirlesarar verða Amalía Björnsdóttir, Rúnar Sigþórsson, Julie Allan o.fl. Menntavísindasvið og mennta- og menningarmálaráðuneytið styðja málþingið.

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir var stofnuð með formlegum hætti 28. september 2012. Hafdís Guðjónsdóttir setti fundinn og bar fram tillögu að skipan fyrstu stjórnar stofunnar: Karen Rut Gísladóttir, formaður, en aðrir í stjórn yrðu Hafdís Guðjónsdóttir, Hafþór Guðjónsson og Hjördís Þorgeirsdóttir. Karen, Hafdís og Hafþór eru öll kennarar á Menntavísindasviði en Hjördís er konrektor Menntaskólans við Sund. Tillagan var samþykkt einróma. Á fundinum var stuttlega rætt um starfendarannsóknir á Íslandi, sögu þeirra og hugsanleg verkefni. Alls mættu 12 manns á stofnfundinn.

Starfsemi

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir stóð fyrir tveimur málstofum á Menntakviku þann 5. október. Í fyrri málstofunni var leitast við að draga fram aðferðafræði starfendarannsóknna. Í seinni málstofunni var markmiðið að varpa ljósi á starfendarannsóknir í framkvæmd. Hafdís Guðjónsdóttir og Svanborg Rannveig Jónsdóttir kynntu einnig rannsókn sína á eigin framhaldsnámskeiði í kennaranámi á svokallaðri kastalaráðstefnu í Englandi (Castle Conference). Hægt er að lesa um þessa rannsókn í greininni Háskólakennarar rýna í starf sitt: Þróun framhaldsnámskeiðs í kennaramenntun sem birtist í ráðstefnutímariti Menntakviku á árinu. Rannsóknaverkefni Sögur kennara margbreytilegra nemendahópa og Starfendarannsóknir í samvinnu við vettvangskennara fengu styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og eru þau bæði unnin í tengslum við Rannsóknastofu um starfendarannsóknir.

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið er hlutverk Rannsóknastofu um starfendarannsóknir „að stunda rannsóknir á sínu sérsviði, miðla þekkingu, styðja við starfsþróun í skyldum starfsgreinum og skapa verðandi fræðimönnum, meðal annars meistara- og doktorsnemum, vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum.“ Rannsóknastofan sinnir einnig því hlutverki að vera vettvangur umræðu um fræðasviðið og hún leggur ríka áherslu á að byggja upp sterkt samstarf við vettvang. Rannsóknastofan tekur að sér sértæk verkefni, með þeim fyrirvara að hún hafi fjárhagslegt bolmagn til þess.

Nánar má fræðast um rannsóknastofuna og starfendarannsóknir á Íslandi á vef stofunnar: <http://stofnanir.hi.is/starfendarannsoknir/>.

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun var stofnuð í júní 2008. Stjórn hennar skipa nú Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, formaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Kristín Bjarnadóttir dósent. Stofan stendur fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun.

Rannsóknir

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðináms- og -kennslu, um notkun tölvuforrita í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Á árinu kynntu liðsmenn rannsóknastofunnar rannsóknir sínar á ýmsum ráðstefnum. Sem dæmi má nefna ráðstefnu Félags um menntarannsóknir, Menntakviku, ráðstefnu Nordic

Education Research Association í Kaupmannahöfn, III Nordic GeoGebra Conference í Eistlandi, ráðstefnurnar ICME-12 og HPM-12 í Suður-Kóreu, ráðstefnu American Educational Research Association í Vancouver í Kanada og ráðstefnu British Society for Research into Learning Mathematics í Cambridge.

Starfsemi stofunnar

- Freyja Hreinsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir ritstýrðu ráðstefnuritinu Proceedings of Norma 11: The Sixth Nordic Conference on Mathematics Education sem gefið var út af Háskólaútgáfunni í maí 2012 og er 714 blaðsíður.
- Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir taka þátt í Network for Research on Mathematics Textbooks in the Nordic Countries, samstarfi fræðimanna frá fjórum Norðurlöndum um kennslubækur í stærðfræði. Samstarfinu stjórnar Barbro Grevholm, prófessor í Kristiansand.
- Edda Óskarsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir eru í stjórn Nordic Research Network on Special Needs Education in Mathematics sem eru norræn samtök fræðimanna á tveimur fagsviðum: stærðfræði og sérkennslu. Samtökin halda ráðstefnu annað hvert ár á Norðurlöndunum um kennslu nemenda sem eiga í erfiðleikum við stærðfræðinám þar sem kynntar eru rannsóknir á sviðinu.
- Friðrik Diego hefur á árinu, líkt og mörg undanfarin ár, unnið að verkefnum sem tengjast keppnishaldi í stærðfræði, með því að velja verkefni og semja dæmi fyrir forkeppni og lokakeppni innanlands og jafnframt tekið þátt í undirbúningi fyrir Eystrasaltskeppni í stærðfræði og skipulagningu þjálfunar keppenda fyrir Ólympíuleika í stærðfræði.
- Freyja Hreinsdóttir stjórnar norrænu samstarfsneti, Nordic GeoGebra Network, sem samanstendur af samstarfsaðilum frá Norðurlöndum, Eistlandi og Litháen. Samstarfsnetið vinnur að aukinni og bættri notkun hugbúnaðarins GeoGebra við stærðfræðikennslu og að samstarfi og samskiptum kennara í þeim efnium. Samstarfsnetið skipulagði ráðstefnuna III Nordic GeoGebra Conference í Tartu í Eistlandi, 14.–16. september. Freyja var formaður dagskrárnefndar.
- Freyja Hreinsdóttir tekur þátt í verkefninu DynaMAT sem er samstarfsverkefni aðila frá 6 löndum og styrkt er af Comeniusar-áætluninni. Í verkefninu er unnið að gerð og þróun kennsluefnis sem byggist á notkun upplýsingatækni við stærðfræðikennslu.

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga

Almennt yfirlit og stjórn

Stofan er rannsóknaveitvangur Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors og forstöðumanns stofunnar, dósentanna Önnu-Lindar Pétursdóttur, Freyju Birgisdóttur, Ragnhildar Bjarnadóttur og Steinunnar Gestsdóttur, lektoranna, Jóhönnu T. Einarsdóttur, Rannveigar A. Jóhannsdóttur og Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur aðjunktis, doktorsnemanna Rannveigar Oddsdóttur, Sigríðar Ólafsdóttur og Þóru Sæunnar Úlfisdóttur og nokkurra meistaranema. Rannveig Oddsdóttir, Marta Gall Jörgensen, Þóra Sæunn Úlfisdóttir, Lemme Laukas og Elva Dögg Gunnarsdóttir störfuðu tímabundið við einstök rannsóknaverkefni á árinu. Sérstakur ráðgjafi stofunnar er Catherine Snow, prófessor í menntavísindum við Harvard Graduate School of Education.

Meginmarkmið stofunnar er að afla vísindalegrar þekkingar á málþroska, læsi og öðrum þroskaþáttum sem tengjast námi og farsælli skólagöngu íslenskra barna. Stofan setur sér einnig að miðla nýrri þekkingu bæði til fræðasamfélagsins, fagfólks og almennings. Auk rannsóknaverkefna tengdist ýmiss konar starfsemi stofunnar vettvangi á árinu, svo sem þróunarverkefni, fræðsla og ráðgjöf skólum og sveitarfélögum til handa, auk verkefna fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Helstu rannsóknaverkefni

- Þroski leik- og grunnskólabarna – Sjálfsstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára er víðtæk langsníðsrannsókn á 277 börnum sem hófst árið 2009. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir og meðstjórnendur eru Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir. Rannsóknina hafa Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Menntasvið Reykjavíkurborgar styrkt. Rannsóknin tengist evrópsku samstarfsneti 22 þjóða, COST IS0307 European Research Network on Learning to Write Effectively (ERNLW).
- Ritun og textagerð íslenskra barna á aldrinum 4–9 ára. Doktorsverkefni Rannveigar Oddsdóttur. Verkefnið tengist rannsókninni Þroski leik- og grunnskólabarna og COST IS0307 ERNLW. Leiðbeinendur Rannveigar eru Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir.
- Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem hafa annað móðurmál en íslensku. Verkefnið, sem er doktorsverkefni Sigríðar Ólafsdóttur, tengist rannsókninni Þroski leik- og grunnskólabarna. Leiðbeinendur Sigríðar eru Freyja Birgisdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir.
- Mál í notkun – Tal- og ritmál barna, unglinga og fullorðinna. Rannsóknin er styrkt af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og er liður í sjö landa samanburðarrannsókn, Developing Literacy in Different Contexts and Different Languages, sem styrkt var af The Spencer Foundation. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.
- Að ná tökum á lesskilningi – Hvað veldur misgöðu gengi nemenda á lesskilningshluta PISA? Verkefnið er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og Námsmatsstofnunar. Verkefnisstjóri er Freyja Birgisdóttir.
- Þróun norræns rannsóknarnets um rannsóknir, meðferðarúrræði og greiningarviðmið á stami (STUREN). Verkefnið er styrkt af NordForsk og Jóhanna T. Einarsdóttir stýrði því.
- Rannsókn á framvindu og horfum um stam og Meðferðarrannsókn á fullorðnum einstaklingum sem stama. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti verkefnið og Jóhanna T. Einarsdóttir stýrði þeim.
- Rannsókn á áhrifum virknimats og stuðningsáætlunar á langvarandi hegðunarerfiðleika barna í grunn- og leikskólum. Anna-Lind Pétursdóttir stýrir verkefninu.
- Rannsókn á áhrifum atferlisþjálfunar á færni barna með þroskahömlun. Anna-Lind Pétursdóttir stýrir verkefninu í samvinnu við Atla F. Magnússon doktorsnema o.fl. sálfræðinga á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Rannsókn á áhrifum myndbandssýnikennslu á félagsleg samskipti barna með einhverfu. Verkefnið er samstarfsverkefni með Þórhöllu Guðmundsdóttur, sérkennsluráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, sem Anna-Lind Pétursdóttir stýrir. Rannsókn á ART-þjálfun – Mat kennara og foreldra á félagsfærni og erfiðri hegðun leikskólabarna. Anna-Lind Pétursdóttir stýrir verkefninu og vinnur það ásamt Þóru Pétursdóttur leikskólakennara.
- Rannsókn á þróun faglegrar starfshæfni kennaranema og stuðningi við það ferli. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og verkefnisstjóri er Ragnhildur Bjarnadóttir.
- Lestrarnám og lestrarkennsla fyrstu árin í grunnskóla. Rannsóknin er doktorsverkefni Rannveigar A. Jóhannsdóttur við Stokkhólmsháskóla.

Þróunarverkefni

- Bók í hönd og þér halda engin bönd. Verkefnið er þróunarverkefni til að styrkja málþroska og aðrar undirstöður læsis í leikskóla og semja handbókina Orðaspjall. Styrkt af Reykjanesbæ og Þróunarsjóði leikskóla. Leikskólakennararnir Árdís H. Jónsdóttir og Inga María Ingvarsdóttir stýra verkefninu ásamt Hrafnhildi Ragnarsdóttur.
- Okkar mál – Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Verkefninu er ætlað að efla samstarf skóla og stofnana í Breiðholti til að auka félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Sérstök áhersla er lögð á málörvun og læsi og á börn með annað móðurmál en íslensku. Verkefnið nýtur þróunarstyrks frá skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri er Þorbjörg Þorsteinsdóttir og í stýrihóp er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.

- Mál til komið að lesa – Sögu- og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar. Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Árdís Hrönn Jónsdóttir unnu með Skóladeild Garðabæjar að verkefninu.
- Þróunarverkefni um eflingu læsis og stærðfræðipækkingar í leik- og grunnskólum í Reykjanesbæ. Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl. taka þátt í verkefninu.
- Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna. Verkefnið er samvinnuverkefni Önnu-Lindar Pétursdóttur og starfsfólks leikskólans í Stykkishólmi.
- Kennslufni og skimun – Leið til læsis. Í verkefninu felst skimunarpróf fyrir 1. bekk grunnskóla, stuðningskerfi fyrir kennara og stöðluð eftirfylgniþróf fyrir 1.–4. bekk grunnskóla. Það er unnið í samvinnu við Námsmatsstofnun undir stjórn Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur og Sigurgríms Skúlasonar. Verkefnið naut styrkja frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og menntaráði Reykjavíkur.
- Lestrarlandið. Lestrarkennslufni fyrir byrjendur, samið og gefið út af Námsgagnastofnun. Hugmyndavinna og ráðgjöf var í höndum Rannveigar Jóhannsdóttur, Steinunnar Torfadóttur og Helgu Sigurmundsdóttur.

Önnur verkefni

- Lesvefurinn. Á árinu var ráðist í gagngerar endurbætur á vefnum <http://lesvefurinn.hi.is/>. Hlutverk hans er að efla þekkingu foreldra, kennara og nemenda á læsi og lestrarerfiðleikum og þeim kennsluáferðum og úrræðum sem best mæta þörfum allra nemenda. Ritstjóri er Freyja Birgisdóttir.
- Úttekt og skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. Úttektin var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið að beiðni menntamálanefndar Alþingis. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir og sérfræðingur við verkefnið er Jóhanna T. Einarsdóttir talmeinafræðingur. Aðrir sem unnu að verkefninu voru Marta Gall Jörgensen sálfræðingur og Þóra Sæunn Úlfisdóttir talmeinafræðingur.
- Málsýni íslenskra leikskólabarna – Aldursbundin viðmið. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti rannsóknina og verkefnisstjóri var Jóhanna T. Einarsdóttir.
- Gagnabankinn Íslenskt barnamál. Tölvuskráð langskurðargögn frá börnum á aldrinum 2–6 ára, 600 sögur frá börnum, unglíngum og fullorðnum og 320 rit- og talmálstextar 11, 14, 17 ára og fullorðinna. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.

Kynningarstarfsemi

Auk þess sem greinar voru birtar í tímaritum, voru rannsóknir stofunnar kynntar á fjölda ráðstefna innan lands og utan á árinu, bæði fyrir fræðasamfélaginu og kennurum og öðrum fagaðilum í sálfræði og menntavísindum. Meðal annars stóð rannsóknastofan fyrir fimm málstofum á Menntakviku þar sem stofumeðlimir, samstarfsaðilar þeirra og nemendur fluttu alls 17 erindi um rannsóknir og þróunarverkefni sem tengjast stofunni.

Rannsóknastofan hefur aðsetur í Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og slóðin á vefsíðu hennar er <http://stofnanir.hi.is/mal-lestur/>.

Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Almennt yfirlit og stjórn

Hlutverk Rannsóknastofu um þróun skólastarfs (sem var stofnuð 2009) er að skapa þekkingu og yfirsýn yfir þróun skólastarfs, einkum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, miðla þekkingu um rannsóknir og styðja við þær með ráðgjöf og þjónustu.

Stjórn Rannsóknastofu um þróun skólastarfs skipa Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti, formaður, Brynjar Ólafsson aðjunkt, Börkur Hansen prófessor, Ingólfur Á. Jóhannesson prófessor og Kristjana Stella Blöndal lektor. Forstöðumaður er Gerður G. Óskarsdóttir (í 49% starfi) og aðrir starfsmenn eru Ingibjörg Kaldalóns (í 50% starfi), Helga Jenný Stefánsdóttir (í 30–100% starfi) og verktakar. Stofan hefur aðsetur í húsakynnum Menntavísindastofnunar.

Um 30 fræðimenn tengdust stofunni á árinu, sem og sex doktors- og meistaranemar og þar af luku tveir meistaranámi á árinu.

Rannsóknaverkefni

- Rannsóknaverkefnið Starfshættir í grunnskólum spannar helstu þætti skólastarfsins, þ.e. nám og kennslu, stjórnun og skipulag, námsumhverfi, þátt foreldra og viðhorf. Samstarfsaðilar eru 20 fræðimenn úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, 20 grunnskólar, þrjú sveitarfélög og tvö fyrirtæki. Rannsóknin hlaut 18 m.kr. styrk til þriggja ára frá Rannís og á árinu 800 þús.kr. úr rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Gagnaöflun er lokið; lagðir voru spurningalistar fyrir um 860 starfsmenn þátttökuskólanna, um 2.000 nemendur í 7.–10. bekk og um 5.000 foreldra. Gagnanna var aflað með vettvangsathugunum (hátt í 500 klst.) og með um 150 afrituðum viðtölum. Fyrirlestrar voru haldnir um niðurstöður á þremur alþjóðlegum ráðstefnum á árinu: Nordic Educational Research Association í Kaupmannahöfn 8.–10. mars, European Conference on Educational Research í Cadiz á Spáni 18.–21. september og Erasmus „Study visit“ í Reykjavík 24.–28. september. Erindi voru haldin innan lands á öskudagsráðstefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 22. febrúar, við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri 28. apríl, ráðstefnu Félags um menntarannsóknir 17. mars og Menntakviku 5. október. Unnið er að bók um heildarniðurstöður rannsóknarinnar (20 höfundar).
- Rannsókn á starfsháttum í list- og verkgreinum tengist ofangreindri rannsókn sem sjálfstæð eining. Unnið er að kafla í ofanefnda bók.
- Samanburðarrannsókn á reynslu og viðhorfum nemenda í 8.–10. bekk grunnskóla á Íslandi og í Færeyjum fór af stað. Hún byggist á gögnum úr rannsókninni Starfshættir í grunnskólum en í Færeyjum var lögð spurningakönnun fyrir nemendur haustið 2012.
- Rannsókn á skilum skólastiga. Rannsóknin fjallar um mun á umgjörð og starfsháttum milli skólastiga og samfellu í námi. Gagna var aflað með vettvangsathugunum í 30 skólum, spurningakönnunum og um 50 viðtölum við nemendur og kennara með styrk frá Reykjavíkurborg og Hagþenki. Niðurstöður voru kynntar á þremur fundum skólafólks, ráðstefnu Félags um menntarannsóknir og Menntakviku. Bók um niðurstöður rannsóknarinnar kom út á vegum Háskólaútgáfunnar í nóvember: Skil skólastiga – Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla.
- Að rannsókninni Skapandi nám gegnum leiklist (þróun orðaforða í gegnum leiklist) standa tveir fræðimenn og sex grunnskólar. Grein um rannsóknina bíður birtingar í ráðstefnuritinu Drama Boreale.
- Rannsókn á starfsháttum í framhaldsskólum hefur farið af stað. Þátttakendur eru sex fræðimenn af Menntavísinda- og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og þrjár doktorsnemar. Gagna er aflað með vettvangsathugunum og viðtölum og unnið er einnig úr fyrirbyggjandi gögnum úr rannsókninni Skilvirkni framhaldsskóla. Rannsóknin hlaut 1,6 m.kr. styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á árinu.

Ráðgjöf um rannsóknir

Stofan veitti ráðgjöf við rannsóknaverkefni um starfsmenntun á framhaldsskólastigi og rannsóknina Íslenska sem námsgrein og kennslutunga, sem og einstökum nemendum.

Ráðstefnur og málstofur

Stofan stóð fyrir sjö málstofum um rannsóknir á framhaldsskólum í samvinnu við námsbraut í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla og tveimur málstofum á Menntakviku (Starfshættir í grunnskólum og Skil skólastiga). Hún tók einnig þátt í Vísindavöku Rannís 28. september. Sjá: <http://rannskolathroun.hi.is/>.



Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Stjórn og skipulag

Breytingar urðu á stjórn sviðsins á árinu 2012. Kristín Vala Ragnarsdóttir lét af störfum sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs að eigin ósk í maí. Guðmundur R. Jónsson tók við sem forseti tímabundið en Hilmar Bragi Janusson var ráðinn forseti sviðsins frá 1. júlí 2012. Aðrir í stjórn sviðsins fyrri hluta árs voru:

- Guðmundur G. Haraldsson, forseti Raunvísindadeildar (varaforseti Gunnar Stefánsson),
- Jóhannes R. Sveinsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (varaforseti Helgi Þorbergsson),
- Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar (varaforseti Hreggviður Norðdahl),
- Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (varaforseti Tómas Philip Rúnarsson),
- Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (varaforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson),
- Sigurður S. Snorrason, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (varaforseti Karl Benediktsson).

Deildarforsetaskipti urðu í þremur deildum á árinu. Frá 1. júlí voru eftirtaldir nýir deildarforsetar:

- Hafliði Pétur Gíslason tók við sem forseti Raunvísindadeildar (varaforseti var Oddur Ingólfsson),
- Ólafur Pétur Pálsson var endurkjörinn sem forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar og Kristján Jónasson var kjörinn varaforseti,
- Eva Benediktsdóttir var kjörin forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar og Anna Dóra Sæþórsdóttir var kjörin varaforseti.

Skipan forseta og varaforseta Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar, Jarðvísindadeildar og Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar hélst óbreytt frá fyrri hluta ársins.

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Fulltrúar stúdenta í stjórn voru á vormisseri Svavar Þrastarson og Sindri Snær Jónsson en á haustmisseri var Sindri Snær Jónsson áfram annar fulltrúi stúdenta og Daníel Eldjárn Vilhjálmsson var hinn. Starfsmaður stjórnar er Drífa Sigfúsdóttir rekstrarstjóri. Stjórnin hélt 27 fundi á tímabilinu, auk vinnufunda um fjármál og kennslumál.

Stefnumótunarþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 9. mars, fræðasviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 26. október og rannsóknarþing sviðsins 2. nóvember.

Fulltrúar sviðsins í ráðum og nefndum

- Einar H. Guðmundsson og Eva Benediktsdóttir voru tilnefnd í heiðursdoktoranefnd Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Fulltrúi kennara og sérfræðinga sviðsins á háskólaþingi var Fjóla Jónsdóttir. Fyrsti varamaður var Kristján Leósson og annar varamaður Hrefna Marín Gunnarsdóttir.
- Fjóla Jónsdóttir (formaður), Freysteinn Sigmundsson, Magnús Örn Úlfarsson, Snæbjörn Pálsson og Hafliði Pétur Gíslason voru valin sem fulltrúar sviðsins í fagraði vísindanefndar háskólaráðs.
- Fjóla Jónsdóttir og Einar Örn Sveinbjörnsson voru tilnefnd í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms.
- Guðmundur Freyr Úlfarsson var tilnefndur í stjórn Reiknistofnunar.
- Bjarni Bessason og Drífa Jóna Sigfúsdóttir voru tilnefnd af stjórn sviðsins sem fulltrúar þess í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.
- Hrefna Marín Gunnarsdóttir og Jón Ólafsson voru tilnefnd í ráðgjafarhóp um starfsemi Kennslumiðstöðvar háskólans.
- Ari Ólafsson og Guðrún Marteinsdóttir voru tilnefnd í stjórn náms um menntun framhaldsskólakennara.

Nefndir

Nefndir sviðsins á árinu voru fimm talsins: framhaldsnámsnefnd (hélt 4 fundi á árinu), jafnréttisnefnd (hélt 2 fundi á árinu), kennslunefnd (hélt 14 fundi á árinu), umhverfisnefnd (hélt 11 fundi á árinu) og vísindanefnd (hélt 2 fundi á árinu). Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir.

Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn vísar til þeirra. Þær senda stjórn sviðsins fundargerðir og álit sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

Húsnæðisnefnd Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var einnig sett á laggirnar í september, hlutverk hennar er að fjalla um húsnæðismál sviðsins.

Starfsfólk

Verkfræði- og náttúruvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2012

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	77	69
Karlar	136	118
Samtals:	213	187



Ragnhildur Skjaldardóttir verkefnisstjóri og Halldóra Ásgeirsdóttir fulltrúi, báðar í stjórnsýslu sviðsins, fóru í minnkað starfshlutfall á árinu, Ragnhildur í 49% starf og Halldóra í 50% starf. Þann 1. febrúar hóf Íris Davíðsdóttir störf sem verkefnastjóri á skrifstofu sviðsins í VR-II. Svandís Helga Halldórsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri á skrifstofu sviðsins í Öskju frá 1. mars. Berglind Beinteinsdóttir verkefnisstjóri fór í fæðingarorlof á árinu og Erna Rut Steinsdóttir var ráðin tímabundið í hennar stað í október. Hafdís Eyjólfsdóttir fór í fæðingarorlof í desember og Svandís Helga Halldórsdóttir tók tímabundið við starfi hennar sem verkefnisstjóri framhaldsnáms. Hanna Björg Guðmundsdóttir tók tímabundið við starfi Svandísar. Pálmi Jóhannesson lét af störfum sökum aldurs á árinu eftir langt og farsælt starf í þágu skólans. Í hans stað var ráðin Kristín Þórsdóttir. Hanna Þóra Hauksdóttir lét af störfum sem verkefnastjóri kennslumála og var Ingibjörg Hallbjörnsdóttir ráðin í hennar stað.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla og tækniþjónusta fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2012				
	Karlar	Konur	Samtals*	Starfsíglidi
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	7	16	23	22 *
* Þar af eru 5 manns tæknifólk				

Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Vatnaverkerfræðistofa

– konur	4	3,29
– karlar	7	4,48
Samtals:	11	7,77

Kerfislíffræðisetur (þverfaglegt) vistað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

– konur	9	8,3
– karlar	5	4,5
Samtals:	14	12,8

Fjármál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*

Fjárveiting	1.705.220
Sértekjur	446.696
Tekjur alls	2.151.916
Útgjöld	2.069.148
Tekjuafgangur/halli	82.768
Ársverk	224
Skráðir nemendur	2.212
Virkir nemendur	1.539
Nemendur/ársverk	9,9
Virkni nemenda	69,6%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Kennslumál

Nýnemum á sviðinu fjölgaði frá árinu áður um 13%. Mest fjölgaði þeim í tölvunarfræði, um 60%. Frá sviðinu brautskráðust 24% fleiri kandiðatar en árið áður.

Á fundi stjórnar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs 16. mars var samþykkt að deildir fræðasviðsins nýttu ekki heimild til að veita undanþágur frá stúdentsprófi við inntöku nýnema 2012–2013. Tillagan var samþykkt í háskólaraði 12. apríl.

Vorið 2012 voru fyrstu kandídatarnir brautskráðir með BS-próf í mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Kennt er á vettvangi Keilis á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Nýjar reglur um meistaranám tóku gildi 1. júlí 2012.

Tilraun var gerð með lotukennslu, þ.e.a.s. að skipta misserinu upp í tvær 7 vikna lotur í sex námskeiðum í grunnnámi í líffræði við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Nemendum sem höfðu hug á að bæta við sig annarri BS-gráðu fjölgaði. Settar voru reglur á sviðinu um tvær BS-gráður.

Í könnun sem lögð var fyrir nýnema á haustmisseri 2011 kom fram nokkur óánægja með kennslu í dæmatímum. Til að bæta kennsluna stóð kennslunefnd sviðsins fyrir námskeiði fyrir aðstoðarkennara/dæmakennara í samstarfi við Kennslumiðstöð. Góð þátttaka var í námskeiðinu og almenn ánægja með hvernig til tókst.

Fjallað var í fjölmiðlum um svokallaða einkunnabólgu í skólum. Í deildum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hafa meðaleinkunnir á BS-prófi hækkað jafnt og þétt í langflestum námsgreinum frá 1971.

Kynningar og viðburðir

Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum með vaxandi þunga fram í febrúar. Háskóladagurinn var haldinn 18. febrúar þar sem allur skólinn kynnti starfsemi sína. Sviðið hafði Öskju til umráða og þótti kynningin þar takast einkar vel. Stúdentar létu mikið að sér kveða í öllu kynningarstarfinu.

Unnið var að því að bæta kynningu á rannsóknastarfi innan sviðsins. Þetta var gert með því að deila efni á vef sviðsins og skólans, sem og með beinum hætti til fjölmiðla. Lögð var áhersla á markaðs- og kynningarstarf í samfélagsmiðlum, svo sem Facebook og YouTube. Einnig fór fram mikil vinna í byrjun ársins við að bæta og samræma vef sviðsins og deilda áður en nýr vefur Háskóla Íslands var tekinn í notkun.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið stóð fyrir jóladagatali vísindanna sem ætlað var að glæða áhuga yngri kynslóðarinnar á undrum raunvísinda og verkfræði. Um var að ræða stutt myndbönd með skemmtilegum tilraunum í efnafræði, eðlisfræði og verkfræði sem auðvelt er að framkvæma í heimahúsum. Myndböndin birtust á tímabilinu 12. desember til 24. desember 2012 á vef Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og vöktu þau mikla athygli.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar var haldinn 24. maí þar sem meistaranemar kynntu verkefni sín, bæði með veggspjöldum og fyrirlestrum.

Nýnemadagar voru haldnir í byrjun skólaárs og ríkti almenn ánægja með hvernig þar tókst til. Ákveðið var að efna til þeirrar nýbreytni að halda upp á innsetningu nýrra prófessora með sérstökum innsetningarathöfnum.

Styrkir og viðurkenningar

Verkfræði- og náttúruvísindasvið nýtur velvildar í samfélaginu því að fáum dylst hversu vel kennarar sviðsins og vísindamenn hafa unnið landi og þjóð til hagsbóta. Þessi velvild og skilningur á nauðsyn kennslu og rannsókna í verkfræði og náttúruvísindum lýsir sér með margvíslegu móti, þar á meðal í styrkjum og viðurkenningum.

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands voru veitt umhverfisverðlaun svonefndra grænna daga, Plantan, þann 15. mars. Grænir dagar eru samstarfsverkefni Gaiu – félags meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum, Norræna hússins og Stofnunar Sæmundar fróða.

Þann 21. desember ár hvert er veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Styrkinn hlýtur sá stúdent sem náð hefur bestum árangri við upphaf síðasta námsárs í grunnnámi í verkfræði. Styrkinn árið 2012 hlaut Elín Ásta Ólafsdóttir, stúdent í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Eftirtaldir nemendur hlutu styrk árið 2012 úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi: Tómas Örn Rosdahl, Kristinn Kristinsson og Sveinbjörn Finnsson, sem útskrifuðust allir úr eðlisfræði, Rikke Poulsen, sem útskrifaðist úr lífefnafræði, og Sara Björk Sigurðardóttir, sem útskrifaðist úr efnafræði.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varadeildarforseti Kristján Jónasson prófessor. Tómas P. Rúnarsson prófessor var námsbrautarstjóri í iðnaðarverkfræði, Kristján Jónasson í tölvunarfræði og Ólafur Pétur Pálsson í vélaverkfræði. Deildarráð skipuðu þessir þrír, auk tveggja fulltrúa nemenda.

Starfsmenn

Um mitt sumar lét Sven Þ. Sigurðsson prófessor af störfum eftir langt og giftusamt starf við Háskóla Íslands.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	4	4
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	2	2
– karlar	10	8,95
Samtals:	20	18,95
Rannsóknafólk		
– konur	5	5
– karlar	6	5,43
Samtals:	11	10,43

Nemendur, nám og kennsla

Á fimmta starfsári Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar hefur starfsemin verið besta móti en deildin varð til við sameiningu véla- og iðnaðarverkfræðiskorar og tölvunarfræðiskorar þegar stjórnskipulagi Háskóla Íslands var breytt sumarið 2008. Aðsókn nemenda í deildina hefur verið með ágætum og hefur töluvert aukist, sérstaklega í greinum eins og tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði, sem svar við ákalli iðnaðarins eftir vel menntuðu fólki á þessu sviði. Í lok ársins voru skráðir nemendur við deildina tæplega 800, flestir í tölvunarfræði, eða rúmlega þrjú hundruð, tæplega tvö hundruð í vélaverkfræði, um hundruð og fimmtíu í iðnaðarverkfræði og liðlega hundruð í hugbúnaðarverkfræði. Er þetta breyting frá fyrri árum en þá hafði iðnaðarverkfræði verið fjölmennust. Eins og áður eru langflestir nemendur í grunnnámi, eða um 85%, en aðrir ýmist í meistaranámi eða doktorsnámi. Auk þess má geta að við deildina stunduðu 16 erlendis nemendur nám á árinu og eru þá bæði taldir þeir sem eru í skiptinámi og þeir sem eru í reglulegu námi, flestir þeirra í vélaverkfræði.

Árið 2012 brautskráðust 144 kandidatar frá deildinni, 113 með BS-gráðu, sem tæplega 50% aukning frá árinu á undan, tæplega helmingur í iðnaðarverkfræði og um fjórðungur annars vegar í tölvunarfræði og hins vegar í vélaverkfræði. Einnig brautskráðust nemendur með próf í fjármálaverkfræði, efnaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði og meistarágráðu í umhverfis- og auðlindafræði.

Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Efnaverkfræði	3	2	5
	Hugbúnaðarverkfræði	8		8
	Iðnaðarverkfræði	29	21	50
	Tölvunarfræði	22	3	25
	Vélaverkfræði	18	7	25
Doktorspróf	Vélaverkfræði	1	1	2
Meistarapróf	Fjármálaverkfræði	3		3
	Hugbúnaðarverkfræði	2		2
	Iðnaðarverkfræði	10	3	13
	Tölvunarfræði	3	1	4
	Vélaverkfræði	6	1	7
Alls		105	39	144

Doktorsvarnir

Mjög góð reynsla er komin á doktorsnám við deildina og nú brautskrást kandiðatar með doktorspróf á hverju ári frá deildinni. Árið 2012 voru það þau Björn Margeirsson sem varði ritgerð sína í maí og Fjóla Jóhannesdóttir sem varði ritgerð sína í september, bæði í vélaverkfræði. Ritgerð Björns bar titilinn Hermun hitastigsbreytinga í flutningi ferskra fiskafurða og voru leiðbeinendur hans þeir Halldór Pálsson, Magnús Þór Jónsson og Sigurjón Arason frá Háskóla Íslands og andmælendur við vörnina voru þeir Trygve M. Eikevik frá NTNU í Noregi og Jean Moureh frá IRSETEA í Frakklandi. Titillinn á ritgerð Fjólu var Mikilvægi skelbeinsþykktar í lærleggshálsi og lærlegg með tilliti til brota og voru leiðbeinendur hennar þeir Gunnar Sigurðsson og Sigurður Brynjólfsson frá Háskóla Íslands en andmælendur þau Mary L. Bouxsein frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og Þorvaldur Ingvarsson frá Háskóla Íslands og Össuri hf.

Rannsóknir

Sagt er frá rannsóknum sem fóru fram á árinu í deildinni í kafla um Verkfræðistofnun.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Jóhannes R. Sveinsson prófessor og varaforseti Helgi Þorbergsson dósent. Magnús Örn Úlfarsson var námsbrautarstjóri í rafmagnsverkfræði og Helgi Þorbergsson var námsbrautarstjóri í tölvuverkfræði.

Starfsmenn

Engar breytingar urðu á starfsfólki deildarinnar árið 2012.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild			
	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	0	0
	– karlar	1	0,2
	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	2	2
	Prófessorar		
	– konur	1	1
	– karlar	3	2,4
	Samtals:	7	5,6
Upplýsinga- og merkjafræðistofa, Kerfisverkfræðistofa			
	– konur	0	0
	– karlar	4	2,78
	Samtals:	4	2,78

Nemendur, nám og kennsla

Árið 2012 útskrifuðust 28 frá deildinni, þar af 26 með BS-próf, sem er meira en tvöfalt fleiri en árinu áður. Tveir útskrifuðust með meistaraþróf frá deildinni.

Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Rafmagns- og tölvuverkfræði	23	3	26
Meistarapróf	Rafmagns- og tölvuverkfræði	2		2
Alls		25	3	28

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar var Sigurður Magnús Garðarsson prófessor og varaforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor. Auk þeirra sat Ragnar Sigbjörnsson prófessor í deildarráði, ásamt fulltrúa nemenda.

Starfsmenn

Á árinu var Rajesh Rupakhety ráðinn sem fræðimaður við Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði. Rajesh útskrifaðist með doktorsgráðu 2010 og hefur kennt sem stundarkennari og leiðbeint nemum við deildina.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	4	2,24
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	6	6
Samtals:	11	9,24

Nemendur, nám og kennsla

Stórir árgangar BS-nema hafa verið í námi við deildina undanfarin ár og á árinu luku 39 BS-nemar námi. Margir þessara nema halda áfram námi við deildina og ljúka MS-gráðu, sem gefur þeim rétt til að fá starfsheitið verkfræðingur. Námið er fjölbreytt og tekur á helstu fagsviðum umhverfis- og byggingarverkfræði og gefur nemendum tækifæri á nokkurri sérhæfingu þótt það sé ekki fyrr en í meistaranáminu sem tækifæri gefst til verulegrar sérhæfingar.

Meistaránám við deildina er öflugt en meistaranemar eru nú um 60 og að auki eru um 10 til 15 skiptinemar frá erlendum skólum við deildina hverju sinni, víðs vegar að úr heiminum. Á árinu útskrifuðust 14 meistaranemar frá deildinni. Einungis árið 2011 hafa þeir verið fleiri, eða 15. Meistaraverkefni nemenda eru iðulega unnin í tengslum við atvinnulífið þar sem starfsmenn viðkomandi fyrirtækja og stofnana taka gjarnan þátt í að leiðbeina nemendum.

Doktorsvarnir

Einn doktor brautskráðist frá deildinni á árinu. Þann 30. maí varði María J. Gunnarsdóttir doktorsritgerð sína, Öryggi neysluvatns – Reynsla af innra eftirliti vatnsveitna og áhættuþættir mengunar, í byggingatæknifræði og umhverfisfræði. Leiðbeinandi Maríu var Sigurður M. Garðarsson, prófessor og forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar. Í doktorsnefnd voru, auk hans, Jamie Bartram, prófessor og forstöðumaður Water Institute við Háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, Hrunn Ó. Andradóttir, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og Gunnar St. Jónsson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun.

Brautskráðir stúdentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Umhverfis- og byggingarverkfræði	25	14	39
Doktorspróf	Umhverfis- og auðlindafræði		1	1
Meistarapróf	Byggingarverkfræði	5	2	7
	Umhverfis- og byggingarverkfræði	2	1	3
	Umhverfisverkfræði	1	2	3
Alls		33	20	53

Raunvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu og rannsókna í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Auk þess stendur deildin að námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði ásamt Líf- og umhverfisvísindadeild og er sú námsbraut vistuð í Raunvísindadeild. Forseti deildarinnar til 30. júní 2012 var Guðmundur G. Haraldsson, prófessor í efnafræði, og varaforseti var Gunnar Stefánsson, prófessor í stærðfræði. Frá 1. júlí var forseti deildarinnar Hafliði Pétur Gíslason, prófessor í eðlisfræði, og varaforseti var Oddur Ingólfsson, prófessor í efnafræði.

Starfsmenn

Baldur Símonarson, dósent í efnafræði, lét af störfum á árinu fyrir aldurs sakir. Sigríður Guðrún Suman, dósent í efnafræði, hóf störf á árinu.

Raunvísindadeild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	0	0
	– karlar	1	1
	Lektorar		
	– konur	0	0
	– karlar	0	0
	Dósentar		
	– konur	1	1
	– karlar	4	3,49
	Prófessorar		
	– konur	0	0
	– karlar	28	25,38
	Samtals:	34	30,87
	Rannsóknafólk		
	– karlar	1	0,93
	Tæknifólk - telst með stjórnslu		
	– konur	1	1
	– karlar	2	2
	Samtals:	3	3

Nemendur, nám og kennsla

Deildin býður nemendum sínum í grunnnámi upp á BS-próf í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, auk lífefnafræði í námsbrautinni lífefna- og sameindalíffræði í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild. Auk þess að kenna eiginlegum nemendum deildarinnar, hafa kennarar í deildinni með höndum víðtæka kennsluþjónustu á fagsviðum sínum fyrir stóra hópa nemenda, meðal annars í verkfræði, tölvunarfræði, jarðfræði, líffræði, matvæla- og næringarfræði, læknisfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði.

Framhaldsnemum deildarinnar stendur til boða bæði meistaraþróf og doktorsþróf í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði. Að auki er boðið upp á M.Paed.-þróf á öllum námsbrautum deildarinnar og þar er einkum miðað að því að mennta kennara fyrir framhaldsskólastigið í landinu.

Doktorsvarnir

Sex doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu:

- Þann 24. febrúar varði Gunnar Þorgilsson doktorsritgerð sína, Reiknilíkön af rafeindaflutningi um örmá hálfleiðarakerfi með spuna og brautarvíxlverkun Rashba (Modeling Transport Through Semiconductor Nanostructures with Rashba Spin-Orbit Interaction), í eðlisfræði. Leiðbeinandi Gunnars var Sigurður Ingi Erlingsson, dósent við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Í doktorsnefnd voru, auk hans, þeir Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Andrei Manolescu, prófessor við Háskólann í Reykjavík.
- Þann 4. apríl varði Steve Schulze doktorsritgerð sína, Könnun miðgeims- og útgeimsefnis með hjálp gammablossa (Probing Interstellar, Galactic and Intergalactic Media with Gamma-Ray Bursts), í stjarnæðlisfræði. Leiðbeinendur Steves voru Páll Jakobsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Gunnlaugur Björnsson, vísindamaður við háloftadeild Raunvísindastofnunar. Í doktorsnefnd var einnig Einar H. Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild.
- Þann 8. júní varði Sigurður Emil Pálsson doktorsritgerð sína, Geislavirkt úrfelli, líkan dreifingar um jörðina og tilfærslu í náttúrunni (Prediction of Global Fallout and Associated Environmental Radioactivity), í eðlisfræði. Leiðbeinandi hans var Örn Helgason, prófessor emeritus. Annar leiðbeinandi var Brenda J. Howard, sérfræðingur við Centre for Ecology and Hydrology í Bretlandi. Í doktorsnefndinni var, auk þeirra, Sigurður M. Magnússon eðlisfræðingur, forstjóri Geislavarna ríkisins.
- Þann 29. júní varði Simon Klüpfel doktorsritgerð sína, Innleiðing og endurmat á Perdew-Sunger sjálforkuleiðréttingunni, í efnafræði. Leiðbeinandi Simons var Hannes Jónsson, prófessor í Raunvísindadeild.
- Þann 2. nóvember varði Torben Esmann Mølholt doktorsritgerð sína, Meðseglun í jónigræddum oxíðum (Paramagnetism in Ion-Implanted Oxides), í eðlisfræði. Leiðbeinendur Torbens voru Haraldur Páll Gunnlaugsson, vísindamaður við Árósháskóla, Sveinn Ólafsson, vísindamaður hjá Raunvísindastofnun, og Hafliði Pétur Gíslason, prófessor við Raunvísindadeild.
- Mustafa Arikan varði doktorsritgerð sína, Ræktun og greining seglandi örgerða örgerða (Fabrication and Characterization of Magnetic Microstructures), í eðlisfræði þann 10. nóvember. Leiðbeinandi Mustafa var Snorri Þorgeir Ingvarsson, prófessor við Raunvísindadeild. Með honum í doktorsnefnd voru Viðar Guðmundsson og Ivan Shelykh, einnig prófessorar við Raunvísindadeild.

Rannsóknir

Rannsóknir sem fóru fram á árinu 2012 má sjá í kafla Raunvísindastofnunar.

Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Eðlisfræði	14	1	15
	Efnafræði	3	4	7
	Lífefnafræði	3	9	12
	Stærðfræði	9	4	13
Doktorspróf	Eðlisfræði	4		4
	Efnafræði	1		1
	Stjarneðlisfræði	1		1
Meistarapróf	Eðlisfræði	4		4
	Efnafræði	1		1
	Lífefnafræði	2	2	4
	Stærðfræði	2		2
Viðbótardiplóma	Efnafræði		1	1
Alls		44	21	65

Jarðvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Innan deildarinnar starfa allir akademískir sérfræðingar og kennarar háskólans á sviði jarðvísinda. Þar fer fram kennsla í jarðfræði og jarðeðlisfræði. Rannsóknir deildarinnar fara fram við Jarðvísindastofnun.

Deildarforseti var Magnús Tumi Guðmundsson prófessor og varadeildarforseti Hreggviður Norðdahl fræðimaður. Stjórnun deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.e. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar en deildarfundi með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar. Á árinu sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Jón Ólafsson prófessor, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Helgi Björnsson vísindamaður, Ingi Þorleifur Bjarnason fræðimaður, Heimir Ingimarsson, fulltrúi grunnnema, og Snæbjörn Guðmundsson, fulltrúi framhaldsnema.

Starfsmenn

Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir dósent, Snæbjörn Guðmundsson aðjunkt og Þorvaldur Þórðarsson prófessor hófu störf á árinu, jafnframt því sem Kristín Vala Ragnarsdóttir, fráfarandi sviðsforseti, hóf störf á árinu sem prófessor við deildina.

Jarðvísindadeild		
Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	1	0,5
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	2	1,5
– karlar	6	5,15
Samtals:	12	9,65
Rannsóknafólk		
– konur	3	2,93
– karlar	0	0

Nemendur, nám og kennsla

Árið 2012 brautskráðust 40 kandídatar frá deildinni, þar af 27 með BS-gráðu, 10 með meistaraþróf og 3 með doktorsþróf.

Doktorsvarnir

Þrjú kandídatar vorðu doktorsritgerðir sínar á árinu:

- Hanna S. Kaasalainen varði ritgerð sína í jarðfræði þann 30. mars og bar ritgerðin heitið Efnafræði málna og brennisteins í jarðhitavökva á Íslandi (Chemistry of Metals and Sulfur in Geothermal Fluids, Iceland).
- Gabrielle Jarvik Stockmann varði ritgerð sína í jarðfræði 16. maí og nefndist ritgerðin Binding koltíoxíðs í basalti (Experimental Study of Basalt Carbonatization). Doktorsgráða Gabrielle var sameiginleg frá Háskóla Íslands og Paul Sabatier háskólanum í Toulouse í Frakklandi.
- Ulf Hauptfleisch varði ritgerð sína í jarðfræði 13. nóvember og bar hún heitið Saga Mývatns lesin úr setlögum (High-Resolution Palaeolimnology of Lake Mývatn, Iceland).

Brautskráðir stúdentar frá Jarðvísindafræðideild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Jarðeðlisfræði		2	2
	Jarðfræði	9	16	25
Doktorsþróf	Jarðfræði	1	2	3
Meistarapróf	Jarðeðlisfræði	2	2	4
	Jarðfræði	2	4	6
Alls		14	26	40



Líf- og umhverfisvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Líf- og umhverfisvísindadeildar fram til 30. júní var Sigurður Sveinn Snorrason prófessor og Eva Benediktsdóttir dósent frá 1. júlí. Varadeildarforseti fram til 30. júní var Karl Benediktsson prófessor en Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent frá 1. júlí.

Kennsla í deildinni skiptist í tvær námsbrautir, námsbraut í líffræði og námsbraut í land- og ferðamálafræði. Námsbrautarstjóri í líffræði fyrri helming ársins var Ingibjörg Svala Jónsdóttir prófessor en Snæbjörn Pálsson dósent seinni helming ársins. Námsbrautarstjóri í land- og ferðamálafræði fyrri helming ársins var Magnfríður Júlíusdóttir lektor en Rannveig Ólafsdóttir dósent seinni helming ársins. Námsbrautarstjóri á sameiginlegri námsbraut Líf- og umhverfisvísindadeildar og Raunvísindadeildar, lífefna- og sameindalíffræði, var Zophonías S. Jónsson dósent. Auk þeirra sátu í deildarráði á vormisseri Guðmundur Hrafn Guðmundsson prófessor, Katrín Anna Lund dósent og Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, sem sat einnig á haustmisseri, sem og Anna Karlsdóttir lektor.

Arna Hjörleifsdóttir, Friðþór Sófus Sigurmundsson, Borgný Katrínardóttir og Hólmfríður Hartmannsdóttir voru fulltrúar nemenda í deildarráði á vormisseri og Ásthildur Erlingsdóttir, Jónas Abel Mellado og Hlynur Bárðarson á haustmisseri.

Þverfræðileg námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði er hýst er innan Líf- og umhverfisvísindadeildar en að henni standa öll svið háskólans. Námsbrautarstjóri var Brynhildur Davíðsdóttir dósent.

Starfsmenn

Nýr lektor var ráðinn við deildina um mitt ár, Gunnar Þór Jóhannesson, og Guðmundur Óli Hreggviðsson fékk framgang í starf prófessors á árinu.

Líf- og umhverfisvísindadeild			
	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	2	2
	– karlar	1	1
	Dósentar		
	– konur	5	5
	– karlar	4	4
	Prófessorar		
	– konur	5	5
	– karlar	8	7,5
	Samtals:	25	24,5
	Líffræðistofnun		
	– konur	16	11,2
	– karlar	20	15,72
	Samtals:	36	26,92
	Stofnun Sæmundar fróða		
	– konur	1	0,5
	– karlar	0	0
	Samtals:	1	0,5

Nemendur, nám og kennsla

Við deildina hefur tíðkast að nemendur í meistaranámi vinni stór rannsóknaverkefni (90 eininga verkefni). Nær allir nemendur sem brautskráðust með MS-próf á árinu frá deildinni luku slíkum rannsóknaverkefnum og fluttu um þau opinberan fyrirlestur.

Doktorsvarnir

Tveir doktorsnemar vorðu ritgerðir sínar á árinu:

- Daniela C. Broekmann varði ritgerð sína, Örverudrepandi cathelicidin-peptíð í þorsk- og laxfiskum (Cathelicidin Antimicrobial Peptides in Cod and Salmon), í líffræði 19. október.
- Rakel Guðmundsdóttir varði ritgerð sína, Frumframleiðendur í norðlægum lækjum og áhrif aukins hita og næringar á framvindu þeirra (Primary Producers in Sub-Arctic Streams and the Effects of Temperature and Nutrient Enrichment on Succession), í líffræði 9. nóvember.

Rannsóknir

Vettvangur rannsókna í deildinni er Líf- og umhverfisvísindastofnun og er nánar fjallað um rannsóknir í sérstökum kafla um stofnunina.

Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2012

		Karlar	Konur	Alls
BS	Ferðamálafræði	9	37	46
	Landfræði	11	9	20
	Líffræði	17	15	32
Doktorspróf	Líffræði		2	2
Meistarapróf	Ferðamálafræði		1	1
	Landfræði	1	2	3
	Líffræði	3	3	6
Viðbótardiplóma	Líffræði	1	1	2
Alls		42	70	112

Verkfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði. Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:

- Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og formaður stjórnar,
- Gunnar Stefánsson, prófessor og rannsóknastjóri iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna,
- Helgi Þorbergsson, dósent og rannsóknastjóri rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna,
- Hrunn Ólöf Andradóttir, dósent og rannsóknastjóri umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna,
- Páll Melsted, lektor og fulltrúi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar.

Um Verkfræðistofnun gilda reglur nr. 555/2011. Hlutverk stofnunarinnar er:

- að efla rannsóknir á fræðasviðum sínum við Háskóla Íslands,

- að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í verkfræði og tölvunarfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa eftir því sem kostur er,
- að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði verkfræði og tölvunarfræði og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- að stuðla að þverfaglegu samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila,
- að sinna þjónustuverkefnum á sviði verkfræði og tölvunarfræði,
- að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í verkfræði og tölvunarfræði,
- að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi verkfræði og tölvunarfræði,
- að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu og þjálfun vísindalegra starfskrafta og rannsóknarmanna.

Rannsóknir

Rannsóknir á vegum Verkfræðistofnunar eru að miklu leyti byggðar á rannsóknastyrkjum sem aflað er úr samkeppnissjóðum, innlendum sem erlendum. Starfsmenn stofnunarinnar hafa náð miklum árangri í að afla rannsóknastyrkja og fjármagna meðal annars rannsóknir doktorsnema, sem nú eru á fjórða tug, auk rannsókna nýdoktora og verkefnaráðinna sérfræðinga. Heildartekjur stofnunarinnar hafa aukist mikið frá fyrri árum og voru um hálfur milljarður á árinu 2012. Heildarfjárhagsstaða stofnunarinnar er jákvæð.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands skiptist í þrjá rannsóknakjarna, einn fyrir hverja deild sem stendur að stofnuninni:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
 - Kerfislíffræðisetur
 - Tölvunarfræðistofa
 - Véla- og iðnaðarverkfræðistofa
- Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
 - Kerfisfræðistofa
 - Rafmagnsverkfræðistofa
 - Upplýsinga- og merkjafræðistofa
- Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni
 - Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
 - Umhverfis- og byggingarverkfræðistofa
 - Vatnaverkfræðistofa

Aðild að hverjum rannsóknarkjarna eiga fastráðnir kennarar viðkomandi deilda og þeir starfsmenn sem eru ráðnir lengur en í eitt ár. Auk þess starfa verkefnaráðnir sérfræðingar, nýdoktorar, doktorsnemar og meistaranemar að rannsóknum við stofnunina. Þann 1. desember 2012 störfuðu 40 akademískir starfsmenn (þ.e. lektorar, dósentar, prófessorar, sérfræðingar, fræðimenn og/eða vísindamenn), 6 nýdoktorar og 12 aðrir verkefnaráðnir sérfræðingar og 15 doktorsnemendur voru auk þess á launaskrá hjá stofnuninni en geta má þess að talsvert fleiri eru í doktorsnámi sem tengist stofnuninni. Samtals voru því 73 launaðir starfsmenn sem unnu að rannsóknum við Verkfræðistofnun, auk þess sem á árinu voru í doktorsnámi á fjórða tug nemenda sem vinna verkefni tengd stofnuninni og yfir tvö hundruð meistaranemendur.

Kynningarstarfsemi

Verkfræðistofnun hélt meistaraðag verkfræðinga og tölvunarfræðinga þann 24. maí. Úlfar Linnet, rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands og deildarstjóri rannsóknadeildar Landsvirkjunar, flutti framsöguerindi um möguleika og hindranir við að þróa vindorku sem mikilvægan orkugjafa á Íslandi. Hann sagði einnig frá tilraunaverkefni sem Landsvirkjun vinnur að og

snýr að uppsetningu tveggja vindmylla nálægt Búrfelli. Að erindi hans loknu tóku við varnir og kynningar meistaranemenda á verkefnum sínum, auk sýningar á veggspjöldum meistaraverkefna.

Ársfundur Verkfræðistofnunar var haldinn 27. nóvember undir yfirskriftinni Olíuleit við Ísland – Fjárjóður eða fíring? Guðni A. Jóhannesson, verkfræðingur og orkumálastjóri, flutti erindið Olía og gas á norðurslóðum – staða Íslands og Hafsteinn Helgason, verkfræðingur og sviðsstjóri viðskiptapróunar Eflu hf. verkfræðistofu, flutti erindið Olíuiðnaður og sæbarónar – Hvar og hvernig. Formaður stjórnar Verkfræðistofnunar kynnti ársskýrslu stofnunarinnar. Ragnari Sigbjörnssyni, prófessor og forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, var veitt viðurkenning Starfssjóðs Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. Sjóðurinn var stofnaður af Grund, dvalar- og hjúrunarheimili, 29. október 1987 í tilefni af 65 ára afmæli þess. Stofnframlagið er til minningar um verkfræðingana Knud Ziemsen og Jón Þorláksson.

Starfsmenn Verkfræðistofnunar stóðu að kynningum á vísindavöku Rannís 28. september. Þeir voru einnig virkir skipuleggjendur við önnur tækifæri og þátttakendur í fjölmörgum málstofum og ráðstefnum, bæði við stofnunina og erlendis.

Á árinu birtist fjöldi ritrýndra vísindagreina í vísindaritum í alþjóðlega ISI-gagnasafninu eftir starfsmenn Verkfræðistofnunar, auk margvíslegra annarra greina og skýrslna sem birtust á alþjóðlegum og innlendum vettvangi.

Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Á Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir. Megináhersla er þar lögð á áhrif og eðli jarðskjálfta, sem og aðra vá tengda náttúru landsins. Rannsóknastarfsemin skiptist í þrjá meginþætti: (a) undirstöðurannsóknir, rekstur mælikerfa, úrvinnslu gagna og túlkun þeirra; (b) rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf, þar á meðal orkutengdar rannsóknir og áhættugreiningu; (c) þjálfun stúdenta við rannsóknarstörf og miðlun upplýsinga. Staðsetning miðstöðvarinnar samræmist vel stefnu Háskóla Íslands um eflingu rannsóknar- og fræðastarfsemi á landsbyggðinni.

Stjórn Rannsóknamiðstöðvarinnar skipa:

Ragnar Sigbjörnsson prófessor, forstöðumaður
Símon Ólafsson rannsóknaprófessor
Jónas Þór Snæbjörnsson prófessor
Eypór Rafn Þórhallsson dósent
Benedikt Halldórsson rannsóknadósent
Elínborg Gunnarsdóttir skrifstofustjóri

Hlutverk stjórnarinnar er að móta rannsóknastefnu, afla fjár til rannsókna og hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi og rekstri miðstöðvarinnar.

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur við Háskólann í Reykjavík. Í kjölfar þess tóku fulltrúar hans, þeir Jónas Þór Snæbjörnsson og Eypór Rafn Þórhallsson, sæti í stjórn miðstöðvarinnar. Ljóst er að þetta samstarf mun efla rannsóknastarfsemina til muna.

Gestaprófessorar gegna þýðingarmiklu hlutverki í starfsemi stofnunarinnar. Þeir eru: Jónas Þór Snæbjörnsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík (áður prófessor við háskólann í Stavanger í Noregi og nú stjórnarmaður í Rannsóknamiðstöðinni), Apostolos S. Papagorgiou, frá háskólanum í Patras á Grikklandi, Athol J. Carr, prófessor við Canterbury-háskóla á Nýja-Sjálandi, og John Douglas,

jarðskjálftaverkfræðingur við Jarðvísindastofnun Frakklands (Bureau de recherches géologiques et minières) í Orléans.

Aðrir starfsmenn eru helstir:

Aldís Sigfúsdóttir, rannsóknaverkfræðingur og doktorsnemi
Jónas Elíasson rannsóknaprófessor
Puja Acharya doktorsnemi
Rajesh Rupakhety rannsóknadósent
Sigurður Unnar Sigurðsson, rannsóknaverkfræðingur og doktorsnemi
Sólveig Þorvaldsdóttir, rannsóknaverkfræðingur og doktorsnemi

Til viðbótar eru doktorsnemarnir Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir og Knut Andreas Kvåle við miðstöðina. Sumarstarfsmaður var Katrín Kristjánsdóttir. Auk þeirra tengjast fimm aðrir nemendur í rannsóknatengdu námi starfseminni. Láta mun nærri að sú vinna sem unnin var við miðstöðina árið 2012 jafngildi um 14 ársverkum. Fjárhagsleg umsvif stofnunarinnar námu á sjöunda tug milljóna króna og þar til viðbótar er vinna samstarfsaðila og gestaprófessora.

Rannsóknir

Landsnet hröðunarmæla

Hornsteinninn í rannsóknastarfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar er rekstur landsnets hröðunarmæla sem teygir sig yfir helstu jarðskjálftasvæði landsins. Áhersla er lögð á að mæla áhrif jarðskjálfta sem eru svo stórir að þeir geta valdið skemmdum á undirstöðum og burðarvirki bygginga, svo og búnaði og innbúi.

Markmiðið með mælingunum er:

- a) að afla gagna um áhrif jarðskjálfta á byggingar og tæknikerfi,
- b) að afla gagna og afleiddra upplýsinga sem hægt er að nýta við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum,
- c) að afla gagna sem nýtast við áhættumat og áhættustjórnun,
- d) að auka áreiðanleika hönnunarstaðla fyrir mannvirki á jarðskjálftasvæðum.

Mælistöðvarnar í landsneti hröðunarmæla eru flokkaðar í grunnstöðvar og fjölnemakerfi. Grunnstöðvunum er í flestum tilvikum komið fyrir á undirstöðum bygginga og þær mæla hröðun yfirborðs jarðar í jarðskjálftum. Í nokkrum stærri mannvirkjum, svo sem stíflum, orkumannvirkjum, brúm og háhýsum, eru svokölluð fjölnemakerfi sem, auk þess að mæla hröðun yfirborðs jarðar, mæla einnig þá eðlislægu áraun sem mannvirki verða fyrir í jarðskjálftum. Jarðskjálftagögn úr helstu jarðskjálftum sem hafa mælst í grunnstöðvum Rannsóknamiðstöðvarinnar eru aðgengileg öllum í alþjóðlegum gagnabanka sem nefnist ISESD (og má nálgast á vefsíðunni <http://www.ISESD.hi.is>) og er rekinn á vegum Rannsóknamiðstöðvarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Á árinu var mest jarðskjálftavirkni á landinu á Reykjanesi og úti fyrir ströndum Norðurlands.

Töluverð jarðskjálftavirkni var einnig í Krýsuvík og voru það aðallega smáir jarðskjálftar, þ.e. minni skjálftar en 3 að stærð á Richterskvarða. Stærstu jarðskjálftarnir á Reykjanesi voru hins vegar í námunda við höfuðborgarsvæðið. Annars vegar var um að ræða jarðskjálfta 1. mars 2012, um 4 að stærð, með upptök í námunda við Helgafell í Hafnarfirði. Hins vegar varð jarðskjálfti 30. ágúst 2012, sem var 4,6 að stærð, með upptök rétt norðan við skíðasvæðið í Bláfjöllum. Jarðskjálftarnir fundust vel á höfuðborgarsvæðinu og víða á Suðurlandi. Báðir þessir jarðskjálftar mældust á stöðvum landsnets hröðunarmæla í Reykjavík og á Suðurlandi. Um haustið 2012 var töluverð jarðskjálftavirkni úti fyrir ströndum Norðurlands og náði hún hámarki 21. október með tveimur jarðskjálftum sem urðu skömmu eftir miðnætti. Jarðskjálftarnir tveir voru annars vegar 4,8 að stærð kl. 00:10 og hins vegar 5,6 að stærð kl. 01:25 með upptök um tuttugu km norðnorð-austur af

Siglufirði. Jarðskjálftarnir tveir mældust á Siglufirði, Dalvík, Húsavík, í Laxárvirkjun og við Blöndulón. Hágildi hröðunar mældist um 0,1 g (þ.e. 10% af þyngdarhröðuninni) í lárétta stefnu á Siglufirði sem var í 17,5 km fjarlægð frá jarðskjálftamiðju seinni jarðskjálftans.

Meira en aldarfjórðungur er liðinn frá því að íslenska hröðunarmælanetið var byggt upp í núverandi mynd. Margir hafa stutt við þessa starfsemi. Hér er ástæða til að nefna Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Vegagerðina, sveitarfélög á Suður- og Norðurlandi, Rannsóknaráð Íslands, Evrópusambandið og síðast en ekki síst Háskóla Íslands.

ICEARRAY-rannsóknaverkefni

Nýjung í rannsóknum á áhrifum jarðskjálfta tengist útbreiðslu jarðskjálftabylgna, staðbundnum áhrifum og þar með þeirri mismunaráraun sem hún veldur á stuttum vegalengdum (tugum til hundruða metra) í þéttbýli. Ný rannsóknatæki, sem nefnd hafa verið ICEARRAY (Icelandic Strong-motion Arrays), eru sérhönnuð þétttriðin net hröðunarmæla sem hafa verið sett upp í byggðarlögum á jarðskjálftasvæðum. Til samanburðar er fjarlægð á milli einstakra mælistaða hins íslenska hröðunarmælanets 10 kílómetrar að jafnaði en fjarlægð á milli mæla ICEARRAY er frá 50 til 1900 metrar.

Fyrsta hröðunarmælanet þessarar tegundar nefnist ICEARRAY I og var sett upp í Hveragerði árið 2007. ICEARRAY I mældi yfirborðshreyfingu í jarðskjálftanum í Ölfusi árið 2008 afar vel og eru þær mælingar taldar einstakar á heimsmælikvarða. Mælingarnar leiddu í ljós að jarðskjálftinn hafði mikil áhrif í Hveragerði og enn fremur að áhrifin voru breytileg eftir bæjarhlutum. Þá mátti einnig ráða af mælingunum að sterkasti hluti hreyfingarinnar stóð stutt yfir, eða einungis í u.þ.b. fimm sekúndur. Jarðskjálftinn varð þegar berg brotnaði á tveimur aðgreinanlegum sprungum í Ölfusi og voru hreyfingarnar það miklar að jörð færðist til í nágrenni þeirra. Sem dæmi má taka að mælistöð í Hveragerði færðist til norðvesturs í jarðskjálftanum um 20 cm. Á hröðunarmælum ICEARRAY I og á mælum hins íslenska hröðunarmælanets á Selfossi komu nærsviðsáhrif jarðskjálftanna fram sem „lágtíðnibylgjur“ sem eru tilefni áframhaldandi rannsókna. Sérfræðingar við Rannsóknamiðstöðina og samstarfsmenn þeirra hafa unnið ötullega að úrvinnslu gagnanna og hafa þegar birt greinar um niðurstöðurnar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum og á ráðstefnum.

Mikið hefur verið fjallað um núverandi og fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á Hengilssvæðinu og á Hellisheiði. Í því sambandi hefur ICEARRAY I nýst sem hagnýtt rannsóknartæki við skráningu yfirborðshreyfinga í Hveragerði af völdum jarðskjálfta undir Húsmúla af völdum niðurdælingar affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun á haustmánuðum 2011 á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Stærstu jarðskjálftarnir í hrinunni voru 3,8 að stærð á Richterskvarða og eru langstærstu jarðskjálftar sem orðið hafa í tengslum við jarðhitaframkvæmdir á Íslandi. Þeir fundust afar vel á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Greining á mælingum ICEARRAY I netsins hefur leitt í ljós að áhrif niðurdælingarskjálftanna voru umtalsverð í Hveragerði og að stærstu jarðskjálftarnir ollu álagi á eldri mannvirki bæjarins sem jafngildir álagskröfum þeirra við hönnun. Talið er fullvíst að slíkt þurfi að hafa í huga við frekari framkvæmdir og niðurdælingu á svæðinu.

Sterkir jarðskjálftar hafa einnig orðið á skjálftabeltinu á Norðurlandi og valdið skemmdum í byggð. Á árinu var lokið uppsetningu á ICEARRAY II, sem er fyrsta þverfaglega fylking hröðunarmæla og GPS-mæla á Íslandi. Hún er staðsett á Húsavík, sem liggur við Húsavíkur-Flateyjarmisgengið, eitt hið stærsta á Tjörnesbrotabeltinu á Norðurlandi. ICEARRAY II byggist á ICEARRAY I en sérstaða þess fyrrnefnda felst í samþættingu hröðunarmæla og GPS-tækja á Húsavík. Alls verður fylkingin gerð úr sjö hröðunarmælistöðvum á mismunandi stöðum í Húsavíkurborg og verða þrjár stöðvar einnig búnar nýjustu tegund GPS-landmælingatækja. ICEARRAY II kemur því bæði til með að mæla hægar jarðskorpuhreyfingar og hraðar, t.d. í jarðskjálftum, og munu niðurstöðurnar nýtast í margvíslegum vísindalegum og hagnýtum tilgangi. Að auki verður fjórum stökum GPS-stöðvum komið fyrir utan Húsavík, bæði norðan og sunnan við Húsavíkurmisgengið. Í ICEARRAY II verkefninu verður einkum

rannsakað hvernig bylgjuhreyfingar eru breytilegar eftir mælipunktum netsins í jarðskjálftum og fylgni hreyfinganna könnuð. Sökum fjölbreytileika jarðlaga á Húsavík og í nágrenni, sér í lagi mjúkra jarðlaga sem liggja undir bænum, verður einnig lagt mat á staðbundna bylgjumögnun í jarðskjálftum og hún kortlögð. Upplýsingarnar sem munu fást með ICEARRAY II mælingunum verða nýttar til þess að kvarða stærðfræðileg líkön af jarðskorpuhreyfingum og jarðskjálftum. Ásamt hermun jarðskjálftahreyfinga vegna stórra skjálfta á Húsavíkurmisgenginu verða þessi líkön hagnýtt til megindlegs mats á svörun lífæða nútímabjóðfélags í sterkum jarðskjálftum og kortlagningu á jarðskjálftaáhættu í þéttbýli.

Ljóst er að ICEARRAY-verkefnið hafa nú þegar skilað árangri og skapað fjölda nýrra rannsóknartækifæra og munu halda áfram að gera það í framtíðinni með hagnýtum niðurstöðum sem nýtast beint. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands studdu ICEARRAY I verkefnið dyggilega. Þess má geta að Síminn hefur frá upphafi gegnt mikilvægu hlutverki sem sérstakur styrktaraðili þráðlausra fjarskipta ICEARRAY. Enn fremur ber að geta þess að Marie Curie áætlun Evrópusambandsins studdi ICEARRAY I verkefnið og Rannsóknamiðstöð Íslands og Viðlagatrygging Íslands ICEARRAY II verkefnið.

Viðlagastjórnun

Á árinu var áfram unnið að rannsókn á áhættu- og viðbragðsstýringu vegna náttúruhamfara. Rannsóknin fjallar um stjórnun aðgerða þegar byggð og samfélag hafa orðið fyrir einhvers konar skemmdum, áverkum og/eða röskun á ferlum vegna náttúruhamfara. Markmiðið felst í því að nýta upplýsingar um þessar skemmdir, áverka og/eða röskun á ferlum við stjórnun aðgerða. Á árinu var aðallega lögð áhersla á að skoða aðferðafræði og þróa rannsóknaraðferðir. Mörg fagsvið fást við að rannsaka náttúruhamfarir og afleiðingar þeirra (e. disasters), t.d. verkfræðingar, heilbrigðisstarfsfólk, jarðvísindafólk og félagsvísindafólk, sem leitt hefur til fjölda skilgreininga og rannsóknaraðferða og því er ekki hægt að afmarka eina viðurkennda aðferðafræði til að fást við „disasters“. Helstu niðurstöður ofangreindra rannsókna á vegum miðstöðvarinnar á árinu voru birtar í ISI-grein (sem var samþykkt í lok árs) þar sem beitt er faglegum rökstuðningi fyrir því að til þyrfti að vera líkan þar sem aðgerðir eru tengdar við markmið, með stjórnun aðgerða í huga, en fram að þessu hafa aðgerðir verið tengdar við fasa. Í greininni er bent á „classical management theory“ sem grunnaðferðafræði. Markmiðsstjórnun vegna náttúruhamfara var gefið heitið viðlagastjórnun (e. Disaster-Function Management). Rannsóknin tengist þverfaglegri þekkingarsköpun og við hana er notuð kennslufræðileg nálgun á hugtökunum „multidisciplinary“ og „interdisciplinary“ til að greina þarfir við viðlagastjórnun. Þá var á árinu hafist handa við að þróa líkan til að beita við rannsóknir á aðgerðum tengdum eldgosinu í Eyjafjallajökli og landbúnað. Í líkaninu eru markmið líkans úr þróunarfræðum um lífsviðurværi (Sustainable Livelihood Framework) tengd við markmið viðlagastjórnunar. Á árinu hófst gagnasöfnun um 20 ára tímabil í tengslum við Eyjafjallajökul (1993–2012). Þá var unnið áfram að samanburðarrannsókn, sem hófst árið 2011 í samstarfi við Kyoto-háskóla, á nálgun Íslendinga og Japana varðandi náttúruhamfarir og landbúnað og dvaldi Sólveig Þorvaldsdóttir tvo mánuði í Kyoto í tengslum við rannsóknina. Verkefnið hefur hlotið styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og frá Kyoto-háskóla í Japan, sem og Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.

Áhrif eldgosa á flugumferð

Þegar eldgosið í Eyjafjallajökli vorið 2010 leiddi til umfangsmikilla takmarkana á flugumferð, lokana flugvalla, bæði hér á landi og erlendis, og gífurlegs kostnaðar fyrir flugrekstraraðila og ómælds óhagræðis fyrir flugfarþega, kom Þorgeir Pálsson, þáverandi forstjóri Isavia, að máli við Jónas Elíasson rannsóknaprófessor um hvort hægt væri að mæla öskumagn í lofti og bæta þannig grundvöll ákvarðanatöku um lokun loftrýmis og flugvalla. Fyrirspurnin leiddi til þess að Jónas hófst handa við einstakar mælingar á magni ösku í andrúmsloftinu, sem hann gerði meðal annars með því að fljúga í námunda við öskuskýið frá eldfjallinu og inn í það. Mælingarnar voru gerðar með frekar einföldum búnaði sem reyndist tiltækur. Niðurstöður mælinganna reyndust hins vegar það gagnlegar að fenginn var nýr og öflugri búnaður. Enn fremur var efnt til samstarfs við Konradin Weber, prófessor við háskólann í Düsseldorf í Þýskalandi, sem fólst í samanburðarmælingum og kvörðun ásamt mælingum í stormgögnum. Þá var efnt til samstarfs við Þorgeir Pálsson, er hann tók við prófessorsembætti við Háskólann í Reykjavík, og Ólaf Rögnvaldsson, hjá Reiknistofu í veðurfræði, um öskumælingar og líkanagerð.

Niðurstöður þessara rannsókna voru kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu í Keili á Reykjanesi. Í kjölfarið kom sendinefnd frá Háskólanum í Kyoto og heimsótti Rannsóknamiðstöðina, kynnti sér starfsemina og bauð Jónasi til Kyoto til þess að halda fyrirlestur á ráðstefnu. Þá var ákveðið að auka samstarfið á milli The Disaster Prevention Research Institute við Kyoto-háskóla og Rannsóknamiðstöðvarinnar og bauð japanska háskólastofnunin starfsmanni frá Rannsóknamiðstöðinni styrk til þess að vinna að samstarfsverkefni stofnananna og hófst sú samvinna í desember 2011.

Þegar Grímsvatnagosið hófst 21. maí 2011 var þessi rannsóknar- og þróunarvinna það langt komin að mögulegt var að gera mælingar sem voru það traustar og áreiðanlegar að hægt var að nota þær sem grundvöll ákvarðanatöku. Meðan á gosinu stóð var flogið níu sinnum til mælinga á ösku að beiðni Isavia og voru niðurstöðurnar úr sjö mælinganna notaðar jafnóðum við flugumferðarstjórn og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Með þessum mælingum reyndist unnt að halda flugvöllum á Íslandi opnum miklu lengur en annars hefði verið hægt meðan á gosinu stóð og með því móti spöruðust miklar fjárhæðir. Sem þakklætisvott færði Icelandair Háskóla Íslands að gjöf búnað sem ætlaður er til þess að mæla dreifingu ösku frá eldfjöllum, sem og svifryk og aðrar loftbornar agnir. Það voru þeir Jens Bjarnason framkvæmdastjóri og Bragi Baldursson deildarstjóri sem afhentu mælinn fyrir hönd Icelandair. Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvarinnar, Ragnar Sigbjörnsson prófessor, og Jónas Elíasson rannsóknaprófessor veittu mælinum viðtöku. Á sama tíma var undirritaður samstarfssamingur milli Icelandair og Rannsóknamiðstöðvarinnar um rannsóknir á sviði flugöryggis og dreifingar ösku frá eldfjöllum.

Þessar rannsóknir hafa vakið mikla athygli, sem leiddi m.a. til þess að grein var birt í hinu virta tímariti Nature 28. júlí 2012, auk þess sem Jónasi hefur verið boðið að kynna niðurstöður sínar víða um heim. Leitað hefur verið til hans varðandi sambærilega atburði á suðurhveli jarðar vegna truflunar á flugumferð.

Í janúar hélt Rannsóknamiðstöðin ráðstefnu um öskumælingar fyrir flug (Workshop: Measurements and simulation of volcanic ash for civil aviation) ásamt Flugumferðarstjórn, Icelandair og Isavia (http://www.hi.is/umhverfis_og_byggingarverkfraedideild/measurements_and_simulation_of_volcanic_ash_for_civil_aviation).

Hönnun bygginga á upptakasvæðum jarðskjálfta

Unnið er að rannsókn á áhrifum jarðskjálfta á mannvirki á upptakasvæðum. Helsta markmiðið með verkefninu er að bæta aðferðir við hönnun mannvirkja með sérstöku tilliti til þeirra stefnubundnu áhrifa sem greind hafa verið í nærsviði. Jarðskjálftahönnun mannvirkja í dag byggist á aðferðum sem þróaðar hafa verið með hjálp mæligagna frá svæðum sem eru að stærstum hluta í töluverðri fjarlægð frá upptökum. Af þessu leiðir vanmat álags á tiltekna gerðir mannvirkja og undirstöður

þeirra á upptakasvæðum þar sem stefnubundinna þátta gætir en ofmat áraunar á sumar algengar gerðir húsa. Undanfarna áratugi hefur mælingum á upptakasvæðum fjölgað mjög. Sem dæmi má nefna einstakar mælingar á jarðskjálftunum á Suðurlandi árin 2000 og 2008. Gagnabanki Jarðskjálftamiðstöðvarinnar inniheldur jafnframt umfangsmiklar mælingar af upptakasvæðum sem safnað hefur verið saman hjá samstarfsaðilum víða um heim. Einkennandi þættir nærsviðsáhrifa hafa verið greindir og hafa niðurstöður þar að lútandi hlotið alþjóðlega athygli. Áhrif þessara þátta á mannvirki eru veruleg, umfram það sem ætla mætti af hönnun byggðri á fjarsviðsáhrifum. Verkefni þetta er stutt af Rannsóknarnámssjóði Rannís og af Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.

Rannsóknir sem tengjast íslensku atvinnulífi

Í samræmi við lög og reglur um Háskóla Íslands og þá áherslu sem þar er lögð á að efla tengsl við atvinnulífið hefur verið reynt að veita íslensku atvinnulífi alla þá þjónustu sem eftir hefur verið leitað og sinna jafnt stórum og smáum verkefnum í þeim efnum.

Rannsóknamiðstöðin hefur átt þátt í að skilgreina hönnunarforsendur fyrir flest stærri mannvirki og framkvæmdir á Íslandi, sérstaklega orkumannvirki. Þar hefur mat á jarðskjálftaáraun á fyrirhuguðum byggingarsvæðum verið eitt aðalviðfangsefnið, ásamt útreikningum á svörun mannvirkja og áraun á tækjabúnað. Við það mat hafa jarðskjálftamælingar Rannsóknamiðstöðvarinnar gegnt mikilvægu hlutverki.

Áhrif jarðskjálfta á lagnir í jörðu er eitt af viðfangsefnum stofnunarinnar. Í ár hefur verið unnið að rannsókn á skemmdum á frárennislögnum í Hveragerði. Með rannsókninni er stefnt að því að tengja saman skemmdir lagnakerfis bæjarins, sem jarðskjálftinn 29. maí 2008 olli, og kennistærðir yfirborðshreyfinga í jarðskjálftanum. Verkefnið, sem er samstarfsverkefni Rannsóknamiðstöðvarinnar og Hveragerðisbæjar, er styrkt af Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr.

Vindverkfræði er eitt af þekkingarsviðum sérfræðinga Rannsóknamiðstöðvarinnar en vindáraun og áhrif hennar skipta miklu máli við hönnun og byggingu hárra húsa. Undanfarið hafa verið byggð allnokkur hús sem þykja há á íslenskan mælikvarða. Hönnuðir þessara bygginga hafa í mörgum tilfellum leitað ráða hjá sérfræðingum Rannsóknamiðstöðvarinnar.

Rannsóknasamvinna og kynningarstarfsemi

Rannsóknasamvinna og þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum er mikilvægur hluti starfseminnar. Samstarfsaðilar eru fjölmargir og koma víða að. Sérstök ástæða er til þess að nefna vísindamenn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, Bretlandi, Búlgaríu, Frakklandi, Grikklandi, Ítalíu, Japan, Kína, Noregi, Nýja-Sjálandi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Tyrklandi og Tælandi. Þess má geta að samstarf við vísindamenn við Vísinda- og tækniháskóla Noregs í Prándheimi (NTNU) hefur fengið aukið vægi og er vaxandi.

Á árinu hófst allstórt rannsóknaverkefni um áhrif jarðskjálfta í þéttbýli og er verkefnið fjármagnað af Evrópusambandinu. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi rannsóknarhópa frá Ítalíu og Portúgal, auk Íslands. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni <http://upstrat-mafa.ov.ingv.it/UPStrat/>.

Rannsóknaniðurstöður eru kynntar reglulega á ráðstefnum víða um heim. Hæst ber þátttaka í heimsráðstefnum í jarðskjálftaverkfræði og Evrópuráðstefnum í jarðskjálftaverkfræði sem haldnar eru fjórða hvert ár. Á ráðstefnunum flytja starfsmenn miðstöðvarinnar gjarnan erindi og setja upp veggspjöld, ásamt því að stýra fundum og umræðum.

Á árinu tóku allir starfsmenn Rannsóknamiðstöðvarinnar þátt í fimmtánda heimsráðstefnu jarðskjálftaverkfræðinga sem haldin var í Lissabon í Portúgal 24.–28. september. Þar kynntu þeir

rannsóknaniðurstöður sínar í ritrýndum rannsóknargreinum og héldu einnig fyrirlestra um efnið og kynntu á veggspjöldum. Framlag starfsmanna Rannsóknamiðstöðvarinnar var umtalsvert en þeir birtu alls 18 ráðstefnugreinar á ráðstefnunni.

Þá má geta þess að Ragnar Sigbjörnsson prófessor á sæti í ritstjórn tímaritanna Journal of Earthquake Engineering og Bulletin of Earthquake Engineering, sem og Journal of Wind Engineering, sem öll eru svokölluð ISI-tímarit, en auk þeirra má nefna tvö ný tímarit: International Journal of Earthquake Engineering and Hazard Mitigation og Journal of Earthquakes. Á árinu birtust 29 tímarits- og ráðstefnugreinar eftir starfsmenn Rannsóknamiðstöðvarinnar á alþjóðavettvangi.

Rannsóknamiðstöðin hefur boðið grunnskólanemum í 5., 6. og 7. bekk fræðslu í jarðskjálftavörnum og -viðbrögðum allt frá árinu 2001. Skólustjórnendur hafa verið mjög ánægðir með fræðsluna og þess má geta að fræðslan er skólunum að kostnaðarlausu. Tekið hefur verið á mótí tæplega 3.000 nemendum og forráðamönnum frá árinu 2001.

Rannsóknatengt framhaldsnám

Það hefur verið mikil gróska í rannsóknastarfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar og má fullyrða að hún hafi sjaldan verið meiri en á þessu ári. Fimm nemendur í doktorsnámi tengjast starfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar með beinum hætti og nokkrir meistaranemendur einnig. Ævar Harðarson lauk doktorsprófi í árslok 2012. Undanfarin ár hefur Rannsóknamiðstöðin haldið alþjóðleg framhaldsnámskeið á Selfossi í samvinnu við Háskólafélag Suðurlands. Námskeiðin, sem haldin eru á sumrin, eru á sviði jarðskjálftaverkfræði og áhættu- og viðbragðsstýringar vegna náttúruhamfara. Námskeiðin eru auglýst á alþjóðlegum vettvangi og henta einkum nemendum í rannsóknatengdu námi, ýmist meistara- eða doktorsnámi. Í júní var haldið námskeiðið „Natural Disaster Management“ (sem gaf 7,5e) og sóttu 11 námsmenn það víðs vegar að úr heiminum. Aðalleiðbeinandi á námskeiðinu var Sólveig Þorvaldsdóttir. Kennslan byggist á nánnum tengslum við fólk og umhverfi á Suðurlandi og þær hættur í náttúrunni sem þar eru. Allar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.earthquake.is.

Annað

Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar í jarðskjálftafræði við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu Starfssjóðs Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2012 fyrir mikilsvert rannsóknaframlag sem stuðlað hefur að framgangi verkfræðirannsókna við Háskóla Íslands. Viðurkenningin var veitt á ársfundi Verkfræðistofnunar þann 27. nóvember.

Sólveig Þorvaldsdóttir doktorsnemi styrk úr Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti við athöfn í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Í júní hélt Rannsóknamiðstöðin alþjóðlegt námskeið á meistarastigi um náttúruhamfarir og afleiðingar þeirra.

Á árinu var gerður samstarfsamningur við utanríkisráðuneytið um þátttöku Palestínumanna í námskeiði í viðlagastýringu vegna náttúruhamfara sem haldið var á Selfossi á árinu og undirbúningur að námskeiði í viðlagastýringu í Palestínu. Sólveig Þorvaldsdóttir fór til Palestínu 1. desember og fylgdist með námskeiðshaldi á sambærilegu námskeiði í Jerikó.

Upplýsingar um Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði og þá starfsemi sem þar fer fram má finna á heimasíðunni: <http://www.eerc.hi.is>.



Raunvísindastofnun

Raunvísindastofnun háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum, skýrslum og á ráðstefnum.

Í árslok 2012 störfuðu 29 akademískir sérfræðingar, ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum, við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands, þeir voru 46 í árslok 2012. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2012 nam velta stofnunarinnar 1.226,1 m.kr., sem er hækkun um 6,0 m.kr. frá árinu áður. Af veltu ársins komu 368,9 m.kr. af fjárlögum. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 107,5 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 750,0 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun skiptist í Jarðvísindastofnun háskólans og Eðlisvísindastofnun háskólans og er þeim lýst hér að neðan.

Eðlisvísindastofnun

Eðlisvísindastofnun háskólans skiptist í þrjár rannsóknastofur, Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir. Þannig er reiknifræðideild starfrækt á Stærðfræðistofu, háloftadeild á Eðlisfræðistofu og lífefnafræðideild á Efnafræðistofu. Forstöðumenn stofanna þriggja mynda stjórn stofnunarinnar ásamt forseta Raunvísindadeildar, sem er formaður. Guðmundur G. Haraldsson prófessor var formaður stjórnar til 30. júní er Hafliði Pétur Gíslason prófessor tók við starfinu. Í árslok 2012 störfuðu 33 kennarar Raunvísindadeildar við Eðlisvísindastofnun, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 12 akademískir sérfræðingar, en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar eru 10, nýdoktorar eru 8 og tæknimenn eru 3. Nemendur í framhaldsnámi eru samtals 80 og þar af eru 43 doktorsnemar. Sértekjur bókfærðar á stofnunina námu 332,2 millj.kr. árið 2012 en fjárveiting úr ríkissjóði var 130,5 millj.kr.

Eðlisfræðistofa

Almennt yfirlit og starfsmenn

Í ársbyrjun 2012 var Eðlisfræðistofa rannsóknavettvangur átta kennara við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, auk fjögurra sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Á Eðlisfræðistofu starfa einnig þrír tæknimenn Raunvísindastofnunar, þar af einn við háloftadeild. Átta verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum. Þá höfðu tveir fyrrverandi vísindamenn og tveir prófessorar emeriti starfsaðstöðu við stofuna. Stúdentar í rannsóknanámi voru á árinu 16 talsins, þar af 12 í doktorsnámi. Forstöðumaður Eðlisfræðistofu var Hafliði Pétur Gíslason prófessor.

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttfnis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrjár hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanókvörða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

Háloftadeild Raunvísindastofnunar heyrir undir Eðlisfræðistofu. Deildin rekur segulmælingastöð í Mosfellsbæ, auk tveggja norðurljósastöðva í samvinnu við Pólrannsóknastofnun Japans og tveggja ratsjárstöðva í samvinnu við breska og franska vísindamenn. Þá er Almanak Háskóla Íslands reiknað og búið til prentunar við deildina.

Mannabreytingar á árinu

Friðrik Magnus nýdoktor lauk í árslok þriggja ára störfum á Eðlisfræðistofu og hélt til Uppsala til rannsóknastarfa og Pétur Gordon Hermannsson hélt utan til frekara náms.

Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Eðlisfræðistofu námu um 146,6 millj.kr. árið 2012 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 49,8 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís þar sem stofumenn voru ýmist verkefnastjórar eða meðumsækjendur námu kr. 49.135 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 9 verkefni stofumanna á árinu um samtals 13.600 þús.kr. og Tækjasjóður Rannís um 13.912 þús.kr.

Nýir styrkir

- Páll Jakobsson hlaut styrk til verkefnisins Gammablossar – Leiftur úr fjarlægri fortíð. Styrkurinn nam 7.620 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 2.000 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Kjartan Thor Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Sameindalýsing á vatni úr Rannsóknasjóði Rannís. Styrkurinn nam 5.390 þús.kr.
- Tækjasjóður Rannís styrkti kaup á plasmalampa, púlsorkumæli og ljósgreiðu um 4.301 þús.kr., kaup á tækjabúnaði fyrir örtækniþjarna um 6.288 þús.kr. og kaup á GPU s fyrir vísindaleg módel um 3.323 þús.kr.

Framhaldsstyrkir

- Einar Örn Sveinbjörnsson hlaut 1.600 þús.kr. styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til þriðja árs verkefnisins Oxun kísilkarbíðs með hjálp alkalíjóna.
- Hafliði Pétur Gíslason hlaut, ásamt Sveini Ólafssyni og Haraldi Páli Gunnlaugssyni, dósent við Árósháskóla, styrk til verkefnisins Geislavirkar veilur í hálfleiðurum. Styrkurinn nam 6.040 þús.kr. á árinu úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.300 þús.kr. á árinu úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Ivan Shelykh hlaut, ásamt Kristjáni Leóssyni, Snorra Þorgeiri Ingvarssyni, Sveini Ólafssyni og Friðriki Magnus, auk erlendra samstarfsmanna, 24.270 þús.kr. öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís og 2.000 þús.kr. styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til annars árs verkefnisins Afburðasetur í ljósskauteindatækni.
- Kristján Leósson hlaut á árinu styrk að upphæð 6.290 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.600 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands ásamt samstarfsmönnum sínum, Alexöndru Boltassevu og Malte C. Gather, til verkefnisins Ljósmeignun rafgasbylgna.

- Sveinn Ólafsson hlaut, ásamt verkefnisstjóranum Oddi Ingólfssyni á Efnafræðistofu, árlegan styrk í þrjú ár, frá árinu 2010, að upphæð 1.200 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á árinu 2012 til verkefnisins Sólorkudrifin efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum.
- Viðar Guðmundsson hlaut, ásamt verkefnisstjóranum Andrei Manolescu við Háskólann í Reykjavík, 4.905 þús.kr. styrk úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.600 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á árinu 2012 fyrir annað ár verkefnisins Coulomb-víxlverkun og straumfræði í skammtafræðilegum kerfum.
- Gunnlaugur Björnsson hlaut styrk að upphæð 1.300 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Hýsilvetrarbrautir gammablossa.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 1.000 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Þróun háupplausnar nærsviðssmásjár á innrauða sviðinu.

Efnafræðistofa

Almennt yfirlit

Í árslok var Efnafræðistofa rannsóknavettvangur 12 kennara við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, eins kennara í matvælafræði og þriggja sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Tíu verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru ýmist greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum, fjárveitingu stofunnar eða af fyrirtækjum. Stúdentar í rannsóknámi voru 23 talsins á árinu, þar af 16 í doktorsnámi. Forstöðumaður Efnafræðistofu var Snorri Þór Sigurðsson prófessor.

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR- og massagreiningar. Við lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Starfsemi stofunnar tengist ýmsum sprotafyrirtækjum, til dæmis Carbon Recycling International (á vegum Odds Ingólfssonar).

Reglulegar málstofur í efnafræði voru haldnar og komu m.a. nokkrir erlendir vísindamenn í heimsókn til að halda þar erindi og kynna sér starfsemi stofunnar. Málstofan telst sem námskeið við Háskóla Íslands.

Mannabreytingar á árinu

Simon Harald Klüpfel varði ritgerð sína, Innleiðing og endurmat á Perdew-Zunger sjálforkuleiðréttingunni (Implementation and Reassessment of the Perdew-Zunger Self-Interaction Correction), í efnafræði 29. júní.

Rannsóknastyrkir

Sértekjur bókfærðar á Efnafræðistofu (ásamt lífefnafræðideild) námu 124,8 millj.kr. árið 2012 en fjárveiting úr ríkissjóði var 40,5 millj.kr. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti sjö verkefni stofumanna árið 2012 um samtals 9.500 þús. kr. og Tækjasjóður Rannís um 14.508 þús.kr.

Nýir styrkir

- Ágúst Kvaran hlaut styrk að upphæð 1.300 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Laser litrófsgreining sameinda – Háorkuljóssundrun sameinda.
- Egill Skúlason hlaut styrk að upphæð 6.660 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.300 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Rafefnafræðileg framleiðsla á áburði og vistvænu eldsneyti.

- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk að upphæð 6.940 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 700 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Efnasmíðar á metoxyl setnum eterlípiðum og n-3 PUFA.
- Hannes Jónsson hlaut styrk að upphæð 2.000 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Útreikningar á eiginleikum efna.
- Ingvar Helgi Árnason hlaut styrk að upphæð 1.000 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Smíði á 1,1'-kísilbrúuðum [5]ferrocenophan- og [5]chromoarenophan-komplexum.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 7.930 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Spunahreyfifræði og segulsviðsskynjarar.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk að upphæð 6.910 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið EPR-rannsóknir á kjarnsýrum með stífum spunamerkjum og trítílstakeindum.

Framhaldsstyrkir

- Andreas Pedersen hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2010–2012 fyrir verkefnið Dreifðir tölvureikningar og langtímaframvinda í efnum. Styrkurinn nam 3.660 þús.kr. árið 2012.
- Egill Skúlason hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2010–2012 fyrir verkefnið Rafefnafræðileg binding CO₂. Styrkurinn nam 4.440 þús.kr. árið 2012.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2010–2012 fyrir verkefnið Metoxylsetin eterlípið. Styrkurinn nam 5.800 þús.kr. árið 2012.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2010–2013 fyrir verkefnið Sólorkudrifin efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum. Styrkurinn nam 7.010 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.600 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands árið 2012.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2011–2013 fyrir verkefnið Spunamerking kjarnsýra án samgilda tengja. Styrkurinn nam 6.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.600 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands árið 2012.

Stærðfræðistofa

Almennt yfirlit og starfsmenn

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfræði. Reiknifræði og tölfræði heyra undir reiknifræðideild stofunnar.

Sértekjur bókfærðar á Stærðfræðistofu (ásamt reiknifræðideild) námu 60,8 millj.kr. árið 2012 en fjárveiting úr ríkissjóði var 39,1 millj.kr.

Mannabreytingar á árinu

Elínborg Ingunn Ólafsdóttir lektor lét af störfum við upphaf ársins. Mark Dukes sérfræðingur lét af störfum í lok febrúar. Eggert Briem prófessor lét af störfum í lok september vegna aldurs. Jan Valdman dósent lét af störfum í lok ársins. Birgir Hrafnkelsson lét af störfum sem sérfræðingur í lok ársins þegar hann var ráðinn í kennarastarf við Raunvísindadeild en hann heldur sem slíkur áfram störfum við reiknifræðideild. Anna Pachol var ráðin sem sérfræðingur 1. október. Rannsóknir hennar eru á sviði stærðfræðilegrar eðlisfræði.

Stærðfræði og stærðfræðileg eðlisfræði

Við rannsóknir í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði störfuðu á árinu níu kennarar í Raunvísindadeild og þrjár sérfræðingar. Einn prófessoranna við stofuna, Lárus Thorlacius, var einungis í hlutastarfi þar eð hann er forstöðumaður NORDITA-rannsóknastofnunarinnar í Stokkhólmi. Jafnframt voru á stofunni þrjár nemendur í rannsóknatengdu námi á þessum fræðasviðum, þar af einn í doktorsnámi.

Viðfangsefni stofunnar spanna margar sérgreinar stærðfræði og stærðfræðilegrar eðlisfræði. Þau helstu eru á sviði algebru og algebrulegrar rúmfræði, tvinnfallagreiningar og fágaðrar rúmfræði, skammtasviðsfræði, strengjafræði, óvixlinnar rúmfræði, Fourier-greiningar, fellagreiningar, ólínulegra hlutafleiðujafna, kvíslunarfræði og grúpufræði. Stærstu hóparnir vinna á sviði tvinnfallagreiningar, fágaðrar rúmfræði og stærðfræðilegrar eðlisfræði.

Niðurstöður rannsókna sinna birta starfsmenn stofunnar einkum í alþjóðlegum fagtímaritum en einnig kynna starfsmenn niðurstöður sínar á alþjóðlegum ráðstefnum og í fyrirlestrum við erlenda og innlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Starfsmenn stofunnar eiga öflugt samstarf á fræðasviðum stofunnar við vísindamenn víða um heim og algengt er að samstarfsmenn erlendis frá dvelji við stofuna til að vinna að sameiginlegum rannsóknaverkefnum.

Fram á mitt ár var Jón Ingólfur Magnússon prófessor forstöðumaður Stærðfræðistofu en þá tók Rögvaldur Möller prófessor við af honum.

Málstofa í stærðfræði hefur verið starfrækt á vegum stofunnar frá árinu 1975. Í málstofunni kynna starfsmenn stofunnar, vísindamenn á skyldum fræðasviðum og erlendir gestir eða samstarfsmenn rannsóknir sínar eða aðrar nýjungar í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Stefán Ingi Valdimarsson hafði umsjón með málstofunni og birtir tilkynningar varðandi hana í dagbók háskólans.

Reiknifræðideild

Á reiknifræðideild Stærðfræðistofu störfuðu á árinu þrjú fastir kennarar við Raunvísindadeild og tveir sérfræðingar. Jafnframt voru á reiknifræðideild átta nemendur í rannsóknatengdu námi, þar af sex í doktorsnámi.

Á deildinni eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfræði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfræði. Undir reiknifræðideildina heyrir Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfræði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfræði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfræði og nemendur langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors. Á vegum Tölfræðimiðstöðvar er einnig rekin málstofa í tölfræði.

Helstu viðfangsefni deildarinnar eru á sviði tölfræði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

Starfsmennirnir eiga margvíslegt samstarf á fræðasviðum deildarinnar við stofnanir, fólk og fyrirtæki, bæði innan lands og utan. Mætti þar nefna Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Stanford Systems Optimization Laboratory og Systems Biology Research Group við Kaliforníuháskóla.

Niðurstöður rannsókna sinna birta starfsmenn stofunnar í innlendum og alþjóðlegum fagtímaritum, sem og í skýrslum ýmissa stofnana og fyrirtækja sem þeir eiga samvinnu við.

Jarðvísindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar háskólans. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi háskólans. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum og byggja upp og veita aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfjallasetrið (Nordvulk), þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast grunnrannsókna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknsumhverfi fyrir nemendur og þjálfa þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

Fyrri hluta ársins sátu í stjórn Jarðvísindastofnunar Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar, formaður, Hreggviður Norðdahl, Jón Ólafsson, Ingi Þ. Bjarnason, Helgi Björnsson, og Freysteinn Sigmundsson. Unnið var að breytingum á starfsreglum Jarðvísindastofnunar í samræmi við niðurstöður stefnumótunarvinnu Jarðvísindastofnunar og Jarðvísindadeildar frá árinu 2011. Breytingarnar voru samþykktar á starfsmannafundi í maí og í kjölfarið staðfestar af stjórn Raunvísindastofnunar. Samkvæmt nýju starfsreglunum skal stjórnarformaður kosinn sérstaklega og horfið frá því að forseti Jarðvísindadeildar sé jafnframt stjórnarformaður stofnunarinnar. Eftir sem áður er stjórn Jarðvísindastofnunar skipuð sömu mönnum og deildarráð Jarðvísindadeildar, að frátöldum fulltrúum nemenda. Á starfsmannafundinum í maí var Þóra Árnadóttir kjörin formaður stjórnar en aðrir í stjórn af hálfu stofnunarinnar eru Ármann Höskuldsson og Áslaug Geirsdóttir. Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Sverrisdóttir voru kosnar til vara. Stjórnarmenn sem kosnir voru af Jarðvísindadeild voru Magnús Tumi Guðmundsson deildarforseti, Hreggviður Norðdahl varadeildarforseti og Andri Stefánsson. Nýja stjórnin tók til starfa 1. júlí og var Áslaug Geirsdóttir kosin varamaður stjórnarformanns. Rikke Pedersen er verkefnisstjóri Norræna eldfjallasetursins, sem er rekið sem hluti af Jarðvísindastofnun. Við Norræna eldfjallasetrið starfar norræn ráðgjafarnefnd um málefni setursins og stofnunarinnar, auk þess sem hún sér um að velja norræna styrkþega við setrið. Á árinu voru í nefndinni: Yngve Kristoffersen, prófessor við Háskólann í Bergen, Christian Tegner, lektor við Háskólann í Árósum, Ragnar Törnroos, prófessor við Háskólann í Helsingfors, Sten-Åke Elming, prófessor við Háskólann í Luleå, og Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri við Veðurstofu Íslands. Formaður fjárhagsnefndar Jarðvísindastofnunar var Helga Tulinius, jarðeðlisfræðingur frá verkfræðistofunni Mannviti, en nefndin tekur þátt í að ákveða skiptingu fjár innan stofnunarinnar. Í fjárhagsnefndinni sitja, auk formanns, formaður stjórnar Jarðvísindastofnunar, tveir formenn fagsviða og tveir fulltrúar norrænu ráðgjafarnefndarinnar.

Samanlögð velta Jarðvísindastofnunar á árinu var 646 m.kr. Tekjur til starfseminnar skiptust þannig: (1) fjárveitingar á fjárlögum 147 millj.kr.; (2) fjárveiting frá Norrænu ráðherranefndinni 107 millj.kr.; (3) ýmsar sértekjur, aðallega frá innlendum og erlendum samkeppnisjóðum og fyrirtækjum, 392 millj.kr.



Starfsfólk

Í árslok var samanlagður fjöldi starfsfólks Jarðvísindastofnunar og þeirra sem höfðu þar rannsóknaraðstöðu um það bil 125 manns. Starfsfólk Jarðvísindastofnunar skiptist þannig: akademískir sérfræðingar voru 17, verkefnaáðnir sérfræðingar 8, nýdóttarar 4 og kennarar með rannsóknaraðstöðu 12. Auk þess voru tveir fyrrverandi starfsmenn (emeritar) með rannsóknaraðstöðu við stofnunina og skrifstofu- og tæknimenn voru fimm talsins. Við Jarðvísindadeild voru alls 79 framhaldsnemar á skrá haustið 2012. Meistararnemar voru 47 og doktorsnemar 32, þar af 24 með starfsaðstöðu við stofnunina einhvern hluta ársins. Norrænir styrkþegar voru alls 12 á árinu, þar af sumir þeirra aðeins hluta ársins. Af þeim voru fjórir einnig í doktorsnámi.

Helgi Björnsson jöklafræðingur fór á eftirlaun síðla árs eftir langt og farsælt starf.

Rannsóknir

Jarðvísindastofnun skiptist í sex faghópa og starfa margir stofnunarmanna að verkefnum í fleiri en einum hópi.

1. Bergfræði og bergefnafræði. Oddviti faghópsins er Sigurður Jakobsson.

Í berg- og bergefnafræði er fengist við rannsóknir á kvikumyndun (bergbráð) í iðrum jarðar og hvernig kvikan breytist á leið sinni til yfirborðsins. Á þeirri leið kólnar hún og kristallar myndast og efnaskipti verða við grannbergið í gosrásinni sem leiða til mjög breytilegrar gerðar storkubergs á yfirborði jarðar og í jarðskorpunni. Auk tilrauna þar sem kristöllumunarferli kviku við háan þrýsting og hita er kannað náðu rannsóknir hópsins til víðtækra athugana á þeim kvikuferlum sem höfðu afgerandi áhrif á framvindu gosanna í Eyjafjallajökuli 2010 og Grímsvötnum 2011 og má þar nefna rannsóknir á ferlum og tímaskölum kvikublöndunar, sem og afgösum og sundrunarferli kviku í gosrásum. Jafnframt var unnið að rannsóknum á koltvísýringssmettum og -afgösum á basaltkviku í tengslum við Skaftáreldagosið, rannsóknir á strontíumsamsætum í ummyndunarsteindum á jarðhitasvæðum þar sem rekja má feril strontíums frá úrkomu (sjávarstrontíums) í efstu jarðlögum háhitasvæða; uppruna plagíóklas í stórdílóttu basalti með samanburði á strontíumsamsætum díla og grunnmassa; og greiningu lofttegunda í kvikuinnlyksum í kristöllum gosbergis í þeim tilgangi að meta heildarmagn lofttegunda í mismunandi kviku. Unnið var að endurbótum í hreinrými (cleanlab), einkum aðferðum við mælingar á Pb- og Nd-samsætum í frumstæðu bergi. Önnur viðfangsefni eru rannsóknir á U-snaudu líparíti frá El Hierro gosinu 2011–2012 þar sem kvartssandur frá Vestur-Afríku hefur breytt samsetningu sínu kvikunnar úr undirmettun í yfirmettun með tilliti til kísils og svo alhliða bergfræðiathuganir og aldursgreining á gosbergsmyndunum sem tengjast myndun og samsöfnun nikkelmálmsteinda í Cosmos-jarðlagastaflanum í Vestur-Ástralíu.

2. Ísaldarjarðfræði og setlagfræði. Oddviti faghópsins er Ármann Höskuldsson.

Rannsóknir á sviði ísaldar- og setlagfræði beinast að umhverfisbreytingum sem lesa má úr fornum jarðlögum og þeim eðlis-, efna- og líffræðilegu ferlum sem mótað hafa yfirborð jarðar. Helstu áhersluþættir eru breytingar á jökulum og jökulrof, straumvatna- og afrennslisþættir, vindrof, jarðvegseyðing og -myndun, setmyndun í stöðuvötnum og sjó, landmótun við strendur og sjávarstöðubreytingar sem tengjast breytingum á jökulum og hreyfingum lands (höggun) og saga lífríkis sem lesin er úr steingervingum. Loftslagsbreytingar eru enn fremur stórt rannsóknarefni og tengsl þeirra við hafstrauma og veðurfar. Meðal rannsóknaverkefna á árinu má nefna áframhaldandi rannsóknir á setkjörnum úti fyrir Norðurlandi með áherslu á loftslagsbreytingar á síðustu þúsund árum. Einnig var haldið áfram með rannsóknir á sjávarsetskjörnum fyrir vestan og norðvestan land með áherslu á loftslagsbreytingar á síðustu tíu þúsund árum, auk segulmælinga sem beitt er til þess að auðvelda aldurstengingar á milli breytinga sem vart verður í sjávarseti og í stöðuvatnaseti. Rannsókn á setkjarna úr Lagarflijóti var

fram haldið en markmið hennar er m.a. að varpa ljósi á framhlaupasögu Eyjabakkajökuls og að bæta öskulagatímatalið fyrir Austurland frá lokum síðasta jökulskeiðs. Þá var unnið áfram að rannsóknum sem varða jöklunarsögu Svalbarða og Barentshafs. Rannsóknir á seti Hvítárvatns með tilliti til loftslagsbreytinga á síðustu tíu þúsund árum og þróun Langjökuls á tímum litlu ísaldarinnar var haldið áfram, auk þess sem haldið var áfram með rannsóknir á stöðuvötnum við Drangajökul í því skyni að draga fram sögu jökulsins á svipaðan hátt og gert hefur verið með set úr Hvítárvatni og annars staðar við Langjökul. Rannsóknir og kortlagning á setlögum við Eyjabakkajökul voru gerðar til þess að draga fram einkenni framhlaupsjökla, auk þess sem unnið var úr sams konar gögnum frá Múlajökli. Innan faghópsins fara einnig fram yfirgripsmiklar rannsóknir á gjóskulögum í jarðvegssniðum, stöðuvatnaseti og sjávarseti, einkum með tilliti til tímasetninga og tenginga milli land- og sjávarumhverfis. Starfshópur innan faghópsins vann að rannsóknum á gjósku frá eldgosunum í Grímsvötnum 2011 og Eyjafjallajökli 2010. Jafnframt hefur sá hópur unnið við rannsóknir á gjósku úr eldri eldgosum vegna skýrslugerðar fyrir ICAO (International Civil Aviation Organization), sem og við samantekt um eldvirkni á Íslandi (Catalogue of Icelandic Volcanoes) síðustu 12 þúsund ár í samstarfi við Veðurstofu Íslands. Önnur verkefni hópsins eru rannsóknir á fornum eldgosum og eldgosafærlum í samstarfi við háskóla og stofnanir í Danmörku, Noregi, Sviss, Ítalíu, Bretlandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð. Á árinu voru keypt eftirtalin tæki fyrir rannsóknastofu hópsins: Sedigraph til fínkornamælinga, Particleinsight til kornalögunargreininga, rafeindasmásjá til smákorna-, form- og efnagreininga, frostþurrkunartæki, þurrkofn, sigtasúlur, sigtahristarar, setkjarnagreiningartæki og setkjarnaskurðtæki, röntgenbyssá til efnagreininga og tvö mælitæki til rykmælinga í andrúmslofti.

3. Jarðeðlisfræði og eðlisræn jarð- og landfræði. Oddviti faghópsins er Magnús Tumi Guðmundsson.

Innan fagsviðsins er unnið að rannsóknum í eldfjallafræði, gjóskulagafræði, jarðefnafræði skammlífra samsætna, varma- og vökvafræði jarðefna, fornsegulfræði jarðlagastaflans, fjarkönnun og landupplýsingum, jarðlagafræði, jarðvegsfræði og frjókornarannsóknnum. Stundaðar eru rannsóknir á jarðfræðilegri uppbyggingu Íslands, kvikuferlum til yfirborðs og eldvirkni og áhrifum eldgosa á samfélagið, kolefnabúskap (þ.e. bindingu og losun kolefna) og áhrif hans á loftslagsbreytingar og efnaveðrun (tæringu bergs) á vatnasviðum landsins. Starfsemin tengist jöklafræði, ísaldarjarðfræði, berg- og jarðefnafræði og jarðvegs- og fornvistfræði. Rannsóknir faghópsins beindust töluvert að eldgosum á árinu, m.a. Grímsvatnagosinu 2011 og gosunum í Eyjafjallajökli 2010. Í tengslum við þetta tók faghópurinn þátt í stýrihópum og annarri vinnu vegna ICAO-skýrslu um Eyjafjallajökulsgosið, að rita samantekt um eldvirkni á Íslandi og gera bráðabirgðahættumat vegna jökulhlaupa frá ísi þöktum eldfjöllum, í samvinnu við Veðurstofuna og Almannavarnir (sjá einnig faghóp um ísaldar- og setlagafræði). Unnið var að eftirliti með jarðhita í Mýrdalsjökli og fleiri jöklum. Hafin var vinna við þá þætti FutureVolc-verkefnisins sem snúa að faghópnum. Jafnframt hófst á árinu nýtt Marie Curie netverkefni, NEMOH, sem snýst um þjálfun doktorsnema í eldfjallafræði. Unnið er að rannsóknum í fornsegulfræði sem leiddu m.a. til endurskoðunar á aldri eldvirknitímabils sem kennt er við Skálamælifell á Reykjanesskaga og er nú talið hafa verið fyrir um 90 þúsund árum. Á því tímabili urðu til nokkur af fjöllum skagans og þá var jafnframt stefna jarðsegulsviðsins mjög óvenjuleg. Úrvinnslu á bergsegulmælingum á yfir 5000 íslenskum hraunum lauk á árinu og mun grein um það birtast í evrópsku tímariti í október 2013. Einnig var unnið að rannsóknum á segulsviðsfrávikum í Stardal og á Hvanneyri. Grein um Stardalsfrávikni mun birtast í Jökli 2013. Þá var unnið að rannsóknum á bergsegulmagni sunnan Ísafjarðardjúps.

4. Jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun. Oddviti faghópsins er Sigurður Reynir Gíslason.

Unnið er að rannsóknum á efnafræði vatns og gass, efnaskiptum vatns og gufu við berg, jarðveg, andrúmsloft, lífrænt efni og lífverur. Einkum er fengist við efnafræði jarðhitavökva og eldfjallagass, straumvötn, sjó og ís, samsætur (H, O, C, Cl, S, o.fl.), efnaveðrun og tilraunir með efnaskipti vatns, bergs og lífræns efnis, ásamt líkangerð í jarðefna- og jarðhitafræðum. Jarðefnafræði eykur skilning á efnaferlum í jarðhita og eldfjallakerfum og þróun og ástandi í há-

og lághitakerfum, í grunnvatni, ölkelduvatni, straumvatni og sjó. Þekking á jarðefnafræði vatns er mikilvægur þáttur umhverfisrannsókna, t.d. vegna súrnunar sjávar og efnamengunar frá eldgosum. Gerðar eru geislakolsaldursgreiningar á vatni, jarðfræðilegum sýnum og fornleifum. Á árinu 2011 fékk vatnsefnafræðihópurinn þrjá styrki sem eru til þriggja til fimm ára frá Evrópusambandinu og einnig norrænan styrk og svissneskan styrk, auk fjölda innlendra styrkja árið 2012. Árið 2012 bættist einn Evrópustyrkur við fyrir svokallað CO₂-react verkefni. Verkefnin sem Evrópusambandið styrkti á árinu 2012 eru: Carbfix, sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni um bindingu kolefnis í bergi; MINSC, sem er samstarfsnet evrópskra rannsóknastofnana og fyrirtækja til þjálfunar ungra vísindamanna í rannsóknum á útfellingumsteindum; MetTrans, sem er einnig samstarfsnet til þjálfunar ungra vísindamanna í rannsóknum á leysingu málma í náttúrunni; og CO₂-react er enn eitt samstarfsnet til þjálfunar ungra vísindamanna í rannsóknum á bindingu kolefnis í bergi. Þremur eftirtöldum verkefnum sem Evrópusambandið styrkir lýkur á næstu þremur árum: Verkefni um sjálfbærni (CONVERGE) lýkur 2013, verkefni um jarðveg, sem er fimm ára verkefni (SOILTREC), lýkur í lok árs 2014, og verkefni um kolefnisbúskap hafnsins á tímum veðurfarsbreytinga lýkur 2015 (CARBOCHANGE). Verkefni, sem nefnist NORDICCS, var komið á fót til þess að tengja norrænar rannsóknastofnanir og fyrirtæki sem fanga kolefni og binda það í bergi. Tilgangurinn er að efla þessar rannsóknir innan stofnananna og efla samstarf þeirra á Norðurlöndum. COTERM er svissneskt verkefni um líkangerð og þróun reiknilíkana fyrir efnafræði og grunnvatnsfræði jarðhitakerfa. Innlendir verkefnastyrkir fengust enn fremur til fjölmargra verkefna og mörg verkefni frá fyrri árum voru enn í gangi árið 2012, eins og t.d. verkefni um fornveðurfar lesið úr samsætumælingum á NEEM-ískjarnanum á NV-Grænlandi, en til þess var veittur styrkur til ársloka 2013.

5. Jarðafis- og jarðskjálftafræði. Oddviti faghópsins er Páll Einarsson.

Innan fagsviðsins er unnið að rannsóknum á innri gerð eldstöðva og jarðskorpunnar og efri hluta möttulsins. Jarðskorpuhreyfingar vegna landreks, jarðskjálfta, kvikuhreyfinga, fargbreytinga frá jöklum, snjóþekju og vinnslu jarðhitavökva á virkjunarsvæðum, eru mældar með GPS, bylgjuvíxl-mælingum (InSAR) og hallamælingum. Aukinn skilningur fæst með því að gera líkön sem herma eftir mældum landhreyfingum. Til að fylgjast með kvikuhreyfingum í iðrum jarðar var land mælt við Bárðarbungu, Grímsvötn, Öskju, Heklu, Kötlu, Eyjafjallajökul, Kröflu, Hengil, Þeistareyki og Krýsuvík. Fylgst var náið með kvikufærslu í Grímsvötnum í gosinu í maí 2011 með samfelldum GPS-mælingum með einnar sekúndu söfnun. Þær mælingar sýndu m.a. að um 2/3 hlutar heildarfærslu kvikunnar í gosinu varð áður en gosið hófst. Auk eldfjallamælinga var land mælt með þéttu landmælinganeti á Reykjanesskaga og Suðurlandi. GPS-mælanet var rekið tímabundið vegna skjálftavirkni í Húsmúla, sem hófst í september 2011 og tengist niðurdælingu á affallsvatni frá Hellisheiðarvirkjun. Öndvegissstyrkur frá Rannís var veittur til verkefnisins Innviðir eldfjalla. Freysteinn Sigmundsson leiðir verkefnið, sem er samstarfsverkefni Jarðvísindastofnunar, Veðurstofunnar og nokkurra erlendra rannsóknahópa. Markmiðið með því er að rannsaka innri gerð eldfjalla og meta eðliseiginleika þeirra með þrívíðum líkönum sem tengja saman niðurstöður úr rannsóknum sem gerðar eru með mismunandi aðferðum, s.s. aðferðum í jarðefnafræði og jarðskjálftafræði og með mælingum á jarðskorpuhreyfingum. Stofnunin tekur þátt í rekstri um 40 færanlegra jarðskjálftamæla við Kröflu, Öskju og Upptýppinga. Stjórnandi verkefnisins, Robert S. White, prófessor við háskólann í Cambridge, gegnir einnig stöðu gestaprófessors við Háskóla Íslands.

6. Jökla-, haf- og hafísrannsóknir. Oddviti faghóps er Helgi Björnsson.

Á árinu 2012 bættist í hópinn ný staða dósents í jöklafræði; henni gegnir Guðfinna Aðalgeirsdóttir. Auk þess er jöklafræðingurinn Gwenn E. Flowers gestaprófessor við Háskóla Íslands. Eyjólfur Magnússon er í stöðu nýdoktors sem kostuð er af SVALI, norrænu öndvegissverkefni í jöklafræði. Tveir doktorsnemar og einn meistaranemi stunduðu nám í jöklafræði. Faghópurinn vinnur m.a. að rannsóknum á jöklum Íslands, fyrr, nú og á komandi tímum, stærð þeirra, lögun, afkomu, hreyfingu og afrennsli jökulvatns. Hópurinn vinnur að því að kortleggja yfirborð og botn jöklanna, mæla afkomu og orkuskipti við yfirborð þeirra, ísflæði, gera veðurathuganir á jöklum, vinna að fjarkönnun úr gervitunglum og flugvélum og kanna framhlaup

og kelfingu í jökullón. Gerð eru reiknilíkön af afkomu og hreyfingu og viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum, rennsli vatns um jökla er kannað, sem og vatnsforði sem bundinn er í jöklum og hætta sem stafar af jöklum vegna jökulhlaupa frá jaðarlónum og lónum á jarðhitasvæðum undir jöklum eða við eldgos í jöklum er metin, auk viðbragða jarðskorpunnar við breytingum á jökulfargi. Með gervitunglamyndum og landupplýsingakerfum er fylgst með hafísútbreiðslu á Norður-Atlantshafi, þörungablóma, yfirborðshita sjávar og olíumengun í sjó. Breytingar á jöklum og hafís við Ísland eru einnig kannaðar út frá sagnfræðilegum gögnum. Í samvinnu við Hafrannsóknastofnun er unnið að rannsóknum á súrnun sjávar í Norður-Atlantshafi vegna þess að sjór dregur í sig æ meiri koltvísýring við aukin gróðurhúsaáhrif í andrúmslofti. Samsætumælingar eru framkvæmdar í ískjörnum frá Grænlandi og loftraka er safnað sjálfvirk og samsætustyrkur hans mældur til að auka skilning á þeim eðlisfræðilegu ferlum sem valda fylgni samsæta við veðurfar. Meðal rannsóknaverkefna á árinu má nefna áframhaldandi mælingar á afkomu og orkubúskap Vatnajökuls og Langjökuls en þessar mælingar ná nú næstum til tveggja áratuga. Áhrif eldgosanna í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011 á afkomu og leysingu voru könnuð með mælingum og reiknilíkönum. Unnið var að korti af botni Örafajökuls byggðu á íssjarmælingum og það birt, auk þess sem fyrstu mælingar voru gerðar með íssjá til að meta uppsöfnun vatns í jarðhitakötlum Mýrdalsjökuls. Einnig var snjóþykkt metin á mælisniðum milli afkomumælistaða á Vatnajökli með jarðsjá. Skriðhraði á yfirborði jökla og tenging hans við vatnsrennsli við botn var kannað með gervitunglagögnum og samfelldum GPS-mælingum á yfirborði jökla. Fylgst var stöðugt með vatnstöðu í Grímsvötnum og niðurstöður sendar samfelld til byggða. Nákvæm hæðarkort voru unnin út frá LiDAR-mælingum og gervitunglamyndum, auk þess sem nokkur jöklasvæði voru kortlögð með LiDAR í fyrsta sinn. Breytingar á ísforða allt frá lokum litlu ísaldar voru metnar af gömlum kortum og jökulminjum, sem sýna fyrri stöðu jöklanna. Reiknilíkön voru notuð til að herma breytingar á jöklum frá lokum litlu ísaldar. Áfram var unnið að líkangerð um breytingar á jöklum á komandi árum að gefnum forsendum um veðurfar. Unnið var að mælingum og sýnatöku til mats á orkubúskap Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi og kelfingu jökulíss í lónið. Einnig voru tekin vatnssýni og komið fyrir ýmsum skynjurum í Öskjuvatni til að skoða efnasamsetningu, lagskiptingu og orkubúskap Öskjuvatns. Niðurstöður jöklarannsóknna voru kynntar í um tug ritrýndra greina og fjölmörgum fyrirlestrum og veggspjöldum á ráðstefnum innanlands og erlendis. Fylgst var með efnabreytingum í hafinu umhverfis landið með ársfjórðungslegum mælingaferðum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Samsætur NEEM 08 S3 kjarna frá NV-Grænlandi voru mældar og sjálfvirk rakasöfnun og samsætumælingar gerðar í Garðskagavita. Fylgst var með útbreiðslu hafíss nærri Íslandi og Ingibjörg Jónsdóttir hafíssérfræðingur tók þátt í leiðangri kínversks ísbrjótis á hafísslóðum á norðurhveli.

Önnur starfsemi

Engar meiriháttar náttúruhamfarir urðu á Íslandi á árinu 2012. Vísindamönnum Jarðvísindastofnunar gafst því nokkurt tóm til að vinna úr þeim aragrúa upplýsinga sem var aflað í tengslum við gosin í Eyjafjallajökli 2010 og í Grímsvötnum 2011. Þessa sér stað í útgáfu fjölda vísindagreina (http://jarðvis.hi.is/greinar_2012) en á árinu birtu starfsmenn Jarðvísindastofnunar 71 grein í ISI-skráðum tímaritum, auk annarra greina á alþjóðlegum vettvangi og greina og skýrslna í íslenskum ritum. Af þeim fjalla 14 um gosin í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011. Merkar niðurstöður varðandi breytingar á loftslagi síðustu 10 þúsund ár birtust í a.m.k. tveimur greinum á árinu.

Af skýrslum sem voru gefnar út 2012 var svonefnd ICAO-skýrsla um gosið í Eyjafjallajökli viðamest en henni ritstýrði Barði Þorkelsson. Skýrslan var unnin í samstarfi við Veðurstofu Íslands og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, að beiðni alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Rannsóknnum á þessum tveimur gosum er þó alls ekki lokið og munu þær væntanlega setja svip á starfsemina næstu ár, ekki síst rannsóknir á umhverfisáhrifum slíkra gosa.

Aðrar skýrslur sem má nefna er skýrsla sem Þóra Árnadóttir vann með starfshópi sem rannsakaði verklag vegna örvaðrar skjálftavirkni í jarðhitakerfum. Skýrslan var unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og kom út 14. september 2012 (skýrsla nr. 2012-24). Haustið 2012 kom út bókinn Kolefnishringrásin eftir Sigurð Reyni Gíslason, sem er vísindarit sem nýtist fagfólki og almenningi. Undanfarin ár hafa margir vísindamenn stofnunarinnar unnið að bókinni Náttúruvá á Íslandi, sem er unnin að frumkvæði Viðlagatryggingar Íslands. Vinnan tafðist þó mjög vegna gosanna 2010 og 2011 og því var lokahrinin í því mikla verki unnin árið 2012. Bókin var að mestu tilbúin í árslok en ekki tókst þó að ljúka prentun á árinu. Þá tóku starfsmenn ýmist þátt í fjölda ráðstefna, innan lands sem utan, eða stóðu að þeim.

Dæmi um kynningarstarf vísindamanna Jarðvísindastofnunar innan lands árið 2012:

- Starfsmenn Jarðvísindastofnunar tóku þátt í að skipuleggja vetrarmót norrænna jarðfræðinga (30th Nordic Geological Winter Meeting, NGWM), sem var haldið í Reykjavík í janúar 2012. Einnig héldu þeir þar fjölmörg erindi og kynntu rannsóknir með veggspjöldum.
- Á árinu tók Jarðvísindastofnun þátt í undirbúningi tveggja ráðstefna fyrir árið 2013: International Workshop on Earthquakes in North Iceland, sem verður haldin á Húsavík í júní 2013 og fjallar um jarðskjálftahættu á Tjörnesbrotabeltinu, og Surtsey 50th Anniversary Conference, sem haldin verður í Reykjavík í ágúst 2013.
- Norrænn sumarskóli á vegum NordVulk var haldinn á Leirubakka og Kirkjubæjarklaustri dagana 20.–29. ágúst og fjallaði að þessu sinni um gjóskulagafræði. Þátttakendur voru 48, 36 norrænir þátttakendur og 12 frá öðrum löndum.
- Þátttaka í fundaröð jarðhitaverkefnisins GEORG (Seminars on Deep Roots of Geothermal Systems).

Vöktun virkustu eldfjalla Íslands og helstu jarðskjálftasvæða er mikilvægur þáttur í starfsemi Jarðvísindastofnunar. Tilgangurinn er að geta sagt fyrir um hegðun náttúruatburða og hugsanlega tímasetningu. Þessi þáttur var eflur á árinu, einkum hvað varðar mælingar á jarðskorpuhreyfingum. Skortur á tækjum og viðgerð á þeim gömlu stóð grunnrannsóknnum á eldstöðvum nokkuð fyrir þrifum og var hafin fjárflyunarherferð til kaupa á nýjum örgreini en slíkt tæki er ómissandi við marktækar eldfjallarannsóknir.

Einn merkasti viðburður ársins hvað varðar rannsóknir í eldfjallafræði var upphaf FutureVolc-eldfjallarannsóknaverkefnisins, sem 26 aðilar frá níu Evrópulöndum koma að og Freysteinn Sigmundsson stjórnar. Verkefninu var formlega hrundið af stað í október 2012 og kemur það til með að standa í þrjú og hálf ár. Verkefnið er samevrópskt og fellur undir sjöundu rammaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Miklar vonir eru bundnar við árangur þess við að auka þekkingu á hegðun eldfjalla og forspár. Markmiðin eru að koma á fót samhæfðu vöktunarkerfi á eldfjöllum og að þróa aðferðir til að meta hættu af einstökum atburðum. Einnig er ætlunin að efla skilning vísindasamfélagsins á kvikuferlum í jarðskorpunni og bæta upplýsingagjöf til almannavarna og yfirvalda. Þetta er eitt stærsta rannsóknaverkefni sem íslenskur vísindamaður hefur stjórnað.

Þó að eldfjallafræði sé áberandi hluti af starfi Jarðvísindastofnunar er þar fengist við fjölmargar rannsóknir sem ekki tengjast eldfjöllum. Viðamiklar jöklarannsóknir eru stundaðar, sem og rannsóknir á vatni, hafi og andrúmslofti, með aðferðum jarðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Mikill áhugi er á að styrkja hafrannsóknir á stofnuninni. Þá er lögð áhersla á setlagfræði og jarðlagfræði innan stofnunarinnar.

Líf- og umhverfisvísindastofnun

Almennt yfirlit

Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands var formlega stofnuð á degi íslenskrar náttúru, 16. september 2011, sem rannsóknaveitvangur starfsmanna Líf- og umhverfisvísindadeildar en það eru kennarar í líffræði, landfræði og ferðamálafræði, auk verkefnaráðinnna sérfræðinga og framhaldsnema. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og með því leggja sitt af mörkum til að Háskóli Íslands nái langtímamarkmiðum sínum um samkeppnishæfni gagnvart bestu rannsóknaháskólum heims. Þessar rannsóknir munu stuðla að uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og verðmætasköpun í þágu íslensks samfélags í anda markmiða háskólans.

Við stofnunina starfaði 31 kennari, tveir gestaprófessorar, fjórir emerítar, einn sérfræðingur og 23 aðrir starfsmenn við rannsóknir, aðallega þeir sem eru ráðnir í tengslum við ákveðin verkefni. Stofnunin hefur einnig umsjón með rannsóknaverkefnum 106 framhaldsnema, þar af 62 doktorsnema. Styrkir til rannsókna innan Líf- og umhverfisvísindastofnunar úr samkeppnissjóðum og öðrum sjóðum námu um 280 m.kr. á árinu og verðmæti rannsóknatækja í eigu stofnunarinnar er yfir 300 m.kr.

Við stofnunina störfuðu 23 kennarar, einn gestaprófessor, svo og sérfræðingar og starfsmenn við rannsóknir, margir þeirra ráðnir í tengslum við ákveðin verkefni. Alls voru birtar 5148 greinar sem tengjast stofnuninni.

Vettvangur rannsókna við stofnunina skiptist í tvær rannsóknastofur, Líffræðistofu og Land- og ferðamálafræðistofu.

Stjórn

Í stjórn Líf- og umhverfisvísindastofnunar voru á árinu: Kesara M. Anamthawat-Jónsson, prófessor í líffræði, formaður stjórnar, Ólafur S. Andrésen, prófessor í líffræði, stofustjóri Líffræðistofu, Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði, stofustjóri Land- og ferðamálafræðistofu, Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði, og Zophonías O. Jónsson, dósent í líffræði.

Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa er önnur tveggja stofa sem heyra undir Líf- og umhverfisvísindastofnun og er til húsa í Öskju. Stofan er vettvangur rannsókna í landfræði og ferðamálafræði. Á árinu störfuðu við hana átta kennarar, sem skiptust jafnt á milli landfræði og ferðamálafræði, og einn nýdoktor í landfræði og einn gestaprófessor, Rattan Lal, prófessor við Ohio State University í Bandaríkjunum. Framhaldsnemendur unnu að meistara- og doktorsverkefnum sínum við stofuna.

Starfsmenn afla tekna fyrir rannsóknir og tækjabúnað frá alþjóðlegum og innlendum samkeppnissjóðum, ráðuneytum, opinberum stofnunum og fyrirtækjum.

Viðfangsefni stofunnar spanna mismunandi sérsvið landfræði og ferðamálafræði.

Í landfræði er sjónum beint að samspili fólks og náttúru en sérhæfing landfræðinga snýr ýmist að náttúru eða samfélagi. Í náttúrufræði tengist rannsóknastarfsemin mjög jarðvegsfræði, fornvistfræði og náttúruvæ. Stundaðar eru rannsóknir á jarðvegsmyndun á mismunandi tímaskala og þeim þáttum sem hafa mótandi áhrif á jarðvegseiginleika, s.s. landnotkun, loftslag og eldvirkni og afleiðingar þessara þátta. Þá skipa rannsóknir á þróun gróðurfars á mismunandi tíma frá upphafi

nútíma til dagsins í dag mikinn sess og skoðað er á hvern hátt loftslag, eldvirkni og mannvist hafa orkað á það. Þessu tengdar eru rannsóknir á gróðureyðingu og jarðvegsrofi, sem og áhrifum rofs og uppsöfnun sets á næringarefni og bindingu og losun kolefnis. Sérstök áhersla er lögð á náttúruvá, eðli hennar og áhrif m.a. á jarðveg, gróður og samfélag almennt og nærsamfélag sérstaklega, sem og skynjun og viðbrögð almennings við náttúruvá.

Rannsóknir í mannvistarlandfræði hafa einkum snúist um þrjá málaflokka: byggða- og atvinnuþróun á Íslandi, á norðurslóðum og í þróunarlöndum, samgöngur í borgarumhverfi og landslag. Þróun atvinnulífs og búsetu hefur lengi verið eitt af meginviðfangsefnum mannvistarlandfræðinga við Háskóla Íslands. Síðastliðinn áratug hefur kynjafræðileg greining á byggðaþróun verið viðfangsefni í rannsóknum tveggja starfsmanna.

Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu tækjakosts í náttúrufræði til að styðja rannsóknir úti í náttúrunni og á rannsóknastofum.

Í ferðamálafræði er fjölbreyttum rannsóknum sinnt, meðal annars á tengslum náttúru og ferðamennsku, menningartengdri ferðaþjónustu og hagrænum áhrifum ferðamennsku. Starfsmenn stofunnar birta niðurstöður rannsókna sinna einkum í alþjóðlegum fag tímaritum og bókum en einnig í innlendum tímaritum og skýrslum sem gefnar eru út af Háskóla Íslands og öðrum háskólastofnunum. Þá eiga starfsmenn stofunnar öflugt samstarf við aðra starfsmenn innan Háskóla Íslands og stofnana hans, innlendar rannsókn- og þjónustustofnanir og við vísindamenn erlendis.

Á árinu birtu starfsmenn land- og ferðamálafræðistofu 14 greinar í ISI-skráðum tímaritum og aðrar greinar á alþjóðlegum vettvangi, níu greinar í íslenskum fagritum og tvær skýrslur. Þá stóðu starfsmenn stofunnar fyrir ráðstefnum og tóku þátt í fjölda ráðstefna.

Líffræðistofa

Líffræðistofa er önnur tveggja rannsóknastofa Líf- og umhverfisvísindastofnunar. Við Líffræðistofu stunda kennarar Líf- og umhverfiseildar og aðrir sérfræðingar á sviði líffræði og náskyldra greina rannsóknir sínar og teljast þeir starfsmenn stofunnar. Stofan er vettvangur lífvísindarannsókna á sviði sameindalíffræði, örverufræði, fiski- og sjávarlíffræði, vist- og þróunarfræði, grasafræði og skyldra greina. Forveri Líffræðistofu var Líffræðistofnun háskólans sem stofnuð var fyrir um fjórum áratugum og sem sinnti rannsóknum á líffræði, bæði grunnrannsóknum og þjónusturannsóknum. Stofnunin gaf út fjölrít og skýrslur, auk þess að sjá um rannsóknaraðstöðu.

Árið 2012 störfuðu 15 kennarar og einn sérfræðingur við Líf- og umhverfisvísindadeild við stofuna, auk framhaldsnema.

Verkefni Líffræðistofu eru gjarnan unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila, innanlands sem utan. Tekjur stofunnar eru að mestu sértekjur af rannsóknastyrkjum en einnig hlutdeild í framlagi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs til Líf- og umhverfisvísindastofnunar.

Líffræðistofa gekkst á árinu fyrir föstudagsfyrirlestraröð sem er framhald af fyrirlestraröð Líffræðistofnunar sem hófst á Grensásvegi 12 og hafa þessir fyrirlestrar verið haldnir með hléum í meira en tvo áratugi. Þeir eru vettvangur fyrir starfsfólk og nemendur við Líf- og umhverfisvísindadeild til að kynna rannsóknir sínar. Innlendum og erlendum vísindamönnum er einnig boðið að halda erindi um líffræðileg efni, sem spanna allt frá hagnýtum rannsóknum til grunnrannsókna, fræðilegum vangaveltum til kynninga á náttúru framandi svæða. Alls voru haldnir 17 fyrirlestrar á vormisseri og 17 á haustmisseri árið 2012.

Auk fastra kennara og lausráðins starfsfólks starfar einn fastráðinn sérfræðingur við Líffræðistofu, Sigríður H. Þorbjarnardóttir. Styrkir úr samkeppnissjóðum fengust til nærri þrjátíu verkefna og námu alls 170 m.kr. Þessi verkefni eru m.a. rannsóknir á vistfræði og þróunarfræði, fiski- og sjávarlíffræði, örverufræði, grasafræði, sameindalíffræði og umhverfisfræði.



Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun á vegum umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það að höfuðmarkmiði að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. Stöðin hefur ávallt unnið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands. Forstöðumaður stöðvarinnar, Árni Einarsson, gegnir einnig stöðu gestaprófessors við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Vöktun lífríkis í Mývatni og Laxá er eitt af höfuðviðfangsefnum rannsóknastöðvarinnar og felst í því að skrásetja ástand lífríkisins með reglubundnum hætti ár eftir ár. Markmiðið með vöktun er þrjúþætt: (a) að fá gögn um almennan breytileika í lífríkinu milli ára og yfir lengri tímabil; (b) að koma auga á langtímabreytingar svo að unnt verði að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða ef æskilegt er talið og (c) að greina hvaða þættir lífríkisins breytast í takt, svo að setja megi fram tilgátur um orsakatengsl. Við val á viðfangsefnum er tekið mið af því að hægt sé að beita einföldum og ódýrum en jafnframt traustum aðferðum og að vöktuð séu mismunandi þrep í fæðukeðjunni. Fylgst er með vatnafuglastofnum, fiskstofnum, vatnaskordýrum og krabbadýrum og þörungagróðri í svifi og á botni. Enn fremur er fylgst með breytingum á efnasamsetningu uppsprettuvatns.

Helstu rannsóknaverkefni

1. Lífsaga Mývatns. Innra samspil og ytri kraftar

Verkefnið felst í því að lesa lífsögu Mývatns úr setlögum sem fundust haustið 2006. Setlögin bjóða upp á mikla upplausn í tíma, svo mikla raunar að lesa má framvindu lífríkisins næstum ár fyrir ár í margar aldir. Í setlögnum eru varðveittar leifar af mýflugum og krabbadýrum, svo og litarefni þörungna, svo að dæmi séu nefnd. Hluti verkefnisins er doktorsverkefni Ulfs Hauptfleisch en Ulf lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands í nóvember. Verkefnið er kostað af Rannís og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn og er að auki unnið í samvinnu við nokkra erlenda háskóla.

2. Forngarðar í Þingeyjarsýslum

Verkefni þetta hófst 2004 og felst í rannsóknum á garðlögum frá þjóðveldisöld í Þingeyjarsýslum. Garðlögin eru rakin á loftmyndum, sem sumar eru teknar sérstaklega í þeim tilgangi. Einnig eru tekin snið í garðana til að kanna aldur þeirra og byggingarlag. Verkið er unnið í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands og kostað af Rannís, Þjóðhátíðarsjóði og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Verkefninu lýkur með bók um garðana og er áætlað að hún komi út árið 2013. Útivistu er lokið en eftir er að yfirfara og hreinteikna kort.

3. Eyðingarsaga birkiskóga í Suður-Þingeyjarsýslu

Athuganir úr flugvél á vegum Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn hafa leitt í ljós fjöldann allan af kolagröfum, á stóru svæði allt frá Tjörnesi suður að Mývatni. Kolagerð var ríkur þáttur í búskap fyrri alda því að viðarkol þurfti til járnvinnslu og járnsmíða. Kolagrafir á skóglausu landi eru órækur vitnisburður um útbreiðslu birkiskógarins fyrr á tímum. Verkefnið felst í aldursgreiningum á kolagröfunum í Suður-Þingeyjarsýslu og er ætluð með því að kortleggja eyðingarsögu

birkiskóganna. Verkefnið byggist á samvinnu við University of Durham (Mike Church) og University of Leeds (Ian Lawson og Katherine H. Roucoux). Verkefnið er kostað af bandaríska vísindasjóðnum (NSF) og Náttúruvísindisstofnuninni við Mývatn.

4. Breytingar á vatnafuglastofnum

Gögn úr vöktun fuglastofna og átu (mýs, krabbadýra og hornsílis) nýtast til rannsókna á viðbrögðum vatnafugla við breytingum á átustofnum. Með slíkum upplýsingum er unnt að meta hlutfallslegt vægi varp- og vetrarstöðva í afkomu fuglastofna við Mývatn. Allmörgum áföngum verkefnisins er lokið og hafa birst nokkrar greinar um það á undanförunum árum, mest í náinni samvinnu við Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, en einnig Guðna Guðbergsson (Veidimálastofnun), Ævar Petersen (Náttúrufræðistofnun) og Gísli Má Gíslason (Háskóla Íslands). Rannsóknirnar sýna að fjöldi og afkoma unga nánast allra andartegunda og flórgoða á Mývatni og Laxá fylgir fæðuframboði.

5. Sveiflur í fæðukeðjum Mývatns

Fæðukeðjur Mývatns verða fyrir miklum sveiflum, sem talið er að stjórnist af samspili innan fæðuvefsins, einkum vegna áhrifa mýflugunnar *Tanytarsus* á botnlagið. Þessar sveiflur hafa magnast á síðustu áratugum og hafa m.a. valdið því að bleikjustofninum hefur hrakað. Í samvinnu við Anthony R. Ives við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum er unnið að rannsóknum á drifkröftum og eiginleikum sveiflnanna. Árið 2011 fékkst langtímastyrkur úr bandaríska vísindasjóðnum (NSF) til að fylgjast náið með næstu fæðukeðjusveiflu. Lífríki Mývatns var í lægð á árinu.

6. Nýtingarsaga Mývatns

Að frumkvæði NABO (North Atlantic Biocultural Organisation) og með styrk frá bandaríska vísindasjóðnum (NSF) í tilefni af „alþjóða heimskautarárinu“ (International Polar Year) er nú unnið að fornleifauppgreiftri á sorphaugi á Skútustöðum. Efni haugsins spannar tímabilið frá landnámi til vorra daga og á að gefa hugmynd um mataræði fólks við Mývatn í ellefu hundruð ár. Verkið er unnið af fornleifafræðingum frá Háskóla New York borgar (CUNY) og Fornleifastofnun Íslands en Náttúruvísindisstofnunin við Mývatn lagði til aðstöðu og sérþekkingu, auk þess að undirbúa tegundagreiningu eggjaskurnar sem fundist hefur í sorphaugnum.

Rannsóknamiðstöð ferðamála

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2012 áttu sæti: Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar, Hjalti Jóhannesson (Háskólanum á Akureyri), varaformaður, Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólanum á Akureyri), Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóla Íslands), Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar), Kristína Tryselius (Hólaskóla), sem tók við á aðalfundi af Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, Guðrún Helgadóttir (Hólaskóla), sem tók við haustið 2012 af Kristínu Tryselius, og Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu).

Stjórnarfundir á árinu voru þrír: aðalfundur var haldinn 20. mars, vorfundur 29.–30. maí og haustfundur 28. september. Auk þess hittist stjórn við stefnumótunarvinnu 10.–11. febrúar.

Starfsmenn

Starfsmenn á árinu 2012 voru (á Akureyri): Edward H. Huijbens, forstöðumaður (95%), Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur (100% eftir að hún kom úr fæðingarorlofi í maí), Hörður Barðdal,

sumarstarfsmaður (100% í júní og júlí), og Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri (50%); (í Reykjavík): Ása Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur (100% frá 1. ágúst) og Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur (100% frá 1. júlí). Eyrún Jenný Bjarnadóttir fluttist frá Akureyri til Reykjavíkur í október.

Starfsemi

Þau tíðindi bárust í árslok 2011 að Rannsóknamiðstöð ferðamála fengi 30 m.kr. framlag af fjárlögum í þrjú ár umfram önnur framlög. Er framlagið ætlað „til þess að fastráða og fjölga starfsmönnum þannig að uppbygging þekkingar á þessu sviði verði á varanlegri og traustari grundvelli.“ Á árinu jókst því geta miðstöðvarinnar til að efla þekkingu á íslenskri ferðaþjónustu, sem og umsvif miðstöðvarinnar. Samhliða þessu ákvað Háskóli Íslands að auka sitt framlag úr tveimur í þrjár m.kr. á ári.

Dagana 10. og 11. febrúar var boðað til stefnumótunarfundar í Reykjavík í ljósi þessara breytinga. Meginatriði upp færðrar stefnu má finna á vef miðstöðvarinnar, www.rmfi.is, en hún felst m.a. í því að lögð verður áhersla á að nýsköpun, þróun og uppbygging í ferðaþjónustu og sjálfbær ferðaþjónusta verði byggð á traustum rannsóknum og að miðstöðin leiði saman fræðasamfélagið, atvinnugreinina og samfélagið í heild, sem og heimamenn til sem mestrar samvinnu um greinina. Stefnt er að því að allir sem koma að rannsóknum í ferðamálaum starfi á sameiginlegum vettvangi þar sem til verði rannsóknateymi um afmörkuð verkefni sem kennarar og aðrir sérfræðingar leiði. Samstarfsvettvangurinn kæmi síðan til með að móta meginlínur rannsókna og við miðstöðina yrði kjarni alþjóðlegs hæfs fræðafólks sem ynni að rannsóknum á hagsmunamálum í greininni og ferðamálaum í landinu almennt.

Í þessu skyni þótti brýnt sem fyrsta skref að ráða hagfræðing beint til miðstöðvarinnar þar sem starfsfólk í ferðaþjónustu á Íslandi hefur eindregið óskað eftir að hagtalna væri aflagð og þær betur greindar en töka hafa verið á. Rannsóknamiðstöð ferðamála er hins vegar ekki eiginleg stofnun heldur af gerð „nýrrar kynslóðar rannsóknastofnana“ og því var ákveðið að auglýsa eftir verkefnum meðal þeirra sem starfa við þær stofnanir sem að miðstöðinni standa. Þannig verður Rannsóknamiðstöð ferðamála einskona miðstöð í neti samstarfsaðila sem starfa að skilgreindum verkefnum um allt land. Nánar verður vikið að þessum verkefnum hér að neðan í upptalningu rannsóknaverkefna.

Með ráðningu hagfræðings var ráðist í að opna skrifstofu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík á haustdögum 2012. Er hún til húsa á jarðhæð Öskju – náttúrufræðahúss Háskóla Íslands. Er starfsemin því með formlegum hætti nú bæði á Akureyri og í Reykjavík. Er þess vænst að samvirkni við rannsóknir í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands aukist með þessari ráðstöfun.

Rannsóknaverkefni

Ný verkefni með nýju framlagi

Í kjölfar stefnumótunar rannsóknamiðstöðvarinnar var komið á fót verkefnasjóði og á vormánuðum 2012 bárust 11 tillögur að verkefnum frá aðilum innan opinberu háskólanna, sem þeir vildu vinna. Ákveðið að veita fé í fimm þessara verkefna til næstu þriggja ára:

- Ferðaþjónusta og jaðarsamfélög – áhrif og afleiðingar. Markmið rannsóknarinnar er annars vegar að skoða tilurð og sköpun áfangastaðar í jaðarbyggð og hins vegar hvernig það ferli hefur áhrif á skilning íbúa á heimabyggðinni, umhverfinu og samfélaginu. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættar fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti en litið er þó vitað um hvað gerist þegar svæði eða tiltekin staður verða áfangastaðir og þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar

sem er jafn margþætt og ferðapjónusta. Rannsóknin er doktorsverkefni Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur.

- Þjóðhagslegur ávinningur ferðapjónustu. Verkefnið snýst um að greina heildstætt núverandi forsendur og skilgreiningar að baki ferðapjónustureikningum Hagstofu Íslands, greiningu innviða og rekstrarumhverfis ferðapjónustu og tengingu uppgjörs reikninganna m.a. við gistiskýrslur og landshlutauppgjör. Með þessu væri lagður grunnur að því að greina virðis- og framleiðslukeðjur greinarinnar og margfeldisáhrif og gera þessa þætti aðgengilega og auðskilda fyrir fyrirtæki og stjórnvöld. Rannsókninni sinnir Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála, í samvinnu við Hagstofu Íslands.
- Þolmörk ferðamennsku. Hér eru rannsökuð þolmörk fimm náttúruskoðunarstaða á landinu, þ.e. svæðisins við Langasjó, Lónsöræfa, Skaftafells, Mývatnssveitar og Jökulsárgljúfra. Jafnframt er skoðað hvernig þau gætu hafa breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá því þau voru rannsökuð síðast. Metið verður hvort fjöldi gesta á fyrrnefndum stöðum og uppbygging ferðapjónustu þar sé út frá sjónarhóli þeirra gesta sem sækja staðina heim. Með því verður upplýst um viðmið fyrir stefnumótun í ferðapjónustu í anda sjálfbærrar þróunar. Rannsókninni stýrir Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Háskóla Íslands.
- Þróun sjálfbærrar ferðapjónustu í Vatnajökulspjóðgarði. Meginmarkmið verkefnisins er að hanna, prófa og leggja mat á verklag til þess að leiða fram heildstæða, sameiginlega stefnu um þróun sjálfbærrar ferðapjónustu í Vatnajökulspjóðgarði með samráði stjórnenda og hagsmunaaðila til framtíðaruppbyggingar ferðapjónustu í garðinum. Samráðsferillinn verður metinn fræðilega á hverju stigi til að leysa og koma í veg fyrir ágreining um uppbyggingu ferðapjónustu í þjóðgarðinum og grannbyggðum hans. Rannsóknin er doktorsverkefni Johannesar T. Welling og Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, verður honum til fulltingis.
- Ferðapjónusta í byggðum landsins. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík vinnur rannsóknina í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmiðið er að leggja mat á efnahagsleg áhrif ferðapjónustu í Þingeyjarsýslu. Heildaráhrifin verða metin með því að einangra hagstærðir við sýsluna með sértækri rannsókn. Tekjur sem eru tilkomnar vegna sölu á vörum og þjónustu innan ferðapjónustunnar verða mældar auk þess sem fleyting tekna um staðbundið hagkerfi svæðisins verður sérstaklega athuguð. Rannsókninni sinnir Lilja B. Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík og henni til fulltingis verður Helga Kristjánsdóttir við Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Rannsóknaverkefni styrkt af Icelandair Group

Í júní 2012 tilkynnti Icelandair Group að í tilefni 75 ára afmælis flugfélagsins Icelandair mundi það styrkja Rannsóknamiðstöð ferðamála um fimm m.kr. á ári í þrjú ár. Ákveðið var að auglýsa á alþjóðlegum vettvangi eftir styrkbeiðnum frá doktorsnemum eða nýdoktorum til álitlegra verkefna. Í lok árs höfðu 14 hæfir umsækjendur sótt um styrkinn og sent inn tillögur að verkefnum. Er gert ráð fyrir að einn framhaldsnemi verði ráðinn til þriggja ára í upphafi árs 2013.

Nokkur önnur af fjölmörgum rannsóknaverkefnum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

- Kortlagning auðlinda í ferðapjónustu á Íslandi – „pilot-verkefni“. Verkefnið fólst í að kortleggja auðlindir í ferðapjónustu neðan hálandislínu í Rangárþingi utra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi. Ferðamálastofa greiðir fyrir verkefnið, sem er hugsað til undirbúnings kortlagningar á auðlindum í ferðapjónustu á Íslandi öllu á tímabilinu 2011–2015. Rannsóknamiðstöð ferðamála vinnur verkið í samvinnu við Landmælingar Íslands. Í verkefnisstjórn voru Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála, verkefnisstjóri, Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu, og Eydís L. Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands. Ása Margrét Einarsdóttir var ráðin til að starfa við verkefnið.
- Skemmtiskip við Íslandsstrendur. Í lok árs 2012 var samið við Cruise Iceland um að rannsaka áhrif af komu skemmtiskipa til Íslands. Markmiðið er að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrif þessara heimsókna á samfélög þar sem komið er að landi og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Anna Karlsdóttir, lektor í

mannvistarlandfræði og ferðamálafræði, veitir ráðgjöf við verkefnið og Edward H. Huijbens hefur umsjón með því en gert er ráð fyrir að fá sérfræðinga til starfa við það á árinu 2013.

- Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli. Sumrin 2009, 2010 og 2011 var gerð könnun meðal erlendra flugfarþega um Akureyrarflugvöll og var sams konar könnun gerð til samanburðar sumarið 2012. Kannaðar voru ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun meðal erlendra brottfararfarþega í áætlunarflugi Iceland Express milli Akureyrar og Kaupmannahafnar og farþega í tengiflugi Icelandair á tímabilinu 7. júní – 30. september. Könnunin er sem fyrr gerð í samvinnu við ISAVIA, Viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens unnu að könnuninni og skýrsla um hana mun liggja fyrir í upphafi árs 2013.

Fyrirlestrar og erindi

- Mapping Tourism Resources – Planning Nature-Based Tourism in Iceland. Edward H. Huijbens hélt erindi á vinnufundi Cicero: Land-Use Change in a Changing Climate: Farming Practices, Nature-Based Tourism, and Outdoor Recreation – Local Issues, Global Concern. Tromsø, Noregi, 1. febrúar.
- Þróun gistingar í íslenskri ferðaþjónustu – Eftirspurn og framboð. Edward H. Huijbens hélt erindi á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar, fundi gististaðanefndar. Hótel Nordica, Reykjavík, 22. mars.
- Íslensk ferðaþjónusta – þekking og þarfir. Edward H. Huijbens flutti opunarávarp á vöráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands. Hátíðasal Háskóla Íslands, Reykjavík, 23. mars.
- Þróun og horfur í ferðaþjónustunni. Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair, hélt erindi á 25 ára afmælisráðstefnu Háskólans á Akureyri. Miðborg, Akureyri, 13. apríl.
- The Nordic Countries in an International Comparison. Helga Kristjánsdóttir hélt erindi á 6. ráðstefnu um íslenska þjóðfélagið við Háskólann á Akureyri. Sólborg, Akureyri, 20. Apríl.
- Incorporating Climate Change in Polar Tourism Product Development. Edward H. Huijbens hélt erindi á 3. ráðstefnu International Polar Tourism Research Network (IPTRN) – From Talk to Action: How Tourism is Changing the Polar Regions. Nain, Nunatsiavut (Norður-Labrador í Kanada) 17.–21. Apríl.
- Pre- and Post-Crisis FDI in Iceland and Ireland, in an International Comparison: Gravity and Geography. Helga Kristjánsdóttir hélt erindi á ráðstefnunni NOITS við Háskóla Íslands, 6. maí.
- Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi. Frumverkefni í Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi. Edward H. Huijbens og Ása Margrét Einarsdóttir kynntu verkefnið á ráðstefnu Lísu-samtakanna: Landupplýsingar frá almenningi. Hótel Nordica Hilton, Reykjavík, 15. maí.
- The Role of Airports in Regional Tourism – A Case from the Periphery of Europe. Edward H. Huijbens hélt erindi á 2. Nordic Conference for Rural Research – Rural at the Edge. Joensuu, Finnlandi, 21.–23. maí.
- Clusters Without Content? Investigating Icelandic Regional Tourism Policy. Edward H. Huijbens hélt erindi á International Geographical Union's Congress (IGU) – Down to Earth. Köln, Þýskalandi, 26.–31. Ágúst.
- The Materiality of Tourist Spaces: Emerging Destinations. Edward H. Huijbens hélt erindi á 21. Nordic Symposium of Tourism Research. Umeå, Svíþjóð, 7.–11. nóvember.
- Understanding Seasonality in Peripheral Regions. Edward H. Huijbens hélt erindi á 11. OECD Global Forum on Tourism Statistics. Harpa, Reykjavík, 14.-16. Nóvember.
- Er komið nóg af gestum? Þolmörk, fjöldatakmörk og gjaldheimta. Örráðstefna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í Hátíðasal Háskóla Íslands, 10. Desember
- Starfsmenn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála tóku enn fremur þátt í Þjóðarspegli Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands 26. október í Gimli og fluttu fyrirlestra og erindi fyrir nokkra aðra hópa innanlands.

Rannsóknasetur í kerfislíffræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands er þverfræðilegt rannsóknasetur, samstarfsverkefni Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs skólans, sem hefur verið starfrækt síðan hin nýju fræðasvið skólans urðu til árið 2008. Kerfislíffræði (e. systems biology) er nýtt og hratt vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana. Rannsóknasvið setursins eru efnaskipti manna, sjúkdómar og líftækni. Setrið hefur nú þegar öflugt samstarf við rannsóknastofnanir og fyrirtæki bæði innanlands og utan.

Rannsóknir

Meginmarkmið rannsóknasetursins eru að:

- nýta þá þekkingu sem til staðar er á Íslandi til að auðkenna heilsufar manna með aðferðumkerfislíffræðinnar,
- rannsaka efnaskiptaferla með hagnýtingu í huga bæði í læknisfræði og verkfræði,
- þróa nýjar aðferðir við framleiðslu verðmættra efna með jarðvarma og þörungum.

Rannsóknir setursins eru fjármagnaðar að mestu af innlendum og erlendum styrkjum. Vísindamenn setursins hafa náð góðum árangri við öflun rannsóknastyrkja og eru stærstu styrkirnir erlendir. Helstu verkefni eru:

- SYSTEM-us. Til verkefnisins fékkst rannsóknastyrkur til fimm ára frá ERC (evrópska rannsóknaráðinu). Í því verkefni er unnið að efnakiptalíkönum mannafruma.
- Numerical Optimization and Algorithms and Software for Systems Biology. Verkefnið er styrkt af DOE (Department of Energy, bandaríska orkumálaráðuneytinu).
- Biofilms. Verkefnið er styrkt af Marie Curie áætlun Evrópusambandsins.
- Kerfislíffræði meðfæddra efnaskiptagalla. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði.
- GeoChem – Vinnsla CO₂ frá jarðvarma í verðmæt efni. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

Að auki hafa styrkir úr Tækjakaupasjóði, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fengist til þessara verkefna. Verkefni eru unnin í samstarfi vísindamanna Háskóla Íslands og stofnana og fyrirtækja eins og Landspítalans, Matís ehf. og Controlant ehf. Þeir vísindamenn háskólans sem hafa aðsetur á setrinu eru m.a. úr Læknadeild, Líf- og umhverfisvísindadeild og Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknaniðurstöður setursins voru kynntar í tímaritum og á vísindaráðstefnum. Doktorsnemar kynntu rannsóknir sínar með veggspjöldum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Mikilvægt er fyrir unga vísindamenn að sækja vísindaráðstefnur til að kynnast kollegum sínum og störfum þeirra. Einnig héldu gestir og samstarfsaðilar erindi í boði setursins.

Jafnframt var haldið sumarnámskeið: Systems Biology Short Course in Reykjavík. Námskeiðið var haldið 18 - 22 júní í húsakynnum Háskóla Íslands og það sóttu um 40 framhaldsnemar, flestir erlendir.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli

Almennt yfirlit og stjórnun

Forstöðumaður Rannsóknastofu um mannlegt atferli (RMA) er Magnús S. Magnússon (MSM) rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Eitt stöðugildi er við stofnunina, ofan nefnd staða forstöðumanns. Guðberg K. Jónsson (GKJ) gegnir mikilvægu hlutverki sem rannsakandi hjá Rannsóknastofu um mannlegt atferli og sem framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (hjáheiti PatternVision Ltd., www.patternvision.com) en náið samstarf er milli rannsóknastofunnar og Atferlisgreiningar ehf., sem stofnuð var í beinu framhaldi af starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli með aðstoð Rannsóknþjónustu H.Í. eftir að GKJ fékk fyrstu verðlaun í samkeppni hennar „Upp úr skúffunum“ þar sem hann beitti greiningarlíkani MSM.

Rannsóknir

Starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli snýst að mestu um gagnvirknirannsóknir en einnig um trúarvísindi. Starfsemin er nátengd formlegu samstarfsneti 24 háskóla í Evrópu, Mexíkó og Bandaríkjunum sem stofnað var til 1995 með greiningarlíkan Magnúsar S. Magnússonar sem sameiginlega viðmiðun. Sjöunda ráðstefnan um MASI (Research Network on Methodology for the Analysis of Social Interaction), sem RAM er aðliði að, fór fram 2. og 3. nóvember í Háskólanum í Guadalajara, Mexíkó.

Starfsemi RMA 2012 varðaði sem fyrr að mestu gagnvirknirannsóknir þ.m.t. áframhaldandi þróun og prófun mynsturgerða og tilsvareandi leitaralgríma.

Starfsemin hefur sem fyrr snúist að miklu leyti um stuðning við samstarfsaðila við greiningar og undirbúning útgáfu greina og fyrirlestra. MSM hélt á árinu eftirfarandi fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu: „Analyzing Individual and Inter-individual Behavior with THEME: Detection and analysis of hidden temporal patterns and experimental effects“. Measuring Behavior, 2012.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum RMA þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt, m.a. tvö verkefni styrkt af RANNÍS, verkefni um greiningu viðhorfsbreytinga hjá notendum afmarkaðra svæða á netinu í tengslum við ytri breytur, og verkefni í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun, Stjörnu-Odda, HA og RU um kvörðun sjávarfallalíkans og atferlisgreiningu á þorski. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd RMA, m.a. við Guadalajara-háskóla, Búdapest-háskóla, Parísarháskóla og Barcelona-háskóla.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli (Human Behavior Laboratory, HBL) hefur aðsetur í Háskólabíói v/Hagatorg, IS-107 Reykjavík. Heimasíða: www.hbl.hi.is.



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir háskólaráð.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður var, eins og fyrri ár, Rögnvaldur Ólafsson. Í stjórn stofnunarinnar voru, auk stjórnarformanns, þau Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Steingerður Hreinsdóttir, atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, og Erla Björk Örnólfsdóttir, framkvæmdastjóri Varar, sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð. Erla Björk sagði sig frá stjórnasetu þegar hún tók við embætti rektors Hólaskóla. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, annaðist stjórnýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina og aðrir starfsmenn Rannsóknþjónustu háskólans, sem unnu einnig fyrir Stofnun rannsóknasetra á árinu, voru Ásta Sif Erlingsdóttir, Úlfar Gíslason og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki.

Árið 2012 voru starfrækt rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var einnig starfsemi en með nokkuð öðru sniði en annars staðar. Þrjátíu manns unnu hjá Rannsóknasetrum Háskóla Íslands árið 2012, þar af tíu í fullu starfi en tveir þeirra voru í fæðingarorlofi hluta ársins. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra rúmlega 17. Átta sumarstarfsmenn voru ráðnir til rannsóknasetrana í átaksverkefni Vinnuálastofnunar; sjö fengu vinnu í tvo mánuði en einn vann þrjá mánuði. Fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum og erlendir fræðimenn fengu aðstöðu við sum setrana til skemmri tíma.

Á vegum rannsóknasetrana eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir. Meðal viðfangsefna eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við starfsstöðvar Háskóla Íslands í Reykjavík. Þá tekur starfsfólk setrana þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfssvæðum þeirra eftir því sem tilefni gefst til. Akademískir starfsmenn setrana annast flestir kennslu, mestmegnis við Líf- og umhverfisvísindadeild háskólans. Einnig leiðbeina þeir framhaldsnemum og hafa allmargir meistara- og doktorsnemar við háskólann unnið að lokaverkefnum sínum við rannsóknasetrin.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn á Selfossi 29. mars 2012 undir yfirskriftinni Hlutverk rannsóknasetra í samfélaginu. Kristín Ingólfssdóttir rektor flutti setningarávarp og fundarstjóri var Steingerður Hreinsdóttir, atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Um fimmtíu manns sátu ársfundinn. Glærुकyningar með erindum sem flutt voru á fundinum má nálgast á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetrana.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tók til starfa 2006. Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur er forstöðumaður setursins. Hann vinnur mestmegnis að rannsóknum á stofnvistfræði æðarfugls og dílaskarfs. Árni Ásgeirsson líffræðingur og Valtýr Sigurðsson meistaranemi voru enn fremur í fullu starfi ellefu mánuði ársins. Aðstoðarmaður við rannsóknir í sumarstarfi var Smári Þór Baldursson. Rannsóknasetrið er til húsa í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Stofn- og varpvistfræði æðarfugls hefur frá upphafi verið meginrannsóknarefni setursins og birtust þrjár greinar um efnið í alþjóðlegum vísindaritum árið 2012. Markmið rannsókna er m.a. að kanna tengsl loftslagsbreytinga og stofnstærðar og skoða stofnbreytingar með tilliti til breytileika í gæðum búsvæða. Upplýsingum um hreiðurfjölda í æðarvörpum var safnað og m.a. stuðst við gögn frá æðarbændum, sem margir eiga skrár um löng tímabil. Þórður Örn Kristjánsson, sem stundaði doktorsnám undir leiðsögn forstöðumanns setursins, birti á árinu sína fyrstu doktorsgrein um fæðu æðarfugls í Breiðafirði.

Smári Lúðvíksson, æðarbóndi á Rifi, hefur frá upphafi verið samstarfsmaður starfsmanna setursins við merkingar og aðrar tilraunir. Fjöldi æðarunga á Breiðafirði var metinn sjötta árið í röð og taldist með betra móti.

Arnbór Garðarsson, prófessor emeritus við Líf- og umhverfivísindadeild, rannsakaði dílaskarf í samvinnu við setrið. Dílaskarfur hefur verið talinn á vegum setursins frá 2009 en Arnbór hefur sinnt slíkum talningum árlega allt frá 1994. Eftir stanslausu fjölgun skarfsins til 2010 virðist sem mesti móðurinn sé runninn af honum því að síðustu tvö ár stóð fjöldinn nokkuð í stað. Nýir varpstaðir fundust þó og gamlir varpstaðir komust á blað aftur eftir hlé.

Árni Ásgeirsson gerði tilraunir með lit grásleppuneta og drukkun sjófugla í þeim. Verkefnið var styrkt af AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Tilraunirnar sýndu að æðarkollur festust aldrei í gulum netum né teistur í bláum en tilvikin voru ekki nægilega mörg til að niðurstöðurnar teldust tölfræðilega marktækar.

Tveir meistaranemar hófu rannsóknir hjá setrinu. Valtýr Sigurðsson kannar áhrif síldardauða á lífríkið með samanburði á fjölda og stærð krabbadyra á þremur svæðum. Síld var sleppt við Lyngey og Lundaklett undanfarna vetur og svæðin borin saman við svæði sem eru laus við síldardauða. Verkefnið er samstarfsverkefni setursins og Varar, sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð.

Helgi Guðjónsson rannsakaði varpvistfræði grágæsar. Verkefnið var unnið í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og Náttúrustofu Austurlands. Þá undirbýr Árni Ásgeirsson talningu á gæsaheiðrum í völdum Breiðafjarðareyjum þar sem Þorvaldur Björnsson taldi þau fyrir rúmum tveimur áratugum. Árni sinnti sem fyrr flestum öðrum fuglarannsóknum við setrið.

Tveir meistaranemar luku ritgerðum undir leiðsögn forstöðumanns setursins á árinu. Hálfán Helgi Helgason skrifaði um lífslíkur lunda í Vestmannaeyjum og Ellen Magnúsdóttir um farhætti skúms frá Íslandi, Noregi og Skotlandi. Bæði hófu nám sitt undir leiðsögn Páls Hersteinssonar sem lést árið 2011.

Rannsóknasetrið vinnur mikið með Náttúrustofu Vesturlands og samnýtir húsnæði, farartæki og mannskap með henni. Meðal samvinnuverkefna eru vöktun á ritu og talning vatnafugla á Þórsnesi og á sunnanverðu Snæfellsnesi. Rannsóknasetrið og Náttúrustofan hafa undanfarin ár sameinast um fræðimannsíbúð og er aðstaðan mikilvæg vegna samstarfs við gestafræðimenn og nema. Meðal þeirra sem nýttu aðstöðuna á árinu var BS-nemi frá háskólanum í Bologna, Ettore Camerlenghi, en hann rannsakaði sambýli æðarkollna og máfa í Landey. Ljóst er að norðurendi Landeyjar gæti orðið vettvangur fyrir spennandi verkefni, fái fuglarnir þar frið.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hóf störf árið 2007. Forstöðumaður er Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur. Auk hennar starfar Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur sem verkefnastjóri við setrið. Verkefnaráðnir aðstoðarmenn voru Leifur Þór Þorvaldsson við þorskseiða- og fornleifarannsóknir og Halldór Óli Gunnarsson við söfnun ritaðra heimilda.

Guðbjörg Ásta hóf fæðingarorlof í maí og kom aftur til starfa í hálfu starfshlutfalli í september uns hún fór aftur í fullt starf í desemberi. Ragnar Edvardsson fór í feðraorlof í september og var í hálfu starfi út árið.

Starfsemi á árinu einkenndist að miklu leyti af greinaskrifum ásamt vinnu við greiningu og úrvinnslu gagna. Verkefni setursins eru fjölbreytt en hafa flest tengst náttúru, samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum. Rannsóknir árið 2012 tengdust einkum líffræði og fornleifafræði. Styrkir fengust til tveggja fornleifarannsókna: framhaldsrannsókn á póstskipinu Phønix sem fórst við Snæfellsnes 1881 og rannsókn á minjum eftir erlenda hvalveiðimenn í Strandasýslu. Einnig var fram haldið fornleifakönnun á neðansjávarminjum við Vestfirði, sem er gerð í því skyni að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand og rannsóknamöguleika. Í maí var haldið áfram uppmælingu og ljósmyndun flaksins af Phønix en áætlað er að vinnu við þá ljúki vorið 2013. Í ágúst var farinn rannsóknarleiðangur í Kóngsey og Strákey í Strandasýslu og staðfest að þar er að finna leifar tveggja hvalveiðistöðva frá 17. öld. Nú hafa verið skráðar og rannsakaðar þrjár hvalveiðistöðvar frá 17. öld of af þeim má ráða að Ísland var mikilvægur viðkomustaður erlendra hvalveiðimanna og gegndi mikilvægu hlutverki í sögu hvalveiða í atvinnuskyni.

Framhaldsstyrkur fékkst til líffræðipáttar þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um nýtingu sjávarauðlinda, einkum þorsks, á Íslandi á sögulegum tíma. Sumarið 2012 var haldið áfram vettvangsrannsóknum og sýni tekin í Breiðavík og Kollsvík í Barðastrandarsýslu. Sem fyrr voru forn þorskbein greind efna- og erfðafræðilega til að finna út breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi til nútíma. Í framhaldinu verður unnið að því að tengja þessar sveiflur mannfræðilegum þáttum og umhverfisáhrifum og að lokum verða áhrif af mögulegum stofnsveiflum í hafinu á samfélög í sjávarbyggðum metin.

Rannsóknum á villtum þorskseiðum var haldið áfram en um haustið hófst fjórða ár vettvangsvinnu þar sem seiði voru veidd á mismunandi búsvæðum og dýpi við strendur Norðvesturlands. Verkefninu er ætlað að auka skilning á þeim vistfræðilegu þáttum sem ráða afföllum og uppkomu seiða, m.a. botngerð, samkeppni og afrán, og hvaða vist og- þróunarfræðilegu afleiðingar val á þessum tíma hefur á þorskstofninn. Við rannsóknina eru notaðar vist-, erfða- og efnafræðilegar mælingar en niðurstöður rannsókna á þessum fjórum árum hafa þegar leitt til nýrrar þekkingar á botntöku, fæðu og ferðum þorskseiða.

Þá fengust styrkir úr AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi og samkeppnisdeild Verkefnasjóðs sjávarútvegsráðuneytisins til að hefja rannsóknir á áhrifum einstaklingsbreytileika í efnaskiptum þorskseiða á lifun og samkeppni milli seiða bæði í náttúrunni og við eldisaðstæður. Tveir rannsóknanemar vinna að verkefnum undir leiðsögn forstöðumanns setursins: Guðmundur Smári Gunnarsson, að doktorsverkefninu Áhrif þéttleika og búsvæða á sérhæfingu, lifun og atferli fiska, og Hlynur Reynisson, að meistaraverkefninu Torfuhegðun hjá þorski.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hóf starfsemi 2009. Forstöðumaður er Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur. Ólafur Bernódusson hóf störf sem verkefnastjóri við setrið í hlutastarfi í september. Hann vinnur einkum við bókasafn Halldórs Bjarnasonar en sinnir einnig verkefnum fyrir sveitarfélagið Skagaströnd og Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Sandra Kristín Jónasdóttir aðstoðaði við rannsóknir í sumarstarfi og Vilhelm Vilhelmsson, doktorsnemi í sagnfræði, var gestafræðimaður. Lára er meðleiðbeinandi Seans Bruce Lawing, doktorsnema í íslenskum bókmenntum við Íslensku- og menningardeild.

Á árinu vann forstöðumaður að rannsókn á sögulegu samhengi hugmynda um tengsl stjórnarfars, yfirvalda og einkalífs manna. Hluti rannsóknarinnar fólst í að skoða hugtök sem beitt er í frumvarpi

um nýja stjórnarskrá og var grein Láru um þann þátt birt á heimasíðu setursins í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskráartillögur stjórnlagaráðs. Lára hélt m.a. fyrirlestur um efnið í fyrirlestraröðinni Af sjónarhóli á vegum ReykjavíkurAkademíunnar.

Forstöðumaður vann enn fremur að greinargerðinni Menning og ferðaþjónusta – um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda, sem skrifuð var í samvinnu við Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðing fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Greinargerðinni var skilað var í árslok og er hún aðgengileg á vef ráðuneytisins. Höfundar hvetja til aukins metnaðar í menningarverkefnum á landsbyggðinni og benda á leiðir að því markmiði án mikils tilkostnaðar.

Rannsóknasetrið lét vinna útdrátt á íslensku úr leiðarvísi Evrópusambandsins um hlutverk háskóla í byggðapróun. Bogi Arnar Finnbogason ritaði útdráttinn en forstöðumaður aðfaraorð. Ritið nefnist Þáttur háskóla í svæðisbundnum vexti. Hagnýtur leiðarvísir. Leiðarvísirinn er byggður á þekkingu og reynslu nágrannalandanna af að miðla þeirri sýn og lýsir vinnulagi sem lagt er til að verði beitt.

Forstöðumaður tekur þátt í verkefninu 2017.is ásamt öðrum fræðimönnum sem vinna að rannsóknum sem efnt er til í tilefni af því að árið 2017 verða 500 ár liðin frá upphafi siðaskiptanna. Hélt hún tvo fyrirlestra á þeim vettvangi. Auk þess hélt Lára málstofu í rannsóknarhópnum um réttarsögufraeðinginn Harold Berman, sótti 9. Carlsberg Academy ráðstefnuna um réttarsögu miðalda í Kaupmannahöfn og hélt fyrirlestur á öðrum tvíæringi Samtaka evrópskra réttarsögufraeðinga í Amsterdam.

Lokið var við skráningu í gagnagrunn Ísmús á hljóðupptökum frá 1962–1996 úr eigu Fræðafélags Vestur-Húnavetninga. Verkefnið var styrkt af Húnaþingi vestra, Vaxtarsamningi og Menningarsamningi Norðurlands vestra og Þjóðhátíðarsjóði og unnið í samvinnu við Forsvar ehf. á Hvammstanga. Auk ofangreindra aðila var verkið samvinnuverkefni Fræðafélags Vestur-Húnavetninga, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Miðstöðvar munnlegrar sögu, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tónlistarsafns Íslands. Verkefnisstjórn var í höndum Arnþórs Gunnarssonar hjá Miðstöð munnlegrar sögu.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar er hluti af starfsemi rannsóknasetursins. Skráningu bóka sem ekkja hans og börn gáfu setrinu var lokið á árinu. Einnig lauk skráningu bóka sem erfingjar Ögmundar Helgasonar gáfu. Saman mynda söfnin ágætt safn um sögu, bókmenntir og þjóðfræði Íslands en þar eru einnig tímarit af ýmsu tagi, smáritasafn og dálítið barnabókasafn. Safnið er opið almenningi fyrir hádegi og eru bækur til afnota á staðnum.

Rannsóknarsetrið kynnti starfsemi sína á sögulegri safnahelgi sem var þáttur í samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila og menningarstofnana á Norðurlandi vestra í október sem nefnt var Huggulegt haust. Um 100 manns heimsóttu setrið í tilefni af viðburðinum þessa helgi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007. Forstöðumaður þess er Marianne H. Rasmussen sjávarspendýrafræðingur. Við rannsóknasetrið eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvölum. Marianne var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið en doktorsneminn Edda Elísabet Magnúsdóttir var í 80% starfi. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir kom til starfa 1. september. Hún er í 60% stöðu og sinnir rannsókn á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með sérstakri rekstrargreiningu á fyrirtækjum á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi Rannsóknasetursins á Húsavík og Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem er samstarfsvettvangur þriggja háskóla (Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Hólaskóla) og ferðaþjónustunnar. Huld Hafliðadóttir var ráðin að setrinu sem verkefnastjóri frá 1. nóvember. Meðal verkefna hennar er aðstoð við skipulagningu vettvangsnámskeiða, aðstoð við nemendur og

sjálfboðaliða sem dvelja á Húsavík á vegum setursins og vinna við gagnasöfn setursins. Huld vinnur einnig fyrir Hvalasafnið á Húsavík sem Rannsóknasetrið á mikið samstarf við.

Forstöðumaður setursins vann að fjölbreyttum rannsóknaverkefnum á árinu. Megináherslan í rannsóknum hennar er á tjáskipti sjávarspendýra en einnig líffræði sjávarspendýra almennt, atferlisfræði og greiningu hvala með ljósmyndun. Þá tekur hún þátt í verkefnum sem m.a. tengjast áhrifum hvalaskoðunar á hvali og hegðun þeirra.

Á vegum Rannsóknasetursins er mikil samvinna um rannsóknir og kennslu við háskóla og stofnanir héraðs og erlendis, allt frá Evrópu til Bandaríkjanna og Japans. Marianne er leiðbeinandi eða meðleiðbeinandi alls 12 meistara- og doktorsnema við Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Að auki voru níu erlendir háskólanemar í starfsnámi við setrið á árinu.

Forstöðumaður tók þátt í rannsóknarleiðangri á Grænlandi þar sem markmiðið var að kanna hvernig náhvalir nota hljóðmerki á mismunandi dýpi. Rannsóknasetrið hefur frá stofnun safnað hljóðupptökum sem nýtast til að greina viðveru ólíkra hvalategunda við norðausturhorn landsins, sem og ólíka hljóðmyndun þeirra. Upptökunum er safnað með sérhæfðum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Í júní vann Marianne með vísindamönnum frá Danmörku og Japan og kom fyrir upptökutækjum á Skjálfaflóa til að kanna hvort hægt væri að tengja hljóð steypireyðar við köfunarhegðun, ferðir og atferli hennar. Hún tók einnig þátt í samvinnuverkefni með International Fund of Animal Welfare um borð í skipinu Song of the Whale. Upptökutækjum var komið fyrir á Grænlandssundi þar sem vonir standa til að hljóðupptökur geti varpað ljósi á farhegðun steypireyðar. Nokkrir nemendur tóku þátt í leiðangrinum. Skipið var einnig við rannsóknir á Faxaflóa í júlí. Unnið var að rannsóknum á hnísu í Skjálfaflóa í samvinnu við Háskólann í Turku í Finnlandi og komið var fyrir nemum í flóanum til að fylgjast með hreyfingum dýranna og hljóðmyndun þeirra. Þá tók forstöðumaður þátt í krufningu og segulómun á andarnefjuhaus hjá bandarísku stofnuninni Smithsonian. Andarnefjan strandaði í Eyjafirði og hausinn var frystur á Húsavík og sendur til Smithsonian-safnsins en rannsóknin beindist að því hvernig tegundin myndar hljóð.

Forstöðumaður tók þátt í kennslu í tveimur námskeiðum við Líf- og umhverfisvísindadeild. Vettvangsnámskeið í rannsóknum á sjávarspendýrum var haldið á Húsavík í júlí og sóttu það 29 nemendur víðs vegar að úr heiminum. Doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir, Maria Iversen, og Chiara Bertulli aðstoðuðu Marianne við kennsluna.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Árið 2011 var gerður samningur til fimm ára milli Háskóla Íslands og Fljótsdalshéraðs um verkefni sem miða að því að efla rannsóknir á þróun og uppbyggingu á háskólastarfsemi í sveitarfélaginu á þeim sviðum er tengjast svæðinu og byggjast á styrkleikum þess. Samkvæmt ákvæðum samningsins skal á fyrstu tveimur árum gildistímans styrkja verkefni á sviði rannsókna og fræða sem unnin eru á Fljótsdalshéraði eða með beinni tengingu við svæðið. Eitt af meginmarkmiðum starfsemi Háskóla Íslands á Austurlandi er að auka möguleika til háskólamenntunar á svæðinu og hefur í því skyni verið lögð áhersla á fjarkennslu í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Þjónusta hefur verið veitt vegna námskeiða á vegum mMenntavísindasviðs og greidd laun og ferðakostnaður tveggja aðstoðarkennara á svæðinu, þeirra Sigrúnar Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur. Fyrirkomulag þetta hefur gefist vel og er vilji til að halda því áfram, jafnhliða því sem rannsóknastarfsemi háskólans verður eflað á Austurlandi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetrið á Hornafirði var stofnað árið 2001. Forstöðumaður er Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur. Auk hans var Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur í fullu starfi sem sérfræðingur við setrið. Johannes T. Welling umhverfisfræðingur og Ágúst Elvarsson viðskiptafræðingur voru í verkefnabundnum hlutastörfum hjá setrinu á árinu og tveir námsmenn í sumarstörfum, þær Lára Marteinsdóttir og Hrefna Rún Kristinsdóttir. Doktorsnemar í verkefnum sem tengjast setrinu voru þrír en meistaranemar sex, þar af einn með aðsetur í Nýheimum. Einn meistaranemi, Gyða Þórhallsdóttir, sem var við setrið lauk námi á árinu.

Rannsóknasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í fjölbreyttri starfsemi þar. Setrið hefur unnið að margvíslegum verkefnum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, klasana Ríki Vatnajökuls og Frið og frumkrafta, Vatnajökulspjóðgarð og fleiri aðila. Það starfar einnig náið með Þórbergssetri og Kirkjubæjarstofu.

Meginviðfangsefni Rannsóknasetursins eru annars vegar rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar (m.a. rannsóknir á landslagi og stjórnun friðlýstra svæða) og hins vegar rannsókn- og þróunarverkefni sem varða sjálfbæra ferðaþjónustu og margvíslega nýsköpun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum (t.d. vetrarferðaþjónustu, fræðandi ferðaþjónustu, matarferðaþjónustu og ævintýraferðaþjónustu). Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Ekki fer fram skipulögð kennsla á vegum setursins en það hefur þó reglulega staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við ýmis svið og námsbrautir í Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérfræðingar setursins sinna jafnframt stundakennslu við háskólann og leiðbeina meistara- og doktorsnemum.

Helstu verkefni rannsóknasetursins árið 2012 voru: (a) rannsóknir á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðamennsku á Íslandi, (b) rannsóknir vegna verkefnisins Matur og sjálfbær ferðaþjónusta, (c) rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, (d) stefnumótunarvinna vegna Nýheima, (e) samantekt efnis um menningarstarf á Hornafirði og (f) rannsóknir og ráðgjöf fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Meðal annarra verkefna má nefna frágang rannsókna á útivistarhegðun ferðamanna í Vatnajökulspjóðgarði og ráðgjöf vegna stefnumótunar í Ríki Vatnajökuls ehf. Átta námshópar til Hornafjarðar á árinu vegna samstarfs við rannsóknasetrið. Fjórir þessara hópa komu frá Háskóla Íslands (safnafræði, umhverfis- og auðlindafræði, ferðamálafræði og landfræði) og tveir frá erlendum háskólum (University of British Columbia og University of Durham). Þá var haldið vikunámskeið fyrir norræna meistaranema í listum á vegum Listaháskóla Íslands og fleiri aðila, auk þess sem nemendur frá Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sóttu setrið heim. Forstöðumaður setursins annaðist stundakennslu í tveimur námskeiðum á árinu sem kennd voru í Reykjavík: annað var við Líf- og umhverfisvísindadeild og hitt var samstarfsverkefni ríkisháskólanna. Hann var einnig prófdómari þriggja meistaraþrófsritgerða.

Á árinu fagnaði rannsóknasetrið tíu ára starfsafmæli sínu með því að halda fjögurra daga alþjóðlega ráðstefnu um umhverfismál sem fór að stærstum hluta fram á Höfn dagana 16.–19. maí. Ráðstefnan bar heitið Environmental Policy-making in a Dynamic World og var skipulögð í samvinnu við Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies. Flutt voru um 40 erindi, helmingurinn af erlendum fyrirlesurum. Auk þessa tók setrið þátt í skipulagningu tveggja minni málþinga. Ein sýning á vegum rannsóknasetursins var sett upp á árinu (Humar, lúra og áll).

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009. Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Auk forstöðumanns í fullu starfi unnu þrír starfsmenn í

hlutastarfi við setrið á árinu. Vigfús Eyjólfsson sinnti umsýslu gagnagrunna í hlutastarfi og Lilja Jóhannesdóttir og Heiða Gehringer unnu að vettvangsrannsóknum.

Fyrstu framhaldsnemarnir sem unnu lokaverkefni sín við setrið luku námi á árinu. Elke Wald lauk meistararitgerð um landbreytingar af manna völdum á Suðurlandi á tímabilinu og skoðuð voru samanlögð áhrif ólíkra gerða landnotkunar. Í ritgerðinni kom fram að miklar breytingar hafa orðið á landnotkun og að á síðustu árum hafa landbreytingar á Suðurlandi verið með því hraðasta sem gerist í Evrópu. Þar munar útpensla byggðar og fjöldi frístundahúsa miklu. Meistararitgerð Borgnýjar Katrínardóttur fjallaði um stofnvistfræði spóa á hálfgrónum áreyrum. Verkefnið snerist um að meta mikilvægi þessara svæða fyrir varp spóa og leiddi í ljós að líklega verpur um fjórðungur íslenska spóastofnsins og um 10% heimsstofnsins á þessu afar afmarkaða búsvæði á Íslandi. Forstöðumaður var meðleiðbeinandi Aðalsteins Arnar Snæþórssonar sem lauk meistaraverkefni sínu á árinu sem fjallaði um varpárangur og lífslíkur rjúpuhána. Rannsóknirnar leiddu m.a. í ljós að afföll varpfugla voru minni og varpárangur betri á rannsóknasvæðum á Norðausturlandi en í fyrri rannsókn á Suðvesturlandi. Aðrir sem unnu að verkefnum sínum á árinu í tengslum við rannsóknasetrið voru meistaranemarnir Böðvar Þórisson, Heiða Gehringer, Lilja Jóhannesdóttir, Brynja Davíðsdóttir, Helgi Guðjónsson og doktorsnemarnir Freydís Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson.

Erlent samstarf var fyrirferðarmikið á árinu og manndagar erlendra vísindamanna í samstarfsverkefnum voru um 400. José Alves frá University of East Anglia í Bretlandi dvaldi við rannsóknir sumarlangt eins og síðustu sumur og Jennifer A. Gill frá sama skóla og Graham Appleton frá British Trust for Ornithology dvöldu í einn og hálfan mánuð í Gunnarsholti við skriftir og útivinnu.

Forstöðumaður setursins gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á árinu. Þar má nefna setu í nefnd umhverfisráðherra um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og í stjórn Vistfræðifélags Íslands. Hann hafði einnig umsjón með kennslu í fuglafræði við Háskóla Íslands.

Rannsóknir forstöðumanns beindust einkum að stofnvistfræði farfugla, auk þess sem hann vann með framhaldsnemum. Alþjóðlegt verkefni sem snýst um ýmsa þætti í stofnvistfræði íslenskra jaðrakana leiddi til fjögurra greina í alþjóðlegum vísindaritum. Þá tók forstöðumaður þátt í fjölþjóðlegum sérfræðingahópi sem mat aðsteðjandi hættur sem stafa að vaðfluglum á heimsvísu. Setrið á í samstarfi við sérfræðinga við ýmsar stofnanir um rannsóknir, leiðbeiningu stúdenta og fleira. Þar má helst nefna Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólafélag Suðurlands, Hekluskóga og University of East Anglia og Cambridge University í Bretlandi.

Í árslok flutti setrið í nýtt húsnæði í Fjölheimum á Selfossi þar sem ýmsar stofnanir hafa aðsetur. Rannsóknasetrið er þar í góðum félagsskap Háskólafélags Suðurlands, Fræðslunets Suðurlands og fleiri stofnana.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var stofnað árið 2004. Rannsóknir á vegum setursins tengjast einkum lífríki sjávar og fuglum, með megináherslu á áhrif mengandi efna á sjávarlífverur.

Forstöðumaður er Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur og var hann eini fastráðni starfsmaðurinn á árinu. Verkefnaráðnir starfsmenn voru Óskar Sindri Gíslason, sem vannur að doktorsrannsókn á grjótkrabba, og meistaraneminn Ásdís Ólafsdóttir, sem rannsakar uppsöfnun og

áhrif mengandi efna á krækling undir leiðsögn forstöðumanns. Þá hafði Hrönn Egilsdóttir doktorsnemi aðstoðu hjá setrinu; hún rannsakar áhrif súrnunar sjávar á kalkmyndandi sjávarlífverur.

Forstöðumaður setursins annaðist hluta verklegar kennslu í eiturefnavistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild og fór kennslan fram á setrinu. Þeir Óskar Sindri sáu einnig um kennslu í fleiri greinum við deildina og víðar. Halldór Pálmar er umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, sem er nýttur í ýmsum rannsókna-, kennslu- og þjónustuverkefnum á vegum setursins og Líffræðistofnunar.

Útbreiðsla, vinnsla og nýting grjótkrabba var áfram rannsökuð á árinu. Stofnstærð var metin út frá merkingum og endurheimtum en þetta er í fyrsta skipti sem þeirri aðferð er beitt við stofnstærðarmat á krabba hér við land. Vaxtarsamningur Suðurnesja, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi styrkja rannsóknina. Áfram var haldið samstarfi við fyrirtæki á svæðinu um krabbavinnslu og rannsóknir.

Haldið var áfram vinnu við tvö norræn samstarfsverkefni á sviði mengunarrannsókna: Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands. Verkefnin lúta að kortlagningu PAH-sambanda á norðurslóðum þar sem uppsöfnun og áhrif efnanna á krækling, þorsk og sandhverfu eru rannsökuð með efnagreiningum og beitingu ýmissa lífmerkja. Norden og Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrkja rannsóknirnar. Halldór Pálmar og Hrönn Jörundsóttir hjá Matís leiða verkefnin en aðrir samstarfsaðilar eru við háskóla og rannsóknastofnanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Nýtt innlent samstarfsverkefni hófst á árinu en það nefnist Greining hrygningar og lírfusets hjá kræklingi (*Mytilus edulis*) við strendur Íslands. Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrkir rannsóknina og er hún unnin í nánú samstarfi við rannsóknastofnanir og kræklingaræktendur um allt land.

Gistinætur erlendra fræðimanna og nema sem ýmist nýttu sér aðstoðuna eða unnu í tengslum við setrið voru um 200 á árinu. Í maí stóð setrið fyrir fundi vinnuhóps á vegum ICES en þá komu 20 botndýrasérfræðingar frá sjö þjóðlöndum sem dvöldu í Sandgerði í vikutíma og framhaldsnemar á alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors við Líf- og umhverfisvísindadeild, dvöldu við rannsóknasetrið í þrjá daga í júní.

Rannsóknasetrið tók þátt í Vísindavöku Rannís og sýndi m.a. lifandi dýr í sjávarbúrum.

Forstöðumaður setursins var annar af tveimur leiðsögumönnum í vel heppnaðri kræklingaferð sem skipulögð var í samstarfi háskólans og Ferðafélags Íslands í Hvalfjörð. Í janúar var rannsóknasetrið í fréttu- og þjóðlífsþættinum Landanum í Ríkissjónvarpinu en þá kynnti Jörundur Svavarsson prófessor IceAGE-verkefnið og leiðangur þýska rannsóknaskipsins Meteor sem farinn var kringum landið haustið 2011.

Á rannsóknasetrinu er föst sýning, Heimskautin heilla, um líf og störf franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot. Í september færði dótturdóttir Charcots sýningunni líkan af kajak sem Grænlandingar gáfu honum. Þá var setrinu einnig fært að gjöf veglegt líkan af rannsóknarskipi Charcots, Pourquoi Pas?

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er Guðrún Nordal og er hún jafnframt prófessor á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Stjórn stofnunarinnar 2012 var þannig skipuð: Lára Magnúsardóttir formaður, Ásgrímur Angantýsson varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius.

Mikill niðurskurður í ríkisútgjöldum hefur komið hart niður á Árnastofnun og hefur starfsemin verið skorin niður um nær fjórðung frá efnahagshruninu 2008.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2012 voru 35 talsins. Stofnunin naut einnig góðs af árlegu átaki Vinnumálastofnunar (10 sumarstarfsmenn) og auknu fé í Nýsköpunarsjóð námsmanna og fékk til liðs við sig fjölda stúdenta.

Stofnunin á í nánu samstarfi við fjöldamargar stofnanir, samtök og einstaklinga á Íslandi. M.a. sér stofnunin um skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd og er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar og Málnefndar um íslenskt táknmál. Alþjóðlegt samstarf er jafnframt mjög umfangsmikið og stofnunin er alþjóðleg rannsóknarmiðstöð á fræðasviði sínu.

Stofnunin starfrækir öflugt rannsóknarbókasafn. Skráður eintakafjöldi á árinu var 41.330 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Aðföng bóka á árinu voru 742 titlar.

Stofnunin hefur umsjón með stuðningi við íslenskukennslu við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Jafnframt er tekið á móti fjölda erlendra stúdenta á hverju ári sem nema íslensku. Á meðal þeirra voru 120 stúdentar sem tóku þátt í alþjóðlegum sumarskóla í íslensku sem stofnunin skipulagði í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum var haldinn í Kaupmannahöfn en að honum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, í samstarfi við Háskóla Íslands, Landsbókasafnið og fleiri. Stofnunin sinnir fjöldamörgum erlendum fræðimönnum og veitir þeim margvíslega aðstoð.

Keypt var ný myndavél fyrir stafræna ljósmyndun handrita og settur upp nýr hugbúnaður sem auðveldar myndaumsýslu. Stofnunin hlaut síðasta styrk Þjóðhátíðarsjóðs, tæplega 900 þús.kr., til viðgerðar á Flateyjarbók. Margaret Cormack færði stofnuninni tvö fágæt vögguprent og eitt handrit frá miðbiki 15. aldar. Sýningin Prentlist og passíusálmar í Hallgrímskirkju stóð frá mars fram í september. Raftækniorðasafn, plöntuorðasafn, byggingarverkfræðisafn, lestrarorðasafn, líforðasafn og orðasafn um landupplýsingar voru færð inn í Íðorðabanka Árnastofnunar. Stofnuninni voru afhent gögn úr fórum Jóns Aðalsteins Jónssonar er vörðuðu málfræði og örnefnafræði. Orðabókarverkefnið ISLEX hlaut styrk úr Nordplus Sprog til vinnu við aðlögun að snjallsímum og spjaldtölvum, auk sérstakrar fjárveitingar frá Norrænu ráðherranefndinni, að upphæð 500 þúsund danskar krónur. Ýmis verkefni voru unnin á sviði þjóðfræðisöfnunar, m.a. með tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna og Vinnumálastofnunar, svo sem að taka viðtöl við konur á Akureyri um stríðsárin, við afkomendur Árna Egilssonar sem smíðaði aðra íslensku fiðluna sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands o.fl. Á árinu var áfram unnið að skönnun og frágangi eldri örnefnaskráa. Stefnt er að því að örnefnaskrár yfir allar jarðir á Íslandi verði stafrænar.

Útgáfur á vegum stofnunarinnar á árinu: Gripla 23, Orð og tunga 14, Sögur úr Vesturheimi, Íðorð í faraldsfræði, Íðorðasafn í alþjóðastjórnmálum og stjórnmálafræði.

Rannsóknarverkefni á vegum starfsmanna stofnunarinnar og samstarfsaðila á árinu voru m.a. eftirfarandi: Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals, Fjöltnir fyrir hvern mann, Hugbúnaður fyrir handleiðréttingu ljóslesinna texta, Skrambi, Íslenskt orðanet, META-NORD, Mörkuð íslensk málheild, Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti, Breytileiki Njáls sögu, Bragi — óðfræðivefur, Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar, Prentsmiðja fólksins, Málhugmyndafræði, málsnið og miðlar og Staða tungumála í háskólakennslu.

Að vanda kenndu starfsmenn stofnunarinnar í ýmsum námskeiðum í Háskóla Íslands og margir nemendur nutu góðs af leiðbeiningum starfsmanna við vinnu að lokaverkefnum eða í öðrum rannsóknarverkefnum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðm hefur þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Auk þess var handritasýning í Þjóðmenningarhúsi árið 2012.

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Almennt yfirlit

Stofnun Sæmundar fróða sinnir rannsóknum og kennslu um sjálfbæra þróun og er vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir á því sviði ásamt öðrum innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin vinnur náið með umsjónarmönnum meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði. Öll fræðasvið háskólans eiga aðild að stofnuninni og fulltrúa í stjórn hennar.

Stjórn

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir jarðeðlisfræðingur er formaður stjórnar (varamaður Birgir Hrafnkelsson dósent) en aðrir stjórnarmenn eru Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður (varamaður Laura Scheving Thorsteinson, verkefnastjóri hjá Landlæknisembættinu), Gísli Pálsson prófessor (varamaður Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor), Róbert H. Haraldsson prófessor (varamaður Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor) og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor (varamaður Allyson MacDonald prófessor).

Aðstaða og starfsmenn

Stofnun Sæmundar fróða er til húsa á 3. hæð í Gimli þar sem hún hefur tvær skrifstofur til umráða, auk vinnuáðstöðu í opnu rými fyrir fimm manns.

Stofnunin hefur aðeins hálf fast stöðugildi framkvæmdastjóra, Guðrúnar Pétursdóttur, en auk hennar sinnir Brynhildur Davíðsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði, rannsóknum við stofnunina. Verkefnaráðnir sérfræðingar á árinu voru: Anna Theodóra Rögnvaldsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Hanne Krage Carlsen, Herdís Sigurjónsdóttir, Katrín Georgsdóttir, Rene Biasone og Tryggvi Hjörvar.

Auk þeirra höfðu doktors- og meistaranemar vinnuáðstöðu á vegum stofnunarinnar.

Rannsóknaverkefni

Unnið var að 27 rannsóknaverkefnum á árinu, sem öll eru þverfræðileg en með mismunandi áherslum. Hér verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnin voru á hverju sviði.

Megináhersla á Félagsvísindasviði:

- Coast Adapt – Aðlögun strandsamfélaga að breyttu náttúruveri. Verkefninu var formlega lokið í mars en sérhefti Journal of Ocean and Coastal Management er í undirbúningi. Guðrún Pétursdóttir og Andrew Cooper eru gestaritstjórar.
- Byggjum öruggara samfélag. Verkefnið lýtur að því að koma í veg fyrir tjón af völdum náttúruhamfara eða í það minnsta draga úr því, annars vegar með því að stuðla að því að

sveitarfélög geri viðbragðsáætlanir og hins vegar með því að virkja almenning við að auka öryggi. Herdís Sigurjónsdóttir vinnur að verkefninu.

- Post Disaster Management. Doktorsverkefni Herdísar Sigurjónsdóttur.
- Total Cost Assessment. Doktorsverkefni Maríu Hildar Maack. Markmiðið er að hanna aðferðir til þess að meta heildstætt ávinning af stórum framkvæmdum og tækniframförum og kostnað við þær en mikilvægt er að meta heildaráhrif á allar víddir sjálfbærni. Aðferðirnar verða prófaðar með rafvæðingu íslenska bílaflorens.
- Virði Heiðmerkur. Doktorsverkefni Kristínar Eiríksdóttur en einnig vinna að því meistaraneinar, BS-neinar og aðstoðarmenn. Markmiðið með því er að kynna mikilvægi þeirra gæða og þjónustu sem náttúran veitir (e. ecosystem services), framkvæma fyrstu heildstæðu rannsóknina á þessu sviði á Íslandi og prófa mismunandi aðferðir við efnahagslegt mat á þjónustu náttúrunnar.
- Nordic Energy Technology Perspectives. Verkefnið er unnið af Jónasi Hallgrímssyni og Önuði Ragnarssyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands undir stjórn Brynhildar Davíðsdóttur. Markmiðið er að greina möguleika Norðurlandanna á að hætta alfarið nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá orkukerfum, greina tæknina sem til þess þarf og meta kostnað.
- Tenging vísinda og mannúðarstarfs. Samstarf umhverfis- og auðlindafræði og International Red Cross Climate Center. Tveir meistaraneinar hafa verið útskrifaðir í tengslum við verkefnið.
- Framfarastuðullinn Genuine Progress Indicator fyrir Ísland. Samvinna framhaldsnema við University of Vermont og umhverfis- og auðlindafræði.

Megináhersla á Hugvísindasviði:

- Sjálfbærni og menning. Cost-samstarfsnet undir stjórn Háskólans í Jyväskylä í Finnlandi.
- Heilsuveitur um samspil vatns- og fráveitna og heilsufar í Reykjavík á 20. öld. Unnið er að ritun greina.

Megináhersla á Menntavísindasviði:

- Science Education and Sustainability Course 23.–27. apríl. NORSED-námskeið undir stjórn Allyson Macdonald og Auðar Pálsdóttur.
- Gerð kennsluefnis um sjálfbærni. Með tilstyrk Kennslumálasjóðs var hafinn undirbúningur að námskeiði um sjálfbærni sem bjóða má öllum nemendum Háskóla Íslands og öðrum sem áhuga hafa. Námskeiðið verður kennt á vefnum og getur því nýst fjölmörgum nemendum innan háskólans og utan.

Megináhersla á Verkfræði- og náttúruvísindasviði:

- Ágengar tegundir og landgræðsla. Í samstarfi við Landgræðslu ríkisins er annars vegar rannsökuð útbreiðsla lúpínu skv. gervitunglamyndum og hins vegar könnuð tengsl fræproska og aðgerðatíma. Unnið var að samantekt á árinu.
- CEDER – Catch, Effort and Discard Estimates in Real Time. Fjölpjórðlegt Evrópuverkefni um bættar veiðispár og stjórn fiskveiða. Íslenski verkþátturinn var spálíkan um veiðar á Reykjanesshrygg, sem varð uppistaðan í meistararitergerð Tryggva Hjörvar, sem hann lauk við Verkfræði- og náttúruvísindasvið á haustmisseri.
- SÓLEY. Verkefnið er unnið í samstarfi við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins og rannsökuð eru langtímaáhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróðurfar á Íslandi. Samstarfsneti um vöktun blómgunar var komið á fót um allt land 2009–2010 og fastir gróðurreitir voru settir út sumarið 2011 og þeim fylgt eftir 2012.
- Soiltec. Mat á efnahagslegu mikilvægi jarðvegs. Doktorsverkefni Jóns Örvars G. Jónssonar. Markmiðið er að setja upp ramma til að skilgreina og meta þjónustu vistkerfa jarðvegs og gera mikilvægi jarðvegs sýnilegt og setja fram sjálfbærnivísa fyrir jarðveg.
- Orka úr úrgangi. Leiðir til að nýta skólp til eldsneytisframleiðslu. Verkefnið var unnið í samvinnu við Metan hf. og var meistaraverkefni Þórðar Inga Guðmundssonar sem hann lauk á haustmisseri.

- Hvað er að marka spár og mótvægisáðgerðir í mati á umhverfisáhrifum? Viðamikil verkefni til að kanna samræmi milli spár um umhverfisáhrif háspennulagnar milli Búrfells og Brennimeis í Hvalfirði (Sultartangalínu 3) og þeirra áhrifa sem fram komu. Einnig var framkvæmd mótvægisáðgerða fylgt eftir og ályktanir dregnar um hvernig megi bæta umhverfismat og spár. Verkefninu lauk með útgáfu samnefnds rits á árinu.
- GEOVÍSAR. Sjálfbærnisvar fyrir notkun jarðvarma. Doktorsverkefni Ruth Shortall. Hugtökin sjálfbærni og endurnýjanleiki eru óskýr þegar kemur að nýtingu jarðvarma. Endurnýjanleiki er ein af mörgum forsendum sjálfbærni en alls ekki sú eina. Tilgangur þessa verkefnis er að setja fram markmið sjálfbærrar nýtingar jarðvarma og sjálfbærnisva í því skyni. Hannað verður kerfi sem sveitarfélög, ríkisstjórnir, orkufyrirtæki o.fl. geta notað.
- NORD-STAR – Nordic Strategic Adaptation to Climate Change. Doktorsverkefni Bryndísar Woods en einnig vinna að því nýddoktorarnir Ehsan Shafiei, Reza Fazeli og Helga Ögmundardóttir. Markmiðið er að þróa aðferðir og hagnýt tæki fyrir Norðurlönd til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta aðlögun að loftslagsbreytingum en mikilvægt er að samræma aðgerðir í þessu skyni.
- Low Carbon Futures. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar samstarf við International Energy Agency um að draga úr kolefnismengun á Íslandi og Norðurlöndum og hins vegar samstarf við Háskólann í Reykjavík um gerð líkana um sjálfbær farartæki og ferðamáta.
- Samleiðniverkefnið Converge. Doktorsverkefni Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur. Markmiðið er að rannsaka hvernig mannkynið getur búið á sjálfbæran máta innan þeirra marka sem jörðin setur. Í verkefninu taka þátt háskólar og félagasamtök í Bretlandi, Svíþjóð, Ungverjalandi, Indlandi og á Íslandi. Íslenski hópurinn hefur þróað aðferðir sem allir geta notað til breytinga í samfélagi sínu.

Megináhersla á Heilbrigðisvísindasviði:

- Öryggiskerfi í skipum og á olíuborpöllum á heimskautasvæðum. Verkefnið er unnið í samstarfi við SINTEF og Star Information Systems í Þrándheimi með styrk frá norska rannsóknaráðinu.
- Gagnagrunnur um slys í íslenska flotanum, unninn í samstarfi við Rannsóknarnefnd sjóslysa og Siglingastofnun. Unnið er að því að samræma skráningu slysa í íslenska flotanum til að hún nýtist sem best til miðlunar og rannsókna.
- Loftgæði og heilsa. Verkefni stýrihóps á vegum umhverfisráðherra og velferðarráðherra um loftgæði á Íslandi, helstu mengunarvalda, viðbrögð til að draga úr áhrifum þeirra, lög og reglugerðir og alþjóðlega mælikvarða og vísa um loftgæði. Einnig verða settar fram tillögur um hvernig bæta megi loftgæði, ekki síst í umhverfi barna og ungmenna.
- Forvarnir – kannabis – upplýsingar fyrir forvarnafræðslu unglunga. Verkefnið er BS-ritgerð Andreu Ýrar Jónsdóttur í hjúkrunarfræði.
- Eldgos og heilsa. Rannsókn á áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna og dýra, annars vegar á Suðurlandi og hins vegar í Skagafirði. Verkefnið er unnið í samstarfi við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Lungnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, Landlæknisembættið, Umhverfisstofnun og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í tengslum við verkefnið var birt greinin Health Effects Following the Eyjafjallajökull Volcanic Eruption – A Population-Based Study í British Medical Journal.

Námskeið

- Í samstarfi við University of British Columbia tók hópur nemenda í skólanum þátt í námskeiði hér á landi 27. apríl til 18. maí.
- Í samstarfi við Iwate-háskóla í Japan dvaldi hópur japanskra nemenda hér á landi í viku í september og fræddist um orkuauðlindir og nýtingu þeirra. Þetta er hluti af þriggja ára samstarfi á árunum 2012 til 2014 sem kallast Energy and Sustainable Society.
- Unnið var að þróun setursins Garðarshólms á Húsavík og samstarfsverkefnum á sviði fyrirlestra og námskeiða. Stofnunin aðstoðaði einnig setrið við undirbúning IPA-umsóknar.

Fundir, málþing og ráðstefnur

- Loftslagsmál og ESB í samstarfi við Alþjóðamálastofnun, 24. febrúar.
- Lagaumgjörð nýrra orkugjafa í samstarfi við Rannsóknarstofu í umhverfis- og auðlindarétti við Lagastofnun. Helle Tegner Anker, 2. mars.
- Coast Adapt – The Dea as Our Neighbour. Þing í Daliburgh á eyjunni South Uist í Skotlandi, 27.–29. mars.
- Umhverfissvandinn og ábyrgð Íslands. Um RESCUE-verkefnið (Responses to Environmental and Societal Challenges for our Unstable Earth), 30. mars.
- Leiðin til Ríó – sjálfbær þróun og tækifæri græns hagkerfis. Í samstarfi við umhverfisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi o.fl., 16. apríl.
- Sæmundarfyrirlestur 2012. Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna. Arna Hauksdóttir, 7. maí.
- Sustainable Cities and Military Installations. Ráðstefna í samstarfi við NATO, US Department of Energy, US Army Engineer Department of Research and Development, US Navy Chief of Naval Operations, Office of Naval Research, Science and Technology o.fl., 3.–6. júní.
- Sikkerhetsarbeid i den nordiske fiskeflåten. Ráðstefna í Tromsø í Noregi í samstafi við SINTEF og Norrænu ráðherranefndina, 23.–26. október.

Kennsla

Guðrún Pétursdóttir kennir fósturfræði og lífeðlisfræði við Hjúkrunarfræðideild og leiðbeinir framhaldsnemum, Brynhildur Davíðsdóttir veitir meistaranámi í umhverfis- og audlindafræðum forstöðu og kennir lykilmámskeið þar og leiðbeinir fjölda meistara- og doktorsnema.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem stundaðar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Stofnun tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru: Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs (formaður), Eva Benediktsdóttir dósent, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Ólöf G. Sigurðardóttir dýralæknir og Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður hennar er Valgerður Andrésdóttir, 2) bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður hennar er Vala Friðriksdóttir, og 3) rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður hennar er Árni Kristmundsson. Alls inntu 55 manns um 42 ársverk af hendi á starfsárinu og er það fækkun frá fyrra ári. Fimm starfsmenn unnu við stjórnarsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 16 og þeim til aðstoðar rúmlega tveir tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks.

Rannsóknir

Tilraunastöðin er rótgróin og framsækin háskólastofnun með margvíslega starfsemi sem starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og öðlast nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsókna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Áhersla er lögð á fjölbreytt vísindastarf og þjónustu og að

hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasvið sem unnið er að á Keldum eru þríónfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði. Vegna einangrunar landsins er staða dýrasjúkdóma sérstök. Á Íslandi eru vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið Tilraunastöðinni sérstöðu.

Víðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er samstarf við stjórnsýslustofnanir innanlands, s.s. Matvælastofnun. Samhliða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið og má þar nefna landbúnað, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Vegna rannsóknahverfisins á Keldum er mjög hentugt að skilgreina þar ramma um rannsóknánám af öllum toga, allt upp í doktorsnám, og þetta starf hefur byggst upp á undanförunum árum. Nemendur í rannsóknaverkefnum fá aðstöðu og handleiðslu við verkefni sín. Átta líffræði-, dýralækna-, lífeindafræði- og lífefnafræðinemar unnu að rannsóknaverkefnum á Keldum á árinu. Fjórir þeirra voru í doktorsnámi og tveir í meistaranámi. Nemendum hefur þó fækkað frá fyrri árum.

Rannsóknaverkefni á síðastliðnu ári voru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veiru- og bakteríurannsóknir í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum. Allmargir áfangar náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum héraendis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í veiru-, bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar tólf greinar í ISI-tímaritum, sem nær þó ekki sama meðaltali og á síðastliðnum árum.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum en þær eru unnar í nánum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Þetta er einkar mikilvægt í okkar litla landi þar sem rannsóknavinna sem fram fer á Keldum nýtist þörfum atvinnulífs til vísindarannsókna og sú vinna skilar áfram nýrri þekkingu og greiningaraðferðum út í atvinnulífið. Á stofnuninni er unnið eftir gæðakerfi og er Tilraunastöðin með faggildingu á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli. Áfram er unnið að faggildingu allra helstu greiningaraðferða Tilraunastöðvarinnar.

Framleidd voru bóluefni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Safnað var blóði úr hrossum, kindum og naggrísam til að nota á rannsóknastofum. Smádyr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins og einnig í því skyni að styrkja innlent atvinnulíf.

Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu var dreift víða. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Á vísindadegi Keldna í mars var fjallað um vísinda- og þróunarverkefni Tilraunastöðvarinnar með fyrirlestrum og veggspjöldum. Einnig var starfsemin kynnt á Vísindavöku Rannís í september. Störf stofnunarinnar voru kynnt víða erlendis og innanlands á ráðstefnum og fundum.

Sex af sérfræðingum Keldna eru meðlimir í Lífvísindasetri í Læknagarði. Lífvísindasetur er samvinnuflétta rannsóknahópa sem vinna í sameindalífvísindum við Háskóla Íslands, Landspítala

háskólasjúkrahús og Háskólann í Reykjavík. Samvinnan felst aðallega í að miðla sérþekkingu og aðferðafræði, samnýta tæki, halda sameiginlegar ráðstefnur og fundi og útvega erlenda gestafyrirlesara.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemi Tilraunastöðvarinnar er að finna á heimasíðu hennar: www.keldur.is.

Annað

Framlög á fjárlögum til Tilraunastöðvarinnar voru um 194 m.kr., sértekjur um 147 m.kr. og styrkir um 44 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís), Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og fleiri styrkveitendum. Styrkir og framlög lækkuðu frá fyrra ári. Sértekjur fengust fyrir útselda sérfræðivinnu, m.a. vegna sjúkdómagreininga. Þrátt fyrir fjárhagslegar hremmingar búa Keldur ennþá að öflugum innviðum sem hlúa þarf að. Mörg verkefni ganga vel en að ýmsu er að huga í framtíðinni og mörgum áleitnum rannsóknasurningum er ósvarað.



Þjónustustofnanir

Endurmenntun Háskóla Íslands

Almennt

Frá árinu 1983 hefur Endurmenntun Háskóla Íslands verið leiðandi á sviði endur- og símenntunar á Íslandi og notið virðingar og trausts í hugum fólks. Hún lýtur yfirstjórn háskólaráðs og hlutverk hennar er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi.

Stefna Endurmenntunar Háskóla Íslands er að vera ávallt eftirsóknarverðasti kostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi. Með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu vinnur Endurmenntun að því að auka hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Með það að markmiði er unnið náið með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

Stjórn og starfsfólk

Ný stjórn tók til starfa í apríl 2012. Í henni sitja:

- Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Formaður stjórnar, tilnefnd af rektor
- Bjarni Bessason, prófessor á verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Eyvindur G. Gunnarsson, dósent á félagsvísindasviði
- Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á menntavísindasviði
- Oddný Sverrisdóttir, prófessor á hugvísindasviði
- Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á heilbrigðisvísindasviði

Prettán starfsmenn voru í fullu starfi í árslok.

- Arndís Kristjánsdóttir, innheimta
- Erna G. Agnarsdóttir, námsstjóri og aðstoðarendurmenntunarstjóri
- Hafdís Ósk Kolbeinsdóttir, fjármálastjóri
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri
- Íris Dröfn Magnúsdóttir, þjónustufulltrúi
- Jóhanna Rútsdóttir, verkefnastjóri
- Jón Emil Sigurgeirsson, verkefnastjóri
- Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri
- Kristín Birna Jónasdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
- Magnea Guðmundsdóttir, þjónustustjóri
- Ragna Haraldsdóttir, verkefnastjóri
- Sólveig Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi
- Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Auk ofangreindra starfaði Heiður Magný Herbertsdóttir hluta úr árinu. Ungir háskólanemar störfuðu sem verktakar í þjónustu á kvöldin og á laugardögum.

Niðurstöður árlegrar starfsmannakönnunar voru svipaðar og árin þar á undan. Heildareinkunn lækkaði um 0,06 eða úr 4.08 í 4.02. Almennt má segja að starfsfólk sé ánægt í starfi.

Starfsemi

Sú stefnumótun sem fram fór í ársbyrjun endurspeglar sérstaklega í rekstri námskeiða á haustmisseri.

- Haldin voru þrjú námskeið með sérfræðingum frá Harvard sem skiluðu sér vel í rekstri.
- Samskipti við atvinnulífið voru eflað með fleiri formlegum samstarfssamningum við stærri fyrirtæki. Tekjur vegna þátttöku starfsmanna þeirra jukust um 27% milli ára 2011 og 2012. Sérniðnum námskeiðum fyrir fyrirtæki fjölgaði þó ekki eins og að var stefnt.
- Ráðinn var starfsmaður sem hafði það tvíþætta hlutverk að auka sölu almennt og þróa námskeið á sviði stjórnunar og fjármála. Til þess að geta framfylgt þessum atriðum úr niðurstöðu stefnumótunar þurfti aukinn liðsstyrk.
- Verðlagning samkeppnisaðila var kortlögð markvissar en áður. Vegna hrunsins hafði verðlagning námskeiða Endurmenntunar vísitandi ekki fylgt hækkingunum í samfélaginu. Verð allra námskeiða voru hækkuð að hausti, mismikið eftir flokkum og aukið tillit tekið til verðlagningar samkeppnisaðila.
- Ákveðið var að auglýsa meira en áður og jókst kostnaður vegna beins markaðsstarfs um 12%.
- Námskeiðaframboð var markvissara en áður. Fleiri námskeið voru haldin en haustið á undan þó fjöldi námskeiða á dagskrá hafi verið svipaður.
- Tekjur vegna námskeiða á sviði stjórnunar og starfsþróunar þrefölduðust frá haustmisseri 2011.
- Áætluð tekjuaukning á sviði fjármála og upplýsingtækni gekk ekki eftir.
- Vöruþróunarteymi var myndað þannig að vöruþróun varð ekki eins háð einstaklingum og áður var.

Annað sem tengist stefnumótun ársins

- Fyrstu skrefin voru tekin í undirbúningi námskeiða fyrir Evrópubúa sem geta nýtt sér endurmenntunarstyrki EEA. Fyrstu námskeiðin verða á dagskrá á haustmisseri 2013.

Önnur verkefni

Í sjálfsmatinu árið 2011 kom fram að Endurmenntun þyrfti að setja sér markmið um samfélagsverkefni. Á árinu gekk Endurmenntun til liðs við forvarna- og fræðslusjóðinn Þú getur! Fyrirlestrarröð um geðsjúkdóma undir heitinu Þú getur líka! var hrundið af stað. Fyrirlestrarnir, nú alls, eru sérstaklega ætlaðir aðstandendum geðsjúkra og eru opnir öllum.

Happdrætti Háskóla Íslands

Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabýgging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að

Því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, sem upphaflega var kölluð Háskólabyggingin, var tekin í notkun árið 1940. Það var álit margra að með henni væri húsnæðisþörf háskólans fullnægt fram á 21. öldina. Annað kom á daginn.

Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Stjórn happdrættisins hefur verið óbreytt frá byrjun árs 2008 en hana skipa: Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og stjórnarformaður, Ebba Þóra Hvanberg prófessor og Óskar Magnússon hrl.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Hans Júlíus Þórðarson var rekstrarstjóri flokkahappdrættis en hann gegndi einnig stöðu verkefnastjóra ábyrgrar spilunar. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaþrennu. Yfirmaður stoðdeilda var Alma Jónsdóttir sem jafnframt gegndi stöðu fjármálastjóra. Stoðugildi í árslok voru tuttugu og fjögur.

Höfuðstöðvar Happraættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá miðju ári 2007 og er hluti hússins sem happdrættið nýtir ekki leigður út til ýmissa fyrirtækja. Ákveðið var að ráðast í gagngerar breytingar á 1. og 2. hæð, sem hýsir starfsemi happdrættisins, og hófust framkvæmdir í upphafi árs. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happdrættisins, svo og Bíldshöfði 16, þar sem viðgerðaverkstæði happdrættisins er til húsa.

Happraættið leitast við að fylgja framþróun í tækni og leikjum. Í því skyni voru gerðar veigamiklar breytingar á happraættisvélum Gullnámunnar sem hófust í lok árs 2010 og lauk 2012. Í þessu felst að tölvukerfi hefur verið endurnýjað og greiðslumiðakerfi tekið í notkun sem leysir alla mynt af hólmi. Þá hefur verið skipt á öllum gömlum vélum og leikjum fyrir nýja kynslóð happraættisvéla sem m.a. bjóða upp á virkni til að ýta undir ábyrga spilahegðun. Þannig var hægt að setja upp rauðan áberandi upplýsingaglugga á hverja skjávélin en hann birtist þátttakanda áður en hann byrjar að spila. Í glugganum eru upplýsingar um ábyrga spilahegðun, spilafíkn, sjálfspróf o.fl. Flokkahappraættið gekk vel á árinu og ljóst að Milljónaveltan svokallaða, sem var sett af stað í ársbyrjun 2011, hefur fallið í góðan jarðveg hjá miðaeigendum. Leikreglurnar eru þannig að 10 milljónir króna eru í upphafi dregnar út. Gangi vinningurinn ekki út veltur hann áfram og bætist við útdrátt næsta mánaðar. Vinningsupphæðin getur því hækkað um 10 milljónir króna á mánuði en gengur að fullu út í árslok.

Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstrartekjur Happraættis Háskóla Íslands námu 4.427 m.kr. á árinu og lækkuðu um 0,7% frá árinu áður. Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins, að frádregnu leyfisgjaldi sem greitt er til ríkisins, allt að 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu voru Háskóla Íslands greiddar 536 m.kr. og var það í samræmi við rekstraráætlun happdrættisins.

Afraksturinn

Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happraættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun: Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús, nú nefnt Setberg) 1937, Aðalbygging Háskóla Íslands 1940, Íþróttahús Háskóla Íslands 1948, Háskólabíó

1961, Aragata 9 (keypt) 1963, Árnagarður 1969, Lögberg 1972, VR-I 1972, Aragata 14 (keypt) 1973, VR-II 1975, Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild 1983, Oddi (fyrri hluti) 1985, VR-III 1987, Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild 1988, Tæknigarður 1988, Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir) 1990, Oddi (síðari hluti) 1990, Hagi við Hofsvallagötu (keyptur) 1991, VR-III (verkstæði) 1992, Nýi-Garður (keyptur) 1996, Askja (Náttúrufræðahús) 2003 og Háskólatorg 2007.

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist (eða keypt) fyrir happdrættisfé hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa orðið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja heimamarkað sinn. Þau vilja einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Hættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar sem máli skipta fyrir happdrætti hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010, sem bannar auglýsingar happdrætta sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011, en áður var eftirlitið í höndum lögreglu.

Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Hættis Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í ráðinu áttu sæti á árinu Bryndís Helgadóttir lögfræðingur, formaður, Fanney Óskarsdóttir lögfræðingur og Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur. Varamaður er Guðlaug Jónasdóttir lögfræðingur. Sýslumannsembættið á Hvolsvelli hefur eftirlit með happdrættisvélum og var eftirlitið flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu árið 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

Háskólaútgáfan

Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð á árinu: Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Jenný Bára Jensdóttir.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri og Rebekka Þráinsdóttir ritstjóri fyrri hluta árs en við starfi hennar tók Rakel Edda Guðmundsdóttir. Jörundur Guðmundsson er forstöðumaður útgáfunnar.

Útgáfustarf

Unnið var að markaðs- og framleiðslustarfi við útgáfu bóka í rafrænu formi til dreifingar á alþjóðlegum markaði. Áhugaverðir möguleikar munu bjóðast þar til að koma verkum starfsmanna og stofnana Háskóla Íslands á framfæri víðar en verið hefur. Útgefnir nýir titlar voru tæplega fimmtíu talsins og endurprentanir rúmlega þrjátíu, auk misstórra prentverka fyrir yfirstjórn og fræðasvið skólans.

Viðurkenningar

Eftirfarandi rit hlutu viðurkenningar á árinu:

Tilnefningar til verðlauna Hagþenkis:

- Innra augað. Sálfræði hugar, heila og skynjunar. Árni Kristjánsson

Tilnefning til Fjöruverðlaunanna:

- Við góða heilsu? Konur og heilbrigði í nútímasamfélagi. Helga Gottfreðsdóttir og Herdís Sveinsdóttir (ritstjórar)

Helstu rit

Helstu rit sem Háskólaútgáfan gaf út á árinu voru:

Af sjónarhóli leikstjóra.....	Trausti Ólafsson
Almanak Háskóla Íslands 2013	
Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags 2013 með árbók	
Alþjóðlegir mannréttindasamningar, 2. útgáfa.....	Björg Thorarensen
Andvari.....	Hið íslenska þjóðvinafélag
Dagbók Elku. Alþýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923	
Í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu.....	Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon
Félagsgerð Akureyrar.....	Hermann Óskarsson (Háskólanum á Akureyri)
Fyrirlestrar um frumspeki.....	Ólafur Páll Jónsson
Gripla XXIII	
Handan hafsins.....	Helgi Guðmundsson
Innra augað. Sálfræði hugar, heila og skynjunar.....	Árni Kristjánsson
Íðorðasafn í alþjóðastjórn málum og stjórn málafræði.....	Stofnun Árna Magnússonar
Íðorðasafn í faraldsfræði.....	Stofnun Árna Magnússonar
Listasafn Háskóla Íslands.....	Auður A. Ólafsdóttir
Lithuania.....	Alþjóðamálastofnun
Menningarlæsi.....	Þórdís Þórðardóttir
Milli mála 2011.....	Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
Orð og tunga 14/2012	
Proceedings of Norma 11.....	Guðný Helga Gunnarsdóttir o.fl.
Raddir barna.....	Jóhanna Einarsdóttir
Ritið 1–3/2012.....	Ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir og Þröstur Helgason o.fl.
Sagnasyrpa.....	Jón Gíslason o.fl.
Skil skólastiga.....	Gerður G. Óskarsdóttir
Stjórnsmál fegurðarinnar.....	Sagnfræðistofnun
Strategy Papers.....	Alþjóðamálastofnun
Sögukennsluskammdegið	Loftur Guttormsson
Sögur úr Vesturheimi	Gísli Sigurðsson
The Legendary Sagas: Origins and Development.....	Ármann Jakobsson

Tímarit um menntarannsóknir	Ritstj. Gretar L. Marinósson
Tólf alda tryggð	Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Veftímaritið Stjórnsýsla og stjórnámál, 7. árg., 2012	Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnamála
Við góða heilsu? Konur og heilbrigði	
í nútímasamfélagi	Helga Gottfreðsdóttir og Herdís Sveinsdóttir
Vinnulag í SPSS – tilraunaútgáfa.....	Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk, það er þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands og rannsóknabókasafn sem skal halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd voru Halldór Jónsson og Jenný Bára Jensdóttir frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttur frá safninu. Velta safnsins á árinu var um 955 m.kr. og ársverk í árslok 69,38. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfseminu er að finna í ársskýrslu safnsins á vefnum (www.landsbokasafn.is).

Háskólabókasafn

Meginmarkmið háskólabókasafnsins er að sinna þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands og að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi. Í safninu eru um tæplega milljón einingar, auk aðgangs að stafrænu efni.

Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu útvarps- og sjónvarpsfni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup sem miðast við það fé sem svið skólans setja í ritakaup. Á árinu keyptu svið og deildir skólans prentað efni, diska og myndbönd fyrir 42 m.kr. og aðgang að stafrænum séráskriftum fyrir 8,3 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 36 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

Stafræn gögn

Safnið leggur áherslu á að viðhalda aðgangi að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum, bæði í landsaðgangi og séráskriftum fyrir deildir skólans, sem eru aðgengilegar á háskólanetinu.

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, www.hvar.is, varð að verkefni safnsins með lögum nr. 142/2011. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavarðar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni var Baldvin Zarioh. Í gegnum landsaðgang er nú hægt að nálgast 14 gagnasöfn og heildartexta um 21.000 tímarita auk útdráttu úr greinum 9.300 tímarita. Tekist hefur að halda efni í landsaðgangi nánast óbreyttu undanfarin ár en aukafjárveitingar til þess hafa verið tryggðar af hálfu ríkisins. Heildarkostnaður við landsaðgang á árinu var 236 m.kr. Framlag ríkisins var tæplega 119 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 28 gagnasafna, s.s. Encyclopaedia of Geology, Palgrave Dictionary of Economics, Lexikon des Mittelalters og Communication and Mass Media Complete.

Skemman.is – lokaverkefni og rannsóknarit

Safnið sér um rekstur Skemmunnar sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð samþykkti 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Um áramót voru um 8.400 verk frá háskólanum aðgengileg í Skemmunni en lögð er áhersla á að þau séu í opnum aðgangi. Um er að ræða lokaritgerðir nemenda og skýrslur, ritraðir, ráðstefnurit og greinar frá kennurum og starfsmönnum skólans.

Fræðigreinin þín

Á vef safnsins er tenglasafn sem nefnist „Fræðigreinin þín“ og er þar yfirlit og leiðarvísar um helstu hjálpargögn við heimildaleit. Yfirlitinu er nú skipt í um 50 fræðigreinar.

Upplýsingaþjónusta – netsamtal

Almennar fyrirspurnir til safnsins má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á netfangið upplys@landsbokasafn.is og leitast er við að svara slíkum pósti innan 24 stunda alla virka daga.

Safnkynningar

Upplýsingaþjónusta safnsins sér um safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 97 hópar í safnið í formlega kynningu eða 1.813 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi beggja missera. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð til styttri tíma. Námsbókasafnsþáttur í Gegni auðveldar safninu að halda utan um um gögn námsbókasafnsins, kennarar geta tekið efnið frá í Gegni og hvert námskeið fær sína síðu. Þjónustan var notuð fyrir um 130 námskeið á hvoru misseri.

Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar nú sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið en það er geymt í þar viku. Lánþegar geta einnig sjálfir endurnýjað lánsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti.

Notendatölvur

Notendatölvur í safninu eru um 80 talsins. Á þeim er Windows XP og Microsoft Office 2010. Forritið SPSS er á nokkrum tölvum í kennslustofu.

Lengdur afgreiðslutími í prófum

Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

Þjóðbókasafn

Meginmarkmið þjóðbókasafnsins er að safna öllu prentuðu útgefnu íslensku efni auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni eru varðveitt um 15.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað íslenskum vefsíðum á þjóðarléninu .is. Í vefsafninu, sem var opnað 2009, eru nú 2,2 milljarðar skjala eða 37 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efni sem verður til stafrænt. Efnið er vistað í geymslusafninu Rafhlaðan.is sem var opnað árið 2011.

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur um vefi safnsins. Í árslok var aðgangur að tæplega 4,8 milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á tímarit.is, bækur.is, handrit.is og islandskort.is. Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

Doktoraskrá og útgáfuskrá

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skráum safnsins. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, útgáfuskrá.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.landsbokasafn.is. Í henni eru nú upplýsingar um 2.080 doktora.

Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu, sem var stofnuð 2007, sameinaðist safninu og varð sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd. Í fagráði eiga sæti hagsmunaaðilar á sviði munnlegrar sögu. Upplýsingar um starfsemi og safnkost er að finna á munnlegsaga.is.

Handritavefur

Vefurinn handrit.is var opnaður 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

Nordbib og Open Access

Safnið hefur, frá árinu 2006, tekið þátt í norrænu verkefni, Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (Open Access). Verkefninu lauk 2012. Á vefnum opinnadgangur.is má nálgast upplýsingar um OA-hreyfinguna. Unnið var að mótun stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang í samræmi við stefnu skólans.

Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library) og fjölmeningargáttinni europeana.eu. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða þau nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og Europeana.

IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.

Listasafn Háskóla Íslands

Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands til fjögurra ára (frá hausti 2011) skipa Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður A. Ólafsdóttir er safnstjóri í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfsmaður safnsins, í 50% stöðu.

Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni safnstjóra og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverkageign safnsins, svo sem með sýningarhaldi, en

einnig með mótun stefnu á innkaupum nýrra verka. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á síðastliðnum árum að efla tengingu safns við rannsókn- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Íslensku- og menningardeild. Þá veitir safnið rannsóknarstyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

Uppsetningar verka innan háskólans

Hundruð verka úr eigu Listasafns Háskóla Íslands er að finna á fjölmörgum stöðum í byggingum og stofnunum Háskóla Íslands en uppsetningar verka eru hugsaðar sem sýningar á verkum safnsins í opinberu rými. Safnið hefur þó ekki enn eignast eigið, skilgreint sýningarhúsnæði svo sem fjallað er um í stofnskrá safnsins frá árinu 1980.

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur það sérstaka hlutverk að vera ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá). Ekki var veitt úr sjóðnum árið 2012.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

Árið 2012 var 26. starfsár Rannsóknþjónustunnar og um leið síðasta starfsár stofnunarinnar í óbreyttri mynd. Markmiðið var sem fyrr að styrkja tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á sviðum rannsókna, nýsköpunar og hæfnisuppbýggingar. Tilgangur þessara tengsla er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi Háskóla Íslands.

Helstu viðfangsefni ársins voru rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins og þjónustuskrifstofu við sókn í samkeppnissjóði og þjónusta við hagnýtingu verkefna, auk reksturs tveggja hlutafélaga sem Háskóli Íslands á ráðandi hlut í og umsýsla með Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars staðar í þessari ársskýrslu. Loks veitti starfsfólk einnig stjórnvöldum ráðgjöf.

Í framhaldi af nýrri stefnu Háskóla Íslands, sem samþykkt var í árslok 2010, var ákveðið að starfsemi Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins skyldi skilin frá annarri starfsemi stofnananna tveggja sem ráku hana í sameiningu, þ.e. Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, í því skyni að auka þjónustu þessara stofnana við starfsfólk Háskóla Íslands. Ráðist var í að undirbúa þessar breytingar á haustdögum 2012 og einkenndist því starf Rannsóknþjónustunnar á árinu nokkuð af þessum breytingum.

Þá var ákveðið í árslok 2012 að leggja stjórn Rannsóknþjónustunnar niður og að stofnunin yrði hluti af vísindasviði Háskóla Íslands (sem þaðan í frá yrði nefnt vísinda- og nýsköpunarsvið). Áherslur sem felast í að efla sókn í sjóði, hagnýtingu og þjónustu við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands eru áfram þær sömu og áður.

Breytingar hafa því orðið á starfsumhverfi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands eftir 26 ára starf. Starfsemi óx mjög á þessu tímabili og skilaði ávinningi fyrir Háskóla Íslands og ekki síður samfélagið allt. Allan þann tíma einkenndi það starfsemina að þjóna tveimur herrum: annars vegar Háskóla Íslands og hins vegar atvinnulífi og menntakerfi í landinu öllu. Í þessu fyrirkomulagi fólust gagnleg samlegðaráhrif, enda Háskóli Íslands þjóðskóli sem vinnur fyrst og síðast fyrir íslenskt samfélag. En eftir 26 ár er hollt að stokka upp og taka tillit til þeirra margvíslegu breytinga sem orðið hafa og skerpa áherslurnar þannig að þjónusta í þágu rannsókna og hagnýtingar verði enn betri en hingað til

og stofnunin, sem hluti af vísinda- og nýsköpunarsviði, verði betur í stakk búin til að takast á við áskoranir og nýta tækifæri sem næstu ár fela í sér.

Starfsfólk og stjórn

Stjórn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, sem skipuð var í upphafi árs 2011 og í sátu þrír fulltrúar frá Háskóla Íslands, þau Inga Þórsdóttir, Þorsteinn Ingi Sigfússon og Halldór Jónsson (formaður), og þrír fulltrúar atvinnulífsins, þeir Bogi Örn Emilsson, Bragi Bergsveinsson og Júlíus B. Kristinsson, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins, var lögð niður í lok árs 2012.

Ársverk hjá Rannsóknþjónustunni og þeim fyrirtækjum (hlutafélögum) sem hún rak, auk sértækra verkefna voru 13 á árinu 2012, starfsmenn við stofnunina voru 11 og þrír hjá hlutafélögum. Ágúst Hjörtur Ingþórsson veitti stofnuninni forstöðu til ársloka 2012.

Á heildina litið var árið 2012 árangursríkt og gott starfsár hjá Rannsóknþjónustunni.

Menntaáætlun Evrópusambandsins

Árið 2012 var sjötta starfsár Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins frá því að starf Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknþjónustunnar var sameinað í eina formlega skrifstofu. Rannsóknþjónustan hafði áfram umsjón með starfsmenntahluta Leónardó-menntaáætlunarinnar, sem er ein af fjórum meginstoðum áætlunarinnar, auk þess að hafa umsjón með þveráætlunum menntaáætlunarinnar, sérstaklega með námsheimsóknum og Europass, Euroguidance og Refernet-verkefnum. Seinni hluta ársins hófst annars vegar breytingaferli sem fól í sér sameiningu Landskrifstofunnar á einn stað, í Tæknigarði, frá og með áramótum 2012/2013 og hins vegar færðust verkefni og 14 starfsmenn Háskóla Íslands til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís).

Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði

Ríkustu hagsmunir Háskóla Íslands hvað varðar sókn í samkeppnissjóði liggja í árangri af því að sækja um styrki í rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Í upphafi 7. rannsóknáætlunarinnar setti Rannsóknþjónustan fram það markmið að árlega færu inn 25 umsóknir frá Háskóla Íslands. Í lok árs 2012 voru umsóknir orðnar 214 og heildarfjöldi styrktra verkefna í áætluninni 47. Heildarupphæð styrkja er komin vel yfir 1 milljarð króna á þessu tímabili. Sóknin hefur því verið góð og tekist hefur að bæta umsóknir þannig að árangurshlutfall er nú um 22% hjá Háskóla Íslands samanborið við um 20% meðaltal hjá evrópskum háskólum almennt. Fimm starfsmenn sinntu sjóðasókn sem hluta af starfi sínu en ársverkin töldust vera tvö. Einn starfsmaður hefur sinnt landstengilstarfi fyrir mannauðshluta 7. rannsóknáætlunarinnar en þar er Háskóli Íslands stærsti íslenski umsækjandinn.

Mjög gott samstarf hefur tekist við skrifstofur fræðasviða og er haft samráð mánaðarlega við tengiliði á öllum sviðum, Landspítala og vísindasviði Háskóla Íslands. Samdar hafa verið verklagsreglur sem gilda um umsóknir í erlenda samkeppnissjóði og umsjón verkefna sem styrkt eru og er yfirsýn skólans nú mun betri yfir sókn og árangur en áður var.

Hagnýting rannsóknaniðurstaðna

Starfsmenn Rannsóknþjónustunnar hafa starfað með hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss síðan nefndin var sett á laggirnar. Hlutverk hennar er að fjalla um tilkynningar starfsfólks um einkaleyfatækar uppfinningar og önnur erindi tengd hugverkaréttindum

sem berast. Á árinu var undirritað samkomulag um samstarf milli hugverkanefndar og tækniyfirfærsluskristofu Karolinska Institutet við hagnýtingu hugverka og rannsókna. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, undirrituðu samkomulagið ásamt Bo-Ragnar Tolf, í Háskóla Íslands.

Starf hugverkanefndar er það umfangsmesta er tengist hagnýtingu rannsókna en samkeppnin um hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands Upp úr skúffunum, sem einnig er stórt hagnýtingarverkefni, var haldin í fjórtánda sinn á árinu. Stuðningsaðilar verkefnisins voru, auk Háskóla Íslands, Árnason/Faktor, Tæknigarður hf. og Einkaleyfastofa. Háskólarektor afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn þann 15. nóvember. Alls bárust 24 hugmyndir af flestum fagsviðum skólans í samkeppnina og hafa þær aldrei verið fleiri. Verkefnið endurspeglar þá fjölbreytni og grósku sem er í nýsköpun við Háskóla Íslands.

Leiðréttingarforritið Skrambi varð hlutskarpast í samkeppninni um hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands 2012 og var ein milljón króna veitt í verðlaun til verkefnisins.

Önnur verðlaun, 500 þús.kr., fóru til verkefnisins Tóngreinir til tónbilæfinga á smátækjum.

Þriðju verðlaun, sem námu 300 þús.kr., komu svo í hlut verkefnisins Stöðgun próteina með kítófásýkrum.

Rekstur hlutafélaga

Rannsóknþjónustan rekur tvö hlutafélög sem eru að hluta í eigu Háskóla Íslands, Tæknigarð hf. og Tækniþróun hf. Rekstur Tæknigarðs hf. var með hefðbundnu sniði á árinu en þó er ekki full nýting á því húsnæði sem til útleigu er. Tækniþróun hf. á virkan hlut í tveimur sprotafyrirtækjum og sátu starfsmenn Rannsóknþjónustunnar áfram í stjórnnum þeirra.

Ráðgjöf við stjórnvöld

Í árána rás hafa stjórnvöld oft leitað til Rannsóknþjónustunnar eða einstakra starfsmanna hennar eftir ráðgjöf um þau mál sem stofnunin hefur sérþekkingu á. Forstöðumaður stofnunarinnar hefur setið í ýmsum nefndum á þeirra vegum, til að mynda nefnd um þjónustu í tengslum við alþjóðlegt vísinda- og menntasamstarf.

Í framhaldi af umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu árið 2009 hefur talsvert verið leitað til starfsfólks Rannsóknþjónustunnar um viðfangsefni sem tengjast aðildarviðræðum og undirbúningi fyrir mögulega aðild. Hefur þar mest verið um samstarf við utanríkisráðuneytið að ræða.

Rekstur og umsvif

Almennt má segja að rekstur Rannsóknþjónustunnar og verkefna og fyrirtækja sem stofnunin ber ábyrgð á hafi gengið samkvæmt áætlun þrátt fyrir breytingaferlið einkenndi árið. Heildarumsvifin voru allnokkur: rekstrarkostnaður Rannsóknþjónustunnar sjálfar er um 100 m.kr., rekstrarumfang sérverkefna um 25 m.kr. og fyrirtækja um 50 m.kr.

Á heildina litið var árið bæði viðburða- og árangursríkt í starfi Rannsóknþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem stofnunin hafði umsjón með. Þau verkefni sem stofnunin tók að sér að reka gengu vel. Í árslok voru orðnar miklar breytingar á rekstrinum, stjórnin var lögð niður og verkefni flutt frá Háskóla Íslands til Rannís, en starfsfólk sem fluttist yfir á vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands,

mun áfram leggja sig fram við að veita góða þjónustu og taka virkan þátt í þeim markmiðum sem Háskóli Íslands hefur sett sér til næstu ára.

Veffang Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands er: www.rthj.hi.is.

Reiknistofnun Háskóla Íslands

Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2012. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við mikil umsvif á árinu. Í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands voru frá janúar til september Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður, tilnefndur af rektor, Vilborg Loftsrarstjóri, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði, Sigurður Jónsson, forstöðumaður Menntasmiðju, tilnefndur af Menntavísindasviði, Guðmundur Freyr Úlfarsson, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, tilnefndur af Félagsvísindasviði. Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. september 2009 að telja. Ný stjórn var skipuð í október til 30. september 2015. Úr stjórn fóru Arnfríður og Guðmundur Freyr og í þeirra stað komu Kristín Þórsdóttir verkefnisstjóri, tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði. Forstöðumaður Reiknistofnunar var Sæþór L. Jónsson og áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn stofnunarinnar var Magnús Gíslason.

Starfsemin

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi Reiknistofnunar á árinu. Kristinn Örn Sigurðsson forritari flutti til Svíþjóðar í október, Helgi Möller hætti í október og Hlín Sæþórsdóttir fór til náms í Bandaríkjunum í ágúst. Erfitt reyndist að fylla þeirra skarð.

Stofnunin skiptist í nokkur viðföng: almennan rekstur (3 stöðugildi), hugbúnaðarþróun (9 stöðugildi), kerfisþjónustu (5½ stöðugildi), net- og símadeild (3 stöðugildi), notendþjónustu (13 stöðugildi) og ytri vef (Vefverksmiðju) (2½ stöðugildi). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukenndar breytingar, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun störfuðu 36 starfsmenn í fullu starfi um áramót.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RHnets hf. (Rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FSnets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDUnet A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands varð fyrir valinu til að hýsa og reka Ofurtölvuver Norðurlanda (Nordic High Performance Computing). Rekstur þess hófst 1. janúar 2012 og gekk í alla staði vel. Yfirstjórn reksturs og kerfisstjórnar var í höndum Reiknistofnunar. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í þrjú ár eða til ársloka 2014.

Stór Terena-netráðstefna var haldin hér á landi í maí og Reiknistofnun undirbjó og mannaði tæknimál í samvinnu við NORDUnet og RHnet.

Tölvuþjónusta

Frá því í ágúst 2009 hefur Reiknistofnun Háskóla Íslands starfrækt tölvuþjónustu sína á Háskólatorgi. Þar er rekin þjónusta miðsvæðis fyrir alla notendur háskólans sem þurfa að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum eða aðstoð vegna tölvutengdra mála, auk þess sem starfsmenn þar sinna einnig sím- og tölvupóstsvörum fyrir Reiknistofnun.

Nýverið flutti svo tölvuþjónustan sig um set yfir í rýmri og betri aðstöðu á Háskólatorgi, auk þess sem Reiknistofnun hefur frá áramótum tekið við umsjón tölvuþjónustu á Menntavísindasviði (í Stakkahlíð). Við það fjölgaði starfsmönnum þjónustuborðs úr þremur í fimm og þeir sinna nú staðbundinni þjónustu og símsvörum jöfnum höndum.

Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á help@hi.is eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

Windows-kerfisþjónusta

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í að uppfæra og halda við núverandi kerfum og var grunnur lagður að uppfærslum og nýjungum fyrir næsta ár. Aukin hagræðing náðist með sýndarvélavæðingu. Með því móti var hægt að leggja niður elstu þjónana og færa þjónustu yfir á nýrri vélbúnað.

Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 15 tölvuver í 11 byggingum háskólans, samtals með yfir 300 tölvum og 15 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun um uppsetningu og viðhald tölvu í kennslustofum og fyrirlestrarsölum háskólans. Þær tölvur eru nú 160 talsins. Árlega er hluti tölvubúnaðar endurnýjaður og í ár var það gert í 3 tölvuverum: tölvuveri í Odda 301 og í VR-II, stofum 260 og 353.

Þjónustuvélar

Þjónustuvélar, eða svokallaðar „kiosk-vélar“, eru 19 talsins á háskólasvæðinu. Í Háskólatorgi eru tíu slíkar vélar, Gimli sex og í Stakkahlíð, Odda og VR-II er ein vél í hverju húsi um sig. Í Stakkahlíð voru áður tvær vélar en annarri var breytt í atburðaskjá.

Upplýsingaskjái

Sérstökum atburðaskjám var komið upp í sumum bygginganna í ár, þar sem hægt var að ganga að upplýsingum vísu um stað- og tímasetningu hinna ýmsu viðburða á vegum háskólans.

Hugbúnaðarþróun

Starf ársins markaðist af samvinnu opinberu háskólanna. Fyrri part ársins fór mikil vinna í að aðlaga Uglu að starfsemi allra opinberu háskólanna, ásamt því að vinna að því að lesa gögn frá skólunum inn í Ugluna. Uglan var opnuð fyrir hinum opinberu skólunum samkvæmt verkáætlun: Háskólanum á Hólum þann 11. júní, Landbúnaðarháskólanum þann 18. júní og Háskólanum á Akureyri þann 25. júní. Eftir að hún var opnuð var haldið áfram með að laga hana að þörfum skólanna.

Í verkefnastjórn Uglu voru eftirtaldir: Hreinn Pálsson, formaður, kennslusviði, Guðni Geir Jónsson, Félagsvísindasviði, Kristbjörg Olsen og síðar Rúnar Sigurðsson, Kennslumiðstöð, Kristín Jónasdóttir, Nemendaskrá, Óskar Einarsson, Hugvísindasviði, Pálmi Jóhannesson og síðar Kristín Þórsdóttir, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Ragnar Stefán Ragnarsson, við hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar, Sigurður Jónsson og síðar Hanna Hauksdóttir, Menntavísindasviði, Púriður Pálsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði, Hjördís Gísladóttir, Háskólanum á Hólum, Steinunn Aðalbjarnardóttir, Háskólanum á Akureyri, og Vigdís Guðjónsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Margt var unnið á árinu hjá hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar. Of langt mál er að telja það allt upp en hér á eftir er dregið á þaðví helsta.

- Gengið var frá auðkenningu opinberu háskólanna, aðgangsmálum og aðgangsstýringu.
- Stofubókunarkerfi (HTS) var endurbætt.
- Viðauki með skírteinum (Diploma Supplement) var endurgerður og útlit samræmt fyrir alla skólana.
- Starfsferilsskrá og framtal starfa var endurbætt.
- Leitarkerfi Uglunnar var endurbætt þannig að hægt er að leita í öllum vefsíðum og þeim skráum sem settar eru inn á vefsíðurnar. Einnig er hægt að leita í fréttum, umræðum, auglýsingum, símaskrá, starfsmannaskrá, þjóðskrá, nemendaskrá, námskeiðaskrá o.s.frv.
- Moodle var tengt við Uglu. Kennarar geta með einum smelli stofnað Moodle-vef fyrir námskeið sín og skráningar nemenda flytjast sjálfkrafa á milli kerfanna. Tengingu var komið á fyrir alla opinberu skólana.
- Próftöflukerfi og yfirlit um fjarnema var endurbætt.
- Stúdentakortakerfi var endurbætt.
- Unnið var að endurskipulagningu veftrés og starfsmannahluti á innri vef Uglunnar eflur.
- Eyðublaðakerfi var útfært fyrir samstarfsskólana.
- Útlit og viðmót Uglu var endurhannað og tekið í notkun á haustdögum. Viðmótið styður nú snjallsíma og spjaldtölvur.
- Framsetning á kennslukönnun var einfölduð og lifandi súlurit um þátttöku í könnunum sett upp.
- Vottorð og skírteini voru aðlöguð og samræmd á milli samstarfsskólanna.
- Símaskrá Uglunnar var endurbætt.
- „Torg“ Uglunnar var undirbúið og sett upp. Það mun taka við póstlistanum HI-starf á árinu 2013.
- Umsýslukerfi hvað starfsmenn varðar (Kvika) var sett upp.
- Í upphafi árs var komið á tengingu á milli starfsmannakerfisins Kviku og mannauðskerfis ríkisins í Oracle.
- Kerfi til skráningar og umsjónar með lokaverkefnum nemenda var sett upp.
- Áfram var unnið að innleiðingu uppgjörskerfisins Kolur.
- Aníta Hannesdóttir starfaði í 9 mánuði við að taka saman leiðbeiningar um notkun Uglu. Jafnframt stóð hún fyrir námskeiðum og fræðslufundum í samstarfsskólunum um notkun Uglu.

Margvísleg efni tengd kennsluskrá voru unnin, má þar nefna:

- Eðli, skipulagi og utanumhaldi lokaverkefna í nemendakerfi Uglu var breytt umtalsvert haustið 2011. Í framhaldinu fór mikil vinna í að aðlaga kennsluskrá og tengd kerfi breytingunum.
- Sett var upp sérstakt skráningarviðmót vegna lokaverkefna, tengt hverri námsleið. Þar er m.a. hægt að tilgreina mögulega stærð (einingavægi) lokaverkefna og heiti þeirra á viðkomandi námsleið. Framsetningu á stærð lokaverkefna í kennsluskrá var jafnframt breytt.
- Hafist var handa við endurskoðun á hæfniviðmiðum námskeiða og námsleiða í ljósi nýrra viðmiða um æðri menntun og prófgráður, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í maí 2012.
- Framsetning á upplýsingum um kennslufyrirkomulag námskeiða, þ.e. fjölda kennslustunda og kennsluvikna, var lagfærð og einfölduð til muna.
- Á yfirliti hvers námskeiðs í kennsluskrá var til glöggvunar bætt við tenglum á þær námsleiðir þar sem námskeiðið er skráð sem „skref“ á viðkomandi kennsluári.
- Smávægilegar breytingar voru gerðar á útliti kennsluskrár, auk ýmissa tæknilegra endurbóta og áframhaldandi þróunar á skráningartólum og undirkerfum.

Kerfisþjónusta

Lokið var við að flytja aðaltölvupóstkerfi Háskóla Íslands, sem er af gerðinni Cyrus frá Carnegie Mellon University (og veitir IMAP- og POP-þjónustu), í dreift umhverfi, sem nefnist Cyrus Murder (á ensku getur murder þýtt fjölda, „murder of craws“ þýðir krákuger). Við það batnaði þjónustan til muna og er kerfið nú mun skalanlegra en áður.

Byrjað var að skipta út skráaþjónum Reiknistofnunar þannig að nú eru heimasvæði notenda og sameiginleg svæði ekki á sama þjóninum. Einnig var bætt við diskplássi á diskastæðum og í árslok voru samtals 79 TB (terabæti) í notkun.

Í árslok 2011 var gerð róttæk breyting á gjaldskrá fyrir heimasvæði og pósthólf notenda. Hætt var að telja hvert bæti sem notendur nota en þess í stað fá notendur nú kvóta fyrir heimasvæði og pósthólf sem þeir greiða fyrir. Þá var sú breyting einnig innleidd að í stað þess að lækka taxtann eins og áður var gert með lækkuðum tilkostnaði er kvótinn í staðinn stækkaður þannig að notendur fá meira diskpláss fyrir sama gjald. Þannig var kvóti fyrir pósthólf sem kostar 1000 kr. á mánuði stækkaður úr 4 GB í 6 GB, eða um 50% í árslok 2012.

Að öðru leyti var starfsemi kerfisdeildar með hefðbundnum hætti. Markmið hennar er að veita fyrsta flokks miðlæga tölvuþjónustu og að ófyrirséð rof á þjónustunni sé ekki meira en 0,01% og tókst það á flestum sviðum þjónustunnar á árinu.

Net- og símadeild

Rekstur net- og símadeildar gekk vel á árinu og sinnti deildin sínum reglulegu verkefnum.

Símamál

Engar stórar breytingar voru gerðar á símkerfi Háskóla Íslands á árinu.

Netmál

Stærstu verkefni netdeildar á árinu var tæknilegur undirbúningur ráðstefnunnar Terena Networking, sem haldin var hér á landi 21.–24. maí. Þessi ráðstefna var mjög stór og gerðar voru miklar kröfur um að öll tæknimál væru fyrsta flokks. Óhætt er að segja að þetta hafi allt gengið vel og Reiknistofnun fékk mjög jákvæða umsögn um alla tölvunetþjónustu sem óskað var eftir.

Haldið var áfram að uppfæra þráðlausa netið og var það uppfært í 802.11n staðal í Þjóðarþóklöðu og Öskju og þar var skipt um alla senda og stjórnstöð þráðlausu sendanna var einnig uppfærð.

Á árinu var haldið áfram að byggja upp nýja fjarskiptaherbergið í Tæknigarði og flest af þeim tækjum sem þar verða hýst hafa nú verið flutt í þessa nýju aðstöðu og haldið verður áfram að færa þangað grunnnet.

Hafist var handa við nýbyggingu við Háskólatorg þar sem nýr Stúdentakjallari verður til húsa. Til þess að þetta væri framkvæmanlegt þurfti að færa mikið af grunnlögnum fjarskiptakerfis Reiknistofnunar sem lágu á hinu nýja byggingarsvæði. Þetta tókst vel og þjónusta rofnaði ekki mikið af þessum sökum.

Unnið var með Félagsstofnun stúdenta vegna byggingar nýrra Stúdentagarða sem verið er að reisa á háskólasvæðinu.

Áfram var unnið að uppfærslu á grunnneti háskólans í 10 Gb/s. Á árinu var sambandið milli Sturlugötu og Tæknigarðs og á milli Tæknigarðs og Stakkahlíðar uppfært.

Á árinu var gert samkomulag við Gagnaveitu Reykjavíkur þess efnis að þeir starfsmenn sem eru með heimatengingar sínar hjá Reiknistofnun geta nú fengið þær í gegnum ljósleiðaranet Gagnaveitunnar, svo fremi að búið sé að tengja viðkomandi notanda við ljósleiðara frá henni.

Vefverksmiðjan

Stærsta verkefni vefverksmiðjunnar á árinu var að taka í gagnið nýja útgáfu af aðalvef háskólans, www.hi.is. Vefurinn var endurskipulagður frá grunni, bæði efnislega og tæknilega. Að auki var þjónauppsetning uppfærð og öflugir Nginx-þjónar sjá nú um að birta aðalvefinn. Ný öflug leitarvél fyrir ytri vefi var einnig sett upp.

Tengsl ytri vefja við Uglu voru aukin og eru nú starfsmannaupplýsingar á ytri vef lesnar beint úr gagnagrunnum Uglu.

Sérstakt umsjónarkerfi var sett upp til að auðvelda utanumhald og uppfærslu Drupal-vefja.

Auðvitað var svo ekkert slakað á vinnu við ráðgjöf, rekstur og viðhald þeirra fjölmörgu vefja sem hýstir eru hjá Reiknistofnun.

Á haustmisseri smíðuðu tveir starfsmenn Reiknistofnunar sérstakt „app“ í samvinnu við nemendur í hugbúnaðarþróun. Sú vinna var byggð á hugmynd Stúdentaráðs og markaðs- og samskiptasviðs. Í árslok var þróun appsins komin langleiðina til að það yrði nothæft en enn vantaði þó herslumuninn.



Brautskráningarræður háskólarektors

Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandiata í Háskólabíói 25. febrúar 2012

Forsætisráðherra, fyrrverandi forseti Íslands, fyrrverandi rektorar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, forsetar fræðasviða, deildarforsetar, kandiatar og fjölskyldur, aðrir góðir gestir.

Ég vil byrja á að óska ykkur, kærur kandiatar, til hamingju með daginn og þann mikilvæga áfanga sem þið hafið náð. Ég óska fjölskyldum ykkar til hamingju. Þær hafa stutt ykkur gegnum námið og fagna stoltar með ykkur hér í dag. Þetta er hátíðardagur fyrir allt starfsfólk Háskóla Íslands – starfsfólk í stoðþjónustu, sem hefur aðstoðað ykkur með margvíslegum hætti, og kennara, sem hafa miðlað af þekkingu sinni og hvatt ykkur í leit að þekkingu og skýringum á hinu óþekktu. En umfram allt er þetta ykkar dagur og ég vona að þið njótið hans til hins ýtrasta.

Á tímamótum er hollt að staldra við og velta fyrir sér tilvistarspurningum um vegferðina. Hvert var erindi mitt í háskóla? Varði ég tímanum vel? Fer ég með gott veganesti út í lífið? Erindi flestra í háskóla er vitaskuld hagnýtt, að skapa sér starfsgrundvöll og lífsafkomu. En í hugskoti margra leynist líka löngun til að leiða fram nýjar hugmyndir, löngun til að breyta heiminum, þótt í litlu sé. Hugmyndir sem breyta heiminum þurfa ekki að vera umfangsmiklar og byltingarkenndar. Þær geta verið einfaldar uppgötvanir sem gera líf fólks auðveldara, öruggara og innihaldsríkara. Þið, sem útskrifist í dag, hafið stundað háskólanám í skugga efnahagskreppu. Við þessar kringumstæður hefur það verið skólanum metnaðarmál að láta ekki deigan síga, gefa ekki eftir í gæðakröfum. Og þið hafið sannarlega skilað ykkar hlut. Einbeitni ykkar og skarpur skilningur í námi og rannsóknaverkefnum hefur verið til fyrirmyndar en ekki síður sá þroski og það jákvæða hugarfar sem þið hafið sýnt í ótal samfélagsverkefnum.

Það hefur verið áhrifaríkt að fylgjast með hvernig nemendur í mannfræði, félagsráðgjöf, hjúkrunarfræði, læknisfræði og kennaranámi hafa tekið að sér sjálfboðastörf af ýmsu tagi, meðal annars hjálparstörf í þróunarlöndum. Orator, félag laganema, hefur boðið almenningi lögræðiaðstoð sér að kostnaðarlausu, sem hefur skipt marga máli við þær erfiðu aðstæður sem ríkt hafa í samfélaginu. Forvarnarfélög nemenda í hjúkrunarfræði, læknisfræði og lyfjafræði hafa heimsótt grunn- og framhaldsskóla til að veita fræðslu um mikilvægi sterkrar sjálfsmyndar og leiðir til að efla sjálfstraust, veita kynfræðslu og upplýsingar um skaðsemi lyfjanotkunar í íþróttum. Tannlæknarnemar tóku þátt í að veita börnum frá efnaminni heimilum ókeypis tannviðgerðir. Nemendur í sálfræði, félagsráðgjöf, félagsfræði og guðfræði hafa verið sjálfboðaliðar hjá Hjálparlínu Rauða krossins og svo mætti áfram telja.

Góðir gestir!

Frjótt samfélag stúdenta og kennara í vísindum og kennslu er í raun það sem skapar skólann og gefur honum inntak. Þannig áttu stúdentar ríkan þátt í árangri Háskóla Íslands þegar honum var skipað á bekk með 300 bestu háskólum heims á aldarafmæli hans í fyrra. Slíkur árangur næst þegar saman rímar staðfastur ásetningur kennara og leiðbeinenda og einbeitni stúdenta og forvitni. Hvert

sem litið er, á öllum fræðasviðum skólans, sjáum við kennara og stúdenta vinna að hugmyndum, stórum og smáum, sem geta breytt heiminum.

Á undanförunum árum hafa orðið til úr rannsóknavinnu kennara og stúdenta skólans sprotafyrirtæki sem velta á annan milljarð króna og veita 150 manns vinnu. Og við skulum ekki gleyma að fyrirtæki á borð við Marel spratt á sínum tíma upp úr rannsóknaverkefni við skólann. Þótt árangur undanfarinna ára sé góður þurfum við að gera betur. Í stefnu Háskóla Íslands til næstu fimm ára er áhersla lögð á að hagnýta rannsóknaniðurstöður og hugmyndir, skapa efnisleg verðmæti og störf. Í öllu rannsóknastarfi eru fólgin verðmæti. Þótt hugtakið nýsköpun sé oftast notað um tæknigreinar getur nýsköpun vísað til framfara í öllum greinum þekkingar og stundum byggist hún á því að leiðdar eru saman ólíkar greinar. Í Tímariti Háskóla Íslands, sem dreift var í sæti ykkar, er brugðið ljósi á hluta þeirra fjölbreyttu verkefna, sem unnin eru innan skólans. Sum þeirra leiða til stofnunar sprotafyrirtækja og umsókna um einkaleyfi. Nýlega voru veitt tvö einkaleyfi vegna slíkra verkefna, sem bæði varða greiningu og meðferð augnsjúkdóma og baráttu við blindu. Annars vegar er um nanótækni að ræða þar sem sýklódestrín eru notuð með lyfjum þannig að hægt sé að meðhöndla sjónhinnusjúkdóma með augndropum í stað þess að sprauta lyfjunum í augað með nál. Hitt einkaleyfið felst í tækni til sjálfvirkrar greiningar á augnbotnasjúkdómum með tölvugreind og eru tækin sem þróuð hafa verið nú seld í fjórum heimsálfum. Háskóli Íslands hefur stutt nýsköpunarstarf stúdenta með þátttöku í uppbyggingu frumkvöðlasetursins Innovit hér á háskólalóðinni. Markmið setursins er að auka þátt stúdenta í frumkvöðlastarfi og auðvelda þeim stofnun sprotafyrirtækja. Sem dæmi um slík sprotafyrirtæki má nefna hugbúnaðarfyrirtækið Clara, sem nemendur í verkfræði, heimspeki, sálfræði og tölvunarfræði stofnuðu, símafyrirtækin Global Call og Ýmir Mobile, sem verkfræðingar stofnuðu, Meniga, hugbúnað fyrir fjármálastjórnun heimila, en að því standa brautskráðir nemendur úr rafmagns- og tölvuverkfræði og sagnfræði, KinWins, samskiptaleik fyrir snjallsíma og Internet sem ætlaður er allri fjölskyldunni, en það fyrirtæki er stofnað af tveimur ungum konum, úr hagfræði- og verkfræðinámi, ferðaskrifstofuna Pink Iceland, sem stofnuð var af nemendum í ferðamálafræði og hjúkrunarfræði. Ný verkefni, ný sköpun, nýjar hugmyndir, sem geta breytt heiminum, verða þannig til á hverjum degi. Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2012 voru veitt nemanda í læknisfræði fyrir verkefni sem unnið var á vegum Læknadeildar og Hjartaverndar og miðar að því að bæta lífsgæði aldraðra. Verkefnið fólst í hugbúnaðarþróun sem bætir greiningu og meðferð kransæðasjúkdóma í þessum aldurshópi. Fyrir í vikunni hlaut doktorsnemi í félagsfræði styrk úr Verðlaunasjóði Margaretar og Bents Scheving Thorsteinssonar, sem ætlað er að styrkja rannsóknir á einelti. Verkefnið felur í sér könnun á heilsu starfsmanna yfir 20 sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga og er styrkurinn ætlaður til þess hluta rannsóknarinnar sem snýr að einelti. Á Silverstone-kappakstursbrautinni í Bretlandi fer árlega fram keppni um hönnun og smíði kappakstursbíla og gerð viðskiptaáætlunar. Í fyrra keppti 15 manna lið frá Háskóla Íslands við lið stúdenta frá 110 öðrum háskólum. Okkar nemendur voru úr vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, viðskiptafræði og hagfræði. Liðið hlaut verðlaun frá flugvélaframleiðandanum Airbus fyrir sína snjöllu útfærslu og úrræðagöðu nálgun. Þegar allt er talið, eru á annað þúsund ársverk unnin innan Háskóla Íslands gegnum rannsóknavinnu kennara, vísindamanna, doktors- og meistaranema og nemenda í grunnnámi. Í þessum verkum leynast mikil verðmæti. Á næstu mánuðum mun Háskóli Íslands beita sér sérstaklega fyrir því að leiða saman hugmyndavinnu þessa fólks og þekkingu og reynslu fólks úr atvinnulífinu og menningarlífi með það fyrir augum að vinna nýjum hugmyndum brautargengi.

Góðir gestir!

Á nýliðnu ári minntumst við þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Háskóla Íslands 1911. Á þessum tímamótum rifjuðum við upp sögu skólans og framlag þeirra sem á undan hafa gengið, þeirra sem lögðu grunninn að starfi okkar í dag. Við mótuðum og kynntum nýja stefnu skólans þar sem ítrekuð eru markmið um að koma Háskóla Íslands í fremstu röð. Þessi sýn er grundvölluð á þeim árangri sem skólinn hefur náð og einnig á þeim skyldum sem skólinn telur sig hafa gagnvart samfélaginu.

Tilkynning Times Higher Education World University Rankings um að Háskóli Íslands væri kominn í hóp 300 bestu háskóla heims var mikil viðurkenning. Í heiminum eru um 17 þúsund háskólar. Háskóli Íslands er í hópi þeirra tveggja prósentna sem hæst eru metnir á þeim lista. Þennan árangur má þakka metnaði og ósérhlífni starfsfólks og stúdenta og frjóu samstarfi við vísindastofnanir og fyrirtæki hér heima og um allan heim. Þetta er gott dæmi um hvernig fámenn þjóð getur náð árangri með sameiginlegri sýn, sameiginlegu átaki og samvinnu. Við erum á réttri leið, en hér má ekki láta staðar numið. Það er hart slegist um hvert sæti á þessum lista og víða um heim leggja skólar og stjórnvöld mikið undir til að vinna þar sess.

Ágætu kandídatar!

Á afmælisárinu 2011 tók Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, þátt í hátíðarmálþingi hér í Háskólabíói. Hann ræddi af miklu innsæi um þau erfiðu viðfangsefni sem mannkynið stendur frammi fyrir á sviði stjórnmála, efnahagsmála og umhverfismála. Annan lýsti trú sinni á getu og hæfileika ungu kynslóðarinnar til að fást við og leysa þessi viðfangsefni. Þessi orð eiga vel við um ykkur, kæru kandídatar, sem útskrifist hér í dag.

Þið gangið til móts við lífið á tímum óvissu og efnahagsþrenginga. Verkefni framtíðar verða ögrandi og munu krefjast nýrrar þekkingar og nýrrar nálgunar. Dugnaður ykkar í námi og rannsóknum, sköpunarkraftur og félagslegur þroski, sem ég véc að hér áðan, ásamt tæknikunnáttu og hæfileikum á sviði íþróttar og lista, sem glöggt komu fram í hátíðarhöldunum á síðasta ári, eru til marks um færni ykkar og þroska. Þið hafið allt til brunns að bera til að takast á við þau ögrandi verkefni sem bíða úrlausnar. Þið hafið allt til brunns að bera til að láta gott af ykkur leiða og breyta heiminum. Gangi ykkur vel í því verki.

Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandídata í Laugardalshöll 23. júní 2012

Fyrrverandi forseti Íslands og fyrrverandi rektorar. Fræðasviðsforsetar, deildarforsetar, kandídatar og fjölskyldur, aðrir góðir gestir.

Fyrir réttum fjörutíu og fjórum árum opnaðist okkur jarðarbúum ný sýn á jörðina þegar þessi áhrifamikla ljósmynd var tekin úr geimfarinu Apollo áttunda. Hún sýnir með glöggum hætti jörðina í ógnarstóru samhengi. Tunglið er í forgrunni, lífvana eyðimörk. Í bakgrunni ómælistóm alheimsins, svart og kalt. Fyrir miðri mynd sést jörðin, ljómuð geislum sólar, þar sem allt iðar af lífi, mitt í líflausu tóminu. Myndin er góð áminning um smæð mannsins, áminning um hversu miklu fleira sameinar okkur en sundrar, áminning um ábyrgð okkar og skyldur hvers gagnvart öðru. Á jörðinni búa nú sjö milljarðar manna. Á næstu fjórum áratugum, sem er um það bil starfsævi ykkar sem útskrifist í dag, er gert ráð fyrir að jarðarbúum fjölgi um tvo milljarða. Það eru tvö þúsund milljónum fleiri einstaklingar sem við þurfum að annast, fæða og klæða, hýsa og skapa atvinnu. Hagfræðingar hafa tengt meira en 85% af efnahagslegum ávinningi síðustu áratuga við árangur í vísindum. Á næstu áratugum verða slík verkefni brýnni og stærri en nokkru sinni. Verkefni eru svo stór að engin ein þjóð, ekkert eitt háskólakerfi, engin ein vísindastofnun getur leyst þau á eigin spýtur.



Jörð séð frá Tungli. Ljósmynd/William Anders (NASA).

Hver getur orðið þáttur okkar Íslendinga í lausn svo umfangsmikilla viðfangsefna? Okkar þáttur getur bæði orðið stór og mikilvægur, fyrir okkar eigið samfélag og fyrir hið stóra alþjóðlega samfélag. En ávinningur okkar verður alltaf í réttu hlutfalli við þau markmið sem við setjum og í réttu hlutfalli við það afl og þá fjármuni sem við verjum til starfsins. Þess vegna verðum við að vera sókn djörf og marksækin, og aldrei sætta okkur við kyrrstöðu eða stöðnun.

Það er áhugavert að skoða örfá af ótalmörgum verkefnum undanfarinna missera til að átta okkur á hvaða árangri við getum náð. Páll Jakobsson, prófessor í stjarnfræði við Raunvísindadeild, leiðir stóran hóp alþjóðlegra stjarnfræðinga í rannsóknum á svokölluðum gammablossum og er í ráðgjafahópi NASA, Geimferðastofnunar Bandaríkjanna. Hann hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs í ár fyrir framúrskarandi árangur í rannsóknum á lykilsviði nútímastjarnvísinda. Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun, leiðir teymi íslenskra og erlendra vísindamanna við hönnun vöktunarkerfis fyrir eldgos og samstarfsnet um eldfjallarannsóknir. Freysteinn og samverkamenn hans eru að ljúka samningum um eins milljarðs króna styrk sem þeir hlutu í gífurlega harðri alþjóðlegri samkeppni. Torfi Tulinius, prófessor við Íslensku- og menningardeild, leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum, sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni. Námið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og háskólanna í Árósum, Kaupmannahöfn og Ósló. Ebba Þóra Hvannberg, prófessor í tölvunarfræði, varð hlutskörpust í keppni norrænna háskóla um stóran styrk til reksturs ofurtölvuvers. Ofurtölvun, sem sett hefur verið upp í gagnaverinu Thor í Hafnarfirði, gerir norrænum vísindamönnum á mörgum fræðasviðum kleift að beita miklu afli við úrlausn reikniþungra verkefna. Fyrir ári leiddi Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á

Landspítalanum, saman alþjóðlegt teymi lækna, sameindalíffræðinga, efnafræðinga og verkfræðinga til flókinnar skurðaðgerðar sem vakti heimsathygli. Hún fólst í smíði gervibarka úr plasti og stofnfrumum og ígræðslu í sjúkling sem þjáðist af krabbameini og var ekki hugað líf. Þessi aðgerð braut nýtt land í læknávisindum og í dag heilsast sjúklingnum vel. Þetta eru örfá dæmi um leiðandi hlutverk og afburðaárangur vísindamanna við Háskóla Íslands. Í Tímariti Háskóla Íslands í sætum ykkar eru tilgreind fjölmörg önnur dæmi.

Það þarf mikið afl og þekkingu til að eiga möguleika á styrkveitingum í harðri alþjóðlegri samkeppni og til að vera gjaldgengur í vísindasamstarfi í fremstu röð. Til þess þurfum við að byggja upp af krafti. Allt kostar það peninga en þeir peningar munu ávaxta sig betur en allt annað sem völ er á. Það er eðlilegt að við spyrjum hvornig best sé tryggt að þeir fjármunir sem leggja þarf í háskólastarf skili samfélaginu ávinningi. Í mínum huga má skipta viðfangsefnum háskóla í þágu samfélagsins í tvennt: annars vegar að mennta fólk á breiðum grunni og byggja umgjörð og innviði á borð við menntakerfi, heilbrigðiskerfi, menningarlíf og félagskerfi og hins vegar lúta viðfangsefnið að því að treysta atvinnulífið í landinu, efnahagslegar undirstöður og grundvöll allra hinna þáttanna. Hér þarf háskólinn að vera í senn skapandi og vakandi. Hann þarf að leita nýrrar þekkingar, leiða fram nýjar lausnir, finna ný tækifæri til verðmætasköpunar. Hann þarf að eiga hlutdeild í þróun nýrra atvinnugreina og jafnframt leggja sitt af mörkum við framþróun eldri greina.

